

Tölvuorðasafn

Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt
5. útgáfa, aukin og endurbætt
Gefið út sem rafrænt rit

Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman

Reykjavík 2013

Tölvuorðasafn

Rit orðanefndar Skýrslutæknifélags Íslands:

1. Skrá yfir orð og hugtök varðandi gagnavinnslu. 2. útgáfa. Skrifuð sem handrit. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Skýrslutæknifélag Íslands. [Reykjavík] 1974.
2. Tölvuorðasafn. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. [Ritstjóri: Sigrún Helgadóttir.] Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1983.
3. Örfilmutækni. Íslensk-ensk orðaskrá með skýringum og ensk-íslensk orðaskrá. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman í samvinnu við nokkra áhugamenn. *Tölvumál* 1985, 10. árg., 2. tbl., bls. 7–25.
4. Tölvuorðasafn. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt. 2. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Sigrún Helgadóttir. Íslensk málnefnd. Reykjavík 1986.
5. Tölvuorðasafn. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt. 3. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Stefán Briem. Íslensk málnefnd. Reykjavík 1998.
6. Íslensk táknaheiti. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Stefán Briem. Íslensk málnefnd. Reykjavík 2003.
7. Tölvuorðasafn. Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt. 4. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Ritstjóri: Stefán Briem. Hið íslenska bókmenntafélag í samvinnu við orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands. Reykjavík 2005.
8. Tölvuorðasafn. 5. útgáfa, aukin og endurbætt. Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman. Rafræn útgáfa. <http://tos.sky.is/>. Reykjavík 2013.

Tölvuorðasafn

Íslenskt-enskt, enskt-íslenskt
5. útgáfa, aukin og endurbætt
Gefið út sem rafrænt rit

Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands tók saman

Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands

Reykjavík 2013

© 2013 Baldur Jónsson, Sigrún Helgadóttir, Þorsteinn Sæmundsson, Örn Kaldalóns

Rit þetta má ekki fjölfalda með neinum hætti án skriflegs leyfis réthafa.

Orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands:

Baldur Jónsson
Sigrún Helgadóttir formaður
Þorsteinn Sæmundsson
Örn Kaldalóns

Tölvuvinnsla, setning og umbrot: Stefán Briem
Umbrotskerfi: L^AT_EX 2_ε.

ISBN 978-9979-72-316-5

Formáli

Tölvuorðasafn kemur nú út í fimmta sinn. Að þessu sinni er orðasafnið eingöngu gefið út á veraldarvefnum. Fjórða útgáfa kom út árið 2005. Útgefandi þá var Hið íslenska bókmenntafélag (<http://www.hib.is/>) í samvinnu við orðanefnd Skýrslutæknifélags Íslands. Veittur var vefaðgangur að því orðasafni árið 2006. Í fjórðu útgáfunni voru rúmlega 6500 hugtök með um 7700 íslenskum heitum og 8500 enskum heitum. Í fimmtu útgáfunni sem hér birtist hefur hugtökum fjölgað um 3,8%.

Orðanefndin hélt áfram starfi eftir að fjórða útgáfa orðasafnsins kom út. Unnið var úr fyrirspurnum sem bárust og nokkur efnissöfnun fór fram. Sumarið 2009 lést einn nefndarmanna, Baldur Jónsson. Var þá ákveðið að vinna úr því efni sem safnast hafði eftir að fjórða útgáfan kom út. Árangur af því starfi birtist hér. Auk þeirra hugtaka sem bæst hafa við, hefur eldra efni verið endurskoðað. Gerðar hafa verið minni háttar lagfæringar og breytingar á því efni sem fyrir var í safninu.

Efnissöfnun fyrir þessa útgáfu hefur aðallega verið á veraldravef eins og fyrir fjórðu útgáfu. Helst hefur verið stuðst við efni sem er aðgengilegt á vefsetrunum <http://foldoc.org/> (Free On-Line Dictionary Of Computing), <http://www.wikipedia.org/> og <http://whatis.techtarget.com/> (TechTarget). Frjáls aðgangur er að öllu þessu efni.

Arnaldur Axfjörð hefur eins og áður unnið með nefndinni að orðaforða um tölvu- og gagnaöryggi. Tryggvi Björgvinsson sat einnig nokkra fundi þar sem sérstaklega var fjallað um orðaforða sem tengist Linux-stýrikerfinu. Orðanefndin þakkar þeim báðum kærlega fyrir góða aðstoð. Nefndin þakkar einnig þeim fjölmörgu sem hafa haft samband við nefndina og lagt fram fyrirspurnir um orðanotkun. Þessar fyrirspurnir hafa oft orðið til þess að nefndin hefur endurskoðað heiti sem þegar hafa verið birt eða fundið heiti fyrir ný hugtök. Slíkar fyrirspurnir verða einnig oft til þess að nefndin leitar að skyldum hugtökum og gefur þeim heiti.

Nefndin hefur unnið að því með hléum í þrjú ár að undirbúa efni, semja skilgreiningar og samræma efni. Stefán Briem sem ritstýrði þriðju og fjórðu útgáfu *Tölvuorðasafnsins*, tók síðan að sér að ganga frá efninu til útgáfu á veraldarvefnum. Viðar Másson hjá Já-Spurl hannaði upphaflega vefviðmótið. Sama viðmótið er nú notað og Viðar Másson hefur aftur séð um alla tölvuvinnu. Nú starfar Viðar hjá fyrirtækinu Datamarket. Nefndin þakkar Viðari og forsvarsmanni fyrirtækisins, Hjálmarí Gíslasyni, fyrir ánægjulegt samstarf eins og fyrr.

Orðanefndin átti nokkurn sjóð sem varð til við fjórðu útgáfu orðasafnsins. Þeir fjármunir hafa verið nýttir til þess að greiða kostnað við vefútgáfuna. Stjórn Skýrslutæknifélagsins veitti einnig fjárhagslega aðstoð þegar sjóður nefndarinnar var uppurinn. Nefndin þakkar stjórninni kærlega fyrir veitta aðstoð. Fyrirtækið Já ehf. hefur vistað vefútgáfu Tölvuorðasafnsins frá 2006 og verður safnið vistað þar áfram að svo stöddu. Nefndarmenn þakka forsvarsmönnum Já ehf. kærlega fyrir þá aðstoð.

Þó að þessi útgáfa Tölvuorðasafns verði ekki gefin út sem prentuð bók var búin til prentvæn útgáfa af orðasafninu með líku sniði og fyrri útgáfur. Þeir sem þess óska geta sótt skjölin á vefsetrið og skoðað þau í eigin tölvu eða prentað.

Reykjavík í febrúar 2013

Sigrún Helgadóttir
formaður orðanefndar
Skýrslutæknifélags Íslands

Íslensk-ensk orðaskrá

Skammstafanir

ao. = atviksorð
e. = enska
et. = eintala
fl. = forliður
ft. = fleirtala
hk. = hvorugkyn

kk. = karlkyn
kv. = kvenkyn
lo. = lýsingarorð
sb. = sagnbót
sh. = samheiti
so. = sagnorð

Flestum flettiorðum í íslensk-enska hlutanum fylgir skilgreining sem er inndregin. Stundum kemur skýring eða dæmi á eftir skilgreiningu eða undir eins á eftir flettiorði ef ekki er skilgreining. Slíkar klausur eru inndregnar enn frekar. Skýringar geta verið fleiri en ein með sama hugtaki og er hver þeirra auðkennd með miðsettum depli til vinstri. Orð, sem eru skáletruð í skilgreiningum, skýringum eða dæmum, er að finna sem flettiorð í bókinni.

A

?A/D-breytir kk. → *stafgervill*

Ada

Heiti á *forritunarmáli* sem að hluta er byggt á *Pascal*.

- Ada var samið fyrir varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Það er nefnt eftir Ödu Augustu Byron eða lafði Lovelace sem var fyrsti *forritarinn*, að því talið er.

– Ada

ADSL-tengitækni kv.

– ADSL, Asymmetric Digital Subscriber Line

að-merki hk. → *vistmerki*

aðalbraut kv.

Búnaður til þess að tengja *gagnavinnslukerfi* og *skilakerfi* fyrir *tækniferli* í *gagnavinnslukerfi* fyrir *tækniferli*.

- *Tengibraut* má nota sem aðalbraut.

– highway

aðalefnisskrá kv.

Sú *efnisskrá*¹ sem er efst í *hrísluskipan*

skráasafns.

sh. *rótarefnisskrá*

– root directory

aðalforrit hk.

Sú *forritseining* í *forriti* sem fyrst er *innt* og getur sett af stað *inningu* annarra *forritseininga*.

– main program

aðallykill kk.

(í *gagnasafni*) *Lykill*¹ sem auðkennir eina *færslu*² á ótvíræðan hátt.

– primary key

aðalminni hk.

Sá hluti *innra minnis* sem setja þarf *skipanir*¹ og önnur *gögn* í svo að úrvinnsla geti farið fram.

- Í stórum *tölvukerfum* er frekar talað um aðalminni en *minni*.

– main storage, main memory

aðalnafnþjónn kk.

– master nameserver

aðalóðalsstjóri kk.

Óðalsstjóri sem sér um *gagnasafn* fyrir *tilfangaóðal* og sendir öðru hverju *öryggisafrit* af *gagnasafninu* til *varaóðalsstjóra*.

– primary domain controller, PDC

aðalsíða kv.

– main page

aðalskjár kk.

– main screen

aðalskrá kv. → *stofnskrá***aðalsléttu kv.**

Ímynduð sléttu í eða nálægt linsu þar sem ljósgeislar virðast hafa breytt um stefnu.

– principal plane

aðalstýriverk hk.

Það *stýriverk* sem á tilteknu tímabili stjórnar öðrum stýriverkum í sama *gjörva*.

- Í *stýrikerfi* getur stýriverk fengið hlutverk sem aðalstýriverk fyrir tilverkn að *vélbúnaðar* eða *hugbúnaðar* eða hvors tveggja.

– main control unit

aðalstöð kv.

(í *HDLC*) Hluti *gagnastöðvar* sem sér um aðalstýriaðgerðir *gagnagreinar*, býr til *skipanir*² sem á að *senda* og túlkar svör sem berast.

- Aðalstöð hefur m.a. það hlutverk að hefja skipti á stýrimerkjum, skipuleggja leiðir sem *gögn* fara eftir og

- annast *villueftirlit* og *viðréttingu*².
– primary station
- aðalviðtakandi** kk.
Viðtakandi sem *skeyti*² er einkum ætlað.
– primary recipient
- aðeins-eða-gátt** kv. → *misgildisgátt*
- aðfangastjórn** kv.
– supply chain management
- aðfeldi** hk.
Margfeldi þeirra *náttúrlegu talna* 1, 2, 3, 4, 5, ... sem eru minni eða jafnar gefinni náttúrlegri tölu.
sh. *hrópmerkt tala*
– factorial
- aðferð** kv.
(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Þær *aðgerðir*⁴ sem *hlutur*² framkvæmir að fengnu *boði*.
– method
- aðferðarsamfesta** kv.
Samfesta þar sem allar athafnir *forrits-einingar* stuðla að beitingu tiltekinnar aðferðar, t.d. *ítrekun*.
– procedural cohesion, method cohesion
- aðferðarþekking** kv.
Þekking sem sýnir með beinum hætti hvaða skref þarf að stíga til þess að leysa viðfangsefni eða ná settu marki.
– procedural knowledge
- aðgangsaðferð** kv.
Aðferð til þess að fá að nota *gögn*, fá að nota *geymslu*¹ í því skyni að *lesa* eða *skrifa* gögn eða fá að nota *boðrás* til þess að flytja gögn.
Dæmi: *Beinn aðgangur, vísaður aðgangur, runuleið*.
– access method
- aðgangsaðferð fyrir vísaða runuleið**
Aðferð til að fá *beinan aðgang* að *færslum*¹ í *runuskrá* með því að nota *atriðaskrá*.
– indexed sequential access method, ISAM
- aðgangsbrot** hk.
Það að hafa eða reyna að hafa óheimil aðan *aðgang*¹ að *gagnavinnslukerfi* og *gögnum* í því.
sh. *hjakk*², *tölvuhjakk*²
– cracking, hacking²
- aðgangsbúnaður** kk.
Búnaður sem einstakur *beinn notandi* notar til þess að eiga *samskipti* við *skeytasýslukerfi*.
· Aðgangsbúnaðurinn er þáttur í *skeytasýslukerfinu* sem notandinn notar til þess að búa til, senda og taka við *skeytum*².
– user agent, UA
- aðgangsbúnaður notendaskrár**
(í *tölvupóstkerfi*) Búnaður sem hagar sér eins og *notandi skráakerfis* þegar notandinn fær *aðgang*¹ að *notendaskrá*.
– directory user agent, DUA
- aðgangseftirlit** hk.
sh. *aðgangsordaskoðun*
– password control
- aðgangseining** kv.
Búnaður sem tengir *skeytaflutningskerfi* við annað *samskiptakerfi* og *notendur*³ hans nota til að hafa óbeinan *aðgang*¹ að *skeytasýslukerfi*.
– access unit, AU
- aðgangsflokkur** kk.
Flokkur sem *einindi*¹ geta fallið í samkvæmt þeim *tilföngum* sem þau hafa heimild til að nota.
– access category
- aðgangshemild**¹ kv.
Heimild sem veitt er einstaklingi til

þess að hafa *aðgang*¹ að *upplýsingum*¹ og miðast við tiltekið *öryggisstig*.

· Notandinn getur ýmist haft fullan aðgang að upplýsingunum miðað við öryggisstigið eða aðeins hluta af þeim réttindum sem öryggisstigið tilgreinir.

– security clearance, clearance

aðgangsheimild² kv. → *aðgangsréttur*

aðgangskaup hk. ft. → *leyfiskaup*

aðgangsleyfi hk.

Allur sá *aðgangsréttur* sem *gerandi*⁵ hefur gagnvart tilteknu *viðfangsefni*.

– access permission

aðgangslisti kk.

Listi yfir *einindi*¹ sem hafa heimild til *aðgangs*¹ að *tilfangi*, ásamt *aðgangs-rétti* þeirra.

– access control list, ACL, access list

aðgangslykill kk.

(í *gagnasafnskerfi*) *Aðgangsorð*, *gagnastak*² eða aðferð til þess að bera kennsl á notendur og staðfesta rétt þeirra til að fá *aðgang*¹ að tilteknum hlutum *gagnasafns* og vinna úr *gögnum* þess á tiltekinn hátt.

– privacy key, pass key, access control key

aðgangsnet hk.

– access network

aðgangsorð hk.

Stafastrengur, notaður sem *sannvottunarupplýsingar*.

sh. *lykilorð*², *leyniorð*

– password

aðgangsorðafinnur kk.

Verkforrit til að finna óþekkt eða týnt *aðgangsorð*.

– password cracker

aðgangsorðaskoðun kv. → *aðgangseftirlit*

aðgangsreglur kv. ft.

Reglur sem notandi verður að samþykka til að fá *aðgang*¹ að *neti*, t.d. *lýðnetinu*.

– acceptable use policy, AUP

aðgangsréttindi hk. ft.

(í *gluggaumhverfi*)

– access privileges

aðgangsréttur kk.

Réttur *geranda*⁵ til *aðgangs*¹ að tilteknu *viðfangsefni* fyrir tiltekna tegund *aðgerðar*¹.

Dæmi: Réttur *ferlis*¹ til þess að *lesa skrá* en ekki til þess að *skrifa* í hana.

sh. *aðgangsheimild*²

– access right

aðgangssetning kv.

Runa *orða*, notuð til *sannvottunar*.

· Aðgangssetning er notuð líkt og *aðgangsorð* en er lengri og ætti því að vera öruggari.

sh. *lykilsetning*

– passphrase

aðgangs skeið hk.

(í *tölvuöryggi*) Tímabil þegar tiltekinn *aðgangsréttur* gildir.

– access period

aðgangsstaður kk.

Staður í *tölvuneti* þar sem notandi getur tengst netinu.

– access point²

aðgangsstig hk.

Það stig *heimildar* sem krafist er af *einindi*¹ til *aðgangs*¹ að vernduðu *tilfangi*.

Dæmi: Heimild til aðgangs að *upplýsingum*¹ á tilteknu *öryggisstigi*.

– access level

aðgangsstjórn flutningsmiðils

· Hlutverk aðgangsstjórnar flutningsmiðils er að ákvarða hvort *flutningsmiðillinn* er laus og tiltækur til að senda *ramma*¹.

– media access management, medium access management

aðgangsstýring kv.

Aðferð til þess að tryggja að einungis *einindi*¹ með *heimild* hafi *aðgang*¹ að *tilföngum gagnavinnslukerfis* og að *aðgangurinn* verði einungis eftir heimil-

uðum leiðum.

– access control

aðgangsstýring flutningsmiðils

Tækni sem er notuð til þess að ákveða röð af *gagnastöðvum* sem stjórna *flutningsmiðli* tímabundið.

sh. *MAC*

– media access control, medium access control, *MAC*²

aðgangsstýringarkerfi hk.

Kerfi til þess að hafa *raunlæga aðgangsstýringu* sjálfvirka.

Dæmi: Notkun *snjallkorta* og merkja með segulrönd.

– controlled access system, *CAS*

aðgangsstýringarsvið hk.

Bitamynstur sem greinir *ramma*¹ frá *tóka*, sýnir hvaða *gagnastöðvar* megi nota tókann, segir til um hvenær eigi að *þurrka út* rammann og heimilar stöðvunum að biðja um næsta tóka.

– access control field

aðgangsstuldur kk.

Heimildarlaus *aðgangur*¹ að *gagnavinnslukerfi* um samband notanda sem er lögmætt og hann hefur heimild fyrir.

– piggyback entry

aðgangstag hk. → *bendistag*

aðgangstegund kv.

(í *tölvuöryggi*) Tegund *aðgerðar*¹, tiltekin með *aðgangsrétti*.

Dæmi: *Lesa*, *skrifa*, *inna*, bæta við, breyta, *eyða*, stofna.

sh. *tegund aðgangs*

– access type¹

aðgangstækni kv.

– access technology

aðgangstölva kv.

Eina *hýsitölva* fyrirtækis sem almennur *aðgangur*¹ er að á *lýðnetinu*.

– bastion host

aðgang sveita kv.

Stofnun eða fyrirtæki sem veitir notanda *aðgang*¹ að *neti*.

· Notandi er venjulega tengdur að-

gang sveitum um *almenna talsíma-kerfið*, um *samnet* eða með *fastri línu*³.

– access provider

aðgang sveita fyrir lýðnetið

Aðgang sveita sem veitir notanda *aðgang*¹ að *lýðnetinu*.

– Internet access provider, *IAP*

aðgang sveitir kk.

(í *tölvupóstkerfi*) Búnaður sem er hluti af *skráakerfi*² og veitir *aðgang*¹ að þeim *upplýsingum*¹ sem eru í *upplýsingasafni skráakerfis*, hugsanlega í samvinnu við annan búnað af sama tagi.

– directory system agent, *DSA*

aðgangur¹ kk.

Geta og ráð sem eru nauðsynleg til þess að nota *gögn* eða *tilföng gagnavinnslukerfis*.

– access¹

aðgangur² kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það hvort *eigindir*³ og *aðferðir klasa*⁴ eru tiltækar fyrir þá sem nota klasann.

– access²

aðgangur³ kk. → *notandaaðgangur*

aðgangur að fjartengdu gagnasafni

*Þjónusta*¹ sem gerir notkunarferli notanda kleift að hafa *aðgang*¹ að *fjartengdu gagnasafni*.

– remote database access

aðgangur vegna bilunar

Heimildarlaus *aðgangur*¹ að *gögnum* í *gagnavinnslukerfi*, venjulega án ásetnings og afleiðing af *bilun* í *vélbúnaði* eða *hugbúnaði*.

– failure access

aðgengi hk. → *aðgengileiki*

aðgengilegur lo.

(um *vélbúnað* og *hugbúnað*) Auðveldur og þægilegur í notkun fyrir fólk.

– user-friendly

aðgengileiki kk.

sh. *aðgengi*

– accessibility

aðgerð¹ kv.

Það að leiða nýja stærð af leyfilegri samsetningu þekktra stærða eftir skilgreindri reglu.

Dæmi: Samlagning í reikningi. Þegar fimm og þrjú eru lagðir saman og átta koma út eru tölurnar fimm og þrjú *þolendurnir*, talan átta er *útkoman* og samlagningarmerkið er *virkin* sem sýnir að aðgerðin, sem framkvæma skal, er samlagning.

– operation¹

aðgerð² kv. → *gjörð***aðgerð³** kv.

(í *gervigreindarfræði*) Það sem *gerandi*¹ aðhefst í *framsetningu þekkingar*¹ sem styðst við *atburðarit*¹.

– action²

aðgerð⁴ kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Fall*² eða umbreyting sem beitt er á *hluti*² í *klasa*⁴ eða sem hlutirnir beita.

– operation²

aðgerð⁵ kv.

· Almenn merking enska orðsins „function“, þegar íslenska heitið „fall“ á ekki við.

– function³

aðgerð á klasa

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Aðgerð, gerð á *klasa*⁴ en ekki á einstökum *tilvikum*² hans.

· Algengasta aðgerð á klasa er að búa til nýtt tilvik af honum.

– class operation

aðgerðabú hk.

(í *gagnavinnslukerfi*) Öll starfsemi og *ferli*¹ sem lúta að *gagnavinnslu*, ásamt tengslum þeirra innbyrðis.

– activity inventory, activity content

aðgerðakóti kk.

Kótuð framsetning á *aðgerðarhluta vélarmálsskipunar*.

Dæmi: Á *smalamáli* gæti BNZ staðið fyrir *aðgerðina*¹ „stökkva ef ekki

núll“ en í *skipanakóta* væri aðgerðin sett fram sem tiltekið mynstur *bita*.

– operation code

aðgerðarfrábrigði hk.

Frábrigði sem verður þegar ógildur *aðgerðarhluti* kemur fram í *forriti*.

– operation exception

aðgerðarhluti kk.

Sá hluti *vélarmálsskipunar* sem tiltekur þá *aðgerð*¹ sem framkvæma skal.

– operation part, operation field

aðgerðarhnappur kk.

Hnappur sem sendir tiltekinn *stýristaf* eða *lausnarrunu* sem hvert *forrit* túlkar á sinn hátt.

· Aðgerðarhnappar setja þannig af stað tiltekna aðgerðir.

– function key

aðgerðarhemma kv.

Tiltekin breyting á *aðgerðarhluta vélarmálsskipunar* sem veldur *rofi* þegar vélarmálsskipunin er *innt*.

– operation code trap

aðgerðarhæfing kv.

Það að taka saman *þekkingu* með því að breyta úr formi, sem leiðbeinir, í form sem gefur fyrirmæli um hvernig á að vinna verk.

· Sjá einnig *greiningarnám*.

Dæmi: Það að breyta ráðleggingunni „láttu þér ekki verða kalt“ í tiltekin fyrirmæli með því að útskýra hvernig megi komast hjá því að verða kalt við tiltekna aðstæður.

– operationalization

aðgerðarkall hk.

– function call²

aðgerðarleg merkingarfræði

Merkingarfræði þar sem merkingu er lýst með því að lýsa *aðgerðum*¹.

– operational semantics

aðgerðartafla kv.

*Tafla*¹ sem skilgreinir *aðgerð*¹ með því að sýna *lista* yfir allar hugsanlegar samantektir af gildum *þolendanna* og sam-

svarandi *útkomur* úr aðgerðinni fyrir hverja samantekt.

– operation table

aðgerðaröð kv. → *forgangsröð aðgerða*

aðgerðaskiki kk.

(í *tölvuteiknun*) *Skiki* með *aðgerðarhnöppum* á *ílagstæki* sem tengt er *birti*.

– function keyboard

aðgrein kv.

Fjarskiptatenging frá fjarskiptatungli til jarðstöðvar.

– downlink¹

aðgreiningargeta kv.

Geta *sjónkerfis* til þess að greina mun á einkennum *hlutar*³, t.d. á *litgildum* eða staðsetningu.

– discrimination

aðgreinir kk.

(í *forritunarmálum*) *Máleining* sem líkist *stika*² og sýnir hvaða *gagnaskipan* skuli nota í tiltekinni *færslu*¹.

– discriminant

aðgöngumerki hk.

(í *tölvuöryggi*) Merki um tiltekinn *aðgangsrétt* handhafa að *viðfangsefni*.

· Aðgöngumerkið er til marks um *aðgangsheimild*¹.

sh. *aðgöngumiði*, *aðgönguspjald*

– ticket

aðgöngumiði kk. → *aðgöngumerki*

aðgönguspjald hk. → *aðgöngumerki*

aðhæfa so. → *sérstíða*

aðhæfanlegur lo. → *sérstíðanlegur*

aðhæfð lausn → *sérstíðin lausn*

aðhæfing kv. → *sérstíð*

aðkomuleið kv.

Runa vistfangi sem vísa á þau gögn sem sóst er eftir.

· Fleiri en ein aðkomuleið geta verið tiltækar samtímis fyrir sömu gögn.

– access path

aðleiðar- fl.

(um *gagnasendingu*) Sem fer frá *netstjóra* til *gagnastöðvar*.

sh. á *aðleið*

– downlink²

aðleiðsla kv.

Ályktun sem hefst með tilteknum *staðreyndum* og lýkur með almennum tilgátum.

– induction, inductive inference

aðleiðslunám hk.

Námsaðferð sem felst í *aðleiðslu* út frá veittri *þekkingu*, dæmum eða athugunum.

– inductive learning, learning by induction

aðlögun að mælanda

Aðferð við *talkennsl* þar sem kerfi er leyft að breyta orðalíkönun sjálfvirkt á grundvelli viðbótartalsýna mælanda.

· Sjá einnig *aðlögunartalþjálfun* og *mælandafylgið kerfi*.

– speaker adaptation

aðlögunarfágun kv.

(í *sýndarveruleika*) Það að hagnýta minnkaða víxlverkun milli notanda og kerfis til þess að draga fram fleiri smáatriði í nánasta umhverfi.

– adaptive refinement

aðlögunarhæft tauganet

Tauganet sem er fært um að stilla starfhætti sína í samræmi við breytingar í umhverfi þess.

– adaptive neural network

aðlögunarnám hk.

Námsaðferð sem felst í því að aðlaga eigin *þekkingu* eftir ráðleggingu frá *þekkingargjafa* eða breyta nýlega fengnum *upplýsingum*¹ í samræmi við *þekkingu* sem fyrir er.

– adaptive learning

aðlögunartalþjálfun kv.

Talþjálfun sem getur breytt og endurnýjað *talmát* til þess að greina hvort *talkennsl* versna og loks til þess að bæta þau.

– adaptive training

aðrein kv.

Aðgangsrás sem notandi getur tengt

lýðnetinu um.

– access ramp, ramp

afbrensla so.

Endurrétta upprunalegt *stafrænt merki* frá *brensluðu* stafrænu merki.

sh. *afrugla*

– descramble

afgreiðslustaður kk.

(í *tölvupóstkerfi*) Staður þar sem tiltekin *þjónusta*¹ fæst.

– access point¹

afgreiðslustöð kv.

Búðarkassi þar sem skráðar eru *upplýsingar*¹ um seldar vörur, annaðhvort á *sjálfvirkan* hátt, t.d. með *spröta*, eða á *handvirkan* hátt um *hnappaborð*.

· Afgreiðslustöðin er beintengd *tölvu* þar sem upplýsingar um birgðir eru *geymdar*².

– point-of-sale terminal, POS terminal

afgreiðslutími kk.

Sá tími sem líður frá því að *verk* er afhent til vinnslu þar til útkoma er tilbúin.

– turnaround time, turnround time

afhending kv.

Flutningsskref sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* flytur *skeyti*² eða *skilatilkyrningu* til *skeytageymslu*¹ eða til *aðgangsbúnaðar hugsanlegs viðtakanda*.

sh. *skil*³

– delivery

afkastageta kv.

– capacity

afkastaprófun kv.

Prófun þar sem afköst *vélbúnaðar* og *hugbúnaðar* í tiltekinni *samskipan* eru metin með því að nota *dæmigerð forrit* og *gögn*.

– benchmark test, benchmark

afkóta so.

Umskrá kótuð gögn í upprunalegt horf.

– decode

afkótari¹ kk.

Búnaður sem *afkótar kótuð gögn*.

· Afkótarar eru m.a. notaðir til þess að

breyta merkjum frá *svarveitu* í það horf að unnt sé að *birta*¹ þau á *skjá* sjónvarpstækis.

· Sjá einnig *kótari*¹.

– decoder¹

afkótari² kk.

Búnaður sem hefur nokkrar *flagslínur* og *frálagslínur* og starfar þannig að þegar *merki*² eru send eftir nokkrum *flagslínunum* fer merki eftir einni *frálagslínu* sem er valin til þess að sýna eftir hvaða *flagslínunum* upphaflegu merkin komu.

– decoder²

afkótunareining kv.

Sá hluti *gjörva* sem tekur við *skipunum*¹ frá *forsóknareiningu*, *afkótar* þær og sendir áfram til *inningareiningar*.

· Sjá einnig *kótari*².

– decode unit

afköst hk. ft.

Mælikvarði á það hversu mikilli vinnu *gagnavinnslukerfi* skilar á tilteknu tíma-bili.

Dæmi: Fjöldi *verka* sem unnin eru á einum degi.

– throughput

afleiðsla kv.

Ályktun sem leiðir röklega niðurstöðu út frá tilteknum forsendum.

– deduction, deductive inference

afleiðslunám hk.

Námsaðferð sem felst í því að *ný þekking* er leidd af þekkingu sem fyrir er með því að breyta staðhæfingum án þess að breyta sanngildi þeirra.

· Afleiðslunám leiðir venjulega til sérhæfingar á þekkingu sem fyrir er.

· Afleiðslunám felur í sér að þekking er sett fram með nýjum hætti, þekking er tekin saman eða breytt á annan hátt án þess að merking hennar breytist.

– deductive learning, learning by deduction

afleiðslutag hk. → *afleitt tag*

afleiðulykill kk.

*Lykill*¹ í *töflugagnasafni* sem dreginn er af einum eða fleiri *dálkum*² í sömu *töflu*².

- Kennitala er dæmi um afleiðulykil. Ef einstaklingur fær nýja kennitölu, t.d. vegna þess að fæðingarár reynist rangt skráð, þarf að breyta öllum töflum þar sem afleiddi lykillinn er *framandlykill*. Þess vegna þykir óheppilegt að nota afleiðulykil; heppilegra er að nota *staðgöngulykil*.

– intelligent key

afleitt tag

Gagnatag þar sem *gagnagildi* og *aðgerðir*¹ líkja eftir gagnagildum og aðgerðum gagnatags sem fyrir er.

- Sé um *rammtögun* að ræða leyfist ekki að aðgerðir séu gerðar samtímis á gildum með ólík afleidd tög eða á gildum með afleitt tag og sniðtag nema beitt sé *tagskiptum*.
- Sjá einnig *sniðtag*.

sh. *afleiðslutag*

– derived type

aflestrarfestir kk.

Tæki sem skynjar og geymir aflestrar-gildi *flaumræns merkis*².

– sample-and-hold device

afgjafi kk.

Tæki sem breytir riðspennu rafkerfis í rakspennu, hentuga fyrir rafeindatæki.

- Rakspennan er oftast á bilinu frá 5 V til 12 V.

– power supply

afmarkari¹ kk.

(í *skipulagi gagna*) Einn eða fleiri *stafir*, notaðir til þess að sýna upphaf eða endi *stafastrangs*.

– delimiter¹

afmarkari² kk.

(í *forritunarmálum*) *Lesstak* er sýnir upphaf eða endi annars lesstaks eða *stafastrangs* sem litið er á sem málskipanareiningu.

- Nota má *sérstafi* eða *frátekin orð* sem afmarkara.

· Sjá einnig *skili*.

– delimiter², ?separator²

afmóta so.

Breyta *mótuðu merki*² aftur í upprunalegt horf.

– demodulate

afmótari kk.

Búnaður sem breytir *mótuðu merki*² í upprunalega merkið.

– demodulator

afmótun kv.

Það að breyta *mótuðu merki*² aftur í upprunalegt horf.

– demodulation

afmörkun texta

(í *ritvinnslu*) Það að velja upphaf og lok *stafastrangs*.

- *Textann* má afmarka í einingum svo sem *orði*, *línu*¹, *efnisgrein*, *setningu*² eða *síðu*².

– range specification

afneitun kv.

Það að eitthvert *einindi*¹ sem tók þátt í tölvusamskiptum neitar að hafa átt þátt í þeim í heild eða að hluta.

– repudiation

afnotatími kk.

Sá tími sem notandi getur notað tiltekinn búnað.

– available time, ?uptime²

afrit¹ hk.

– copy¹

afrit² hk. → *samrit***afrit af skrá**

Skrá sem er búin til fyrir hugsanlega *endurheimt gagna* síðar.

Dæmi: Varaskrá, geymd á öðrum stað.

– backup file

afrita so.

Lesi gögn af *gagnamiðli* þannig að þau standi þar áfram óbreytt og *skrifa* sömu gögn annars staðar.

- Gögnin eru skrifuð á gagnamiðil sem má vera ólíkur upprunalega gagnamiðlinum.

Dæmi: Afrita *skrá* af *segulbandi* á *seguldisk*.

sh. *taka afrit*

– copy²

afrita til öryggis → *taka öryggisafrit*

afritsáritari kk.

Tæki sem prentar *stafi* á *gataspjald*² í samræmi við *gatasamstæður* sem gataðar hafa verið á annað spjald.

– transfer interpreter

afritunarskipun kv.

(í *ritvinnslu*) *Ritvinnuskipun*, notuð til þess að taka *afrit*¹ af *texta* og flytja það á annan stað.

– copy command, duplicate command

afritunarvarinn hugbúnaður

Hugbúnaður, venjulega *geymdur*² á *disklingum*¹ á þann hátt að ekki er unnt að *afrita* hann.

– copy-protected software

afritunarvörn kv.

Notkun sérstakra aðferða til þess að finna eða koma í veg fyrir heimildarlausu afritun *gagna*, *hugbúnaðar* eða *fastbúnaðar*.

– copy protection

afrugla so. → *afbrensla*

afseglunarhnappur kk.

– degauss button

afskiptahler hk.

Línuhler í þeim tilgangi að breyta *gögnum* eða *skjóta inn* gögnum.

sh. *afskiptahlerun*

– active wiretapping

afskiptahlerun kv. → *afskiptahler*

afskiptalaus hlerun → *afskiptalaust hler*

afskiptalaust hler

Línuhler, takmarkað við að *ná í gögn*.

sh. *afskiptalaus hlerun*

– passive wiretapping

afskrifa so.

Purrka út gögn af *gagnamiðli* eða eyði-

leggja auðkenni þeirra, t.d. með því að eyða nafni *skrár* úr *efnisrá*¹ þannig að nota megi gagnamiðilinn fyrir önnur gögn.

– scratch

afstæð skipun

Birtingarskipun þar sem notuð eru *afstæð hnit*.

– relative command, ?relative instruction

afstæðuvigur kv.

Vigur, tilgreind sem hliðrun endapunkts frá upphafspunkti.

– relative vector

afstætt gildi

(í *sýndarveruleika*) Gildi fyrir stað og stefnu miðað við fyrri stað og stefnu í *sýndarrými*.

– relative value

afstætt hnit

Hvert það hnit sem auðkennir stöðu *vistpunkts* miðað við annan vistpunkt.

– relative coordinate

afstætt kennimerki

– relative identifier, relative ID, RID

afstætt vistfang

Beint vistfang sem tilgreinir stað sem frávik hans frá *grunnvistfangi*.

– relative address

afstöðusjón kv.

Sjón þar sem *gögn* eru notuð til þess að leiða út rúmfræðilega gerð sjónsviðs.

- *Þjarki* notar *afstöðusjón* til þess að greina hvort miði sé límduð rétt á pakka.

– spatial vision

afstöllun kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að jafna *stöllun* á skálínum og bognum línunum.

– antialiasing

aftengdur lo.

(um notkun búnaðar) Sem er ekki undir beinni stjórn *tölvu*.

sh. *ótengdur*

– offline¹, off-line¹

afturflettihnappur kk.

Aðgerðarhnappur sem sendir merki sem sum *forrit* túlka þannig að *birt*¹ er næsta *síða*² á undan þeirri sem er á *skjánum*.

– previous screen key, page up key

afturflutningsnet hk.

Marglagskipt net, búið viðgjafarleiðum sem gefa færi á að stilla *taugamótavægi*.

· Afturflutningsnet er byggt á *námsalgrími* fyrir *afturflutning*.

– back-propagation network, BPN, feedback-propagation network

afturflutningur kk.

Það að flytja taugaaðgerð, sem getur t.d. verið beiting *vakningarfalls* eða stilling *taugamótavægja*, frá einu *lagi*² til annars þannig að byrjað er í *frálagslagi* og endað í *ilagslagi*.

– back propagation, feedback propagation

afturhvarf hk.

Máleining í forritseiningu sem segir til um að einni eða fleiri *inningaröðum* í forritseiningunni sé lokið. *Stokkið* er á tiltekinn stað í forritseiningunni sem *kallaði*, og henni e.t.v. skilað *útkomu*.

· *Inning* þeirrar *forritseiningar* sem kallaði heldur venjulega áfram frá þeim stað þar sem kallað var á hina forritseininguna.

– return¹

afturhæfur lo.

Sem getur *innt forrit*, samin fyrir minni *tölvu* eða eldri gerð af tölvu.

– backward compatible, downward compatible

afturkalla¹ so.

Taka aftur næstu *skipun*² eða skipanir á undan.

sh. *ógilda*¹

– undo²

afturkalla² so.

Koma *gagnasafni* í fyrra horf með því

að nota *undanmyndir*.

· Hreyfing er afturkölluð.

sh. *ógilda*²

– backout, undo³

afturköllun kv.

Aðgerð sem leyfir notanda að taka aftur næstu *skipun*² eða skipanir á undan.

· Sumar skipanir eru óafturkallanlegar.

sh. *ógilding*

– undo¹

afturköllunarskipun kv.

Ritvinnuskipun, notuð til þess að taka aftur næstu ritvinnuskipun á undan.

sh. *ógildingarskipun*

– undo command

aftursýnn rakningur

Rakningur sem búinn er til, að lokinni *inningu forrits*, eftir *gögnum* sem voru skráð á meðan inningin stóð yfir.

· Aftursýnn rakningur er ólíkur *inningarrakningi* sem verður til smám saman á meðan forrit er *innt*.

– retrospective trace

afturvirk ályktun

Ítrekunarstefja sem stjórnar því í hvaða röð *ályktanir* eru dregnar með því að byrja á staðhæfingu um niðurstöðu. Til þess að kanna *sanngildi* staðhæfingarinnar fíkrar stefjan sig aftur á bak eftir reglum kerfisins uns spurningu er svarað, áður geymd útkoma er fundin, stefjan rekur sig á mótsögn eða ljóst er að ekki er unnt að ákvarða sanngildið.

– backward chaining

afturvísa frábrigði

Láta *frábrigðissýslara forritseiningar*, sem *kallar á* eða *faldar* aðra forritseiningu, taka við stjórn vegna þess að ekki er aðstaða til þess að bregðast við *frábrigðinu* í síðarnefndu forritseiningunni eða láta frábrigðissýslarann beinlínis *kalla fram frábrigðið*.

– propagate an exception

afurð kv.

Skjöl og annað efni sem verður til

vegna vinnu við tiltekið verkefni.

– deliverables

afvegaleiðir kk.

Ein gerð *spilliforrita* sem breytir stillingum í *vefsjá* notandans í því skyni að beina honum til *vefsetra* sem hann hafði ekki í hyggju að heimsækja.

· Afvegaleiðir er stundum settur upp í *tölvu* notanda samhliða *gjafbúnaði* á líkan hátt og *óværubúnaður* og *njósnaflugbúnaður*.

– browser hijacker

afvirkja so.

Gera *gagnamiðil* sem hefur verið *virkaður* aftur óaðgengilegan fyrir *stýrikerfi*.

· Í *Unix*-stýrikerfinu heitir skipunin fyrir þessa aðgerð „umount“ (svo ritað) og í *Windows*-stýrikerfinu „eject“.

– unmount

afþjappa so.

(um *gögn*) Setja gögn, sem hafa verið *þjöppuð*, aftur í upprunalegt horf.

· Sögnin stjórnar þolfalli.

– uncompress, decompress, unpack, unzip, gunzip, expand⁵, explode

afþjöppun kv.

(um *gögn*) Það að *afþjappa*.

– uncompressing, decompressing, unpacking, unzipping, gunzipping, expansion¹, exploding

afþreyingarvefur kk.

– entertainment web

alfa-próf hk.

(í hugbúnaðarþróun) Fyrri stigs *prófun*.

– alpha test

alfa-útgáfa kv.

– alpha version

alfeitur lo.

(um letur)

– extra bold

alfrádragari kk.

Flétturás sem getur tekið við þrenns konar *ílagi* og skilað tvenns konar *frálagi*. Ílagið er tveir *tölustafir* og einn

lánstölustafur úr fyrri *aðgerð*¹. Frálagið er í fyrsta lagi mismunur fyrri tölustafsins og summu annars tölustafsins og lánstölustafsins og í öðru lagi nýr lánstölustafur.

· Í flétturás er notað *tvíundakerfi* þar sem tölustafir eru *bitar*.

– full subtracter

algebrumál hk.

Forritunarmál þar sem unnt er að búa til *setningar*¹ sem líkjast *segðum* í algebru.

Dæmi: *Ada*, *Fortran*, *Pascal*.

– algebraic language

algengar spurningar

Listi yfir spurningar sem þátttakendur tiltekens *málþings* spyrja oftast, ásamt svörum við þeim.

– frequently asked questions, FAQ

algildisstafur kk.

Stafur sem stendur fyrir hvaða staf sem er eða *stafastring*.

· Oft er ? eða # notað í staðinn fyrir einn staf en * í staðinn fyrir stafastring.

Dæmi: NN* getur t.d. staðið fyrir öll skrárnöfn sem hefjast á NN.

– wildcard, wildcard character, arbitrary character

algjör frávísun

· *Tölvupósti*³ er skilað af því að *viðtakandi* finnst ekki.

– hard bounce

algjör gagntekning

(í *sýndarveruleika*) *Gagntekning* án þess að skynja vísbendingu um venjulegan veruleika.

– total immersion

Algol

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega gerðu til þess að auðvelt sé að breyta *algrímum* í *forrit*.

· Algol er *stytting* á „Algorithmic Language“.

– Algol

algrím hk.

Endanleg röð skýrt afmarkaðra reglna til þess að leysa verkefni.

sh. *reiknisögn, reiknirit*

– algorithm

algrímskt mál

Gervimál, ætlað til þess að skrá *algrím*.

sh. *algrímsmál*

– algorithmic language

algrímsmál hk. → *algrímskt mál***alhliða forritunarmál**

Æðra forritunarmál sem hentar fyrir margs konar verkefni.

– general-purpose language

alhliða gisti

Gisti, eitt af mörgum, sem er *vistfengjanlegt* beint og nota má á ýmsa vegu, t.d. sem *safnara*, *vísigisti* eða til þess að gera sérstakar aðgerðir á *gögnum*.

sh. *allsherjargisti*

– general-purpose register

alhæfing kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Vensl*² milli *yfirklasa* og eins eða fleiri *undirklasa* hans sem hafa sérhæfðara hlutverk.

– generalization

alhæfing hugtaks

Stækkun á gildissviði *hugtakslýsingar* í því skyni að ná yfir fleiri dæmi.

– concept generalization

aljöfnun kv.

Það að breyta tveimur *myndum*² í safni margra mynda þannig að hvaða *hlutur*³ sem er í annarri myndinni sé jafnstór og hafi sömu lögun og sami hlutur í hinni myndinni.

· Þegar tvær myndir eru aljafnaðar verður rúmfræðileg lögun þeirra eins, svo að þær falla algjörlega saman.

– congruencing

allsherjargisti hk. → *alhliða gisti***almannatími** kk.

Tími eins og hann er sýndur á venjulegri klukku, t.d. veggklukku.

– wall time, real-world time, wall-clock time

almenn stilling

(í *ritvinnslu*)

– general alignment

almenn stöð

Sérhver *gagnastöð*, önnur en *stjórnstöð*, í *greiðusambandi* eða *beinu sambandi* þar sem notuð er *greinastýring* í *grunnhætti*.

– tributary station

almenn upplýsingaþjónusta fyrir stjórnun

*Þjónusta*¹ sem lætur í té almenna aðstöðu til þess að skiptast á *upplýsingum*¹ og fyrirmælum í því skyni að stjórna kerfum, hvort sem beitt er miðstýringu eða valddreifingu við stjórnun.

– common management information service, CMIS

almenna talsímakerfið

– public switched telephone network, PSTN

almenningsbúnaður kk.

Hugbúnaður sem er án höfundarréttar og til frjálsra afnota og dreifingar án þess að greiðsla komi fyrir.

– public domain software

almenningsnet hk.

Samskiptanet með ótakmörkuðum aðgangi.

Dæmi: (1) *Lýðnetið*. (2) *Almenna talsímakerfið*.

– public network

almennigur kk.

– public domain

almennt hnit

(í *tölvuteiknun*) Kartesíusarhnit sem er óháð tækjum og notað í *verkforriti* til þess að tilgreina *myndrænt ílag* og *frálag*.

– world coordinate

almynd kv. → *heilmynd***almyndageymsla** kv. → *heilmynda-geymsla*

alnet hk.

Eitt *net* sem samþættir núverandi tal-símanet og almenna fjarskiptanetið (þ.m.t. *lýðnetið*), kapalsjónvarp, *gagnaflutningsnet* og myndvarpsnet þannig að þau starfi vel saman.

– universal network

alréttleiki kk.

*Réttleikasönnun*¹ sem sýnir að þær *fastyrðingar* sem *forrit* skilar leiði rök-rétt af þeim *fastyrðingum* sem *forritið* tekur við og af úrvinnslu í *forritinu* og að *forritið* ljúki vinnslu fyrir öll tiltekin ílagsskilyrði.

– total correctness

alræsing kv.

Ræsing *gagnasafnskerfis* án þess að nota *undanmyndir* eða *nýgerðir*.

– cold start

alsamleggjari kk.

Flétturás sem getur tekið við þrenns konar *ílagi* og skilað tvenns konar *frálagi*. Ílagið er tveir *tölustafir* og *geymdur tölustafir* úr fyrri *aðgerð*¹. Frálagið er *summa* og nýr *geymdur tölustafir*.

· Í flétturás er notað *tvíundakerfi* þar sem *tölustafir* eru *bitar*.

– full adder

altengt net¹ → *fulltengt net*¹**altengt net**² → *fulltengt net*²**altæk leit** → *altæk textaleit***altæk skiptileit**

Aðgerð sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastring* í *texta* og skipta á honum og öðrum *stafastring* alls staðar þar sem hann kemur fyrir, annaðhvort sjálfvirkt eða á handvirkan hátt.

· Altæk skiptileit er gerð með einni *skipun*¹.

Dæmi: Skipta á „íslenzkur“ og „íslenskur“ alls staðar þar sem „íslenzkur“ kemur fyrir í *skjali*¹.

– global search and replace¹, global find and replace¹

altæk textaleit

Aðgerð sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastring* alls staðar þar sem hann kemur fyrir í *texta*.

· Sjá einnig *altæk skiptileit*.

sh. *altæk leit*

– full text search, global search¹

altæk ummyndun

Ummyndun myndar, fólgin í því að gefa hverjum *díl* nýtt gildi sem er fall af gildum allra *díla* í *myndinni*².

· Eiginleikar sem ná til allra *díla* eru m.a. dreifing grámagilda og *línutíðni*.

– global transformation

altæk vistfangausjón

Vistfangausjón þar sem öll *stöðvarvistföng* í *staðarneti* eru einrætt ákvörðuð innan eins eða fleiri *staðarneta*.

– universal address administration, global address administration

altækt tag

Gagnatag fyrir *tölulesgildi* og *gagnatag* fyrir *útkomu* úr tilteknum *ílægum aðgerðum*¹ sem notaðar eru til þess að fylgja *rammtögun*.

– universal type

altækur lo.

(um aðgerð í *ritvinnslu*) Sem nær til alls *texta* sem tiltækur er.

– global²

Alþjóðafjarskiptasambandið hk.

– ITU, International Telecommunication Union

amagaur kk.

Sá sem sendir *amapóst*.

– spammer

amagildra kv.

Tölvupóstfang sem notað er til þess að grípa *amapóst* og láta í té upplýsingar um hvaða *amapóstur* er sendur og hver sendir hann.

· Amagildirur eru ekki *tölvupóstfang* raunverulegra notenda heldur notaðar sem agn til þess að grípa *amagaura*

- og fylgjast með og safna amapósti.
- spam trap
- amapóstur** kk.
*Tölvupóstur*³ sem er ósaknæmur en líklegur til að valda *viðtakendum* truflun og leiðindum.
sh. *ruslpóstur*
- spam¹, junk e-mail
- amasending** kv.
Það að senda *amapóst*.
- spamming
- amasía** kv.
Forrit sem er notað til þess að greina óumbeðinn *tölvupóst*³ og koma í veg fyrir að hann berist í viðtökuhólf notanda.
- spam filter
- amasnarboð** hk. ft.
Amapóstur sendur um *snarsamband* en ekki *tölvupóstþjónustu*.
- spim
- amavefsetur** hk.
– spam website
- amaveita** kv.
Þjónustuveita fyrir *lýðnetið* eða annað fyrirtæki sem leyfir dreifingu *amapósts*.
- Seinni liður orðsins „spamhaus“ er þýska og merkir „hús“.
- spamhaus
- amayrki** kk.
Forrit sem er hannað til þess að safna saman *tölvupóstföngum* af *lýðnetinu* í þeim tilgangi að búa til *póstlista* til þess að senda óumbeðinn *tölvupóst*³.
- Slíkur póstur er kallaður *amapóstur*. Margs konar aðferðir hafa verið fundnar upp til þess að stöðva *amayrkja*. Ein slík aðferð er *möndl* sem felst í því að breyta tölvupóstfanginu þannig að maður getið lesið það en ekki amayrki. Háþróaðir amayrkjar geta þó dregið tölvupóstföng úr textastrengjum.
- spambot

amayrkishindrun kv.

Textabútur sem er skotið inn í *tölvupóstfang* til þess að verjast *amayrkjum*.

- Maður skilur skilaboðin og getur fjarlægt amayrkishindrunina úr tölvupóstfanginu en amayrki safnar saman tölvupóstföngum með því að safna textabútum sem hafa að geyma *táknið* @. Amayrkishindrun skal setja hægra megin við táknið @, næst á undan *lénsheitinu* og er venjulega runa stafa sem skýrir sig sjálf.

Dæmi: Í *sigrun@taka_ut.holmatun.is* á að fjarlægja stafarununa „taka_ut“ til þess að tölvupóstfangið sé gilt.

- spamblock

annarraréttur kk.

- Hugtakið á við *frjálsan hugbúnað*. Enska heitið er fengið úr „copyright“ með orðaleik.

- copyleft

annast so.

Láta í té nauðsynlega *þjónustu*¹ til þess að búnaður starfi rétt.

- sh. *þjónusta*²
- support²

ANSI

Heiti á bandarískri stofnun, óháðri stjórnvöldum, sem var sett á laggirnar í því skyni að koma á stöðlum.

- American National Standards Institute, ANSI

APL

Heiti á *forritunarmáli* sem var sérstaklega ætlað fyrir *forritun* í *samræðu*-*hætti*.

- APL er einkar hentugt til þess að fást við rökleg föll og *fylki*². APL er *stytting* á „A Programming Language“.

- APL

app hk. → *stefja*¹**Archie**

Heiti á *forriti* sem notað er til þess að finna *skrá* í *fjartengdri tölvu*.

- Archie

Archie-miðlari kk. → *Archie-þjónn*

Archie-þjónn kk.

*Þjónn*¹ sem *geymir*² lista yfir þær *skrár* sem *aðgangur*¹ er að á *lýðnetinu* með *forritinu Archie*.

sh. *Archie-miðlari*

– Archie server

arfgeng fjölbreytni

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Fjölbreytni*, byggð á stigveldi erfða.

– inclusion polymorphism

arfgjafi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Klasi*⁴ sem eitthvað getur erfst frá eða hefur verið erfst frá.

– ancestor class, ancestor

arfþegi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Klasi*⁴ sem erfir annan klasa.

– descendant class, descendant

arkaskammtari kk.

Búnaður, festur á *prentara* til *arkaskömmunar*.

– sheet feeder

arkaskömmun kv.

Það að skammta *prentara* eitt blað í einu.

– sheet feed

armstjóri kk.

Gangverk sem hreyfir *aðgangsarm* eða *kamb*.

– access mechanism, actuator

ARP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ um *vörpun*¹ *IP-númera* á *vistföng véla* í *staðarneti*.

– Address Resolution Protocol, ARP

ASCII

Heiti á staðlaðri *kótunarreglu* þar sem tilgreint er hvernig *kóta* skuli *bilstafi*, *sérstafi*, *tölustafi*, *bókstafi* og *stýristafi* með því að nota sjö *bita* fyrir hvern staf. Áttundi bitinn er notaður sem *pörunarbiti*.

· Með ASCII-kótunarreglunni má setja fram 128 stafi.

– ASCII, American Standard Code for Information Interchange

ASCII-hnappaborð hk.

Hnappaborð þar sem unnt er að slá inn alla *stafi* í ASCII-kótunarreglunni.

– ASCII keyboard

ASN.1

Heiti á stöðluðu *máli* til að lýsa *gögnum*.

· ASN.1 er lýst í stöðlunum ITU TS X.208 og ISO 8824. ASN.1 er *stytting* á „Abstract syntax notation 1“.

– ASN.1

atburðafleðirit hk. → *atburðaleiðarit*

atburðakveikja kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það sem setur *atburð* af stað.

– event trigger

atburðaleiðarit hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Skýringarmynd sem sýnir *atburði* sem eru sendir milli *klasa*⁴, án tillits til tímaráðar *atburðanna*.

sh. *atburðafleðirit*

– event flow diagram

atburðarás kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Tiltekin *runa skyndiaðgerða* sem sýnir *hegðanir*.

· Atburðarás má nota til þess að sýna *gagnverkun*.

– scenario

atburðarit¹ hk.

(í *gervigreindarfræði*) *Framsetning þekkingar*² þar sem notaðar eru fyrir fram ákveðnar *runur* *atburða* til þess að ákvarða hver útkoma verður þegar þekkt *einindi*¹ verka hvert á annað.

· Atburðirnin eru settir fram með *sviðsatriðum*, *atburðasviðum*¹, *hlutverkum*² og *styttingum*.

· Atburðaritið miðast við *atburði*, andstætt *ramma*² sem miðast við *gögn* og tiltekna stund.

– script¹

atburðarit² hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Kóti²* til þess að hrinda í framkvæmd því sem felst í *atburði*.

– event script

atburðaslóð kv.

(í *kviklegu líkani*) Skýringarmynd sem sýnir sendanda og viðtakanda *atburða* og tímaröð atburðanna.

– event trace

atburðasvið¹ hk.

(í *gervigreindarfræði*) Tiltekin umgjörð um *atburðarit¹*, þar með taldar *stytur*.

– setting

atburðasvið² hk.

(í *stiklumiðlun* og *margmiðlun*) Röklegt rými, varpað í *framsetningarmiðil*, þar sem starfsemi margmiðlunarbúnaðar fer fram.

– stage

atburður kk.

(í *kviklegu líkani*) Eitthvað sem gerist á ákveðinni stund.

sh. *atvik*

– event

athafnarönd kv. → *valrönd***athugasemd** kv.

Máleining sem er notuð eingöngu til þess að setja lesmál inn í *forrit* og ekki ætlað að hafa áhrif á það hvernig forritið er *innt*.

· Athugasemdir eru t.d. notaðar til þess að útskýra tiltekin atriði í forritum.

– comment, remark

athyglisfræði hk. ft.

Aðferð við að stýra *upplýsingum¹* með því að beina athygli að því sem í boði er.

– attention economics

atлага að þjónustumiðlun

· Sjá einnig *miðlunarsynjun*.

– denial of service attack

ATM-grunnnet hk.

Grunnnet sem starfar í *ósamstilltum flutningsham*.

– ATM backbone network

ATM-net hk.

Net sem starfar í *ósamstilltum flutningsham*.

– ATM network

atriðaskrá kv.

Listi yfir efni *skrár* eða *skjals¹*, ásamt *lyklum¹* eða *tilvísunum¹* til þess að finna efnið.

– index¹

atriðaskrá aðallykla

Atriðaskrá fyrir *aðallykla*.

– primary index

atriðaskrá aukalykla

Atriðaskrá fyrir *aukalykla*.

– secondary index

atriði hk. → *sviðsatriði***atvik** hk. → *atburður***atviksbundin hjálp**

Hjálparkerfi á *skjá* sem veitir notanda aðstoð við það atriði sem hann glímur við hverju sinni.

· Notandi þarf ekki að fletta upp í *atriðaskrá*.

sh. *?sambhengisháð hjálp*

– context-sensitive help

auðkenni einindis

Ein eða fleiri *eigindir¹* sem auðkenna tiltekið *einindi¹* í flokki eininda.

– entity identifier, identifier³

auðkenning kv.

Það að leggja áherslu á *myndeiningu* með því að breyta sýnilegum einkennum hennar.

· Auðkenningu er t.d. beitt í *ritvinnslu* til þess að aðgreina tiltekinn *texta* frá öðrum *texta*.

– highlighting

auður gagnamiðill

Gagnamiðill án *gagna* og viðmiðunarkerfa.

– blank medium

augabeinir kk.

Punktur eða bandstrik, notuð t.d. í töflu eða efnisyfirliti til þess að beina auganu

lárétt yfir eyðu að réttu atriði, orði eða tölu.

– leaders

augnayndi hk.

– eye candy

augnhreyfingaskynjari kk.

Tæki til að rekja augnhreyfingar.

Dæmi: Gleraugu með örlitlum *inn-rauðum ljóstvistum*.

– eye-movement detector

auka so.

Hækka gildi stærðar um tiltekið gildi.

– increment²

aukaburðarbylgja kv.

Burðarbylgja merkis² sem er borin ofan á annari burðarbylgju þannig að í rauninni eru tvö merki flutt samtímis.

– subcarrier

aukageiri kk.

Geiri sem er *skrifaður* á *rás¹* á *disklingi¹*, til viðbótar við staðlaðan fjölda geira.

· Það að skrifa aukageira er þáttur í *afritunarvörn*.

– extra sector

aukageymsla kv.

– secondary storage

aukalykill kk.

(í *gagnasafni*) *Lykill¹* sem er ekki *aðallykill*, en *atriðaskrá* er haldin fyrir hann og hann getur auðkennt fleiri en eina *færslu²*.

· Aukalyklar eru aðallega notaðir til þess að *aðgangur¹* að *gögnum* verði hraðvirkari.

– secondary key

aukaminni hk.

Viðbótarminni til þess að geta notað meira en 640 kB *innra minni*.

· Aukaminni er t.d. notað í tölvum af gerðunum PC-XT og PC-AT. Einungis sérsamin *forrit* geta nýtt slíkt minni.

– expanded memory

aukanafnaþjónn kk.

– slave nameserver

aukarás kv.

Rás¹ sem er *skrifuð* á *diskling¹*, til viðbótar við staðlaðan fjölda rása.

· Það að skrifa aukarás er þáttur í *afritunarvörn*.

– extra track

aukastöð kv.

(í *HDLC*) Hluti *gagnastöðvar* sem sér um stýriaðgerðir *gagnagreinar* eftir fyrir mælum frá *aðalstöð*, túlkar *skipanir²* sem berast og býr til svör sem á að *senda*.

– secondary station

aukaviðtakandi kk.

Viðtakandi sem er á *póstlista* til þess að geta fylgst með *skeyti²* sem öðrum er einkum ætlað.

– copy recipient, secondary recipient

auki kk.

Gildi sem er lagt við annað gildi, t.d. við gildi *breytu²*.

– increment¹

awk

Heiti á *forritunarmáli* sem er *túlk-að* og fylgir flestum afbrigðum *Unix*-stýrikerfisins.

· Heitið *awk* er dregið af upphafsstöfum í eftirnöfnum höfunda málsins, Ahos, Weinbergers og Kernighans, en þeir bjuggu *awk* til árið 1978.

– awk

Á

á aðleið → *aðleiðar-*

á ferðinni

Án þess að stoppa.

- *Forritun* á ferðinni er aðferð við að breyta *forriti* án þess að stöðva vinnslu þess.

– on the fly, on-the-fly

á tvístri → *tvístraður*

á útleið → *útleiðar-*

á-merki hk. → *vistmerki*

áauki kk.

- Oftast notað um *vélbúnað* en stundum um *hugbúnað*.

- Sjá einnig *íauki*.

sh. *búnaðarauki*²

– add-on

ábyrgðardeiling kv.

Það að deila ábyrgð á *viðkvæmum upplýsingum* svo að enginn geti einn og sér stofnað öryggi *gagnavinnslukerfis* í hættu.

– separation of duties

ábyrgni kv.

Sá eiginleiki sem tryggir að rekja megi gjörðir *einindis*¹ einrætt til þess einindis.

– accountability

áfallatími kk.

Ganghlé sem hlýst af *galla* utan búnaðar.

– external loss time, environmental loss time

áfangafágun kv.

Þróunartækni fyrir *hugbúnað* þar sem vinnsluskref og *gögn* eru skilgreind í grófum dráttum í fyrstu atrennu en síðan endurskilgreind með aukinni nákvæmni.

– stepwise refinement

áferð kv.

Yfirborðsgerð, svo sem hún er skynjuð af sjón eða snertingu, óháð lit og lýsingu.

– texture

áferðareftirlíking kv.

(í *sýndarveruleika*) *Eftirlíking* af gegnheilum hlutum, fólgin í því að unnt er að bera kennsl á *áferð* þeirra og fá þannig tilfinningu um að þreifað sé á þeim.

– texture simulation

áferðareind kv.

Minnsta stak *myndar*² sem er notað til þess að lýsa *áferð* yfirborðs.

– texel, texture element

áferðarlýsing yfirborðs

Samsafn *gagna* sem lýsir þrívíðu áferðarmynstri, þar með töldu líkani fyrir yfirborð og lýsingu.

– surface texture description

áferðarskyn hk.

Geta *endagreiðar* á *þjarka* til að finna hvort yfirborð er slétt eða hrjúft.

– texture sensing

áferðarvörpun kv.

Aðferð í *myndsetningu*, ætluð til þess að gefa tvívíðri framsetningu hlutar þrívítt útlit með því að varpa *áferð* yfirborðs hlutarins, eins og það birtist í líkani af hlutum, á samsvarandi svæði á myndinni.

– texture mapping

áformaður viðtakandi

Hugsanlegur viðtakandi sem *upphafsmaður* tilgreinir að eigi að taka við *skeyti*² eða *kanna*.

– intended recipient

áframhald hk.

Það að hefja aftur *inningu forrits* með því að nota *gögn* sem skráð voru við *gátstað*.

sh. *framhald*, *áframhald* við *gátstað*

– restart², checkpoint restart

áframhald við gátstað → *áframhald***áframhaldsprófun** kv.

Prófun sem er notuð í *lykkjustjórn* og hefur þau áhrif að *ítrekun lykkjunnar*¹ heldur áfram ef útkoma prófunarinnar er gildið SANNUR en lýkur ef útkoman er gildið ÓSANNUR.

Dæmi: Í *Pascal* er *lykkjubreyta* fyrir áframhaldsprófun í „while“-setningu.

– continuation test

áhorfsgreiðsla kv.

Greiðsla samkvæmt áhorfi.

– pay-per-view

áhugasvæði hk.

*Svæði*³ sem notandi hefur hug á að greina.

– region of interest, ROI

áhugaverð vefsetur

– recommended sites

áhætta kv.

Sá möguleiki að tiltekin *ógn* muni gagnýta sér tiltekna *veilu gagnavinnslukerfis*.

– risk

áhættugreining kv.

Skipuleg aðferð til að bera kennsl á verðmæti *gagnavinnslukerfis*, *ógnir* gagnvart þessum verðmætum og *veilu* kerfisins fyrir þessum ógnum.

– risk analysis

áhættumat hk.

Mat á *áhættu*, venjulega byggt á *áhættugreiningu*.

– risk assessment

áhættutaka kv.

Stjórnunarleg ákvörðun um að fallast á tiltekið stig *áhættu*, venjulega af tæknilegum ástæðum eða vegna kostnaðar.

sh. *vogun*

– risk acceptance

ákoma kv.

Villa sem verður til þegar *skrifað* er á eða *lesið* af segulmiðli og lýsir sér í því að lesinn er *tvíundastafur* sem ekki var skráður.

· Ákomur stafa venjulega af göllum eða örðum á yfirborði segulmiðilsins.

– drop-in

ákvæða gildi

Reikna út gildi á tiltekinni *segð* með því að gefa *breytum*² gildi og reikna út gildi á hverjum lið *segðarinnar* þar til *útkoman* er aðeins eitt gildi.

sh. *ráða*

– evaluate

ákvæða rofstað

Skilgreina bæði *rofstað* og viðeigandi atburð sem stöðvar *inningu forrits* um stundarsakir.

– set a breakpoint

ákvæði hk.

(í *gagnasafni*) *Einindavensl* eða *eiginlavensl* sem tákna að tilvist eins *einindis*¹ eða *eigindar*¹ skipti því aðeins máli að einnig sé til annað einindi eða eigind.

– dependency

ákvörðunarfræðileg stafakennsl

Ljóskennd stafa, gerð með því að bera saman *mynd*² af *staf* og mengi af frumgerðum stafa og nota *algrím* sem beitir ákvörðunarfræði til þess að velja staf.

· Gagnsemi þessarar aðferðar er takmörkuð við aðstæður þar sem ílagsmiðlar eru samhæfir, því að *mátun*, gerð með því að reikna mælikvarða á fylgni, getur truflast af breytilegri stafastærð, því hvernig stafur snýr og af *leturgerð*.

– decision theoretic character recognition

ákvörðunarmæld kv.

Logrinn af fjölda atburða í endanlegu mengi atburða sem útiloka hver annan,

eða á táknmáli stærðfræðinnar:

$$H_0 = \log n$$

þar sem n er fjöldi atburða.

- Skýringin við *upplýsingar*² á einnig við hér.
- Af grunntölu lograns ræðst hvaða eining er notuð. Algengar einingar eru: shannon (tákn: Sh) fyrir logra með grunntölu 2, náttúrleg eining (tákn: nat) fyrir logra með grunntölu e , hartley (tákn: Hart) fyrir logra með grunntölu 10.

Umskráningartafla:

$$\begin{aligned} 1 \text{ Sh} &= 0,693 \text{ nat} = 0,301 \text{ Hart} \\ 1 \text{ nat} &= 1,433 \text{ Sh} = 0,434 \text{ Hart} \\ 1 \text{ Hart} &= 3,322 \text{ Sh} = 2,303 \text{ nat} \end{aligned}$$

- Ákvörðunarmældin er óháð líkindum á að atburðirnir gerist.
- Fjöldi b -faldrá ákvarðana sem þarf til þess að velja tiltekinn atburð úr endanlegu mengi atburða sem útiloka hver annan er jafn lægstu *heilli tölu* sem er stærri en eða jöfn ákvörðunarmældinni sem er skilgreind með logra með grunntölu b . Þetta á við þegar b er heil tala.

Dæmi: Ef $\{a, b, c\}$ er mengi þriggja atburða þá er ákvörðunarmæld þess:

$$\begin{aligned} H_0 &= (\log 3) \text{ Sh} = 1,580 \text{ Sh} \\ &= (\ln 3) \text{ nat} = 1,098 \text{ nat} \\ &= (\lg 3) \text{ Hart} = 0,477 \text{ Hart} \end{aligned}$$

þar sem \log er logri með grunntölu 2, \ln er logri með grunntölu e og \lg er logri með grunntölu 10.

– decision content

ákvörðunartafla kv.

Tafla yfir aðgerðir sem grípa á til við mismunandi aðstæður.

- Aðstæðurnar ráðast af venslum milli gilda á tilteknum *breytum*¹.

sh. *röktafla*

– decision table

álagsdreifing kv.

Skipting vinnu á tvær eða fleiri *tölvur* til að auka *afköst*.

– load balancing

álagsprófun kv.

Prófun þar sem gildi tiltekinna starfsþátta eru látin víkja frá skilgreindum gildum í því skyni að greina eða staðsetja hugsanlega *galla*.

– stress test, marginal test, marginal check

álfur kk. → *gandálfur*

ályktun kv.

Rökleiðsla þar sem niðurstöður eru leiddar af þekktum forsendum.

• Í *gervigreindarfræði* er forsenda annaðhvort *staðreynd* eða regla.

• Orðið *ályktun* er stundum einnig notað um niðurstöðuna.

– inference

ályktun af líkani

Ályktun þar sem notað er *sérsviðslíkan*.

• Sjá einnig *líkanskerfi*.

– model-driven inference

ályktunarforrit hk.

Sá þáttur *sérþekkingarkerfis* sem beitir reglum *rökleiðslu* til þess að draga ályktanir af framsetningu *upplýsinga*¹ sem eru *geymdar*² í *þekkingarsafni*.

– inference engine

árás kv.

Tilraun til þess að rjúfa *tölvuöryggi*.

Dæmi: Það að beita *spilliforriti* eða *línuhleri*.

– attack

áreiðanleiki¹ kk.

Sá eiginleiki að vera laus við *skekkju*.

– accuracy³

áreiðanleiki² kk.

Geta búnaðar til þess að gera það sem til er ætlast við tiltekin skilyrði og í tiltekinn tíma.

– reliability

árekstrarmerki hk.

(í *CSMA/CD-neti*) Merki² sem *gagnastöð* sendir til þess að tilkynna öðrum gagnastöðvum að þær megi ekki senda af því að *árekstur*¹ hafi orðið.

– jam signal¹

árekstrartilkyning kv.

Það að *gagnastöð* í *CSMA/CD-neti* sendir út *árekstrarmerki*, þegar hún hefur orðið vör við *árekstur*¹, til þess að tryggja að allar aðrar gagnastöðvar viti um áreksturinn.

– collision enforcement

árekstraskyn hk.

(í *sýndarveruleika*) Geta *tölvu* til þess að reikna út hvort notandi hefur sömu rúmhnit og *sýndarhlutur*.

– collision detection

árekstur¹ kk.

Afleiðing þess að sent er *samskeiða* á *flutningsmiðli*.

– collision¹

árekstur² kk.

(í *tætingu*) Það að tveir eða fleiri mismunandi *lyklar*¹ skila sama *tætigildi*.

– collision², hash clash

ári kk. → *púki***áritari** kk.

Tæki sem prentar *stafi* á *gatasþjöld*² í samræmi við *gatasamstæður* sem gat aðar hafa verið á spjöldin.

– interpreter device, interpreter¹

árlegur meðalskaði

Væntanlegur meðalskaði á ári vegna þess að eina eða fleiri öryggisráðstafanir vantar.

– annual loss expectancy, annualized loss expectancy, ALE

áskrifandi kk.

Notandi sem hefur fengið heimild til þess að nota tiltekna *þjónustu*¹.

– subscriber

ásláttur¹ kk.

Það að slá eða styðja á *hnapp*.

– keystroke

ásláttur² kk.

(á *lófatölvu* eða hliðstæðu tæki) Létt högg, t.d. með *skjápenna*, sem kemur í stað smells með *mús*.

– tap

ástand hk. → *staða*¹**átreytanlegt tölvukerfi** → *tryggilegt tölvukerfi***átta bita bæti** → *áttund***átthyrningatré** hk.

Framsetning þrívíðs hlutar sem *hrísluskipan* áttunga. Áttungarnir eru myndaðir með því að halda áfram að deila hverjum misleitum áttungi í smærri áttunga uns allir eru einsleitir miðað við tiltekið einkenni eða deilt hefur verið í áttunga jafnoft og ákveðið var fyrir fram.

· Aðferð átthyrningatrés er notuð til þess að *þjappa* þau *gögn* sem geymd eru um þrívíðan hlut.

· Sjá einnig *ferningatré*.

– octree

áttund kv.

Bæti sem í eru átta *bitar*.

· Heitið er einnig oft ritað með tölustaf sem „8 bita bæti“.

sh. *átta bita bæti*

– octet, 8-bit byte

áttunda¹ fl.

(um *eingrunnskerfi*) Sem hefur *grunntöluna* átta.

– octal¹

áttunda² fl.

Sem er ákvarðaður af vali eða skilyrði sem hefur átta hugsanleg gildi eða horf.

– octal²

áttundakerfi hk.

Eingrunnskerfi þar sem notaðir eru *tölustafirnir* 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 7, *grunntalan* er átta og einingasætið hefur *vægi*¹ 1.

Dæmi: Í áttundakerfi stendur *tölutáknið* 1750 fyrir töluna þúsund, þ.e. $1 \times 8^3 + 7 \times 8^2 + 5 \times 8^1 + 0 \times 8^0$.

– octal system, octal numeration

system

áttundakerfistala kv.

Tölutákn í áttundakerfinu.

- Orðið áttundakerfistala er oft stýtt í áttundatala.
- octal numeral

ávalastig hk.

Mælikvarði fyrir ávala *svæðis*³.

- Ávalastig er reiknað út sem ummál í öðru veldi deilt með flatarmáli.
- peround

áætlunargerð kv.

(í *gervigreindarfræði*) Það að ákvarða fyrir fram á hvern hátt og í hvaða röð eigi að beita *aðgerðum*³ til þess að ná settu marki.

- Gripið er til áætlunargerðar í því skyni að auka skilvirkni leitar og

leysa úr markmiðsárekstrum.

- planning

áætlunargerð fyrir framleiðslutilföng

Það að ganga frá áætlun um stjórnun sem metur og segir til um þörf á hverjum þætti framleiðsluferlisins á tilteknum tíma.

- manufacturing resource planning, MRP II

áætlunargerð um efniskröfur

Tækni við áætlunargerð þar sem framleiðslunni er stýrt með aðaláætlun en þörf fyrir vöruparta er tengd við framleiðsluáætlun þeirra framleiðsluvara sem nota partana.

- material requirements planning, MRP

B

b → *biti*

B → *bæti*

B2B-samskipti hk. ft. → *FF-samskipti*

B2C-samskipti hk. ft. → *FN-samskipti*

B2G-samskipti hk. ft. → *FS-samskipti*

Backus-Naur-ritháttur kk.

Ritháttur sem unnt er að nota til þess að setja fram *samhengisfrjálsar mállýsingar*.

- Backus-Naur-ritháttur hefur m.a. verið notaður til þess að skilgreina *forritunarmálin Pascal* og *Modula 2*.
- Backus-Naur form, BNF, Backus normal form

bak- fl.

- back-end

bakbraut kv.

Tengibraut frá miðverki til skyndiminnis.

- backside bus

bakdyr kv. ft.

Falinn *hugbúnaður* eða *vélbúnaður* sem venjulega er ætlað að finna *galla* og *bilanir* og nota má til þess að sniðganga *tölvuöryggi*.

- trapdoor

bakflug hk.

Það að flytja rafeindageisla *myndlampa* úr hægri horni *skjás* að neðan upp í vinstra horn að ofan.

- flyback

bakfæra so.

- reverse¹

bakfærsla kv.

- reversal

bakfærsluteikn hk.

- back icon

bakgjörvi kk.

Gjörvi sem annast sérhæfð verkefni.

- Sjá einnig *framgjörvi*.

– back-end processor¹

bakgrunnur kk. → *myndgrunnur*

bakhæfa so.

Gera einhvern tiltekinn eiginleika nýrrar útgáfu af *hugbúnaði* aðgengilegan í eldri útgáfu án þess að notandi þurfi að *stigbæta* kerfið.

– backport

bakhæfing kv.

Það að *bakhæfa*.

– backporting

bakhönnun kv.

Sú aðferð að taka hlut í sundur til að komast að því hvernig hann starfar í því skyni að smíða annan eins eða endurbæta hann.

– reverse engineering

bakka¹ so.

Færa *gagnamiðil* um tiltekna vegalengd aftur á bak.

Dæmi: Færa *gataræmu*² aftur á bak um eina *þverröð* eða *segulband* um einn *bálk*¹.

– backspace¹

bakka² so. → *hopa*

bakleit kv.

Aðgerð sem leyfir að leitað sé frá hvaða stað sem er í *skjali*¹ í áttina að upphafi skjalsins.

– backward search¹, reverse search¹, reverse find¹

bakleita so.

Leita frá hvaða stað sem er í *skjali*¹ í áttina að upphafi skjalsins.

– backward search³, reverse search³, reverse find³

bakleitarhamur kk.

Hamur sem leyfir að leitað sé frá hvaða stað sem er í *skjali*¹ í áttina að upphafi skjalsins.

– backward search², reverse search², reverse find²

baklýsing kv.

Lýsing sem berst myndskynjara og er ekki endurvarpað frá yfirborði *hlutar*³,

heldur komið fyrir bak við hlutinn.

· Baklýsingu er unnt að nota til þess að framkalla skuggamynd af viðfangshlut.

– backlighting

bakrás kv.

Sendirás fyrir eftirlits- eða villueftirlitsmerki.

· Sendingarstefnan er gagnstæð sendingarstefnu *framrásarinnar* sem hún tengist. Þessi skilgreining gildir um *gagnagjafa* þegar *gögn* eru flutt í gagnstæðar áttir samtímis.

– backward channel

bakrás í staðarneti

Sú rás í *staðarneti á breiðbandi* sem ætluð er fyrir *gagnasendingu* frá *gagnastöðvum* til *netsjóra*.

– backward LAN channel, reverse LAN channel

bakrétting kv.

*Endurrétting*¹ þar sem kerfi, *forriti*, *skrá*, *gagnasafni* eða öðrum búnaði er komið í fyrra horf þar sem unnt er að gera það sem beðið er um.

Dæmi: Skrá er komið í fyrra horf með því að taka til baka allar breytingar sem hafa verið gerðar á skránni síðan hún var í því horfi.

sh. *endurrétting aftur á bak*

– backward recovery

bakskautslampi kk. → *myndlampi*

baksmala so.

*Þýða*¹ *viðfangskóta* á *smalamál*.

– disassemble

baksmali kk.

Forrit til að *baksmala*.

– disassembler

bakspjald hk.

Prentplata sem gegnir hlutverki *tengi-brautar* og öðrum prentplötum er stungið í.

· Bakspjöld eru oftast notuð í tiltölulega stórum *tölvum*.

– backplane

bakstillimerki hk.

Röð *bita*, skráð í lok hvers *bálks*¹ á segulmiðli til samstillingar þegar *lesið* er aftur á bak.

– postamble

baksvið hk. → *myndgrunnur***baksviðsforrit** hk.

Forrit sem hefur ekki forgang að *tilföngum gagnavinnslukerfis*.

– background program

baksviðslitur kk. → *grunnlitur***baksviðsreitur** kk.

Tigull, notaður til þess að *fylla svæði*² í *glugga* þegar efni *gluggans* hefur glatast eða orðið ógilt.

– background tile

baksviðsverk hk.

Verk sem er í gangi en hefur ekki forgang að *tilföngum gagnavinnslukerfis*.

Dæmi: *Runuverk*.

– background job

baksviðsvinnsla kv.

Það að láta *tölvu* vinna *verk* og *inna forrit* sem hafa ekki forgang.

– background processing

baktengill kk.

*Tengill*³ til að *stikla*² til baka í *vafri*.

– backlink

baktölva kv.

(í *gagnavinnslukerfi*) *Tölva* sem leysir verkefni sem *framtölva* gagnavinnslukerfisins beinir til hennar.

· Sjá einnig *bakgjörvi*.

– back-end computer, ?back-end processor²

bakvinnsluforrit hk.

Forrit sem *innir* annaðhvort lokastig í tilteknu *ferli*² eða verkefni sem er venjulegum *notanda*¹ ósýnilegt.

· Sjá einnig *framvinnsluforrit*.

– back-end application

bakþýða so.

*Þýða*¹ *vistþýtt forrit* af *vélarmáli* í form sem getur líkst upphaflegri gerð forritsins á *æðra forritunarmáli*.

· Þegar *bakþýtt forrit* er þýtt aftur ætti upprunalega vélarmálsgerðin að verða til.

– decompile

bakþýðandi kk.

Hugbúnaðartól sem *bakþýðir forrit*.

– decompiler

bakþýðing kv.

Það að *bakþýða*.

– decompilation

banabank hk.

Atlaga að *þjónustumiðlun* á *lýðnetinu* sem verður þegar árásarmaður sendir af ásettu ráði IP-pakka sem er stærri en þau 65.536 *bæti* sem *IP-samskiptareglurnar* leyfa.

· *TCP/IP-samskiptareglur* leyfa að *pökkum*¹ sé skipt í minni einingar. Mörg *stýrikerfi* voru ekki búin undir að taka við *pökkum* sem höfðu að geyma einingar sem samanlagt voru stærri en 65.536 *bæti* svo að *stýrikerfin frusu*, hrundu eða *endurræstu* sig.

– ping of death

bandbreidd kv.

Mismunur á neðri og efri mörkum tíðni tiltekens tíðnisviðs.

· Mismunurinn er gefinn upp í hertsum (riðum á sekúndu). *Bandbreidd* segir til um hversu miklar *upplýsingar*¹ er unnt að flytja á tímaeiningu.

– bandwidth

bandbreidd tals

Taltíðnibil sem er notað í tilteknu kerfi.

– speech bandwidth

banddrif hk. → *segulbandsdrif***bandhlutakótun** kv.

Talkótun þar sem *merkið*² er síað með safni af síum og frálagsmerkin síðan *kótuð* hvert fyrir sig.

· Tekin eru *sýni* úr *frálagi* hverrar síu með svonefndri Nyquist-tíðni og frálagið síðan *bútað*.

– sub-band coding

bandprentari kk.

Höggprentari þar sem letrið er á sveigjanlegu bandi.

– band printer

bandstrik hk.

Greinarmerki, ýmist notað til þess að tengja saman liði samsettra orða eða hluta orða sem skipt er milli lína¹.

- Bandstrik sem tengir saman liði samsettra orða má kalla *tengistrik*. Bandstrik sem tengir saman orðhluta sem er skipt milli lína má kalla skiptistrik.
- hyphen

bandstöð kv. → *segulbandsstöð***bankforrit** hk. → *ping-forrit***bankskipun** kv. → *ping-skipun***bannlisti** kk.

Listi yfir vistföng sem á ekki að tengjast eða má ekki tengjast.

– disallowed address list, DAL²

barningur kk.

(í kerfi með *sýndarminni*) Óhæfilega mikil notkun á tíma *miðverks* við að flytja gögn milli *ytri geymslu* og *aðalminnis*.

- Barningur getur orðið þegar *keyrð* eru *forrit* sem eru ekki sérstaklega saminn fyrir sýndarminni.
- thrashing

Basic

Heiti á *forritunarmáli* sem í grunnútgáfu hefur tiltölulega fáar *skipanir*¹ og einfalda *málskipan*.

- Oftast eru hafðir *túlkar* frekar en *vistþýðendur* þegar Basic er notað. Basic er *stytting* á „Beginner’s All-Purpose Symbolic Instruction Code“.
- Basic

baun kv.

Dæmi: *Java-baun*.

– bean

Bayesarsía kv.

Amasía sem notar Bayesartölfræði til þess að meta haus og efni viðtökuskeytis og ákveða líkindi á því að skeytið sé

amapóstur.

- Bayesartölfræði er dregin af vinnu átjándu aldar stærðfræðingsins Tómasar Bayesar.

– Bayesian filter

bálkabil hk.

Bil á milli tveggja *samlægra bálka*¹ á *gagnamiðli*.

– interblock gap, IBG

bálkadulritun kv.

– block cipher

bálkað mál

Forritunarmál sem gerir ráð fyrir notkun *bálksetninga*.

Dæmi: *Ada, Algol, C, Pascal, PL/I*.

– block-structured language

bálkaflutningur kk.

Það að *flytja* einn eða fleiri *bálka*¹ í einu.

- Bálk má ýmist flytja þannig að *gögnum* er eytt af upprunalega staðnum eða þau látin vera.
- block transfer

bálkafrítun kv.

Aðgerð sem leyfir notanda að *tvífalda bálk*² og *skjóta* honum inn á öðrum stað í sama *skjali*¹ eða í annað skjal.

– block copy

bálkaprófun kv.

(í *gagnafljarskiptum*) Sá hluti *villueftirlits* sem er notaður til þess að ákvarða hvort formgerð *bálks*¹ fylgir settum reglum.

sh. *blokkaprófun*

– block check

bálkfléttuboðrás kv.

Fléttuboðrás þar sem *bálkar*¹ eru *fléttaðir*.

– block multiplexer channel

bálkfærsla kv.

(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem leyfir notanda að afmarka *bálk*² og flytja hann á annan stað í *skjali*¹ eða í annað skjal.

– block move

báklengd kv.

Fjöldi *bæta*, eða einhverrar annarrar viðeigandi einingar, í *bálki*¹.

– block size, block length

báلكsetning kv.

Afmörkuð *runa setninga*¹ sem líta má á sem sérstaka málskipanareiningu og getur haft *nefni*.

• Báلكsetning er grunnþáttur í málskipan báلكskipaðra *mála*.

• Í sumum *forritunarmálum*, t.d. *C++*, er „báلكkur“ samheiti fyrir *fjölsetningu*. Í öðrum *forritunarmálum*, t.d. *Ada*, hefur báلكsetning mjög sérstaka merkingu og getur þá náð yfir *skilgreiningar* og *frábrigðissýslara*.

• Það hvernig báلكsetningum er fyrir komið í *forritunarmálum* hefur áhrif á *gildissvið*¹ og *æviskeið hluta*² sem eru skilgreindir sem hluti af báلكsetningu.

Dæmi: Líta má á *Pascal*-forrit sem tiltekinn haus og eftirfarandi báلكsetningu. *Steffur*² í *Pascal* eru skilgreindar á svipaðan hátt.

sh. *blokkarsetning*

– block statement

báلكunarstuðull kk.

Hámarksfjöldi *færslna*¹ í *bálki*¹.

– blocking factor

báلكur¹ kk.

Strengur stafa, *orða* eða *færslna*¹ sem farið er með sem eina heild fyrir tiltekið verkefni.

sh. *blokk*¹

– block¹

báلكur² kk.

(í *ritvinnslu*) Hluti af *texta*, skilgreindur af notanda, sem ritvinnsluaðgerð á að verka á.

sh. *blokk*²

– block²

báلكur³ kk.

(í *forritunarmálum*) *Fjölsetning* sem fellur saman við *gildissvið*¹ að minnsta

kosti einnar *skilgreiningar* sem hún felur í sér.

sh. *blokk*³

– block³

báلكur er læstur

(í *gluggaumhverfi*)

sh. *báلكur er varinn*

– block is locked

báلكur er varinn → *báلكur er læstur***básarit** hk.

Inningarleiðarit með reitum sem eru *faldaðir* og raðað í línulega röð og standa fyrir *runubundin* vinnsluskref, endurtekningu og *skilyrtar setningar*.

– box diagram, Chapin chart, Nassi-Schneiderman chart

beiðdur þjónustunotandi

Þjónustunotandi sem *þjónustubeiðandi* óskar eftir að komast í *samband*² við.

– called service user

beiðni kv.

– request

bein lína

Samskiptalína sem tengir eina *ústöð* við *tölvu*.

– point-to-point line

bein sending

Sending þar sem *aðgangsbúnaður* eða *skeytageymsla*¹ flytur *skeyti*² eða *kanna* beint til *skeytaflutningsmiðils* án þess að hann fari um *millibúnað*¹.

– direct submission

bein skekkja

Útkoma sem fæst með því að draga satt, tiltekið eða fræðilega rétt gildi frá reiknuðu, athuguðu, mældu eða fengnu gildi.

– absolute error

bein skilgreining

Skilgreining sem er skrifuð á beinan, formlegan hátt.

– explicit declaration

bein skipun

*Skipun*¹ sem í er gildi *þolanda* en ekki *vistfang* hans.

– direct instruction, immediate instruction

beina so.

Vísa á leið sem *gögn* geta farið til ákvörðunarstaðar.

– route¹

beind kv. → *vigur***beining** kv.

Það að *beina*.

– routing

beiningarskiptir kk.

(í *neti*) Tæki sem samtvinnar hlutverk *skiptis*¹ og *beinis*.

– routing switch

beinir kk.

*Hnútur*¹ sem getur ákvarðað leið².

– router

beinleiðis endurkvæmur

(um *undirforrit*¹) Sem getur kallað á sjálfan sig.

– directly recursive

beinlínuskiptir kk.

*Skiptir*¹ til að tengja beint milli hvaða tveggja tækja sem vera skal.

– crossbar switch

beinlínuvinnsla kv. → *innankerfisvinnsla***beinn aðgangur**

Aðferð við að setja *gögn* í *geymslu*¹ eða ná þeim úr *geymslu*, fólgin í því að nota *vistföng* til þess að segja til um hvar gögnin eru.

sh. *rakleið*

– direct access, ?random access

beinn notandi

*Notandi*³ sem tekur þátt í *skeytasýslu* með því að nota *skeytasýslukerfið* beint.

– direct user

beinskeyttar vefveiðar

Upprunafölsun tölvupósts sem beinist að tilteknu fyrirtæki, stofnun eða félagasamtökum í þeim tilgangi að komast yfir trúnaðargögn á ólögmatan hátt.

– spear phishing

beinstilla so.

Búa til ljósvönd þar sem allir ljósgeislar eru samhliða.

– collimate

beint samband

*Samband*¹ milli tveggja *gagnastöðva*.

– point-to-point connection

beint tilvik

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Hlutur*² sem er *tilvik*² af *klasa*⁴ en ekki af *undirklasa* hans.

– direct instance

beint vistfang

Vistfang sem tilgreinir stað án þess að vísa til *geymslustaðar* þar sem annað vistfang er geymt.

· Staðurinn getur verið *geymslustaður* eða tæki.

– direct address

beltisdragi kk. → *tannabelti***beltisprentari** kk.

Höggprentari þar sem letrið er á belt.

– belt printer

bendill¹ kk.

Hreyfanlegt merki sem er venjulega sýnilegt og vísar á tiltekinn stað í *birtirými*, t.d. þar sem næstu *gögnum* verður komið fyrir.

· Fleiri en einn bendill geta verið í sama birtirými.

– cursor¹

bendill² kk.

(í *gagnasafni*) *Bendir*¹ í *töflu*² í *töflugagnasafni*, notaður til þess að fara á milli *lína*² í töflunni.

– cursor²

bendilorð hk.

(í *stiklutexta*) *Texti* sem er auðkenndur og hefur fyrir framan sig ílagssvæði fyrir einn *staf*.

· Ílagssvæðið sýnir að þarna er *tengill*³ sem vísar á texta.

sh. *smelliorð*

– reference phrase, hypertext reference phrase

bendilstjórnun kv.

(í *skjárítum*) Sú aðgerð að flytja *bendil*¹ um *skjá*.

- Aðgerðin getur verið fólgin í því að nota *hnitil*, styðja á *stefnuhnapp* eða gefa viðeigandi *skipun*².

– cursor control

bendir¹ kk.

(í *skipulagi gagna*) *Gagnastak*¹ sem sýnir hvar annað *gagnastak* er.

– pointer¹

bendir² kk.

(í *tölvuteiknun*) Tákn sem er *birt*¹ á *skjá* og notandi getur hreyft með *benditæki*, t.d. *mús*, til þess að velja atriði.

– pointer²

bendir³ kk.

(í *forritunarmálum*) *Gagnahlutur* sem gegnir því hlutverki að *gagnagildi* hans er *vistfang* annars *gagnahlutar*.

– pointer³

bendistag hk.

Gagnatag þar sem hvert tilvik er *bendir*³.

sh. *aðgangstag*

– pointer type, access type²

benditæki hk.

Tæki, notað til þess að hreyfa *tákn* eða *bendil*¹ á *skjá*.

Dæmi: *Mús*, *stýrikúla*, *leikvölur*.

– pointing device

bendukóti kk.

Niðrandi heiti á *forritun* sem er óþarflega flækt, sérstaklega *forritunarkóta* þar sem oft eru notuð *leiðaskil* milli mismunandi hluta kótans.

– spaghetti code

bera saman

Athuga tvö atriði til þess að ákvarða hvort þau eru eins eða ákvarða hlutfallslega stærð þeirra, hlutfallslega stöðu í *röð* eða *runu*, eða hvort þau eru eins með tilliti til annarra eiginleika.

- Atriðin geta t.d. verið *breytur*¹ eða *skrár*.

– compare

berstaða kv.

Hugsanleg *vásetning*, tengd *árás* sem hagnýtir sér tiltekna *veilu*.

– exposure

berstæður lo.

– exposed

besta so.

– optimize

bestuleiðarleit kv.

Leit þar sem við hvert skref eru metnar allar hugsanlegar leiðir í átt að markmiðinu út frá fyrir fram ákveðnum forsendum og besta leitarleiðin valin á grundvelli þessa mats.

– best-first search

bestun kv.

– optimizing

beta-próf hk.

(í hugbúnaðarþróun) Síðara stigs *prófun*.

– beta test

beta-útgáfa kv.

– beta version

betrumbót kv.

sh. *endurbót*

– enhancement

betrumbætt hnappaborð

Hnappaborð fyrir *einmenningstölvu* með 101 eða 102 *hnöppum*, *aðgerðarhnöppum* í röð efst á hnappaborðinu, *talnaskika* til hægri við *stafhnappa* og *stefnuhnöppum* á milli stafhnappa og talnaskika.

sh. *endurbætt hnappaborð*

– enhanced keyboard

betrumbætt nafngift

sh. *endurbætt nafngift*

– enhanced naming

betrumbættur geisladiskur

*Geisladiskur*¹, sniðinn þannig að unnt er að spila diskinn hvort heldur á geislaspilara eða margmiðlunarspilara.

sh. *endurbættur geisladiskur*

– enhanced CD

betrunganet hk.

Tauganet þar sem allir *gervitaugungar* með *flag* yfir meðallagi geta verið virkir áfram.

- Í betrunganeti er notað einhvers konar *samkeppnisnám*.

– winner-takes-more network

BGP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ fyrir *gáttarhýsitölvur* í *neti sjálfstýrðra kerfa* til að skiptast á *upplýsingum*¹ um *beiningu*.

– border gateway protocol, BGP

biðfæra so.

Flytja *gögn* í *ytri geymslu* og nota hana sem *biðminni* til að draga úr töfum í vinnslu við flutning milli *fylgítækja* og *gjörva*.

- Enska orðið „spool“ er *stytting* á „Simultaneous Peripheral Operations On-Line“.

– spool

biðfærsla kv.

Það að *biðfæra*.

– spooling

biðgreiðslukort hk.

sh. *kreditkort*

– credit card

biðhamur kk.

– standby mode

biðlaraugbúnaður kk.

– client software

biðlarastefja kv.

Lítið *verkforrit* sem gegnir sérstöku hlutverki og er *keyrt* í biðlaratölvu og hlaðið frá *þjóni*¹ samkvæmt beiðni.

- Biðlarastefja er oft notuð fyrir *myndlífgun* eða til að líta eftir aðkomnum *gögnum*.

– applet

biðlaraþjónustu- fl.

(um samskiptaaðferð í *dreifvinnslu*) Þar sem *biðlari*¹ í tilteknum *hnúti*¹ fær *þjónustu*¹ hjá *þjóni*¹ í öðrum *hnúti*.

– client-server, client/server

biðlaraþjónustutækni kv.

– client-server technology

biðlari¹ kk.

Búnaðareining sem fær *þjónustu*¹ frá *þjóni*¹ sem hún deilir með öðrum búnaðareiningum.

- Hluti þjónustunnar getur verið *sérnota* þjónusta frekar en sameiginleg þjónusta.

– client¹

biðlari² kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Tag*, *klasi*⁴ eða *þáttur* sem biður um *þjónustu*¹ frá öðru tagi, klasa eða þætti.

- Sjá einnig *birgir*.

– client²

biðlisti kk. → *biðröð***biðminni** hk.

Sérhæfð *geymsla*¹ eða svæði í geymslu, notað sem bráðabirgðageymsla svo að flytja megi *gögn* milli tveggja *búnaðareininga* með mismunandi flutnings-eiginleika.

- Biðminni er notað þegar flytja á gögn milli tækja sem ekki eru *samstillt*, hafa ólíkan flutningshraða eða eru gerð fyrir mismunandi flutning, annað fyrir *raðsendingu* en hitt fyrir *samhliða sendingu*.

– buffer storage, buffer

biðraðafraði kv.

– queueing theory

biðraðar- fl.

Sem lýtur að *biðröð*.

- Sjá einnig *troðraðar-*.

– FIFO

biðraðargeymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem *gögnum* er raðað þannig að það *gagnastak*¹ er hverju sinni tiltækt sem lengst hefur verið í geymslunni. Það sem kom fyrst inn fer fyrst út.

– pushup storage

biðröð kv.

Listi sem er þannig gerður og haldið við

að næsta stak sem á að heimta sé það sem fyrst var *geymt*¹.

- Þessari aðferð má lýsa með orðunum: „kemur fyrst, fer fyrst“. Eða á ensku: „first-in-first-out“, skammstafað FIFO.

sh. *biðlisti*

– queue, pushup list

biðröðun skeyta

– message queueing

biðsetning kv.

Einföld setning, notuð til þess að stöðva um stundarsakir *inningu verkeiningar* sem felur í sér beiðni um frestun.

sh. *tafarsetning*

– delay statement

biðsprengja kv.

Spilliforrit sem veldur skaða á *gagnavinnslukerfi* þegar tiltekna aðstæður í kerfinu ræsa forritið.

– logic bomb, slag code

biðstaða kv.

– wait state

biðstöð kv.

(í *beinu sambandi* eða *greiðusambandi* með *greinastýringu í grunnhætti*) Sérhver *almenn stöð* sem bíður eftir að vera *boðið færi* eða verða valin.

– passive station

biðtími kk.

Sá tími sem líður frá því að *stýriverk tölvu* bíður um *gögn* þangað til byrjað er að flytja þau.

– latency, waiting time

biðvistaður lo.

Sem hefur verið *vistaður* í *biðminni*.

– buffered

bikar kk.

Leturhjól, í laginu líkt og fingurbjörg eða bikar, þar sem leturstafir eru í tveimur röðum á barmi bikarsins.

– thimble

bil hk. → *bilstafur*

bilanatíðni kv.

Fjöldi skipta sem búnaður verður fyrir

bilun á tilteknu tímabili og við tiltekin skilyrði deilt með lengd þessa tímabils.

– failure rate

bilhnappur kk. → *bilstöng*

bilmælir kk.

Tæki sem sendir frá sér *merki*² um *rof* með tilteknu millibili.

– interval timer

bilstafur kk.

Stafur sem veldur því að prentun eða *birting* færast fram um eitt sæti í *línunni*¹ án þess að þar sé settur *ritstafur*¹.

- Bilstaf er lýst í stöðlunum ISO/IEC 10646-1, ISO 4873 og ISO 6937-1.

sh. *bil*

– space character

bilstöng kv.

Ílangur *hnappur* sem sendir *bilstaf*.

sh. *bilhnappur*

– space bar, blank space key

bilun kv.

Það að búnaður hættir að geta starfað eins og til er ætlast.

– failure

bilunartraustur lo.

(í *tölvuöryggi*) Sem er þannig að komist er hjá *vásetningu* þó að *bilun* verði.

– failsafe

bilunartraustur rekstur

Starfsemi *gagnavinnslukerfis* sem er þannig að litlar líkur eru á að tækjabúnaður eyðileggist eða skemmist eða starfsfólk hljóti skaða af þótt einn hluti kerfisins bili.

– failsafe operation

binda¹ so.

Festa *nefni* við annan hlut í *forriti*.

Dæmi: (1) Festa nefni við *gildi*, *vistfang* eða *annað nefni*. (2) Tengja *formstika* samsvarandi *raunstikum*.

– bind¹

binda² so.

Tengja *eiginlegt vistfang*, *sýndarvistfang* eða *tækisnefni* við *táknrænt vistfang* eða *merki*³ í *forriti*.

– bind²

binding kv.

Það að festa *nefni* við annan hlut í *forriti*.

– binding

bindingarstund kv.

Sú stund þegar *binding* fer fram.

· Í *forritunarmálum*, sem eru hönnuð bæði fyrir hraðvirka og sveigjanlega *inningu*, má velja bindingarstund á margvíslegan hátt. Þetta á m.a. við *Ada*, *PL/I* og *C++*.

– binding time

birgir kk.

– supplier

birt efni

Gögn sem eru *birt*¹.

sh. *birti*

– display²

birta¹ so.

(um *gögn*) Gera sýnilegan.

– display³

birta² kv.

Eiginleiki mannlegrar sjónrænnar skynjunar sem greinir hvort ljósgjafi sendir frá sér mikið eða lítið ljós.

· Birtu má ekki rugla saman við *ljóma*.

sh. *skærleiki*

– brightness

birti hk. → birt efni**birting kv.**

Það að *birta*¹ *gögn*.

– display¹

birting stoðmyndar

Birting stoðmyndar.

– form flash

birtingarbiðminni hk.

Biðminni sem geymir *birtingarlista* eða *birtingarforrit* fyrir *vigrabirti*.

– display buffer memory

birtingarforrit hk.

(í *hnitateiknun*) *Listi* yfir *birtingarskipanir* sem búa til mynd.

– display program

birtingargjörvi kk.

Gjörvi sem breytir *birtingarskipunum* í spennugildi sem eru send til *myndlampa*.

– display processor

birtingarhamur kk.

– display mode

birtingarlisti kk.

(í *hnitateiknun*) *Listi* yfir hnit sem lýsa *vigrum* sem tiltekin *mynd*¹ er gerð úr.

– display list

birtingarskipun kv.

*Skipun*² sem stjórnar stöðu eða athöfnunum *birtis*.

– display command, display instruction

birtir kk.

Frálagstæki sem *birtir*¹ *gögn*.

· Venjulega eru gögn birt til bráðabirgða, en unnt er að gera ráðstafanir til þess að fá *prentrit*.

sh. *birtitæki*

– display device, display⁴

birtirými hk.

Hluti *tækisrýmis* sem samsvarar því svæði sem nota má til *birtingar* mynda.

– display space, operating space

birtitæki hk. → birtir**birtubrigði hk. ft.**

Sjónræn blekking sem veldur því að *svæði*³ *myndar*² virðist vera ljósara eða dekkra en það er, eftir því hve mikil *birtan*² umhverfis það er.

– simultaneous contrast

birtuskil hk. ft.

Munur á *birtu*² milli ljósra og dökkra svæða *myndar*².

· Birtuskilum er venjulega lýst með *hlutfalli birtuútgilda*.

– contrast

birtuskilaherping kv.

Aðgerð í *myndbót*, fólgin í því að deilt er í hvern *díl* með stuðli sem er háður gildi *dílsins*.

– contrast shrinking

birtuskilaskerping kv.

Aðgerð í myndvinnslu sem bætir *birtuskil myndar*².

– contrast enhancement

birtuskilasvörun kv.

Mælikvarði á *sundurgreiningarhæfni sjónkerfis*.

· Birtuskilasvörun sýnir styrksvörun kerfis samkvæmt *línutíðni* rétthyrndrar bylgju.

– contrast transfer function, CTF

birtuskilateyging kv.

Aðgerð við *myndbót*, fólgin í því að hver *díll* er margfaldaður með stuðli sem er háður gildi dílsins.

– contrast stretching

birtusmit hk.

(í *tölvusjón*) Það að *svæði*³ í mynd² klínast út þar sem sú *birta*² sem greinist er óhófllega mikil fyrir viðtökueininguna.

· Birtusmit verður vegna rafrænnar mengunar frá björtum *dílum* í grennd *svæðisins*.

– blooming

birtustilling kv.

Aðgerð við *myndbót*, fólgin í því að leggja tiltekna *birtu*² við alla *díla* í mynd² eða draga tiltekna *birtu* frá öllum *dílum* í myndinni.

– brightness sliding

bitabundnar samskiptareglur

*Samskiptareglur*¹ *gagnagreinar* þar sem stýriaðgerðir hennar eru tilteknar á sérstökum stöðum í *rammanum*¹ þannig að unnt sé að *flytja gögn* notanda sem *runu* af *bitum* sem breytast ekki í sendingunni.

Dæmi: *HDLC*-samskiptareglurnar.

– bit-oriented protocol

bitaflutningslag hk.

*Lag*¹ þar sem fyrir hendi er einhvers konar búnaður til þess að koma á sambandi, halda þessu sambandi og losa það til þess að flytja *bita* um *flutnings-*

miðil.

sh. *raunlag*, *eðlislag*

– physical layer

bitahít kv.

· Úr götumáli tölvunotenda.

– bit bucket

bitahnupl hk.

Taka *bita* til annarrar notkunar en honum var áður ætluð.

– bit robbing

bitahraði kk.

Sá hraði sem *bitar* eru *fluttir* á.

· Bitahraði er venjulega gefinn í bitum á sekúndu, kílóbitum á sekúndu, megabitum á sekúndu o.s.frv.

– bit rate

bitar á sekúndu

Mælieining *flutningshraða*¹ *gagna* í *raðsendingu*.

· Á ensku er *skammstöfunin* stundum rituð „BPS“ eða „Bps“ og er þá hætta á ruglingi við heitið *bæti á sekúndu*. Einnig kemur fyrir að „bps“ sé notað um bæti á sekúndu, en það ber að varast.

– bps, bits per second

bitar á þumlung

Mælikvarði á *bitaþéttleika*, tilgreindur sem fjöldi *bita* á þumlung á *rás*¹, t.d. á *segulbandi*.

· Á ensku er *skammstöfunin* stundum rituð „BPI“ eða „Bpi“ og er þá hætta á ruglingi við heitið *bæti á þumlung*. Einnig kemur fyrir að „bpi“ sé notað um bæti á þumlung, en það ber að varast.

– bpi, bits per inch

bitastraumur kk.

– bit stream

bitastrengur kk.

Strengur sem er aðeins gerður úr *bitum*.

– bit string

bitasæti hk.

*Sæti*² *bita* í orði þegar það er sett fram í *tvíundarritun*.

– bit position

bitatala kv.

· Þetta hugtak vísar til aukinnar nákvæmni með auknum fjölda *bita*.

– bit depth

bitatróð hk.

– bit stuffing

bitapéttleiki kk.

Fjöldi *bita* sem er skráður á lengdar- eða flatarmálseiningu.

– bit density, recording density

biti kk.

Annar hvor *tölustafanna* 0 og 1 þegar þeir eru notaðir í *tvíundakerfinu*.

· Enska orðið „bit“ er *stytting* á „binary digit“.

sh. *b*, *tvíundatölustafur*

– bit, b, binary digit

bjagaskökkja kv.

Skekka sem hlýst af *bjaga*.

Dæmi: (1) *Skekka* sem hlýst af *stýfingu*¹ í reikningi. (2) *Skekka* sem hlýst af því að málband hefur hlaupið.

sh. *vilhöll skekkja*, *vilhallaskökkja*

– bias error

bjagi kk.

Kerfisbundið frávik gildis frá viðmiðunargildi.

sh. *vilhalli*, *hlutdrægni*

– bias

bjóða færi

Bjóða *gagnastöðvum* að senda, einni í einu.

– poll

bjögun kv.

Óæskileg breyting sem verður á lögun *myndar*² eða bylgju miðað við upprunalegan *hlut*³ eða *merki*².

– distortion

bjöllustafur kk.

Stýristafur, notaður þegar nauðsynlegt er að vekja athygli á einhverju.

· Bjöllustafur getur sett af stað viðvör- unarbjöllu eða annan álíka búnað.

– bell character, BEL

?**blað** hk. → *sneið*²

blágeisladiskur kk.

Ljósminni sem var hannað til þess að taka við af *stafrænum mynddiskum* og gert sérstaklega til þess að geta skráð, endurskráð og sýnt háskerpukvikmyndir og einnig *geymt*² mikið af *gögnum*.

– Blu-ray Disk, BD, Blu-ray

bláskjár dauðans

· Sjá einnig *blásprengrja*.

– blue screen of death

blásprengrja kv.

· Lýtur að hrekkjum á *lýðnetinu* sem birtast í því að *Windows-stýrikerfið* hrynur og tölvuskjáriinn verður blár með hvítum texta.

– blue bomb

blátannartækni kv. → *blátönn***blátönn** kv.

Tiltekin *þráðlaus* tækni, kennd við Harald konung blátönn.

sh. *blátannartækni*

– Bluetooth

blekborði kk.

Borði, vættur í bleki og notaður í *frálagstæki*.

– inked ribbon

blekdæluprentari kk.

Högglaus prentari þar sem *stafir* eru búnir til með því að sprauta blekdropum á pappír.

sh. *bleksprautuprentari*

– ink-jet printer

bleksprautuprentari kk. → *blekdæluprentari***blekun** kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að búa til línu með því að draga *hnít*l yfir *skjá* og skilja eftir rák líkt og þegar teiknuð er lína með penna á blað.

– inking

blendingsmál hk.

Sambland af *máleinungum forritunarmáls* og *náttúrlegs tungumáls*, sem *tölva* þarf ekki að geta unnið úr en er

ætlað til þess að auðvelda mönnum að skilja hönnun *forrits*.

- Setningar á blendingsmáli líkjast oft setningum á náttúrlegu tungumáli.

Dæmi:

EF gögnin berast hraðar en búist var við

ÞÁ skal sleppa þriðja hverju ílagi ANNARS vinna úr öllum gögnum sem borist hafa.

LOKEF.

- pseudocode

blendingsnet hk.

(í *netskipan*¹) *Net* sem er blendingur af *stjórnuneti* og einu eða fleiri *hringnetum* og líkist kóngulóarvef.

- Í blendingsneti eru þrír flokkar *hnúta*¹. Í einum er miðlæg stjarna með tiltekinn fjölda *leggja*. Í öðrum eru hnútar á tilteknum fjölda innri hringja með fjóra leggi hver. Í hinum þriðja er jaðarhringur.
- Blendingsnet er unnt að stækka í fleiri víddir.

sh. *köngurnet*

- spidernet

blendingssafn hk.

- Í slíku safni getur verið fleira en bækur.

- hybrid library

blendingsstefja kv.

Verkforrit sem sameinar eiginleika almennrar *stefju*¹ og *sérhæfðrar stefju*.

- hybrid application, hybrid app

blendingstölva kv.

Tölva þar sem þættir *flaumrænnar tölvu* og *stafrænnar tölvu* eru sameinaðir með samtengingu *flaumgervla* og *stafgervla*.

- Blendingstölva getur notað eða búið til *flaumræn gögn* og *stakræn gögn*.

- hybrid computer

blikk hk.

Háttbundin breyting á ljósstyrk einnar eða fleiri *myndeininga*.

- blinking

blikka so.

(um *myndeiningu*) Lýsast og dofna háttbundið á víxl.

- blink, flash

blindfelluskil hk. ft.

Sameiginlegt *viðmót* tveggja tengdra *forrita*, sem falla svo vel hvort að öðru að þau virðast vera eitt forrit.

- seamless interface

blindrabirtir kk.

Tæki fyrir blindna, venjulega tengt við *hnappaborð tölvu*.

- Braille display

blindrahæf skrá

Skrá með sérstöku *sniði*³ fyrir *blindrabirti*.

- Slík skrá hefur venjulega *nafnaukann* „brf“.

- Braille-ready file

blindsvæði hk.

Svæði í *mynd*² sem sýnir ekki tiltekinn hluta *vangs* vegna þess að *hlutur*³ sem er fyrir utan vanginn byrgir sjónleið milli þess hluta vangsins og skoðunartækis.

- occlusion

blindun kv.

Það að gera myndtæki ónæmt með því að lýsa á það með sterku ljósi.

- blinding

blogg hk.

Það sem *bloggað* er.

sh. *raus*¹, *vefraus*, *vefleiðari*

- blog¹, weblog

blogga so.

sh. *rausa*

- blog²

bloggari kk.

Sá sem *bloggar*.

sh. *rausari*

- blogger

bloggun kv.

Það að *blogga*.

sh. *raus*²

- blogging

blokk¹ kv. → *báلكur*¹

blokk² kv. → *báلكur*²

blokk³ kv. → *báلكur*³

blokkaprófun kv. → *báلكaprófun*

blokkarsetning kv. → *báلكsetning*

blönduð teiknun

Tölvuteiknun þar sem bæði er fengist við *texta* og *myndir*¹.

– mixed graphics

boð hk.

(í *forritunarmálum*) Beiðni um að *hlutur*² framkvæmi eina af *aðgerðum*¹ sínum.

– message¹

boðrás kv.

Búnaður sem sér um að flytja *gögn* milli *innra minnis* og *fylgitækja*.

sh. *samskiptarás*

– input-output channel

boðvísir kk.

– message waiting indicator

Boltzmannsvél kv.

(í *tauganetum*)

– Boltzmann machine

Boole-aðgerð kv.

*Aðgerð*¹ sem hlítir reglum Boole-algebru.

– Boolean operation¹, ?binary operation⁴

Boole-aðgerðartafla kv.

Aðgerðartafla þar sem sérhver *þolandi* og *útkoman* tekur annað af tveimur hugsanlegum gildum.

– Boolean operation table

Boole-fall hk.

Fall þar sem hver frumbreyta, svo og fallið sjálf, getur aðeins tekið tvö gildi.

– Boolean function

Boole-segð kv.

Máleining sem skilgreinir Boole-reikning.

– Boolean expression

Boole-virki kk.

Virki sem er þannig að sérhver *þolandi* hans, svo og *útkoman*, geta tekið tvö

ólík gildi.

– Boolean operator

borðablinda kv.

– banner blindness

borðablindur lo.

– banner-blind

borði kk.

Auglýsing á réttthyrndu svæði sem birtist á *vefsetri* fyrir ofan, neðan eða til hliðar við aðalefni vefsetursins og hefur *tengi*³ í vefsetur auglýsandans.

– banner

borðreiknivél kv.

Reiknivél, sérstaklega hönnuð til þess að nota á borði.

– desktop calculator

borðtölva kv.

– desktop computer

borgarnet hk.

Net til þess að tengja saman *staðarnet* sem eru á landsvæði sömu borgar.

· Flutningshraði í borgarneti er venjulega meiri en í samtengdu netunum. Það nær yfir mörk stjórnsýslusvæða og gerir ráð fyrir nokkrum *aðgangsaðferðum*.

– metropolitan area network, MAN

bot hk.

Mælieining fyrir *mótunarhraða*, jöfn fjölda *merkjastaka* á sekúndu þar sem öll slík stök eru jafnlöng og hvert stak stendur fyrir einn eða fleiri *bita*.

· Fyrir sum *mótöld* sem starfa við hraða sem er 1200 bitar/s eða meiri er mótunarhraðinn, gefinn í botum, venjulega minni en *bitahraðinn* af því að fleiri en einn biti flytjast með hverju merkjastaki. „Bot“ er lagað eftir enska orðinu „baud“ sem dregið er af nafni franska uppfinningamannsins Baudot.

– baud

Bourne-skel kv.

Upprunalega *skelin*¹ í *Unix*.

– Bourne shell

bókmerki hk.

(í *stiklumiðlun*) Merki sem er tiltekið af notanda og auðveldar aðgang¹ að tiltekinni *stiklu*¹.

– bookmark

bókmerkjagátt kv.

– bookmark management site, bookmark portal

bókstafakótað mengi

Kótamengi þar sem stökin eru fengin úr *bókstafamengi*.

– alphabetic code element set, alphabetic code set

bókstafakóti kk.

Kótunarregla sem leiðir af sér *bókstafakótað mengi* þegar hún er notuð.

– alphabetic code

bókstafalás kk.

Hnappur, notaður til þess að velja *bókstafi* af hnöppum sem merktir eru tveimur *stöfum*.

· Valið gildir uns aftur er stutt á hnappinn.

– alpha lock

bókstafamengi hk.

Stafamengi sem í eru *bókstafir*, og e.t.v. *sérstafir*, en ekki *tölustafir*.

– alphabetic character set

bókstafaorð hk.

Orð sem í eru *stafir* úr einu *bókstafamengi*.

– alphabetic word

bókstafastrengur kk.

Strengur sem er aðeins gerður úr *bókstöfum* úr einu *stafrófi*.

– alphabetic string

bókstafshnappur kk.

Hnappur, merktur *bókstaf*.

– alphabetic key

bókstafur kk.

*Ritstafur*¹ sem stendur einn eða með öðrum fyrir eitt eða fleiri *hugtök* í ritmáli eða eitt eða fleiri *hljóð* í talmáli.

· Hvorki lengdar- og áherslumerki sem standa ein né greinarmerki teljast

vera *bókstafir*.

– letter, alphabetic character

bóluminni hk. → *segulbóluminni***bólurit** hk.

Mynd þar sem atriði eru sett fram sem hringir (bólur) og vensl milli þeirra sem leggir, teiknaðir á milli hringjanna.

– bubble chart

bót kv.

Bútur af *kóta*² sem er settur í viðfangseiningu eða *hleðslueiningu* án þess að *smala* eða *vistþýða frumforritið* að nýju.

· Bót er ætluð sem viðgerð til bráðabirgða.

– patch¹

bragðarefur kk.

(í *tölvuöryggi*) Sá sem beitir *bragðvísi*.

– social engineer

bragðvísi kv.

(í *tölvuöryggi*) Beiting bragða í mannlegum samskiptum til að fá tölvunotanda til að slaka á öryggiskröfum eða brjóta öryggisreglur.

· Oft er höfðað til hjálpsemi þess sem fyrir verður eða veikleika hans, svo sem græðgi eða óheiðarleika.

– social engineering

brakmerki hk.

*Merki*² í *tókabrautarneti* eða *tókahringsneti* sem sýnir að verið sé að senda á *flutningsmiðlinum* án þess að gildur *rammi*¹ hafi komist á leiðarenda.

– noise burst signal

braut¹ kv. → *tengibraut***braut**² kv.

Nokkrar *rásir*¹ á *segultrumbu* eða *seguldiski* sem *lesið* er af eða *skrifað* á samhliða.

– band

braut³ kv.

*Leið*² í *örvóttu neti* þar sem unnt er að fara í rétta stefnu frá upphafshnútt til lokahnúts eftir *örvum* leiðarinnar.

– directed path

braut⁴ kv. → *rein*¹

brautarhorf hk. → *brautarskipan*

brautarnet hk.

Staðarnet þar sem aðeins ein leið² er milli hverra tveggja *gagnastöðva* og allar stöðvar á sama *flutningsmiðli* hafa aðgang¹ að *gögnum* sem hver stöðvanna sem vera skal *sendir*.

· Brautarnet getur verið *greiðunet*, *stjörmunet* eða *hríslunet*.

– bus network

brautarskipan kv.

*Netskipan*¹ þar sem allir *hnútar*¹ eru tengdir saman með sameiginlegum *flutningsmiðli*.

· *Leggirnir* eru í senn aðgangsléiðir að sameiginlega miðlinum og miðillinn sjálfur.

sh. *brautarhorf*

– bus topology

brautartími¹ kk.

Sá tími sem það tekur *merki*² að fara eina umferð um *hringnet*.

· Brautartíminn er sá tími sem það tekur merki að fara um flutningsmiðil hringnetsins, þar með talda *notendastrengi* og allar *gagnastöðvar* í netinu.

sh. *hringferðartími*

– ring latency

brautartími² kk.

Tvöfaldur sá tími sem það tekur *bita* að fara á milli þeirra tveggja *gagnastöðva* í *brautarneti* sem lengst er á milli.

· Í neti þar sem notuð er *burðarbylgju-skyngjun* verður hver *rammi*¹ að vera nógu langur til að sendistöðin geti greint *árekstur*¹ eða *árekstrarmerki* á meðan verið er að senda rammann. Brautartíminn ákvarðar því minnstu stærð ramma.

– round-trip propagation time

bráðabirgðaleiðrétting kv. → *bráðabót*

bráðabót kv.

Bráðabirgðaviðgerð vegna villu í *forriti*.

sh. *bráðabirgðaleiðrétting*

– program temporary fix, PTF

bráðahamur kk.

– immediate mode

bregðast við frábrigði

Grípa til beinna aðgerða þegar *frábrigði* verður.

· Venjulega tekur *frábrigðissýslari* við stjórn.

– handle an exception

breiðband hk.

Tíðnisvið, notað fyrir verkefni sem þurfa vítt tíðnibil.

· Breiðbandinu má skipta í nokkur mjórri svið, og er þá unnt að nota hvert svið í mismunandi tilgangi eða gera það tiltækt ólíkum notendum.

– broadband, wideband

breiðbandsborgarnet hk.

– broadband metropolitan area network, BMAN

breiðbandsgrunnnet hk.

– broadband backbone network

breiðbandsnet hk. → *staðarnet á breiðbandi*

breiðbandsrás kv.

Sendirás fyrir *gögn* sem nær yfir 6 MHz.

– broadband channel

breiðrás kv.

Mengi tveggja eða fleiri grannstæðra *rása*¹ þar sem sömu *gögn* eru *skrifuð* á *diskling*¹.

· Það að skrifa breiðrás er þáttur í *afritunarvörn*.

– wide track

brensla so.

Umskrá *stafrænt merki* í stafrænt gervislembimerki með sömu merkingu og sama *bitahraða* til þess að auðvelda flutning eða skráningu.

· Með brenslun er komist hjá vanda málum sem fylgja því að senda langar *runur* af „1“ eða „0“.

sh. *rugla*

– scramble

brenslari kk.

Tæki sem byltir eða umsnýr *merkjum*² eða *kótar* á annan hátt send boð til þess að gera þau óskiljanleg viðtakanda sem ekki hefur afbrenslunartæki, stillt á við-eigandi hátt.

sh. *ruglari*

– scrambler

brennimynd kv.

*Mynd*² sem helst eftir að skilyrði hafa breyst og myndin ætti ekki lengur að vera til.

– retained image, burned-in image

brennistilla so. → *skarpstilla***breyta**¹ kv.

Heiti sem stendur fyrir gildi eða fyrirbæri sem er óákveðið innan tiltekinnar marka uns það er ákveðið í tilteknu viðfangsefni.

– variable¹

breyta² kv.

(í *forritun*) Fjórþætt fyrirbæri sem er annaðhvort skilgreint sérstaklega eða með *ífólginni skilgreiningu* og er gert úr *nefni*, *eigindum*¹, einu eða fleiri *vistföngum* og *gagnagildum* þar sem vensl milli vistfanga og gagnagilda geta verið breytileg.

· Í sumum *forritunarmálum* geta vistföng verið breytileg og þess vegna einnig gagnagildi. Í öðrum *forritunarmálum* breytast vistföng ekki en gagnagildi breytast meðan á *inningu* stendur.

– variable²

breyta stærð

Breyta stikum, hnitum eða fyrirferð eininga á *myndfleti*.

– resize

breytanleiki kk.

Mælikvarði á það hversu auðvelt er að breyta *forriti*.

– modifiability

breytidembing kv.

Dembing úr *geymsluhólfum* þar sem *gögn* hafa breyst á tilteknu tímabili.

– change dump

breytigymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem *skrifa* má ný *gögn* aftur og aftur á sama *geymslustað*.

– erasable storage

breytileg færsla

*Færsla*¹ sem hefur *breytilegan hluta*.

· Í færslunni geta verið *aðgreinar* sem vísa á *gagnatög* í *breytilega hlutanum*.

– variant record

breytilegt færslutag

Færslutag sem hefur *breytilegan hluta* þar sem tilteknir eru aðrir *listar* yfir þætti.

– variant record type

breytilegur hluti

Hluti *færslu*¹, gerður úr *gagnahlutum* með *gagnaskipan* eða *gagnatög* sem geta verið breytileg.

· Fjöldi gagnahluta getur verið breytilegur og einnig getur samsetning þeirra verið breytileg.

– variant part

breytilengdarfærsla kv. → *mislengdarfærsla***breytímiðunarskráning** kv.

Viðmiðunarlaus skráning þar sem 0 er sett fram með tilteknu seglunarmynstri og 1 með öðru mynstri. Seglunarmynstrið breytist aðeins þegar gildið, sem setja á fram, breytist.

· Mynstrin tvö geta verið mettnun og engin seglun en eru þó oftast mettnun í gagnstæðar áttir.

– non-return-to-zero change recording, NRZC, non-return-to-zero recording², NRZ²

breytímiðunarskráning á einum

Viðmiðunarlaus skráning þar sem 1 er settur fram með breytingu á seglunarmynstri og 0 er sett fram með því að

seglunarmynstur breytist ekki.

- non-return-to-zero change-on-ones recording, NRZ-1, non-return-to-zero mark recording, NRZM, non-return-to-zero recording³, NRZ³

breytимиðunarskráning á núlli

Viðmiðunarlausa skráning þar sem 0 er sett fram með breytingu á seglunarmynstri og 1 er settur fram með því að seglunarmynstur breytist ekki.

- non-return-to-zero change-on-zeros recording, NRZ-0

breyting kv.

(í gagnasafni) Það að skjóta inn, eyða eða breyta færslu² eða línu² í gagnasafni eða breyta aðild að mengi eða röklegum venslum¹.

- altering, modification

breytiskipun kv.

Ritvinnuskipun, notuð til þess að setja nýjan stafastreng í stað annars stafastrengs í skráðum texta.

- change command

breytispil hk.

Víxlverkun breytinga á lögun, lit eða öðrum eiginleikum hluta sem sjást á birtri¹ mynd.

- update dynamics

breyturakningur kk.

Skrá yfir heiti og gildi á breytum² sem eru sóttar¹ eða breytt á meðan forrit er innt.

sh. *gagnarakningur*

- variable trace, data-flow trace, data trace

bréfasími kk.

Búnaður til þess að símsenda myndir af síðum.

sh. *bréfsími*

- fax machine, facsimile machine, fax equipment

bréflöndun kv.

(í ritvinnslu) Skjalblöndun með því að fella bréfstofn saman við nöfn og heimilisföng viðtakenda, skráðra á tiltekinn

lista.

- mail merge, mail merging

bréfsímamótald hk.

Búnaður fyrir einmenningstölvu sem sameinar hlutverk bréfasíma og mótalds.

- fax modem

bréfsímaspjald hk.

Spjald sem gegnir hlutverki bréfsíma-mótalds og er sett í einmenningstölvu.

- fax board

bréfsími kk. → bréfasími

bréfstofn kk.

Bréf sem í er staðlaður texti, geymdur² á gagnamiðli, og unnt er að ljá persónulegan blæ með því að bæta við upplýsingum¹, t.d. nöfnum og heimilisföngum eins eða fleiri viðtakenda.

- form letter

brigðgengur lo.

(um ferli¹ eða vél) Sem er þannig að ástand á hverju andartaki ákvarðar ekki einrætt næsta ástand.

- nondeterministic

brjóstletraður lo.

(um texta) Sem er ritaður ofar í línu¹ en annar texti, venjulega með smærra lettri. sh. *hástaður*

- superscript², superscripted

brjóstletur hk.

(um texta) Letur þar sem texti er ritaður ofar í línu¹ en annar texti.

- Brjóstletur er venjulega smærra en aðalletrið.

- Sjá einnig *hnéletur*.

- superscript³

brjóstvitsaðferð kv.

Aðferð til þess að leita fyrir sér um lausn verkefna með því að nota runu af nálgunarlausnum, sem fást t.d. með ágiskunum, og meta á hverju stigi hversu nálægt þær eru því að vera fullnægjandi.

- heuristic method, heuristic

brjóstvitsfræði kv.

– heuristics

brjóstvitsleit kv.

Aðferð við *lausn viðfangsefnis*, byggð á reynslu og dómgreind og beitt til þess að bæta skilvirkni leitar í því skyni að ná þolanlegri niðurstöðu án þess að tryggja sé að leitin takist.

– heuristic search

brjóstvitsregla kv.

Sérregla, samin til þess að reglubinda þá *þekkingu* og reynslu sem sérfræðingur notar til að leysa viðfangsefni.

– heuristic rule

brjóstvitssía kv.

Amasía sem notar *brjóstvitsaðferð* til þess að meta haus og efni viðtökuskeytis og meta líkindi þess að skeytið sé *amapóstur*.

– heuristic filter

brjóstvísir kk.

Stafur, venjulega ritaður með smærra lettri en aðrir stafir, settur ofar og til hliðar við annan staf.

sh. *hávísir*

– superscript¹, superscript character

broskarl kk. → brosmarki**brosmarki hk.**

(í tölvupósti og vefspjalli) *Runa* ritaðra *stafa* sem líkja eftir brosandi andliti á hlið, til dæmis þannig: :-)

sh. *broskarl*

– smiley

brot hk.

– fragment

brotamynd kv.

(í *tölvuteiknun*) Óregluleg form og greinótt mynstur sem líkja eftir raunverulegum formum, búin til með einföldum stærðfræðijöfnum.

– fractal

brotskil hk. ft.

Skil milli heiltöluhluta og brots í framsetningu tölu í *grunntalnakkerfi*.

– radix point

brottfelling skiptivísis

(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem fellir *skiptivísi* sjálfkrafa niður ef ekki þarf að skipta orðinu sem hann er hluti af.

– hyphen drop

bróðurflekkur kk.

(í *tölvusjón*) Einn tveggja eða fleiri *flekkja* sem eru *iflekkir* sama *umflekkis*.

Dæmi: Stjórnurnar í bláa réttthyrningnum á bandaríska fánanum eru bróðurflekkir.

– sibling

brú kv. → netabrá**brúarbeinir kk.**

*Hnútur*¹ sem getur sameinað starfsemi *netabráar* og *beinis*.

– router

bræðingsmynd kv.

*Mynd*¹, búin til með *myndbræðingu*.

– morph

bugðumæri hk. ft.

Mæri, mynduð af *runu* beinna lína og boga sem snertast.

– concurve

bundið bil → fastabil**bundið stafbil → fastabil****bunkablað hk.**

*Skjal*¹ sem fylgir og auðkennir bunka af ílagsskjölum og nota má til þess að *sannprófa* þau.

Dæmi: Skjal með reikningsjöfnuði, samanburðarsummum, *tætisummum* eða *prófsummum*.

– batch-header document

bunkaskrá kv.

– batch file

bunki kk.

– batch

burðarbylgja kv.

Bylgja með einkennisstærðum sem breyta má með *merki*².

· Bylgjan getur t.d. verið sínusbylgja.

– carrier

burðarbylgjuskynjun kv.

Það að *gagnastöð* í *staðarneti* fylgist

stöðugt með því hvort önnur stöð er að senda.

– carrier sense

búðanet hk.

Samtengd *staðarnet* sem ná yfir takmarkað svæði, t.d. háskólasvæði eða herbúðir.

– campus-area network, CAN³

búinn formstikum → *formstikaður*

búnaðarauki¹ kk. → *íauki*

búnaðarauki² kk. → *áauki*

búnaðareining kv.

Útbúnaður sem getur verið *vélbúnaður*, *hugbúnaður* eða hvort tveggja og ætlaður er til sérstakra nota.

– functional unit

búnaðargagnasafn hk.

(í *Windows*) *Gagnasafn stýrikerfisins* sem geymir *upplýsingar*¹ um búnað *tölvunnar*.

– registry

búnaðarritill kk.

(í *Windows*)

– registry editor

búnaðarskrá kv.

(í *Windows*)

– registry file

búnaður fyrir beint kall

(í *gagnaflutningsneti*) Búnaður sem gagnaflutningsnetið notar til þess að túlka kallmerki sem skipun um að koma á *sambandi*¹ við eina eða fleiri *gagna-stöðvar*, sem notandinn hefur áður tilnefnt. Með því losnar notandi við að gefa *valmerki* fyrir *vistfang* á meðan sambandi er komið á.

· Með þessum búnaði má velja stöð hraðar en venjulegt er. Ekki er þó um forgang að ræða. Vistföngum er úthlutað í umsaminn tíma.

– direct call facility

búta so.

Skipta *spönn breytu*¹ í endanlega mörg bil, sem skarast ekki og þurfa ekki að vera jafnlöng, og úthluta sérhverju bili

tilteknu gildi innan þess sjálfs.

Dæmi: Oft getur komið sér vel að búta aldur manns þannig að hver bútur verði 1 ár.

sh. *skammta*

– quantize

bútafölsun kv.

Árás sem felst í því að klippa bút úr *dulrituðum texta* og setja annan í staðinn.

– cut-and-paste attack

bútatalgerving kv.

Aðferð við *talgervingu*, fólgin í því að búa til boð með því að tengja vélgerðar eða fyrir fram skráðar taleiningar saman í röð.

· Vélgerðar taleiningar má fá með því að leggja saman bylgjur nokkurra yfirtóna þeirrar tónhæðar sem leitað er eftir og láta vægi hverrar bylgju ráðast af styrk samsvarandi yfirtóns. Fyrir fram skráðar taleiningar geta verið *hljóðön*, *skriðhljóð*, atkvæði, orð o.s.frv.

· Meiri útreikninga þarf í bútatalgervingu en *bylgjutalgervingu* þegar merkið er leikið til þess að endurgera *talmerkið*, en bútatalgerving þarf minni *geymslurýmnd* fyrir hvert boð.

– message concatenation synthesis

bylgjulengdarfléttun kv.

– wavelength-division multiplexing, WDM

bylgjutalgerving kv.

Einfaldasta aðferð við *talgervingu*, fólgin í því að skrá *talmerki*, annaðhvort í *stafrænu* eða *flaumrænu* formi, og leika þau síðan þegar kallað er á þau.

· Þessari aðferð geta fylgt tafir í sóknartíma. *Geymslurýmnd* skráningarmiðilsins getur einnig verið takmörkuð. *Gervitalið* sem er búið til með þessari aðferð er þó yfirleitt mjög gott.

– direct waveform synthesis

bylt skrá

Skrá þar sem *svæði*¹ af tilteknu *færslu*

tagi eru *geymd² samlæg* í stað þess að geyma heilar *færslur² samlægar*.

– transposed file

byrging¹ kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að koma í veg fyrir *birtingu* einnar eða fleiri *myndeininga*.

– blanking¹

byrging² kv.

Það að stöðva *sjóngagnamerki* í hluta skönnunnarrasta, venjulega þegar farið er frá hægri til vinstri í *skönnun*.

– blanking²

byrjunarmerki¹ hk.

Merki á *segulbandi* sem sýnir hvar skráningarsvæði hefst.

Dæmi: (1) Ræma sem endurkastar ljósi. (2) Gegnsær hluti segulbands.

– beginning-of-tape marker, BOT marker

byrjunarmerki² hk.

Merki² í *stöfunarsendingu*, sent á undan *staf* til þess að búa viðtökutæki undir að taka við *kótastökum*.

· Byrjunarmerki er eitt *merkjastak* sem varir venjulega eina tímaeiningu.

– start signal

byrjunarmerki eintaks

Kennimerki² sem auðkennir *eintak* og sýnir hvar í eintakinu gagnaskráning hefst.

– volume label, beginning-of-volume label, volume header

byrjunarmerki ramma

Tiltekið mynstur *bita* sem sýnir upphaf *ramma¹*.

– start-of-frame, frame start delimiter

byrjunarmerki skrár

Kennimerki², notað til þess að bera kennsl á *skrá* og sýna hvar hún er, auk þess að geyma *gögn* til þess að stjórna vinnslu skrárinnar.

– header label, HDR, beginning-of-file label

bæklingabúnaður kk.

– brochureware

bæta so. → *staga*

bætakóti kk.

– byte code

bæti hk.

Strengur með tilteknum fjölda *bita* sem farið er með sem eina heild og stendur venjulega fyrir *staf* eða hluta stafs.

· Fjöldi *bita* í *bæti* er fastur í hverju *gagnavinnslukerfi*.

· Fjöldi *bita* í *bæti* er venjulega 8.

sh. *B, tölvustafur*

– byte, B

bæti á sekúndu

Mælieining *flutningshraða¹ gagna* í *raðsendingu*.

· Á ensku er *skammstöfunin* stundum rituð „BPS“ eða „bps“ og er þá hættta á ruglingi við heitið *bitar á sekúndu*. Einnig kemur fyrir að „Bps“ sé notað um *bita* á sekúndu, en það ber að varast.

– Bps, bytes per second

bæti á þumlung

Mælikvarði á *gagnabéttleika*, tilgreindur sem fjöldi *bæta* á þumlung á *rás¹*, t.d. á *segulbandi*.

· Á ensku er *skammstöfunin* stundum rituð „BPI“ eða „bpi“ og er þá hættta á ruglingi við heitið *bitar á þumlung*. Einnig kemur fyrir að „Bpi“ sé notað um *bita* á þumlung, en það ber að varast.

– Bpi, bytes per inch

bæting kv. → *stag*

bætiormur kk.

Forrit sem kemur upp sjálfvirkri dreifingu á öryggisbótum um *tölvunet* vegna þekktra *veilna*.

· Bætiormur dreifist um tölvunet samkvæmt veldisfalli á sama hátt og *yrkisormar* og gerir það sem hann á að gera án vitundar eða samþykkis notandans með aðgerð sem kölluð er *óumbeðin niðurhleðsla*.

– ethical worm

böggun kv.

Það að raða *gögnum* saman í eina heild á hærra *skilningsstigi* í því skyni að

*geyma*² þau og *heimta* síðar.

– chunking

böggur kk. → *lús*

C

C

Heiti á *forritunarmáli* sem upphaflega var gert fyrir *Unix*-stýrikerfið.

· Í C eru bæði *skipanir*¹, líkar skipunum í *æðri forritunarmálum*, og skipanir sem líkjast *vélmálsskipunum*.

– C

C++

Heiti á *forritunarmáli*, gerðu fyrir *hlutbundna forritun*.

· C++ var þróað eftir forritunarmálinu C við rannsóknarstofnun Bell-fyrirtækisins árið 1986, einkum af Bjarne Stroustrup.

– C++

C-skel kv.

Tiltekin *skel*¹ í *Unix*.

– C-shell

cab-skrá kv.

Kippuskrá með *nafnaukann* „cab“ sem í eru ein eða oftast fleiri *þjappaðar skrár*.

· Cab-skrár eru einkum notaðar af *Microsoft* við *skráaflutning*.

– cabinet file, cab file

case-setning kv. → *tilvikssetning***CCITT**

Heiti á stöðlunarnefnd innan *Alþjóðafjarskiptasambandsins*.

– CCITT, Comité Consultatif International Télégraphique et Téléphonique

CGA-kort hk. → *CGA-litspjald***CGA-litspjald** hk.

Búnaður sem breytir *myndum*² í staðlað snið fyrir *birtingu* eða skráningu.

– color graphics adapter, CGA

CGA-spjald hk. → *CGA-litspjald*

CGI-skil¹ hk. ft.

Stöðluð *skil*¹ milli tækisfrjálsra og tækisháðra hluta teiknerfis.

sh. *CGA-spjald*, *CGA-kort*

– computer graphics interface, CGI¹

CGI-skil² hk. ft.

Stöðluð *skil*¹ fyrir stikaskipti milli *stikluskjala* og *stiklubúnaðar*.

– common gateway interface, CGI²

CGM

Heiti á *skrá* með stöðluðu *skránsniði*, svonefndri *lýsiskrá*, sem ætlað er að *geyma*² og flytja *gögn* sem lýsa því hvernig *mynd*¹ er búin til.

· ISO 8632 er alþjóðlegi staðallinn fyrir CGM.

– Computer Graphics Metafile, CGM

CGRM

Heiti á stöðluðum ramma með *hugtökum* fyrir *tölvuteiknun*.

· CGRM er *stytting* á „Computer Graphics Reference Model“. ISO 11072 er alþjóðlegi staðallinn fyrir CGRM.

– Computer Graphics Reference Model, CGRM

CHAP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ um *sannvottun*.

– challenge-handshake authentication protocol, CHAP

CIDR-beining kv.

Klasalaus *beining* milli *léna*.

– Classless Inter-Domain Routing, CIDR, ?supernetting

CMOS

Tækni við hönnun og framleiðslu *samrása* sem nota lítinn straum.

- CMOS, complementary metal-oxide semiconductor, complementary metal-oxide silicone

Cobol

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega ætluðu til þess að leysa verkefni á viðskiptasviði.

- Cobol er *stytting* á „Common Business-Oriented Language“.
- Cobol

CODASYL

Heiti á samtökum notenda og framleiðenda tölvubúnaðar sem hafa m.a. unnið að því að staðla *forritunarmálið Cobol* og þróa *hugbúnað* fyrir *gagnasafnskerfi*, óháðan tölvutegundum.

- CODASYL, Conference for Data System Languages

CODASYL-líkan hk.

Netlíkan, skipulagt í samræmi við *mengjatög* sem eru notuð til þess að tilgreina *tengingar* milli *færslutaga* í *gagnasafni*.

- CODASYL-samtökin skilgreindu líkanið.
- CODASYL model

COGO

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega gerðu fyrir verkefni í hnitarúmfræði.

- COGO er *stytting* á „Coordinate Geometry“.
- COGO

com-setur hk.

Vefsetur með *vefslóð* sem endar á „.com“.

- dot com

Comal

Heiti á *forritunarmáli* sem er byggt á *Basic* og *Pascal*.

- Í Comal er unnt að beita *mótaðri forritun*¹.

- Comal

Compuserve

Heiti á tiltekinni *þjónustuveitu*.

- Compuserve

Concurrent C

Heiti á *forritunarmáli*, gerðu eftir forritunarmálinu *C*.

- Concurrent C

CP/M

Heiti á *stýrikerfi* fyrir *einmenningstölur*.

- CP/M, Control Program for Microcomputers

CRAM-sannvottunarferli hk.

· Notað vegna öryggismála í *HTTP-samskiptareglum*.

- challenge-response authentication mechanism, CRAM

CSMA/CA-net hk.

Net með frjálsum aðgangi, þannig úr garði gert að *árekstrarmerki* er sent ef væntanlegur sendir finnur að lína er ónotuð.

- Þegar allar stöðvar hafa haft tækifæri til þess að taka við merkinu eru *gögnin* send. Ef sendir verður var við *árekstrarmerki* frá annarri stöð er hætt að senda í tiltekinn tíma og síðan reynt aftur.

- carrier sense multiple access with collision avoidance network, CSMA/CA network

CSMA/CD-net hk.

Brautarnet þar sem *samskiptareglur*¹ kveða á um *burðarbylgjuskynjun* og brugðist er við undantekningum sem verða vegna *árekstra*¹ með því að senda aftur.

- carrier sense multiple access with collision detection network, CSMA/CD network

CSMA-net hk. → *net með frjálsum aðgangi*

D

?D/A-breytir kk. → *flaumgervill*

dagatalsvefþjónusta kv.

– calendar web service

dagáll kk. → *dagbók*¹

dagbók¹ kv.

Skrá í tímaröð um það sem gert er í *gagnavinnslu*.

· Dagbók er unnt að nota til þess að *endurrétta* eldri *skrá* eða endurskoðaða útgáfu hennar.

sh. *dagáll*

– journal, log

dagbók² kv.

Forrit, notað til þess að bóka fundar tíma og annan tíma sem tekinn er frá.

· Í *fjölnotendakerfi* finnur dagbókin sjálfkrafa lausan tíma allra fundarmanna svo framarlega sem þeir skrá tíma sinn í dagbókina. Dagbók er einnig notuð til að bóka fundarherbergi og tæki, t.d. myndvarpa.

– calendar

dagbókarstutt skráakerfi

– journaling file system

dagréttta so. → *uppnýja*

dagréttting kv. → *uppnýjun*

dagréttting skrár → *uppnýjun skrár*

dagréttur lo. → *uppnýjaður*

dagsetningarsnið hk.

– date format

dagsetningarsnið DD.MM.ÁÁ

– date format of DD.MM.YY

dauður hnappur

Hnappur sem hefur ekki áhrif á *bendil*¹.

· Dauður hnappur er m.a. notaður til þess að skrá brodd yfir *bókstaf*. Broddurinn er þá á dauðum hnappi og er sleginn inn á undan stafnum.

– dead key

daufur biti

Biti, *skrifaður* af ásettu ráði á *diskling*¹ með veikum segulsviðsstyrk, sem túlka má sem 0 eða 1.

· Það að skrifa daufan bita er þáttur í *afritunarvörn*.

– weak bit

dálkaflutningur kk.

(í *ritvinnslu*) Flutningur texta- eða talnadálks innan *skjals*¹ eða milli skjala.

– column move

dálkahlaupa so.

Styðja á *dálkahnapp* og flytja *bendil*¹ á *skjá* að næsta *dálkhaki*.

– tabulate¹

dálkahlaupsskipun kv.

(í *ritvinnslu*) *Skipun*², notuð til þess að færa *bendil*¹ að næsta *dálkhaki*.

– tab command

dálkahnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að stöðva *bendil*¹ við *dálkhök*.

– tab key

dálkaval hk.

*Aðgerð*¹ í *töflualgebru* þar sem *dálkar*² eru valdir úr *töflu*² til þess að mynda nýja töflu.

· Í *töflualgebru* ætti að sneiða hjá tvífeldun en þeirri reglu er ekki alltaf fylgt í gerð *hugbúnaðar*.

– projection¹

dálkhak hk.

Staður, notaður til viðmiðunar til þess að skipa *texta* í *dálka*¹ með því að nota *dálkmið*.

– tab stop, tabulator stop, tabulator setting

dálkmið hk.

Stafur sem miðað er við í *stafdálkun*.

– alignment character, align character

dálkur¹ kk.

(í *ritvinnslu*) Lóðrétt skipan *lína*¹, ein tveggja eða fleiri slíkra skipana sem hafðar eru hlið við hlið á *síðu*² eða *skjá*.

– column

dálkur² kk.

(í *töflulíkani*) Eining í *töflu*² sem samsvavar *svæðistagi* í öðrum *gagnalíkön-um*¹.

· Heiti, notað í líkani fyrir *töflugagnasafn*.

– attribute²

dBase

Heiti á *forriti* fyrir *gagnasöfn*.

– dBase

debetkort hk. → *staðgreiðslukort***DECT-staðall** kk.

Evrópskur staðall fyrir *stafræn þráðlaus símafjarskipti*.

· DECT stendur fyrir „Digital European Cordless Telecommunications“.

– DECT

deild¹ kv.

Hluti sem er frátekinn fyrir tiltekin not.

Dæmi: (1) Minnisdeild. Í sumum *fjölnotendakerfum* fær hver notandi sína minnisdeild. (2) *Diskdeild*.

– partition¹

deild² kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Undirkerfi*² sem veitir tiltekna *þjónustu*¹.

– partition²

deildarheiti hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind*² *tölvupóstfangs* sem auðkennir deild í stofnun eða fyrirtæki einrætt svo að unnt sé að senda og taka við *skeytum*².

– organizational unit name

deildaskipta so.

Skipta í *deildir*¹.

– partition³

deildaskipting kv.

Það að *deildaskipta*.

Dæmi: Dæmi um deildaskiptingu er *diskdeildaskipting*, *minnisdeildaskipting*.

– partitioning

deildaskipting disks

· Sjá einnig *deildaskipting*.

sh. *diskdeildaskipting*

– disk partitioning

deildaskipting minnis

· Sjá einnig *deildaskipting*.

sh. *minnisdeildaskipting*

– memory partitioning

deildaskiptur lo.

– partitioned

deililag hk.

(í *OSI*) Flokkur *þjónustu*¹, starfsemi og *samskiptareglna*¹ sem líta má á sem eina heild í *OSI-viðmiðunarlíkaninu* og getur náð til allra *opinna kerfa* og er hluti af *lagi*¹.

– sublayer

deiliskjár kk.

Skjár þar sem *myndfletinum* hefur verið skipt í tvö eða fleiri sjálfstæð svæði.

· Á einu svæðanna má *birta*¹ hluta úr *skrá* og á öðru annan hluta úr sömu skrá eða annarri skrá.

– split screen¹

Delphi

Heiti á *forritunarmáli* sem ætlað er fyrir *hlutbundna hugbúnaðargerð* fyrir *stýrikerfið Windows*.

· Í Delphi eru *forrit* hönnuð á sjónrænan hátt á *skjá*, og notaðir eru fyrir fram skilgreindir bútar.

– Delphi

demba¹ kv.

Gögn sem hefur verið *dembt*².

sh. *gagnademba*

– dump¹, datadump

demba² so.

Skrá eða *birta*¹ það sem er í *geymslu*¹ eða hluta þess á tiltekinni stundu.

- *Gögnum* er dembt með tilteknu *sniði*¹ svo að unnt sé að greina þau.
- Venjulega er dembt í því skyni að *kemba forrit*.
Dæmi: *Gögnum* er dembt úr *alhliða gistum* og *minni* með tilteknu *sniði* fyrir *innra minni* og af *diskum*¹ og *segulböndum* með *sniði* fyrir *ytri geymslu*.
– dump²
- dembing** kv.
Það að *demba*².
– dump³
- deplamynstur** hk.
Punktafyllki, notað til þess að búa til *tigul* eða *klippiramma*.
– stipple pattern
- deplar á þumlung**
sh. *punktur á þumlung*
– dpi, dots per inch
- DES-staðall** kk.
Tiltekinn staðall þar sem tilgreint er hvernig *gögn* skuli *dulrituð*.
– DES, Data Encryption Standard
- deyfa** so.
Draga úr *birtu*² á *skjá skjástöðvar* eða *mænis* sem ekki er verið að nota.
– dim
- deyfiing** kv.
Það að *deyfa*.
– dimming
- digurenda-** fl. → *háenda-*
- diskadrif** hk.
Búnaður sem veitir aðgang að *seguldiski*.
– disk drive, disk unit¹
- diskahlaði** kk.
Samstæða *seguldiska* í hylki sem unnt er að taka í heilu lagi úr *seguldiskastöð*. Fjarlægja verður hylkið áður en diskarnir eru notaðir.
– disk pack
- diskahylki** hk.
Einn eða fleiri *seguldiskar* í hylki sem unnt er að fjarlægja í heilu lagi úr *seguldiskastöð*. Ekki er unnt að skilja hylkið frá diskunum.
– disk cartridge
- diskasamsæta** kv.
Hylki með *seguldiskum*, *segulhausum* og *armstjóra*.
– head/disk assembly, HDA
- diskaspeglun** kv.
– disk mirroring
- diskastöð** kv. → *seguldiskastöð*
- diskdeild** kv.
Hluti disks sem er frátekinn fyrir tiltekin not og fær sérstakt heiti.
– disk partition
- diskdeildaskipting** kv. → *deildaskipting disks*
- disklingadrif** hk.
Búnaður sem veitir aðgang að *disklingi*¹.
– floppy drive
- disklingur**¹ kk.
Sveigjanlegur *seguldiskur* í flatrí hlíf.
sh. *sveigur diskur*, *plata*², *skífa*
– diskette, floppy disk, floppy, flexible disk
- disklingur**² kk.
Sveigjanlegur *seguldiskur* í flatrí hálfstífri hlíf, u.þ.b. $5\frac{1}{4}$ þumlungar í þvermál.
– minifloppy
- disklingur**³ kk.
Sveigjanlegur *seguldiskur* í flatrí stífri hlíf, 3–4 þumlungar í þvermál.
· Algengasta stærð er $3\frac{1}{2}$ þumlungar.
– microfloppy
- diskloftnet** hk.
– dish antenna
- diskloka** kv.
Umskiptanlegur diskahlaði ásamt *lesog skrifhausum* í loftþétu hylki.
– data module
- diskstýrikerfi** hk.
Stýrikerfi þar sem *kerfishugbúnaður* og *gögn* eru *geymd*² á *diskum*¹.
– DOS, disk operating system

diskur¹ kk.

Gagnamiðill sem er flöt kringlótt plata sem látin er snúast til þess að unnt sé að *lesa* eða *skrifa gögn* á aðra eða báðar hliðar.

– disk, disc

diskur² kk. → *seguldiskur***dílaelting** kv.

– pixel tracking

dílafylki hk. → *punktafylki***dílaklasavinnsla** kv.

Tækni í *myndvinnslu* þar sem unnið er úr hverjum *díl* um leið og granndílum hans.

– pixel group processing

dílar á þumlung

Mælikvarði á skerpu myndar á *birti*.

– pixels per inch, ppi

dílavinnsla kv.

Aðferð í *myndvinnslu* þar sem *birtuskil myndar²* eru stillt með því að margfalda eða deila í einstaka *díla* með fasta, eða *birta²* myndar er stillt með því að bæta föstu gildi við eða draga það frá einstökum dílum.

– pixel point processing

dílbirta so.

Birta¹ *stafræna mynd* þannig að einstakir *dílar* séu greinanlegir.

– pixelate²

dílbirting kv.

Það að *dílbirta*.

– pixelation²

dílgildi hk.

Stakrænt gildi sem stendur fyrir lit, styrkleika eða annan eiginleika *díls*.

sh. *myndeindargildi*

– pixel value

díll kk.

(í *tölvuteiknun*) Minnsta eining á *myndfleti* sem unnt er að ljá eiginleika, t.d. lit og styrkleika, óháð öðrum einingum myndarinnar.

sh. *tvívíð myndeind*

– pixel, picture element, pel¹

dílsetja so.

Umskrá prentaða mynd í *stafræna myndskrá*, t.d. GIF-skrá.

· Skrána má síðan nota til að sýna myndina með því að kalla fram litaða *díla* á *birti*.

– pixelate¹

dílsetning kv.

Það að *dílsetja*.

– pixelation¹

djúptengill kk.

Tengill³ í aðra *vefsíðu* á *vefsetri* en *heimasíðu*.

· Forliðurinn djúp- vísar til þess hversu djúpt eða neðarlega í *vefrénu* síðan er.

– deep link

DLL-skrá kv.

Skrá með *nafnaukann* „dll“.

– DLL file

DLL-tengiforritasafn hk.

– dynamic link library, DLL

do-while-setning kv. → *meðan-setning***doksending** kv.

Vinnsluáðferð í *gagnaflutningsneti* þar sem *gögn* eru *geymd²* um stundarsakir áður en þau eru send áfram til ákvörðunarstaðar.

– store-and-forward

doksendingartækni kv.

Tækni við að senda *gögn* um *gagnaflutningsnet* með þeim hætti að *geyma²* þau um stundarsakir áður en þeim er *beint* áfram um netið.

– store-and-forward technique

dótturferli hk.

Ferli¹ sem annað ferli, *móðurferli*, býr til.

· Hvert ferli getur búið til mörg dótturferli en á aðeins eitt móðurferli, nema fyrsta ferlið en það á ekkert móðurferli.

sh. *spunafarli*

– child process

dótturspjald hk.

Prentplata sem er stungið í *móðurborð* eða *bakspjald*.

– daughter card, daughter board

draga inn

(í *ritvinnslu*) Byrja *línu*¹ lengra frá *vinstri spássíu* en aðrar línur.

– indent³

draga saman → *þrengja***draga sundur** → *víkka***draga út**

Velja og taka út úr þau stök í safni sem fullnægja tilteknum skilyrðum.

– extract

draghyllki hk.

Hyllki með *segulbandi* sem unnt er að nota án þess að taka það úr hylkinu. Bandið er dregið áfram með þrýstigripi.

– magnetic tape cartridge, cartridge²

draugasetur hk.

Vefsetur sem er ekki lengur haldið við.

– ghost site

draugur kk.

Óæskileg *mynd*² sem stafar af áhrifum svo sem endurómun.

– ghost¹

dráttbirtir kk.

Birtir þar sem unnt er að búa til *mynd-einingar* í hvaða röð sem *forrit* segir til um.

– calligraphic display device, directed-beam display device

dráttur kk.

(í *tölvuteiknun*) Það að flytja til *mynd-einingar* á *skjá* með því að nota *benditæki*.

· Dráttur getur farið fram með því að stutt er á *valhnapp* og honum haldið niðri um leið og *bendirinn*² er færður til á skjánum.

– dragging

dregill kk.

– touchpad

dreifð atlaða að þjónustumiðlun

· Sjá einnig *miðlunarsynjun*.

– distributed denial-of-service attack

dreifð gagnavinnsla → *dreifvinnsla***dreifilykill** kk.

(í *tölvuöryggi*) *Dulmálslykill* sem er ætlaður hvaða *einindi*¹ sem er, til nota fyrir dulritunarsamskipti við eiganda samsvarandi *einkalykils*.

· Við *tvílykla dulritun* er dreifilykill bæði notaður til *dulritunar* og til að *sannprófa rafræna undirskrift*.

– public key

dreifilykladulritun kv.

(í *tölvuöryggi*) *Dulritunaraðferð* þar sem *dreifilyklar* eru notaðir fyrir *dulritun* og stundum einnig fyrir *dulráðningu*.

· Dreifilykladulritun er oftast *tvílykla dulritun*.

– public-key cryptography, public-key encryption

dreifilyklakerfi hk. → *dreifilyklaskipulag***dreifilyklaskilríki** hk.

Rafrænt skilríki sem tilgreinir *dreifilykil* vottorðshafa og sem tengir dreifilykilinn við vottorðshafann á ótvíræðan hátt.

– public-key certificate

dreifilyklaskipulag hk.

(í *tölvuöryggi*) Skipulag fyrir öruggan *gagnaflutning* og *rafrænar undirskriftir* með *dreifilykladulritun* í almennu samskiptaneti, svo sem *lýðneti*.

sh. *dreifilyklakerfi*

– public-key infrastructure, PKI

dreifilyklastaðlar kk. ft.

– Public-Key Cryptography Standards

dreifilyklaveldi hk.

(í *tölvuöryggi*) Safn tengdra eininga í *dreifilyklaskipulagi*.

· Dreifilyklaveldi getur t.d. náð yfir eina eða fleiri *vottunarstöðvar*, e.t.v. *skráningarstöðvar* og safn *eininda*¹ sem geta verið þáttur í *dreifilyklaskipulagi* og starfa í samræmi við eina eða fleiri *vottunarstefnur* eins og tilgreint er af yfirvaldi dreifilyklaveldis-

- ins. PKI er *stytting* á „Public Key Infrastructure“.
- PKI domain
- dreifistæða** kv.
- stripe set
- dreifisvið** hk.
- Mengi *samlægra gagnagilda af kverðutagi*.
- range¹, ?span²
- dreifkennsla** kv.
- distributed teaching
- dreifmenntun** kv.
- distributed education
- dreifnám** hk.
- distributed learning
- dreifsamning** kv.
- distributed authoring
- dreift gagnasafn**
- Gagnasafn* sem er í rauninni dreift á marga staði en er undir stjórn *gagnasafnskerfis* á þann hátt að *notanda*² gagnasafnsins virðist það vera ein rökleg heild.
- distributed database
- dreift gagnavinnsluumhverfi**
- Högun* sem felst í stöðluðum forritunarskilum, föstum venjum og starfsemi *þjóna*¹ í því skyni að dreifa *hugbúnaði* á gagnsæjan hátt um *sundurleitt tölvunet*.
- distributed computing environment, DCE²
- dreift minni**
- (í *tauganetum*) *Minni* í *tauganeti* þar sem hver *gervitaugungur* hefur sitt eigið minni.
- distributed memory
- dreift skráakerfi**
- distributed file system
- dreifvinnsla** kv.
- Gagnavinnsla* þar sem framkvæmd aðgerða er dreift á *hnúta*¹ í *neti*.
- Dreifvinnsla krefst samvinnu hnúta-tækja sem er komið til leiðar með *gagnafljarskiptum* milli þeirra.
- sh. *dreifð gagnavinnsla*
- distributed computing, distributed data processing, DDP
- dreifvistun** kv.
- Það að samhangandi einingu *gagna* eins og *skrá* er skipt í kafla með það fyrir augum að skrifa gögnin á fleiri en eitt *raunlægt drif* samtímis til þess að flýta fyrir vinnslu.
- sh. *dreifvistun gagna*
- striping, disk striping, data striping
- dreifvistun gagna** → *dreifvistun*
- drifaborð** hk. → *drifarein*
- drifarein** kv.
- sh. *drifaborð*
- drive bar
- DRM** → *stafræn réttindavernd*
- DRM-tækni** kv.
- DRM technology
- drottnaranet** hk.
- Tauganet* þar sem sterkasti *gervitaugungur* í *lagi*² getur heft aðra *gervitaunga* í sama lagi.
- Í drottnaraneti er notað einhvers konar *samkeppnisnám*.
 - winner-takes-all network
- drög** hk. ft.
- Bráðabirgðaútgáfa af *skjali*¹ tilbúin til yfirlestrar, samþykkis eða frekari úrvinnslu.
- sh. *vinnuskjal*
- working draft, draft document, draft
- DSTP-samskiptareglur** kv. ft.
- (í *gagnanámi*)
- DSTP stendur fyrir „Data Space Transfer Protocol“.
 - DSTP
- dulgerving** kv.
- Það að *einindi*¹ þykist vera annað einindi til þess að fá heimildarlausan *aðgang*¹.
- masquerade
- dulmálsfræði** kv.
- (í *tölvuöryggi*) Fræðigrein sem fjallar um fræðilegan grundvöll *dulritunar* og *dulmálsgreiningar*.

- Sjá einnig *dulritunarfræði*.

– cryptology

dulmálsgreining kv.

(í *tölvuöryggi*) Greining á *dulmálskerfi*, *ílaga* þess eða *frálagi*, eða hvoru tveggja, til þess að leiða af því *viðkvæmar upplýsingar*, þar með talinn *ódulritaðan texta*.

– cryptanalysis

dulmálskerfi hk.

(í *tölvuöryggi*) Þau skjöl, tæki og tækjabúnaður sem notuð eru saman, ásamt aðferðum, þeim tengdum, til þess að koma *dulritun* eða *dulráðningu* til leiðar.

– cryptographic system, ciphersystem, cryptosystem

dulmálslykill kk.

(í *tölvuöryggi*) *Bitastrengur* af breytilegri lengd sem aðgerðir við *dulritun* eða *dulráðningu* ráðast af.

- Dulmálslykill getur verið *dulritunarlykill* eða *dulráðningarlykill*.

sh. *lykill*³

– cryptographic key, key⁴

dulmálstími kk.

Gildistími *dulmálslykils*.

– cryptoperiod

dulráða so.

(í *tölvuöryggi*)

– decrypt, decipher

dulráðning kv.

(í *tölvuöryggi*) Það að breyta *dulrituðum gögnum* aftur í fyrra horf.

- *Dulritaðan texta* má *dulrita* öðru sinni en þá skilar einföld *dulráðning* ekki upprunalega *ódulritaða textanum*.

sh. *ráðning*¹

– decryption, decipherment

dulráðningarlykill kk.

(í *tölvuöryggi*)

– decryption key

dulrit hk. → *dulritaður texti*

dulrita so.

Brengla *gögn* eða *umskrá* þau, áður en þau eru send, í leynilegan kóta sem dylur merkingu gagnanna fyrir heimildarlausum viðtakanda.

- Gögn eru *dulrituð* þegar þau eru send um fjarskiptakerfi eða þegar þau eru *geymd*¹.

– encrypt, encipher

dulritaður texti

Gögn sem *dulritun* hefur skilað og þar sem merkingin er ekki tiltæk án þess að notaðar séu *dulmálsaðferðir*.

sh. *dulrit*

– ciphertext

dulritun kv.

(í *tölvuöryggi*) Umritun *gagna* á *dulmál*.

- Útkoman úr *dulritun* eru *dulrituð gögn*, oftast *dulritaður texti*.

- Öfuga ferlið er kallað *dulráðning*.

- Sjá einnig *einlykla dulritun*, *tvílykla dulritun*, *einkalykladulritun*, *dreifilykladulritun*, *samhverf dulritun*, *ósamhverf dulritun* og *einátta dulritun*.

– encryption, encipherment, cryptography¹

dulritunaraðferð kv.

– cipher

dulritunargrím hk.

– encryption algorithm

dulritunarárás kv.

Kerfisbundin árás þar sem *dulmálsfræðingur* hefur eingöngu *dulritaðan texta* undir höndum.

– ciphertext-only attack

dulritunarfræði kv.

(í *tölvuöryggi*) Fræðigrein sem fjallar um aðferðir og leiðir til að gæta öryggis við flutning og *geymslu*² *upplýsinga*¹.

- Sjá einnig *dulmálsfræði*.

– cryptography²

dulritunargátsumma kv. → *dulritunarprófsúmma*

dulritunarlykill kk.

(í tölvuöryggi)

– encryption key

dulritunarprófsúmma kv.sh. *dulritunargátsumma*

– cryptographic checksum

dulritunarvél kv.

– encoding machine

dvalahamur kk.

– hibernate mode

DVD-diskur kk. → *stafrænn mynddiskur***dvergflaga** kv. → *nanóflaga***dvergpípa** kv. → *nanópípa***dvergsári** kk. → *nanósári***dvergtækni** kv. → *nanótækni***dvergtölva** kv. → *nanótölva***dvergvél** kv. → *nanóvél***dvergpjarki** kk. → *nanópjarki***dæmanám** hk.

Aðleiðslunám á hugtökum sem felst í því að draga almenna hugtakslýsingu með ályktun af dæmum eða jafnvel gagndæmum hugtaksins.

– learning from examples, example-based learning, instance-based learning

dæmarými hk.

Mengi allra hugsanlegra dæma og gagndæma *hugtaks* sem læra skal.

– example space, instance space

E

E2E-samskipti hk. ft. → *VV-samskipti***Eb** → *exabiti***EB** → *exabæti***EBCDIC**

Heiti á staðlaðri *kótunarreglu* sem er notuð til þess að *geyma*² og flytja gögn.

· Í hverju *kótastaki* eru 8 *bitar*.

– EBCDIC, Extended Binary Coded Decimal Interchange Code

ECMA

Heiti á evrópskum samtökum framleiðenda tölvubúnaðar.

– ECMA, European Computer Manufacturers Association

EDI-samskipti hk. ft.

Skipti *tölvukerfa* á gögnum og skjölum¹ samkvæmt stöðluðum reglum.

sh. *skjalaskipti milli tölva*, *SMT*, *pappírslaus samskipti*

– electronic data interchange, electronic document interchange, EDI

EDI-skeyti hk.

*Skeyti*¹ í *EDI-samskiptum*.

sh. *SMT-skeyti*

– EDI message

eða-gátt kv.

Gátt sem framkvæmir *rökadgerðina*³ *eðun*.

– INCLUSIVE-OR gate, OR gate, INCLUSIVE-OR element, OR element

eða-röktákn hk.

– logical OR symbol

eðlileg samtenging → *eðlileg töflutenging***eðlileg töflutenging**

Töflutenging sem er gerð með því að nota sams konar *dálka*² við tenginguna.

sh. *eðlileg samtenging*

– natural join

eðlislag hk. → *bitaflutningslag***eðun** kv.

*Rökadgerð*³ sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 0 þá og því aðeins að sér-

hver *polandi* hafi Boole-gildið 0.

- disjunction, OR operation, INCLUSIVE-OR operation, logical add, ?logical sum, ?EITHER-OR operation

ef-setning kv.

Skilyrt setning sem veldur því að tilteknar *runur setninga*¹ eru *inntar* eða *hlaupið* yfir þær eftir því hvaða *sann-gildi* tiltekin *skilyrt segð* tekur.

sh. *if-setning*

- if statement

ef-þá-gátt kv. → *leiðingargátt*

eff-gátt kv. → *jafngildisgátt*

efni hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *skeytis*² sem *skeytaflutningskerfi* hvorki kannar né breytir, nema til þess að *umskrá*, meðan á *skilaflutningi* skeytisins stendur.

- Efni nær yfir *haus*¹ og *meginmál*².

sh. *ílæti*

- content

efnisbrenslunarkerfi hk.

- content scrambling system

efnisgrein kv.

Ein eða fleiri *setningar*² sem eiga saman og lesnar eru í einni lotu.

- Efnisgreinar eru aðgreindar með *greinaskilum*.

sh. *málgrein*

- paragraph

efnissafnari kk.

Einstaklingur eða fyrirtæki sem safnar saman efni á vefnum til að endurnýta eða endurselja.

- content aggregator

efnissíun kv.

- content filtering

efnisrá¹ kv.

(í *gluggaumhverfi*) *Listi* yfir *skrár* í *möppu*.

- directory³

efnisrá² kv.

Listi yfir nöfn *skráa* og *forritasafna* ásamt *tilvísunum*¹ til *geymslustaðar*

þeirra.

- Í efnisskrá geta einnig verið *upplýsingar*¹ um tæki sem skrárnar eru *geymdar*² í, *aðgangsorð*, *bálkunarstuðul* og fleira.

- catalog¹, catalogue¹

efnisstjórnunarkerfi hk.

- content management system

efnistag hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *umslags* þar sem tilgreint er í hvaða formi *efni skeytis*² er skráð.

- Efnið getur t.d. verið skráð sem venjulegur *texti* eða með því að nota *ASN.1* eða *SGML*.

sh. *ílætistag*

- content type

efnistengt kort

SGML-skjal eða *XML*-skjal, notað af manni eða vél fyrir *vafur* innan tiltekins upplýsingamengis.

- topic map, TM²

efri spássía → *ofanspássía*

efsta sæti

*Sætið*¹ lengst til vinstri í *stafastring*.

- high-order position

eftirdembing kv.

Dembing eftir að *inning forrits* hefur orðið fyrir *vinnslufalli*.

- postmortem dump

eftirgreining kv.

- postmortem analysis

eftirkönnun á kerfi

Athugun á starfsemi kerfis eftir að það er komið í stöðuga notkun og flestar breytingar eru um garð gengnar.

- system follow-up, post-implementation review, post-development review

eftirlegubúnaður kk.

Búnaður sem framleiðandi hefur hætt að bjóða en fæst hjá öðrum.

- abandonware

eftirlitsborð hk.

Sá hluti tækis sem viðgerðarmaður notar til *samskipta* við það.

– maintenance panel

eftirlitskerfi fyrir framleiðsluáætlun

Gagnavinnslukerfi, notað til þess að búa til, framkvæma og hafa eftirlit með framleiðsluáætlunum.

– production planning control system, PPCS

eftirlitsviðhald hk.

Viðhald samkvæmt eftirlitsáætlun þar sem gert er ráð fyrir að haldið sé uppi æskilegri þjónustu¹ með lágmarksfyrirhöfn.

– controlled maintenance

eftirlíking kv.

Notkun *gagnavinnslukerfis* til að setja fram valda eiginleika í hegðun ápreifanlegs eða óhlutbundins kerfis.

Dæmi: Framsetning á loftstreymi um hverfis vængi við mismunandi hraða, hita og loftþrýsting.

sh. *herming*²

– simulation

eftirlíkingarkóti kk.

Hugbúnaður til þess að *inna* í stýrikerfi *sýndarheims*.

– simulation code

eftirlíkir kk.

Tæki, *gagnavinnslukerfi* eða *forrit* sem líkir eftir tilteknum eiginleikum ápreifanlegs eða hugræns kerfis.

· Eftirlíkir er oft notaður við þjálfun tiltekinna starfsstétta, t.d. flugmanna og stýrimanna.

sh. *hermir*²

– simulator

eftirskilyrði hk.

Fastyrðing sem á við þann hluta *forrits* sem kemur á undan í *inningaröðinni*.

– postcondition

eftirtáknun kv.

Aðferð til þess að mynda *segðir* með stærðfræðitáknum þar sem hver *virki* stendur á eftir *þolendum* sínum og sýnir hvaða *aðgerð*¹ á að framkvæma á þeim eða milliútkomum sem standa á undan

virkjanum.

· Sjá einnig *fortáknun* og *millitáknun*.

Dæmi: (1) *A* lagt við *B* og *summan* margfölduð með *C* er ritað með segðinni $AB + C \times$ (\times táknar margföldun).

(2) *P* OG *útkoman* úr *Q* OG *R* er ritað með segðinni $PQR \wedge \wedge$ (\wedge er virki sem táknar *rökaðgerðina*³ *ogun*).

– postfix notation, suffix notation, reverse Polish notation

eftirvaf hk.

Sá hluti *segulbands* sem er á eftir *enda-merki*.

– magnetic tape trailer, trailer

eftirvinnslubúnaður kk.

Búnaður, ætlaður til lokavinnslu á *gögnum*.

– postprocessor

EGA-kort hk. → EGA-litspjald

EGA-litspjald hk.

Myndvinnslutæki sem *birtir*¹ falslitamynd með því að gefa *grámastigunum* liti samkvæmt rauðum, bláum og grænum uppflettistöflum sem notandi skilgreinir.

sh. *EGA-spjald*, *EGA-kort*

– enhanced graphics adapter, EGA

EGA-spjald hk. → EGA-litspjald

EGP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ til að skiptast á beiningarupplýsingum milli tveggja *gáttarhýsitölvu*, með hvor sinn *beininn*, í *neti sjálfstýrðra kerfa*.

– exterior gateway protocol, EGP

eibeggjagátt kv.

Gátt sem framkvæmir *rökaðgerðina*³ *néogun*.

sh. *og-neitunargátt*

– NAND gate, NAND element

Eiffel

Heiti á *forritunarmáli*, gerðu fyrir *hlutbundna forritun*.

· *Forrit*, skrifuð á Eiffel, eru *vistþýdd* á forritunarmálið *C*. Uppruna málsins má rekja til Bertrands Meyers árið

1985.
– Eiffel
- eiginafgreiðsla** kv.
Sjálfvirkjað ferli sem gerir kaupendum kleift að *skanna*², pakka inn og greiða fyrir innkaupin án hjálpar frá afgreiðslufólki.
– self-scanning checkout, self-checkout
- eigind**¹ kv.
Nafngreindur eiginleiki *einindis*¹.
– attribute¹
- eigind**² kv.
(í *tölvupóstkerfi*) *Gagnastak*¹ sem lýsir *notanda*³ eða *póstlista* og má nota til þess að staðsetja notandann eða listann í *skeytasýslukerfi*.
Dæmi: Heiti, *vistföng*.
– attribute³
- eigind**³ kv.
(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)
Gagnagildi sem sérhver *hlutur*² í *klasa*⁴ hefur.
sh. *eiginleiki*²
– attribute⁴
- eigindaflokkur** kk.
Mengi allra hugsanlegra *eigindargilda* fyrir *einindatilvik* tiltekins *einindaflokks* og samsvara sama eiginleika.
· Eigindaflokkur getur verið undirmengi samsvarandi *gildamengis*.
Dæmi: Líta má á heiti *dálks*² í *töflu*² sem heiti á eigindaflokki.
– attribute class
- eigindamállýsing** kv.
Mállýsing, búin eigindum sem lýsa því hvernig *upplýsingar*¹ fara um *þáttunartre* og skilgreina þannig hverju *þýðandi*¹ skilar.
– attribute grammar
- eigindargildi** hk.
Tiltekið tilvik af *eigind*¹.
Dæmi: Eigindin „litur“ getur haft gildið „blátt“.
sh. *gildi*

- attribute value, value
- eigindavensl** hk. ft.
Tengsl sem eru skynjuð milli *eiginda*¹.
– attribute relationship, relationship³
- eiginleg villa**
Galli í forriti sem hefur ekki verið settur þar viljandi sem þáttur í *villusáningu*.
– indigenous error, indigenous fault
- eiginlegt vistfang**
Beint vistfang sem tilgreinir stað án þess að vísa til *grunnvistfangs*.
· Eiginlegt vistfang getur sjálft verið grunnvistfang.
– absolute address
- eiginlegur kóti**
*Kóti*² þar sem öll *vistföng* eru *eiginleg vistföng*.
– absolute code
- eiginlegur smali**
Smali sem skilar *eiginlegum kóta*.
– absolute assembler
- eiginleikasafn** hk.
(í *gluggaumhverfi*)
– property sheet
- eiginleiki**¹ kk.
(í *gluggaumhverfi*)
– property
- eiginleiki**² kk. → *eigind*³
- eiginskönnun** kv.
– self-scanning
- eignarhaldskostnaður** kk.
Heildarkostnaður við eignarhald.
– TCO, total cost of ownership
- einangraður magnari**
Magnari án rafsambands milli rafrásar fyrir *merki*² og allra annarra rafrása, að jörð meðtalinni.
– isolated amplifier
- einangrun rásadeilda**
Rafrænn aðskilnaður milli deilda rafrása.
· Innan deildar er rafmagnssamband, til dæmis við spennugjafa.
– grouping isolation

einátta dulritun

Dulritun sem skilar dulrituðum gögnum sem ekki er unnt að endurgera upprunalegu gögnin eftir.

- Einátta dulritun er gagnleg í *sannvottun*. Til dæmis gæti *aðgangsorð* verið *dulritað* einátta og *dulritaður texti* sem út úr því kæmi *geymdur*². Aðgangsorð, sem síðar er slegið inn, myndi vera *dulritað* einátta á sama hátt, og síðan væru dulrituðu *strengir* tveir bornir saman. Ef þeir eru eins er innslegna aðgangsorðið rétt.
- irreversible encryption, irreversible encipherment, one-way encryption

einbeinir kk.

Búnaður sem breytir merkjafylkingu í samsvarandi merkjarunu.

- serializer, parallel-serial converter, dynamicizer

einherfðir kv. ft.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Erfðir*¹, fólgnar í því að *klasi*⁴ getur aðeins haft einn *yfirklasa*.

- Sjá einnig *fjölerfðir*.
- single inheritance

einfalt skráakerfi

*Skráakerfi*¹ þar sem engar tvær *skrár* geta haft sama heiti.

- flat file system

einfalt val

sh. *einval*

- single choice

einföld setning

*Setning*¹ sem felur ekki í sér aðra setningu.

- simple statement, elementary statement

einföld skrá

Samsafn af *færslum*² sem hafa engar *gagnasamsteypur*.

- flat file

einföld stafanákvæmni

Stafanákvæmni þar sem notað er eitt *tölvuorð* við framsetningu talna.

- single precision

einföld úthlutun biðminnis

Það að úthluta *biðminni* til *forrits* í þann tíma sem það er *innt*.

- simple buffering

eingert tölvunet

Tölvunet þar sem allar *tölvur* hafa líka eða sömu *högun*.

- homogeneous computer network

eingilda so.

- instantiate

eingilding kv.

Það að setja inn gildi fyrir *breytu*² eða búa til dæmi út frá flokki eða *tilvik*² út frá *klasa*⁴.

Dæmi: „Ísland“ er *tilvik* sem fæst við eingildinguna á *stofnræna hlutum*³ „ríki“.

- instantiation

eingrunnskerfi hk.

Grunntalakerfi þar sem öll *sæti*² hafa sömu *grunntölu* nema e.t.v. það sem er með hæst *vægi*¹.

- Vægi *samlægra* sæta eru margfeldi tiltekens þáttar og stighækkandi heiltöluvelda af grunntölunni. Neikvæð heiltöluveldi af grunntölunni eru notuð til þess að setja fram brot.
- Eingrunnskerfi er sérstakt *tilvik* af *fjölgrunnakerfi*.

- fixed radix notation

einhlíða disklingur

*Disklingur*¹ sem skrá má *gögn* á öðrum megin.

- single-sided diskette

einhlíða mynd

Víravirkisframsetning hlutar þar sem *huldar línur* hafa verið fjarlægðar.

- outline representation

einhæft kort

Greiðslukort þar sem útgefandi korts er einnig seljandi þeirrar vöru og *þjónustu*¹ sem greiða má fyrir með kortinu.

- single-purpose card

einindaflokkur kk.

Samsafn *eininda*¹ með sameiginlegar *eigindir*¹.

Dæmi: „Söluhreyfing“ eða „starfsmaður“.

– entity class, entity set

einindaheimur kk.

Samsafn *eininda*¹ sem tengjast tiltekinni hlið á *umfjöllunarheimi*.

Dæmi: „Launaskrá“ og „sölureikninga“ má líta á sem einindaheima í umfjöllunarheiminum „allar hliðar á fjármálum stofnunar eða fyrirtækis“.

– entity world

einindakennsl hk. ft.

Aðferð, fólgin í því að nota eina eða fleiri *eigindir*¹ sem hafa *eigindargildi* er sannkenna á einræðan hátt hvert tilvik tiltekens *einindis*¹.

sh. *sannkennsl*

– entity identification, identification

einindatilvik hk.

Tiltekið *einindi*¹ í tilteknum *einindaflokki*.

Dæmi: Tiltekin söluhreyfing eða tiltekinn starfsmaður.

sh. *tilvik*¹

– entity occurrence, occurrence, entity instance, instance¹

einindavensl hk. ft.

Tengsl sem skynjuð eru milli *eininda*¹ eða milli *eiginda*¹ sama *einindaflokks*.

Dæmi: Stundum má líta á einindavensl sem einindi.

– entity relationship, relationship²

einindavenslálíkan hk.

*Gagnalíkan*¹, gert úr *einindaflokkum* og *venslum*¹ milli þeirra.

– entity-relationship model

einindavenslarit hk.

– entity-relationship diagram

einindi¹ hk.

Sérhvert *hlutrænt* eða *hugrænt* fyrirbæri sem er til, hefur verið til eða gæti orðið til, þar með talin tengsl milli fyrir-

bæranna.

· Einindi er til, hvort sem *gögn* um það eru tiltæk eða ekki.

Dæmi: Persóna, hlutur, atburður, hugmynd, *ferli*¹ o.s.frv.

– entity¹

einindi² hk.

(í *OSI-högun*) Eining í *undirkerfi*¹ sem er virk og hefur tiltekið hlutverk.

· Samvinnu milli eininda í *lagi*¹ er stjórnað af einum eða fleiri *samskiptareglum*¹.

– entity²

eining úr forritasafni

– library module

einingaforritun kv.

Tækni fyrir þróun *hugbúnaðar* sem samsafn *forritseininga*.

– modular programming

einingarprófun kv.

Prófun á einstökum *forritum* eða *forritseiningum* til þess að ganga úr skugga um að í þeim séu engar greiningar- eða forritunarföllur.

– unit test

einingastig hk.

Mælikvarði á það að hve miklu leyti *forriti* er skipt í *forritseiningar* á þann hátt að sé einni einingu breytt hafi það sem minnst áhrif á aðrar einingar.

– modularity

einka- fl. → *lokaður*²**einkahluti** kk. → *lokaður hluti***einkakerfi** hk. → *einkaumsjónarumdæmi***einkakort** hk.

Greiðslukort sem geymir auðkenni korthafa og aðeins hann getur notað.

– user-identified card

einkalykill kk.

(í *tölvuöryggi*) *Leynilykill* sem er ætlaður einum notanda, eiganda lykilsins.

· Við *tvílykka dulritun* er einkalykill bæði notaður til *dulráðningar* og til að búa til *rafræna undirskrift*.

· Sjá einnig *dreifilykill*.

– private key

einkalykill vottunarstöðvar

(í tölvuöryggi) *Einkalykill* á forræði vottunarstöðvar.

– CA key

einkalykladulritun kv.

(í tölvuöryggi) *Dulritunaraðferð* þar sem sömu *einkalyklar*, sem eru *leynilyklar*, eru notaðir fyrir *dulritun* og *dulráðningu*.

· Einkalykladulritun er oftast *einlykla dulritun*.

– private-key cryptography, private-key encryption

einkanet hk.

Net, gert af *sérnota línun*³ milli *hnúta*¹.

– private network

eikanetvörn kk.

· Sjá einnig *netvörn*.

– personal firewall

einkatag hk. → *lokað tag*

einkatengisnúmer hk. → *kviklegt tengisnúmer*

einkatölva kv. → *einmenningstölva*

einkaumsjónarumdæmi hk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Umsjónarumdæmi* sem er undir stjórn einhvers annars en fjarskiptarekanda.

sh. *einkakerfi*

– private management domain, PRMD

einkennisandrá kv.

Sú stund þegar *merkjastak* byrjar í *stakrænu merki*.

– significant instant

einkennisástand hk.

Einkennisstærð sem merking *merkjastaks* er skilgreind með eftir tiltekinni *kótunarreglu*.

– significant condition

einkennisbil hk.

Tímabilið milli tveggja *einkennisandráa* sem koma hvor á fætur annarri.

– significant interval

einlagskipt net

Tauganet með aðeins eitt *ílagslag*, eitt

frálagslag og ekkert *hulið lag*.

· Í einlagskiptu neti eru útreikningar eingöngu gerðir í frálagslaginu.

– single-layered network

einlagskipt skynjunarnet

Ein gerð af einlagskiptu *framflutningsneti* sem notað er til þess að flokka *mynstur*¹.

· Einlagskipt skynjunarnet ráða ekki við misgildisföll.

– simple perceptron

einlykla dulritun

(í tölvuöryggi) *Dulritunaraðferð* þar sem einn og sami *dulmálslykill*, svonefndur *leynilykill*, er notaður fyrir *dulritun* og *dulráðningu*.

· Einlykla dulritun er alltaf *samhverf dulritun*.

– single-key encryption

einmenningskerfi hk.

Gagnavinnslukerfi þar sem aðeins einn notandi í einu getur haft *aðgang*¹ að *tölvu*.

– single-user system

einmenningstölva kv.

Örtölva, einkum ætluð til nota fyrir einstaklinga.

· Einmenningstölvur eru ætlaðar einum notanda. *Ytri geymsla* getur verið *disklingar*¹ eða *harðdiskar*. Einmenningstölvum fylgir *stýrikerfi* og mikið úrval er til fyrir þær af hvers kyns *hugbúnaði* sem auðvelt er að nota.

sh. *einkatölva*

– personal computer, PC

einmiðla- fl. → *einmiðlunar-*

einmiðlun kv.

Það að nota eina tegund *miðla* til þess að setja fram *upplýsingar*¹ með aðstoð tölvubúnaðar.

– monomedia²

einmiðlunar- fl.

Sem lýtur að *einmiðlun*.

sh. *einmiðla-*

– monomedia¹, single-media

einmiðlunarhlutur kk.

*Hlutur*⁴ með einum eða fleiri hlutum frá einum framsetningarmiðli.

– monomedia object

einmóta lo. → *óbreytinn***einmótun** kv. → *óbreytni***einnota kort**

Greiðslukort sem er hlaðið tiltekinni fjárhæð einu sinni og þegar hún er uppurin hefur kortið lokið tilgangi sínum.

– disposable card

einræða so.

Ákvarða við hvaða *máleiningu* er átt þar sem tvær eða fleiri hafa sama *nefni* í sama *forriti*.

– disambiguate

einræðing kv.

Það að *einræða*.

– disambiguation

einræðistala kv.

Fjöldi *forritseininga* sem tiltekin forritseining stjórnar.

· Há einræðistala gefur í skyn að *flækjustig* forritseiningar sem *kallar* sé hátt vegna þess að flókið sé að stjórna undirskipuðum forritseiningum og samhæfa þær.

– fan-out

einræður lo.

– unique

einræður lykill

*Lykill*¹ sem auðkennir tiltekinn skammt af *upplýsingum*¹ og greinir hann frá öðrum.

– unique key

einsheiti hk.

Sérheiti sem er nákvæmlega eins og annað sérheiti en vísar til annars *einindis*¹.

– homonym

einskauta sending

– unipolar signaling, unipolar transmission

einskráning kv.

Sannvottun sem leyfir notanda að hafa eitt *notandakenni* og *aðgangsorð* til þess að fá aðgang að mörgum *tölvunetum*, *verkforritum* og *tölvum*.

– single sign-on, SSO

einskrifanleg geymsla

Ljósminni þar sem unnt er að skrá *gögn* einu sinni, *lesa* þau hversu oft sem vera skal, en ekki að *þurrka* þau út.

– WORM, write-once-read many

einskrifanlegur geisladiskur

– CD-R

einstaksmengi hk.

(í mengjafræði) Mengi sem í er eitt stak.

– singleton

einstefnusamskipti hk. ft.

Gagnafjarskipti þar sem *gögn* eru flutt í eina átt sem er ákveðin fyrir fram.

– one-way communication

einstefnusending kv.

Gagnasending í aðeins eina átt sem er ákveðin fyrir fram.

· Sjá einnig *tvístefnusending*.

– simplex transmission

einstefnusímboði kk.

· Sjá einnig *símboði* og *tvístefnusímboði*.

– one-way pager

einstefnutengibraut kv.

Tengibraut sem *gögn* eru send eftir aðeins í aðra áttina.

· Sjá einnig *tvístefnutengibraut*.

– unidirectional bus

einstiga búnaður

Búnaður sem getur aðeins unnið úr *gögnum* á einu *öryggisstigi* á tilteknum tíma.

· Sjá einnig *fjölstiga búnaður*.

– single-level device

einstrengja staðarnet á breiðbandi

Staðarnet á breiðbandi sem notar sama streng fyrir *framrás* í *staðarneti* og *bakrás* í *staðarneti*.

– single-cable broadband LAN

einstæð aðgerð

*Aðgerð*¹ sem hefur nákvæmlega einn *þolanda*.

- Sjá einnig *tvístæð aðgerð*.

Dæmi: *Neitun*.

- monadic operation, unary operation

einstæðingur¹ kk.

Fyrsta *lína*¹ *efnisgreinar* sem stendur ein neðst í *dálk*¹ eða *síðu*².

- orphan, orphan line

einstæðingur² kk.

Síðasta *lína*¹ *efnisgreinar* sem flyst efst í næsta *dálk*¹ eða *síðu*², þar sem hún stendur ein og nær ekki fullri lengd.

- widow, widow line

einstæður virki

Virki sem stendur fyrir *aðgerð*¹ á nákvæmlega einum *þolanda*.

- Sjá einnig *tvístæður virki*.

- monadic operator, unary operator

einstöðug gikkrás

Gikkrás sem hefur eina *stöðuga stöðu*¹ og eina *óstöðuga stöðu*.

- Sjá einnig *tvístöðug gikkrás*.

- monostable trigger circuit, monostable circuit

eintak hk.

Gagnamiðill sem er settur í (*virkaður*) og *tekinn úr* viðeigandi stöð í einu lagi.

Dæmi: *Segulband*, *diskahlaði*, *disklingur*¹.

- volume

einundafylling kv. → *einundafyllitala***einundafyllitala kv.**

Minnkuð grunnfyllitala í *tvíundakerfinu*.

- Sjá einnig *tvíundafyllitala* og *tugafyllitala*.

sh. *einundafylling*

- ones complement

einval hk. → *einfalt val***einvarp hk.**

Sending *gagna* á einn ákvörðunarstað.

- Sjá einnig *margvarp*.

- unicast

einvistarskipun kv.

*Skipun*¹ sem hefur einn *vistfangshluta*.

- Sjá einnig *tvívistarskipun* og *fjölvistarskipun*.

Dæmi: *Skipun* um að setja í vinnugisti það sem er á tilteknum *geymslustað* í *innra minni*.

- one-address instruction, single-address instruction, single-operand instruction

einvörpun kv.

- Sjá einnig *margvörpun*.

- unicasting

einþéttur disklingur

*Disklingur*¹ sem *gögn* eru skráð á með *gagnaþéttleika* sem var venjulegur þegar disklingar voru fyrst teknir í notkun.

- Sjá einnig *tvíþéttur disklingur* og *rammþéttur disklingur*.

- single-density diskette

EISA-staðall kk.

Staðall fyrir *tengibrautir* fyrir IBM-samhæfar tölvur.

- Staðallinn var kynntur árið 1988 og átti að koma í staðinn fyrir séreignarstaðal frá IBM. EISA er *skammstöfun* fyrir „Extended Industry Standard Architecture“.

- EISA

ekki-ef-þá-gátt kv. → *útilokunargátt***ekki-gátt kv.** → *neitunargátt***ekki-hvort-tveggja-aðgerð kv.** → *néogun***?eldveggur kk.** → *netvörn***elting kv.**

(í *tölvuteiknun*) Það að færa *eltitákn*.

- tracking

eltitákn hk.

Tákn sem segir til um stöðu á *skjá* eftir hnitum sem *hnitill* gefur upp.

- tracking symbol

em hk.

Mælieining í prentun, 12 enskir *punktur* eða 0,422 cm.

- pica

endabúnaður kk.(í *samneti*)

– terminal equipment

endaeinindi hk.*Einindi*¹ neðst í *dreiflyklaveldi*.

– end-entity

endagreip kv.(í *þjarkafræði*) Tæki, tengt við endann á þjarkaarmi.

– end effector

endahnappur kk.*Stefnuhnappur*, notaður til þess að flytja *bendil*¹ aftur fyrir tiltekna einingu í *texta*, t.d. aftast í *línu*¹ eða aftast í *skjal*¹.

– end key

endahnútur¹ kk.*Hnútur*³ sem hefur engan undirskipaðan hnút.sh. *lauf*

– terminal node, leaf

endahnútur² kk.(í *dreifvinnslu*) *Hnútur*¹ sem er við endann á aðeins einum *legg*.

– end node, endpoint node

endalaus lykkja → *lokuð lykkja***endamerki** hk.Merki á *segulbandi* sem sýnir hvar skráningarsvæði lýkur.

Dæmi: (1) Ræma sem endurkastar ljósi. (2) Gegnsær hluti segulbands.

– end-of-tape marker, EOT marker

endamerki eintaks*Kennimerki*² sem sýnir hvar gagnaskráningu á *eintaki* lýkur.

– end-of-volume label, EOJ

endamerki skrár*Kennimerki*² sem sýnir hvar *skrá* lýkur og getur geymt *gögn* til þess að stjórna vinnslu skrárinnar.

· Í endamerki skrár geta verið samtölur sem eru bornar saman við talningar sem verða til í vinnslu skrárinnar.

– end-of-file label, EOF, trailer label

endanleg breyta*Breyta*¹ sem getur aðeins haft endanlega

mörg gildi eða horf.

Dæmi: Ótiltekinn *stafur* í *stafamengi*.

– switching variable, ?logic variable

endanleg stöðuvél

Stærðfræðilegt líkan af vél sem getur ýmist verið í lokastöðu eða millistöðu.

· Það sem lesið er inn í vélina stjórnar færslu úr einni *stöðu*¹ í aðra. *Strengur* sem lesinn er inn telst vera í *málinu* sem vélin lýsir ef staðan sem vél-in endar á er lokastaða.

– finite-state machine

endanlegt fall*Fall*¹ sem er þess eðlis að það getur aðeins tekið endanlega mörg gildi og *frumbreytur* þess hver um sig sömuleiðis.

– switching function, ?logic function

endasjálfkvaðning kv.*Sjálfkvaðning* sem er síðasta *skipun*¹ í þeirri *steffu*² sem kallað er frá.

– tail recursion

endaskiptageymd kv.Það að flytja *geymdan tölustaf* úr gildishæsta *sæti*² í gildislægsta sæti.Dæmi: Endaskiptageymd kann að vera nauðsynleg þegar lagðar eru saman tvær neikvæðar tölur sem eru settar fram með *minnkaðri grunnfyllitölu* sinni.

– end-around carry

endaskiptalántaka kv.Það að færa *lánstölustaf* úr gildishæsta *sæti*² í gildislægsta sæti.

– end-around borrow

endaskiptastjak hk.*Rökstjak* sem er þannig að *stafir* sem eru fluttir út fyrir annan enda *tölvuorðs* eða *gistis* eru fluttir aftur inn í hinn endann.

– end-around shift, cyclic shift

ending kv.Geta búnaðar til þess að gera það sem til er ætlast við tiltekin skilyrði um notkun og *viðhald* uns notkunartíma hans lýk-

ur.

– durability

endingarskeið hk.

– life cycle

endingarskeið kerfis

Tímabilið frá því að byrjað er að hanna kerfi þangað til það er lagt niður.

· Kerfið getur tekið breytingum á endingarskeiðinu.

– system life cycle

endurbót kv. → *betrumbót*

endurbætt hnappaborð → *betrumbætt hnappaborð*

endurbætt nafngift → *betrumbætt nafngift*

endurbættur geisladiskur → *betrumbættur geisladiskur*

endurframleiðandi kk.

Fyrirtæki sem kaupir einstaka hluti í gagnavinnslukerfi, bæði vélbúnað og hugbúnað, og setur saman tilbúin kerfi.

· Sumir endurframleiðendur framleiða hugbúnað en kaupa vélbúnað af öðrum.

– original equipment manufacturer², OEM²

endurgerð gagna

Aðferð við *endurheimt gagna*, fólgin í því að setja saman gagnabúta sem eru tiltækir hjá öðrum *gagnagjöfum*.

– data reconstitution

endurgjöf kv. → *viðgjöf*

endurglæða so. → *glæða*

endurglæðing kv. → *glæðing*

endurglæðingartíðni kv. → *glæðingartíðni*

endurheimt kv.

– restore¹

endurheimt gagna

Það að færa aftur í samt lag *gögn* sem hafa glatast eða skemmst.

· Meðal aðferða er innlestur *afrits*¹, *endurgerð gagna* eftir gögnum frá öðrum *gagnagjöfum* eða *endursamning gagna* eftir upprunalegum gögn-

um.

– data restoration

endurheimta so.

– restore²

endurhorf hk. → *fyrri horf*

endurhorfshnappur kk.

(í gluggaumhverfi)

– restore button

endurhýsa so. → *heimvista*

endurhýsing kv. → *heimvistun*

endurhýsingarsamningur kk. → *heimvistunarsamningur*

endurhögun kv.

– reengineering

endurhögun viðskiptaferlis

– business process reengineering, BPR

endurinnngöngustaður kk.

Staður í *forriti*, *forritseiningu* eða *setningu*¹ þar sem þetta forrit, forritseining eða setning heldur *inningu* áfram að lokinni inningu annars forrits, forritseiningar eða setningar.

– reentry point

endurinning kv.

Tækni þar sem *ílagsgögn* eru *geymd*¹ svo að unnt sé að nota þau aftur sem ílag fyrir *forrit* þannig að stjórna megi nákvæmlega *inningu* forritsins í greiningar skyni.

– replay

endurkeyrslutími kk.

Sá hluti *notkunartíma* sem notaður er til þess að endurtaka keyrslur vegna *galla* eða *mistaka* í vinnslu.

– rerun time

endurkvæm stefja

*Steffja*² sem kallar á sjálfa sig, annaðhvort beint eða í gegnum aðra stefju.

– recursive subroutine

endurkvæmni kv.

Það að vera *endurkvæmur*.

– recursiveness

endurkvæmnisnet hk.

Viðgjafarnet þar sem vakningarstaða á hverjum tíma er fall af næstu vakning-

arstöðu á undan og af gildandi *ilögum*.

Dæmi: *Hopfieldsnet, Boltzmannsvél*.

– recurrent network

endurkvæmnisþýðing kv.

Þýðingaraðferð, fólgin í því að nota safn af *steffjum*² sem eru *gagnendurkvæmar*.

· Hver stefja vinnur úr tiltekinni form-einingu í *mállýsingu forritunarmálsins*.

– recursive descent

endurkvæmur lo.

(um *undirforrit*¹) Sem kallar á sjálfan sig beinleiðis eða krókleiðis.

· Sjá einnig *beinleiðis endurkvæmur* og *krókleiðis endurkvæmur*.

– recursive

endurmóta so.

Breyta *röklegri* skipan *gagnasafns* í samræmi við raunverulega stöðu *upp-lýsingakerfis*² þess og endurskipuleggja um leið þau *gögn* sem fyrir eru.

sh. *ummóta*

– restructure

endurmótun kv.

Það að *endurmóta*.

sh. *ummótun*

– restructuring

endurmyndun merkis

Umsköpun merkis, fólgin í því að koma merkinu aftur í upprunalegt horf.

– signal regeneration

endurnefna so.

(um *skrá*) Gefa nýtt nafn.

– rename

endurnýtanlegt lesminni

Forritanlegt lesminni þar sem unnt er að *þurrka út gögn* með sérstakri aðferð og nota minnið aftur.

– EPROM, erasable programmable read-only memory

endurómun kv.

– reverb, reverberation

endurrakning kv.

Tækni þar sem inningarsaga *forrits* eða

hluta þess er skráð þannig að notandi geti stjórnað endurgerð *ílagsgagna* og *frálagsgagna* í réttri eða öfugri tímaröð.

· Þessi tækni er notuð við *kembingu*.

– playback

endurreisn eftir áfall

– disaster recovery

endurreisn myndar

Það að koma *mynd*², sem hefur verið spillt, aftur í upprunalegt horf.

· Unnt er að endurreisa mynd ef unnt er að taka áhrif spillingarinnar aftur á stærðfræðilegan hátt.

– image restoration

endurrétta so.

Koma kerfi, kerfishluta, *skrá*, *gagnasafni* eða öðrum búnaði eða *inningu forrits* í fyrra eða nýtt horf svo að unnt sé að gera það sem beðið er um.

– recover

endurrétting¹ kv.

(í *forritun*) Það að *endurrétta*.

– recovery¹

endurrétting² kv.

(í *forritun*) Útkoma úr því að *endurrétta*.

– recovery²

endurrétting aftur á bak → bakrétting

endurrétting fram á við → framrétting

endurræsa so.

(um *tölvu*)

· Sjá einnig *ræsa*.

– reboot

endurræsing kv.

(um *gagnasafn*) Ræsing *gagnasafnskerfis* eftir *endurréttingu*¹ vegna villu.

– restart¹

endursamning gagna

Aðferð við *endurheimt gagna*, fólgin í því að greina upprunalegu *gagnagjafana*.

– data reconstruction

endursamskipan kv.

(í *áreiðanleika*², *viðhaldspægni* og *tækileika*²) Breyting á *samskipan* bún-

aðar eftir að vart hefur orðið við *galla* eða *skekku* til þess að komast hjá *bilun* eða til þess að koma búnaðinum aftur í það horf að hann geti gert það sem til er ætlast.

– reconfiguration

endursemjja so.

Koma *gögnum* aftur í tiltekið fyrra horf.
– reconstruct

endursetja so.

(um *glugga*) Færa í fyrra horf.
– restore³

endurskipulagning kv.

Það að breyta *geymsluskipulagi* tiltekings *gagnasafns* til þess að það samræmist betur raunverulegri skipan *gagna* í safninu, þar með talið að laga gögn sem þegar eru í gagnasafninu að nýja skipulaginu.

· Þetta er gert til þess að nýta betur *geymslu*¹ eða til þess að gera *aðgang*¹ að gögnum hraðvirkari.
– reorganization

endurskoða so.

Fara yfir og rannsaka *skrár* og starfsemi *gagnasafnskerfis* til þess að athuga hvort *gögn* eru skert eða misnotuð.

· Endurskoðun er gerð til þess að tryggja að farið sé eftir settum reglum og starfsaðferðum og benda á nauðsynlegar lagfæringar.

sh. *rýna*

– audit

endurskoðun tölvukerfis

Athugun á starfsháttum sem notaðir eru í *tölvukerfi* til þess að meta hversu virkir og réttir þeir eru og gera tillögur um endurbætur.

· Varast ber að rugla endurskoðun tölvukerfis saman við tölvustudda endurskoðun.

sh. *rýni tölvukerfis, kerfiskönnun*

– computer-system audit

endurskoðunarskrá kv.

Skrá, búin til með því að *inna setning-*

*ar*¹ í þeim tilgangi að láta í té *gögn* fyrir endurskoðun.

sh. *rýniskrá*

– audit-review file

endurskrifanlegur DVD-diskur

– rewritable DVD

endurskrifanlegur geisladiskur

– CD-RW

endursköpun tals

Það að búnaður býr til eftirlíkingu af upprunalegu *tali* með *kótuðum gögnum*.

– speech reconstruction, speech restitution

endursníða so.

Breyta *sníði*³ *gagna*.

– reformat

endurstillihnaður kv.

Hnaður, notaður á mismunandi hátt í ólíkum kerfum, en oftast til þess að rjúfa vinnslu og stundum til þess að hefja hana aftur.

· Stundum er *minni tölvu* hreinsað þegar stutt er á endurstillihnaðinn. Endurstillihnaður er á *einmenningstölva* og *stjórnborði* stórra *tölva*.

– reset key¹, reset button

endurtekin vistfenging

Aðferð við *ífólga vistfengingu* þar sem undirskilið er að *aðgerð*¹ tiltekinnar *skipunar*¹ *vistfengir þolendur* síðustu skipunar sem *innt* var.

– repetitive addressing

endurtekningasetning kv.

Fjölsetning sem felur í sér stýringu á því hvernig *setningar*¹ hennar eru *inntar* aftur og aftur.

sh. *lykkjusetning*

– iteration statement, loop statement

endurtæting kv.

(í *tætingu*) Það að beita frekari útreikningum eða öðrum aðferðum til þess að greiða úr *árekstri*².

– collision resolution, rehashing

endurúthlutun kv.

– reallocation

endurvaki kk.

Tæki í *staðarneti* sem magnar eða endurmagnar *merki*² svo að unnt sé að senda um lengri vegalengd milli *gagna-stöðva* eða tengja saman tvo *leggi*.

– repeater

endurvakningar tenginga á sekúndu

Fjöldi endurnýjana á *taugamótasamtengingum* á sekúndu þegar unnið er í námsham.

– connection updates per second, CUPS

endurvakningaraðferð kv.

Aðferð við að ákveða hvenær *vakningarfalli* skuli beitt í *tauganeti*.

– update procedure

endurvekja so.

Endurheimta *texta* eða mynd sem áður hefur verið *eytt*.

· Ekki er unnt að endurvekja *texta* ef *eyðingin* er gerð óafturkallanleg, t.d. með því að gefa *vistunarskipun* á eftir.

– undelete

erfð eigind

*Eigind*¹ sem erfist ofan frá í *þáttunartre*.

– inherited attribute

erfðaflaga kv.

Lífflaga, hönnuð til að fást við búta af erfðaefni lífveru.

· Erfðaflögur eru notaðar meðal annars við rannsóknir og kortlagningu á erfðaefni mannsins.

– genetic biochip

erfðaforritun kv.

Forritun þar sem líffræðileg þróun erfðaeiginleika er höfð að fyrirmynd eða leiðarljósi.

Dæmi: (1) Af mörgum *forritsbútum* sem leysa úr sama verkefni er valinn sá sem skilar bestri niðurstöðu. (2) Með samæxlun sem fyrirmynd er nýtt *forrit* unnið upp úr álitlegum *forrits-*

bútum til að nýta það besta úr þeim öllum.

– genetic programming

erfðanám hk.

Vélrænt nám, byggt á ítrekandi flokkunaralgrími sem velur tvenndir af flokkunaratriðum eftir styrkleika þeirra og beitir erfðavirkjum á tvenndirnar til þess að búa til afkomendur. Sterkustu afkomendurnir koma í stað veikustu flokkunaratriðanna til þess að búa til nýjar trúverðugar reglur þegar tiltækar reglur reynast ófullnægjandi.

· Þessari tegund náms svipar til kenningar Darwins um náttúruval.

– genetic learning

erfðasamfesta kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Samfesta* þar sem lögð er áhersla á að undirskipaðir *klasar*⁴ séu ekki staðsettir af handahófi í erfðaskipaninni.

– inheritance cohesion

erfðasamtenging kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Samtenging*¹ þar sem undirskipaður *klasi*⁴ tengist yfirskipuðum *klasa* með þeim *eigindum*³ og *aðferðum* sem hann erfir.

· Sterk erfðasamtenging er æskileg.

– inheritance coupling

erfðavilla kv.

Villa sem er afleiðing annarrar villu sem kom upp fyrr í tilteknu *ferli*².

– inherited error

erfðir¹ kv. ft.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það að formgerð og mengi *aðgerða*⁴ flyst frá einum *klasa*⁴ til undirskipaðs *klasa*.

– inheritance¹

erfðir² kv. ft.

(í *gervigreindarfræði*) Það að einn eða fleiri *undirklasar* öðlast sjálfkrafa einkenni *yfirklasa*.

· Þetta á við í stigveldisskipaðri *framsetningu þekkingar*².

– inheritance²

erkitölva kv.

Mjög lítil og létt *kjöltutölva* sem hefur rafhlöðu sem endist vel og vinnur líkt og dæmigerð kjöltutölva.

- Fyrirtækið Intel kynnti slíkar *tölvur* til sögunnar árið 2011.

– ultrabook

Euler-tala kv.

Fjöldi *flekkja* í *tvíundamynd* að frádregnum fjölda *flekkja*.

– Euler number

evrópskt tölvuskírteini

sh. *TÖK*

– European Computer Driving License, ECDL

exabiti kk.

Mælieining, notuð við flutning *gagna*, 2⁶⁰ bitar.

sh. *Eb*

– exabit, Eb

exabæti hk.

Mælieining fyrir *geymslurým*, 2⁶⁰ bæti.

sh. *EB*

– exabyte, EB

eyða so.

Fjarlægja *gögn*, t.d. með því að má þau út eða *skrifa ofan* í þau.

Dæmi: (1) Eyða *færslu*¹ úr *skrá* eða *gagnasafni*. (2) Eyða *forriti* eða *texta* úr *minni*.

– delete³, remove

eyðing kv.

Aðgerð sem leyfir notanda að fjarlægja skráðan *texta* að hluta eða í heild.

– delete¹

eyðingarhamur kk.

Hamur sem leyfir notanda að fjarlægja skráðan *texta* að hluta eða í heild.

– delete²

eyðingarhnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að *eyða staf*.

- Oftast er þeim staf eytt sem *bendillinn*¹ er á.

– delete key, DEL key

eyðingarskipun kv.

Ritvinnuskipun, notuð til þess að fjarlægja *texta* sem er í *geymslu*¹.

– delete command

eyðir kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Aðgerð⁴ sem eyðir *hlutum*² og endurheimtir það rými í *minni* sem hlutirnir notuðu.

– destructor

eyðisetur hk.

Yfirgefið og úrelt *vefsetur* vegna flutnings á nýtt *veffang*.

– zombie¹

eyðublaðalesari kk.

Stafalesari sem *les texta* af afmörkuðum svæðum á tiltekinni gerð eyðublaða.

– document reader

eyðustafur kk.

Stafur sem stendur fyrir autt sæti í *streng ritstafa*¹.

- Eyðustafur er annað en *bilstafur*.

- Eyðustafur er ekki í staðlinum ISO/IEC 10646-1.

– blank, blank character

eyja kv.

Svæði sem afmarkast af *jafngildislínu* og er umlukt *fyllingarmynstri*.

– island

F

falda so.

Koma *skipan* fyrir inni í skipan af sömu gerð.

Dæmi: Falda eina *lykkju*¹ annarri, falda eina *steffju*² annarri.

– nest

fall¹ hk.

(í *forritunarmálum*) *Undirforrit*¹, venjulega með *formstika*, sem gefur *gagnagildi* og *skilar* því þegar það er *innt*.

· Gildið má nota beint sem *þolanda* í *segð*.

sh. *fallstefja*

– function¹

fall² hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Regla eða *vörpun*¹ sem tengir *hlut*² við gildi eða mengi gilda.

– function²

fallaforritun kv.

Aðferð til þess að móta meginrætti *forrits* sem *runur* af *köllum á föll*.

· Köllin geta verið *földuð*.

– functional programming

fallamál hk.

Forritunarmál sem býr yfir aðferðum til þess að tiltaka hvað *gagnavinnslukerfi* á að gera með því að nota eingöngu *köll á föll*.

Dæmi: *Forth*, *Lisp*, *ML*, *Miranda*, *Postscript*.

– functional language

fallákvæði hk.

Eiginleiki tvenndar (A,B) af *dálkum*² í *töflu*² sem felst í því að hverju gildi í A tengist eitt og aðeins eitt gildi í B.

· Á máli stærðfræðinnar er þá til vörp-

un af A á B.

– functional dependence

fallálfur kk.

(í *gluggaumhverfi*)

– function wizard

fallháður lo.

(um *dálk*² í *töflu*²) Sem er tengdur tilteknum öðrum dálki þannig að sama samsvörun milli gilda verður að vera í öllum *línnum*² dálkanna.

· Köllum fyrri dálkinn nafn og seinni dálkinn nafnnúmer. Nafnnúmer fallgreinir nafnið, en nafnið er fallháð nafnnúmerinu þar sem eitt nafnnúmer samsvarar hverju nafni.

– functionally dependent

fallstefja kv. → *fall*¹**fara út**

*Inna skipun*¹ eða *setningu*¹ í *forriti* eða *forritshluta* sem stöðvar *inningu* forritsins eða forritshlutans.

– exit²

farandeinkanet hk.

Netsamskipan þar sem *farandtæki* eins og *kjöltutölvur* og *lófatölvur* hafa *aðgang*¹ að *sýndareinkaneti* eða *heimaneti* þótt staðsetning tækjanna breytist.

– mobile VPN, mobile virtual private network

farandfyrirtæki hk.

– mobile enterprise

farandgreiðsla kv.

Greiðsla, innt af hendi með farandtæki.

– mobile payment, m-payment

farandhnappaborð hk.

Hnappaborð til nota við *þráðlaus* tæki.

– portable keyboard, handheld keyboard, hand-held keyboard

farandhnútur kk.

Tæki á *lýðneti* sem auðveldlega má færa á nýjan tengistað við netið.

– mobile node

farandlegur lo.

– mobile

farandsvið hk.

– mobile environment

farandtæki hk.

Dæmi: *Lófatölva* og *snjallsími* eru dæmi um farandtæki.

– mobile device

farandvefur kk.

Vefur þar sem notuð er *vefsjá* og *farandtæki* til þess að fá aðgang¹ að *veraldarvefnum*.

· Farandtækin geta verið til dæmis *snjallsími* eða *spjaldtölva* sem tengjast með *þráðlausu sambandi*¹ við *lýðnetið*.

– mobile web

farandvinnsla kv.

– mobile computing, portable computing

farandvinnslutæki hk.

– mobile computing device

fararhnitill kk.

Búnaður til að staðsetja farartæki.

· Sjá einnig *sjálfvirkur fararhnitill*.

– vehicle locator

farga so.

(um *færslur*¹ eða *skrár* í *gagnasafni*)

– purge

farstöðvakerfi hk.

· PMR stendur fyrir „Private Mobile Radio System“.

– PMR

fartölva kv.

Örtölva sem unnt er að flytja í handfangri og nota á fleiri en einum stað.

sh. *ferðatölva*

– mobile computer, portable computer

fasaflökt hk.

*Flökt*², gefið sem brot af *einkennisbilinu*.

– phase jitter

fasakótun kv.

(í *gagnafljarskiptum*) Kótun þar sem *fasi* lotubundins *merkis*² er notaður til þess að *kóta stafræn gögn*.

Dæmi: *Manchester-kótun*.

– phase encoding¹

fasalyklun kv.

Mótun þar sem mótandi *stafrænt merki* lætur *fasa* frálagsmerkisins breytast milli tiltekinna fyrir fram ákveðinna gilda.

– phase shift keying, PSK

fasamótuð skráning

Segulskráning þar sem hverju *geymsluhólfi* er skipt í tvo hluta sem seglaðir eru í gagnstæðar áttir. Röð seguláttanna sýnir hvort *biti* sem setja á fram er 0 eða 1.

– phase modulation recording, phase encoding²

fasamótun kv.

Mótun þar sem *fasa* er breytt.

– phase modulation, PM

fasasamfelld tíðnilyklun

Tíðnilyklun þar sem *stakaskil* milli fyrir fram ákveðinna tíðnigilda gerast með breytingu á tíðni þannig að ekki verði fasavik við stakaskilin.

· Líta má á fasasamfellda tíðnilyklun sem andstæðu við ósamfelld skipti frá einu tíðnigildi í annað, sem unnt er að framkvæma með rofa.

– phase-continuous frequency shift keying, phase-continuous FSK

fasasamstíg tíðnilyklun

Tíðnilyklun þar sem fyrir fram ákveðin tíðnigildi eru heil margfeldi af *bita-hraðanum* og *stakaskil* milli tíðnigilda anna eru látin verða þegar *burðarbylgjan* tekur gildið núll.

– phase-coherent frequency shift keying, phase-coherent FSK

fasi kk.

– phase

fast bandstrik → *tengistrik*

fast bil → *fastabil*

fast IP-númer

sh. *föst IP-tala*

– static IP address

fast stafbil → *fastabil*

fastabil hk.

Bil í *stafstreng*, sett fram með *sérstaf* sem varnar því að *ritvinnsluforrit* skipti stafastrengnum milli lína á þeim stað.

· Fastabil er einnig unnt að tilgreina með *ívafsskipun*.

Dæmi: Í umbrotskerfinu *TeX* er sérstafurinn \sim notaður fyrir fastabil, þannig að t.d. stafastrengurinn 12ˆ000 er prentaður sem 12 000.

sh. *bundið stafbil*, *fast stafbil*, *bundið bil*, *fast bil*

– non-breaking space, no-break space, hard space

fastadiskur kk.

Seguldiskur sem er ekki *umskiptanlegur*.

– fixed disk

fastakommugisti hk.

Gisti, notað til þess að vinna úr *gögnum* í *fastakommukerfi*.

– fixed-point register

fastakommukerfi hk.

Grunntalnakkerfi þar sem *brotskil* eru ekki skráð en hafa fasta stöðu meðal *sætanna*².

– fixed-point representation system

fastakommutag hk.

Rauntölutag þar sem hvert tilvik er sett fram í *fastakommukerfi*.

– fixed-point type, implied decimal type

fastasnið hk.

*Snið*¹ sem ákveðið er fyrir fram, þannig að *gögn* og *skipanir*¹ eru skráðar eftir föstum reglum.

– fixed format

fastatexti kk.

*Geymdur*² *texti*, ætlaður til notkunar í

mörgum *skjölum*¹.

– boilerplate

fastbúnaður kk.

Raðað mengi *skipana*¹ ásamt tengdum *gögnum* sem þannig er *geymt*², venjulega í *lesminni*, að búnaðurinn starfar óháð *aðalminni*.

– firmware

fastgeirun kv.

Það að auðkenna með eðlisfræðilegum merkjum skil milli *geira* á *seguldiski*.

– hard sectoring

fastheldin geymsla

*Geymsla*¹ sem *gögn* tapast ekki úr þótt straumur sé rofinn.

· Sjá einnig *lausheldin geymsla*.

– nonvolatile storage

fastheldinn lo.

(um *geymslu*¹ og *minni*) Sem *gögn* tapast ekki úr þótt straumur sé rofinn.

· Sjá einnig *fastheldin geymsla* og *lausheldinn*.

– nonvolatile

fasti kk.

Fjórþætt fyrirbæri sem er annaðhvort skilgreint sérstaklega eða með *ífólginni skilgreiningu* og er gert úr *nefni*, *eigindum*¹, einu eða fleiri *vistföngum* og aðeins einu *gagnagildi*.

– constant

fastkótaður lo.

(um *gagnagildi*) Sem er gefinn beint, til dæmis sem ákveðin tala eða ákveðinn *stafastrengur* í *forriti*.

· Fastkótuðu *gagnagildi* í *forriti* verður ekki breytt nema með því að breyta *forritinu* áður en það er *innt*.

· Sjá einnig *lauskótaður*.

– hard-coded

fastkótun kv.

Það að nota *fastkótað gagnagildi*.

– hard coding

fastlengdarfærsla kv. → *jafnlengdarfærsla*

fastmiðað gildi

(í *sýndarveruleika*) Gildi fyrir stað og stefnu í *sýndarrými*, mælt frá einum föstum upphafspunkti.

– absolute value

fasttengdur lo.

(um tæki) Sem er tengdur öðru tæki með streng eða *línu*³ en ekki með *ffarskiptum*.

Dæmi: (1) *Útstöð* fasttengd *miðverki*.

(2) Einn *gjörvi* fasttengdur öðrum *gjörva*.

– hardwired¹

fastyrðing kv.

Máleineing sem kveður á um tiltekna stöðu sem verður að vera fyrir hendi eða tiltekið skilyrði sem þarf að fullnægja á tilteknum stað í *forriti* þegar það er *innt*.

– assertion

fastyrðing lykkju

Rökleg *segð* þar sem tiltekið er eitt eða fleiri skilyrði sem þarf að fullnægja í hvert sinn sem tiltekinn hluti *lykkju*¹ er *inntur*.

– loop assertion

fata kv.

Afmarkað *rými* í *geymslu*¹ fyrir allar *færslur*² sem hafa sama *tætvistfang*.

– bucket

fá aðgang að

Fá not af *gögnum* eða *tilföngum gagna-vinnslukerfis*.

sh. *hafa aðgang að*

– access³

fáanlegur¹ lo. → *tiltækur*¹**fáanlegur**² lo. → *tiltækur*²**fáanleiki**¹ kk. → *tiltækileiki*¹**fáanleiki**² kk. → *tiltækileiki*²**fágunarsundurgreining** kv.

Sundurgreining sem er minni en einn *díll* og er fengin með milligildingunni.

– sub-pixel resolution

FC-kort hk. → *leifturmíniskort***FC-spjald** hk. → *leifturmíniskort***FED-skjár** kk.

Skjár þar sem notuð er tiltekin tækni sem m.a. flatskjáir byggjast á.

– field emission display, FED

feðma so.

Sía og tvinna saman *merki*², t.d. *hljóðmerki*, og skila þeim sem þrívíddarmerkjum.

– convolve

feðming kv.

Tækni við *ummyndun myndar*, fólgin í því að vinna úr myndbútum og samantöllum eintökum þeirra fyrir *sudhrensun*, *útlínuskerpingu* o.s.frv.

– convolution

feðmingarkjarni kk.

Hópur grannstæðra *díla* sem *feðmingu* er beitt á.

– convolution kernel

feigðarbrigði hk.

– fatal exception

feigðarskekkja kv.

Skekkja sem er þess eðlis að frekari *inning forrits*, ef til kemur, skilar marklausum niðurstöðum.

– fatal error

feitetra so.

Prenta með *feitur letri*.

– boldface²

feitetraður lo. → *feitleturs-***feitleturs-** fl.

Prentaður með *feitur letri*.

sh. *feitetraður*

– boldface³, boldfaced

feitt letur

Leturbrigði sem er gildara og dekkra en aðalleturbrigðið og notað t.d. í fyrirsögnum til að greina þær frá öðrum *texta*.

– boldface¹, bold face

feitur lo.

(um letur)

– bold

fella saman¹ → *tvinna***fella saman**² → *loka*

fella sundur → *opna*

fellilisti kk.

- (í gluggaumhverfi)
- drop-down list box

fellivalmynd kv.

- Valmynd* sem *birtist*¹ undir *valrönd* þegar notandi velur nafn eða *teikn* á röndinni.
- pull-down menu

ferða- fl.

- (um tæki) Sem unnt er að flytja auðveldlega á milli staða.
- portable²

ferðatölva kv. → *fartölva*

ferilgjafi kk.

- Búnaður sem breytir kótaðri framsetningu ferils í *myndraena* framsetningu svo að unnt sé að *birta*¹ ferilinn.
- curve generator

ferillesari kk.

- Ílagstæki* sem *les gögn*, sett fram sem ferill.
- curve follower

ferilnemi kk.

- Ílagstæki* sem skilar röð hnita og skráir þannig slóð sína.
- Dæmi: *Hnitill* sem skilar gildum með jöfnu millibili.
- stroke device

ferjald hk.

- Tæki, knúið orku sem kemur úr einu kerfi og lætur öðru kerfi í té orku í sama eða breyttu formi.

- Dæmi: (1) Símtól sem knúið er raforku og sendir frá sér hljóðorku. (2) Kvarskristallar sem breyta vélrænni orku í raforku.

sh. *orkubreytir*

- transducer

ferli¹ hk.

- Fyrir fram ákveðin röð atburða, skilgreind með tilgangi hennar eða með þeim áhrifum sem hún á að hafa við tiltekin skilyrði.
- process¹

ferli² hk.

- (í *gagnavinnslu*) Fyrir fram ákveðin röð atburða sem verður meðan á *inningu forrits* eða hluta þess stendur.
- process²

ferli³ hk. → *tækni ferli*

ferlisstýring kv.

- Stýring *ferlis*¹ þar sem *gagnavinnslukerfi* er notað til þess að stjórna vinnslu eða aðgerðum sem venjulega eru samfelldar.
- process control

ferningatré hk.

- Framsetning tvívíðs hlutar sem *hrísluskipan* fjórðunga. Fjórðungarnir eru myndaðir með því að halda áfram að deila hverjum misleitum fjórðungi í smærri fjórðunga uns allir eru einleitir miðað við tiltekið einkenni eða deilt hefur verið í fjórðunga jafnoft og ákveðið var fyrir fram.

- Sjá einnig *átthyrningatré*.

- quadtree

ferningsmeðaltal hk.

- root-mean-square, rms

FET-smári kk. → *sviðshrifasmári*

félagsmiðill kk.

- Sérstakt *vefsetur* þar sem einstaklingar geta skipst á *upplýsingum*¹ í formi texta, mynda og hljóðs og rætt sameiginleg áhugamál.

- Félagsmiðlar geta tekið á sig ýmsar myndir. Má þar nefna *vefþing*, *blogg*, *örblogg*, *hlaðvarp* og *félagsnetþjónustu*.

- Dæmi: Vefsetur eins og „Facebook“ og „MySpace“ eru dæmi um félagsnetþjónustu, „Twitter“ er dæmi um örblogg og vefsetrið „Flickr“ er dæmi um margmiðlunarþjónustu.

- social media

félagsnet hk.

- Sjá einnig *félagsmiðill*.

- social network

félagsnetþjónusta kv.

- Sjá einnig *félagsmiðill*.
- social networking

Fésbók kv. → *Vinamót***FF-samskipti** hk. ft.

Rafræn *samskipti* fyrirtækis við fyrirtæki.

- sh. *B2B-samskipti*
- B2B, business to business

Fibonaccisleit kv.

*Skiptileit*¹ þar sem fjöldi *gagnastaka*¹ í hvoru mengi eftir hverja skiptingu er látinn vera jafn tveimur granntölum í Fibonaccisrununni. Ef fjöldinn í einhverju mengi er ekki jafn Fibonaccistölu er hann látinn vera jafn næstu tölu fyrir ofan í rununni.

- Fibonaccisruna er talnarunan 1, 1, 2, 3, 5, 8, ... þar sem tvær fyrstu tölurnar eru 1 og hver tala þar á eftir er *summan* af tveimur næstu tölum á undan.
- Í Fibonaccisleit er meðalhreyfing *gagnamiðla* með *runuleið* minni en í *helmingaleit*.
- Fibonacci search

firðvist kv.

- (í *sýndarveruleika*)
- tele-existence

fisja kv.

Örfilma sem á eru nokkrar raðir af *örmyndum*.

- Efst á filmublaðinu er oft texti sem lesa má með berum augum og segir til um hvaða efni er á fisjunni.
- Fisjur eru yfirleitt af stærðinni A6.
- microfiche, fiche

fingerð teiknun

Tölvuteiknun þar sem notaðir eru margar smáir *dílar*.

- Nota má t.d. 1024 × 1024 díla á *skjá*.
- high-resolution graphics

fingerður lo.

(um *mynd*¹ eða teiknun) Sem notar marga smáa *díla*.

- high-resolution¹

finleysinn lo.

(um tæki) Sem notar marga smáa *díla*.

- high-resolution²

fjaraðgangspjónn kk.

- remote access server

fjaraðgangur kk.

- remote access

fjarendasmit hk.

- far end crosstalk

fjarfundahald hk.

Það að halda *fjarfund*.

- teleconferencing

fjarfundur kk.

Gagnvirk samskipti þáttakenda á mismunandi stöðum með notkun fjar-skiptabúnaðar.

Dæmi: (1) *Símafundur*. (2) *Myndfundur*.

- teleconference

fjarkennsla kv.

- distance teaching

fjarmenntun kv.

- distance education

fjarmælingar kv. ft.

Þráðlaus sending og móttaka mældra stærða í því skyni að vakta úr fjarska umhverfisaðstæður og *stika*¹ tækjabúnaðar.

- telemetry

fjarmælitækni kv.

Tækni sem felur í sér *sjálfvirka* mælingu og sendingu *gagna* frá *fjartengdum gagnagjöfum*.

- Ensku heitunum „telemetry“ og „telemetrics“ er oft víxlað.
- telemetrics

fjarnám hk.

- distance learning

fjarriti¹ kk.

*Ílags- og frálags*tæki með *hnappaborði* og *prentara*.

- Fjarriti líkist ritvél og er oft tengdur *ræmugatara* og *gataræmulesara*. Fjarrita má tengja beint við *tölvu* eða

- nota til þess að útbúa *gataræmur*².
– teletypewriter, TTY
- fjarriti**² kk.
Tæki með *hnappaborði*, notað til þess að senda *gögn* með *fjarritun*. Tækið getur einnig tekið við gögnum og skrifað þau á pappír.
– teleprinter
- fjarritun** kv.
Fjarskiptaþjónusta þar sem *fjarritar*² eru tengdir með almennu fjarritaneti um *sjálfvirkar* eða handvirkar skiptistöðvar.
– telex
- fjarræsa** so.
Ræsa *tölvu* með *fjartengdum tilföngum*.
– remote bootstrap, remote boot
- fjarskabúnaður** kk.
Verkbúnaður fyrir *sýndarveruleika* þar sem *sýndarheimur* er fjartengt *umhverfi* sem *fjarstjórar* stjórna.
– telepresence²
- fjarskavera** kv.
Sálfræðileg reynsla sem vekur þá tilfinningu að vera gagntekinn í *sýndarheimi*.
– telepresence¹
- fjarskavinnsla** kv. → *skýjavinnsla*
- fjarski** kk. → *tölvuský*
- fjarskipti** hk. ft.
Það að flytja *upplýsingar*¹ milli staða.
· Í nútímatækni eru aðallega notaðar þrjár flutningsaðferðir. Upplýsingar eru sendar sem rafboð um leiðara, með rafsegulbylgjum eða sem ljósmerki eftir *ljósþræði*.
– telecommunication
- fjarstilling** kv.
sh. *fjarstýrð endurstilling*
– remote reset
- fjarstjóri** kk.
Tæki sem nota má til að stjórna fjartengdu *umhverfi*.
– teleoperator
- fjarstýrð endurstilling** → *fjarstilling*

fjarstýrt viðhald

- Viðhald* búnaðar sem er framkvæmt með *fjarskiptum* undir stjórn eða með aðstoð fjartengdrar viðhaldsþjónustu.
· Með fjarskiptum í þessu samhengi er ekki átt við *samskipti* innan *staðarnets* á þeim vinnustað þar sem búnaðurinn er.
– remote maintenance, telemaintenance, online maintenance

fjartengd runuvinnsla

- Runuvinnsla* þar sem *ílags- og frálags-tæki* eru tengd *tölvu* um *gagnagrein*.
– remote batch processing

fjartengd verksending

- Það að leggja *verk* fyrir *tölvu* um *ílags-tæki* sem tengt er tölvunni um *gagnagrein*.
– remote job entry, RJE

fjartengdur lo.

- (um búnað til *gagnavinnslu*) Sem er tengdur *tölvu* um *gagnagrein*.
– remote, remotely connected, link-attached

fjarvakning kv.

- Tækni sem leyfir netstarfsmanni í fjarska að *kveikja*¹ á *tölvu* eða vekja hana úr *dvalaham*.
– Wake on LAN, remote wake-up, RWU

fjarverumerki hk.

- Táknið* ∅.
· Sjá einnig *íverumerki*.
– not-element-of symbol

fjarvinna kv.

- Notkun *fjarskipta* til að vinna utan hefðbundins vinnustaðar, venjulega heima eða með farandbúnaði.
– telecommuting, telework, cybercommuting

fjarvinnsla kv.

- Gagnavinnsla* þar sem sumar ílags- og frálagsaðgerðir fara fram í tækjum, tengdum *gagnavinnslukerfi* með *gagnafjarskiptum*.

– remote-access data processing, teleprocessing

fjörgisti hk.

Fjögur *gisti* sem starfa eins og eitt gisti.
– quadruple-length register, quadruple register

fjörstak hk.

Ein af fjórum einingum.
– quad

fjölbeinir kk.

Búnaður sem breytir merkjarunu í samsvarendi merkjafylkingu.
– staticizer, serial-parallel converter

fjölbinda so.

Gefa einu *lesstaki* fleiri en eina merkingu.

Dæmi: Reikningsvirkinn „+“ getur átt við heiltölusamlagningu, rauntölusamlagningu, mengjasameiningu, samtengingu *strengja* o.s.frv.

– overload

fjölbinding kv.

Tví- eða margræðni *lesstaks*.

· Sama lesstak getur átt við fleira en eitt, t.d. *breytu*² og *fall*¹. Ráða verður af samhengi hverju sinni við hvað er átt.

– overloading

fjölbita bæti

Bæti ásamt tilgreiningu á þeim fjölda *bita* sem í því eru.

Dæmi: 7 bita bæti.

sh. *fjölbita tölvustafur*

– n-bit byte

fjölbita tölvustafur → *fjölbita bæti***fjölbreytinn** lo.

sh. *fjölmóta*

– polymorphic

fjölbreytir amapósts

Forrit sem býr til textastreng til þess að setja inn í amapóstskeyti þannig að *amasíu* virðist sem um nýtt skeyti sé að ræða í hvert sinn sem skeytið er sent.

· Textastrengurinn er ýmist settur í efnislínu, sendandalínu eða á eftir texta

skeytisins og getur verið samhangandi texti eða bull.

– hash buster

fjölbreytni kv.

Það að ólíkir *hlutir*² geta brugðist við sama *boði* á mismunandi hátt.

sh. *fjölmótun*

– polymorphism

fjölburðarmótun kv.

Aðferð við *gagnaflutning* þar sem *gögnum* er skipt í þætti og hver þáttur sendur á sérstakri *burðarbylgju*.

– multi-carrier modulation, MCM

fjöldaaðgangur kk.

Sérhver aðferð þar sem mörgum *útstöðvum* er gert kleift að samnýta getu *sendirásar* á fyrir fram ákveðinn hátt eða í samræmi við flutningsþörf sína.

– multiple access

fjöldatala kv. → *stakafjöldi***fjöldreifing** kv.

Það að selja rétt til þess að senda útvarps- og sjónvarpsþætti frá mörgum stöðvum án þess að nýta net fjölmiðla.

– syndication

fjöldreifing á vefnum

Ein tegund *fjöldreifingar* þar sem efni af einu *vefsetri* er gert aðgengilegt á mörgum öðrum setrum.

· Fjöldreifing á vefnum er oftast notað um það að gera *vefmát* á tilteknu vefsetri aðgengilegt til þess að aðrir fái aðgang að útdrætti eða samantekt af efni sem nýlega hefur verið sett á vefsetrið.

– web syndication

fjölerfðaklasi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Klasi*⁴ sem hefur fleiri en einn *yfirklasa*.

– join class

fjölerfðir kv. ft.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Erfðir*¹ sem felast í því að *klasi*⁴ getur átt fleiri en einn *yfirklasa* og erft *sérkenni*

frá öllum *arfgjöfum*.

- Sjá einnig *einerfðir*.
- multiple inheritance

fjölforritavinnsla kv.

Vinnsluáðferð þar sem tvö eða fleiri *forrit fléttast* í einum *gjörva*.

- Forrit, gerð með þessum hætti, mætti kalla fjölunnin forrit.
- multiprogramming

fjölframlag hk.

Framlag til margra staða samtímis.

- cross-post

fjölgesti hk.

Gisti, tvö eða fleiri, sem starfa eins og eitt gisti.

- Fyrir tiltekinn fjölda gista er í stað heitisins fjölgesti notað heiti með þrengri merkingu, t.d. tvígesti og þrígesti.
- N-tuple length register, N-tuple register

fjölgyörvamiðlari kk.

- n-way server

fjölgyrvatölva kv.

Tölva sem í eru tveir eða fleiri *györvar* sem hafa *aðgang*¹ að sameiginlegu *aðalminni*.

- multiprocessor

fjölgyrvavinnsla kv.

Vinnsluáðferð þar sem tveir eða fleiri *györvar* í *fjölgyrvatölvu* vinna *samhliða*.

- multiprocessing

fjölgrunnakerfi hk.

Grunntalakerfi þar sem *sætin*² geta haft mismunandi *grunntölu*.

- Sjá einnig *eingrunnskerfi*.

Dæmi: Í tilteknu *talnaritunarkerfi* tákna þrjár *tölustafir*, sem standa saman, klukkustundir, margfeldi af 10 mínútum og mínútur. Ef mínúta er tekin sem eining verða *vægi*¹ sätanna 60, 10 og 1 og grunntala annars sætis er 6 og þriðja sætis 10. Sambærilegt talnaritunarkerfi, þar sem einn

tölustafur tákna daga og tveir stafir klukkustundir, getur ekki kallast grunntalakerfi því að *hlutfall* af vægi fyrsta og annars sætis er ekki *heil tala*. Í því talnaritunarkerfi merkir til dæmis 213 tvo daga og þrettán klukkustundir og hlutfallið af vægi fyrsta og annars sætis er 2,4.

- mixed radix notation

fjölhnappastöfun kv.

Áðferð við innslátt *texta* þar sem styðja þarf á marga *hnappa* til þess að fá fram einn *staf*.

- multistroke character entry

fjölhæft kort

Greiðslukort þar sem útgefendur korts eru margir og seljendur vöru og *þjónustu*¹ sömuleiðis.

- multi-purpose card

fjöl móta lo. → fjölbreytinn

fjöl mótun kv. → fjölbreytni

fjölmynda dílavinnsla

Vinnsluáðferð, fólgin í því að sameina tvær eða fleiri *myndir*² með því að leggja þær saman eða finna mismun þeirra *díl* fyrir díl.

- Þessi áðferð er gagnleg fyrir *verkforrit* sem þurfa að geta látið myndir skarast, greint galla o.s.frv.
- multiple-image pixel-point processing

fjölnet hk.

Net sem sameinar ólíkar gerðir *tölvuneta* þannig að notanda virðist sem um eitt tölvunet sé að ræða.

Dæmi: *Lýðnetið*.

- global area network, GAN

Fjölirnir kk.

Heiti á *forritunarmáli* fyrir PC-samhæfar tölvur.

- Fjölirnir er íslenskt *forritunarmál* þar sem beitt er *einingsforritun* og *listavinnslu* og notuð eru íslensk *lykilorð*¹. Upphaf Fjölris má rekja til Snorra Agnarssonar árið 1985.

fjölnotendakerfi hk.

Gagnavinnslukerfi þar sem svo virðist sem margir notendur geti haft *aðgang*¹ að sömu *tölvu* á sama tíma.

- Í fjölnotendakerfum er beitt *gagnvirkri skiptivinnslu*.
- multi-user system, multi-access system

fjölrásargreining¹ kv. → *fléttugreining*¹

fjölrásargreining² kv. → *fléttugreining*²

fjölrásargreininir kk. → *fléttugreininir*

fjölrásari kk. → *fléttari*

fjölrásun¹ kv. → *fléttun*¹

fjölrásun² kv. → *fléttun*²

fjölraðistala kv.

Fjöldi *forritseininga* sem stjórna tiltekinni forritseiningu.

- Há fjölraðistala segir til um fasta *samtengingu*¹ þar sem hún er mælikvarði á það að hve miklu leyti forritseiningar eru háðar hver annari.
- fan-in

fjölsetning kv.

*Setning*¹ sem felur í sér eina eða fleiri setningar og er afmörkuð þannig að hún jafngildir *einfaldri setningu*.

- compound statement

fjölskjal hk.

Samþætt *skjal*¹ sem í er efni frá mismunandi *verkbúnaði*.

- Hver þáttur í fjölskjali er *vistaður* þannig að unnt er að fást við hann með þeim *verkbúnaði* sem notaður var til að búa hann til.

Dæmi: Í fjölskjali getur verið *texti* frá *ritvinnsluforriti*, *myndir*² frá *myndvinnslubúnaði* og *hnitarit* frá *töflu-reikni*.

- compound document

fjölspilari kk.

Hugbúnaður, notaður til að spila mynd- og hljóðefni af *lýðnetinu*.

- media player

fjölstiga búnaður

Búnaður sem getur samtímis unnið úr

gögnum á tveimur eða fleiri *öryggisstigum* án þess að slakað sé á *tölvuöryggi*.

- Sjá einnig *Einstiga búnaður*.
- multilevel device

fjölsviðamagnari kk.

Magnari með mögnunarþátt sem má skipta um, forrita eða stilla sjálfvirkt í því skyni að laga svið ólíkra *flaumrænna merkja*² að tilteknu frágagssviði.

- multirange amplifier

fjöltaga lo.

(um *segð*) Sem hefur tvö eða fleiri mismunandi *gagnatög*.

- mixed mode, mixed type

fjölundakótun kv.

Kótun *stafrænna gagna* þannig að á tiltekinni stundu geti *merkið*² verið í einni eðlisfræðilegri stöðu af tveimur eða fleiri hugsanlegum.

- Fyrir tiltekinn fjölda hugsanlegra staðna má í stað heitisins fjölundakótun nota heiti með þrengri merkingu. Ef hugsanlegar stöður eru t.d. tvær er notað heitið tvíundakótun.
- n-ary encoding

fjölvaðabúnaður kk.

*Undirforrit*¹ sem fylgir sumum *smölum* og *vistþýðendum* til þess að búa til *fjölvaskilgreiningar*.

- macroprocessor

fjölvaforritun kv.

Forritun þar sem notaðar eru *fjölvaskilgreiningar* og *fjölvaskipanir* eða *fjölva-köll*.

- macroprogramming

fjölvakall hk.

*Setning*¹ sem skipt skal á fyrir *fjölvaskilgreiningu*.

- macrocall

fjölval hk.

- multiple choice

fjölvmál¹ hk.

Forritunarmál, hannað til þess að semja *fjölvaskilgreiningar* og *fjölvaskipanir*.

- macrolanguage¹

fjölvmál² hk.

Forritunarmál sem í eru *fjölvaskilgreiningar* og *fjölvaskipanir*.

– macrolanguage²

fjölvangs- fl.

(um *forrit*, *stýrikerfi*, *forritunarmál* og annan *hugbúnað*) Sem getur unnið á margs konar *verkvöngum*.

– cross-platform, multi-platform

fjölvarp¹ hk.

– MMDS, multichannel multipoint distribution service

fjölvarp² hk.

– MVDS, multipoint video distribution system

fjölvasafn hk.

Samsafn af *fjölvaköllum* og *fjölvaskipunum* ásamt *fjölvaskilgreiningum* sem *fjölvasmiður* getur notað.

– macro library

fjölvaskilgreining kv.

Fyrir fram skilgreind *runa setninga¹* eða *skipana¹* sem kemur í staðinn fyrir *fjölvaskipun* eða *fjölvakall*.

sh. *fjölvi²*

– macrodefinition

fjölvaskipun kv.

Skipun¹ sem skipt skal á fyrir *fjölvaskilgreiningu*.

sh. *fjölvi¹*

– macroinstruction, macro

fjölvasmali kk.

Smali sem felur í sér *fjölvasmið* eða getur unnið verk hans.

– macroassembler

fjölvasmiður kk.

Forritseining, oft hluti af *smala* eða *vistþýðanda*, sem setur viðeigandi *kóta²* í stað *fjölvaskipunar* eða *fjölvakalls* samkvæmt *fjölvaskilgreiningu*.

– macrogenerator

fjölvaveira kv.

Veira, *kótuð* sem *fjölvi²* og ívafin í *skjal¹*.

· Flestar veirur eru fjölvaveirur.

– macro virus

fjölvaþan hk.

Runa setninga¹ sem verða til þegar unnið er úr *fjölvaskipun* eða *fjölvakalli*.

– macroexpansion

fjölverkavinnsla kv.

Vinnsluáðferð þar sem tvær eða fleiri *verkeiningar* eru unnar *samskeiða* eða *fléttast*.

· Verk, unnin með þessum hætti, mætti kalla fjölnnin verk.

– multitasking

fjölvi¹ kk. → *fjölvaskipun***fjölvi²** kk. → *fjölvaskilgreining***fjölvistarskipun** kv.

Skipun¹ sem hefur *n* *vistfangshluta*, þar sem *n* getur verið hvaða *náttúrleg tala* sem vera skal.

· Sjá einnig *einvistarskipun* og *tvívistarskipun*.

– n-address instruction

fjölýrt skráning

Skráningarhamur þar sem skráðar eru meiri *upplýsingar¹* en í venjulegum skráningarham.

– verbose logging

fjölþráða lo.

Sem lýtur að *fjölþráðavinnslu*.

– multithread

fjölþráðavinnsla kv.

Vinnsluáðferð þar sem tveir eða fleiri *þræðir¹* eru unnir *samhliða* með sama *forriti*.

– multithreading

fjölþætt árá

Árás á *tölvunet* í því skyni að hámarka skaða og útbreiðslu smits með því að nota ýmsar aðferðir, t.d. eiginleika *veira* og *orma* og nýta jafnframt *veilur* í *tölvum*, *netum* og öðrum búnaði.

– blended threat

fjölþætt sannvottun

Dæmi: *Tvíþætt sannvottun*, *þríþætt sannvottun*.

– multi-factor authentication

fjölþætt öryggisstjórn

Víðtækar ráðstafanir til þess að tryggja *netöryggi* og beinast að margs konar *spilliforritum*, *fjölþættum árásum* og *amapósti* og verja gegn árásum bæði á *millinetagáttir* og á lokaákvörðunarstað.

– integrated threat management

flatargreining kv.

Það að ákvarða stærð svæðis tiltekens sjónsviðs sem hefur tiltekinn *gráma* eða *áferð*.

– area analysis

flatborðsteiknari kk.

Teiknari sem *teiknar mynd¹* á myndflöt á lárétu yfirborði.

– flatbed plotter

flaumbreyta kv. → *flaumræn breyta***flaumframsetning kv.** → *flaumræn framsetning***flaumgervill kk.**

Búnaður sem breytir *stafrænni framsetningu gagna* í *flaumræna framsetningu*.

sh. *?D/A-breytir*

– digital-to-analog converter, D/A converter, DAC

flaumgögn hk. ft. → *flaumræn gögn***flaumræn breyta**

Merki² sem breytist á samfelldan hátt og stendur annaðhvort fyrir stærðfræðilega *breytu¹* eða eðlisstærð.

sh. *flaumbreyta*

– analog variable

flaumræn framsetning

Það að setja gildi *breytu¹* fram með eðlisstærð sem breytist á samfelldan hátt og er í réttu *hlutfalli* við breytuna eða viðeigandi fall af henni.

sh. *flaumframsetning*

– analog representation

flaumræn gögn

Gögn, sett fram með eðlisstærð sem breytist á samfelldan hátt og er í réttu *hlutfalli* við gögnin eða viðeigandi fall

af þeim.

sh. *flaumgögn*

– analog data

flaumræn ílagsrás

Leið fyrir *flaumræn gögn* milli tengils og *stafgervils* í *flaumrænu undirkerfi ílags*.

· Á þessari leið getur verið sía, flaumrænn merkjafléttari og einn eða fleiri magnarar.

– analog input channel

flaumræn mynd

Mynd² sem notar gildi á samfelldu bili.

· Sjá einnig *stafræn mynd*.

Dæmi: Á dæmigerðri ljósmynd er talin vera *birta²* og *litblær* á samfelldu bili.

– analog image, ?continuous image

flaumræn tölva

Tölva sem tekur við, vinnur úr og býr til *flaumræn gögn* og hagar sér þannig að *aðgerðir¹* hennar eru hliðstæðar hegðun annars kerfis.

sh. *flaumtölva*

– analog computer

flaumrænn lo.

(um eðlisstærðir, *gögn*, *ferli¹* og búnað)

Sem breytist á samfelldan hátt, er settur fram með stærð sem breytist á samfelldan hátt eða notar gögn, sett fram á þennan hátt.

– analog

flaumrænn deilir

Búnaður er skilar sem *frálagi flaumrænni breytu* sem er í réttu *hlutfalli* við hlutfall tveggja flaumrænna breytina *ílagsins*.

– analog divider

flaumrænn frálagsmagnari

Magnari sem er tengdur við eina eða fleiri *flaumrænar* frálagsrásir og lagar svið frálagsmerkis frá *flaumgervli* að þeim styrkleika sem nauðsynlegur er til þess að stjórna *tækniiferli*.

· Ef sameiginlegur flaumgervill er í

undirkerfinu gegnir magnarinn hlutverki *aflestrarfestis*.

– analog output channel amplifier

flaumrænn ílagsmagnari

Magnari sem er tengdur við eina eða fleiri *flaumrænar ílagsrásir* og lagar styrkleika *flaumræna merkisins* að ílagssviði *stafgervils* sem á eftir kemur.

– analog input channel amplifier

flaumrænn margfaldari

Búnaður er skilar sem *frálagi flaumrænni breytu* sem er í réttu *hlutfalli* við margfeldi tveggja flaumrænna breytna *ílagsins*.

– analog multiplier

flaumrænn samleggjari

Búnaður er skilar sem *frálagi flaumrænni breytu* sem er jöfn *summunn* eða veginni summu af flaumrænum breytum *ílagsins*.

– summer, analog adder

flaumrænt merki

*Merki*² þar sem sú einkennisstærð sem stendur fyrir *gögn* getur hvenær sem er tekið hvaða gildi sem er á samfelldu bili.

· Flaumrænt merki getur t.d. fylgt á samfelldan hátt gildum annarrar eðlisstærðar sem stendur fyrir *gögn*.

– analog signal

flaumtölva kv. → *flaumræn tölva*

flaut hk.

– beep

flautkóti kk.

– beep code

flekkmerking kv.

Aðferð við að auðkenna *vistfengdan flekk á birtri*¹ mynd².

· Auðkenna má flekkinn t.d. með *skyggingu*², benda á hann með *bendli*¹ eða merkja hann með *ritstaf*².

– blob labeling

flekkur kk.

*Svæði*³ á mynd² þar sem allir *dílar* hafa sama *litgildi*.

– blob

flenna kv. → *flennusíða*

flennusíða kv.

Vefsíða sem er látin *birtast*¹ um stundarsakir til að ná athygli notandans.

sh. *flenna*

– jump page

fletja kv.

Það að hve miklu leyti flatur *hlutur*³ birtist sem flöt *mynd*².

– flatness-of-field

fleytihaus kk.

Segulhaus sem flýtur á loftlagi og snertir ekki skráningarflötinn.

– floating head, flying head, air-floating head

flétta so.

Láta einingar í tveimur eða fleiri *runum* atburða eða hluta, sem eru sama eðlis, skiptast á þannig að hver runa sé greinanleg frá öðrum runum.

– interleave

fléttari kk.

(í *gagnafjarskiptum*) Búnaður til þess að setja saman *merki*² frá mismunandi *gagnagjöfum* í eitt samsett merki.

sh. *fjölrásari*

– multiplexer¹, data multiplexer

fléttuboðrás kv.

Boðrás, ætluð til þess að þjóna mörgum *ílags- og frálagstækjum* í einu.

· Með því að nota fléttuboðrás geta nokkrar *útsöðvar* fengið hver sitt *tengi*, unnið með ólíkum hraða og átt samtímis *samskipti* við *tölvu*.

– multiplexer channel, multiplexer²

fléttugreining¹ kv.

Það að færa *merki*², myndað með *fléttun*¹, aftur í upprunalegt horf sem óháð merki eða hópa slíkra merkja.

· Fléttugreiningu má framkvæma á hluta merkis, t.d. til þess að draga hóp merkja úr stærri hóp.

sh. *fjölrásargreining*¹

– demultiplexing¹

fléttugreining² kv.

(í *OSI*) Aðgerð, sem *einindi²* í tilteknu *lagi¹* framkvæmir, fólgin í því að finna *reglugagnaeyningar* í því lagi fyrir tvö eða fleiri *sambönd²* í laginu. Reglugagnaeyningarnar eru hluti af *þjónustugagnaeyningum* næsta lags fyrir neðan og berast um eitt samband í því lagi.

· Fléttugreining tekur til baka áhrif *fléttunar²* sem einindi í tilteknu lagi hefur komið í kring.

sh. *fjölrásargreining²*

– demultiplexing²

fléttugreininir kk.

Tæki sem greininir sérhvert *merkjanna²* sem undanfarandi *fléttari* sameinaði og skilar þeim sem frálagsmerkjum.

sh. *fjölrásargreininir*

– demultiplexer

fléttun¹ kv.

Það að sameina *merki²* frá nokkrum aðskildum *gagnagjöfum* fyrir flutning um sömu *sendirás*.

sh. *fjölrásun¹*

– multiplexing¹

fléttun² kv.

(í *OSI*) Aðgerð í tilteknu *lagi¹* sem felst í því að fleiri en eitt *samband²* í því lagi styðjast við samband í næsta lagi fyrir neðan.

· Heitið fléttun er einnig notað í þrengri merkingu, um það sem *einindi²* gerir, þegar það sendir, og *fléttugreining²* um það sem einindi gerir, þegar það tekur við.

sh. *fjölrásun²*

– multiplexing²

flétturás kv.

Rökrás þar sem frálagsgildi á hverri stundu eru aðeins háð ílagsgildum á þeirri stundu.

· Flétturás er sérstakt afbrigði af *runurás* þegar ekki er tekið tillit til innra ástands hennar.

– combinational circuit

flétturökvísi kv.

– combinational logic, combinatorial logic

flípi kk.

– tab

fljótadrif hk.

Segulbandsstöð, sérstaklega hönnuð til þess að *lesa* af eða *skrifa* á *seguldiska* án þess að stöðvast við *bálkabil*.

– streaming tape drive, streamer

flokka so.

Skipa atriðum í flokka eftir tilteknum reglum án þess að atriðunum sé endilega *raðað¹* innan hvers flokks.

– sort¹

flokkun kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það að flokka saman *hluti²* með sömu *gagnaskipan* og *hegðun*.

– classification

flokkunarfræði kv.

– taxonomy¹

flokkunarkerfi hk.

– taxonomy²

flokkunarmyndun kv.

Það að mynda flokkunarkerfi *hugta* með því að nota aðskilda flokka hugtakaklasa.

· Markmiðið með flokkunarmyndun er að ná sem mestri einföldun og að ólíkir eiginleikar skarist sem minnst.

· Sjá einnig *hugtakalösun* og *hugtaka-myndun*.

– taxonomy formation

flops

Ensk *skammstöfun* á mælieiningu fyrir vinnslugetu, jöfn einni hlaupakommu-aðgerð á sekúndu.

· Þessi mælieining er notuð í *gagnavinnslukerfum* fyrir úrvinnslu vísindalegra *gagna*, venjulega með stækkunarforskeyti framan við eininguna.

· Venja er að rita þessa mælieiningu eingöngu með *lágstöfum*, þ.e.

flops, eða eingöngu með *hástöfum*¹, þ.e. FLOPS. Heitið er skammstöfun á „floating-point operations per second“.

– flops

flókatölva kv.

Tölva með *örgjörva* sem hefur stórt skipanamengi.

· Auðvelt er að búa til *hugbúnað* með því að nota þessa tækni en hann verður hægvirkur.

· Sjá einnig *röskvatölva*.

– complex instruction set computer, CISC

flutningsatvik hk.

Atvik sem verður innan *skeytaflutningskerfis* meðan á *skilaflutningi skeytis*² stendur.

· Sum flutningsatvik, t.d. *óskil*, eru sýnileg *notanda*³ en ekki önnur, t.d. *skipting*.

– transmittal event

flutningsgeta rásar

Mælikvarði á hæfileika *rásar*², sem er háð tilteknum skorðum, til þess að senda *skeyti*¹ frá tilteknum *skeytagjafa*. Mælikvarðinn er annaðhvort tilgreindur sem hæsta hugsanlega *meðalmæld fluttra upplýsinga á staf* eða sem mesta hugsanlega *meðalvelta fluttra upplýsinga*, sem unnt er að ná með hversu litlum líkindum á *villum* sem vera skal með því að nota viðeigandi *kótunarreglu*.

– channel capacity

flutningshraðastýring kv.

Stýring á *flutningshraða*¹ í *gagnaflarskiptum*.

– flow control

flutningshraði¹ kk.

Meðalfjöldi *bita*, *stafa* eða *bálka*¹ sem *fluttir* eru milli tveggja staða á tímaeiningu.

– actual transfer rate, transfer rate

flutningshraði² kk. → *hámarksflutningshraði*

flutningshraði í botum

– baud rate

flutningslag hk.

*Lag*¹ sem veitir áreiðanlega *þjónustu*¹ til þess að flytja *gögn* milli notenda.

· Flutningslagið getur einnig bætt *þjónustu netlagsins*.

– transport layer

flutningsleiðartími kk.

Sá tími sem *biti* þarf til að fara milli þeirra tveggja *gagnastöðva* í *brautarreti* sem lengst er á milli.

– transmission path delay, one-way propagation time

flutningslína kv. → lína³

flutningsmálskipan kv.

Hlutræn málskipan sem er notuð til þess að flytja *gögn* milli *opinna kerfa*.

– transfer syntax

flutningsmiðill kk.

Náttúrlegur *miðill* eða gervimiðill sem flytur *merki*².

Dæmi: *Tvinnuð lína*, *ljósþráður*, *samása strengur*.

– transmission medium

flutningsrammi kk. → rrammi¹

flutningsrás kv. → sendirás

flutningssskipun kv.

Ritvinnuskipun, notuð til þess að búa til *afrit*¹ af tilteknum *stafastreng* í skráðum *texta*, koma því fyrir á öðrum stað og *eyða* stafastrengnum á upphaflega staðnum.

– move command

flutningssskref hk.

Það að senda *fróðfang* innan *skeytasýsluumhverfis* frá einni *búnaðareiningu* til annarrar.

– transmittal step

flutningur kk.

– transport

flutningur, aðgangur og umsjón skráa

*Þjónusta*¹ sem gerir notkunarferlum

notenda kleift að færa *skrár* milli *opinna endakerfa* og hafa umsjón með og aðgang¹ að fjartengdu safni skráa, sem geta legið dreift á ýmsum stöðum.

– file transfer, access and management, FTAM

flutningur og hagræðing verka

*Þjónusta*¹ sem gerir notkunarferlum notenda kleift að *flytja* og vinna úr *skjöllum*¹, sem fjalla um vinnsluverk, og stjórna framkvæmd þessara verka.

– job transfer and manipulation, JTM

flutt fróðmæld → mæld fluttra upplýsinga

flúrgluggi kk.

Birtir með flúrljómandi efni sem lýsir af þegar rafeindum er skotið á það.

– fluorescent display

flytja so.

Láta fara frá einum stað og taka við á öðrum.

– transfer¹, move

flytja inn

Koma fyrir í tilteknum *hugbúnaði skrá* sem annað *forrit* hefur búið til.

– import¹

flytja í geymslu → geyma¹

flytja niður → hlaða niður

flytja upp → hlaða upp

flytja út

Búa til með *forriti afrit*¹ af *skrá* sem nota á í öðru forriti.

– export¹

flytjanlegur lo.

(um *hugbúnað*) Sem unnt er að nota í nokkrum ólíkum *tölvum*.

– portable¹

flytjanleiki kk.

Sá hæfileiki *forrits* að unnt er að *inna* það í ólíkum *gagnavinnslukerfum* með litlum eða engum breytingum og án þess að það sé umritað á annað *forrit-unarmál*.

– portability

flýtihnappur kk.

(í gluggaumhverfi)

– shortcut key

flýtiminni hk. → skyndiminni

flýtiavalmynd kv.

(í gluggaumhverfi)

– shortcut menu

flýtivistaður lo. → skyndivistaður

flýtivísun kv.

(í gluggaumhverfi)

– shortcut

flæðirit hk. → leiðarit

flæðishrökk hk.

(í eðlisfræði) Breyting á ástandi segulflæðis.

– flux transition

flækjustig hk.

Mælikvarði á hversu flókið eða erfitt er að leysa tiltekið verkefni.

· Flækjustigið er samsett af *tímaflækjustigi*, *rýmisflækjustigi* og *lausnarflækjustigi*.

– complexity

flögukerfi hk.

Rafrásakerfi sem komið er fyrir á *kísilflögu*.

· Sjá einnig *flöguskiptir*.

Dæmi: Rafrásakerfi farsíma eða *stafrænnar myndavélar*.

– system-on-a-chip, SoC

flöguskiptir kk.

*Skiptir*¹ sem komið er fyrir á *kísilflögu*.

· Sjá einnig *flögukerfi*.

– switch-on-a-chip, SOC

flökkuvinnsla kv.

– nomadic computing

flökt¹ hk.

Óæskilegar háttbundnar sveiflur á einhverju einkenni *myndar*¹, t.d. ljósstyrk eða lit.

– flicker

flökt² hk.

Skammtímafrávik í *einkennisandrá*m frá þeirri stund sem æskilegast er að *merkjastak* í *stafrænu merki* byrji. Frá-

vikin safnast ekki saman.

– jítter

FN-samskipti hk. ft.

Rafræn *samskipti* fyrirtækis við neytanda.

sh. *B2C-samskipti*

– B2C, business to consumer

for-flétta kv. → *fyrir-flétta*

fordæmanám hk.

Námsaðferð sem felst í því að bera viðfangsefni sem er til úrlausnar saman við safn áður leystra viðfangsefna og nota lausnir þeirra til þess að finna lausn á viðfangsefninu sem til úrlausnar er.

· Þegar lausnin sem fengist hefur með fordæmanámi hefur verið sannreynd er henni og samsvarandi viðfangsefni bætt í fordæmasafnið.

– case-based learning

forða so. → *vista*

forgangsforrit hk.

Forrit sem hefur forgang að *tilföngum gagnavinnslukerfis*.

– foreground program

forgangsgagnaeyning kv.

Lítill *þjónustugagnaeyning* sem tryggt er að afhent sé *jafneinindi* í opna viðtökukerfinu áður en nokkur önnur þjónustugagnaeyning er send um það *samband*².

– expedited data unit

forgangsröð aðgerða

Röðunarregla sem skilgreinir í hvaða röð *virkjum* skuli beitt í *segð*.

· Röðunarreglan getur tiltekið hvort reiknað er frá vinstri til hægri eða frá hægri til vinstri.

sh. *aðgerðaröð*

– operator precedence

forgangsröðunarvinnsla kv.

Aðferð við að skipuleggja *gagnavinnslukerfi* með *skiptivinnslu*, fólgin í því að láta tiltekin áriðandi verkefni fá forgang að *tölvu* og láta önnur verkefni fá þann tíma sem afgangur verður.

– foreground/background processing

forgangsverk hk.

Verk sem hefur forgang að *tilföngum gagnavinnslukerfis*.

– foreground job

forgangsvinnsla kv.

Inning *forgangsforrita*.

– foreground processing

forgjafarfjölverkavinnsla kv.

Verkefni þar sem *stýrikerfi tölvu* notar tiltekin viðmið til að ákveða hversu langan tíma skuli veita tilteknu verkefni áður en næsta verkefni er hleypt að.

– preemptive multitasking

forgrunnur kk. → *forsvið*

forleshaus kk. → *forlestrarhaus*

forlestrarhaus kk.

Leshaus, notaður til að *lesa gögn* sem síðan eru lesin af öðrum leshaus við hliðina á þeim fyrri.

sh. *forleshaus*

– pre-read head

formandi kk.

Svæði á taltíðnisviðinu þar sem hljóðstyrkur er sérstaklega mikill.

– formant

formbreytingaskynjari kk.

Kerfi fyrir *mynsturkennslu* sem gerir *tölvu* kleift að bera kennsl á breytingar á lögun, t.d. svipbrigði á andliti.

– shape-acquisition camera

formbreytir kk. → *gagnabreytir*

formendatalgerving kv.

Það að búa til *gervital* með síum sem líkja eftir *formendum* frá raddfærum manns.

– formant synthesis

formengi hk. → *gildamengi*

formerkisbiti kk.

Biti sem er í *stöðu formerkis* í *tölutákn* og segir til um hvort talan sem tölutákn-ið stendur fyrir er jákvæð eða neikvæð.

– sign bit

formerkisbreytir kk.

Búnaður er skilar sem *frálagi flaumrænni breyту* sem hefur sömu stærð og

flaumræn breyta *ilagsins* en hefur gagnstætt formerki.

– inverter

formerkisstafur kk.

Stafur sem er í *stöðu formerkis* í *tölutákni* og segir til um hvort talan sem tölutáknið stendur fyrir er jákvæð eða neikvæð.

· Formerkin + og – eru sett fram með *formerkisbitunum* 0 eða 1 í tilteknu sæti í tölutákninu þegar tölur eru *geymdar*² í *tölvu*.

– sign character

formerkistölustafur kk.

Tölustafur sem er í *stöðu formerkis* í *tölutákni* og segir til um hvort talan sem tölutáknið stendur fyrir er jákvæð eða neikvæð.

– sign digit

formfræði kv. → stærðfræðileg formfræði

formgerðarleg mynsturkennsl

Mynsturkennsl þar sem *mynstur*¹ eru sett fram sem þættir *myndar*² og vensl þáttanna í því skyni að lýsa og flokka mynsturskipan.

· Til þátta myndar geta talist *útlínur*, *flekkir* o.s.frv. í hlutagreiningu. Ef mynd er skipt í smærri og smærri þætti geta þættirnir verið *hlutir*³ eins og í *vanggreiningu*. Á svipaðan hátt er unnt að bera kennsl á stafi eftir línunum, bugðum, götum o.s.frv. Unnt er að bera kennsl á orð með stafamynstrum. Unnt er að bera kennsl á merkingu texta eftir mynstrum orða.

– structural pattern recognition

formgerðarleg stafakennsl

Stafakennsl, byggð á formgerð þess *stafs* sem á að bera kennsl á.

· Formgerðarleg stafakennsl eru notuð þar sem ekki er unnt að beita einfaldri *mátun*, t.d. í handskrifuðum *skjölum*¹.

· Formgerðarleg einkenni geta verið fjöldi af beinum línunum, bugðum og

götum.

– structural character recognition

formgerðarlýsing kv.

Framsetning *hluta*² og *hugtaka*, byggð á lýsingum á einstökum þáttum þeirra og venslum milli þeirra.

– structural description

formleg hönnunarlýsing

Hönnunarlýsing sem er notuð til þess að sanna stærðfræðilega að *nothæfing* kerfis sé gild eða til þess að leiða út stærðfræðilega hvernig kerfið skuli gert hæft til notkunar.

– formal specification²

formleg rökfræði

Athugun á ytri gerð og búningi gildir röksemdafærslu án tillits til eðlis hlutanna í henni.

sh. *formrökfræði*

– formal logic

formleg skilgreining

Skilgreining, skrifuð á formlegu ritunarmáli, oft til að nota í *réttleikasönnun*¹.

– formal specification¹

formlýsingarmál hk. → formskilgreiningarmál

formóta so.

– elaborate

formótun kv.

Það að *skilgreining* tekur gildi áður en *inning* hefst.

· Formótun felst m.a. í því að leyst er úr *tilvísunum*¹, gengið úr skugga um að *gagnatag* sé rétt eða geymslurými úthlutað.

– elaboration

formrökfræði kv. → formleg rökfræði

FORMS-viðmót hk.

Staðlað *viðmót* sem leyfir *samskipti* við *stiklubúnað*, t.d. það að færa inn *gögn* og leggja fram fyrirspurnir.

– FORMS

formskilgreiningarmál hk.

Lýsimál, notað til þess að skilgreina eða lýsa *málskipan* annars *máls*.

sh. *formlýsingarmál*

– syntax language

formstikaður lo.

Sem hefur *lista formstika* sem eru staðgenglar *raunstika*.

sh. *búinn formstikum*

– parameterized

formstikaekenni hk.

Einkenni sem sýnir hvort unnt er að ákvarða gildi *formstika* án þess að breyta honum, hvort hann getur tekið við nýju gildi eða hvort unnt er að ákvarða gildi hans og breyta honum.

– formal parameter mode

formstiki kk.

*Stiki*² sem er tilgreindur í *skilgreiningu* tiltekinnar *forritseininga* og tengdur við *raunstika* í *kalli*³ eða *stofnrænni eingildingu*.

· Í stað heitanna raunstiki og formstiki kjósa sumir að nota samheitin viðfang og leppur.

sh. *leppur*

– formal parameter, dummy argument

fornbúnaðarnám hk.

· Sjá einnig *gagnanám* og *hugbúnaðarnám*.

– legacy mining

fornbúnaðartengi hk.

Tengi sem er að hluta til eða öllu leyti úrelt.

– legacy port

fornbúnaður kk.

– legacy software, legacy application

forréttindaskipun kv.

*Skipun*¹ sem aðeins er unnt að *inna* við sérstakar aðstæður.

– privileged instruction

forrit hk.

Málskipanareining sem hlítir reglum tiltekinnar *forritunarmáls* og er samsett af *skilgreiningum* og *setningum*¹ eða *skipunum*¹ sem þarf til að framkvæma tiltekna aðgerð eða *verkeiningu* eða leysa tiltekið viðfangsefni.

sh. *tölvuforrit*

– program¹, computer program

forrita so.

Semja, skrá, breyta og prófa *forrit*.

· Enska sögnin „code“ í þessu samhengi merkir yfirleitt að skrá forrit.

– program², ?code⁴

forritahirðing kv. → *forritastjórn*

forritahirðir kk. → *forritastjóri*

forritalag hk.

– program layer

forritanleg útstöð

Vinnuútstöð sem getur unnið úr *gögnum* á sjálfstæðan hátt.

– programmable terminal, intelligent terminal

forritanlegt lesminni

*Geymsla*¹ sem unnt er að *skrifa* í einu sinni og verður síðan *lesminni* eingöngu.

– PROM, programmable read-only memory

forritanlegt tæki

– intelligent device

forritanlegur rofstaður

Rofstaður þar sem tiltekin *kembing* er sett af stað *sjálfvirkt* þegar *inning forrits* stöðvast.

– programmable breakpoint

forritari kk.

Maður sem hannar, semur eða prófar *forrit*.

– programmer

forritasafn hk.

Skipulegt safn *forrita* og *forritshluta* ásamt upplýsingum um hvernig á að nota þau.

· Forritasafni er oft gefið heiti eftir því hvers konar forrit eru þar, t.d. stefjasafn og frumforritasafn.

– program library, library

forritaskil hk. ft.

*Skil*¹ á milli *forrita*.

– application program interface, application programming interface, API

forritaskil fyrir fjaraðgangspjóna

- Remote Access Server Application Program Interface

forritasmíður kk.

- Forrit* sem getur búið til önnur forrit.
- program generator

forritastjóri kk.

- (í gluggaumhverfi)
- sh. *forritahirðir*
- program manager

forritastjórn kv.

- (í gluggaumhverfi)
- sh. *forritahirðing*
- program management

forritateljari kk.

- program counter

forritsbútur kk.

- sh. *forritshluti*
- program stub

forritseining kv.

Hluti *forrits* sem er hannaður og smíðaður þannig að hann megi þýða¹ sérstaklega, festa við hann *nefni* og *inna* sérstaklega.

- Forritseining getur einnig átt *samskipti* við önnur forrit eða *forritshluta*.
- Forritseiningar eru ólíkar í hinum ýmsu *forritunarmálum*.
- module, program unit

forritsháður galli

Galli sem getur komið í ljós þegar tiltekin *runa* af *skipunum*¹ er *innt*.

- program-sensitive fault

forritshluti kk. → *forritsbútur***forritshönnunarmál** hk.

Hönnunarmál með sérstakar *máleiningar* og stundum reglur fyrir *sannprófun*, notað til þess að þróa, greina og *skjalbúa* hönnun *forrits*.

- program design language, PDL²

forritsprófunartími kk.

Sá hluti *kerfisvinnslutíma* sem notaður er til þess að prófa *forrit* notanda.

- program test time

forritsstikla kv.

(í *stiklumiðlun*) *Stikla*¹ með *innanlegu forriti* eða *tengli*³ í innanlegt forrit sem notað er fyrir tiltekna athöfn.

- executable documentation

forritsvinnslutími kk.

Sá hluti *kerfisvinnslutíma* sem er notaður til *inningar forrits*.

- program production time

forritun kv.

Það að semja, skrá, breyta og prófa *forrit*.

- programming

forritunarkerfi hk.

(í *forritunarmálum*) Þau *forritunarmál* og *hugbúnaðartól* sem eru nauðsynleg til þess að þróa og nota *forrit* á þessum forritunarmálum.

- programming system

forritunarmál hk.

Gervimál, ætlað til notkunar við að semja eða skrá *forrit*.

- programming language

forritunarmál af annarri kynslóð

Forritunarmál sem líta má á sem *forritunarmál af fyrstu kynslóð*, aukið með tilteknum *máleinum*, t.d. *fjölvaskipunum*.

- second-generation language, 2GL

forritunarmál af fimmtu kynslóð

Forritunarmál þar sem fengist er við *þekkingarkerfi*, *sérþekkingarkerfi*, *ályktunarforrit* og tungumálavinnslu.

- fifth-generation language, 5GL

forritunarmál af fjórðu kynslóð

Æðra forritunarmál sem leyfir notanda, sem þarf ekki að vera *forritari*, að skrifa *setningar*¹ sem líkjast setningum í *náttúrlegu tungumáli*.

- Ein setning í forritunarmáli af fjórðu kynslóð samsvarar fleiri *vélarmálskipunum* en setning í *forritunarmáli af þriðju kynslóð*.

Dæmi: *dBase* er forritunarmál af fjórðu kynslóð.

- fourth-generation language, 4GL, very-high-level language

forritunarmál af fyrstu kynslóð

Forritunarmál sem líkist *smalamáli* og er mjög háð *vélarmáli* tiltekinnar *tölvu*.

- first-generation language, 1GL

forritunarmál af þriðju kynslóð

Æðra forritunarmál þar sem hver einföld *setning*¹ samsvarar mörgum *vélarmálsskipunum* og gerir *forriturum* kleift að einbeita sér að því að leysa verkefni án þess að þurfa að vita í smáatriðum hvernig tiltekin *tölva* starfar.

Dæmi: *Ada*, *Basic*, *Fortran*, *Modula 2*, *Pascal*.

- third-generation language, 3GL

forritunarritill kk.

Textarritill sem er sérstaklega gerður fyrir tiltekið *forritunarmál* og gætir þess að samræmi sé við *málskipan* þess.

- syntax-directed editor

forritunarumhverfi hk.

Samsafn vélbúnaðar- og *hugbúnaðar-tóla* sem notuð eru við gerð *forrita*.

- programming environment, programming support environment

forsagnarkótun kv.

(í *talkenslum* og *talgervingu*) *Talkótun*, notuð til þess að *kóta* mismun á ílagsmerki og *merki*² sem sagt er fyrir um.

- prediction coding

forsagnarlíkan hk.

(í *gagnanámi*)

- predictive model

forsagnartækni kv.

- predictive technology

forsenda kv.

- prerequisite

forsíða kv.

- front page

forskilyrði hk.

Fastyrðing sem á við þann hluta *forrits* sem fylgir á eftir í *inningaröðinni*.

- precondition

forskoða so.

- preview³

forskráður gagnamiðill

Gagnamiðill sem tiltekin forgögn eru skráð á áður en eiginleg gagnaskráning hefst.

- prerecorded data medium, prerecorded medium

forskrift kv.

(í *stiklumíðlun* og *margmiðlun*) Lýsing á því hvernig leggja á *hluti*⁴ fyrir notanda og hvernig fara á með *ílag* frá honum.

- script²

forskriftarbúnaður kk.

Hugbúnaður, skilgreindur með *forskrift*.

- scriptware, script software

forsnið hk.

Það að *forsníða*.

- formatting¹

forsniðinn disklingur

*Disklingur*¹ með viðmiðunarkerkjum, t.d. til þess að auðkenna *rásir*¹ og *geira*.

- formatted diskette

forsníða so.

*Frumstilla*¹ *gagnamiðil* svo að unnt sé að *geyma*² *gögn* á honum og *ná* í þau þaðan aftur.

- format³

forsóknareining kv.

Sá hluti *gjörva* sem lætur *gjörvatengi-einingu* sækja nýja *skipun*¹ úr *vinnsluminni*.

- prefetch unit

forstaða kv.

Tiltekið horf sem unnt er að koma *gagnasafni* í á ný eftir að úrvinnsla hefur farið úr skorðum.

- reset point

forstillimerki¹ hk.

Röð *bita*, skráð í byrjun hvers *bálks*¹ á segulmiðli til samstillingar.

- preamble¹

forstillimerki² hk.

Tiltekið mynstur *bita*, sent frá *gagna-stöð* á undan *ramma*¹ til þess að koma á samstillingu við aðrar gagnastöðvar.

- Í sumum *samskiptareglum*¹ er forstillimerkið hluti rammans.
- preamble²

forstilling kv.

Safn af fyrir fram stilltum gildum á *breytum*¹ *gagnavinnslukerfis* fyrir tiltekin not.

- profile¹

forsvið hk.

(í *tölvuteiknun*) Sá hluti myndar¹ sem getur breyst í hvert sinn sem eitthvað er gert við myndina.

sh. *forgrunnur*

- foreground image, dynamic image, foreground

forsviðslitur kk.

(í gluggaumhverfi)

- foreground color

forsýn¹ kv. → prentsýn**forsýn² kv.**

(í *stiklumiðlun* og *margmiðlun*) Stutt kvikleg framsetning efnis á *miðli*.

- preview²

fortáknun kv.

Aðferð til þess að mynda *segðir* með stærðfræðitáknum þar sem hver *virki* stendur á undan *þolendum* sínum og sýnir hvaða *aðgerð*¹ á að framkvæma á þeim eða milliútkomum sem standa á eftir virkjanum.

- Sjá einnig *eftirtáknun* og *millitáknun*.
Dæmi: (1) *A* lagt við *B* og *summan* margfölduð með *C* er ritað með segðinni $\times + ABC$ (\times táknar margföldun).
(2) *P* OG *útkoman* úr *Q* OG *R* er ritað með segðinni $\wedge P \wedge QR$ (\wedge er virki sem táknar *rökaðgerðina*³ *ogun*).

- prefix notation, Polish notation, parenthesis-free notation, Lukasiewicz notation

Forth

Heiti á *forritunarmáli* þar sem notuð er *eftirtáknun*.

- Forth

fortíðarsetur hk.

Vefsetur sem gefur kost á að sjá stöðu tiltekins vefseturs einhvern tíma í fortíðinni – frá 1996 til dagsins í dag.

- Sjá einnig *vefsafn*.
- Wayback Machine

Fortran

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega gerðu til þess að setja fram *reikningsaðgerðir*.

- Fortran er *stytting* á „Formula Translator“.
- Fortran

forvaf hk.

Sá hluti *segulbands* sem er framan við *byrjunarmerki*¹, notaður til þess að þræða bandið.

- magnetic tape leader, leader

forvalin leið

Stikluleið sem er skilgreind þegar *stiklubúnaður* er þróaður.

- author-defined path

forvalinn tengill

*Tengill*³ sem er skilgreindur þegar *stiklubúnaður* er þróaður.

- author-defined link

forvarnarviðhald hk.

Viðhald sem framkvæmt er með vissu millibili eða samkvæmt settum reglum til þess að draga úr líkum á *bilun* eða skertum afköstum búnaðar.

- preventive maintenance

forverkefni hk.

Verkefni, ætlað til þess að prófa bráðabirgðaútgáfu af *upplýsingavinnslukerfi* við raunverulegar en takmarkaðar starfsaðstæður og síðan notað til þess að prófa endanlega útgáfu kerfisins.

sh. *leiðsöguverkefni*

- pilot project

forvinnsla kv.

Vinnsla sem fer fram á undan aðalvinnslu.

Dæmi: Einföldun á *mynstrum*¹ í *mynsturkennslum* til þess að auðvelda flokkun.

– preprocessing

forvinnsla gagna

Gagnavinnsla sem fer fram á undan aðalvinnslu.

– data preprocessing

forvinnsla myndar

Það að bæta, breyta og sía *myndir*² eða undirbúa þær á annan hátt undirvinnslu.

– image preprocessing

forvinnslubúnaður kk.

Forrit eða *undirforrit*¹ sem vinnur til tekna undirbúningsvinnu áður en aðalvinnsla fer fram.

– preprocessor

forvinnslubúnaður forrita

Búnaður sem sér um *forvinnslu forrita*.

Dæmi: *Fjölvasmíður* getur gegnt hlutverki *forvinnslubúnaðar þýðanda*¹.

– language preprocessor

forþýðandi kk.

Forrit, notað til þess að undirbúa *frumforrit* áður en *vistþýðandi* fær það til frekari úrvinnslu.

– precompiler

Fourier-vinnsla kv.

Stærðfræðileg aðferð við vinnslu *myndar*² sem felst í því að setja myndina fram með línutíðniþáttum hennar.

– Fourier processing

FRAD-aðgangstæki hk.

· FRAD stendur fyrir „frame relay access device“.

– FRAD

fram- fl.

– front-end

framandlykill kk.

(í *gagnasafni*) Einn eða fleiri *dálkar*² í

*töflu*² sem samsvara *aðallykli* í annarri töflu.

– foreign key

framandnet hk.

(í farand-IP-samskiptareglum) Sérhvert *net*, annað en heimilisnet, sem unnt er að tengja farandtæki við.

– foreign network

frambraut kv.

Tengibraut frá *miðverki* til *aðalminnis*.

– frontside bus

Frame Relay-samskiptareglur

*Samskiptareglur*¹ fyrir gagnaflutning á *neti*.

· Þessar samskiptareglur veita hraðvirka tengingu á *lýðnetinu* og milli *staðarneta*.

– Frame Relay

framflettihnappur kk.

Aðgerðarhnappur sem sendir merki sem sum *forrit* túlka þannig að *birt*¹ er næsta *síða*² á eftir þeirri sem er á *skjánunum*.

– next screen key, page down key

framflutningsnet hk.

Marglagskipt net án leiða fyrir viðgjöf þar sem lægsta lagið er *úlagslagið* og það hæsta er *frálagslagið*.

Dæmi: *Marglagskipt skynjunarnet*.

– feedforward network, forward-propagation network

framflutningur kk.

Það að flytja taugaaðgerð, sem getur t.d. verið beiting *vakningarfalls* eða stilling *taugamótavægja*, frá einu lagi² til annars þannig að byrjað er í *úlagslagi* og endað í *frálagslagi*.

– feedforward propagation, forward propagation

framgjörvi kk.

(í *tölvuneti*) *Gjörvi* sem sér um samskiptaverkefni fyrir *hýsitölvu*.

· Meðal verkefna framgjörva geta verið línustýring, *skeytasýsla*, breyting á milli *kóta*² og *villueftirlit*.

- Sjá einnig *bakgjörvi*.
- front-end processor¹, FEP¹

framhald hk. → *áframhald*

framhaldsmerki hk.

- Þrír punktar í láréttri röð.
- continuation symbol

framhaldsstaður kk.

Staður í *forriti* þar sem halda má áfram eða hefja aftur *inningu* þess eftir að hún hefur verið rofin við *rofstað* eða *gátstað*.

- restart point, rescue point

framhjáhlaup hk.

Sá hæfileiki *lykkjutengildis* að geta skammtengt *netlykkju*.

- Netlykkjan og *gagnastöðin*, sem hún tengist, eru losaðar frá *hringneti* til þess að unnt sé að skipta um hluti, færa þá eða gera við þá án þess að trufla starfsemi í netinu.
- lobe bypass

framhýsandi kk.

- hosting reseller

framhýsing kv.

- reseller hosting

framhæfur lo.

- Sem getur *innt forrit* sem eru samin fyrir stærra *tölvu* eða nýrri gerð af tölvu.
- forward compatible, upward compatible

framkvæma so. → *inna*

framkvæmdarleið kv. → *inningarleið*

framkvæmdarleiðarit hk. → *inningarleiðarit*

framkvæmdaröð kv. → *inningaröð*

framlag hk.

*Skeyti*² í *upplýsingatöflukerfi* eða á *tölvubingi*.

- posting, article

framleiðandi fall

- Stærðfræðilegt fall sem skrifa má sem óendanlega röð og hefur gefna runu af föllum eða *föstum* sem stuðla í röðinni.
- generating function

framleiðing myndar

Það að búa til sýnilega *mynd*¹ eftir framsetningu hennar í *geymslu*¹.

- regeneration, image regeneration

framleiðsluból hk.

(í *tölvusamþættri framleiðslu*) Framleiðslueining, gerð af nokkrum *vinnustöðvum*, hráefni, aðstöðu til geymslu og flutningsbúnaði sem tengir stöðvarnar saman.

- manufacturing cell, cell²

framleiðsluþrygging kv.

Ráðstafanir og starfsemi til þess að tryggja að tekið hafi verið tillit til framleiðslukrafna þegar á hönnunarstigi og að eiginleikar fullbúinnar vöru haldist á notkunartíma hennar.

- product assurance

framleit kv.

Aðgerð sem leyfir að leitað sé frá hvaða stað sem er í *skjali*¹ í áttina að enda skjalsins.

- forward search¹

framleita so.

Leita frá hvaða stað sem er í *skjali*¹ í áttina að enda skjalsins.

- forward search³

framleitarhamur kk.

Hamur sem leyfir að leitað sé frá hvaða stað sem er í *skjali*¹ í áttina að enda skjalsins.

- forward search²

framlýsing kv.

Lýsing sem berst myndskynjara og er endurvarpað frá yfirborði *hlutar*³.

- front lighting

frammistaða kv.

sh. *gengni*

- performance

framrás kv.

Sendirás þar sem sendingaráttin er ein-skorðuð við þá átt sem *gögn* notanda eru *flutt* í.

- forward channel

framrás í staðarneti

Sú rás í *staðarneti á breiðbandi* sem er ætluð fyrir *gagnasendingu frá netstjóra til gagnastöðva*.

– forward LAN channel

framrétting kv.

*Endurrétting*¹ þar sem kerfi, *forriti, skrá, gagnasafni* eða öðrum búnaði er komið í nýtt horf, sem hann hefur ekki verið í áður, þar sem unnt er að gera það sem beðið er um.

Dæmi: Skrá er komið í tiltekið horf með því að *uppnýja* fyrri gerð og nota til þess *gögn*, skráð í réttri tímaröð, um breytingar sem gerðar hafa verið á skránni.

sh. *endurrétting fram á við*

– forward recovery

framsal hk.

Það ráð sem *hlutur*² notar til þess að láta annan hlut sinna *boði*.

– delegation

framsenda so.

(í *tölvupóstkerfi*) Búa til *skeyti*² með því að tilnefna nýjan *viðtakanda* að skeyti sem borist hefur.

sh. *senda áfram*

– forward

framsending kv.

Flutningsatvik sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* lætur *varaviðtakanda* koma í staðinn fyrir *notanda*³ eða *póstlista* í hópi *næstu viðtakenda skeytis*².

– redirection

framsetning tölu → talnaritun**framsetning þekkingar¹**

Það að *kóta* og *geyma*² *þekkingu* í *þekkingarsafni*.

– knowledge representation¹

framsetning þekkingar²

Það sem fyrir liggur þegar *þekking* í *þekkingarsafni* hefur verið *kótuð* og er *geymd*².

– knowledge representation²

framsetningarlag hk.

*Lag*¹ þar sem valin er sameiginleg *málskipan* fyrir framsetningu á *gögnum* og þar sem notkunargögnum er breytt samkvæmt þessari málskipan og síðan aftur í fyrra horf.

· Framsetningarlagið sér um að *upplýsingar*¹ séu í skiljanlegu formi.

– presentation layer

framsetningarmiðill kk.

Miðill fyrir framsetningu *upplýsinga*¹ í *kótuðu* formi.

· *Texta* má m.a. setja fram með *ASCII*-eða *EBCDIC-stafamengi*.

Dæmi: (1) Hljóð, kótað og *geymt*² í *skrá*. (2) Myndir, kótaðar og *geymdar* í *geisladisksminni*.

– representation medium

framsetningarregla kv.

Skilyrðisregla til þess að setja fram *þekkingu* í *reglakerfi*.

– production rule

framstigul JPEG-mynd

· Hliðstæð *samfléttaðri GIF-mynd*.

– progressive JPEG

framsýnn þáttari

Þáttari sem reynir að segja fyrir um hvað næst verður lesið.

– predictive parser

framsækin vistfenging

Aðferð við *ífólga vistfengingu* þar sem undirskilið er að *þolendur skipunar*¹ séu á *geymslustöðum* sem koma næst á eftir *geymslustöðum þolendanna* fyrir síðustu skipun sem *innt* var.

– one-ahead addressing

framtefling kv.

– deployment

framtölva kv.

(í *gagnavinnslukerfi*) *Tölva* sem annast *viðmót* gagnvart notanda og beinir ýmsum verkefnum hans til annarra tölva og tækja í gagnavinnslukerfinu, t.d. til *bak-tölvu*.

· Sjá einnig *framgjörvi*.

– front-end computer, ?front-end processor², ?FEP²

framvinda kv.

– progress

framvindusjón kv.

Sjón þar sem *gögn* eru notuð til þess að leiða út lýsingu á því hvernig sjónræninir atburðir breytast með tíma.

– temporal vision

framvindustika kv.

– progress bar

framvinnsluforrit hk.

Sá hluti *hugbúnaðar* sem *notandi*¹ sér og hefur samskipti við.

· Sjá einnig *bakvinnsluforrit*.

– front-end application

framvirk ályktun

Ítrekunarstefja sem stjórnar því í hvaða röð *ályktanir* eru dregnar með því að byrja á viðurkenndum *staðreyndum* og hætta þegar *reglakerfið* nær lokatakmarki eða hefur ekki fleiri möguleika til þess að kanna.

– forward chaining

frábrigði hk.

Ástand sem getur orðið á meðan *forrit* er *innt* og valdið því að venjulegri *inn-ingaröð* er ekki fylgt.

· Aðstaða er fyrir hendi til þess að skilgreina frábrigði, kalla það fram, bera kennsl á það, sniðganga það eða bregðast við því.

· Í sumum forritunarmálum er gert ráð fyrir frábrigðum þannig að þau stöðva ekki vinnslu, t.d. ON-skilyrði í *PL/I*.

– exception

frábrigðissýslari kk.

Hluti *forrits* sem er *inntur* þegar tiltekið *frábrigði* verður.

– exception handler

frádrag hk.

Gildi sem er dregið frá öðru gildi, t.d. frá gildi *breytu*².

– decrement¹

frádragari kk.

Búnaður sem finnur mismun tveggja talna og skilar honum sem *útkomu*.

– subtracter

frádráttarmynd kv.

*Mynd*², gerð með því að draga *dílgildi* einnar myndar frá samsvarandi *dílgildi* um annarrar myndar.

– subtraction image

frágangur kk.

(í *stiklumíðlun* og *margmiðlun*) Það að búa *skjal*¹ undir það að verða lagt fram.

· Útkomuna má kalla frágengið skjal.

– rendition

frágenginn lo.

(um *verkeiningu*) Sem er í þeirri *verkstöðu* að vera *lokið* ásamt því að allir atburðir sem tengjast verkeiningunni hafa verið leiddir til lykta og *vakningarfærsla* verkeiningarinnar hefur verið losuð.

– terminated

fráklipping kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að fela allar *mynd- einingar* sem eru í tilteknum *klippi- ramma*.

– shielding, reverse clipping

frálag hk. → *frálagsgögn***frálags- fl.**

(um tæki, *ferli*¹ eða *boðrás*) Sem tekur þátt í eða tengist *frálagsferli*.

sh. *úttaks-*

– output³

frálagsferli hk.

Það að *upplýsingavinnslukerfi* eða einhver hluti þess skilar *gögnum*.

sh. *úttaksferli*

– output process, output¹

frálagsgögn hk. ft.

Gögn sem *upplýsingavinnslukerfi* eða einhver hluti þess skilar.

sh. *frálag*, *úttaksgögn*

– output data, output²

frálagshlutar kk.

*Hlutar*⁴ eða *samsettur hlutar* sem er

þannig að allar aðgerðir sem verka á hlutinn og allar frálagsaðgerðir hans tengjast honum sjálfum eða *ihlutum* hans.

- Frálagshlutur getur verið hlutur með *texta* sem á að *skáletra*.
- output object

frálagslag hk.

*Lag*² þar sem *gervitaugungar* senda frálagsmerki til annars kerfis en lagið er í. sh. *úttakslag*

- output layer, decision layer

frálagstæki hk.

Tæki, notað til þess að ná *gögnum* úr *tölvu*.

Dæmi: *Skjár, prentari, teiknari*.

sh. *úttakstæki*

- output unit, output device

fráleiðsla kv.

Ályktun af tilteknum *staðreyndum* til þess fá fram sennilegar skýringar á þeim.

- abduction, abductive inference

frátekið orð

Ílægt nefni sem *forritari* getur ekki skilgreint að nýju.

- Sum *forritunarmál* hafa engin *frátek-in orð*.

- reserved word

frátekið vefsetur léns

Óþróað *vefsetur* í eigu *skráningarmiðlunar léna* eða *rétthafa léns*.

- Á slíku setri geta verið auglýsingar sem tengjast fyrirspurn notandans þegar hann reynir að tengjast setrinu.

- parked domain site

frátekt léns

Það að skrá *lénsheiti* á *lýðnetinu* án þess að nota það fyrir *tölvupóstþjónustu* eða *vefsetur*.

- Þetta er oft gert til þess að taka lénsheitið frá fyrir síðari notkun eða til þess að koma í veg fyrir *léntöku* eða til þess að stunda *léntöku*.

- domain parking

frátökuhnútur kk.

*Hnútur*³ sem getur haft titil sinn, einrætt *kennimerki*¹, stutta lýsingu á *gögnum* sem tengja skal hnútnum svo og *tengla*³ í aðra hnúta í samræmi við skilgreiningu í *gagnalíkani*¹.

- Frátökuhnútar eru notaðir við hönnun á smáatriðum.

- place-holder node

frátökulæsing kv.

Ástand sem ríkir þegar eitt *verkforrit* hefur útilokað önnur verkforrit frá því að komast að tilteknum *færslum*² og varir þangað til forritið tekur læsinguna af.

- exclusive lock

freki kk.

Maður sem brýst ólöglega inn í símanet, oft til þess að geta hringt langlínusamtöl ókeypis eða til þess að hlera símalínur.

- phreak

frerageymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem notaðir eru ofurleiðni- og seguleiginleikar vissra efna við mjög lágt hitastig.

- cryogenic storage

frestað viðhald

Lagfæringarviðhald sem er ekki framkvæmt jafnskjótt og *bilun* hefur orðið eða *galli* komið í ljós heldur er frestað í samræmi við tiltekna viðhaldsreglur.

- deferred maintenance

fresthamur kk.

- deferred mode

frestuð afhendingarþjónusta

*Þjónusta*¹ sem gerir *aðgangsbúnaði upphafsmanns* kleift að biðja um að *skeyti*², sem verið er að senda, sé ekki afhent fyrr en á tilteknum tíma á tilteknum degi.

- deferred delivery service

fréttasafn hk.

- news archive

fréttasamleiðir kk.

Biðlahughúnaður eða vefforrit sem

leiðir saman á einn stað fjöldreift vefefni, t.d. helstu atriði fréttu, *hlaðvarp* og *kvikmyndablogg* til þess að auðveldara sé að skoða það.

- news aggregator, feed aggregator, feed reader, news reader², RSS reader, aggregator

fríðhelgi kv.

Sú staða einstaklings að vera laus við átroðning í einkalíf sitt eða málefni sín þegar átroðningurinn felst í óviðeigandi eða ólöglegri söfnun og notkun *gagna* um einstaklinginn.

- privacy¹

frígrunnslíkan hk.

Viðskiptalíkan sem felst í því að bjóða afurð eða þjónustu ókeypis en taka síðan aukagjald fyrir viðbætur.

- Oft er um að ræða *hugbúnað* eða *vefþjónustu*. Orðið „freemium“ er sambreiskingur úr orðunum „free“ og „premium“.
- freemium, freemium model

frjáls bitaháttur

Háttur í *gagnafjarskiptum* þar sem notaðar eru *bitabundnar samskiptareglur*, óháðar því hvaða formgerð á bitarunum *gagnagjafinn* notar.

- code-transparent data communication

frjáls hugbúnaður

Hugbúnaður sem er án hugverkaréttar og réttur til notkunar hans, breytingar og dreifingar er frjáls.

- Þó má því aðeins dreifa hugbúnaðinum, breyttum eða óbreyttum, að honum fylgi ákvæðin um frjálsa notkun, frjálsa breytingu og frjálsa dreifingu. Gjaldtaka er heimil.
- Sjá einnig *opinn hugbúnaður*.
- free software

frjáls stafaháttur

Háttur í *gagnafjarskiptum* þar sem notaðar eru *stafbundnar samskiptareglur*, óháðar því hvaða *stafamengi* eða *kótun-*

arreglu gagnagjafinn notar.

- code-independent data communication

frjósa so.

(um *tölvur*)

- Sögnin að frjósa er áhrifslaus.
- freeze¹

fros hk.

Það ástand að *tölva* virðist frosin.

- Þetta ástand getur komið upp til dæmis við árekstur *forrita*.
- hangup, hang, freeze²

fróð¹ hk. → *upplýsingar*¹

fróð² hk. → *upplýsingar*²

fróðbás kk. → *fróðsjá*

fróðbiti kk.

Biti, notaður fyrir framsetningu á *gögnum* notanda, fremur en í stjórnunar skyni.

sh. *upplýsingabiti*

- information bit

fróðbraut kv.

Ýmis *gagnvirk þjónusta*¹ sem veitir aðgang¹ að *gagnasöfnum*, flutningi skráa með margmiðlunarefni og stikluefni, flutningi *tölvupósts*³ o.s.frv.

sh. *upplýsingaþjóðbraut*

- electronic highway, electronic super-highway, information highway, info highway, Infobahn, I-way

fróðbúnaður kk.

- information product

fróðfang hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Samsafn *gagna* sem mynda einingu *upplýsinga*¹.

Dæmi: *Skeyti*², *kanni*, *skilatilkygning*.

sh. *upplýsingahlutur*

- information object

fróðfræði kv. → *upplýsingafræði*

fróðgjafi kk. → *skeytagjafi*

fróðgreining kv.

Skipuleg könnun á *upplýsingum*¹ í raunverulegu eða fyrirhuguðu kerfi og því hvernig þær berast um kerfið.

sh. *upplýsingagreining*

- information analysis
- fróðhögun** kv.
sh. *upplýsingahögun*
– information architecture
- fróðhönnun** kv.
sh. *upplýsingahönnun*
– information design
- fróðleikni** kv.
sh. *upplýsingaleikni*
– information skills
- fróðlæsi** hk.
sh. *upplýsingalæsi*
– information literacy
- fróðmæld** kv. → *upplýsingamæld*
- fróðsafn** hk. → *upplýsingasafn*
- fróðsafn skráakerfis** → *upplýsingasafn skráakerfis*
- fróðsamfélag** hk.
Samfélag þar sem sköpun, dreifing og meðferð *upplýsinga*¹ er mikilvægur efnahagslegur og menningarlegur þáttur.
sh. *upplýsingasamfélag*
– information society
- fróðsúun** kv.
sh. *upplýsingasúun*
– information filtering
- fróðsjá** kv.
Einfaldur tölvubúnaður á almannaþæri þar sem *upplýsingar*¹ eru *birtar*¹ á skjá, venjulega *snertiskjá* þannig að notandi geti valið úr kostum með því að snerta skjáinn.
sh. *fróðbás*, *upplýsingastandur*
– kiosk
- fróðskipti** hk. ft.
Samþætt beiting fjarskiptatækni og upplýsingatækni.
· Enska orðið „telematics“ er sett saman úr orðunum „telecommunication“ og „informatics“.
– telematics
- fróðsprang** hk.
Notkun *lýðnetsins* og *veraldarvefsins* til að ná sem mestum *upplýsingum*¹ á sem stystum tíma.
– infosurfing
- fróðtré skráakerfis** → *upplýsingatré skráakerfis*
- fróðtæki** hk.
Sérhvert tæki sem nota má til þess að reikna, stunda *fjarskipti*, afrita eða sýna *kótaðar upplýsingar*¹.
Dæmi: *Snjallsímar* eru dæmi um fróðtæki.
sh. *fróðverkill*
– information device, information appliance
- fróðveita** kv.
sh. *upplýsingaveita*
– information provider
- fróðvelta** kv. → *meðalupplýsingavelta*
- fróðverkill** kk. → *fróðtæki*
- fróðvirkjun** kv.
Það að skrá lýsingar og mælingar á athöfnum, atburðum og hlutum sem *upplýsingar*¹.
· *Gagnavinnslukerfi* geta oft unnið úr slíkum upplýsingum með sjálfvirkum hætti.
– informing
- fróðyrki** kk.
Yrki sem leitar að *upplýsingum*¹ í *tölvukerfi* eða á *neti*.
– infobot
- fróðþegi** kk. → *skeytaþegi*
- fróðöryggi** hk.
sh. *upplýsingaöryggi*
– information security
- frumaðgerð** kv. → *frumgjörð*
- frumbreyta** kv.
sh. *óháð breyta*
– argument¹
- frumdrættir** kk. ft.
Grófgerð lýsing á *mynd*², gerð með því að draga fram *sérkenni* myndarinnar.
– primal sketch
- frumforrit** hk.
Forrit sem tiltekinn *þýðandi*¹ getur unnið úr.

– source program

frumforritseining kv.

Frumforrit eða hluti þess sem hefur að geyma nægar *upplýsingar*¹ til þess að unnt sé að þýða¹ hann.

· Sjá einnig *þýðingareining*.

– source module, ?compilation unit²

frumframleiðandi kk.

Framleiðandi tækja og hluta sem annar framleiðandi notar í framleiðslu sína og setur á markað.

Dæmi: Framleiðandi *örtölva* sem settar eru í sjálfvirkar þvottavélar.

– original equipment manufacturer¹, OEM¹

frumgerð kv.

Kerfislíkan eða kerfi sem er *nothæft* til bráðabirgða og hentar til þess að meta *kerfishönnun*, *afkastagetu* kerfisins og framleiðslugetu þess, eða til þess að skilgreina *kröfur* betur.

– prototype

frumgilda so.

Gefa *gagnahlut gagnagildi* við upphaf *æviskeiðs* hans.

sh. *frumstilli*²

– initialize²

frumgildi hk.

Gildi *frumbreytu*.

Dæmi: *Leitarlykill*, tala sem ákvarðar staðsetningu atriðis í *töflu*¹.

– argument²

frumgjörð kv.

Það að *skjóta inn setningu*³, *eyða* henni eða *heimta* hana í samræmi við *gerðarlýsingu*.

sh. *frumaðgerð*

– elementary action

frumhleðsla kv.

Það að setja *stjórnforrit* í *minni* og setja *stýrikerfi* af stað um leið.

– initial program load², IPL²

frumkótasmíður kk.

Hugbúnaðartól sem hefur sem *ílag* *kröfur* til *forrits* og *hönnunarlýsingu*

þess og skilar *frumkóta* þar sem kröfum er fullnægt og hönnunarlýsingu fylgt.

sh. *frumþulusmiður*

– source code generator

frumkóti kk.

*Kóti*², settur fram þannig að hann geti verið *ílag smala*, *vistþýðanda* eða annars *þýðanda*¹.

sh. *frumþula*

– source code

frumlitamyndmerki hk.

*Merki*² sem skiptist í þrjú aðgreind merki sem eru send frá *tölvu* til *frumlitamænis* eftir þremur vírum.

sh. *RGB-myndmerki*

– RGB video signal

frumlitamænir kk.

Mænir sem tekur við þremur *merkjum*² frá *tölvu*, rauðu, grænu og bláu, og býr til úr þeim litmynd.

· Frumlitamænir *sýnir fingerðari myndir* en mænir sem tekur við *samsettu sjóngagnamerki*.

sh. *RGB-mænir*

– RGB monitor

frumlitur kk.

Einn af litunum rauður, grænn og blár.

sh. *RGB*

– primary color, RGB

frummál hk.

Forritunarmál, notað til að skrá *frumforrit*.

– source language

frumpartagreining kv.

Greining á gerð vélarhluta, sem grundvallast á því að líkja eftir sundurgreiningu vélarhlutans í aðgreindar einingar.

– finite-element analysis

frumsenda kv. → *frumsetning***frumsendu-** fl. → *frumsetningar-***frumsetning** kv.

Regla sem gengið er út frá án sönnunar.

· Reglan er notuð til þess að leiða út frá henni niðurstöður með rökréttum ályktunum.

sh. *frumsenda*

– axiom

frumsetningar- fl.

sh. *frumsendu-*

– axiomatic

frumskipun kv.

Það sem hrindir af stað *frumgjörð*.

– elementary command

frumskref hk.

Fyrsta *flutningsskref* sem felst í því að *beinn notandi* flytur *skeyti*² eða *kanna* til *aðgangsbúnaðar* síns, eða *óbeinn notandi* flytur *skeyti* eða *kanna* til samskiptakerfis sem þjónar honum.

– origination

frumstilli¹ so.

Stilla *teljara* á núll eða annað upphafsgildi, gefa *leiðargreinum*¹ eða *vistföngum* gildið núll eða annað upphafsgildi eða setja núll eða annað upphafsgildi í *geymsluhólf* í upphafi úrvinnslu eða á einhverjum tilteknum tíma á meðan úrvinnsla fer fram.

– initialize¹

frumstilli² so. → *frumgilda*

frumstilling kv.

Framkvæmd aðgerða sem eru nauðsynlegar til þess að setja tæki í upphaflegt horf fyrir notkun *gagnamiðils* eða áður en *ferli*² er sett af stað.

– initialization

frumtag hk.

Gagnatag þar sem hver *gagnahlutur* er stakt óþáttanlegt *gagnagildi*.

– atomic type

frumtala¹ kv.

– cardinal number

frumtala² kv.

Náttúrleg tala sem eingöngu hún sjálf og talan 1 ganga upp í.

sh. *prímtala*

– prime number

frumtexti kk.

– source text

frumþula kv. → *frumkóti*

frumþulusmiður kk. → *frumkótasmiður*

frumþýðandi kk.

Vistþýðandi sem *vistþýðir* eingöngu á millimál.

· Frumþýðandi og *kótasmiður* mynda saman fullkominn vistþýðanda.

– root compiler

fræðiskemmtan kv.

· Enska heitið er einhvers konar samruni á „educational entertainment“.

– edutainment

FS-samskipti hk. ft.

Rafræn *samskipti* fyrirtækis við stjórn-sýslu.

sh. *B2G-samskipti*

– B2G, business to government

FTP-samskiptareglur kv. ft. → *FTP-skráaflutningsreglur*

FTP-skráaflutningsreglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ fyrir flutning *skráa* um *net* milli tveggja *tölva*.

sh. *FTP-samskiptareglur*

– FTP, file transfer protocol

fullgeymd kv.

Aðferð við *samhliða samlagningu*, fólgin í því að hver *geymdur tölustafur* er strax fluttur.

– complete carry

fullgilda so.

– validate

fullgilding kv.

– validation¹

fullgilt lénsheiti

Lénsheiti sem er fullnægjandi til að *nafnaþjónn* finni einrætt samsvarandi *IP-númer*.

Dæmi: Í veffanginu <http://www.hi.is/> er „www.hi.is“ fullgilt lénsheiti Háskóla Íslands. Í þessu tilviki má reyndar sleppa „www.“, því að nafnaþjónn finnur sama IP-númer einnig eftir veffanginu <http://hi.is/>. Því telst „hi.is“ einnig vera fullgilt lénsheiti Háskóla Íslands.

– fully-qualified domain name, FQDN

fullgilt skilríki

(í tölvuöryggi) Rafrænt skilríki sem hefur að geyma tiltekna *upplýsingar*¹ og er gefið út af viðurkenndri *vottunarstöð*.
– qualified certificate

fullkomin alhæfing

Alhæfing hugtaks sem lýsir öllum *jákvæðum dæmum* úr tilteknum hugtakaflokki, hvort sem hann hefur *neikvæð dæmi* eða ekki.
– complete generalization

fullnusta so.

Setja af stað þá *aðgerð*³ sem tiltekin er í reglu þegar skilyrði sem sett er fram í reglunni er fullnægt.
– fire a rule, fire

fulltengt net¹

(í *netskipan*¹) *Net* þar sem *leggur* er milli sérhverra tveggja *hnúta*¹.
sh. *altengt net*¹
– fully connected network¹

fulltengt net²

Tauganet þar sem hver *gervitaugungur* er tengdur við alla aðra *gervitaunga*.
· Þetta hugtak á eingöngu við um *ólag-skipt net*.
sh. *altengt net*²
– totally connected network, fully connected network²

fullvíkka so.

(um *glugga*) Stækka þannig að fylli allan *skjáinn*.
· Sjá einnig *kreppa* og *víkka*.
– maximize

fullvíkkunarhnappur kk.

· Sjá einnig *fullvíkka*.
– maximize button

fundarlag hk.

*Lag*¹ sem veitir aðstöðu til þess að *einindi*², sem sjá um framsetningu *gagna*, geti skipulagt og *samstillt samskipti* sín og stjórnað skiptum á gögnum.
sh. *samskiptastýrilag*
– session layer

fylgihlutir kk. ft.

– accessories

fylgisala kv.

– cross selling

fylgiskjal hk.

sh. *fylgja*, *?viðhengi*
– attachment

fylgitæki hk.

Sérhvert tæki sem stjórnað er af tiltekinni *tölvu* og getur haft *samskipti* við hana.

Dæmi: *Ílags- og frálags-tæki*, *ytri geymsla*.

sh. *jaðartæki*

– peripheral equipment, peripheral device, peripheral

fylgitölva kv.

Tölva sem vinnur sérhæfð verkefni fyrir aðra tölvu sem stjórnar henni.
– satellite computer, satellite processor

fylgja kv. → fylgiskjal**fylki¹ hk.**

Safn af tölum eða öðrum stærðum sem er raðað í réttthyrnda töflu og skipt í línur og dálka.
– matrix

fylki² hk.

(í *forritun*) *Samsteypa* sem er tilvik af *fylkistagi* og þar sem vísa má til hvers staks eða stakahóps óháð öðrum stökum eða stakahópum.
sh. *víðlæg stærð*

– array

fylkisskynjari kk.

Sjónskynjari sem hefur línur og dálka með ljósnæmum einingum.
– area array sensor, matrix array sensor

fylkissneið kv.

Hluti *fylkis*² sem hefur hólf sem eru *samlæg* í hvaða vídd sem er.

sh. *sneið*¹

– array slice, slice

fylkistag hk.

Samsett tag þar sem þættir hafa sömu eiginleika.

- Þáttum í fylkistagi má skipa þannig að unnt sé að vísa til þeirra eins og þeim væri skipað í dálka, línur o.s.frv.
- array type

fylla so.

Dreifra tiltekinni skipan *myndeininga* yfir lokað svæði eða hlut.

– fill¹

fylli kv. → *staffylli***fylliaðgerð** kv.

*Rökaðgerð*³, skilgreind fyrir aðra gefna rökaðgerð þannig að *útkoman* úr fyrri aðgerðinni sé *neitun* útkomunnar úr seinni aðgerðinni þegar hún verkar á sömu *þolendur*.

Dæmi: *Eðun* er fylliaðgerð *samneitunar*.

– complementary operation

fylling¹ kv.

Það að lengja *streng* með því að bæta við hann einum eða fleiri *stöfum* sem kallaðir eru *staffylli*.

- Fylling er venjulega gerð til þess að strengur nái tiltekinni lengd.

sh. *staffylling*

– padding

fylling² kv. → *fyllitala***fylling**³ kv.

Tiltekið bitamynstur sem *gagnastöð* í *tókahringsneti* sendir á undan eða á eftir *römmum*¹, *tókum* eða *vinnsluslitarunum* til þess að komast hjá því að stöðin sé talin óvirk eða staða hennar óákveðin.

– fill²

fyllingarlitur kk.

(í *tölvuteiknun*) Litur á svæði sem afmarkast af lokuðum ferli.

– fill color

fyllingarmynstur hk.

Tiltekin skipan *myndeininga* sem lokað svæði er fyllt með.

Dæmi: Einingar sem skila röndum eða tilteknum lit.

– fill pattern

fyllingarstofn kk. → *fyllitölustofn***fyllitala** kv.

Tala sem leiða má af annarri tölu með því að draga hana frá tiltekinni tölu.

- Neikvæð tala er oft sett fram með fyllitölu hennar.

Dæmi: Í *eingrunnskerfi* getur tiltekna talan verið veldi af *grunntölunni* eða einum lægri en tiltekið veldi af *grunntölunni*.

sh. *fylling*²

– complement

fyllitölustofn kk.

Tala, notuð til þess að búa til *fyllitölu* í framsetningu talna í *eingrunnskerfi*.

- Fyllitölustofn er *summa* tölu og fyllitölu hennar.

sh. *fyllingarstofn*

– complement base

fyllstu gæði

– top quality

fyrir-flétta kv.

Máleining þar sem *ítrekun* er stýrt með *prófun* fyrir ítrekunina, venjulega byggðri á *lykkjubreytu* og lýsingu á því hvernig á að breyta gildi *lykkjubreytunnar* milli *ítrekunarskrefa*.

sh. *for-flétta*

– for-construct

fyrirmæli til smala

Máleining sem stýrir því hvernig *forrit* er *smalað*.

– assembler directive

fyrirmæli til túlks

Máleining sem stýrir því hvernig *forrit* er *túlkað*.

– interpreter directive

fyrirmæli til vistþýðanda

Máleining sem stýrir því hvernig *forrit* er *vistþýtt*.

sh. *fyrirmæli til þýðanda*²

– compiler directive

fyrirmæli til þýðanda¹

Máleining sem stýrir því hvernig *forrit* er *þýtt*¹.

– translator directive

fyrirmæli til þýðanda² → *fyrirmæli til vistþýðanda*

fyrirspurn kv.

Beiðni um að draga gögn beint úr gagnasafni eða leiða út gögn frá gagnasafni á grundvelli tiltekins skilyrðis.

Dæmi: Spurning til bókunarkerfis um hvort sæti sé laust í tilteknu flugi.

– query, inquiry

fyrirspurnarmál hk.

Gagnameðferðarmál fyrir notendur² til þess að heimta gögn úr gagnasafni og hugsanlega breyta þeim.

· Fyrirspurnarmál eru sérstaklega ætluð notendum sem eru ekki sérfræðingar í forritun.

Dæmi: *SQL*.

– query language

fyrirtæki hk.

· Enska heitið er notað í víðum skilningi um fyrirtæki þar sem tölvubúnaður er notaður. Fyrirtækið getur m.a. verið stórt eða lítið, sjálfseignarstofnun eða ríkisstofnun.

– enterprise

fyrirtækisgátt kv.

– corportal, corporate portal

fyrirtækisgeymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem er notað *geymslunet*.

– enterprise storage

fyrirtækismiðlari kk. → *fyrirtækisþjónn*

fyrirtækisvinnsla kv. → *tölvuvinnsla í fyrirtæki*

fyrirtækisþjónn kk.

sh. *fyrirtækismiðlari*

– enterprise server

fyrir horf

Skráning á gögnum sem lýsa stöðu tölvu á tiltekinni stundu.

sh. *endurhorf*

– restore point

fyrsta afrit → *fyrsta samrit*

fyrsta LLC-gerð

Vinnsluáferð í *LLC-deililaginu* þar

sem notuð er *sambandsfrjáls sending* án staðfestingar.

sh. *LLC-gerð 1*

– logical link control type 1, LLC type 1

fyrsta samrit

Fyrsta aukaeintak af *tölvupósti*³, sent um leið og aðaltölvupóstur.

sh. *fyrsta afrit*

– first carbon copy, fcc

fyrsta skipulag

Það að enginn *dálkur*² í *töflu*² er í *gildamengi* sem í eru töflur.

– first normal form

fyrstu-stéttar umsagnareikningur →

rökfræði fyrstu stéttar

fæðilína kv.

Leiðsla sem flytur orku milli senditækis og loftnets eða loftnets og viðtækis.

sh. *fæðslulína*

– feed line

fæðslulína kv. → *fæðilína*

færa í efnisskrá

Setja *upplýsingar*¹ um *skrá* eða *forrita-safn* í *efnisskrá*².

– catalog², catalogue²

færa og sleppa

– drag and drop

færa til

Flytja *viðfangsforrit* eða hluta þess til í *vistrými* og lagfæra jafnframt *vistföng* svo að unnt sé, eftir flutninginn, að *inna forritshluta*, sem þannig verða til.

– relocate

færanlegt forrit

Viðfangsforrit sem unnt er að *færa til*.

– relocatable program

færanlegt tólaborð

– docking toolbar

færanlegt vistfang

Vistfang sem þarf að lagfæra þegar *gögn*, sem það vísar til, eru *færð til* eða *forritið*, sem vistfangið er í, er færð til.

– relocatable address

færanlegur lo.

(um *viðfangsforrit* eða hluta þess) Sem unnt er að *hlaða*¹ hvar sem er í *aðalminni*.

- *Hleðsluforritið* tiltekur byrjunarvistarfang og lagfærir síðan *vistföng* þannig að þau sýni á hvaða *geymslustöðum forritshlutunum* hefur verið komið fyrir.

– relocatable

færiboð hk.

Það að bjóða *gagnastöðvum* að senda, einni í einu.

- Færiboð eru almennt notuð í *greiðusambandi* en þau er einnig unnt að nota í *beinu sambandi*.

– polling

færiboðsnet hk.

Staðarnet þar sem notandi getur aðeins sent ef honum er *boðið færi*.

– polling network

færibreyta kv. → *stiki*¹**færsla**¹ kv.

(í *skipulagi gagna*) Samsafn *gagnastaka*¹ sem farið er með sem eina heild.

- Í færslu sem notuð er við útreikning á launum getur m.a. verið nafn starfsmanns, heimilisfang, kennitala, launaflokkur og skattur.

– record¹

færsla² kv.

Gagnahlutur sem er tilvik af *færslutagi*.

– record²

færsla³ kv. → *lína*²**færslubil** hk.

Bil á milli tveggja *samlægra færslna*¹ á *gagnamiðli*.

– interrecord gap

færslufjöldi kk. → *línufjöldi***færslufremd** kv.

*Þjónusta*¹ í dreifðu kerfi sem gerir tveimur eða fleiri *ferlum*¹ kleift að koma færslum til skila með *gagnvirkum* fjarskiptum.

– transaction processing

færslugeymd kv.

(í *samhliða samlagningu*) *Geymd*², fólgin í því að *geymdur tölustafur*, sem verður til í einhverju *sæti*² við samlagningu í því sæti, er fluttur til næsta sætis fyrir ofan.

– ripple carry

færsluhappur kk.

Hnappur sem oftast er látinn vinna eins og *vendihnappur* en getur einnig sent aðra *stýristafi* eða *lausnarrunur* sem *hugbúnaður tölvu* túlkar á tiltekinn hátt.

– enter key

færslukort hk.

Greiðslukort þar sem skrá er haldin yfir allar færslur sem gerðar eru með kortinu og ekki er unnt að færa fé milli korta án milligöngu bankastofnunar.

– fully accountable card

færslulaust kort

– not fully accountable card

færslulengd kv.

Fjöldi *bæta*, eða einhverrar annarrar viðeigandi einingar, í *færslu*¹.

– record length, record size

færslutag hk.

Samsett tag þar sem þættir eru *svæðistö* eða önnur færslutög.

- Færslutag skilgreinir mengi gilda og *aðgerða*¹.

Dæmi: Í *færslu*² um starfsmenn geta verið persónuleg *gögn* sem komið er fyrir sem færslum í starfsmannafærslunni.

– record type

færslutími kk.

Sá tími sem líður frá því að flutningur *gagna* hefst þar til honum lýkur.

– transfer time

færsluval hk. → *línuval*²**földunarstig** hk.

- Sjá einnig *falda*.

– nesting level

förgun kv.

Það að *farga*.

– purging

föst IP-tala → *fast IP-númer*

föst síðuskil

Síðuskil sem notandi ákveður og merkir sérstaklega.

· Föst síðuskil breytast ekki þótt *skjali*¹ sé breytt að öðru leyti.

– hard page break, required page break

föst skil

(í *ritvinnslu*) *Skil*² sem notandi ákveður

og merkir sérstaklega.

· Föst skil breytast ekki þótt *skjali*¹ sé breytt að öðru leyti.

Dæmi: Föst *línuskil*, föst *greinaskil*, föst *síðuskil*.

– hard break

fötuliðsárás kv.

(í *tölvuöryggi*)

– bucket brigade attack

G

G

(í tölvutækni) Forskeytið gíga-, 2³⁰ eða 1 073 741 824.

· Forskeytið gíga- stendur venjulega fyrir töluna 10⁹. Í tölvutækni er tvíundakerfið notað og því þykir hentugra að gíga- standi fyrir 2³⁰, t.d. í GB fyrir gígabæti.

– G

G2C-samskipti hk. ft. → *SN-samskipti*

G2G-samskipti hk. ft. → *SS-samskipti*

gabba so.

Grípa til aðgerða í því skyni að villa um fyrir notanda eða *tilfangi*.

– spoof

gagnaatriði hk.

· Gagnaatriði er smærra en *gagnastak*¹ og getur verið þáttur í því, venjulega minnsti þáttur sem unnt er að vísa til, eða þá undirskipuð eining undir gagnastaki.

– data item

gagnabanki kk.

Samsafn *gagna* sem lúta að tilteknu viðfangsefni, skipulagt þannig að leyfishafar geti leitað í því.

– data bank

gagnabraut kv.

Sá hluti *kerfisbrautar* sem *gögn* eru flutt eftir á milli staða í *tölvu*, t.d. milli *miðverks* og *aðalminnis*.

– data bus

gagnabreytir kk.

Búnaður sem breytir einni framsetningu *gagna* í aðra jafngilda.

sh. *formbreytir*

– data converter, converter

gagnabú hk.

Öll *gögn* í *upplýsingavinnslukerfi*, eiginleikar þeirra og innbyrðis tengsl.

– data inventory

gagnabúð kv.

Staður eða *geymsla*¹ fyrir *gögn* þar sem *aðgangur*¹ að þeim er greiðari en í *gagnaskemmu*¹.

– data mart

gagnademba kv. → *demba*¹

gagnaegind kv.

Fyrir fram skilgreindur eiginleiki *gagnatags*, *gagnahlutar*, *forritseiningar* eða einhverrar annarrar *máleiningar*.

Dæmi: (1) *Rauntölutag* getur haft *gagnaegindina* STAFANÁKVÆMNI með *gagnagildin* EINFÖLD eða TVÖFÖLD. (2) *Verkeining* getur haft

- gagnaegindina LOKID sem skilar gildinu SANNUR ef verkeiningunni er *lokið* en annars gildinu ÓSANNUR.
- data attribute
- gagnafarning** kv. → *gagnaferjun*
- gagnaferill** kk.
(í *tölvuöryggi*) *Gögn* sem safnað er saman og unnt er að nota við *öryggisendurskoðun*.
- audit trail
- gagnaferja** kv.
– data migrator
- gagnaferjald** hk.
Tæki í *gagnastöð* sem sér um að *umskrá* og *kóta merki*² á milli *útsöðvartækis* og *línu*³.
- Gagnaferjald getur verið sjálfstætt tæki eða hluti af útsöðvartæki eða *millibúnaði*¹.
 - Gagnaferjald má nota fyrir aðrar aðgerðir sem venjulega eru gerðar við þann enda línu sem er nær *neti*.
 - data circuit-terminating equipment, DCE¹
- gagnaferjun** kv.
sh. *gagnafarning*
- data migration
- gagnafjarskipti** hk. ft.
Flutningur *gagna* milli *búnaðareininga* eftir tilteknum reglum um *gagnasendingu* og samræmingu á *samskiptum*.
- data communication
- gagnaflutningshraði** kk.
– data transfer rate
- gagnaflutningsnet** hk.
Net þar sem nota má *gagnarásir*² og hugsanlega valbúnað til þess að hafa *gagnafjarskipti* milli *útsöðvartækja*.
- sh. *gagnanet*
- data network
- gagnaflutningsskeið** hk.
Það tímabil sem nota má til að *flytja gögn* notanda milli *útsöðvartækja* sem tengd eru um *net*.
- data transfer phase
- gagnaflutningur** kk. → *gagnasending*
- gagnaflæði** hk. → *gagnagangur*
- gagnaflæðirit** hk. → *gagnaleiðarít*
- gagnafrábrigði** hk.
Frábrigði sem verður þegar *forrit* reynir að nota eða *ná í gögn* á rangan hátt.
- data exception
- gagnafrátekt** kv.
(í *gagnasafni*) Það að *taka frá gögn*.
- check-out
- gagnafylling** kv.
Gagnráðstöfun sem býr til fölsk *gögn* í *flutningsmiðlum* til þess að torvelda *umferðargreiningu* eða *dulráðningu*.
- traffic padding
- gagnagangur** kk.
Flutningur *gagna* gegnum virka hluta *gagnavinnslukerfis* á meðan verið er að vinna tiltekið verk.
- sh. *gagnaflæði*
- data flow
- gagnageymsla** kv.
(í *gagnaleiðarít*) Óvirkur *hlutur*² sem geymir *gögn* er verða notuð síðar.
- data store
- gagnagildi** hk.
Stak í skilgreindu mengi *gagnahluta* sem í tilteknu samhengi er tengt einhverri *máleiningu*, svo sem *breytu*² eða *gagnatagi*.
- Greina ætti á milli gagnagildis og stærðfræðilega hugtaksins „gildi falls“, svo og milli gagnagildis og hugtakanna „gildi tölu“ og „sætisgildi“ í *tölulegri framsetningu*.
 - data value
- gagnagjafi** kk.
Búnaður sem lætur í té *gögn* til sendingar.
- data source
- gagnagrein** kv.
Þeir hlutar tveggja *útsöðvartækja* sem stjórnað er af *samskiptareglum*¹ ásamt *gagnarásinni*² sem tengir þau saman svo að flytja megi *gögn*.

sh. *gagnaleggur*

– data link

gagnagreining kv.

Skipuleg könnun á *gögnum* í raunverulegu eða fyrirhuguðu kerfi og því hvernig þau berast um kerfið.

– data analysis

gagnagrind kv. → *gagnaskipan*

gagnagrunnskerfi hk. → *gagnasafnskerfi*

gagnagrunnur kk.

Skipulagt kerfi til að *geyma*² tölvuskráð *gögn* um tiltekið efni, skipa þeim niður eftir innbyrðis *venslum*¹, vinna úr þeim og *heimta* þau.

· Gagnagrunnur er einkum fræðilegt hugtak þar sem aðferðir við umbúnað og meðferð gagna skipta meginmáli en ekki gögnin sjálf. Gagnagrunnur er eins konar ílát undir gögn og getur jafnvel verið án gagna.

· Margir nota orðið „gagnagrunnur“ í sömu merkingu og „gagnasafn“ en hér er greint á milli merkinga, sjá *gagnasafn*.

– database²

gagnagæði hk. ft.

Þeir eiginleikar sem *gögn* þurfa að hafa til þess að koma að tilætluðum notum.

· Þau þurfa að vera rétt og nákvæm, til-tæk, viðeigandi, í þau má ekkert vanta og þau mega ekki vera úrelt.

sh. *gagnakostir*

– data quality

gagnahanski kk.

Tæki, hannað til þess að þýða hreyfingar handa og fingra yfir í kóta sem *tölva* getur *lesið*.

sh. *hanskaílagstæki*

– data glove, gesture-sensing glove, glove input device

gagnaháður galli

Galli sem getur komið í ljós þegar unnið er úr *gögnum* af tiltekinni gerð.

– data-sensitive fault

gagnaháður rofstaður → *gagnarofstaður*

gagnahirsla kv.

– data repository, repository

gagnahleypa kv.

Samsafn aðgerða, t.d. *beiningar*, sem leyfa að *gögn* sem borist hafa frá einu *opnu kerfi* séu send áfram til annars opins kerfis.

– relay

gagnahlutur kk.

Stak í *gagnaskipan* sem fær heiti eða er tilgreint á annan hátt með tilteknu *stafamengi*.

· Gagnahlutur getur t.d. verið *skrá*, *fylki*², *fasti* eða *breyta*².

– data object

gagnahreinsun kv.

Það að breyta eða fleygja *gögnum* í *gagnasafni* sem eru röng, ófullkomin, illa sniðin eða tvítekin.

– data scrubbing, data cleansing

gagnahuld kv.

(í *hlutbundinni forritun*)

– data hiding

gagnakippa kv.

– data group

gagnakostir kk. ft. → *gagnagæði*

gagnaleggur kk. → *gagnagrein*

gagnaleiðarit hk.

Mynd þar sem *gagnagjafir*, *gagnabegar*, *gagnageymslur* og *aðgerðir*¹ á *gögnum* eru settar fram sem hnútar og gangur gagna um kerfið sem leggir milli hnútanna.

sh. *gagnaflæðirit*

– data flow diagram, data flowchart, data flow graph

gagnaleif kv.

Gögn sem verða eftir á *gagnamiðli* þegar *skrá* eða hluta af *skrá* hefur verið *eytt*.

· Gagnaleif getur haldist réttanleg þangað til gagnamiðillinn hefur verið *gjörhreinsaður*.

– residual data

gagnaleynd kv.

Eiginleiki *gagna* sem sýnir að hve miklu leyti þau eru vernduð.

- Gagnaleynd nær einnig til skilgreiningar á því hvers konar *aðgangur*¹ er leyfður og hver hefur aðgang að gögnum.
- data privacy, privacy²

gagnalíkan¹ hk.

Skipan *gagna* í *gagnasafni* samkvæmt formlegri lýsingu í *upplýsingakerfinu*² og í samræmi við kröfur þess *gagnasafnskerfis* sem notað er.

- data model¹

gagnalíkan² hk.

Lýsing á skipulagi *gagna* sem er þannig gerð að hún sýni skipan *upplýsinga*¹ fyrirtækis.

- data model²

gagnalíkanshugbúnaður kk.

Hugbúnaður fyrir smíð *gagnalíkana*².

- data modeling facility, DMF

gagnalykill kk.

(í *tölvuöryggi*)

- data key

gagnalýsing kv.

Formleg lýsing á *gagnastaki*² og skipan *gagna* þar sem nafn þess og *orð* koma fyrir.

- data description

gagnalýsingakerfi hk.

Hugbúnaðarkerfi, notað til þess að skilgreina, stofna, *uppnýja*, vinna úr og nota *gagnalýsingasöfn*.

- data dictionary system, information resource dictionary system, IRDS

gagnalýsingarmál hk. → *gagnaskilgreiningarmál***gagnalýsingasafn** hk.

Gagnasafn sem í eru *lýsigögn*.

- data dictionary, information resource dictionary, IRD

gagnameðferðarmál hk.

Gagnasafnsmál sem er hluti af *gagnasafnskerfi* og notað til þess að hafa *að-*

*gang*¹ að *gagnasafni* í því skyni að búa til *gagnasafn*, *heimta*, *lesa*, *skrifa* og *eyða gögnum*.

- Aðgerðir í *gagnasafni* geta verið settar fram sem *steffur*² (stefjað *gagnameðferðarmál*) eða sem röklegar *segðir* (lýsandi *gagnameðferðarmál*).

- data manipulation language, DML

gagnameðferðarregla kv.

Forskrift að því hvernig fara á með *gagnahluti* sem tilvik tiltekens *gagnatags* í samræmi við leyfilegar *aðgerðir*¹ á *gögnum* af þessu gagnatagi.

- data manipulation rule

gagnamengi hk.

(í *stýrikerfi IBM-stórtölvu*)

- Skýlt hugtakinu *gagnaskrá* en vísar einkum til viðskiptagagna.

- data set

gagnamengun kv.

Það að færa *gögn* með tiltekna *öryggisflokkun* eða í tilteknum *öryggisflokki* inn í *gögn* sem flokkuð eru með lægra *öryggisstig* eða eru í öðrum *öryggisflokki*.

- contamination

gagnamerki hk.

*Merki*² sem táknar *runu bita* sem flytja *upplýsingar*¹ eða setja af stað *stýriáðgerðir*.

- data signal

gagnamiðill kk.

Hlutur sem unnt er að skrá *gögn* í eða á, og *gögn* geta verið *heimt* frá.

Dæmi: *Gataspjald*¹, *segulband*, *seguldiskur*, *geisladiskur*¹.

- data medium

gagnamiðlari kk. → *gagnaþjónn***gagnamiðstöð** kv. → *gagnaver***gagnanám** hk.

- Sjá einnig *hugbúnaðarnám* og *fornbúnaðarnám*.

- data mining

gagnanet hk. → *gagnaflutningsnet*

gagnaprófun kv.

Það að athuga hvort gögn eru nákvæm, hvort vantar í þau eða hvort þau fullnægja tilteknum skilyrðum.

- Í gagnaprófun getur falist *sniðprófun*, *hlítarprófun*, *réttmætisprófun*, *markgildisprófun* og athugun á *prófunarlyklum*.

– data validation

gagnarakningur kk. → *breyturakningur***gagnarammi** kk.

– data framework

gagnarán hk.

Veilubragð sem felst í því að árásarmaður *dulritar gögn* fórnarlambins og heimtar borgun fyrir *dulráðningarlykilinn*.

– data kidnapping

gagnarás¹ kv.

– data channel

gagnarás² kv.

Tvær samstæðar *sendirásir* sem unnt er að nota til tvíátta *gagnasendinga*.

- Milli *gagnaskiptistöðva* í gagnarás getur verið *gagnaferjald*, og er það háð gerð *skilanna¹* sem notuð eru í skiptistöðinni.

- Gagnaferjald er gagnastöðvar megin í gagnarás á milli *gagnastöðvar* og *gagnaskiptistöðvar* eða *gagnastokks*. Tæki, lík *gagnaferjaldi*, geta einnig verið við skiptistöðina eða gagnastokkinn.

– data circuit

gagnareitur kk. → *svæði¹***gagnarofstaður** kk.

Rofstaður sem er háður því hvort tiltekinn *gagnahlutur* er aðgengilegur.

sh. *gagnaháður rofstaður*

– data breakpoint

gagnasafn hk.

Samsafn *gagna* um tiltekið efni, skipulagt í samræmi við tiltekið kerfi þar sem lýst er einkennum gagnanna og *venslum¹* milli samsvarandi *eininda¹* þeirra.

- Margir nota orðið „gagnagrunnur“ í sömu merkingu og „gagnasafn“ en hér er greint á milli merkinga, sjá *gagnagrunnur*.

– database¹

gagnasafnsgjörvi kk.

Gjörvi sem eingöngu er notaður til þess að framkvæma aðgerðir í *gagnasafnskerfi*.

– database processor

gagnasafnskerfi hk.

Kerfi með *vélbúnaði* og *hugbúnaði*, notað til þess að skilgreina *gagnasöfn*, búa þau til, hafa eftirlit með þeim, stjórna þeim og nota þau.

- *Hugbúnaður* fyrir notkun gagnasafns getur verið hluti af gagnasafnskerfi eða *sjálfstætt* gagnasafnskerfi.

sh. *gagnagrunnskerfi*

– database management system, DBMS

gagnasafnsleit kv.

– database search

gagnasafnslykill kk.

Aðallykill, sem *gagnasafnskerfi* tiltekur.

– database key

gagnasafnslýsing kv.

Samsafn ýmissa *gerðarlýsinga* sem hver um sig hefur eftirfarandi eiginleika: a) hún lýtur að því sem skiptir máli fyrir tiltekinn *umfjöllunarheim* eða *einindaheim* og það sem skiptir máli fyrir viðeigandi *gagnasafn*; b) hún skilgreinir framsetningu á þeim *setningum³* *upplýsingasafns* sem skipta máli fyrir það og tekur einnig til þess hvernig farið er með þessa framsetningu.

sh. *lýsing á gagnasafni*

– database schema

gagnasafnsmál hk.

Mál sem er notað til þess að stofna *gagnasöfn*, gera líkan af þeim, *nothæfa* þau, lýsa þeim, nota og stjórna.

Dæmi: *Gagnamedferðarmál*, *gagnaskilgreiningarmál*.

– database language

gagnasafnsmiðlari kk. → *gagnasafnsþjónn*

gagnasafnssýslari kk.

Sá hluti *gagnasafnskerfis* sem túlkar fyrir mæli til *gagnasafnsins* og veitir aðgang¹ að því í samræmi við fyrirmælin.

– database handler

gagnasafnstölva kv.

Tölva, sérstaklega hönnuð fyrir gagnasafnsverkefni.

– database machine

gagnasafnsvarsla kv.

Það að skilgreina, skipuleggja, stjórna, líta eftir og vernda öll gögn í *gagnasafni*.

· Meðal vernduðu gagnanna eru einnig *lýsigögn* og framsetning á öðrum lýsingum á gagnasafninu.

– database administration

gagnasafnsvörður kk.

Maður eða hópur manna sem bera ábyrgð á *gagnasafnsvörslu*.

– database administrator

gagnasafnsvörslumál hk.

Gagnasafnsmál fyrir *gagnasafnsvörslu*.

– database administration language, DAL¹

gagnasafnsþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem veitir aðgang¹ að *gagnasafni*.

sh. *gagnasafnsmiðlari*

– database server

gagnasamfesta kv.

Samfesta þar sem athafnir *forritseiningar* beinast að sameiginlegum *gagnaskipunum* en nota óháða *inngöngustaði* og *kóta*².

– informational cohesion

gagnasamsteypa kv.

Samsafn tveggja eða fleiri *gagnastaka*² sem er skipað í tiltekna röð í *færslu*² þannig að vísa megi til samsteypunnar sem heildar eða til einstakra atriða í henni.

– data aggregate, composite data element, data chain

gagnasamtenging kv.

*Samtenging*¹ þar sem *forritseiningar* nota sameiginleg gögn.

– data coupling

gagnasending kv.

Flutningur *gagna* frá einum stað til annars eða annarra með fjarskiptabúnaði.

sh. *gagnaflutningur*

– data transmission, transmission

gagnaskemma¹ kv.

Gagnasafn, oft fjartengt, sem hefur að geyma *glædd afrit*¹ af sameiginlegum gögnum.

· Skipuleggjendur og rannsóknarmenn geta notað þetta gagnasafn til þess að spara sér áhyggjur af hægagangi vegna daglegra aðgerða.

– data warehouse¹

gagnaskemma² kv.

Kerfi, ætlað til þess að geyma², heimta og fara með mikið magn *gagna* af hvaða tagi sem er.

· Í gagnaskemmuhugbúnaði er oft beitt flóknum aðferðum við þjöppun og tætingartækni sem hefur í för með sér hraðvirka leit, auk öflugrar sfunar.

– data warehouse²

gagnaskeytaþjónusta kv.

(í *pakkamiðlun*) *Þjónusta*¹ sem *beinir* *gagnaskeyti* að þeim ákvörðunarstað sem tiltekinn er í *vistfangi* þess án þess að *netið* noti önnur gagnaskeyti til viðmiðunar.

· Gagnaskeytum má skila á ákvörðunarstað í annarri röð en þau bárust netinu.

– datagram service

gagnaskeyti hk.

(í *pakkamiðlun*) *Pakki*¹, óháður öðrum pökkum, sem í eru nægar *upplýsingar*¹ til þess að hann komist frá *útsöðvartæki* á upphafsstað til *útsöðvartækis* á ákvörðunarstað án þess að treysta þurfi

á fyrri *samskipti* milli útstöðvartækjanna og *netsins*.

– datagram

gagnaskil hk. ft.

(í *gagnasafni*) Það að *skila gögnum*.

– check-in

gagnaskilgreining kv. → *skilgreining gagna*

gagnaskilgreiningarmál hk.

Gagnasafnsmál til þess að lýsa *gögnum* og skipan þeirra í *gagnasafni*.

sh. *gagnalýsingarmál*

– data definition language, data description language, DDL

gagnaskipan kv.

Það hvernig einingum *gagna* er skipað niður eftir *raunlægum* eða *röklegum venslum*¹ þeirra.

Dæmi: *Tré, listi, tafla*¹.

sh. *gagnagrind*

– data structure

gagnaskipanarregla kv.

Regla sem tilgreinir skipan *gagna* sem tilvik tiltekens *gagnatags*.

– data structuring rule

gagnaskiptakerfi hk.

Kerfi sem stýrir bæði *aðgangi*¹ að *gagnasöfnum* og *samskiptum* milli notenda og þeirra *verkforrita* sem notuð eru við gagnasöfnin.

– data communication system

gagnaskiptistöð kv.

Tæki til að velja *línur*³ milli *gagnarása*².

– data switching exchange, DSE

gagnaskráning kv.

Það að setja *gögn* á *tölvutækan miðil*.

Dæmi: Skráning gagna um launagreiðslur á *diskling*¹ í gegnum *útstöð*.

– data entry

gagnaskráningarstöð kv.

Útstöð, aðallega ætluð til þess að setja *gögn* í *tölvu*.

– data input station, data collection station

gagnaspilling kv. → *spilling gagna*

gagnastak¹ hk.

(í *skipulagi gagna*) Eining *gagna* sem í vissu samhengi er hæpið að skipta.

· Sjá einnig *gagnaatriði*.

Dæmi: Gagnastakið „aldur manns“ í árum þar sem leyfð gildi eru allar samsetningar þriggja *tugatölustafa*.

– data element¹

gagnastak² hk.

(í *gagnasafni*) Nafngreind *vensl*¹ sem stofnað er til milli hluta í *umfjöllunarheiminum* og *orða* sem samsvara þeim.

Litið er á þess háttar *vensl* sem grunn-einingu, og þau geta m.a. náð til mengis hluta, mengis orða og mengis tvennda af hlut og orði, þar sem hluturinn og orðið eru tekin hvort úr sínu mengi.

Mengi tvennda er ígildi gagnkvæmrar samsvörunar milli allra staka í mengi hluta og sama fjölda staka í mengi orða.

· Hlutir geta verið *hlutrænir* eða *hugrænir*.

· *Venslin* þurfa ekki að taka til allra staka í orðamenginu.

Dæmi: (1) Mengi hluta: Lönd heimsins.

(2) Mengi orða: Strengir með einum, tveimur eða þremur stöfum.

(3) Mengi tvennda: „A“ fyrir Lýðveldið Austurríki, „B“ fyrir Konungsríkið Belgíu, „CH“ fyrir Sambandsríkið Sviss, ... „USA“ fyrir Bandaríki Norður-Ameríku. Þetta gagnastak er kallað „Einkennisstafir landa fyrir bifreiðir“.

– data element²

gagnastakshugtak hk.

– data element concept

gagnastokkur kk.

Búnaður sem leyfir notkun sameiginlegs *flutningsmiðils* fyrir fleiri *gagnagjafa* en tiltækar *sendirásir* eru margar.

· Virkir gagnagjafar geta á hverjum tíma ekki verið fleiri en *sendirásirnar*.

– data concentrator

gagnastöð kv.

Búnaðareining sem lætur í té gögn til flutnings, tekur við sendum gögnum og framkvæmir allar aðgerðir sem nauðsynlegar eru fyrir *samskipti* við aðra búnaðareiningu.

– data station

gagnastöðvartengill kk.

Tengill í *staðarneti*, notaður til þess að tengja *gagnastöð* við *langlínutengildi*, *langlínustreng* eða *notendastreng*.

– medium interface connector, MIC

gagnasöfnun kv.

Það að safna saman gögnum af einum eða fleiri stöðum til notkunar í *tölvu*.

Dæmi: Söfnun gagna um viðskipti sem fara fram í útibúum um *gagnaflutningsnet*. Síðan er unnið úr gögnunum í *tölvumiðstöð*.

– data collection

gagnatag hk.

Skilgreint mengi *gagnahluta* með tiltekna *gagnaskipan* og mengi leyfilegra *aðgerða*¹, þannig að gagnahlutirnir séu *þolendur* þegar hver þessara aðgerða er innt.

Dæmi: *Heiltölutag* hefur mjög einfalda skipan, þar sem hvert tilvik, venjulega kallað gildi, er framsetning á *heilli tölu* á tilteknu bili og leyfilegar aðgerðir eru m.a. reikningsaðgerðir.

– data type

gagnatekja kv.

Það að safna saman gögnum og skrá þau.

– data acquisition

gagnaumsjón kv.

(í *gagnavinnslukerfi*) Það að veita *aðgang*¹ að gögnum, *geyma*² gögn eða fylgjast með *geymslu*² þeirra og stjórna ílags- og frálagsaðgerðum.

– data management

gagnavarsla kv.

Það að skilgreina gögn tiltekinnar

stofnunar eða fyrirtækis, afla þeirra, láta þau í té og viðhalda þeim.

– data administration

gagnaveita kv.

Stofnun eða fyrirtæki sem sér um að færa inn og *uppnýja gögn* í *gagnasöfnun*.

– content provider

gagnaver hk.

sh. *gagnamiðstöð*

– data center

gagnavernd kv.

Notkun stjórnunar, tæknilegra ráðstafana eða áþreifanlegs búnaðar til verndar gegn óheimiludum *aðgangi*¹ að gögnum.

– data protection

gagnavinnsla kv.

Skipulegar *aðgerðir*¹ á gögnum, gerðar með *tölvu*.

· Ekki má nota heitið gagnavinnsla sem samheiti fyrir *upplýsingavinnslu*.

Dæmi: (1) *Reikningsaðgerðir* eða *rökadgerðir*¹ á gögnum. (2) Það að *tvinna* eða *raða*¹ gögnum, *smala* eða *þýða*¹ *forrit* eða vinna úr *texta*, t.d. *ritvinna*² hann, *raða*, *tvinna*, *geyma*¹, *heimta*, *birta*¹ eða prenta.

sh. *sjálfvirk gagnavinnsla*

– data processing, DP, automatic data processing, ADP

gagnavinnslukerfi hk.

Ein eða fleiri *tölvur*, *fylgಿತæki* og *hugbúnaður* sem notuð eru til *gagnavinnslu*.

sh. *tölvukerfi*

– data processing system, computer system, computing system

gagnavinnslukerfi fyrir tækniferli

Gagnavinnslukerfi, með *skilakerfi* fyrir *tækniferli*, sem fylgist með *tækniferli* eða stjórnar því.

– process computer system

gagnavinnslumiðstöð kv. → *tölvumiðstöð*

gagnavörður kk.

Starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis sem sér um gögn þess og ber ábyrgð á því að skilgreina *hugbúnað* fyrir úrvinnslu gagnanna, afla hans og halda honum við.

- Gagnavörður ber einnig ábyrgð á því að gögnin séu rétt og gætt sé fyllsta öryggis *skróa* eða *gagnasafns*.
- data administrator

gagnavörslukerfi hk.

Hugbúnaðarkerfi sem annast *geymslu*² *gagna*, finnur þeim *geymslustað*, nær í þau þegar á þarf að halda og sér um *öryggisafritun* þeirra.

- storage management system

gagnaþegi kk.

Búnaður sem tekur á móti sendum *gögnum*.

- data sink

gagnaþéttleiki kk.

Fjöldi geymdra *stafa* á lengdareiningu, flatarmálseiningu eða rúmmálseiningu.

- Gagnaþéttleiki er venjulega gefinn upp sem stafir á mm (characters per mm, cpmm) eða stafir á bogamælieiningu (characters per radian, cprad). *Geymslurýmnd diska*¹ er frekar tilgreind en gagnaþéttleiki þeirra.
- data density, ?packing density

gagnaþjónn kk.

sh. *gagnamiðlari*

- data server

gagnaöryggi hk.

Tölvuöryggi sem beitt er á *gögn*.

- data security

gagnendurkvæmur lo.

(um tvö eða fleiri *undirforrit*¹) Sem kallar hvor á annan eða hver á annan í hring.

- Heitið er aðeins notað í fleirtölu, þ.e. undirforritin A og B geta verið gagnendurkvæm.
- mutually recursive

gagnkvæm sjálfkvaðning

Það að tvö *undirforrit*¹ kalla hvort á annað.

- simultaneous recursion

gagnkvæm tortryggni

*Vensl*¹ milli gagnverkandi *eininda*¹ þar sem hvorugt reiðir sig á að annað starfi rétt eða á öruggan hátt miðað við tiltekin eiginleika.

- mutual suspicion

gagnkvæm útilokun

Grunnregla um að aðeins ein *ósamstillt stefja* í einu geti haft *aðgang*¹ að *sameiginlegri breytu* eða *innt* eitthvert *vásvæði* úr *vásvæðasafni*.

- mutual exclusion

gagnráðstöfun kv.

Gjörð, tæki, aðferð, tækni eða önnur ráðstöfun sem er hönnuð til þess að draga úr *veilu* eins og kostur er.

- countermeasure

gagnsær lo.

Sem sést í gegnum, einnig í óeiginlegri merkingu.

sh. *gegnsær*

- transparent

gagnsær þrívíddarhjálmur

(í *sýndarveruleika*) *Þrívíddarhjálmur* sem gerir notanda kleift að sjá raunheiminn um leið og hann sér *sýndarheiminn*.

- see-through head-mounted display, see-through HMD

gagntekning kv.

Tilfinning sem þátttakandi í *sýndarheimi* skynjar, og markar umskipti frá venjulegum veruleika yfir í *sýndarveruleika*.

- immersion

gagntekning að hluta

(í *sýndarveruleika*) *Gagntekning* og það að skynja um leið venjulegan veruleika að hluta.

- partial immersion

gagntekningarteiknun kv.

(í *sýndarveruleika*) Það að sameina framsetningu mynda, *hljóðs* og snerti-áhrifa til þess að framkalla *algjöra gagntekningu*.

– immersive graphics

gagnverkun kv.

– interaction

gagnverkun manns og tölvu

Gagnvirk *samskipti* manns og tölvu.

– human-computer interaction

gagnvirk samtenging

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Samtenging*¹ sem haldið er með boðsambandi milli tveggja eða fleiri *klasa*⁴.

– interaction coupling

gagnvirk sjónsetning

Það að sameina myndbands- og tölvutækni í því skyni að það sem notandi gerir, velur eða ákveður hafi áhrif á gang *forrits*.

– interactive video

gagnvirk tölvuteiknun

Tölvuteiknun þar sem notandi getur stjórnad eða breytt efni, sniði, stærð eða litum þess sem *birt*¹ er á *myndfleti* um leið og það birtist.

• Gagnvirk tölvuteiknun er frábrugðin óvirkri tölvuteiknun þar sem notandi getur hvorki stjórnad né breytt einingum *myndar*¹ um leið og hún birtist.

– interactive computer graphics

gagnvirk þjálfun

Þjálfun þar sem *taugamótavægi* eru stillt eftir að hvert *mynstur*¹ í *mynstrasafni* hefur verið kynnt.

– interactive training

gagnvirkni kv.

Það að vera *gagnvirkur*.

– interactivity

gagnvirkni hluta

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

sh. *gagnvirkni viðfanga*

– object interaction

gagnvirkni viðfanga → *gagnvirkni hluta*

gagnvirknimál hk.

Forritunarmál sem gerir ráð fyrir að notandi og *gagnavinnslukerfi* geti átt *samskipti í samræðuhætti*.

– interactive language, conversational language

gagnvirknirit hk.

– interactivity diagram

gagnvirk geisladiskakerfi

Gagnvirk margmiðlunartölvukerfi þar sem *geisladiskar*¹ eru notaðir.

– compact disk-interactive, CD-I

gagnvirk raddsvaer

Raddsvaer sem svavar við *talílagi* frá notanda.

Dæmi: Upplýsingaþjónusta í síma.

– interactive voice response, IVR

gagnvirk sjónvarp

– interactive TV

gagnvirk umhverfi

Vinnsluumhverfi þar sem *forrit* svarar hverjum notanda á meðan það er *innt* og notandanum virðist sem hann hafi bein áhrif á vinnsluna.

– interactive environment

gagnvirkur lo.

(um búnað) Sem bregst við í hvert sinn sem notandi sendir boð, hvort heldur hann *slær inn texta*, gefur *munleg fyrirermæli* eða notar *myndrænt viðmót*.

– interactive

gagnvirkur hamur → *gagnvirkur háttur*

gagnvirkur háttur

Aðferð við notkun *búnaðareiningar* þar sem búnaðareiningin svarar hverri spurningu *notanda*¹ og notandinn hefur á tilfinningunni að hann hafi bein áhrif á aðgerðir meðan vinnslan stendur yfir.

sh. *gagnvirkur hamur*

– interactive mode

gagnvirkur hlutur

Samsettur hlutur sem getur gegnt hlutverki *ílagshlutar* og *frálagshlutar*.

Dæmi: Röð *hljóða* og mynda sem leiða til þess að notandi velur á tiltek-

inn hátt úr *valmynd*.

– interactive object

gagnvirkur miðill

Miðill sem biður um *upplýsingar*¹ frá *notanda*¹ til þess að ákvarða efni og lengd gagnasendingar, þannig að notandinn fái sent dagskrárefni sem er sniðið að óskum hans.

– interactive medium

gagnvirkur raddsvari

Búnaður fyrir *gagnvirkt raddsva*r.

– voice interactive response system, VIRS

gallakennsl hk. ft.

Það að leita uppi óæskileg *sérkenni hlutar*³ án þess að skaða hlutinn.

· Hvorki lögum né staða sérkennanna er þekkt.

– flaw detection

gallamark hk.

Mesti leyfilegi fjöldi *galla* af tiltekinni gerð.

· Sérstakar ráðstafanir eru nauðsynlegar ef gallarnir reynast fleiri en leyfilegt er. Þær geta falið í sér að láta *tölvara* vita um galla, setja af stað *greiningarforrit* eða endurskipuleggja vinnsluna til þess að komast hjá því að nota gallaðan búnað.

– fault threshold

gallatíðnimark hk.

Gallamark, gefið upp sem fjöldi *galla* sem vart verður á tilteknu tímabili.

– fault-rate threshold

gallaþol hk.

Sá eiginleiki búnaðar að geta starfað áfram að því sem til er ætlast þrátt fyrir *galla* eða *skekkjur*.

– fault tolerance, resilience

gallaþolinn lo.

– fault-tolerant

galli kk.

Óeðlilegt ástand sem getur dregið úr eða komið í veg fyrir getu búnaðar til þess að starfa eins og til er ætlast.

– fault

gandálfur kk.

Sjálfvirkt hjálparkerfi sem aðstoðar notanda við að feta sig gegnum aðgerðir sem eru nauðsynlegar til þess að ljúka tilteknu verki.

· Gandálfur útskýrir hvern kost sem völer á og velur sjálfvirkt liði af *valmynd* og *skipanir*² og stofnar til samtala við notanda. Gandálfur leggur þessa liði fyrir notandann eftir því sem við á.

sh. *álfur*

– wizard, smart guide

ganga frá

(í *stiklumiðlun* og *margmiðlun*) Umskrá *gögn* í það form sem á að leggja fyrir notanda.

– render

ganghlé hk.

Sá tími sem ekki er unnt að nota búnað vegna *galla*.

· Ganghlé getur stafað af galla í búnaðinum sjálfum eða af truflun sem verður vegna ytri aðstæðna. Í fyrra tilvikinu falla ganghlé og *ónýtanlegur tími* saman.

sh. *?niðritími*

– downtime

gangriti kk.

Búnaður sem skráir atburði og aðstæður, oftast í tímaröð.

– logger

gangtengi hk. → *gangbjált tengi*

gangtími kk.

Sá tími sem líður frá því að *inning forrits* hefst þangað til henni lýkur.

· Sjá einnig *gjörvatími*.

– elapsed time

gangbjál skipti

Skipti á harðdrifi, *geisladrifi*, spennugjafa eða öðru tæki á meðan tölvubúnaðurinn er í gangi.

– hot swap, hot swapping

gangbjált tengi

sh. *gangtengi*

– hot-plug

gasskjár kk.

Geymilampi með rafskautum sem raðað er í fylki í flötu, gasfylltu hylki.

· Á gasskjá getur mynd¹ haldist lengi án glæðingar.

– plasma panel, gas panel, plasma display

gatabil hk.

Bil á milli samsvarandi staða á grannstæðum *gripgötum* í *gripröð*.

– feed pitch

gatari¹ kk. → *götunartæki*

gatari² kk. → *götunarvél*

gataræma¹ kv.

Ræma sem unnt er að gata *gatasamstæður* á.

– punch tape, tape

gataræma² kv.

Ræma sem *gatasamstæður* hafa verið gataðar á.

– punched tape

gataræmulesari kk.

Ílagstæki sem les eða skynjar *gatasamstæður* á *gataræmu*² og breytir þeim í rafboð.

sh. *ræmulesari*

– punched tape reader

gatasamstæða kv.

Göt á *gagnamiðli* sem tákna *kótuð gögn*.

Dæmi: Gatasamstæða sem tákna einn staf á *gataspjaldi*².

– hole pattern

gataspjald¹ hk.

Spjald sem unnt er að gata *gatasamstæður* á.

– punch card

gataspjald² hk.

Spjald sem *gatasamstæður* hafa verið gataðar á.

– punched card

gaukamál hk. → *gaukska*

gaukshreiður hk.

Allt umhverfi og vinnuaðstaða *gauks*.

– geekosphere

gaukska kv.

Málfar, slangur og orðaforði þeirra sem eru vel að sér um *tölvur* og *upplýsingatækni*.

· Venjulega er orðið *gaukska* notað um málfar annarra en þess sem talar. Eftir því sem viðkomandi lærir meira um tölvur verður *gaukskan* vaxandi hluti af málfari hans og hann kallar aðeins þann orðaforða sem hann skilur ekki *gauksku*.

sh. *gaukamál*

– geek speak

gaukur kk.

(í tölvu- og netnotkun) Maður sem hefur óhóflegan áhuga á tölvutækni.

· Afstaða til *gauka* virðast einkennast af meira umburðalyndi eftir því sem tölvutæknin verður almennari. Í sumum hópum er það hrós að vera kallaður *gaukur* þar sem það felur í sér að viðkomandi hafi yfir að ráða mikilli leikni í tölvunotkun. Uppruni enska heitisins er úr sirkusmáli þar sem *gaukar* voru á hliðarlínunni og framkvæmdu óvenjuleg sýningaratriði.

sh. *tölvugaukur*

– geek

gaumvísir kk.

Búnaður sem gefur merki, oft ljósmerki, um tiltekið ástand.

– indicator²

gátforrit hk.

Greiningarforrit sem leitar í *frumforritum* eða *gögnum* að *málskipanarvillum* eða *merkingarvillum* eða að því hvort ósamræmi er við tiltekna *kröfur*.

– checking program

gátkóti kk.

Vélmálsskipanir sem lesa hluta *disklings*¹ til þess að athuga hvort þar sé óheimilað afrit.

– checking code

gátmerki hk.

(í gluggaumhverfi)

- Algengast er að gátmerki sé hak eða kross í *gátreit*. Þá má tala um að „haka við“ eða „krossa við“ í gátreitinn.
- check mark

gátreitur kk.

(í gluggaumhverfi)

- check box

gátstaður kk.

Staður í *forriti*, þar sem hentugt er að rjúfa *inningu* forritsins og þar sem *skotið* er inn *runu* af *skipunum*¹ til þess að skrá *gögn* um stöðu og *útkomu* vinnslunnar, til þess að skoða gögnin og *halda áfram*.

- checkpoint

gátsumma kv. → *prófsumma***gátt** kv.

Flétturás sem framkvæmir frumrökaðgerð og skilar einu frálagsgildi.

sh. *hlið*

- gate, logic element

gáttarhýsitölva kv.

- gateway host

gáttarstefja kv.

Lítið *verkforrit*, notað sem hluti af *viðmóti* *vefgáttar* til að birta notendum *vefgáttarinnar* *upplýsingar*¹ um tiltekið efnissvið.

- Oft er um að ræða upplýsingar sem eru *uppnýjaðar* reglulega.
- portlet

Gb → *gígabiti***GB** → *gígabæti***gegnleiðni gagnarásar**

Sá hæfileiki *gagnarásar*² að flytja öll *gögn* án þess að breyta efni eða formgerð þeirra.

- data circuit transparency

gegnlýsingamynd kv. → *víravirkisframsætning***gegnþær** lo. → *gagnþær***gegnnumsmeyg tölvunotkun**

Það að *tölvur* og tölvubúnaður eru að verða alls staðar, í bílum, verkfærum, heimilistækjum og fatnaði, jafnvel svo smáger að þau sjást ekki.

- Sjá einnig *gegnnumsmeyg tölvunotkun*.
- pervasive computing, ubiquitous computing

gegnnumsmeyg tölvunotkun

Tölvunotkun sem þjónar notendum án þess að þeir taki eftir henni eða verði hennar varir.

- Gegnumsmeyg tölvunotkun er eitt af ein-kennum *gegnnumsmeygrar tölvunotkunar*.
- transparent computing

geirastilling kv.

Aðferð við *afritunarvörn*, fólgin í því að athuga hvort *disklingur*¹ er óheimil að afrita með því að gáta hvort *geirar* eru rétt staðsettir frá einni *rás*¹ til annarrar.

- sector alignment

geiri kk.

Fyrir fram ákveðinn bútur af *rás*¹ eða *braut*² á *segultrumbu* eða *seguldiski* sem unnt er að *vistfengja*.

- sector

geislabrennari kk.

Óformlegt heiti á *geislaskrifara*.

- CD burner

geisladiskadrif hk. → *geisladrif***geisladisksminni** hk.

Ljósminni sem aðeins er unnt að *lesa* og þar sem notaðir eru *geisladiskar*¹ ásamt viðeigandi lesbúnaði til þess að *geyma*² *gögn* og hafa *aðgang*¹ að þeim.

sh. *geisladiskur*²

- CD-ROM, compact disk read-only memory

geisladiskur¹ kk.

Lítill *ljósdiskur*, venjulega 12 cm að þvermáli.

- Geisladiskar eru m.a. notaðir fyrir *hljóð* sem skráð er í *stafrænu* formi.
- Notuð er leysisgeislatækni til þess að

skrá á geisladiska og *lesa* af þeim.
 Þeir eiga því að endast betur en venju-
 legar hljómplötur.

– compact disk, CD

geisladiskur² kk. → *geisladisksminni*

geisladrif hk.

Búnaður sem stjórnar snúningi *geisla-*
*diska*¹.

sh. *geisladiskadrif*

– CD-ROM drive

geislaprentari kk.

Högglaus prentari sem býr til dulda
 mynd með leysisgeisla sem beint er
 á ljósnæmt yfirborð. Myndin er gerð
 sýnileg með *prentdufti* og fest á papp-
 ír.

sh. *leysisprentari*

– laser printer, laser beam printer

geislarakning kv.

Aðferð við að ákvarða þá hluta *vangs*
 sem ættu að *birtast*¹ á *mynd*¹, fólgin í
 því að fylgja ímynduðum ljósgeislum
 frá auga áhorfanda að hlutum á vang-
 inum.

· Geislarakning getur náð til endur-
 kasts ljóss og ljósbrots.

– ray tracing

geislaskrifari kk.

– CD recorder

geislstyrkur kk.

– radiant intensity

geislunarhlíf kv.

– radiation shield

gengill kk.

Líkamningur tölvunotanda í *sýndar-*
veruleika.

– avatar²

gengisvinnsla kv.

Gagnavinnsla, fólgin í því að beita
 mörgum nettengdum *tölvum* samtímis á
 sama *verkefni*.

· Oftast er um að ræða verkefni sem
 krefst ofurmargra vinnsluskrefa eða
*aðgangs*¹ að gífurlegu magni *gagna*.

· Sjá einnig *vinnslugengi* og *klasa-*

vinnsla.

– grid computing

gengni kv. → *frammistaða*

gera óvirkan

– disable

gera sjálfvirkan

(um *ferli*¹ eða tæki) *Gera sjálfvirkan*.

– automate

gera virkan

– enable

gerandi¹ kk.

*Einindi*¹ sem gegnir *hlutverki*² í *at-*
*burðariti*¹.

Dæmi: Erindreki, aðstoðarmaður,
 styrkþegi, sjúklingur.

– actor¹

gerandi² kk.

Myndlífgaður gagnvirkur margmiðlun-
arhlutur, notaður í margmiðlunarþún-
 aði.

– actor²

gerandi³ kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Hlut-
 verk sem notandi leikur gagnvart kerfi.

· Notandi getur verið einstaklingur eða
 annað kerfi.

– actor³

gerandi⁴ kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Virk-
 ur *hlutur*² sem stjórnar gangi *gagna*
 með því að búa til eða nota *gagnagildi*.

– actor object

gerandi⁵ kk.

(í *tölvuöryggi*) Virkt *einindi*¹ sem getur
 haft *aðgang*¹ að *viðfangsefnum*.

· Gerandi getur látið *upplýsingar*¹ fara
 á milli viðfangsefna eða breytt stöðu
gagnavinnslukerfisins.

Dæmi: *Ferli*¹ sem felur í sér *inningu*
forrits.

– subject¹

gerandi⁶ kk.

Forrit sem vinnur sjálfstætt tiltekin verk
 fyrir notanda.

· Sjá einnig *vitraenn gerandi*.

– assistant, agent

gerast áskrifandi

Gerast *áskrifandi*.

– subscribe

gerð forsagnarlíkans

(í *gagnanámi*) Aðferð til að segja fyrir um hegðun og sjá fyrir afleiðingar af breytingu.

– predictive modeling

gerð framleiðslulíkans

Gerð rúmfræðilíkans í þremur víddum þar sem fengist er við nauðsynlegar *upplýsingar*¹ til þess að framleiða gegnheilan hlut og við upplýsingar um eiginleika hans.

· Upplýsingar um efni, vikiörk og þau verkfæri sem á að nota eru nauðsynlegar fyrir framleiðsluna.

– product modeling

gerð gagnalíkans

– data modeling

gerð frumpartalíkans

Það að búa til stærðfræðilegt líkan í *gagnavinnslukerfi* af vélarhluta eða öðru sem á að smíða og verið er að hanna með *frumpartagreiningu*.

– finite-element modeling

gerð rúmfræðilíkans

Það að búa til líkan í *gagnavinnslukerfi* af þrívíðum rúmmyndum í því formi að unnt sé að gera eitthvað við þær.

– geometric modeling

gerð verkefnisáætlunar

Það að semja nákvæma lýsingu á þáttum, tímasetningu og tilföngum *verkefnis* og aðferðum sem notaðar eru við lausn þess.

– project planning

gerð víddarlíkans

Gerð rúmfræðilíkans í þremur víddum þar sem fengist er við einkenni gegnheils hlutar til þess að lýsa formgerð hans og lögun.

– solid modeling, volume modeling

gerð víravirkislíkans

Gerð rúmfræðilíkans í þremur víddum þar sem lögun hlutar er lýst með útlínunum á yfirborði hans.

– wireframe modeling

gerð yfirborðslíkans

Það að búa til líkan í *gagnavinnslukerfi* af yfirborði hluta.

– surfacing, surface modeling

gerðarlýsing kv.

Fullkomin lýsing á skipan *gagnasafns*.

– schema¹

gerendaskrá kv.

*Listi yfir gerendur*² í margmiðlunarbúnaði.

– cast

gervifarþegi kk.

Dæmi: Rafrænn farþegi í bíl sem heldur bílstjóranum vakandi með því að ræða við hann.

– artificial passenger, AP

gervigreind¹ kv. → gervigreindarfræði**gervigreind² kv.**

Hæfileiki búnaðar til þess að vinna verk sem venjulega eru tengd mannlegri greind.

· Verkin sem unnin eru geta t.d. verið *rökleiðsla* og *nám*.

– artificial intelligence², AI²

gervigreindarfræði kv.

Fræðigrein sem venjulega er litið á sem grein af *tölvufræði*, þar sem fengist er við líkön og kerfi til þess að vinna verk sem venjulega eru tengd við mannlega greind.

· Verkin sem unnin eru geta t.d. verið *rökleiðsla* og *nám*.

sh. *gervigreind*¹

– artificial intelligence¹, AI¹

gervimál hk.

Mál, byggt á reglum sem eru settar skilmerkilega fram áður en það er tekið í notkun.

Dæmi: Esperanto, *forritunarmál*.

– artificial language

gervिंग kv.

(í *gervigreindarfræði*) Það að búnaður býr til eða gerir það sem venjulega er talið vera hlutverk manna að gera.

Dæmi: Það að búa til *gervital*, *texta*, myndir og tónlist og draga ályktanir.

sh. *vélgervिंग*

– synthesis

gervislembiruna kv.

Talnaruna sem hefur verið gerð samkvæmt tiltekinni reikniáðferð en getur komið í stað *slembitalnarunu* í því sambandi sem til er ætlast.

sh. *háflslembiruna*

– pseudo-random number sequence

gervislembitalnagjafi kk.

Forrit, notað í *verkbúnaði* fyrir líkindareikning og tölfraði þar sem þörf er á fjölmörgum *slembitölum*.

– pseudo-random number generator, PRNG

gervital hk.

Tal, búið til af *búnaðareiningu*.

· Gervital er almennt *hugtak* en um tiltekinn vélgerðan talbút má einnig nota heitið „talgervिंगur“.

– artificial speech, synthetic speech

gervitauganet hk. → *tauganet***gervitaugungur** kk.

Frumstæð vinnslueining í *tauganeti*, með nokkrum *ílögum* og einu *frálagi*, þannig að gildi frálagsins er ólínulegt fall af línulegri samantekt ílagsgildanna með stillanlegum vægisstuðlum.

· Í gervitaugungum er líkt eftir starfsemi taugunga í taugakerfinu og þeir eru tengdir saman til þess að skiptast á boðum.

· Gervitaugung má nota til þess að setja fram þekkingarbrot í formi *tákns*, sérkennis eða *hugtaks*.

– artificial neuron, ?neurode

gervitungl hk.

– satellite

gervitungladiskur kk. → *gervitungla-lofnet***gervitunglalofnet** hk.

sh. *gervitungladiskur*

– satellite dish antenna

gerviveruleiki kk.

Tölvugerður gerviheimur.

– artificial reality, AR

gervivit hk.

Tölvuvit í einhverju formi með yfirmannlega greind á tilteknu sviði og ífólginn vilja til að nota greindina.

– artificial intellect, artelect

gestanet hk.

Einkanet þar sem notaðar eru sömu *samskiptareglur*¹ og á *lýðnetinu*, auk almenna fjarskiptakerfisins, til að skiptast á *upplýsingum*¹ í atvinnurekstri á öruggan hátt.

· Líta má á gestanet sem hluta af *heimaneti* fyrirtækis, þannig að það nái til notenda utan fyrirtækisins.

– extranet

geyma¹ so.

Setja *gögn* í *geymslu*¹.

sh. *setja* í *geymslu*, *flytja* í *geymslu*

– store¹

geyma² so.

Hafa *gögn* í *geymslu*¹.

sh. *hafa* í *geymslu*

– store²

geyma³ so.

Flytja *geymdan* *tölustaf*.

– carry²

geymd¹ kv. → *geymsla*²**geymd**² kv.

Það að flytja *geymdan* *tölustaf*.

– carry¹

geymd færsla

*Færsla*², *geymd*² í *gagnasafni*.

– stored record, internal record

geymdarsamleggjari kk.

Samleggjari sem hefur, fyrir hvert *sæti*², þrjú *ílög*, eitt summufrálag og eitt geymdarfrálag en flytur ekki *geymdu*

tölustafina áfram í einni aðgerðarlootu.

– carry-save adder

geymdur tölustafur

Tölustafur sem kemur fram þegar *summa* eða margfeldi í *sæti*² fer fram úr stærstu tölu sem unnt er að setja í það sæti og er því fluttur til vinnslu á öðrum stað.

· Í *sætistalnaverfi* er geymdur tölustafur fluttur til vinnslu í það sæti sem hefur næsta *vægi*¹ fyrir ofan gefna sætið.

– carry digit

geymilampi kk.

Ein gerð *myndlampa* þar sem mynd¹ helst án *glæðingar*.

– storage tube

geyming kv.

Það að setja *gögn* í *geymslu*¹.

– storing

geymsla¹ kv.

Búnaður þar sem koma má fyrir *gögn-um*, *geyma*² þau og *heimta* þau aftur.

– storage device, storage¹

geymsla² kv.

Það að hafa *gögn* í *geymslu*¹.

sh. *geymd*¹

– storage²

geymsluhólf hk.

Minnsta *vistfengjanleg* eining í *geymslu*¹.

sh. *minnishólf*

– storage cell, storage element

geymslukort hk. → *minnikort*

geymslumiðill kk.

– storage medium

geymslunet hk.

Sérhæft háhraðanet sem tengir mismunandi tegundir af gagnageymslum við tengda *gagnaþjóna* vegna stærra nets notenda.

– storage area network, SAN

geymslurým kv.

Það magn *gagna* sem hafa má í *geymslu*¹, mælt í einhverjum einingum

gagna.

· Eining *gagna* getur t.d. verið *tvíunda-stafur*, *bæti* eða *orð*.

· Orðið *gistislengd* er notað í sömu merkingu um *gisti*.

– storage capacity, storage size

geymsluskipan kv.

Samskipan *gagnasafns* sem er í *geymslu*¹ í *tölvu* þegar stökum í röklegri skipan þess hefur verið varpað í stök sem *geymd*² eru á samsvarandi hátt í *geymslunni*. Haldið er *venslum*¹ og *tengslum* í gagnasafninu svo að hafa megi *aðgang*¹ að *upplýsingum*¹.

· Stök í röklegri skipan eru *gagnastak*², *færsla*² og *færslutag*, og samsvarandi stök í *geymslu* eru *svæði*¹, *geymd færsla* og *skrá*.

– storage structure

geymsluskipanarmál hk.

Gagnasafnsmál, notað til þess að skilgreina *geymsluskipulag* óháð tiltekinni *geymslu*¹ eða *stýrikerfi*.

– storage structure language

geymsluskipulag hk.

Skipulag *geymslu*¹, sem samsvarar tiltekinni *gagnaskipan* og *tengslum* innan hennar, og skipulag aðgerða sem notaðar eru til þess að hafa *aðgang*¹ að *gögnum* í *geymslunni*.

· Röklegum stökum í *gagnaskipaninni* er varpað í stök sem *geymd*² eru á samsvarandi hátt í *geymslunni*. Til dæmis er *færslum*² sem hafa tiltekið *færslutag* varpað í *geymdar færslur* í *skrá*.

– storage organization

geymsluspjald hk. → *minnikort*

geymslustaður kk.

Staður í *geymslu*¹ sem er tiltekinn á ótvíræðan hátt með *vistfangi*.

sh. *minnisstaður*

– storage location, location¹

geymslutilfang hk.

– storage resource

geymsluveita kv. → *geymsluþjónustuveita*

geymsluvernd kv.

Takmörkun aðgangs að *geymslu*¹ eða einum eða fleiri *geymslustöðum* með því að koma í veg fyrir að efni sé *skrifað* eða *lesið* eða hvort tveggja.

– storage protection

geymsluþjónustuveita kv.

(á *lýðnetinu*) Fyrirtæki sem lætur öðrum fyrirtækjum í té tölvugeymslurými og tilheyrandi stjórnunarþjónustu.

sh. *geymsluveita*

– storage service provider, SSP

geymt gagnasafn

*Afrit*¹ af *gagnasafni* frá tilteknum tíma, *geymt*² til þess að unnt sé að *endurrétta* eða *endurheimta* það síðar.

sh. *vistað gagnasafn*

– archival data base, archived data base

Gflops

Ensk *skammstöfun* á mælieiningu fyrir vinnslugetu, jöfn 10^9 *flops*.

sh. *gígaflops*

– Gflops, gigaflops

GIF-hreyfimyndasnið hk.

GIF-snið fyrir vefsíðumyndir með hreyfingu.

Dæmi: Blaktandi fáni.

– animated GIF

GIF-snið hk.

*Myndraent snið*¹ fyrir *skrár*, notað til þess að *geyma*² og skiptast á *skönnuðum*² myndum².

· GIF-sniðið hentar til notkunar á ýmsum *verkvöngum einmenningstölva*.

– GIF, graphic interchange format

gikkkrás kv.

Rafrás sem hefur margar *stöðugar stöður*¹ eða *óstöðugar stöður*. Að minnsta kosti ein þeirra er stöðug staða. Rásin er hönnuð þannig að henni má koma í þá stöðu sem óskað er með því að láta viðeigandi *púls* verka á rásina.

– trigger circuit

gikkur kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Samband milli orsakar og afleiðingar.

· Gikkur bregst við *atburði* af tiltekinni gerð með því að meta stöðu tiltekins skilyrðis, láta í té *raunstika* og setja af stað þá *aðgerð*¹ sem gikkreglan tiltekur.

sh. *kveikja*²

– trigger

gildamengi hk.

Mengi allra hugsanlegra *gilda* sem tiltekin *eigind*¹ getur haft.

sh. *formengi*, *óðal*

– attribute domain, value domain, domain²

gildi hk. → *eigindargildi*

gilding kv.

– assignment

gildingarmál hk.

Forritunarmál þar sem miðað er við að *forrit* séu einkum fólgin í því að breyta gildum *breytna*² með *gildingu*.

– imperative language

gildingarsetning kv.

Einföld setning sem gefur *breytu*² nýtt gildi, tiltekið með *segð*, í stað þess gildis sem hún hafði fyrir.

– assignment statement

gildisákvörðun kv.

Það að *ákvarða gildi segðar*.

sh. *ráðning*²

– evaluation

gildisákvörðunarfall hk.

Fall sem ákvarðar gildi millistaðna *viðfangsrýmis* á meðan leitað er að lausn.

– evaluation function

gildisgjafi kk.

Ílagstæki sem skilar kverðugildi.

Dæmi: *Pumalhjól*, spennumælir, stjórnskífur, *skrunbraut*.

– valuator device, valuator

gildishæstur biti

(í *sætistalnakerfi*) *Bitinn* í því *sæti*² sem hefur mest *vægi*¹.

– most significant bit, MSB

gildishæstur stafur

Stafurinn lengst til vinstri í *tölutákni* eða *orði*.

– most significant character

gildishæstur tölustafur

(í *sætistalnaverfi*) *Tölustafurinn* í því *sæti*² sem hefur mest *vægi*¹.

– most significant digit, MSD

gildislægstur bití

(í *sætistalnaverfi*) *Bitinn* í því *sæti*² sem hefur minnst *vægi*¹.

– least significant bit, LSB

gildislægstur stafur

Stafurinn lengst til hægri í *tölutákni* eða *orði*.

– least significant character

gildislægstur tölustafur

(í *sætistalnaverfi*) *Tölustafurinn* í því *sæti*² sem hefur minnst *vægi*¹.

– least significant digit, LSD

gildissvið¹ hk.

Sá hluti *forrits* þar sem *skilgreining* gildir.

– scope¹, scope of a declaration

gildissvið² hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Vísunarsvið* fyrir *eigind*³ eða *aðgerð*⁴.

– scope²

gildistímabjónusta kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Bjónusta*¹ sem gerir *upphafsmanni* kleift að láta *viðtakanda* vita hvenær *gildistími persónulegs skeytis* rennur út.

– expiration date indication service, expiry date indication service

gildistímaprófun kv.

Það að bera saman tiltekna dagsetningu og lokadag gildistíma.

Dæmi: *Gildistímaprófun færslu*¹ eða *skrár*.

– expiration check, retention period check

gildisvistfang hk.

Eiginlegt vistfang sem er hluti af *skip-*

*un*¹ og þarfnast ekki frekari *gildisákvörðunar*.

– immediate address

gildisþolandi kk.

Þolandi þar sem gildi er haft í stað *vistfangs* í *skipun*¹.

– immediate operand

gildra kv. → hremma**gisti hk.**

Hluti af *innra minni* sem hefur tiltekna *geymslurýmnd* og er venjulega ætlað til sérstakra nota.

– register

gistislengd kv.

Geymslurýmnd gistis.

– register length

gígabíti kk.

Mælieining, notuð við flutning *gagna*, 2³⁰ eða 1 073 741 824 *bitar*.

· *Skammstöfunin* er stundum rituð „gb“ og er þá hætta á ruglingi við *gígabæti*.

Einnig kemur fyrir að „Gb“ sé notað um gígabæti, en það ber að varast.

sh. *Gb*

– gigabit, Gb

gígabæti hk.

Mælieining fyrir *geymslurýmnd*, 2³⁰ eða 1 073 741 824 *bæti*.

· *Skammstöfunin* er stundum rituð „gb“ og er þá hætta á ruglingi við *gígabæti*.

Einnig kemur fyrir að „GB“ sé notað um gígabæti, en það ber að varast.

sh. *GB*

– gigabyte, GB

gígaflops → Gflops**gíslbúnaður kk.**

Ein gerð *spilliforríta* sem er notuð fyrir *gagnarán*.

– ransomware, cryptovirus, cryptotrojan, cryptoworm

gjafbúnaður kk.

Hugbúnaður með verndaðan höfundarétt en til frjálsra afnota og dreifingar án þess að greiðsla komi fyrir.

– freeware

gjörð kv.

Ein eða fleiri *frumgjörðir* sem saman breyta safni *setninga*³ í annað safn eða kynna safn setninga sem eru í *upplýsingasafni* eða *skilningsgerðarlýsingu*.
sh. *aðgerð*²
– action¹

gjörhreinsa so.

Þurrka út eða *skrifa ofan í öll gögn* á segulmiðli eða öðrum *gagnamiðli*, svo að ekki sé unnt að endurretta gögnin.
– sanitize

gjörhreinsun kv.

Það að *gjörhreinsa*.
– sanitizing

gjörvakort hk. → *snjallkort***gjörvatengieining** kv.

Sá hluti *gjörva* sem tengir hann við aðra hluta *tölvunnar*.
· Gjörvatengieiningin sækir *gögn* úr *vinnsluminni* og sendir þau áfram.
sh. *gjörvatengildi*
– bus interface unit

gjörvatengildi hk. → *gjörvatengieining***gjörvatími** kk.

Samanlögð þau tímabil þegar *gjörvar* voru raunverulega að *inna forrit*.
· Sjá einnig *gangtími*.
– processor time

gjörvi kk.

Búnaður sem túlkar og *innir skipanir*¹.
· Í *gjörva* eru að minnsta kosti *stýriverk* og *reikni- og rökverk*.
– processor

GKS

Heiti á stöðluðu *myndrænu* kerfi sem felur í sér *aðgerðir* til þess að *forrita tölvuteiknun* og *skil*¹ sem lýsa því hvernig *verkforrit* og myndræn *ílags- og frálagsstæki* starfa saman.
· GKS er *stytting* á „Graphical Kernel System“. ISO 7942 er alþjóðlegi staðallinn fyrir GKS.
– Graphical Kernel System, GKS

glepja kv.

(í *forritun*) Gryfja í *forritunarmáli* sem auðvelt er að falla í og gefur óvænta niðurstöðu.

· Dæmigerð *glepja* í *forritunarmálinu* *C* er *skipunin*¹: $if(a = b)\{kóti^2\}$ sem er málfræðilega gild og stundum einnig rétt. Gildi *b* er sett í breytuna *a* og síðan er *kóti* framkvæmdur ef *a* hefur ekki gildið 0. Forritarinn átti sennilega við: $if(a == b)\{kóti\}$ sem framkvæmir *kóta* ef gildi *a* og *b* eru jöfn.

– gotcha

glóptrastur lo.

– foolproof

gluggagerð kv.

Það að búa til *glugga* á *myndfleti*.
– windowing³

gluggareitur kk.

Gluggi, búinn til með *tiglun*.
– tile²

gluggaspjald hk.

Spjald af staðlaðri stærð með einum eða fleiri rétthyrndum *gluggum* fyrir *örfilmu*.

– aperture card

gluggastöllun kv.

Það að búa til *stallaða glugga* þannig að *gluggarnir* skarist.

· Sjá einnig *tiglun*.

– window cascading, rollover windowing

gluggatækni¹ kv.

Tækni þar sem notaðir eru *gluggar* til þess að *birta*¹ samtímis ólík *gögn* eða til þess að stjórna mismunandi *verkforritum*.

– windowing¹

gluggatækni² kv.

(í *tölvusjón*) Tækni við að minnka magn *gagna* sem vinna skal úr með því að velja aðeins lítinn hluta af *mynd*² fyrir greiningu og sleppa öllum öðrum hlutum myndarinnar.

– windowing²

gluggatæknikerfi hk.

– windowing system

gluggavörpun kv.

(í tölvuteiknun) Það að varpa *mærum* og efni *minnisglugga* í mæri og innri hluta *sýnisglugga*.

– window/viewport transformation

gluggi kk.

Hluti *myndar*¹ með skilgreindum *mærum* þar sem *gögn* eru *birt*¹.

– window¹, display window

glyrna kv. → *vefmyndavél*

glæða so.

(um *gögn*) Endurnýja aftur og aftur.

Dæmi: (1) Glæða *mynd*¹ á *skjá* svo að hún haldist ávallt *uppnýjuð*. (2)

Glæða *gögn* í *geymsluhólfi* í *hverfulli geyslu* svo að þau glatist ekki.

sh. *nýglæða*, *endurglæða*, *hressa*

– refresh²

glæðing kv.

Það að *glæða*.

sh. *nýglæðing*, *endurglæðing*, *hressing*

– refresh¹

glæðingartíðni kv.

Fjöldi *glæðinga* á tímaeiningu.

sh. *nýglæðingartíðni*, *endurglæðingar-tíðni*, *hressitíðni*

– refresh rate

glært GIF-snið

GIF-snið þar sem einn liturinn er glær.

· Venjulega er glæri liturinn notaður á *myndgrunn* GIF-myndarinnar. Þegar slík mynd er sett á *vefsíðu* sést í gegnum glæra myndgrunninn, og birtist þá myndin á myndgrunni *vefsjárinnar*.

– transparent GIF

glæsilausn kv.

– elegant solution

glöggva so.

· Sögnin stýrir þolfalli. Lagt er til að þessi sögn sé notuð í stað „gúgla“.

Dæmi: Viltu glöggva orðið *tölva* fyrir mig.

– google

GNU-verkefnið hk.

· GNU er eins konar endurkvæmt *skammstöfunarorð* fyrir ensku setninguna: „GNU’s Not Unix!“.

· GNU-verkefnið lýtur að frjálsri dreifingu *hugbúnaðar* fyrir *Unix* og önnur *stýrikerfi* því skyld.

– GNU

Google

Heiti á vinsælli vefleitarvél.

– Google

goto-setning kv. → *til-setning*

Gouraud-skygging kv.

Mjúkskygging í *marghyrningslíkani*, fólgin í því að milligilda ljósstyrk í hornum línulega eftir hverri *útlínu*.

– Gouraud shading

GPS-staðsetningarkerfi hk.

– global positioning system, GPS

GPSS

Heiti á *verkefnatengdu máli*, sérstaklega ætluðu fyrir verkefni þar sem notuð er *eftirlíking*.

· GPSS er *stytting* á „General Purpose Systems Simulator“.

– GPSS

grannaflokkun kv.

Tölfræðileg aðferð, notuð til þess að *máta saman sérkenni hlutar*³ sem verið er að athuga og samsvarandi sérkenni hluta í mengi sem haft er til viðmiðunar.

– nearest-neighbor classification

grannboðasending kv.

*Ferli*¹ í *tókahringsneti* sem felst í því að sérhver *gagnastöð* finnur næstu virka *stöð* svo að allar *stöðvar* sem alvarleg *bilun* snertir geti fengið vitneskju um að bilun hafi orðið.

– neighbor notification

grannfræði kv.

– topology

grannhnútur kk.

*Hnútur*¹, tengdur öðrum hnút með *legg*.

– adjacent node

grannóðal hk. → *nátengt tilfangaoðal*

grámabil hk.

Leyfileg mörk *gráma* sem unnt er að skynja, venjulega stillanleg á bilinu 0–100% af svörtu eða hvítu.

– gray span

grámasjón kv.

Greining á *mynd*², byggð á því hversu mikið er af gráum lit.

– gray scale vision

grámastigi kk.

Styrkleikabil milli svarts og hvíts.

· Blæbrigði af gráum lit fæst með því að blanda saman *frumlitum* af jöfnum styrkleika.

– gray scale

grámastigsfágun kv.

Það að beita formeiningum *grámastiga* til þess að sía grámamynd, venjulega til þess að draga úr yfirborðsgöllum á *hlut*³ í sjónsviði myndavélar.

– gray scale morphology

grámastilling kv.

Aðgerð við *myndbót* sem breytir gildi á *gráma*.

– gray-level manipulation

grámi kk.

Gildi sem tengist *díl* í *stafrænni mynd* og stendur fyrir *ljóma* upprunalega *vangsins* í nágrenni þess punkts sem dállinn stendur fyrir.

– gray level, gray shade

grámun kv.

(í gluggaumhverfi)

– gray shading

greiðslukort hk.

– card

greiðsluskjár kk.

– point of sales display

greiðslustaður kk.

Staður þar sem viðskiptavinur greiðir fyrir vörur og þjónustu.

– point of sale, POS

greiðstilling kv.

(í *samneti*)

– transparent mode

greiðulína kv.

Fjarskiptalína, notuð til þess að tengja ótiltekinn fjölda *útsöðva* við *tölvu* um eitt *tengi*.

· Línan liggur ekki í hring. Í *stýrikerfi* tölvunnar eru *forrit* sem stjórna aðgangi útsöðvanna að henni.

– multipoint line, multidrop line

greiðunet hk.

(í *netskipan*¹) *Net* með nákvæmlega tveimur *endahnútum*², óákveðnum fjölda *millihnúta* og aðeins einni *leið*² milli hverra tveggja *hnúta*¹.

– linear network

greiðusamband hk.

*Samband*¹ milli þriggja eða fleiri *gagnastöðva*.

– multipoint connection

grein kv. → *leggur*

greinalag hk.

*Lag*¹ sem veitir *þjónustu*¹ til þess að flytja *gögn* milli *eininda*² í *netlagi*, venjulega í *grannhnútu*.

· Greinalagið finnur og getur leiðrétt *villur* sem geta orðið í *bitaflutningslaginu*.

sh. *greinatengilag*

– data link layer

greinarmerki hk.

sh. *lestrarmerki*

– punctuation mark

greinaskil hk. ft.

*Ski*² á milli *efnisgreina*.

– paragraph break

greinastýring kv.

(í *OSI*) *Þjónusta*¹ sem *greinalagið* í *OSI-viðmiðunarlíkaninu* veitir.

– data link control, DLC

greinastýring í grunnham → *greinastýring í grunnhætti*

greinastýring í grunnhætti

Stýring á *gagnagreinum* með *staftbundnum samskiptareglum* þar sem notaðir eru staðlaðir *stýristafir* úr 7 bita

kótuðu stafamengi fyrir upplýsinga-skipti.

sh. *greinastýring í grunnham*

– basic mode link control

greinatengilag hk. → *greinalag*

greiningar- fl.

Sem lýtur að því að finna, greina eða lýsa *göllum*, *bilunum* eða *mistöku*.

– diagnostic

greiningarforrit hk.

Forrit sem er hannað til þess að finna, staðsetja og útskýra *galla* í tækjum eða *villur* í forritum.

– diagnostic program

greiningarhæfni kv.

Hæfni búnaðar til þess að finna vanda-mál og greina hvers eðlis *skekka* er.

– diagnostic function

greiningarkeyrsla kv.

Kembiprófun, framkvæmd með því að láta búnað, sem ekki er unnt að gera við, starfa við raunverulegar aðstæður.

– burn-in²

greiningarnám hk.

Þróað form á *afleiðslunámi*, fólgið í því að fræðileg eða formgerð *þekking* er leidd af þekkingu á því hvernig á að vinna verk, svo og af *sérþekkingu*.

– analytic learning, explanation-based learning

grenndarvinnsla kv. → *staðgild um-myndun*

grind kv.

(í *gervigreindarfræði*) Skipuleg fram-setning *þekkingar* á einföldu *hugtaki*, *einindi*¹ eða flokki *hluta*³ með því að sýna hvernig nota má þessi fyrirbæri.

· Grindin sýnir hvernig má nota hug-tak. Hún lýsir ekki dæmigerðum til-vikum hugtaksins.

sh. *þekkingargrind*

– schema²

grindarnet hk.

(í *netskipan*¹) *Net* sem myndað er með tvívíðri stækkun *greiðunets*.

· Í grindarneti eru þrjú flokkar *hnúta*¹, hornhnútar, brúnarhnútar og innri hnútar, eftir því hvort þeir tengjast tveimur, þremur eða fjórum *leggjum*.

– grid network

grip gat hk.

Gat á *gagnamiðli*, notað til þess að halda honum.

Dæmi: Göt á *gataræmu*¹, notuð til þess að flytja hana áfram.

– feed hole, sprocket hole

grip rit hk. → *prent rit*

grip rōð kv.

Rōð *grip gata* á *gagnamiðli*.

– feed track, sprocket track

grisjun skrár

Það að fjarlægja óþörf eða úrelt *gögn* úr *skrá*.

– file clean-up

gríðargeymsla kv. → *risageymsla*

grípa fram í

Tala um leið og *raddkvaðning* heyrir.

· Kerfið ber samt kennsl á *talið* og svar-ar á viðeigandi hátt.

· Reyndir notendur þurfa venjulega ekki að hlusta á raddkvaðningar til þess að vita hvað á að segja við kerfið til að bæta afköst þess.

– barge-in

grípa inn í → *rjúfa*

grófgerð teiknun

Tölvuteiknun þar sem notaðir eru fáir stórir *dílar*.

· Nota má t.d. 40 × 40 díla á *skjá*.

– low-resolution graphics

grófgerður lo.

(um *mynd*¹ eða teiknun) Sem notar fáa stóra *díla*.

– low-resolution¹

grófleysinn lo.

(um tæki) Sem notar fáa stóra *díla*.

– low-resolution²

grófpýða so.

– translate crudely

grófpýðing kv.

– crude translation

grunnband hk.

Tíðnisvið, spannað af tilteknu *merki*² eða mengi fléttaðra merkja sem hefur ekki verið breytt með *mótun*.

– baseband

grunnbandsnet hk. → *staðarnet á grunnbandi***grunnfylling** kv. → *grunnfyllitala***grunnfyllitala** kv.

Fyllitala í eingrunnskerfi sem leiða má af annarri tölu með því að draga hana frá tilteknu veldi af *grunntölunni*.

· Grunnfyllitalan fæst með því að leiða fyrst út *minnkuðu grunnfyllitöluna*, bæta síðan einum við *gildislægsta tölustaf* útkomunnar og flytja *geymda tölustafi* ef þess þarf.

Dæmi: Ef notaðir eru þrír tölustafir í *tugakerfinu* er 830 grunnfyllitala tölunnar 170 og veldi grunntölunnar er 1000 (= 10³).

sh. *stofnfyllitala, grunnfylling, stofnfylling*

– radix complement

grunnngisti hk. → *grunnvistfangsgisti***grunnhnit** hk.

Hvert það hnit sem auðkennir stöðu *vistpunkts* miðað við upphafspunkt tiltekens hnitakerfis.

sh. *raunhnit*

– absolute coordinate

grunnhnitavigur kv.

Vigur, tilgreind með *grunnhnitum* upphafspunkts og endapunkts.

– absolute vector

grunnklasi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

– base class

grunnlitur kk.

sh. *baksviðslitur*

– background color

grunnlína kv. → *mállína***grunnmiðlunarkerfi** hk.

(á *lýðnetinu*) Kerfi til að halda utan um *stofnskrá* yfir heiti *höfuðléna*, s.s. „.com“, „.net“, „.org“ og heiti *landsléna*. Kerfið tekur til 13 *skráþjóna* (árið 2004).

– root server system

grunnnet hk.

Undirnet sem tengir saman *endahnúta*² eða önnur undirnet með því að nota afkastamikil *gagnaskiptakerfi*.

– backbone, network backbone

grunnregla kv.

– principle

grunnskipun kv.

Birtingarskipun þar sem notuð eru *grunnhnit*.

– absolute command, ?absolute instruction

grunnsnið hk. → *sjálfgefið snið***grunntag** hk.

Gagnatag sem *undirtag* er leitt af.

· Sjá einnig *sniðtag*.

– base type, host type, underlying type

grunntala kv.

Sú jákvæða *heila tala* í *grunntalakerfi* sem *vægi*¹ sérhvers *sætis*² er margfaldað með til að fá út vægi næsta sätis fyrir ofan.

Dæmi: Í *tugakerfinu* er grunntala hvers sätis 10.

sh. *stofntala*

– radix¹, ?base²

grunntalakerfi hk.

Sætistalakerfi þar sem *hlutfallið* milli *vægis*¹ sérhvers *sætis*² og vægis þess sätis sem hefur næsta vægi fyrir neðan er jákvæð *heil tala*.

· Hlutfallið er *grunntala* sätisins sem hefur lægra vægið. Leyfileg gildi *tölustafa* í sérhverju sæti eru *núll* og allar jákvæðar heilar tölur sem eru lægri en grunntala sätisins.

– radix notation

grunntölulesgildi hk.

Tölulesgildi, notað til þess að setja fram tölur á þann hátt að *grunntalan* er sérstaklega tiltekin.

Dæmi: Í *Ada* er 16#F,FF#E+2 *raun-tölulesgildi* í *sextándakerfi* sem stendur fyrir *tugatölulesgildið* 4095,0.

– based literal

grunnur kk. → *myndgrunnur***grunnvalmyndarreitur** kk. → *stýrivalmyndarreitur***grunnvístfang** hk.

Vístfang sem miðað er við þegar vístföng eru reiknuð út.

– base address

grunnvístfangsgisti hk.

Gisti til að *geyma*² *grunnvístfang*.

sh. *grunnigisti*

– base address register, base register

GSM-kerfi hk.

Tiltekið *stafrænt* farsímakerfi.

– Global System for Mobile communication, GSM²

GSM-staðall kk.

Evrópskur staðall fyrir *þráðlaus* símafjarskipti.

· GSM stendur fyrir „Global System for Mobile Telecommunications“.

· GSM-símtæki er venjulegur farsími.

– GSM¹

gæðaletur hk.

Letur sem líkist góðu ritvélalettri, t.d. prentað með leturhjólsprentara og er nógu gott fyrir viðskiptabréf.

gæðaprentun kv.

Það að prenta *texta* með *gæðalettri*.

– letter quality printing, LQ printing, correspondence quality printing

gæðatrygging kv.

Skipulögð starfsemi, nauðsynleg til þess að tryggja að búnaður eða kerfi sé í samræmi við tæknilegar *kröfur* sem samkomulag hefur orðið um.

– quality assurance

gæði hk. ft.

(um vöru eða *þjónustu*¹ í *upplýsingatækni*) Eiginleiki og ástand sem skiptir viðskiptavin máli.

– quality

gæslumaður kk.

(á *tölvuþingi*) Maður sem tekur við nýjum *framlögum* og getur samþykkt þau, breytt þeim eða hafnað þeim.

– moderator

gæsluþing hk.

Tölvuþing þar sem þátttakendur skiptast á *upplýsingum*¹ sem fara um hendur *gæslumanns* og hann getur samþykkt, breytt eða hafnað.

– moderated conference

gætir¹ kk.

Búnaður sem fylgist með og skráir tiltekna starfsemi í *gagnavinnslukerfi* til þess að unnt sé að greina hana.

· Unnt er að láta gæti fylgjast með þegar eitthvað ber út af eða meta nýtingu búnaðar.

– monitor¹

gætir² kk.

(í *forritunarmálum*) *Gagnahlutur*, sem margir geta notað, ásamt *aðgerðum*¹ sem snerta gagnahlutinn.

· Aðgerðirnar beinast að því að stjórna beiðnum um *tilföng* eða *aðgang*¹ að þeim tilföngum sem eru tiltæk *samhliða ferlum*¹, en þó aðeins einu ferli í einu.

– monitor³

gögn hk. ft.

Form á framsetningu *upplýsinga*¹ sem hentar til samskipta, túlkunar eða úrvinnslu, með eða án aðstoðar *tölvu*.

– data

gögn um samskiptastjórnun

Gögn sem *einindi*² í tilteknu *lagi*¹ senda hvert öðru til þess að samhæfa sameiginlega starfsemi.

· Við gagnaskiptin er notuð *þjónusta*¹ næsta lags fyrir neðan.

– protocol control information, PCI¹

götunarleið kv.

(í *götunartæki*) *Spjaldleið* þar sem er *götunarstöð*.

– punch path

götunarstaður kk.

Tiltekinn staður á *gagnamiðli* þar sem gera má gat til þess að skrá *gögn*.

– punch position, punching position

götunarstöð kv.

Staður í *götunartæki* þar sem *gagnamiðill* er gataður.

– punch station

götunartæki hk.

Tæki til þess að búa til göt á *gagnamiðil*.

sh. *gatari*¹

– punch

götunarvél kv.

Götunartæki með *hnappaborði*, notað til þess að gata *gagnamiðil*.

sh. *gatari*²

– keypunch, keyboard punch

H

hafa aðgang að → *fá aðgang að*

hafa í geymslu → *geyma*²

hafa vefskipti

Aftengjast tímabundið *tölvukerfi* fyrir tækis kaupanda og tengjast t.d. veflægu-um pöntunarlista seljanda.

· *Hugbúnaður* notandans fyrir *rafræn innkaup* sér um tengsl við *vefsetrið* án afskipta notandans og sér um að upplýsingar um viðskiptin berist til kerfis notandans.

– punch out

hagkvæmnisathugun kv.

Athugun sem er gerð til þess að greina viðfangsefni og hugsanlegar lausnir í því skyni að meta hversu raunhæfar þær eru, hver kostnaður yrði og til hvaða hagsbóta þær yrðu.

– feasibility study

hagsmunaaðili kk.

– interested party

hakstaður kk.

Staður þar sem *dálkhak* hefur verið sett.

– tab position, tab point

hald hk.

(í *tölvuteiknun*) Lítill rétthyrndur reit-

ur sem getur *birsi*¹ í einu hornanna eða á miðri hlið *hneppiramma* eða *glugga* og er notaður til þess að *breyta stærð myndhlutarins* eða *gluggans*.

– handle

halda áfram

Hefja aftur *inningu forrits* og nota *gögn* sem skráð voru við *gátstað*.

– restart³

hamhnappur kk.

Aðgerðarhnappur, notaður til þess að setja *ústöð* eða *tölvu* í annan *ham*, t.d. kalla á *hermi*¹ eða hætta að nota hann.

– hot key

hamstillir kk.

Hnappur sem stutt er á svo að unnt sé að breyta ýmsum eiginleikum *ústöðv-ar* eða stilla þá, t.d. velja *svarhljóð*.

sh. *stillihnappur*

– set-up key

hamur kk.

Tiltekinn valkostur í vinnslu.

Dæmi: *Samræðuháttur*, *umbrotshamur*.

sh. *háttur*

– mode

hamur fyrir altæka leit

Hamur sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastreng* alls staðar þar sem hann kemur fyrir í *texta*.

- Sjá einnig *hamur fyrir altæka skiptileit*.
- global search²

hamur fyrir altæka skiptileit

Hamur sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastreng* í *texta* og skipta á honum og öðrum *stafastreng* alls staðar þar sem hann kemur fyrir, annaðhvort sjálfvirkt eða á handvirkan hátt.

- global search and replace², global find and replace²

handaband hk.

(í *tölvuöryggi*) Skipti tveggja aðila á *gögnum* til þess að *sannvotta* hver annar aðilinn er eða báðir.

- Enska orðasambandið „to perform a handshake“ mætti þýða með „að heilsast“.

sh. *kveðjuskripti*

- handshaking

handahófs- fl. → *slembi-***handlaginn iðnaðarþjarki**

Vél sem stjórnar er á sjálfvirkan hátt, er endurforritanleg og fjölnota, hefur nokkrar svigrúmsvíddir, getur annaðhvort verið föst á tilteknum stað eða hreyfanleg og er til nota í sjálfvirkni-kerfum í iðnaði.

- Heitin „fastur þjarki“ og „hreyfanlegur þjarki“ má stundum nota til þess að vísa til handlagins iðnaðarþjarka eftir því hvort hann er fastur á tilteknum stað eða hreyfanlegur.

- manipulating industrial robot

handprófun kv.

Greiningartækni, sem getur falist í því að líkja á handvirkan hátt eftir *inn-ingu forrits* þar sem *frumkóti*, útkoma úr *prófun* og önnur *gögn* eru skoðuð af þeim sem bjó til þessi gögn, í því skyni að finna og greina *galla*, komast

að því hvort þróunarstöðlum hafi verið fylgt eða finna önnur vandamál.

- desk checking

handskammtaður pappír → *lausblað*

handtölva kv. → *lófatölva*

handvirkt kall

(í *gagnaflutningsneti*) *Kall*¹ sem leyfir að *valmerki* séu send frá *gagnastöð* inn á *línu*³ með óskilgreindum stafahraða.

- Sendir *stafir* geta orðið til í *útsstöðvar-tækjum* eða í *gagnaferjalda*.

- manual calling

handvirkt svar

(í *gagnaflutningsneti*) *Svar* þar sem sambandi er aðeins komið á ef *merki*² er sent á handvirkan hátt um að viðtökustöð sé tilbúin.

- manual answering

hangandi inndráttur

(í *ritvinnslu*) *Inndráttur*¹ þar sem fyrsta orð í fyrstu *línu*¹ tiltekinnar *efnisgreinar* nemur við *vinstri spássíu* en fyrstu orð í þeim línum sem á eftir koma eru tilteknu bili innar í línu.

- hanging indent, hanging indention

hanskafrálagstæki hk.

(í *sýndarveruleika*) Hanski sem framkallar þá skynvillu að um snertingu sé að ræða.

- glove output device

hanskaílag hk.

Látbrigðailag er berst frá hendi, sem fylgst er með gegnum hanska, útbúinn með ljósþráðaskynjurum með framfingrunum, og þýtt er yfir í tölvuskipanir sem fá samsvörun í *sýndarheimi*.

- glove input, glove-based input

hanskaílagstæki hk. → *gagnahanski***harðisksdrif hk.**

Búnaður sem stjórnar snúningi *harð-diska*.

- hard disk drive

harðiskur kk.

Stinnur *seguldiskur*.

- sh. *harður diskur*

– hard disk

harðger lo.

(um upplýsingatæknivöru)

– robust

harður diskur → *harðdiskur***hart skilríki**

(í *tölvuöryggi*) *Mjúkt skilríki* umlukið *vélbúnaði*.

Dæmi: *Örgjörvi á snjallkorti*.

– hard certificate

haus¹ kk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *efnis* í sumum gerðum *skeyta²* sem hefur að geyma gagnlegar *upplýsingar¹* fyrir hálf-sjálvirkna vinnslu *aðgangsbúnaðar*.

· Þessar upplýsingar geta m.a. tilgreint *málefni* skeytisins, *tilvísanir¹* til fyrri skeyta, hversu mikilvægt efni skeytisins er og *viðkvæmni* efnisins.

– heading, header

haus² kk. → *segulhaus***haus á dálki** → *yfirskrift á dálki***hausavíxl** hk. ft.

Það að skipta um *segulhaus* þegar verið er að *lesa* af eða *skrifa* á *gagnamiðil*.

· Hausavíxl verða t.d. ef farið er á milli *rása¹* þegar *gögn* eru lesin af *sívalningi*.

– head switching

haushlað hk.

Jaðarsvæði á yfirborði sérhvers *seguldisk*s þar sem *svifhæð segulhausa* er stillt áður en byrjað er að *lesa* eða *skrifa gögn*.

– head loading zone

háð samtenging

Samtenging¹ þar sem *forritseining* vísar til eða breytir *kóta²* annarrar forritseiningar.

– content coupling

háður talþekkjari

Talþekkjari sem starfar aðeins á traustan hátt þegar hann fær talsýni sem samsvavar fyrir fram ákveðnu boði.

– text-dependent recognizer, text-

dependent recognition system

háenda- fl.

Sem lýtur að *röð bita* við skráningu *bæta* í tölvuminni.

· Í íslenskri þýðingu á ferðum Gúllívers eru „big-endians“ kallaðir digurendingar, en það eru þeir sem brjóta eggskurn á digrari endanum.

· Sjá einnig *lágenda-*.

sh. *digurenda-*

– big-endian

hágranni kk.

– next active upstream neighbor, NAUN

háhraða raðtengi

– high-speed serial interface, HSSI

háleggsstafur kk.

Lágstafur sem nær upp fyrir lágstafalínu.

Dæmi: b, d, h.

– ascender¹, ascending character

háleggur kk.

Sá hluti *háleggsstafs* sem nær upp fyrir lágstafalínu.

– ascender²

hálfbæti hk.

Hálft *bæti*.

· Ef bæti er 8 *bitar* er hálfbæti 4 bitar.

– nibble, quadbit

hálffeitur lo.

(um letur)

– semi bold, demi bold

hálffrádragari kk.

Flétturás sem getur tekið við tvenns konar *ílaga* og skilað tvenns konar *frálagi*. Ílagið er tveir *tölustafir* og frálagið skiptist í mismun þeirra og *lánstölustaf*.

· Í flétturás er notað *tvíundakerfi* þar sem *tölustafir* eru *bitar*.

– half subtracter

háflært hugtak

Hugtak sem ekki er unnt að lýsa nákvæmlega eftir tiltækum *gögnum*, *þekkingu* eða forsendum.

– partially learned concept

hálfrettileiki kk.

*Réttleikasönnun*¹ sem sýnir að þær *fastyrðingar* sem *forrit* skilar leiði rök-
rétt af þeim *fastyrðingum* sem *forritið*
tekur við og af úrvinnslu í *forritinu*.

– partial correctness

hálfsamleggjari kk.

Flétturás sem getur tekið við tvenns
konar *ílagi* og skilað tvenns konar *frá-
lagi*. Ílagið er tveir *tölustafir* og frálagið
skiptist í *summu* og *geymdan tölustaf*.

· Í flétturás er notað *tvíundakerfi* þar
sem *tölustafir* eru *bitar*.

– half adder

hálfsemlbiruna kv. → *gervislembiruna***hálfengt net**

Tauganet þar sem hver *gervitaugungur*
þarf ekki að vera tengdur við alla aðra
gervitaunga.

· Þetta *hugtak* er eingöngu notað um
ólagskipt net.

– partially connected network, diluted
network

hálfþriðjuvidd kv.

Tvívíd *myndraen* framsetning þar sem
þriðja viddin er gefin í skyn með því að
raða *hlutum*³, sem skarast, í forgangs-
röð með tilliti til *blindsvæða*.

– two and one-half dimensions

hámarksflutningshraði kk.

Fyrirhugaður eða fræðilegur fjöldi *stafa*
sem unnt er að *flytja* á tímaeiningu.

sh. *flutningshraði*²

– nominal transfer rate

háskerpa kv.

· Háskerpusjónvarp hefur mikla *sund-
urgreiningu*.

– high definition

hástafa¹ so.

Rita eða prenta með *hástöfum*¹.

– uppercase¹

hástafa² so.

Rita eða prenta með *hástöfum*¹ eða rita
fyrsta staf í orði með *upphafsstaf*.

– capitalize

hástafa- fl.

– uppercase²

hástafafrjáls lo.

Sem gerir ekki mun á *hástöfum*¹ og *lág-
stöfum*.

– case insensitive

hástafalás kk.

Hnappur, notaður til þess að læsa
hnappaborði þannig að aðeins *hástafir*¹
komi fram.

– caps lock

hástafanæmur lo.

Sem gerir mun á *hástöfum*¹ og *lágstöf-
um*.

– case sensitive

hástafaritun kv.

Það að nota *hástafi*¹ í ritun eða prentun.

– capitalization

hástafur¹ kk.

Stór *bókstafur* eins og til dæmis er
venja að rita í upphafi málsgreinar.

– uppercase letter

hástafur² kk. → *upphafsstafur***hástæður** lo. → *brjóstletraður***háttur** kk. → *hamur***hátækniþjón** kv.

Tölvusjón sem felur í sér *ferli*² sem líkja
eftir vitsmunum.

– high-level vision

hátæknivinnsla kv.

Myndvinnsla sem krefst *tölvu* til þess að
líkja eftir mannlegri greind.

– high-level processing

hávísir kk. → *brjóstvísir***HDLC**

Stýring á *gagnagreinum* með *bita-
bundnum samskiptareglum* þar sem not-
uð er rammaskipan, skilgreind í staðl-
inum ISO/IEC 3309 fyrir upplýsinga-
skipti.

– high-level data link control, HDLC

hegðun kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Sýni-
leg áhrif *aðgerðar*⁴ eða *atburðar* ásamt
útkomunni.

– behavior

heiftarpóstur kk. → *illskeytapóstur*

heil tala

Ein talnanna núll, einn, mínus einn, tveir, mínus tveir, ...

sh. *heitala*

– integer, integer number

heiladembing kv.

Færsla allrar tiltækrar þekkingar um tiltekið efni úr mannsheila á annan *geymslumiðil*, t.d. pappír eða *harðdisk*.

– brain dump

heildarfróðmæld kv. → *heildarupplýsingamæld*

heildarhönnun net- og fjarskiptakerfa

– global network and telecommunication design

heildari kk.

Búnaður er skilar sem *frálagi flaumrænni breytu* sem er heildi af flaumrænni breytu *ílagsins* með tilliti til tíma.

· Í sumum heildurum getur breytan sem heildað er yfir verið önnur en tími.

– integrator

heildarupplýsingamæld kv.

Mælikvarði á magn *upplýsinga*² um það hvort tveir atburðir, *x* og *y*, gerast. Magnið er jafnt *logranum* af umhverfu sameiginlegra líkinda þeirra *p(x,y)*:

$$I(x,y) = \log \frac{1}{p(x,y)}.$$

sh. *heildarfróðmæld*

– joint information content

?**heilindi** hk. ft. → *heilleiki*

?**heilindi gagna** → *heilleiki gagna*

heilleiki kk.

Dæmi: *Heilleiki gagna*.

sh. ?*heilindi*, ?*réttleiki*

– integrity

heilleiki gagna

Eiginleiki *gagna* sem felst í því að nákvæmni og samkvæmni haldast án til-lits til þess hvaða breytingar eru gerðar.

· Gögn sem hafa þennan eiginleika mætti kalla heil gögn.

sh. ?*heilindi gagna*, ?*réttleiki gagna*

– data integrity

heilmynd kv.

sh. *almynd*

– hologram

heilmyndageymsla kv.

sh. *almyndageymsla*

– holographic storage

heilsíðubirting kv.

Það að *birta*¹ í einu eins margar textalínur eða myndir og unnt er að prenta á eina *síðu*².

– full-page display

heitala kv. → *heil tala*

heiltölulesgildi hk.

Tölulesgildi, notað til þess að setja fram *heila tölu*.

– integer literal

heiltölutag hk.

Stakraent tag þar sem hvert tilvik stendur fyrir *heila tölu* á tilteknu bili.

– integer type

heimaháttur kk.

– native mode

heimakóti kk.

– native code

heimanet hk.

Sú tegund *innra nets* þar sem notaðar eru sömu *samskiptareglur*¹ og á *lýðnetinu*.

– intranet

heimasíða kv.

Fyrsta *vefsíða* sem notandi fær *aðgang*¹ að hjá tilteknum einstaklingi, stofnun eða fyrirtæki.

· Unnt er að nálgast aðrar vefsíður með því að fylgja *tenglum*³ frá heimasíðunni.

– home page

heimastaða kv.

Upphafsstaða *bendils*¹ á *skjá*, oftast fremsta *sæti*¹ í efstu *línu*¹.

– home position

heimavangur kk.

– native environment

heimaþýðandi kk.

– native compiler

heimhnappur kk.

Stefnuhnappur, notaður til þess að flytja *bendil*¹ í *heimastöðu* eða fremst í *línu*¹.

– home key

heimil gjörð → *leyfileg gjörð***heimild** kv.

Réttur notanda til þess að fá *aðgang*¹ að *gögnum*, þ.e. *lesa* þau, *breyta*, *skjóta inn* gögnum eða *eyða* þeim.

– authorization²

heimildarkall hk.

Kall á fall sem heimilar *verkeiningu* að biðja um *stefnumót* við aðra verkeiningu.

· Þetta hugtak er upprunnið í *Concurrent C*.

– transaction call

heimildarkerki hk.

*Merki*² sem heimilar atburð.

– enabling signal

heimilisgátt kv.

Heimilistæki sem veitir háhraða aðgang að *lýðnetinu* og getur *beint* utanaðkomandi *gögnum* í *tölvur* og tæki á borð við sjónvarpstæki og hljómflutningstæki.

– residential gateway

heimilistölva kv.

Örtölva, ætluð til nota á heimilum.

· Heimilistölvur voru áður fyrr einkum ætlaðar fyrir leikjaforrit og mjög einfalda *forritun* en eru nú yfirleitt samskonar *einmenningstölvur* og henta fyrir lítil fyrirtæki.

– home computer

heimilun kv.

Veiting réttinda, sem felur m.a. í sér veitingu *aðgangs*¹ sem er byggður á *aðgangsrétti*.

– authorization¹

heimsókn kv. → *vitjun***heimt**¹ kv.

Það að *heimta*.

– retrieval¹

heimt² kv. → *skeytaheimt***heimta** so.

Finna og *ná í gögn* í *geymslu*¹ eða *upplýsingar*¹ í *upplýsingakerfi*¹.

– retrieve

heimtaug kv.

Símalína frá símastöð eða skiptistöð inn í tengikassa notanda.

– local loop

heimvista so.

(um verkþátt fyrirtækis) Taka í eigin umsjá.

· Sögnin stjórnar þolfalli.

· Sjá einnig *útvista* og *samvista*.

sh. *endurhýsa*

– insource

heimvistun kv.

Það að *heimvista*.

· Sjá einnig *útvistun* og *samvistun*.

sh. *endurhýsing*

– insourcing

heimvistunarsamningur kk.

· Sjá einnig *útvistunarsamningur* og *samvistunarsamningur*.

sh. *endurhýsingarsamningur*

– insourcing contract, insourcing agreement

heiti einkaumsjónarumdæmis

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind*² sem auðkennir *einkaumsjónarumdæmi* miðað við land eða *landsumsjónarumdæmi*.

· Heiti einkaumsjónarumdæma eru ákvörðuð af innlendum aðilum. Ef þau eru miðuð við heiti lands þarf innlend skráningarstofnun að sjá til þess að þau séu einrætt ákvörðuð.

– private domain name

heiti landsumsjónarumdæmis

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind*² sem auðkennir *landsumsjónarumdæmi* miðað við land.

– administration domain name

heiti stofnunar eða fyrirtækis

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind² tölvu-póstfangs* sem auðkennir stofnun eða fyrirtæki einrætt svo að unnt sé að senda og taka við *skeytum²*.

– organization name

heiti umsjónarumdæmis

(í *tölvupóstkerfi*) *Kennimerki¹ umsjón-arumdæmis*.

– management domain name

heitur reitur → *tengireitur***helmingaleit** kv.

Skiptileit¹ þar sem jafnmörg *gagna-stök¹* eru höfð í báðum hlutum mengis við hverja skiptingu nema upphaflegur fjöldi staka sé oddatala, svo að í öðrum hlutanum verði einu staki fleira.

– binary search

hendingar- fl. → *slembi-***hendingartala** kv. → *slembitala***hengilæsing** kv.

Notkun sérstakra aðferða til þess að vernda *gögn* eða *hugbúnað* gegn heimildarlausri afritun.

– padlocking

hentugleikaáætlunargerð kv.

Áætlunargerð þar sem kveðið er á um hentugar *aðgerðir³* við *lausn viðfangs-efnis* í áætlun sem verið er að þróa.

– opportunistic planning

herma eftir

Nota *gagnavinnslukerfi* til þess að líkja nákvæmlega eftir öðru gagnavinnslukerfi, þannig að kerfið sem líkir eftir taki við sömu *gögnum*, *inni sömu forrit* og fái sömu *útkomur* og kerfið sem líkt er eftir.

– emulate

hermifall hk.

(í *tölvuteiknun*) Ferill sem tengir tiltekna tvo eða fleiri punkta eða skilgreindur er af tveimur eða fleiri punktum.

· Heitið getur einnig átt við stærðfræðijöfnu sem skilgreinir slíkan feril.

sh. *splæsifall*

– spline

hermill kk.

Forrit fyrir *úfstöðvarhermingu*.

· *Hýsitölvu* virðist *tölvun* sem hún er í samskiptum við, vera *úfstöð*. Hýsitölvun tekur við *lausnarrunum* fyrir *skipanir²* eins og þær væru sendar frá *úfstöð*. Forritið opnast venjulega í sérstökum *glugga* þar sem slá má inn skipanir til hýsitölvunnar. Þennan *glugga* mætti kalla skipanaglugga.

– terminal emulator

herming¹ kv.

Það að *herma eftir*.

· Hermingu er komið til leiðar með *vélbúnaði* eða *hugbúnaði*.

– emulation

herming² kv. → *eftirlíking***hermir¹** kk.

Vélbúnaður eða *hugbúnaður* eða hvor tveggja, notaður til *hermingar¹*.

– emulator

hermir² kk. → *eftirlíkir***herping** kv.

Ummyndun myndar sem minnkar *mynd²*.

· Herpingu er unnt að ná með *þynningu*.

– shrinking

hilluvarningur kk.

– commercial off the shelf product, COTS product

himnubirtir kk.

Tegund *skuggastafaglugga* þar sem hafður er sérstakur *smári*, *himnusmári*, fyrir hvern *díl* til þess að unnt sé að stjórna dílnum nákvæmar en ella.

· Með þessum hætti fást betri *virtuskil*, og óskýrleiki vegna hreyfingar minnkar.

· Sjá einnig *runubundinn birtir*.

– active matrix display, thin-film transistor display, TFT display

himmuborð hk.

Flatt, lokað *hnappaborð*, gert úr tveimur plastþynnum, einangrunarþynnu sem er á milli þeirra og flötu borði sem *hnappar* eru prentaðir á. Rafrás er á plastþynnunum, gerð úr bleki sem leiðir rafstraum. Gat er á einangrunarþynnunni þar sem *hnappar* eru á borðinu. Þegar stutt er á *hnapp* snertast plastþynnurnar og straumur fer í gegn.

- membrane keyboard, touch-sensitive keyboard

himnudiskur kk.

Harðdiskur sem *geymslumiðill* með mjög þunnu lagi úr málmblöndu eða gleri í staðinn fyrir hið venjulega kol-efnisbyggða efni sem er á öðrum tegundum harðdiska.

- thin-film disk

himnusmári kk.

Smári af sérstakri gerð, einkum notaður ásamt mörgum öðrum sams konar smárum í *himnubirti*.

sh. *TFT-smári*

- thin-film transistor, TFT

hindraður lo.

(um *innanlega verkeiningu*) Sem er í þeirri *verkstöðu* að vera *tafinn* eða bíða eftir að tiltekinn atburður verði.

- blocked

hindrunarmerki hk.

*Merki*² sem kemur í veg fyrir atburð.

- inhibiting signal

hismun kv.

Tiltekin aðgerð á *gögnum*, hismi bætt við þau áður en þau eru send, til að tryggja öryggi.

- Sjá einnig *vinsun*.
- chaffing

hitaprentari kk.

Högglaus prentari þar sem *stafir* eru búnir til með því að leggja heita víra beint á hitanæman pappír eða á blekborða sem bráðnar á venjulegan pappír.

- thermal printer

hitasjón kv.

Það að skilja *vang* út frá hitabrigðum á honum.

- thermal vision

hjakk¹ hk. → *tölvufimi***hjakk**² hk. → *aðgangsbrot***hjakka**¹ so.

Stunda *tölvufimi*.

- Sjá einnig *tölvugarpur*.
- hack¹

hjakka² so.

Stunda *aðgangsbrot*.

- Sjá einnig *tölvuþrjótur*.

hjakkari¹ kk. → *tölvugarpur***hjakkari**² kk. → *tölvuþrjótur*

- hack²

hjakkprentari kk.

Nálaprentari sem fer nokkrum sinnum yfir það sem hann prentar til þess að fá sem best letur.

- multipass printer

hjá-merki hk. → *vistmerki***hjáðæmi** hk.

Neikvætt dæmi um *hugtak* sem læra skal, svipað *jákvæðu dæmi* um sama *hugtak* og nothæft til þess að greina mikilvæga drætti hins síðarnefnda.

- near-miss

hjálparbúnaður kk.

Búnaður sem er tiltækur í sumum hugbúnaðarkerfum, til þess gerður að veita notanda skýringar á tilteknum verkliðum og öðrum atriðum.

sh. *skýringarbúnaður*²

- help function

hjálpforrit¹ hk.

Forrit sem framkvæmir aðgerð sem er almenns eðlis eða oft er þörf fyrir.

Dæmi: *Greiningarforrit*, *rakningsforrit*, *röðunarforrit*.

- utility program, utility

hjálpforrit² hk.

(fyrir *vefsjá*)

- help application

hjálparforrit gagnasafns

Forrit til þess að setja upp *gagnasafn*, hagnýta það eða halda því við sem heild.

Dæmi: Forrit til þess að *hlaða*² gagnasafn *gögnum*, *endurrétta* og *endurmóta* gagnasafn, athuga hvort gögn eru óskert og veita upplýsingar um notkun safnsins.

– database utility

hjálparhnappur kk.

Hnappur sem sum *forrit* túlka þannig að *birta*¹ eigi *hjálpartexta* þegar stutt er á hnappinn.

sh. *skýringarhnappur*

– help key

hjálparstef hk.

Stef sem framkvæmir aðgerð sem er almenns eðlis eða oft er þörf fyrir.

Dæmi: Ílagsstef.

– utility routine

hjálpartexti kk.

Leiðbeiningar um notkun *hugbúnaðar*, oftast *birtar*¹ á *skjá*.

· Leiðbeiningarnar eru hluti af hugbúnaðinum og er þeim oft skipt í skjásíður.

sh. *skýringartexti*

– help text

hjólstýrildi hk.

Hnitill sem haldið er í hendi og stjórnað með hnappi og skífu sem snúið er milli tveggja fingra.

– paddle control

hjúpa so.

Beita *upplýsingahuld* á *máleiningu*.

– encapsulate

hjúpað tag

Gagnatag sem leyfir aðeins tiltekna *aðgerðir*¹ í tiltekinni *forritseiningu*.

· Framsetning *gagna* er falin í forritseiningunni en vinna má úr gögnunum í öðrum einingum.

– encapsulated type

hjúpun¹ kv.

Það að *hjúpa*.

– encapsulation¹

hjúpun² kv.

Útkoma úr því að *hjúpa*.

– encapsulation²

hlaða¹ so.

Flytja *gögn* í *geymslu*¹ eða vinnugisti.

· Ensku sögnina „load“ má þýða með íslensku sögninni „hlaða“ ef andlag hennar er ílátið sem látið er í. Þannig má tala um að „hlaða minni eða gisti gögnum“. Andlagið getur einnig verið það sem látið er í ílátið í mörgum hlutum, t.d. „hlaða gögnum í minni“. Ef það sem látið er í ílátið er stakt eða ein heild, t.d. *forrit* eða tala, fer betur á að nota annað orðalag, t.d. „setja tölu í gisti“.

sh. *setja í*

– load¹

hlaða² so.

Setja *gögn* í *gagnasafn*.

· Gagnasafn er hlaðið gögnum.

– load²

hlaða³ so.

(í *forritun*) *Inna hleðsluforrit*.

– load³

hlaða niður

Flytja *forrit* eða *gögn* frá einni tölvu til annarrar tengdrar tölvu sem er veigaminni, t.d. frá *stórtölvu* til *einmennings-tölvu*.

· Fyrir almennan notanda *lýðnetsins* merkir þetta að flytja *hugbúnað* til tölvu notandans frá annarri tölvu eða *vefsíðu* á *lýðnetinu*.

· Í daglegu tali fer oft vel á því að nota samheitið „sækja“ og tala til dæmis um að „sækja forrit á netið“.

sh. *flytja niður*, *sækja*²

– download¹

hlaða upp

Flytja *forrit* eða *gögn* frá einni tölvu til annarrar tengdrar tölvu sem er veiga-

meiri, t.d. frá *einmennungstölvu* til *stórtölvu*.

sh. *flytja upp*

– upload¹

hlaði kk. → *staffli*

hlaðstaða kv.

Upphaf skráningarsvæðis á *segulbandi*.

· Í sumum *segulbandsdrifum* er notað *byrjunarmerki*¹ til þess að sýna hvar hlaðstaðan sé.

– load point

hlaðvarp hk.

Runa *skróa* með *stafrænu* efni, hljóði eða hreyfimyndum, sem sett er á markað tímabundið og oft *hlaðið niður* með sérstöku leyfi.

· Orðið kom í staðinn fyrir *vefvarp* þegar *lófaspílarar* eins og *iPod* urðu vinsælir og algengir.

– Podcast

hlaupa yfir

Sleppa tiltekinni einingu í *texta*, t.d. *síðu*² eða *efnisgrein*.

– skip²

hlaupakommueining kv.

Örgjörvi eða sérrás í örgjörva sem vinnur úr tölum hraðar en aðalörgjörvi *tölvunnar*.

– floating-point unit, FPU, numeric coprocessor

hlaupakommuframsetning kv. → *hlaupakommuritung*

hlaupakommugisti hk.

Gisti, notað til þess að vinna úr gögnum í *hlaupakommukerfi*.

– floating-point register

hlaupakommugjörvi kk.

Reikniverk þar sem reiknað er í *hlaupakommukerfi*.

· Hlaupakommugjörvi er oft tengdur venjulegu *miðverki*, en stundum er sjálfst miðverkið, þar sem reiknað er í hlaupakommukerfi, kallað hlaupakommugjörvi.

– floating-point processor

hlaupakommukerfi hk.

Talnaritunarkerfi þar sem sérhver *rauntala* er sett fram með tveimur *tölutákn-um*. Þ.e. *tölukjarna* og *veldisvísi*, þannig að rauntalan sé margfeldi tölukjarnans og *hlaupakommustofnsins* í því veldi sem veldisvísirinn segir til um.

· Í hlaupakommukerfi má setja sömu tölu fram á marga vegu með því að færa *brotskilin* og breyta veldisvísinum til samræmis.

– floating-point representation system

hlaupakommuritung kv.

Framsetning *rauntölu* í *hlaupakommukerfi*.

Dæmi: Hlaupakommuritung tölunnar 0,0001234 getur verið 0,1234E–3 þar sem 0,1234 er *tölukjarninn* og –3 er *veldisvísirinn*, táknaður með E. *Tölutáknin* eru sett fram í *tugakerfinu* og *hlaupakommustofninn* er 10.

sh. *hlaupakommuframsetning*

– floating-point representation

hlaupakommustofn kk.

Veldisstofn í *hlaupakommukerfi*.

– floating-point base, floating-point radix

hlaupakommutag hk.

Rauntölutag þar sem hvert tilvik er sett fram í *hlaupakommukerfi*.

– floating-point type

hlaupakommutala kv.

Rauntala, sett fram í *hlaupakommukerfi*.

– floating-point number

hlaupareitur kk.

(í gluggaumhverfi)

– spin box

hlaupatitill kk.

Ein eða fleiri *línur*¹ efst eða neðst á *síðu*² þar sem setja má titil rits, kaflanúmer, dagsetningu, blaðsíðunúmer o.fl.

Dæmi: *Síðuhausa*, *síðufótur*.

– running head², running title

hleðsla kv.

Það að *hlaða*¹.

– loading

hleðslueining kv.

Forrit eða *forritshluti* sem unnt er að setja í *innra minni* og *inna*.

· Hleðslueining er oftast *frálag tengi-forrits*.

– load module

hleðsluforrit hk.

Forrit sem flytur *afrit*¹ af öðrum forritum eða *gögnum* úr *ytri geymslu* í *innra minni* eða af *gögnum* úr *innra minni* í *gisti*.

· Forritið sem er flutt er oftast *hleðslueining*.

– loader

hleðslukeysrsla kv.

Vinnslutækni þar sem *inning forrits* tekur viðstöðulaust við af *hleðslu* þess.

– load-and-go

hleðslukort hk.

Greiðslukort sem unnt er að endurhlaða í gegnum *hraðbanka* eða um rafrænar boðleiðir svo sem símalínur og *úststöðvar tölva*.

– non-disposable card

hleðslulisti kk.

Tölvugerður *listi* með yfirliti yfir *geymslustaði* eða stærð allra *forrita* eða *gagna* sem eru í *minni*, eða hluta þeirra.

– load map

hleðsluvistfang hk.

Vistfang upphaflegs *geymslustaðar forrits* sem hefur verið sett í *aðalminni*.

– loaded origin

hleðsluþjarki kk.

Segulbandageymsla sem skiptir sjálfvirkt um *draghyli* með því að nota þjarkabúnað.

– autoloader, stackloader

hleifmiðlari kk.

*Miðlari*², gerður af einum *hleif* eða fleirum sem staflað er saman.

· Sjá einnig *sneiðmiðlari*.

– brick server

hleifur kk.

Lítill *tölva* án umbúnaðar, hönnuð til að vera samtengd mörgum öðrum slíkum til að gegna hlutverki öflugs *miðlara*².

· Oft er talað um hleifa og *sneiðar*² í sömu andrá.

· Sjá einnig *hleifmiðlari*.

– brick

hler hk.

Það að komast án heimildar yfir sendingu sem flytur *upplýsingar*¹.

sh. *hlerun*

– eavesdropping

hlerun kv. → *hler***hléskipun** kv.

*Skipun*¹ sem stöðvar *inningu forrits*.

· Hléskipun er venjulega ekki *útgöngu-setning*.

– pause instruction, halt instruction

hlið hk. → *gátt***hliðarband** hk.

(í rafrænni *merkjasendingu*) Sá hluti *mótaðrar burðarbylgju* sem er annaðhvort yfir eða undir grunnbandsmerk-
inu.

· Sá hluti sem er yfir grunnbandsmerk-
inu nefnist efra hliðarband en sá hluti
sem er undir nefnist neðra hliðarband.

– sideband

hliðarforrit hk.

*Undirforrit*¹ sem vinnur þannig að þegar *kallað* er á það aftur eftir að *inningu* er lokið er byrjað á þeim stað sem horfið var frá.

– coroutine

hliðarrás kv.

*Rás*¹, *skrifuð* á óvenjulegan stað á *disklingi*¹.

· Það að skrifa hliðarrás er þáttur í *afritunarvörn*.

– offset track

hliðarverkun kv.

Hvers konar utanaðkomandi aukaáhrif sem *inning segðar*, *setningar*¹ eða *und-*

*irforrits*¹ hefur í för með sér.

Dæmi: Breyting á gildi *kyrrlegrar breytu*.

– side effect

hliðra so.

(í *tölvuteiknun*) Færa alla hluta einnar eða fleiri *myndeininga* sömu vegalengd án snúnings.

– translate²

hliðrun¹ kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að *hliðra*.

– translating

hliðrun² kv.

Hreyfing *myndar*² þannig að allir hlutar hennar hreyfast sömu vegalengd án snúnings.

– translation³

hliðsjónarþýðing kv.

Það að *vistþýða frumforritseiningu* með því að nota *gögn* um *skil*¹ og samhengi úr skyldum frumforritseiningum.

· *Vistþýðandi* notar *gögn* um *skil* og samhengi til þess að athuga hvort *forrit* er rétt og til þess að festa *tilvísanir*¹.

– separate compilation¹, dependent compilation

hliðstæðunám hk.

Námsaðferð sem er í senn *aðleiðslunám* og *afleiðslunám*.

· Með *aðleiðslu* eru ákvörðuð sameiginleg einkenni *hugtaka* sem borin eru saman eða tengd saman. Með *afleiðslu* eru leiddir af þessum einkennum þeir drættir sem búast má við hjá hugtakinu sem verið er að læra.

· Hliðstæðunám krefst getu til þess að greina hversu lík hvort öðru tvö viðfangsefni eru og getu til að nota reglur, þróaðar í einu *viðfangsrými*, til þess að leysa viðfangsefni í öðru viðfangsrými.

– learning by analogy, associative learning

hlítarprófun kv.

Það að prófa hvort öll nauðsynleg *gögn* eru fyrir hendi.

– completeness check

hljóð hk.

Sveiflur sem berast í lofti eða öðrum *miðli* og heyrnartaugar skynja.

– sound

hljóðan hk.

Hljóðeining sem er nægilega ólík öðrum hljóðeiningum í hljóðkerfi tiltekens tungumáls til þess að mismunur þeirra geti verið merkingargreinandi.

Dæmi: /p/ og /b/ eru tvö hljóðön í íslensku því að munurinn á þeim nægir til að greina sundur merkingu tveggja orða, t.d. pera : bera, prestur : brestur.

sh. *hljóðungur*

– phoneme

hljóðgervill kk.

Frálagstæki sem býr til ýmiss konar *hljóð* og tóna sem nota má t.d. í leikjaforritum og *forritum* sem leika tónlist.

sh. *tóngervill*

– sound synthesizer

hljóðkort hk.

sh. *hljóðspjald*

– sound card

hljóðmerki hk.

*Merki*², myndað af *hljóði* sem flytur *gögn*.

– acoustic signal

hljóðmyndunarregla kv.

Regla, beitt á *runu* hljóðritunartákna, sem sýna hvaða *hljóð* á að mynda, í því skyni að búa til merki er tilgreina talhraða, ítónun, tónhæð, hljóðstyrk og áherslu.

– prosody rule, prosodic rule

hljóðsjóna kv.

Stofnræn andlitsmynd sem hægt er að nota til að lýsa tilteknu hljóði, sjónrænt jafngildi *hljóðans*.

· Heyrnarskertir geta í raun lesið af vörum andlitsmyndarinnar.

- viseme
- hljóðskrá** kv.
– sound file, audio file
- hljóðsnið** hk.
– sound format
- hljóðspjald** hk. → *hljóðkort*
- hljóðstreymi** hk.
– audio streaming
- hljóðtaka**¹ so.
(í *hljóðvinnslu*) *Taka sýni af hljóði.*
– sample³
- hljóðtaka**² kv.
(í *hljóðvinnslu*) Það að *hljóðtaka*¹.
– sampling²
- hljóðtaki** kk.
(í *hljóðvinnslu*) Tæki sem *hljóðtekur*¹.
sh. *tóntaki*
– sampler²
- hljóðtengi** hk.
Tæki sem breytir *stafrænu merki* í *hljóðmerki* sem sent er um talsímakerfi.
· Í hljóðtengi er oftast *mótald*. Hljóðtengi eru t.d. notuð til þess að tengja *ústöð* við *tölvu*.
– acoustic coupler
- hljóðtökutíðni** kv.
(í *hljóðvinnslu*) *Sýnatökutíðni* vegna *stafrænnar framsetningar* á *hljóði* fyrir *tölvu* eða *fjarskipti*.
– sample rate², sampling rate², sampling frequency²
- hljóðungur** kk. → *hljóðan*
- hljóðvinnsla** kv.
– sound processing
- hlutalíkan** hk.
(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Lýsing á skipan *hluta*² í kerfi sem felur í sér heiti þeirra, *vensl*² við aðra hluti, *eigindir*³ og *aðgerðir*⁴.
sh. *viðfangalíkan*
– object model
- hlutalíkanagerð** kv.
Þróunaraðferð í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*, fólgin í því að nota *hlutalíkon*, *kvikleg líkön* og *starfræn líkön*.
- sh. *viðfangalíkanagerð*
– object modeling technique, OMT
- hlutarskil** hk. ft.
(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)
sh. *viðfangsskil*
– object interface
- hlutbundið gagnasafnskerfi**
– object-oriented database management system
- hlutbundið mál**
Forritunarmál fyrir *hlutbundna forritun*.
Dæmi: C++, *Eiffel*.
sh. *viðfangamál*
– object-oriented language
- hlutbundið töflugagnasafn**
sh. *hlutbundinn venslagrunnur*
– object-oriented relational database
- hlutbundin forritun**
– object-oriented programming
- hlutbundin hugbúnaðargerð**
– object-oriented software development, object-oriented software design
- hlutbundinn lo.**
(um aðferð eða *forritunarmál*) Sem gerir ráð fyrir *hlutum*², *klösum*⁴ og *erfðum*¹.
· Sumir telja að *hlutbundin forritun* þurfi að fela í sér *upplýsingahuld* eða *hjúpun*¹, *útdrátt gagna*, sendingu *boða* á milli *forritseininga*, *fjölbreytni*, *kviklega bindingu* og *erfðir*.
sh. *viðfanga-*
– object-oriented, OO
- hlutbundinn venslagrunnur** → *hlutbundið töflugagnasafn*
- hlutdræg leit**
*Leit*¹ með *leitarvél* þar sem leitarvél-in skilar *vefsíðum* með *auglýsingum*, einnig *auglýsingum* sem eru *fjármagnaðar* með *smelligreiðslum*.
– non-organic search
- hlutdrægni** kv. → *bjagi*
- hlutfall** hk.
– ratio, proportion

hlutfall birtuútgilda

Hlutfall hámarks- og lágmarksbirtu.
– contrast ratio

hlutfall villubita

Fjöldi skakkra *bita* deilt með heildarfjölda bita sem eru *sendir*, tekið er við eða unnið er úr á einhverju tilteknu tímabili.

– bit error ratio, BER, ?bit error rate

hlutfallsbil hk.

(um *prentara*) Bil milli stafa í samræmi við breidd þeirra.

· I fær t.d. minna rými en M.

– proportional spacing

hlutfallsleg óreiða

· Í *ritunarkerfi* þar sem línur eru ritaðar lóðrétt (t.d. í japönsku) er jöfnunin lóðrétt.

– justify²

jafna² so.

Beita samtímis tilteknum umbreyting-arreglum á tvö eða fleiri gildi þannig að *útkomurnar* verði jafnar.

– unify

jafna³ so.

Snyrta og breyta *tölutákni* sem haldið er eftir þannig að 1 er lagður við *gildislægsta tölustafinn* og *geymt*³, ef nauðsynlegt er, þá og því aðeins að *gildishæsti tölustafurinn* af þeim sem sleppt var sé jafn eða stærri helmingnum af *grunntölu sætis*² síns.

· Sjá einnig *víxljafna*.

Dæmi: Tölutáknin 12,6375 og 15,0625, jöfnuð í þrjú tugabrotssæti, verða 12,638 og 15,063.

– round off¹

jafnaður texti

Texti þar sem allar *línur*¹ byrja eða enda jafnlangt frá blaðbrún.

· Fyrirsagnir eru oft jafnaðar við *vinstri spássú*.

– justified text, adjusted text

jafnari kk.

Virki sem verkar á tvö gildi og hefur þann eiginleika að gildin verða jöfn ef honum er beitt á þau hvort um sig.

· Jafnari athugar einnig hvort unnt sé að gera gildin jöfn og hvaða *aðgerðum*¹ eigi að beita til þess að ná því markmiði.

– unifier

jafnbilaletur hk. → *hlutfallsletur***jafneinindi** hk. ft.

Eitt tveggja eða fleiri *eininda*² í sama *lagi*¹ og í sama opna kerfi eða ólíkum *opnum kerfum*.

· *Samskipti* milli eininda í sama opna kerfi eru ekki viðfangsefni *OSI*.

– peer entity

jafnfresta sending

Gagnasending þar sem fjöldi tímabila milli sérhverra tveggja *einkennisandráa* er *heil tala*.

– isochronous transmission

jafngildi hk. → *jafngildisaðgerð***jafngildisaðgerð** kv.

Tvístæð rökaðgerð sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að *þolendurnir* hafi sama Boole-gildi.

sh. *jafngildi*

– equivalence operation, IF-AND-ONLY-IF operation, IFF

jafngildisgátt kv.

Gátt sem framkvæmir *jafngildisaðgerð*.

sh. *eff-gátt*

– IF-AND-ONLY-IF gate, IF-AND-ONLY-IF element

jafngildislína kv.

Mengi punkta sem hafa sama gildi á tilteknum eiginleika og mynda línu sem getur verið *mæri* svæðis.

· Jafngildislínu er unnt að *birta*¹ sem mengi auðkenndra punkta.

– contour

jafningi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Þáttur í kerfi sem er háður einum eða fleiri öðrum þáttum þannig að hver þarf á *þjónustu*¹ annars að halda.

– peer

jafningjanet hk.

Net þar sem allir *hnútar*¹ hafa sömu getu til þess að stýra eða starfa.

– peer-to-peer network

jafningjavinnsla kv.

– peer-to-peer computing

jafnlengdarfærsla kv.

*Færsla*¹ þar sem *færslulengd* er ákveðin fyrir fram og breytist ekki.

sh. *fastlengdarfærsla*

– fixed-length record

jafnmælishrísla kv. → *jafnmælistré***jafnmælistré** hk.

Sérstök tegund *jafnvægrés* þar sem allar *leiðir*² frá *rótarhnút* að *endahnút*¹ eru jafnlangar.

· Jafnmælistré hefur eftirfarandi eiginleika, þar sem n er stig jafnmæl-

istrésins: (a) Í hverjum *hnút*³ eru í mesta lagi 2n atriði. (b) Í hverjum *hnút*, nema rótarhnútnum, eru að minnsta kosti n atriði. (c) Hver *hnútur* er annaðhvort endahnútur eða hefur m+1 undirskipaða *hnúta*, þar sem m er fjöldi atriða hans.

- Jafnmælistré eru notuð til þess að fá skjótan *aðgang*¹ að *gögnum* í *ytri geymslu*. Fjöldi skipta sem þarf að nálgast gögn er $\leq \log_{n+1}(m)$.

sh. *jafnmælishrísla*

– B-tree

jafnpörun kv.

Það að fjöldi *bita* sem hafa gildið 1 í einhverri tvíundaframsetningu er jöfn tala.

– even parity

jafnsuð hk.

(í *hljóðvinnslu*) *Hljóð* með sama styrk á öllu tíðnisviði mannglegrar heyrnar.

- Jafnsuð er unnt að framleiða með *hljóðgervli* og búa síðan til úr því ýmis önnur *hljóð* til að líkja til dæmis eftir öldugjálfri, skráfi, skrölti eða drunum.

– white noise

jafnveldi hk. → *rakveldi*

jafnvæg skekkja

Mengi af *skekkjum* sem hafa meðaltalið núll.

– balanced error

jafnvægishrísla kv. → *jafnvægistré*

jafnvægistré hk.

Tré þar sem munur á *hnútamálum* *undirtrjáa* hvers *hnúts*³ er í hæsta lagi einn.

sh. *jafnvægishrísla*

– balanced tree, height-balanced tree

jagbúnaður kk.

Hugbúnaður sem jagast í notanda með því að birta einn eða fleiri *sprettilugga* eða aðvaranir þegar *verkforrit* er sett af stað eða stöðvað þar sem notandanum er bent á að kaupa verkforritið, *uppnýja* það eða gera eitthvað annað.

- Jagbúnaður er oft notaður í tengslum við *valgreiðslubúnað*.

– nagware

japl hk.

Það að *gagnastöð* sendir lengur en *samskiptareglur*¹ leyfa.

– jabber

japlhæmlun kv.

Það að *miðilstengildi* í *staðarneti* getur rofið sendingu á sjálfvirkan hátt í því skyni að koma í veg fyrir óeðlilega langvinnan flaum *gagna*.

– jabber control

JAR-skrá kv.

- JAR stendur fyrir „Java ARchive“.

– JAR file

jarðýtuárás kv.

Tilraun þar sem stuðst er við happa- og glappaaðferð til þess að brjóta *tölvuöryggi* með því að prófa mörg hugsanleg gildi á *aðgangsordum* eða *dulmálslyklum*.

- Sjá einnig *kerfisbundin árás*.

– exhaustive attack, brute-force attack

Java

Heiti á *höfundarmáli* fyrir *margmiðlun*.

– Java

Java-baun kv.

- Java-baunir eru *skil*¹ fyrir *hlutbundna forritun* sem gefa kost á að gera endurnýtanlega *forritsbúta*.

– JavaBean

Java-flaga kv.

Kísilflaga sem er komið fyrir í *tölvu* til að bæta *frammistöðu Java*-forrita með því að sjá um að framkvæma tilteknar *skipanir*¹.

– Java chip

Java-kort hk.

Opinn staðall þróunarvanga fyrir gerð *snjallkorta*.

– Java Card

JavaScript

Heiti á túlkuðu forritunar- eða *skriftumáli* fyrir vefsíðugerð frá Netscape.

– JavaScript

jákvætt dæmi

Dæmi sem hæfir *hugtakinu* sem læra skal og getur stuðlað að því að unnt sé að alhæfa um hugtakið.

– positive example, positive instance

JBIG-þjöppun kv.

Stöðluð aðferð til að *þjappa* og *geyma*² tveggja stiga myndir.

· JBIG er leitt af „Joint Bilevel Image Experts Group“.

· JBIG-þjöppun er skilgreind í staðlinum ISO 11544.

– JBIG

JPEG-þjöppun kv.

Stöðluð aðferð til að *þjappa* og *geyma*² bæði litmyndir og gráam myndir.

· JPEG er leitt af „Joint Photographic

Experts Group“.

· JPEG-þjöppun er skilgreind í staðlinum ISO 10918.

– JPEG

jöfnun kv.

Það að *jafna*².

– unification

jöfnunartími kk.

Sá tími sem þarf, að lokinni sendingu tiltekins ílagsmerkis til kerfis, til þess að frálagsmerki berist og haldist á tilteknu þröngu sviði með miðju á sístöðugildi merkisins.

· Ílagsmerkið getur verið þrep, púls, flái, fleygbogi eða sínusferill. Fyrir þrep eða púls er sviðið oft tilgreint sem $\pm 2\%$ af endanlegu sístöðugildi.

– settling time

K

k

(í tölvutækni) Forskeytið kíló-, 2^{10} eða 1024.

· Forskeytið kíló- stendur venjulega fyrir töluna 1000 (þúsund). Í tölvutækni er tvíundakerfið notað og því þykir hentugra að kíló- standi fyrir 1024, t.d. í kB fyrir kílóþæti. Í sumum ritum er notað stórt K þegar átt er við 1024.

– k

K-skel kv.

Tiltekin *skel*¹ í *Unix*.

– K-shell

kafa so.

· Sjá einnig *köfun*.

Dæmi: Kafa djúpt í *stigveldi*.

– drill down

kafhleðsla kv.

Tækni við úthlutun *geymslu*¹ þar sem

forritshlutar eru fluttir úr *ytri geymslu* í *aðalminni* þegar þörf krefur.

– segmentation

kaflaskiptaforrit hk.

Forrit sem skipt er í *kafla* þannig að mismunandi kaflar skiptast á um að nota sömu *geymslustaði* í *aðalminni* á meðan forritið er *inn*.

– overlay program

kaffi kk.

(í *forritun*) *Forritshluti* sem unnt er að *inna* án þess að allt *forritið* sé *vistfast* í *aðalminni*.

– segment¹

kall¹ hk.

Það að *senda valmerki* til þess að koma á *sambandi*¹ milli *gagnastöðva*.

– calling

kall² hk.

Samgangur sem komið er á milli *gagna-*

stöðva og felur í sér að koma á *sambandi*¹, senda *skeyti*² og slíta sambandinu.

– call¹

kall³ hk.

(í *forritunarmálum*) *Skipun*¹ um að ein *forritseining* taki við stjórn af annarri *forritseiningu*.

· Venjulega felur kallið í sér að *forritseiningin* sem *kallaði* taki aftur við stjórn.

· Í kalli eru oft tilteknir *stikar*² sem á að hleypta til og frá *forritseiningunni* sem kallað er á.

– call²

kall á fall

Máleinng sem lætur *falli*¹ í té *raunstika* og setur *inningu* fallsins af stað.

· Nota má kall á fall sem *þolanda* í *segð* eða sem *raunstika* í *kalli á undirforrit*.

· Sjá einnig *stefjukallssetning*.

– function call¹

kall á undirforrit

*Kall*³ sem setur af stað *inningu undirforrits*¹.

Dæmi: *Stefjukallssetning*, *kall á fall*.

– subprogram call

kall með gildi

*Kall*³ þar sem *forritseiningin* sem *kallar* lætur *forritseiningunni*, sem kallað er á, í té raunveruleg gildi þeirra *stika*² sem hleypt er á milli *forritseininganna*.

· Þegar notað er kall með gildi getur *forritseiningin*, sem kallað er á, ekki breytt gildum þeirra *stika* sem hin *forritseiningin*, sú sem *kallar*, hefur *geymt*² eða *geymdir* eru fyrir hana.

– call by value

kall með staðsetningu → kall með tilvísun

kall með stika

*Kall*³ þar sem *forritseiningin* sem *kallar* lætur *forritseiningunni*, sem kallað er á, í té heiti eins eða fleiri *stika*² sem eiga að gefa gildi í hvert skipti sem samsvar-

andi stiki er notaður í *forritseiningunni* sem kallað er á.

– call by name

kall með tilvísun

*Kall*³ þar sem *forritseiningin* sem *kallar* lætur *forritseiningunni*, sem kallað er á, í té *vistföng stika*² sem á að hleypta á milli *forritseininganna*.

· Þegar notað er kall með tilvísun getur *forritseiningin*, sem kallað er á, breytt gildum þeirra *stika* sem hin *forritseiningin*, sú sem *kallar*, hefur *geymt*².

sh. *kall með vistfangi*, *kall með staðsetningu*

– call by reference, call by address, call by location

kall með vistfangi → kall með tilvísun

kalla á

*Inna kall*³.

– call³

kalla fram frábrigði

Valda því að *merki*² er gefið um *frábrigði* þegar tiltekið ástand verður.

– raise an exception

kallaðferð kv.

Tiltekið samsafn *samskiptareglna*¹ sem þarf til þess að koma á *sambandi*¹, halda því og slíta því.

– call control procedure

kallrit hk.

Mynd sem tilgreinir *forritseiningar* í kerfi eða *forriti* og sýnir hvaða *forritseiningar kalla* hver á aðra.

· *Kallrit* þarf ekki að sýna það sama og *stigveldisrit*.

– call graph, call tree

kallruna kv.

*Runa skipana*¹ sem setur af stað *inningu undirforrits*¹, sér því fyrir *gögnum* til úrvinnslu ef þörf krefur og stýrir því hvernig *undirforritið* skilar *útkomum* til *forritsins* sem *kallaði á það* og hvernig það *hverfur aftur* til þess *forrits*.

– calling sequence

kambur kk.

Samsafn *aðgangsarma* í *seguldiskastöð* sem hreyfast saman.

– comb

kanni kk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Fróðfang* sem flutt er með *skeytaflutningi* og notað til þess að ákvarða hvort unnt sé að afhenda *skeyti*².

· *Eigindir*² í *umslagi* kannans lýsa flokki skeyta sem ákvarða skal hvort unnt sé að afhenda.

· Óvíst er að kannanum sé dreift með *póstlistum*.

– probe

kapalmótald hk.

– cable modem

kapalsjónvarp hk.

– cable TV

karltengi hk.

Tengi með pinnum til að stinga í *kventengi*.

– pin connector

kaupandareikningur kk.

Reikningur sem kaupandi sendir sjálfum sér.

– self-billing invoice

kaupyrki kk.

Yrki sem kannar fyrir *notanda*¹ vöruverð og kauptilboð á *veraldarvefnum*.

– shopbot

kápulaus tvinnuð lína

Tvinnuð lína sem er ekki í kápu.

– unshielded twisted pair

kb → *kílóbiti***kB** → *kílóbæti***keðjukynning** kv.

Notkun *félagsneta* til þess að dreifa markaðsupplýsingum.

– viral marketing

keðjulistaleit kv.

*Leit*¹ þar sem notaður er *keðjulist*.

– chained list search, linked list search

keðjulist kk.

Listi með stökum sem geta verið dreifð

um *geymslu*¹ en fela í sér *upplýsingar*¹ til þess að finna næsta stak á eftir í listanum.

– linked list, chained list

keðjuprentari kk.

Höggprentari þar sem letrið er fest á hlekki keðju sem snýst.

– chain printer

keðjuskeyti hk.

Auglýsingaskeyti sem sent er frá manni til manns um *félagsnet* þeirra.

– viral message

keðjusýkill kk.

Forrit sem dreifir sér með *tölvupósti*³ til allra sem eru á *póstlista* hvers *viðtakanda*.

– bacterium, chain letter

keðjutenging kv.

(í *útdrætti sérkenna*) Það að fella bein línustrik eða margliður að punktum á *útlínunum*.

– linking

kemba so.

(í *forritun*) Finna, staðsetja og fjarlægja *villur* í *forritum*.

– debug

kembiforrit hk.

Hugbúnaður, hannaður til hjálpar við *kembingu*.

· Með kembiforriti má t.d. rjúfa *inningu*, *demba*² því sem er í *minni* og *gistum*, skoða *gögn* í *minni* og *gistum* og breyta þeim.

– debugger

kembing kv.

Það að *kemba*.

– debugging

kembiprófun kv.

· Sjá einnig *kemba* og *kembiforrit*.

– debug test

kennakös kv.

Ástand sem kemur upp þegar notandi hefur ótal mismunandi kenni og *aðgangssorð* í ólíkum *tölvunetum*, *verkforritum* og *tölvum*.

– identity chaos

kenni hk. → *kennimerki*¹

kenni notanda → *notandakenni*

kenniflaga kv.

Örlítið rafeindatæki sem er komið fyrir undir húð á dýri til að merkja það með einræðri kennitölu.

- Slík merking getur til dæmis komið í staðinn fyrir eyrnamerkingu sauðfjár og brennimerkingu nautpenings.
 - Heiti kenniflögunnar má rekja til þess að hluti hennar er *kísilflaga*.
- biochip transponder, injectable ID chip

kennimark hk. → *kennimerki*¹

kennimerki¹ hk.

(í *skipulagi gagna*) Einn eða fleiri *stafir*, notaðir til þess að nefna eða auðkenna *gagnastak*¹ og e.t.v. til þess að sýna að það hafi tiltekna eiginleika.

sh. *kenni*, *kennimark*

– identifier¹

kennimerki² hk.

*Merki*¹ sem er skráð á *gagnamiðil* og veitir *upplýsingar*¹ um *gögn* sem skráð eru á gagnamiðilinn.

– internal label

kennisgripur kk.

(í *tölvuöryggi*) Tæki, notað til *sannvottunar kennis*.

Dæmi: *Snjallkort*, lykill úr málm.

– identity token

kenniskrá notanda

Lýsing á *notanda*¹, einkum notuð við *aðgangsstýringu*.

- Í kenniskránni geta t.d. verið *notandakenni*, nafn notanda, *aðgangsorð*, *aðgangsréttur* og aðrir eiginleikar.

– user profile¹

kennisstuldur kk.

Dæmi: Stuldur á kennitölu eða ökskráteini.

– identity theft

kennitala kv.

Heiltöluhluti í framsetningu *logra*, getur verið jákvæður eða neikvæður.

– characteristic²

kennsl segulstafa

Það að bera *sjálfvirkt* kennsl á *segulstafi*.

– magnetic ink character recognition, MICR

kennslatími kk.

Sá tími sem líður frá því að gildi *staf-ræns* ílagsmerkis breytist þangað til stafrænt *ílagstæki* skynjar breytinguna.

– recognition time

kerfasafn hk.

(í *OSI*) Samsafn *opinna kerfa* sem hafa samstarf um rekstur röklegs *gagnasafns* með *upplýsingum*¹ um raunveruleg fyrirbæri.

– directory¹

kerfaskipti¹ hk. ft.

Það að færa sig frá einu kerfi í annað til frambúðar.

- Um getur verið að ræða stýrikerfi, bókhaldskerfi, samskiptakerfi og fleira.

sh. *yfirfærsla*

– migration

kerfaskipti² hk. ft.

Það að eitt kerfi tekur við starfsemi annars kerfis á tiltekinni stundu.

sh. *umsöðlun*

– cutover

kerfi fyrir persónuleg skeytaskipti

Skeytasýslukerfi sem annast *persónuleg skeytaskipti*.

– interpersonal messaging system, IPMS

kerfi fyrir upplýsingaheimt

Kerfi til þess að *geyma*² og *heimta ósniðin gögn*.

– information retrieval system

kerfisbakki kk.

Hluti af *verkreinum* á skjáborðsviðmóti *Windows*, notaður til að *birta*¹ klukkuna

og *teikn* tiltekinna *forrita* þannig að notandi er sífellt minntur á að þau séu fyrir hendi og hann geti auðveldlega smellt á eitt þeirra.

– system tray, systray

kerfisbraut kv.

Tengibraut, notuð til þess að flytja gögn milli hinna ýmsu hluta *gagnavinnslukerfis*.

· Kerfisbraut skiptist í *gagnabraut*, *vistfangabraut* og *stýribraut*.

– system bus

kerfisbundin árás

Tilraun til þess að brjóta *kótunarreglu* eða til þess að finna *lykil*³ með kerfisbundnum aðferðum.

· Sjá einnig *jarðýtuárás*.

Dæmi: (1) Tölfræðileg greining á *mynstrum*¹. (2) Leit að *smugum* í dulritunargrími.

– analytical attack, cryptanalytical attack

kerfisforritari kk.

Forritari sem semur *kerfishugbúnað* og heldur honum við.

– systems programmer

kerfisfræðingur kk.

Maður sem greinir viðfangsefni, athugar hvort heppilegt er að nota *tölvu* við lausn þeirra og hannar kerfi við hæfi.

– systems analyst

kerfisgreining kv.

Skipuleg könnun á raunverulegu eða fyrirhuguðu kerfi í því skyni að ákvarða *kröfur* um *upplýsingar*¹ sem kerfið gerir, *ferli*¹ kerfisins, tengsl þessara þátta innbyrðis og tengsl þeirra við önnur kerfi.

– system analysis, systems analysis

kerfishandbók kv.

Handbók þar sem samsetningu og starfsemi *gagnavinnslukerfis* er lýst.

– system manual

kerfishrun hk.

Það að *stýrikerfi* missir stjórn á *gagna-*

vinnslukerfi svo að nauðsynlegt reynist að setja það aftur í gang.

– system crash

kerfishugbúnaður kk.

Hugbúnaður sem annast keyrslu *verkbúnaðar* en er sjálfur óháður einstökum verkefnum.

– system software

kerfishönnun kv.

Það að skilgreina *högun vélbúnaðar* og *hugbúnaðar*, þætti kerfis, einingar þess, *skil*¹ og *gögn* til þess að það standist þær *kröfur* sem til þess eru gerðar.

– system design

kerfiskönnun kv. → *endurskoðun tölvukerfis*

kerfisleigufyrirtæki hk. → *kerfisveita*

kerfislýsing kv.

Skjalbúnaður sem verður til við *kerfishönnun* og þar sem skipulag kerfis er skilgreint, ásamt helstu eiginleikum þess og þeim *kröfum* sem gerðar eru til *vélbúnaðar* og *hugbúnaðar*.

– system description

kerfismat hk.

Skýrsla um *eftirkönnun á kerfi* þar sem því er lýst hvernig tekist hefur að fullnægja þeim *kröfum* sem til þess eru gerðar. Bent er á óleyst vandamál og leiðbeiningar veittar um frekari þróun kerfisins.

– evaluation report

kerfisprófunartími kk.

Sá hluti *notkunartíma* sem notaður er til þess að prófa búnað.

· Tími sem notaður er til þess að prófa *forrit* í *stýrikerfi* getur verið hluti kerfisprófunartíma þar sem búnaður getur verið *tölva* ásamt stýrikerfi.

– system test time

kerfissafn hk.

Hugbúnaðarsafn sem er *vistfast* í *hugbúnaði* *gagnavinnslukerfis* og hafa má *aðgang*¹ að eða vísa til úr öðrum *forritum*.

- Dæmi: *Fjölvásafn*.
– system library
- kerfisskjöl** hk. ft. → *skjalbúnaður kerfis*
- kerfisstjóri** kk.
– system administrator
- kerfisstjórn** kv.
– system administration
- kerfisumsjónarmaður** kk.
Umsjónarmaður *þjóns*¹ eða *málþings* sem tengist *upplýsingatöflukerfi*.
– system operator, SYSOP
- kerfisveita** kv.
sh. *kerfisleigufyrirtæki*
– application service provider, ASP
- kerfisvilla** kv.
– system error
- kerfisvinnslutími** kk.
Sá hluti *notkunartíma* sem einhver notandi nýtir til vinnslu.
– system production time
- kerfisþjónusta** kv. → *kerfisönnusta*
- kerfisþróun** kv.
*Ferli*¹ sem venjulega nær yfir *kröfugreiningu*, *kerfishönnun*, *nothæfingu* kerfis, samningu *skjalbúnaðar* og *gæðatryggingu*.
– system development
- kerfisþróunaraðferð** kv.
– systems development method, SDM
- kerfisþræðing** kv.
Skipuleg rannsókn sérhæfðra starfsmanna á *kröfum*, hönnun og *nothæfingu* kerfis eða hluta þess.
– structured walk-through, walk-through
- kerfisönnusta** kv.
Það að láta í té aðstoð og efni til þess að unnt sé að nota fullbúið kerfi og endurbæta það eftir að það hefur verið tekið í notkun.
sh. *kerfisþjónusta*
– system support
- Kermit**
Heiti á samskiptabúnaði fyrir *skráaflutning* og *skrúastjórn*.
· Kermit er *gjafbúnaður*.
– Kermit
- keyra** so. → *inna*
- keyranlegur** lo. → *innanlegur*
- keyrsla forrits** → *inning forrits*
- keyrsluhlutur** kk.
(í *stiklumiðlun* og *margmiðlun*) *Hlutur*⁴, myndaður eftir líkani meðan á keyrslu stendur.
– runtime object, rt-object
- keyrslurakningur** kk. → *inningarrakningur*
- keyrsluskeið** hk. → *inningarskeið*
- keyrslutími** kk. → *inningartími*
- kippuforrit** hk.
Forrit sem *les* eða *skrifar kippuskrár*.
– archiver
- kippuskrá** kv.
Skrá sem í eru ein eða (venjulega) fleiri skrár, stundum *þjappaðar*, ásamt *upplýsingum*¹ um skrárnar.
· Kippuskrár bera mismunandi heiti eftir *sniði*² þeirra.
Dæmi: *zip-skrá*, *cab-skrá* og *tar-skrá*.
– archive format file, archive file², archive²
- kippuskrársnið** hk.
· *Nafnauki kippuskrár* segir að jafnaði til um *sniði*² hennar, t.d. „zip“, „cab“ og „tar“.
– archive file format
- kílóbíti** kk.
Mælieining, notuð við flutning *gagna*, 2¹⁰ eða 1024 *bitar*.
· *Skammstöfunin* er stundum rituð „KB“, „kB“ eða „Kb“ og er þá hætta á ruglingi við *kílóbæti*. Einnig kemur fyrir að „kb“ sé notað um kílóbæti, en það ber að varast.
sh. *kb*
– kilobit, kb
- kílóbæti** hk.
Mælieining fyrir *geymslurýmd*, 2¹⁰ eða 1024 *bæti*.
· *Skammstöfunin* er stundum rituð

„KB“, „Kb“ eða „kb“ og er þá hættu á ruglingi við *kílóbita*. Einnig kemur fyrir að „kB“ sé notað um kílóbita, en það ber að varast.

sh. *kB*

– kilobyte, kB

kísilflaga kv.

Lítill sneið af hálfleiðara sem í eru samtengdir rafrásarbútar.

· Íslenska heitið miðast við að flagan sé úr kísli (e. „silicium chip“) en það er algengast. Sé notað annað efni breytist íslenska heitið til samræmis og verður t.d. germanflaga.

– chip¹, microchip

kísilþynna kv.

Þunn sneið af kísilhleif sem *samrásir* eru settar á.

– wafer

kjalvídd kv.

Hægri spássía á vinstri *síðu*² og *vinstri spássía* á hægri síðu á opnu.

· Þessar *spássíur* þurfa oft að vera breiðari en þær ytri svo að unnt sé að hefta *skjal*¹ eða búa um kjöl þess á annan hátt.

– gutter

kjarnadamba kv.

*Damba*¹ úr stýrikerfiskjarna.

– core dump¹

kjarnadembang kv.

Dembang úr stýrikerfiskjarna.

– core dump²

kjarnaminni hk. → *segulkjarnageymsla*

kjarni¹ kk.

Sá hluti *stjórnforrits* sem er *vistfastur* í *aðalminni*.

sh. *stýrikerfiskjarni*

– kernel, nucleus, resident control program

kjarni² kk. → *segulkjarni*

kjarni³ kk. → *tölu kjarni*

kjöltutölva kv.

Fartölva, knúin rafhlöðum, svo lítil og létt að unnt er að hafa hana í kjöltu sér

og vinna við hana þar.

– laptop computer, notebook computer

kjörleið símtals

– least cost routing

kjörnafn hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind*² *tölvu-póstfangs* sem vísar á *notanda*³ eða *póstlista* miðað við aðra eigind í tölvu-póstfanginu.

Dæmi: Titill eða staða í fyrirtæki, t.d. „póstmeistari“, „markaðsstjóri“.

– common name

klasaeigind kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Eigind*³ með gildi sem er sameiginlegt fyrir heilan *klasa*⁴ af *hlutum*² en á ekki aðeins við einstakt *tilvik*² af hlutum.

sh. *klasaeiginleiki*

– class attribute

klasaeiginleiki kk. → *klasaeigind*

klasagagnatag hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Ein gerð af *breytu*² sem vísar til *tilviks*² af *klasa*⁴.

– class data type

klasagreining kv.

Það að fara með grannstæða *díla*, sem hafa tiltekinn *gráma*, sem eina heild eða sem *klasa*.

– cluster analysis

klasasafn hk.

(í *hlutbundinni forritun*)

– class library

klasavinnsla kv.

· Sjá einnig *gengisvinnsla*.

– cluster computing

klasi¹ kk.

Tiltekinn hluti *seguldísks* eða *disklings*¹, skilgreindur til hagræðis í vinnslu.

· Seguldiskum og disklingum er skipt í ákveðinn fjölda klasa. Hver klasi getur t.d. náð yfir 2048 *bæti*.

– cluster¹

klasi² kk.

Nokkrar *útsstöðvar* og önnur tæki sem starfa sem ein heild í *fjölnotendakerfi*.
– cluster²

klasi³ kk.

(í *dreifvinnslu*) Samsafn *búnaðareininga* af sömu gerð sem gegna hlutverki sameiginlega, annaðhvort í samstarfi eða undir sameiginlegri stjórn.
– cluster³

klasi⁴ kk.

(í *forritunarmálum*) *Sniðmát¹* fyrir *hluti²* þar sem skilgreind er formgerð og mengi *aðgerða⁴* fyrir *tilvik²* slíkra hluta.

Dæmi: *Stofnræn undirforrit* í *Ada* og *stofnrænir pakkar* eru klasar af því að þeir hafa sniðmát fyrir *eingildingu* á söfnum *undirforrita¹* og *pakka²*.

– class

klefi kk.

Lokað hylki eða skýli þar sem þátttakanda í *sýndarheimi* er komið fyrir.

– pod

klemmuspjald hk.

Geymslusvæði til þess að geyma um stundarsakir *texta* eða myndir til endurnota í sama *skjali¹* eða öðru skjali.

– clipboard

klippa so.

(í *ritvinnslu*) Afmarka textabút svo að unnt sé að flytja hann til innan *skjals¹* eða út fyrir það eða til þess að leiðrétta hann.

– cut³

klippa og líma

Flytja eða *afrita texta* eða myndir af *skjali¹* á *klemmuspjald* til nota í sama skjali eða öðru skjali.

– cut and paste²

klippimyndir kv. ft.

– clip art

klipping¹ kv.

(í *ritvinnslu*) Það að *klippa*.

– cut²

klipping² kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að stýfa *gögn* eða *mynd¹* með því að fjarlægja allar *myndeiningar* sem liggja utan tiltekens *klippiramma*.

– clipping¹

klipping og líming

Aðgerð sem leyfir notanda að flytja eða *afrita texta* eða myndir af *skjali¹* á *klemmuspjald* til nota í sama skjali eða öðru skjali.

– cut and paste¹

klippiramma kk.

Svæði², skilgreint annaðhvort með *punktafylki* eða *lista* yfir réttthyrninga, en utan marka þeirra eru *birt¹* *gögn* stýfð.

– clip mask

klígjumörk hk. ft.

Mörk víxlverkunar í *sýndarheimi* en handan þeirra verður vart klígnu.

– barf zone

klón hk.

Eftirlíking, t.d. af tiltekinni *PC-tölvu* frá IBM.

– clone

klukka kv.

Tæki sem gefur frá sér tímamerki með nákvæmu millibili, notað m.a. til tímatöku, til að *samstillja aðgerðir¹* *gjörva* og til að framkalla *rof*.

– clock

klukkumerki hk.

Lotubundið *merki²*, notað til *samstillingar* eða til þess að mæla tíma.

sh. *lotumerki*, *tímamerki*

– clock signal, clock pulse

klösun kv.

– clustering

knippi hk.

Samsafn *taugamótasamtenginga* milli *platna¹*.

– bundle

kominn póstur

sh. *komupóstur*, *mótttekinn póstur*

– received mail

kommudálgun kv.

Það að raða tölum í dálka þannig að *tugabrotskil* (kommur) standist á.

– decimal tabulation

komumerkisþjónusta kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem lætur *notanda*³ vita í hvert skipti sem *skeyti*², er berst *skeytageymslu*¹, fullnægir skráðum kröfum.

– stored message alert service

komupóstur kk. → *kominn póstur*

Korn-skel kv.

Tiltekin *skel*¹ í *Unix*.

– Korn shell

kort af lýðnetinu

– Internet map

kostur kk. → *valkostur*

kóta so.

Umskrá gögn með því að nota *kótunarreglu* þannig að unnt sé að koma þeim aftur í upprunalegt horf.

– encode, code³

kótabreytir kk.

Búnaður sem breytir framsetningu *gagna* með því að skipta um *kótunarreglu* eða *kótað stafamengi*.

– code converter

kótabætir kk.

Sá hluti *þýðanda*¹ sem bætir *kóta*², gerir hann t.d. hraðvirkari eða minnkar hann.

– code optimizer

kótað mengi

Mengi af stökum sem *varpað* er á stök annars mengis í samræmi við tiltekna *kótunarreglu*.

Dæmi: *Listi* yfir nöfn flugvalla sem *varpað* er á samsvarandi lista þriggja *bókstafa skammstafana*.

– coded set

kótað stafamengi

Kótað mengi þar sem hvert stak er einn *stafur*.

Dæmi: *Stafir í stafrófi* þegar þeim er *varpað* á mengi 7 bita *strengja*.

– coded character set, ?code⁵

kótamengi hk.

Mengi sem verður til þegar *kótunarreglu* er beitt á öll stök í *kótuðu mengi*.

Dæmi: Allar þriggja *bókstafa skammstafanir* á nöfnum alþjóðlegra flugvalla.

– code element set, code set, ?code⁷

kótari¹ kk.

Búnaður sem *kótar gögn*.

· Kótari getur til dæmis verið *algrím* eða *forrit* sem *þjappar gögn*.

· Sjá einnig *afkótari*¹.

– encoder¹, coder¹

kótari² kk.

Búnaður sem hefur nokkrar ílagslínur og frálagslínur og starfar þannig að þegar *merki*² er sent eftir einni ílagslínu fer merki eftir úrtaki frálagslína sem er valið til þess að sýna eftir hvaða ílagslínu upphaflega merkið kom.

· Sjá einnig *afkótari*².

– encoder², coder²

kótarofstaður kk.

Rofstaður sem er háður *inningu* tiltekinnar *skipunar*¹.

sh. *skipunarháður rofstaður*

– code breakpoint, control breakpoint

kótasetning kv.

(í *forritunarmáli* öðru en *vélarmáli* eða *smalamáli*) *Einföld setning* sem heimilar innskot *setninga*¹ á vélarmáli eða smalamáli.

– code statement

kótaskiptastafur kk.

Stýristafur, notaður til að sýna að túlka eigi eitt eða fleiri *kótastök*, sem á eftir fara, samkvæmt annarri *kótunarreglu* en stökin næst á undan.

· Kótaskiptastöfum er lýst í stöðlunum ISO/IEC 10646-1 og ISO 2022.

– code extension character

kótaskipti hk. ft.

Tækni við að auka við *stafamengi* í *kótunarreglu* með því að láta *kótastök* sam-

svara öðrum *kótuðum stöfum* um stundarsakir.

Dæmi: Notkun tiltekinnar *lausnarrunu* til þess að breyta næstu stöfum á eftir í gríska stafi.

– code extension

kótasmiður kk.

*Undirforrit*¹ sem oft er hluti af *vistþýðanda* og breytir *forriti* eða hluta þess af *millimáli* á *viðfangsmál*.

sh. *þulusmiður*

– code generator

kótasmið kv.

Sá liður í *þýðingu*¹ að búa til setningar í *kóta*² á *millimáli* eða *viðfangsmáli* *þýðandans*¹.

sh. *þulusmið*

– code generation

kótastak hk.

Það sem kemur út þegar *kótunarreglu* er beitt á stak í *kótuðu mengi*.

Dæmi: (1) „REK“ stendur fyrir nafn Reykjavíkurflugvallar í *kótunarreglu* þar sem nöfn flugvalla eru sett fram með þremur *bókstöfum*. (2) *Sextánda-kerfistalan* 0041 sem stendur fyrir „latneska hástafinn A“ í staðlinum ISO/IEC 10646-1.

– code element, code value, ?code⁶

kótaþula kv. → *kóti*²

*kóti*¹ kk. → *kótunarregla*

*kóti*² kk.

(í *forritun*) Bútur af *forritstexta*, *skráður* á *forritunarmáli* eða í formi sem *smali*, *vistþýðandi* eða annar *þýðandi*¹ hefur skilað.

sh. *kótaþula*

– code²

kótuð mynd

Kótuð framsetning *myndar*¹ fyrir *geymslu*² eða *vinnslu*.

Dæmi: Útkoman úr *runutáknun stafgerðrar myndar*.

– coded image

kótun kv.

(í *forritun*) Það að skrá *forrit* á *forritunarmáli*.

– coding

kótunarregla kv.

Regla sem *varpar* stökum eins mengis á stök annars mengis.

· Stökin geta verið *stafir* eða *stafa-strengir*.

· Fyrri mengið er *kótað mengi* og það síðara *kótamengi*.

· Stak í *kótamenginu* getur staðið fyrir fleiri en eitt stak í *kótaða menginu*, en ekki öfugt.

sh. *kóti*¹

– code¹, coding scheme

kótunartag hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *umslags* þar sem tilgreint er hvernig *upplýsingar*¹ í einstökum hlutum *efnis* í *skeyti*² eru *kótaðar*.

· *Kótunartag* er kennt við þá *kótunarreglu* sem notuð er, t.d. *MIME-staðalinn* og *ASN.1*.

– encoded information type, EIT

krafa kv.

Frumskilyrði sem kerfi verður að fullnægja.

– requirement

kreditkort hk. → *biðgreiðslukort*

kreppa so.

(um *glugga*) Minnka í *teikn*.

· Sjá einnig *þenja*.

– iconify, iconize, stow, minimize

kreppihnappur kk.

– minimize button

kringlurit hk.

Hnitarit þar sem *kringlu* er skipt í geira.

· Geirarnir samsvara *hlutföllum* sem einhver heild skiptist í.

sh. *skífurit*

– pie chart, pie graph

kríli hk.

(í *neti*) *Gagnapakki* sem er of lítill fyrir flutning við tiltekna aðstæður.

- Sjá einnig *risi*.

– runt

krossspurn kv.

– crosstab query

krókleiðis endurkvæmur

(um *undirforrit*¹) Sem *kallar á* annað undirforrit sem *kallar á* upphaflega undirforritið eða *kallar á* annað undirforrit og þannig koll af kolli uns loks er kallað á upphaflega undirforritið.

– indirectly recursive

krullritill kk.

- Fyrirtækið Google bauð á tímabili upp á krullritilinn „Google mashup editor“ en hefur nú tekið hann úr notkun og býður í staðinn upp á „Google App Engine“. Ýmis önnur fyrirtæki bjóða einnig upp á krullritla, t.d. Microsoft, IBM og Yahoo.

- Sjá einnig *stafrænt krull*.

– mashup editor

krækja kv. → *tengill*³

kröfugreining kv.

Skipuleg könnun á *kröfum* notanda til þess að unnt sé að skilgreina kerfi.

– requirements analysis

kröfulýsing kv.

Lýsing á *kröfum* sem gerðar eru til kerfis.

– requirements specification

kröfulýsingarmál hk.

Lýsingarmál með sérstakar *máleiningar* og stundum reglur fyrir *sannprófun*, notað til þess að þróa, greina og *skjalbúa* *kröfur* til *vélbúnaðar* eða *hugbúnaðar* eða hvors tveggja.

– requirement specification language

kubbaheimur kk.

Lítill gerviheimur, sem í eru bálkar, sívalningar og strýtur, notuð til þess að þróa hugmyndir í rökfræði, *tölvusjón*, *þjarkafræði*, skilum milli tungumála o.s.frv.

– blocks world

kubbasamstæða kv.

Nokkrir eða margir *kubbar* er vinna saman sem ein heild.

– chipset

kubbur kk.

Kísilflaga ásamt umbúðum utan um hana og tengingum við rafrásirnar sem á henni eru.

– chip²

kunningjalisti kk.

(í snarsambandsbúnaði) Listi yfir kunningja eða samstarfsmenn, skráða fyrir *snarsamband*.

– buddy list

kunningjateikn hk.

(í snarsambandsbúnaði) Tiltekið *teikn* á *skjá* fyrir notanda eða einstakling á *kunningjalista*.

- Sjá einnig *snarsamband*.

– buddy icon, buddy avatar

kunnorðasafn hk.

Safn orða og orðasambanda sem *talþekkjari* getur sannkennt.

- Sjá einnig *talorðasafn*.

– recognition vocabulary, passive vocabulary

kúluprentari kk.

Stafaprentari þar sem letrið er á kúlu sem snýst.

- Auðvelt er að skipta um kúlu og þá um leið *stafamengi* eða *leturgerð*.

– golf-ball printer

kúlustýrildi hk. → *stýrikúla*

kvaðning kv.

Sýnilegt eða heyrnlegt boð, sent af *forriti* til þess að biðja um viðbrögð notanda.

- Kvaðning er oft sett fram á táknrænan hátt sem einn *stafur*.

sh. *hvatning*

– prompt¹

kvaðratrótarmerki hk.

– square root symbol

kvarða¹ so.

Breyta framsetningu stærðar með því

að setja hana fram í öðrum einingum þannig að *spönn* hennar verði innan tiltekinnar marka.

– scale¹, ?normalize²

kvarða² so.

(í *tölvuteiknun*) Stækka eða minnka hluta *myndar*¹ eða myndina alla.

· Þegar kvarðað er þarf ekki að nota sama margfeldisstuðul fyrir allar áttir.

– scale²

kveðja so.

Sendu *kvaðningu* til notanda við *útsöð*.

sh. *hvetja*

– prompt²

kveðjuskripti hk. ft. → *handaband*

kveikiviðbragðstími kk.

Tímabilið frá því að kveikt er á tæki þangað til það byrjar að starfa samkvæmt starfsemislýsingu þess.

– turn-on stabilizing time

kveikja¹ so.

· Algengt er að á eftir fylgi forsetningin „á“.

– power-up, power-on

kveikja² kv. → *gikkur*

kventengi hk.

Tengi með holum til að stinga *karltengi* í.

– plug connector

kverða kv.

Stærð sem ákvarðast af einu gildi.

– scalar

kverðutag hk.

Gagnatag þar sem hvert tilvik stendur fyrir *kverðu*.

· Ensku samheiti eru mismunandi eftir *forritunarmálum*. Í *Pascal* er notað heitið „simple type“ um kverðutag en í *Ada* er notað heitið „scalar type“.

– scalar type, simple type

kvik- fl. → *kviklegur*

kvikateiknun kv.

Tölvuteiknun þar sem notaðir eru *kvikar*.

· Myndir eru búnar til úr nokkrum lög-

um sem leggja má hvert yfir annað þannig að myndirnar virðast vera í þrívídd.

– sprite graphics

kvikbinding kv. → *kvikleg binding*

kviki kk.

Sýnilegur *stafur*, *stafastrengur* eða mynd sem hreyfist fyrir framan tiltekið baksvið til þess að fá fram *myndllfgun*.

· Kvikar eru einkum notaðir í tölvuleikjum.

– sprite

kvikleg binding

Binding, gerð meðan á *inningu* forrits stendur.

sh. *kvikbinding*

– dynamic binding

kvikleg IP-tala → *kviklegt IP-númer*

kvikleg pakkasía

Tiltekinn netvarnarbúnaður sem getur fylgst með stöðu virkra *sambanda*¹ og eftir henni ákveðið hvaða *pökkum*¹ skuli hleypt gegnum tálmann.

· Sjá einnig *kyrrleg pakkasía*.

– dynamic packet filter

kvikleg pakkasíun

Tiltekin netvarnarhögun þar sem notuð er *kvikleg pakkasía*.

· Kvikleg pakkasíun hefur tekið við af *kyrrlegri pakkasíun* sem aðalvarnarláusn fyrir *net*.

– stateful inspection, dynamic packet filtering

kvikleg samskipan

(um *net*) *Samskipan* sem unnt er að breyta í samræmi við *upplýsingar*¹ sem berast um stöðu netsins.

– dynamic configuration

kvikleg tilfærsla

Það að úthluta *forriti* nýjum *eiginlegum vistföngum* meðan á *inningu* stendur svo að unnt sé að *inna* forritið eftir að það hefur verið *fært til*.

– dynamic relocation

kvikleg tögum

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Tögum, fólgin í því að *arfþegi* getur haft sama *tag* og *arfgjafi* hans.

- Sjá einnig *kyrrleg tögum*.

sh. *kviktögum*

– dynamic typing

kvikleg úthlutun → *kvikleg úthlutun tilfangi*

kvikleg úthlutun biðminnis

– dynamic buffering

kvikleg úthlutun geymslu

Það að úthluta *gagnahlutum* geymslurými eingöngu í þann tíma sem *inning* nær til *gildissviðs*¹ þeirra.

– dynamic storage allocation

kvikleg úthlutun tilfangi

Það að úthluta nauðsynlegum *tilföngum* til *inningar forrits* þegar forritið þarf á þeim að halda.

sh. *kvikleg úthlutun*

– dynamic resource allocation, dynamic allocation

kviklega forritanleg tenging

Taugamótasamtenging þar sem unnt er að breyta *taugamótavæginu* á meðan *forrit* er í vinnslu.

– dynamically programmable connection

kviklegt gildissvið

*Gildissvið*¹ sem verður til með því að *vekja* heilar *forritseiningar* eða hluta úr þeim, þannig að *skilgreiningar* þeirra taki gildi og nýtist þegar önnur forritseining er *innt* sem hefur ekki þessar skilgreiningar sjálf.

- Sjá einnig *kyrrlegt gildissvið*.

– dynamic scope

kviklegt IP-númer

sh. *kvikleg IP-tala*

– dynamic IP address

kviklegt líkan

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Lýsing á þeirri hlið kerfis sem lýtur að stýringu, þar á meðal á því hvernig tími er

notaður og *aðgerðum*⁴ raðað, og á víxlverkun *hluta*².

sh. *kviklíkan*

– dynamic model

kviklegt tengisnúmer

sh. *einkatengisnúmer*

– dynamic port number, private port number

kviklegt vinnsluminni

- Sjá einnig *kyrrlegt vinnsluminni*.

– dynamic random access memory, dynamic RAM, DRAM

kviklegur lo.

(um *gagnaefingind*) Sem aðeins er unnt að gefa gildi á meðan *forrit* eða hluti þess er *inntur*.

- Sjá einnig *kyrrlegur*.

Dæmi: Lengd *gagnahlutar* af breytilegri lengd er kvikleg.

sh. *kvik-*

– dynamic

kviklegur rofstaður

Rofstaður sem er þannig að tilteknir atburðir eða tiltekið ástand, sem veldur rofi, getur breyst á meðan *forritið*, sem rofstaðurinn er í, eða önnur forrit eru *innt*.

- Sjá einnig *kyrrlegur rofstaður*.

– dynamic breakpoint

kviklíkan hk. → *kviklegt líkan***kvikmyndablogg hk.**

- Sjá einnig *kvikmyndabloggum*.

– video blog, vlog

kvikmyndabloggum kv.

Bloggum þar sem *miðillinn* er kvikmynd og er einhvers konar vefsjónvarp.

- Færslur sameina kvikmynd, texta, myndir og önnur *lýsigögn*. Oft er notað *fjöldreifing á vefnum* til þess að leyfa dreifingu kvikmynda með því að nota *RSS-mát* til þess að safna efninu saman á sjálfvirkan hátt og spila það á *farandtækjum* og *einkatölvum*.

– video blogging, vlogging

kvikmyndavél kv.

- camcorder, camera recorder, video recorder

kviktögun kv. → *kvikleg tög*un**kvísltengi** hk.

Óvirkt tæki í *staðarneti*, notað í *hnút*¹ til þess að tengja saman þrjá eða fleiri *leggi*.

- Kvísltengi hvorki magnar né endurmagnar *gagnamerki*.
- splitter

kvörðun kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að *kvarða*².

- scaling

kvörðunarhlutfall hk. → *kvörðunarþáttur***kvörðunarþáttur** kk.

Tala, notuð sem margfaldari við *kvörðun*.

Dæmi: Kvörðunarþátturinn 1/1000 er hæfilegur til þess að kvarða gildin 856, 432, –95 og –182 þannig að þau liggi milli markanna –1 og +1.

sh. *kvörðunarhlutfall*

- scale factor, scaling factor

kyndill kk.

Lestölva frá fyrirtækinu Amazon.

- Kindle

kyningarhugbúnaður kk.

- presentation software

kyningarmiðill kk.

Miðill til þess að leggja *gögn* fyrir notanda eða afla gagna frá honum.

Dæmi: (1) *Hljóð* frá hátalara. (2) *Myndir*¹, sýndar á *skjá*.

- presentation medium

kyningarmyndaforrit hk.

Dæmi: Microsoft PowerPoint, Lotus Freelance Graphics.

- presentation graphics program

kyningarmyndir kv. ft.

- presentation graphics

kynslóð forritunarmála

- programming language generation, program language generation

kynslóð tölva

Flokkur í sögulegri flokkun á *tölvum*, sem einkum miðast við þá tækni sem notuð var við framleiðslu tölvanna.

Dæmi: Í fyrstu kynslóð ber mest á notkun rofa eða rafeindalampa, í annarri kynslóð notkun *smára*, í hinni þriðju notkun *þéttra samrása*. Fjórða kynslóðin einkennist af stórauðinni notkun þéttra samrása og hin fimmta af notkun *örgjörva* með mjög þéttum samrásum og *samhliðavinnslu*.

- computer generation

kyrr- fl. → *kyrrlegur***kyrrbinding** kv. → *kyrrleg binding***kyrrbreyta** kv. → *kyrrleg breyta***kyrrleg binding**

Binding, gerð áður en *forrit* er *innt* og breytist ekki meðan á *inningu* stendur.

sh. *kyrrbinding*

- static binding

kyrrleg breyta

sh. *kyrrbreyta*

- static variable

kyrrleg pakkasía

Tiltekinn netvarnarbúnaður sem ákveður eftir *IP-númerum* sendistaðar og áfangastaðar hvaða *pökkum*¹ skuli hleypt gegnum vörnina.

· Sjá einnig *kvikleg pakkasía*.

- static packet filter

kyrrleg pakkasíun

Tiltekin netvarnarhögun þar sem notuð er *kyrrleg pakkasía*.

· *Kvikleg pakkasíun* hefur tekið við af kyrrlegri pakkasíun sem aðalvarnarslaun fyrir *net*.

- static packet filtering

kyrrleg tögun

Tög, fólgin í því að *nefni* fær *tag* þegar *forrit* er *vistþýtt* og heldur því tagi á meðan forritið er *innt*.

· Sjá einnig *kvikleg tög*un.

sh. *kyrrtög*un

- static typing

kyrrlegt gildissvið

*Gildissvið*¹, ákvarðað með því að finna fyrstu *forritseiningu* sem umlykur þá forritseiningu þar sem skilgreiningin kemur fyrir.

- *Handprófun forrits* nægir til að ákvarða kyrrlegt gildissvið.
 - Sjá einnig *kviklegt gildissvið*.
- static scope

kyrrlegt vinnsluminni

Vinnsluminni sem geymir gagnabita á meðan kveikt er á tækinu.

- Sjá einnig *kviklegt vinnsluminni*.
- static random access memory, static RAM, SRAM

kyrrlegur lo.

(um *gagnaeygind*) Sem er gefið gildi áður en *forrit* eða hluti þess er *inntur*.

- Sjá einnig *kviklegur*.
- Dæmi: Lengd *breytu*² af fastri lengd er kyrrleg.

sh. *kyrr-*

– static

kyrrlegur rofstaður

Rofstaður sem má ákveða á meðan *forrit* er *vistþýtt*.

- Sjá einnig *kviklegur rofstaður*.
- Dæmi: Ákveða má rofstað þar sem kallað er á tiltekið *undirforrit*¹.

– static breakpoint

kyrrtögum kv. → *kyrrleg tögum*

köfun kv.

Það að *kafa*.

– drilldown

könguló kv. → *vefskriðill*

köngurnet hk. → *blendingsnet*

könnunarlíkan hk.

Eitt margra líkana sem gerð eru samkvæmt þeirri *kerfisþróunaraðferð* að prófa mismunandi líkön fyrir *tölvukerfi* þangað til eitt þeirra virðist henta til frekari þróunar.

- Þessi aðferð á helst við þegar lítið er vitað fyrir fram um kröfur til kerfisins.

– exploratory model

kös¹ kv.

Hluti *innra minnis* þar sem *gagnahlutir* eru búnir til eða þeim eytt eftir þörfum og ekki er unnt að segja fyrir í hvaða röð *gagnahlutirnir* eru notaðir.

– heap²

kös² kv.

(í *íðneti*) Orð sem senda má frá einu tæki til allra hinna til marks um að *árekstur*¹ hafi orðið.

– jam

L

lag¹ hk.

(í *dreifvinnslu* og *OSI*) Flokkur *þjónustu*¹, starfsemi og *samskiptareglna*¹ sem eru hugsaðar sem ein heild. Flokkurinn er einn af mörgum flokkum í stigveldisskipuðu safni og nær yfir öll *gagnavinnslukerfi* sem hlíta sömu *net-högun*.

– layer¹

lag² hk.

(í *tauganetum*) Hópur *gervitaugunga* sem eru ekki tengdir saman en hafa sams konar ílags- og frálagsaðferðir.

– layer²

lagfæringarviðhald hk.

Viðhald sem framkvæmt er, eftir að *bilun* hefur orðið eða *galli* komið í ljós, til þess að koma búnaði aftur í það horf að

hann geti gert það sem til er ætlast.

- corrective maintenance

lagskipt net

Tauganet þar sem *gervitaugungum* er skipað í lög².

- layered network

lagskipting kv.

(í *forritun*)

- layering

Lambertsflötur kk.

Yfirborð sem dreifir ljósi, svo að styrkur ljóss sem geislar í tiltekna átt frá hvaða smáeiningu sem er á yfirborðinu er í réttu *hlutfalli* við kósínus af horninu milli geislans og flatarins.

- *Birta*² frá Lambertsfleti hefur fast gildi, óháð sjónarhorninu.
- lambertian surface

landsheiti hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind*² sem auðkennir land.

- country name

landskerfi hk. → *landsumsjónarumdæmi*

landslén hk.

Höfuðlén sem tengist tilteknu landi eða þjóð.

- Tákn landsléns er til dæmis „is“ fyrir Ísland og „dk“ fyrir Danmörku.

sh. *þjóðarlén*

- country code top-level domain, ccTLD, national top-level domain, nTLD

landsumsjónarumdæmi hk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Umsjónarumdæmi* undir stjórn fjarskiptarekanda sem fjarskiptayfirvöld í tilteknu landi hafa tilnefnt.

- Fjarskiptarekandi veitir öllum almenningi *þjónustu*¹. Hann getur verið hvort sem er í opinberri eigu eða einkaeigu og getur verið ríkisstofnun eða einkafyrirtæki.

sh. *landskerfi*

- administration management domain, ADMD

landupplýsingakerfi hk.

- geographic information system, GIS

langlínusímfyrirtæki hk.

- long-distance carrier

langlínustrengur kk.

Strengur sem tengir saman *langlínutengildi* til þess að *gagnastöðvar* geti haft samskipti.

- trunk cable

langlínutengildi hk.

Tæki sem tengir *gagnastöð* við *langlínustreng* með *notendastreng*.

- Langlínutengildi hefur búnað til að tengja stöðina við netið eða fara fram hjá henni.
- trunk coupling unit, trunk connecting unit, TCU

langsnið hk.

Skipulag *texta* eða mynda á *síðu*² þar sem textalínur eru samhliða langhlið síðunnar.

- landscape, landscape format, horizontal format

LaTeX

Heiti á kerfi fyrir umbrot á *texta*, byggðu á *TeX*.

- LaTeX er *stytting* á „Lamport TeX“, en höfundur LaTeX heitir Leslie Lamport. LaTeX er mun þægilegra í notkun en upphaflegt TeX.

- LaTeX

lauf hk. → *endahnútur*¹

laumurás kv.

Sendirás sem unnt er að nota til þess að *flytja gögn* á þann hátt að það brjóti gegn *öryggisstefnu*.

- covert channel

laumuþræll kk.

Tölva, tengd við *lýðnetið*, sem *tölvuþrjótur*, *veira* eða *trójuhestur* hefur *vásett*.

- Oftast er *vásett* tölva hluti af *yrkjaneti* og er fjarstýrt til þess að vinna einhvers konar skemmdarverk. Fæstir eigendur laumuþræla vita að tölva

þeirra er notuð á þennan hátt.
– zombie computer, zombie²

laus lo. → *umskiptanlegur*

lausadiskur kk.
Seguldiskur eða *diskahlaði* sem unnt er að taka úr *seguldiskastöð* svo að hana megi nota fyrir aðra diska.
– removable disk, mountable disk

lausakommukerfi hk.
Grunntalnakkerfi þar sem *brotskil* eru skráð með *sérstaf*.
– variable-point representation system

lausasnið hk.
Skipulag *gagna* eða *skipana*¹ sem er ekki ákveðið fyrir fram.
– free format

lausastef hk.
Stef sem sett er í *minni* þegar önnur *forrit* þurfa að nota það.
– transient routine

lausblað hk.
Blað, sem *prentara* er skammtað, eitt sér.
sh. *handskammtaður pappír*
– hand-fed form

lausgeirun kv.
Það að auðkenna skil milli *geira* á *seguldiski* með *gögnum* sem eru skráð á diskinn.
– soft sectoring

lausheldin geymsla
*Geymsla*¹ sem *gögn* tapast úr þegar straumur er rofinn.
· Sjá einnig *fastheldin geymsla*.
– volatile storage

lausheldinn lo.
(um *geymslu*¹ og *minni*) Sem *gögn* tapast úr þegar straumur er rofinn.
· Sjá einnig *lausheldin geymsla* og *fastheldinn*.
– volatile

lauskótaður lo.
(um *gagnagildi*) Sem er gefinn óbeint, til dæmis með *breytu*² í *forriti*, og er þess vegna auðvelt að breyta.

· Lauskótað gagnagildi í forriti getur breyst á meðan forritið er innt.

· Sjá einnig *fastkótaður*.
– soft-coded

lauskótun kv.
Það að nota *lauskótað gagnagildi*.
– soft coding

lausn viðfangsefnis
Það að ákvarða röð *aðgerða*¹ eða at-hafna sem geta leitt að settu marki.
· Lausn viðfangsefnis er oft *ferli*¹ þar sem byrjað er á upphafsstöðu og leitað um *viðfangsrýmið* til þess að finna það markmið sem stefnt er að. Til þess að geta leyst viðfangsefni á árangursríkan hátt þarf að þekkja upphafsstöðu, hvaða útkomu unnt er að sætta sig við miðað við það markmið sem stefnt er að og atriði eða aðgerðir sem skilgreina viðfangsrýmið.
– problem solving

lausnaleitarnám hk.
– problem-based learning, PBL

lausnarpófun kv.
Lausn viðfangsefnis, byggð á því að búa til hugsanlegar lausnir og fjarlægja með *stýfingu*² þær lausnir sem standast ekki tiltekna kröfur.
– generate-and-test

lausnarflækjustig hk.
Mælikvarði á það hversu flókið er að leysa tiltekið verkefni.
· Lausnarflækjustig er fundið eftir nákvæmri skilgreiningu á *ílagsgögnum* og *algrími* þar sem lausnaraðferð er lýst.
· Sjá einnig *flækjustig*.
– computational complexity

lausnarhnappur kk.
Hnappur sem sendir *lausnarstaf* sem er túlkaður á mismunandi vegu eftir *forritum* eða kerfum.
· Lausnarstafur getur einnig verið upphaf *lausnarrunu*. Hver lausnarruna stendur fyrir tiltekna aðgerð.

– escape key

lausnarleiðanáám hk.

Styrkingarnám sem hefst ekki fyrr en fullkomin lausnarleið fyrir viðfangsefni hefur verið fundin. Hvert skref á lausnarleiðinni er merkt sem *jákvætt dæmi*, og hvert skref sem fer út fyrir lausnarleiðina er merkt sem *neikvætt dæmi*.

– learning from solution paths

lausnarruna kv.

Stafastrengur, notaður við *kótaskipti*.

· Fyrsti *stafur* í strengnum er oftast *lausnarstafur*.

– escape sequence

lausnarrými hk.

Ímyndað eða raunverulegt svæði, skilgreint sem allar *stöður*² sem mynda lausnir á tilteknu viðfangsefni.

– solution space

lausnarstafur kk.

Kótaskiptastafur sem einn sér eða sem fyrsti *stafur* í *lausnarrunu* sýnir að túlka á þá stafi sem á eftir koma samkvæmt annarri *kótunarreglu* en stafina næst á undan.

– escape character, ESC

laustengdur lo.

– loosely coupled

lágenda- fl.

Sem lýtur að *röð bita* við skráningu *bæta* í tölvuminni.

· Í ferðum Gúllívers eru „little-endians“ þeir sem brjóta eggskurn á mjórri endanum.

· Sjá einnig *háenda-*.

sh. *mjóenda-*

– little-endian

lágleggsstafur kk.

Lágstafur sem nær niður fyrir *mállínu*.

Dæmi: y, g, j.

– descender¹, descending character

lágleggur kk.

Sá hluti *lágleggsstafs* sem nær niður fyrir *mállínu*.

– descender²

lágmarksréttindi hk. ft.

Takmörkun á *aðgangsrétti geranda*³ við þau réttindi ein sem nauðsynleg eru til þess að framkvæma heimilaðar verkeiningar.

– minimum privilege

lágmarksstýrikerfi hk.

Sérnsniðið *stýrikerfi* sem hentar tilteknu verkefni eða *forriti*.

· Í stýrikerfinu er *kjarni*¹ og aðeins þeir hlutar sem nauðsynlegir eru fyrir tiltekið *forrit* og einingar frá þriðja aðila sem fylgja forritinu. Með þessu verður forritið minna og e.t.v. öruggara en forrit sem *keyrt* er í stýrikerfi til almennra nota.

– Just Enough Operating System, JeOS

lágstafa so.

Rita eða prenta með *lágstöfum*.

– lowercase¹

lágstafa- fl.

– lowercase²

lágstafur kk.

Lítill *bókstafur* eins og venjulega er ritaður annars staðar en fremst í málsgrein.

– lowercase letter

lágstæður lo. → *hnéletraður*

lágtekniþjón kv.

*Ferli*² til þess að afla sjónrænna *gagna* frá *vangi* með því að nota einfaldar aðferðir við gerð líkana, t.d. það að setja vanginn fram með *útlínnum hluta*³ eða birtusvæða.

– low-level vision

lágtekniþjónsla kv.

Myndvinnsla sem felst í því að nota grunnaðferðir við að búa til eða bæta framsetningu *myndar*².

– low-level processing

lágvísir kk. → *hnévísir*

lánstölustafur kk.

Tölustafur sem myndast þegar frádráttur í tilteknu *sæti*² gefur neikvæða útkomu og er fluttur til vinnslu á öðrum

stað.

- Í *sætistalnakkerfi* er lánstölustafur fluttur til vinnslu í sætið sem hefur næsta *vægi*¹ fyrir ofan gefið sæti.

– borrow digit

lárétt byrjing

(við *birtingu*) Það að rafeindageisli er falinn, þegar *samsett sjóngagnamerki* er *birt*¹, í því skyni að *rasti* geti horfið aftur til vinstri hliðar á *skjá* án þess að hann sjáist.

– horizontal blanking

lárétt samstilling

Sá hluti af *samsettu sjóngagnamerki* sem sýnir hvar myndlína endar.

– horizontal synchronization

lárétt segulskráning

Aðferð við *segulskráningu* þar sem segulskautun er langsum eftir *rásinni*¹ sem skráð er á.

– longitudinal magnetic recording

lárétt skref

(í *prenturum*) Fjöldi grunnskrefa sem *prentstaða* flyst um til hægri eftir prentun *stafs*.

- Grunnskref getur t.d. verið 1/120 úr þumlungi.

– horizontal motion index, HMI

lárétt sniðmótun

(í *ritvinnslu*) Hæfileiki *textaritils* til þess að staðsetja *texta* lárétt innan tiltekinnna marka sem notandi skilgreinir.

– horizontal tabulation, horizontal formatting

lárétt sundurgreining

Umhverfan af fjölda *díla* í einni lárétrí línu sem er *skönnuð*² sem heild.

– horizontal resolution

lás kk.

Útbúnaður í *gagnasafnskerfi*, notaður til þess að koma í veg fyrir *aðgang*¹ að *gagnahlutum*.

- Um tímabundnar ráðstafanir getur verið að ræða.

– lock

láshnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að festa *hnappaborð* í tiltekinni stöðu.

- Stutt er einu sinni á hnappinn til þess að festa hnappaborðið og aftur til þess að losa það.

Dæmi: *Hástafalás*, *talnalás*, *skrunlás*.

– locking key

láshringur kk.

Plast- eða málmhringur sem ýmist er hafður á eða tekinn af *segulbandi* til þess að koma í veg fyrir að *skrifað* sé á það og *gögn* þannig *þurrkuð út* af misgáningi.

- Stundum er hagað þannig til að leyft er að skrifa á segulbandið þegar láshringur er settur á og stundum þegar láshringur er tekinn af. Þessi munur kemur fram í ensku samheitinum.

sh. *skrifhringur*

– write-enable device, write ring, file-protection ring, file protect ring, safety ring, write-enable ring, write-permit ring, write-inhibit ring, write-disable ring

lásmiði kk.

Miði sem ýmist er hafður á eða tekinn af *disklingi*¹ til þess að koma í veg fyrir að *skrifað* sé á hann.

– write protection label

láta fylgja

– attach

látbrigðafærjald hk.

Tæki sem ber kennsl á líkamshreyfingar og þýðir þær yfir í *gögn*.

– gestural transducer

látbrigðailag hk.

Tilteknar handa- eða búkhreyfingar sem skila skynjanlegri niðurstöðu þegar borin eru kennsl á þær.

sh. *látbrigðaskipun*

– gestural input, gestural command

látbrigðakennsl hk. ft.

Túlkun *tölvu* á hreyfingum handa og

búks sem skipunum um að gera eitt-hvað.

– gesture recognition, gestural recognition

látbrigðaskipun kv. → *látbrigðaálag*

leggja fram

Sendu *skeyti*² til *upplýsingatöflukerfis* eða *tölvubings*.

– post

leggstafur kk.

Lágstafur sem nær upp fyrir lágstafalínu eða niður fyrir *mállínu* eða hvort tveggja.

Dæmi: *Háleggsstafur*, *lágleggsstafur*.

leggur kk.

Búnaður sem tengir saman tvo *hnúta*¹ með beinni tengingu.

· Leggur er sá hluti *nets* sem *gögn* eru flutt um.

sh. *grein*

– branch

leið¹ kv.

Lína sem tengir *tákn* í *leiðariti* og sýnir hvar *gögn* geta farið á milli eininga eða hvernig stjórn *ferlis*² flyst á milli eininga.

– flowline

leið² kv.

Vegur af *leggjum* sem tengja saman tvo *hnúta*¹ í *neti*.

· Á leið geta verið fleiri en einn leggur.

– path

leið³ kv.

Vegur til þess að *flytja upplýsingar*¹ á milli staða.

· Leið er oft tilgreind með *lista* yfir *hnúta*¹.

· Sjá einnig *beinir*.

– route²

leiðarflétta kv.

Máleining þar sem tilgreint er val á milli mismunandi *inningaraða* með því að vísa til *merkja*³.

– branch construct

leiðarforrit hk.

*Hjálparforrit*¹ sem skráir leið *gagna* um *lýðnetið* milli *tölvu* notandans og tiltekinnar endatölvu.

· Forritið skráir þær gáttartölvur sem leiðin liggur um.

– traceroute

leiðargreinir¹ kk.

Skilyrt *skipun*² í *forriti* ásamt *stöðuvísi* sem ræður vali á framhaldi.

– switch¹

leiðargreinir² kk. → *skiptir*¹

leiðarit hk.

Teiknuð mynd þar sem lýst er *ferli*¹ eða lausn verkefnis skref fyrir skref með skýrðum rúmfræðimyndum, tengdum saman með *leiðum*¹.

· Hlutverk myndarinnar er að hanna eða *skjalbúa* ferli eða *forrit*.

sh. *flæðirit*

– flowchart, flow diagram

leiðarstefna kv.

Vísibending um hvort þeirra tveggja *tákna*, sem tengjast með *leið*¹ í *leiðariti*, er undanfari hins.

– flow direction

leiðarstýring kv.

Aðferð á *neti* til að sinna þörfum *geymsluneta* fyrir skipulagningu og stjórnun á samskiptaleiðum.

– pathing, path control

leiðartákn hk.

Tákn, notað til þess að sýna *aðgerðir*¹, *gögn*, *leiðarstefnu* eða tæki í *leiðariti*.

– flowchart symbol

leiðaskil hk. ft.

(í framsetningu með *gagnvirkum miðli*) Staður í *forriti* þar sem notandi getur valið um tvær eða fleiri leiðir.

– branching point

leiðing kv.

Tvístæð rökaðgerð sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 0 þá og því aðeins að fyrri *þolandinn* hafi Boole-gildið 0 og hinn síðari hafi Boole-gildið 1.

- implication, IF-THEN operation, conditional implication operation, conditional implication, ?inclusion

leiðingargátt kv.

Gátt sem framkvæmir *rökaðgerðina*³ *leiðingu*.

sh. *ef-þá-gátt*

- IF-THEN gate, IF-THEN element

leiðrétting kv.

Það að leiðrétta *villur* sem koma fram í *gögnum* þegar þau eru *send*, *flutt* eða *geymd*¹.

- error correction

leiðréttingarbúnaður kk.

Búnaður til þess að fjarlægja, má út eða eyðileggja *stafi* sem búið er að skrá.

Dæmi: Leiðréttingarbúnaður í skráningartækjum fyrir *gataræmur*¹ og *disklinga*¹.

- correcting feature

leiðréttingarkóti kk.

Villugátarkóti, ætlaður til þess að leiðrétta *villur* af tilteknum gerðum á sjálfvirkum hátt.

- error-correcting code, error-correction code

leiðsöguverkefni hk. → *forverkefni***leifarprófun fyrir N**

Prófun þar sem deilt er í tölu með tölunni N til þess að finna afgang sem borinn er saman við afgang úr fyrri útreikningi.

Dæmi: Í leifarprófun fyrir 7 verður afgangurinn 0, 1, 2, 3, 4, 5 eða 6.

- modulo-N check, residue check

leifturminni hk.

Fastheldin geymsla þar sem unnt er að þurrka gögn út og skrifa ný í heilum bálkum¹, en ekki bæti fyrir bæti.

- Leifturminni er oft notað í *einmenningsstölvum* til að geyma² *ræsikjarnann*. Það er einnig notað í *PC-kortum* fyrir *kjöltutölvur* og í öðrum tækjum, svo sem farsímum og *stafrænum myndavélum*.

- flash memory

leifturminniskort hk.

Minniskort sem notar *leifturminni*.

sh. *leifturminnisspjald*, *FC-kort*, *FC-spjald*

- compact flash card

leifturminnisspjald hk. → *leifturminniskort***leigulína kv.**

Leigð símalína.

- leased line

leikfjöl kv.

- gamepad, joy pad

leikjafræði kv.

- game theory

leikstýri hk.

Ílagstæki, notað til að stýra tölvuleik.

- Leikstýri getur meðal annars verið *hnappaborð*, *mús*, *leikvölur*, *hjólstýri* og *leikfjöl*.

- game controller

leikvölur kk.

Hnitill eða *benditeki* með stöng sem unnt er að halla að minnsta kosti í tvær óháðar áttir.

sh. *stýristautur*, *stýripinni*

- joystick

leit¹ kv.

Það að *leita*¹.

- search¹

leit² kv.

(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastreng* í *texta*.

- search³, find¹

leit í úrkasti

- dumpster diving

leita¹ so.

Skoða eitt eða fleiri *gagnastök*¹ í mengi gagnastaka til þess að finna stök sem hafa tiltekinn eiginleika.

- search²

leita² so.

Finna hvar tiltekinn *stafastrengur* kemur fyrir í *texta*.

- search⁵, find³

leita sín

Leita á *veraldarvefnum* eða í *gagna-söfnum* að því hvar manns eigið nafn kemur fyrir.

· Sjá einnig *sjálfleit*.

– egosurf

leitarhamur kk.

(í *ritvinnslu*) *Hamur* sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastring* í *texta*.

– search⁴, find²

leitarhrísla kv. → *leitartré***leitarkerfi** hk. → *leitarvél***leitarlota** kv.

Sú atburðaruna *leitar*¹ sem er endurtekinn fyrir hvert *gagnastak*¹.

– search cycle

leitarlykill kk.

*Lykill*¹, notaður til þess að finna og *ná í gögn*.

– search key

leitarnám hk.

Námsaðferð sem er þróuð í samræmi við niðurstöður tilrauna, mats eða happa- og glappaaðferða.

– heuristic learning

leitarými hk.

Mengi hugsanlegra skrefa í *lausn viðfangsefnis* frá upphafsstöðum til markmiðsstöðu.

– search space

leitarskipun kv.

Ritvinnuskipun, notuð til þess að leita uppi tiltekinn *stafastring* í *texta*.

– search command, find command

leitartré hk.

Net sem líkist *tré* þar sem sýndar eru þær margvíslegu reglur sem beitt er við *leit*¹, *hnútar*³ sem kannaðir eru og niðurstöður sem leitin skilar.

sh. *leitarhrísla*

– search tree

leitarvél kv.

Hugbúnaður sem hjálpar notanda m.a. að finna heiti eða *vistfang lýðnetsseturs* að gefnum tilteknum skilyrðum.

sh. *leitarkerfi*

– search engine

lengd kv.

Sýningartími kvikmyndar eða *miðils*, gefinn í fjölda *tímaeininga*.

sh. *tímalengd*

– duration

leppnappur kk.

Hnappur sem hefur ekkert hlutverk.

– dummy key

leppskipun kv.

*Gagnastak*¹ sem lítur út eins og *skipun*¹ og sett er inn í *runu* skipana en hefur engin áhrif.

– dummy instruction

leppur kk. → *formstiki***les** hk.

Minnsta merkingarbær eining tungumáls sem skilst ekki af þeim *myndönnum* sem hún kann að vera samsett af.

– lexeme

les- og skrifhaus

Segulhaus sem getur *lesið* og *skrifað*.

– read/write head

les- og skrifrauf

Gat á hlífðarumslagi *disklings*¹ fyrir *les-* og *skrifhausa*.

– read/write slot, read/write opening

lesa so.

*Sækja*¹ *gögn* í *geymslu*¹ eða af *gagna-miðli* eða fá þau frá öðrum *gagnagjafa*.

– read

lesaðgangur kk. → *lesréttur***lesari fyrir leifturminniskort**

– compact flash card reader

lesborð hk.

Viðmót þar sem *upplýsingar*¹ eru settar fram á auðlesinn hátt, sem minnir á mælaborð í bíl.

– dashboard

leseind kv. → *lesstak***lesgildi** hk.

Lesstak sem er bein framsetning á tilteknu gildi og táknar sig sjálf.

Dæmi: (1) 14 er lesgildi *heilu tölunn-*

- ar* fjórtán. (2) „APRÍL“ er lesgildi fjórða mánaðar ársins.
– literal
- lesgreining** kv.
Það að greina *frumforrit* í *les*.
– lexical analysis, scanning²
- lesgreinir** kk.
Sá hluti *vistþýðanda* sem sér um *lesgreiningu*.
– lexical analyzer, scanner²
- leshaus** kk.
Segulhaus sem getur aðeins *lesið*.
– read head
- lesleið** kv.
Leið í lesara þar sem er *lesstöð*.
– read path
- lesmál** hk. → *texti*
- lesmálsritill** kk. → *textaritill*
- lesmerki** hk.
– logogram
- lesminni** hk.
*Geymsla*¹ sem unnt er að *lesa* úr en ekki *skrifa* í við venjulegar aðstæður.
– ROM, read-only memory
- lesréttur** kk.
Aðgangsréttur sem veitir *heimild* til þess að *lesa gögn*.
sh. *lesaðgangur*
– read access
- lesstak** hk.
Strengur með einum eða fleiri *stöfum* í *stafrófi* tiltekna *forritunarmáls* sem samkvæmt venju stendur fyrir tiltekna merkingareiningu.
Dæmi: (1) *Lesgildi*, t.d. 2G5. (2) *Nefni*, t.d. *last_name*, í *Pascal*.
sh. *leseind*
– lexical token, lexical element, lexical unit
- lesstöð** kv.
Staður í lesara þar sem *gögn* á *gagna-miðli* eru *lesin*.
– read station
- lestrarmerki** hk. → *greinarmerki*
- lestölva** kv.
Vélbúnaður á stærð við bók sem er notaður eingöngu til þess að lesa *rafbækur*.
· Útlit lestölvu líkist útliti *spjaldtölvu*.
Lestölvur hafa hærri *glæðingartíðni* en venjulegir *skjáir* og auðveldara er að lesa af þeim, sérstaklega í sólskini.
Dæmi: *Kyndill*.
– e-reader, e-book reader, ebook reader
- lesumferðartími** kk.
Stysti tími sem líður á milli upphafs tveggja lesumferða, sem koma hvor á fætur annarri í *geymslu*¹, sem hefur aðgreindar les- og skrifumferðir.
– read cycle time
- leturborð** hk. → *hnappaborð*
- leturbrigði** hk.
· Leturbrigði getur t.d. verið beint letur, *skáletur* og *feitt letur*.
– type style
- leturgerð** kv.
(í *ritvinnslu*) Samsafn stafmynda af tiltekinni gerð, óháð stærð og *leturbrigði*.
· Leturgerð, sem hér vísar til enska heitisins „font“, er í prentiðnaði kölluð „typeface“ á ensku. Í prentiðnaði er enska orðið „font“ hins vegar notað fyrir samsafn stafmynda af tiltekinni gerð, stærð og leturbrigði.
Dæmi: Courier, Helvetica.
– font
- leturhjól** hk.
Hjól með letri á sem snýst og hefur heilt *stafamengi* til reiðu fyrir eina prentstöðu í einu.
Dæmi: *Leturkróna*.
– print wheel
- leturkróna** kv.
Tennt plastkringla sem snýst, notuð í tiltekna gerð *prentara*. Letrinu er komið fyrir á endum tannanna.
– daisy wheel
- leturtrumba** kv.
Sívalningur sem snýst og hefur heilt *stafamengi* til reiðu fyrir hverja prent-

stöðu.

– print drum

leyfileg gjörð

Gjörð sem fylgir tilteknum reglum og kemur á samræmi í safni *setninga*³ eða sýnir fram á tilvist samræmds setningasafns í *upplýsingasafni* eða *skilningsgerðarlýsingu*.

sh. *heimil gjörð*

– permissible action

leyfiskaup hk. ft.

sh. *aðgangskaup*

– licensing

leyndarsamningur kk.

– non-disclosure agreement

leyndur dulráðningarlykill

(í *tölvuöryggi*)

– secret decryption key

leyndur dulritunarlykill

(í *tölvuöryggi*)

– secret encryption key

leyndur lykill → *leynilykill*

leyniafrit hk.

Afritssending sem er leynt fyrir þeim sem fá venjulegt *samrit*.

sh. *leynisamrit*

– blind carbon copy, bcc

leynilykill kk.

(í *tölvuöryggi*) *Dulmálslykill* sem er ætlaður takmörkuðum fjölda notenda til *dulritunar* og *dulráðningar*.

· Sjá einnig *dreifilykill*.

sh. *leyndur lykill*

– secret key

leynilykilsalgrím hk.

(í *tölvuöryggi*)

– secret key algorithm

leyniorð hk. → *aðgangsorð*

leynisamrit hk. → *leyniafrit*

leyniviðtakandi kk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Viðtakandi* sem aðrir viðtakendur sama *skeytis*² fá ekki að vita hver er.

– blind copy recipient

leysir kk.

– laser

leysisdiskur kk.

· Sams konar og *geisladiskur*¹ en u.þ.b. 30 cm að þvermáli.

sh. *stór geisladiskur*

– laserdisk

leysisprentari kk. → *geislaprentari*

leysisskanni kk.

Búnaður sem færir blett af leysisljósi yfir *hlut*³ og býr til *mynd*² eftir endurkasti sem *sjónskynjari* nemur.

– laser scanner

leysistvistur kk.

– laser diode

leysni kv. → *sundurgreining*

lén hk.

Tiltekinn hluti *tölvunets* þar sem nafngiftir, netrekstur og netþjónusta eru undir sameiginlegri stjórn.

· Lén getur náð yfir tiltekið landsvæði eða þjóð, tiltekið svið eða tiltekið fyrirtæki eða stofnun.

· Stjórnendur léns geta skilgreint *undirlén* og veitt öðrum nafngiftarréttinn yfir þeim. Oftast eru *tilföng* og *vistfenging* einnig undir einni stjórn innan hvers léns.

– domain¹

lénakrækir kk.

Einstaklingur eða fyrirtæki sem skráir sig fyrir *lénsheiti*, sem hefur fallið niður, í því skyni að hagnast á því.

– domain sniper

lénnafn hk. → *lénsheiti*

lénsheitakerfi hk.

Dreift gagnasafn sem tengir saman *IP-númer* og *lénsheiti*.

– domain name system, DNS

lénsheiti hk.

Heiti léns.

· Í *skráningarstöð léns* er léni sem heyrir undir hana gefið heiti um leið og lénið er skráð.

· Sjá einnig *fullgilt lénsheiti*.

Dæmi: Internet á Íslandi hf. er skráningarstöð lénsins „is“. Hjá stöðinni er meðal annarra skráð lén með heitinu „hi.is“ en það er lén Háskóla Íslands.

sh. *lénsnafn*, *lénnafn*
– domain name

lénsnafn hk. → *lénsheiti*

léntaka kv.

Það að skrá, braska með eða nota *lénsheiti* til þess að hagnast á viðskiptavild eða vörumerki einhvers annars.
– cybersquatting, domain squatting

léttbiðlaravinnsla kv.

– server-based computing, thin-client computing

léttbiðlari kk.

Einfalt biðlaraforrit eða tæki sem reiðir sig að mestu leyti á kerfi sem er á *þjóni*¹.
· Sjá einnig *þungbiðlari*.
– thin client

léttbúnaður kk.

Skertur *valgreiðslubúnaður*.
· Greiða þarf fyrir samsvarandi óskertan *hugbúnað*.
– liteware

léttmiðlari kk.

Einmenningstölva með *vélbúnaði* og *hugbúnaði* sem rétt aðeins nægir til að annast tiltekinn starfsþátt sem notendur geta samnýtt í *neti*.
· Sjá einnig *þungmiðlari*.
– thin server

léttþræsing kv.

Ræsing *gagnasafnskerfis* með því að nota *undanmyndir* eða *nýgerðir*.
– warm start

liður kk.

(í stærðfræði) Hluti af *summu* eða *röð*.
Dæmi: Í *segðinni* $a + b \times c$ er $b \times c$ liður.
– term¹

Lingo

Heiti á *höfundarmáli* fyrir *margmiðlun*.
– Lingo

linnulaus lestur

Það að lesa skráða *runu* frá upphafi til enda án þess að taka hliðarspor.
– linear play

Linux

Heiti á *stýrikerfi* fyrir *einmenningstölva*.
· Linux er skylt *Unix*. Höfundur þess er Linus Torvalds, finnskur maður.
– Linux

lipurstefja kv.

Biðlarastefja sem starfar sjálfvirkt fyrir notanda.
– aglet, agile applet

liska kv.

Litblær og *mettun* litar, að frátöldum *ljóma*.
sh. *litmagn*
– chrominance

liskumerki hk.

Sá hluti *upplýsinga*¹ um mynd sem tiltekur litinn, þ.e. *litblæ* og *mettun*.
– chroma signal

Lisp

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega gerðu fyrir *listavinnslu*.
· Lisp er *stytting* á „List Processing“.
– Lisp

lista so.

– list²

listavinnsla kv.

Aðferð við að vinna úr *gögnum* sem er skipað í *lista*.
· Venjulega eru *keðjulistar* notaðir til þess að unnt sé að breyta röð staka í listanum án þess að flytja þau til í *geymslu*¹.
– list processing

listavinnslumál hk.

Forritunarmál, hannað til þess að fara með *gögn* sem sett eru fram sem *listar* eða *stafastrengir*.
Dæmi: *Lisp*.
– list-processing language

listi kk.

Endanlegt raðað mengi skyldra staka.

- Í lista geta verið aðrir listar.
- list¹

Listserv

Heiti á póstlistapjónustu á *lýðnetinu*.

- Listserv

listun kv.

Útprint þar sem *frumforrit* eða *gögn forrits* eru prentuð.

- listing, program listing

litabaugur kk.

Hringmyndaður borði af lituðu ljósi umhverfis óvenjulega bjarta *hluti*³ í mynd².

- Litabaugur getur verið óæskilegt sérkenni tiltekinna myndfærslutækja.
- halo

litakort hk.

Mengi *litgilda*, notað til þess að túlka *dílgildi* sem raunverulega liti til *birtingar*.

- color map

litaspjald hk.

(í *tölvuteiknun*) Staðlað mengi lita til notkunar í mynd¹ án tillits til myndefnis.

- standard palette

litateiknigeta kv.

sh. *litteiknigeta*

- color graphics capability

litateiknun kv.

sh. *litteiknun*

- color graphics

litaval hk.

Mengi lita sem unnt er að *birta*¹ í einu á myndfleti.

- Litaval má staðla fyrir allar myndir² eða *sérsníða* fyrir hverja mynd.
- color palette, palette

litblær kk.

Sú *eigind*² *hlutar*³ að vera einhvern veginn litur, t.d. rauður, grænn eða blár.

- Litblær hreinna lita fylgir ráðandi bylgjulengd í geislun þeirra.

- Hvítt, svart og grátt hafa engan litblæ.

- Litblær er ein þriggja eiginda litar.

- Sjá einnig *mettun* og *ljómi*.

- hue

litburðarbylgja kv.

Burðarbylgja sem flytur *upplýsingar*¹ um litmerki.

- color subcarrier

litgildi hk.

Það sem einkennir lit, gefið með *litblæ*, *mettun* og *ljóma*.

- Í mörgum *birtum* er litur gerður með því að blanda saman hreinum litum með mismunandi ljóma. Litgildi eru þannig oft sett fram með þremur tölum sem samsvara litgildum þriggja hreinna lita.

- color value

lithiti kk.

Nákvæmur mælikvarði á *litblæ* tiltekins ljósgjafa, tilgreindur sem sá hiti sem svarthlutur þarf að hafa til þess að hann sýni sama lit.

- Lithiti er gefinn upp í kelvinum. Hita-einingin kelvin er jafnstór selsíusgráðu en kelvinkvarðinn hefur 0 við alkul.

- color temperature

litmegn hk. → *liska***litrymi** hk.

Allir þeir litir sem unnt er að setja fram með rauðu, grænu, bláu, andstæðulit rauðs (e. „cyan“), andstæðulit græns (e. „magenta“), gulu, svörtu og hvítu.

- Tveir litir eru kallaðir andstæðir þegar hvítur litur fæst við samlagningu þeirra. Augun skynja andstæðulit rauðs sem blágrænan lit og andstæðulit græns sem rauðbláan lit.

- color space

litsnúin mynd

Mynd² þar sem *litgildum* er snúið við.

Dæmi: Svart verður hvítt, blátt verður gult.

- negative image

litsnúningur myndar

*Ummyndun myndar sem leiðir til litsnú-
innar myndar.*

– image complementation

litstökun kv.

Það að gefa hverju *litgildi* í *mynd*² nýtt
gildi sem tekið er úr tilteknu mengi lit-
gilda.

– quantization

litteiknigeta kv. → *litateiknigeta***litteiknun** kv. → *litateiknun***lífflaga** kv.

Lítill sneið með safni örsmárra prófunar-
staða á föstu undirlagi, þannig að marg-
ar líffræðilegar prófanir geti farið fram
samfámis til að auka *afköst* og hraða.

– biochip

lífga so. → *myndlífga***lífgaður** lo.

(um hlut í *sýndarveruleika*) Sem er bú-
inn til á rafrænan hátt og farið með
þannig að hann virðist „lífandi“.

– animatronic

lífgagnatækni kv.

Tækni þar sem aðferðum í *upplýsinga-
tækni* og stærðfræðilegum aðferðum,
meðal annars í tölfraði, er beitt til að
fást við líffræðileg viðfangsefni, venju-
lega með því að búa til eða nota *tölvu-
forrit* og stærðfræðilíkön.

– bioinformatics

lífgun kv. → *myndlífgun***lífhermín** lo.

Sem líkir eftir náttúrulegu lífi.

· Sjá einnig *lífhermitækni*.

– biomimetic

lífhermitækni kv.

Aðferðir nútímavísinda til að líkja eftir
lausnum lífkerfa sem hafa þróast í átt að
bestu lausnum á milljónum ára.

– biomimetics

lífkenna- fl.

· Sjá einnig *lífkenni*.

– biometric

lífkennafræði hk. ft.

· Sjá einnig *lífkenni*.

– biometrics¹

lífkenni hk.

Einstæð, mælanleg einkenni, notuð til
að bera kennsl á einstaklinga.

· Notaðir eru annaðhvort lífeðlisfræði-
legir eiginleikar eða atferliseiginleik-
ar. Fingrafar, lithimnufar í auga og
andlitsdrættir eru dæmi um lífeðl-
isfræðilega eiginleika. *Raddfar*, rit-
hönd, göngulag og handarhreyfingar
eru dæmi um atferliseiginleika.

– biometric identifier

lífkennsl hk. ft.

Sjálfvirkar aðferðir til þess að *sannvotta*
lífkenni einstaklings.

– biometrics², biometric verification

lífrænn ljósbirtir

– organic light emitting display

lífrænn ljóstvistur

Ljóstvistur þar sem yfirborðið gefur frá
sér litljós og er gert úr lífrænu efni.

– organic light-emitting diode, OLED,
organic LED

lífrænn þunnfilmumári

– organic thin-film transistor

lífskynjari kk.

Tæki sem greinir lífræn *merki*² og
breytir þeim í *stafræð* merki.

– biocontroller, biosensor

líkamning kv.

Sú tilfinning manns að hann sé bund-
inn líkama sínum í *sýndarheimi* og jafn-
framt mjög hreyfanlegur.

– embodiment

líkanabundin myndkennsl

Myndkennsl, byggð á samanburði við
fyrir fram skilgreind líkön af *hlutum*³.

– model-based object recognition

líkanskerfi hk.

Sérþekkingarkerfi sem samþættir skip-
an og hlutverk *sérsviðslíkans*.

Dæmi: Vitræn kennslukerfi með
„nemandalíkön“ og sjúkdóms-

greiningarkerfi sem fela í sér *sniðmát*².

- model-based expert system, model-based system

líkingarstudd alhæfing

Alhæfing hugtaks sem lýsir öllum dæmum tiltekens *hugtaks* með því að kanna hvað er líkt og hvað er ólíkt með þessum dæmum.

- similarity-based generalization

líma so.

Koma *úrklippu* fyrir á tilteknum stað í *skjali*¹.

- paste²

líming kv.

Það að *líma*.

- paste¹

lína¹ kv.

(í *ritvinnslu*) *Runa* af *stöfum*, sem venjulega eru orð og bil og er raðað í beina röð í samræmi við tiltekið *snið*³, venjulega á *mállínu*.

- Lengd línu ákvarðast af því rými sem er tiltækt þegar *skjalið*¹ er *sniðið*.
- line¹, line of text

lína² kv.

(Í *töflugagnasafni*) Hluti af *töflu*² sem lýsir *einindi*¹ og *eigindum*¹ þess á ótví-ræðan hátt.

- Línur í *töfúlíkani* samsvara *færslum*² í öðrum *gagnalíkönnum*¹.

sh. *færsla*³

- tuple

lína³ kv.

Efnislegur *flutningsmiðill*.

- Línan er sá hluti *gagnarásar*² sem er fyrir utan *gagnaferjaldið* og *gagna-skiptistöðina*.

sh. *flutningslína*

- line², transmission line

lína⁴ kv. → rein¹

línufjöldi kk.

Fjöldi *lína*² í *töflu*² í *töflugagnasafni*.

sh. *færslufjöldi*

- cardinality¹

línufylgd kv.

(í *tölvusjón*) Það að taka við nýrri einingu eftir því hversu nálægt hún kemst því að vera í línulegu framhaldi af línu sem rakin er.

- line following

línuhlaup hk.

Það að *lína*¹ í *skrá birtist*¹ í fleiri en einni línu á *skjá* eða *prentara*.

- Ekki er endilega skipt þar sem skil eru milli orða.

- line wrap

línuhler hk.

Leynilegur og óleyfilegur *aðgangur*¹ að *línu*³ til þess að *ná í gögn*, breyta gögnum eða *skjóta inn* gögnum.

sh. *línuhlerun*

- wiretapping

línuhlerun kv. → línuhler

línukóti kk.

Kótunarregla sem fellur að einkennum *sendirásar*.

- Kótunarreglan getur verið frábrugðin þeim kótunarreglum sem eru notaðar í *útstöðvartækjunum* sem senda *gögn* og taka við gögnum.

- line code

línuleg forsagnarkótun

Forsagnarkótun þar sem sýni *merkja*², sem sagt er fyrir um, eru línulegar samantektir undanfarandi merkjasýna.

- Stuðlar línulegu samantektanna fást venjulega með því að lágmarka meðalferningsskekkjuna á milli ílagsmerkisins og merkisins sem sagt er fyrir um samkvæmt fyrri *gögnum*.

- linear prediction coding

línuleg samrás

- linear integrated circuit, linear IC

línulegur listi

Listi sem hefur ekki að geyma aðra lista.

- linear list

línuleiki kk.

- linearity

línulok hk. ft.

– EOL

línuprentari kk.

Prentari sem prentar *línu*¹ af *stöfum* sem eina heild.

– line printer

línur á mínútu

Mælikvarði á hraða, t.d. prenthraða *línuprentara*.

– lpm, lines per minute

línuritill kk.

Textaritill þar sem notandi verður að til- taka þá *línu*¹ eða þá *runu* af *samlæg- um* línunum sem hann ætlar að *ritvinna*² hverju sinni.

· Oft eru línurnar tölusettar.

– line editor

línuskil hk. ft.

(í *ritvinnslu*) *Ski*² á milli *lína*¹.

– line break

línuskiptahnappur kk.

Hnappur sem sendir *línuskiptastaf* sem boð um að næst verði prentað eða *birt*¹ á samsvarandi stað í næstu *línu*¹.

– line feed key

línuskiptastafur kk.

Sniðstafur sem flytur *bendil*¹ á *skjá* eða *prentstöðu* á *prentara* á samsvarandi stað í næstu *línu*¹.

– line feed character, LF

línuskiptasvæði hk.

(í *ritvinnslu*) Tiltekið svæði í *línu*¹ vinstra megin við *hægri spássú* þar sem ákveðið er hvað eigi að vera með í línunni og hvar skuli byrjað á nýrri línu.

– line-end zone, line-ending zone, hyphenation zone, hot zone²

línuskipti hk. ft.

Það að færa prentstöðu eða birtingar- stöðu á samsvarandi stað í næstu *línu*¹.

– line feed

línutíðni kv.

Umhverfan af línubéttleika í *hlut*³ eða á *vangi*.

– spatial frequency

línuval¹ hk. → *rásaval*

línuval² hk.

*Aðgerð*¹ í *töflualgebru* þar sem *línur*² eru valdar úr *töflu*² til þess að mynda nýja töflu.

Dæmi: Úr tiltekinni töflu yfir bæk- ur með töfludálkunum „höfundur“ og „titill“ er mynduð ný tafla yfir þær bækur sem tiltekinn höfundur hefur samið.

sh. *færsluval*

– selection²

línuvalsnet hk. → *rásavalsnet*

línubéttleiki kk.

(í *ritvinnslu*) Fjarlægðin á milli *mállína* tveggja *lína*¹ sem liggja saman.

– line spacing

lítið leifturminni

– compact flash memory

lítöltölva kv.

Tölva sem var minni og hægsvirkari en *stórtölva* og hafði takmarkaðra *skip- anamengi*, einkum notuð á áratugnum 1970–80.

sh. *smátölva*

– minicomputer

ljómi kk.

Magn ljóss sem *dill* eða tiltekið svæði *myndflatar* sendir frá sér.

· Ljómi er ein þriggja *eiginda*² litar.

· Algengt er að lýsa ljóma með ljós- styrk.

· Sjá einnig *mettun* og *litblær*.

– luminance

ljósdiskur kk.

Diskur með *stafrænum gögnum* sem *lesin* eru með ljósfræðilegum aðferðum.

sh. *ljóslestrardiskur*

– optical disk, digital optical disk

ljósflaga kv.

Ljósnaem *samrás* til að skrá gögn um *díla* í mynd, notuð í *stafrænum mynda- vélum*, stjörnusjónaukum, *skönnum* og *strikamerkjalesurum*.

– charged-coupled device, CCD

Ljóskennd stafa

Það að bera *sjálfvirk* kennd á ritstafi¹ með ljósfræðilegum aðferðum.

– optical character recognition, OCR

Ljósleiðarahringur kk. → *ljóspráða-hringur*

Ljósleiðararás kv. → *ljóspráðarás*

Ljósleiðaratækni kv. → *ljóspráðatækni*

Ljósleiðari kk. → *ljóspráður*

Ljóslestrardiskur kk. → *ljósdiskur*

Ljóslestrarletur hk.

sh. *OCR-letur*

– OCR font

Ljóslestrarstafur kk.

*Ritstafur*¹, prentaður eða handskrifaður eftir sérstökum reglum svo að unnt sé að bera kennd á hann *sjálfvirk* með ljósfræðilegum aðferðum.

– optical character

Ljóslestur merkja

Það að skynja merki á *gagnamiðli sjálfvirk* með ljósfræðilegum aðferðum.

– mark scanning, optical mark reading

Ljós magnari kk.

(í *fjarskiptum*) Tæki sem magnar ljósmerki beint án milligöngu rafmerkja.

– optical amplifier

Ljós miðill kk.

Geymslumiðill, s.s. *geisladiskur*¹ eða *DVD-diskur*, sem hafa *efni* í *stafrænu* formi og *skrifad* er á og *lesið* af með *leysi*.

– optical medium

Ljós minni hk.

*Geymsla*¹ þar sem notaðar eru ljósfræðilegar aðferðir.

– optical storage, optical memory

Ljós mús kv.

Mús sem notar sýnilegt ljós eða *innrautt* til að skynja breytingar á stöðu sinni.

– optical mouse

Ljós nema eind kv.

Einstakt stak í *fylki*² skynjara, notað til þess að breyta ljósorku í rafræna orku.

– pe^2 , picture cell

Ljósnet hk.

Samskiptanet þar sem *upplýsingar*¹ eru sendar sem ljósmerki eða *innrauð* merki.

– photonic network, optical network

Ljós pennaskynjun kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að skynja með *ljóspenna* ljós sem *myndeining* á myndfleti gefur frá sér.

– lightpen detection, lightpen hit

Ljós penni kk.

Ljósnaumur *staðbendir* eða *hnitill* sem bent er með á *myndflöt*.

– lightpen

Ljósrafeindafræði kv.

Sú grein rafeindafræði sem fjallar um breytingar rafmerkja í sýnilega eða *innrauða* geislun og öfugt.

Dæmi um ljósrafeindafræðilega íhluti eru ljósnemi, sólarrafhlaða, *ljóstvistur* og *leysistvistur*.

– optoelectronics

Ljós rænn kortalestur

– optical card reading

Ljós segul- fl.

(um *ljósminni*) Segulnaumur einungis við háan hita en stöðugur við venjulegan hita.

· *Leysir* er notaður til að hita lítinn blett á *miðlinum* þar sem á að skrá. *Leysin* má *brennistilla* með mikilli nákvæmni og þess vegna er unnt að skrá *gögn* mun þéttar en á venjulegan segulmiðil.

– magneto-optical

Ljós seguldrif hk.

– magneto-optical drive, MO drive

Ljós setning kv.

Setning *texta* með ljósmyndafræðilegum aðferðum.

– phototypesetting, photocomposition

Ljós setningarvél kv.

– phototypesetter

Ljós skanni kk.

Skanni sem notar ljós til þess að skoða

*mynstur*¹.

· Ljós-skannar eru notaðir við *mynstur-kennsl* eða *stafakennsl*.

– optical scanner

ljósstafalesari kk.

Ílagstæki sem ber kennsl á *ritstafi*¹ með ljósfræðilegum aðferðum.

– optical character reader

ljóstengdur lo.

· Þetta hugtak vísar til samtvinnaðrar notkunar *ljóspráðar* og þráðlauss sambands í *ffarskiptum*. Ljóspráðurinn er notaður til langdrægs *gagnaflutnings* og þráðlausa sambandið til tengingar frá endastöð til notanda.

– optical wireless

ljóstengi hk.

– optocoupler, optical coupler, optoisolator

ljóstvistur kk.

Rafeindarás sem gefur frá sér litljós (grænt, rautt eða gult) þegar straumur fer í gegnum hana.

· Ljóstvistar eru notaðir í lágspennutækjum, t.d. í *diskadrifum*, til þess að sýna hvort kveikt er á þeim.

– light-emitting diode, LED, light-emitting polymer

ljóstæknivinnsla kv.

Vinnsla þar sem notaðar eru ljóstækni-legalar aðferðir til þess að bera kennsl á *hluti*³.

– optical processing

ljósvandarbreytir kk.

Búnaður sem breytir ljósi sem kemur úr vendi af *ljóspráðum* í ljósgeisla eða annað ljósmynstur.

– beam converter

ljóspráðahringur kk.

sh. *ljósleiðarahringur*

– fiber optic ring

ljóspráðarás kv.

sh. *ljósleiðararás*

– fiber channel

ljóspráðataekni kv.

Tækni við að flytja *upplýsingar*¹ eftir *ljóspráðum*.

sh. *ljósleiðarataekni*

· Sjá einnig *þráðlaus ljóstækni*.

– fiber optics

ljóspráður kk.

Flutningsmiðill sem í er þráðlaga bylgjuleiðari, fær um að flytja ljósmerki.

· Ljóspráðir hafa miklu meiri flutningsgetu en koparpráðir og þeim fylgir minni hætta á truflunum.

sh. *ljósleiðari*

– fiber

ljósvörvuð leiðni

– photoconductivity

LLC-deililag hk.

Hluti *greinalags* í *staðarneti* þar sem aðgerðir til tenginga, óháðar miðli, geta farið fram.

· LLC-deililagið notar *þjónustu*¹ *MAC-deililagsins* til þess að veita þjónustu í *netlaginu*.

– logical link control sublayer, LLC sublayer

LLC-gerð 1 → fyrsta LLC-gerð

LLC-gerð 2 → önnur LLC-gerð

LLC-gerð 3 → þriðja LLC-gerð

LLC-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ í *staðarneti* sem stjórnna því hvernig *rammar*¹ eru sendir milli *gagnastöðva* óháð því hvernig notendur deila með sér *flutningsmiðli*.

– logical link control protocol, LLC protocol

loðið mengi

Óhefðbundið mengi með þann eiginleika að hvert stak í menginu tengist tölu, venjulega á bilinu 0 til 1, sem segir til um styrkleika tengsla stakanna við mengið.

– fuzzy set

loðin rökfræði

Óhefðbundin rökfræði þar sem *stað-*

reyndir, ályktunarreglur og magnarar fá *vissustuðla*.

– fuzzy logic, fuzzy-set logic

loðin tala

Ónákvæm tala, sem líta má á sem tölulegt fall fyrir tiltekið talnabil.

· Loðnar tölur eru notaðar í tölfraði, *forritun*, verkfræði og tilraunavísindum.

– fuzzy number

lofthanski kk.

(í *sýndarveruleika*) *Hanskafrálagstæki* með lög af loftblöðrum sem er komið fyrir á þaulskipulagðan hátt og geta blásist upp og hjaðnað snögglega.

sh. *loftsnertihanski*

– pneumatic glove, pneumatic tactile glove

loftsnertihanski kk. → *lofthanski***Logo**

Heiti á *gagnvirku forritunarmáli*, sérstaklega gerðu fyrir kennslu í *forritun*.

· Í Logo er auðvelt að vinna úr *listum*. Það er þó þekktast fyrir *tátuteiknun*.

– Logo

logri kk.

– logarithm

loka so.

(um *lista*, *möppur* o.s.frv.) Fela undirskipuð atriði.

· Sjá einnig *opna*.

sh. *fella saman*²

– collapse¹

lokað tag

Gagnatag þar sem *gagnaskipan*, mengi gilda og *aðgerðir*¹ eru skilgreindar í *forriti* en gagnatagið er einungis tiltækt í þeim hlutum forritsins sem hafa forgang.

sh. *einkatag*

– private type

lokaður¹ lo.

(um *lista*, *möppur* o.s.frv.) Sem búið er að *loka*.

sh. *samanfelldur*

– collapsed

lokaður² lo.

(um einkenni *máleininga*) Sem er ekki tiltækur beint fyrir notanda máleininga.

sh. *einka-*

– private

lokaður hluti

Sá hluti af *pakkaskilgreiningu* sem felur í sér lýsingu á formgerð *pakkans*².

· Lýsingin er notuð þegar pakkinn er búinn til, en skiptir ekki máli fyrir notendur pakkans og þeir hafa ekki *aðgang*¹ að henni.

sh. *einkahluti*

– private part

lokaður notendahópur

Hópur tiltekinna notenda *gagnaflutningsnets*, skráður fyrir *notendabjónustu* sem leyfir þeim að eiga *samskipti* sín á milli en lokar fyrir tengileiðir að eða frá öllum öðrum notendum *gagnaflutningsnetsins*.

· *Útstöðvartæki* tiltekens notanda getur verið í einum eða fleiri lokuðum notendahópum.

– closed user group, CUG

lokaður vörður

*Vörður*¹ þar sem skilyrðið tekur gildið ÓSANNUR.

– closed guard

lokahnappur kk.

(í gluggaumhverfi)

– X-button

lokamerki hk.

*Merki*² í *stöfunarsendingu*, sent á eftir *staf* til þess að búa viðtökutæki undir að taka við næsta staf.

· Lokamerki er venjulega eitt *merkjastak* sem stendur í tiltekinn lágmarks-tíma eða lengur.

– stop signal

lokamerki ramma

Tiltekið mynstur *bita* eða tiltekið *merki*² sem sýnir lok *ramma*¹.

– end-of-frame, frame end delimiter

lokanotandi kk.

Maður, tæki, *forrit* eða *gagnavinnslukerfi* sem notar *tölvunet* í því skyni að *vinna úr gögnum* og skiptast á *upplýsingum*¹.

sh. *notandi*¹

– end user

lokátákn hk.

(í *mállýsingu forritunarmála* og öðrum formlegum mállýsingum) Tákn sem stendur fyrir sjálfst sig.

– terminal symbol

lokið so. sb.

(um *verkeiningu*) Sem er í þeirri *verkstöðu* að vinnslu hefur verið hætt og allir atburðir sem tengjast verkeiningunni leiddir til lykta.

· Í *Ada* gæti *frábrigði*, sem er kallað fram þegar *vakningarfærsla* er stofnuð, valdið því að *inningu* verkeiningar ljúki.

– completed

lokka kv. → *lokkunarsíða***lokkunarsíða** kv.

Byrjunarsíða *vefseturs*, notuð til að ná athygli notandans í stuttan tíma sem inngangur að *heimasíðu* setursins eða til að greina notandanum frá því hvers konar *vefsjá* eða annan *hugbúnað* hann þurfi til að skoða setrið.

sh. *lokka*

– splash page

lokuð lykka

*Lykka*¹ sem eingöngu er unnt að stöðva með utanaðkomandi afskiptum.

sh. *endalaus lykka*

– infinite loop, closed loop

lokugleraugu hk. ft. → *rafræn lokugleraugu***lokun**¹ kv.

(um *lista*, *möppur* o.s.frv.) Það að *loka*.

sh. *samanfelling*

– collapse²

lokun² kv.

Gildi í *bálkuðu máli* sem táknar *stef*

sem unnt er að *kalla á*.

· Lokunin hefur meðal annars að geyma upplýsingar um það umhverfi sem stefið þarf til að vera *keyrt*, þ.e. upplýsingar um þær *breytur*² í efri *földunarstigum* sem stefið þarf aðgang að til að geta verið *keyrt*.

– closure

lokunarteikn hk.

– close icon

loshnappur kk.

Hnappur, yfirleitt notaður til þess að losa *hnappaborð* þegar hnappar þess hafa fest, t.d. vegna rangs *innsláttar*.

– reset key²

losun kv.

Aðgerð sem *gagnastöð*, er sendir *gögn*, beitir til þess að fjarlægja *ramma*¹ sína úr *netinu* eftir að gögnin hafa farið heila umferð um netið.

– stripping

lota kv. → *seta***lotubundin viðaukaprófun**

Viðaukaprófun þar sem *tölustafirnir* eða *stafirnir*, sem bætt er við, eru búnir til með tiltekinni gerð af *algrími*.

– cyclic redundancy check, CRC

lotumerki hk. → *klukkumerki***lóðleit** kv.

Leit þar sem fyrst er valin ein hugsanlegra greina á hæsta stigi í *leitartre* og síðan farið eftir þeirri grein á næsta stig fyrir neðan uns markmiði er náð, komið er á ákveðið stig í leitartreinu eða leitit komin í blindgötu.

· Ef markmiði hefur ekki verið náð er snúið við og athuguð næsta grein sem ekki hefur þegar verið skoðuð og leitinni haldið áfram þar á sama hátt og áður.

– depth-first search

lóðrétt byrging

(við *birtingu*) Það að rafeindageisli er falinn, þegar *samsett sjóngagnamerki* er *birt*¹, í því skyni að *rasti* geti horfið aft-

ur til upphafs *sjóngagnasíðu* án þess að hann sjáist.

– vertical blanking

lóðrétt samstilling

Sá hluti af *samsettu sjóngagnamerki* sem sýnir hvar *sjóngagnasíða* endar.

– vertical synchronization

lóðrétt segulskráning

Aðferð við *segulskráningu* þar sem segulskautun er hornrétt á flötinn sem skráð er á.

– perpendicular magnetic recording, vertical magnetic recording

lóðrétt skref

(í *prenturum*) Fjöldi grunnskrefa sem vals eða pappír færir um við hver *línu-skipti*.

· Grunnskref getur t.d. verið 1/48 úr þumlungi.

– vertical motion index, VMI

lóðrétt skrun

Skrun, upp eða niður.

– rolling, vertical scrolling

lóðrétt sniðmótun

(í *ritvinnslu*) Hæfileiki *textaritils* til þess að staðsetja *texta* lóðrétt innan tiltekinnna marka sem notandi skilgreinir.

– vertical tabulation, vertical formatting

lóðrétt sundurgreining

Umhverfan af fjölda *díla* í lóðréttri línu í *mynd*².

– vertical resolution

lóðstrik hk.

Heiti á *tákninu* | eftir útliti.

· Sjá einnig *píputákn*.

– vertical line, vertical slash, upright slash

lófa- fl.

· Sjá einnig *lófatölva*.

sh. *lófatækur*

– handheld¹

lófaspilari kk. → tónhlaða

lófatækur lo. → lófa-

lófatölva kv.

· Í sumum lófatölvum er innbyggður farsímabúnaður.

sh. *handtölva*

– handheld computer, handheld², personal digital assistant, PDA, palmtop computer, palmtop, palm computer

LPT-tengi hk.

Samhliðatengi á *einmenningstölvu* fyrir tengingu við *prentara* eða annað tæki.

· Ef fleiri en eitt LPT-tengi er á tölvu þá eru þau tölusett: LPT1, LPT2 o.s.frv.

– LPT, line print terminal

LTO-afritunarstaðall kk.

Opinn staðall fyrir afritun á *segulband*.

– Linear Tape-Open, LTO

lús kv.

Villa í forriti eða *galli* í *vélbúnaði*.

sh. *böggur*

– bug

lykill¹ kk.

(í *skipulagi gagna*) *Kennimerki*¹ innan mengis *gagnastaka*¹.

– key¹

lykill² kk. → hnappur

lykill³ kk. → dulmálslykill

lykillitur kk.

Fyrsti tiltekni liturinn í samsettu *merki*².

· Sjá einnig *sjónblöndun*.

– chroma-key color

lykilorð¹ hk.

Lesstak sem auðkennir tiltekna *máleiningu*.

· Lykilorðið lítur oftast út eins og *nefni*.

Dæmi: Í setningunni „IF A = B GOTO NNN“ í *Cobol* eru IF og GOTO lykilorð, en A og B nefni.

– keyword

lykilorð² hk. → aðgangsorð

lykilsetning kv. → aðgangssetning

lykkja¹ kv.

*Runa setninga*¹ eða *skipana*¹ sem getur verið *innt* aftur og aftur á meðan tilteknu skilyrði er fullnægt.

· Stundum er ekki *prófað* hvort skil-

- yrðinu er fullnægt fyrr en lykkjan hefur verið innt einu sinni.
– loop¹
- lykkja**² kv. → *netlykkja*
- lykkjubreyta** kv.
Gagnahlutur, notaður til þess að ákvarða hvort á að fara út úr lykkju¹.
– loop-control variable, loop parameter
- lykkjuflétta** kv.
Máleinng þar sem kveðið er á um að endurtaka eigi tiltekna *setningar*¹.
Dæmi: (1) DO í *Fortran*. (2) FOR í *Algol* eða *Basic* (3) PERFORM í *Cobol*. (4) DO WHILE í *PL/I*.
– loop construct
- lykkjuóbreyta** kv.
Skilyrði sem er *óbreytilegt* á meðan lykkja¹ er innt.
– loop invariant
- lykkjusetning** kv. → *endurtekningasetning*
- lykkjustjórn** kv.
Máleinng sem felur í sér *prófun* til þess að ákvarða hvort á að inna lykkju¹.
– loop control
- lykkjustjórn með eftirprófun**
Lykkjustjórn þar sem *prófun* er gerð í lok lykkju¹.
Dæmi: „Repeat ... until“-flétta í *Pascal*.
– posttest loop
- lykkjustjórn með forprófun**
Lykkjustjórn þar sem *prófun* er gerð í upphafi lykkju¹.
• Lykkjustjórn með forprófun þykir yfirleitt betri kostur en *lykkjustjórn með eftirprófun* því að lykkjustjórn með eftirprófun leyfir að lykkjan¹ sé innt einu sinni áður en *lykkjubreytan* er prófuð.
Dæmi: „For“-lykkja í *Ada*.
– pretest loop
- lykkjustjórn með innanlykkjuprófun**
Lykkjustjórn þar sem *prófun* er gerð einhvers staðar inni í lykkjunni¹.
- Dæmi: „Exit“-setning í *Ada*.
– in-test loop
- lykkjustofn** kk.
Sá hluti lykkju¹ þar sem meginhlutverk hennar er innt af hendi.
– loop body
- lykkjutengildi** hk.
Búnaður til að tengja *gagnastöðvar* við *hringnet* og losa þær frá því án þess að trufla starfsemi í netinu.
– lobe attaching unit, attaching unit
- lykla** so.
Tengja *lýsiorð* við skjöl².
– index³
- lyklaborð** hk. → *hnappaborð*
- lyklamátun** kv.
Aðferð við að bera saman *lykla*¹ tveggja eða fleiri *færslna*¹ til þess að velja sumar þeirra til tiltekinnar úrvinnslu og hafna hinum.
– key matching
- lyklapar** hk. → *lyklatvennd*
- lyklaparsdulritun** kv. → *tvílykla dulritun*
- lyklaskrá** kv.
– index file
- lyklatvennd** kv.
(í *tölvuöryggi*) *Einkalykill* og samsvarandi *dreifilykill*.
sh. *lyklapar*
– key pair
- lyklatvenndardulritun** kv. → *tvílykla dulritun*
- lyklaumsjón** kv.
Umsjón með *dulmálslyklum*.
– key administration
- lyklavernd** kv.
Vernd með *dulmálslyklum*.
– key protection
- lyklun**¹ kv.
Mótun þar sem *stafrænt merki* breytir styrk, tíðni eða *fasa* frálagsmerkis.
• Styrkur, tíðni og fasi frálagsmerkisins breytist milli fyrir fram ákveðinna gilda.

- Dæmi: *Styrklyklun, tíðnilyklun, fasa-lyklun.*
 – shift keying
- lyklun**² kv.
 Það að *lykla*.
 · Lyklun má gera handvirkt eða sjálfvirkt með sérstöku *forriti*.
 – indexing
- lyndistákn** hk.
 (í *tölvupóstkerfi*) *Tákn*, sett saman af *stöfum* og ætlað til þess að sýna hugarástand *upphafsmanns skeytis*².
 Dæmi: Meðal lyndistákna, sem venjulega eru lesin frá vinstri, eru:
 :) sem táknar ánægður,
 :(sem táknar dapur.
 – emoticon
- lýðnet** hk.
 Tiltekið *ffölnet* sem nær til flestra ríkja jarðar.
 sh. *Internet*
 – Internet
- lýðnetsbás** kk.
 Tölvubúnaður á almannafæri, auðveldur í notkun og ætlaður fyrir *aðgang*¹ að *lýðnetinu*.
 · Sjá einnig *fróðsjá* og *vefbás*.
 sh. *netbás*
 – Internet kiosk
- lýðnetsgátt** kv.
 sh. *netgátt*
 – Internet portal
- lýðnetssamband um gervitungl**
 – satellite Internet connection
- lýðnetssetur** hk.
Setur á *lýðnetinu*.
 – Internet site, Net site
- lýðnetsstöð** kv.
 Staður þar sem *aðgangur*¹ er að *lýðnetinu*.
 · Lýðnetsstöð hefur *einrætt IP-númer*.
 – point-of-presence, POP
- lýðnetstími** kk.
 Huglægur tími sem tengist þeirri hugmynd að atburðarás sé hraðari á *lýðnetinu* en annars staðar.
 – Internet time
- lýðnetsumferð** kv.
 – Internet traffic
- lýsi**- fl.
 – meta
- lýsigagnaskrá** kv.
 – metadata file
- lýsigagnastaðall** kk.
 – metadata standard
- lýsigagnavefur** kk.
 – metadata web
- lýsigrunnur** kk. → *lýsisafn*
- lýsigögn** hk. ft.
Gögn um *gagnastök*², þar á meðal *gagnalýsingar* þeirra og gögn um eignarhald á gögnum, *aðkomuleiðir*, *aðgangsrétt* og *hverfuleika gagna*.
 – metadata
- lýsimál** hk.
Mál, notað til þess að lýsa sumum eða öllum þáttum annars máls og jafnvel sjálfs sín.
 Dæmi: Backus-Naur-ritháttur.
 – metalanguage
- lýsing á gagnasafni** → *gagnasafnslýsing*
- lýsing innri gerðar**
 Sá hluti *gagnasafnslýsingar* sem lýtur að *innra stigi* og skilgreinir hvernig safn hugsanlegra *setninga*³ í tiltekinni *notandasýn* er sett fram á samsvarandi hátt og hvernig farið er með þá framsetningu.
 – internal schema
- lýsing ytri gerðar**
 Sá hluti *gagnasafnslýsingar* sem lýtur að *ytra stigi* og skilgreinir hvernig safn hugsanlegra *setninga*³ í tiltekinni *notandasýn* er sett fram og hvernig farið er með þá framsetningu.
 – external schema
- lýsingarmál** hk.
Verkefnatengt mál, notað til þess að lýsa *kröfum*, hönnun, hegðun eða öðrum einkennum kerfis eða kerfishluta.

- Lýsingarmál er oft sambland af náttúrlegu tungumáli og gervimáli. Í lýsingarmáli eru sérstakar máleiningar og stundum reglur fyrir sannprófun sem notaðar eru til þess að þróa, greina og skjalbúa tiltekin einindi¹.

– specification language

Lýsingarmál fyrir vistþýðendagerð

Lýsingarmál, notað til þess að þróa vistþýðendur.

– compiler specification language

Lýsingarými hk.

Mengi allra dæma úr *dæmarými* sem unnt er að lýsa á því máli sem nemandi er tiltækt.

– description space

Lýsingur kk.

(í *forritunarmálum*) Gildi sem notað er til þess að lýsa einkennum einhvers, svo sem stærð *fylkis*² og efri og neðri mörkum *vísa*.

- Gildið getur verið ífólgið.

– descriptor²

Lýsiorð hk.

Orð eða orðasamband sem einkennir tiltekin *skjöl*² og er þess vegna notað til þess að leita að þeim.

– descriptor¹

Lýsiregla kv.

Regla sem lýsir skilyrðum, skipan og notkun annarrar reglu eða tiltekens samafsans af reglum.

- Lýsireglur má nota á áhrifaríkan hátt til skýringar í *sérþekkingarkerfum* og *reglukerfum*.

– metarule

Lýsisafn hk.

Gagnasafn fyrir *lýsigögn* til tiltekinnar nota.

sh. *lýsigrunnur*

– metabase, metadatabase

Lýsiskrá kv.

Skrá með *upplýsingum*¹ um aðra *skrá*.

– metafile

Lýsistafur kk.

Sérstakur *stafur* í *forriti* eða gagnasvæði sem veitir *upplýsingar*¹ um aðra stafi.

– metacharacter

Lýsiþekking kv.

Þekking um skipan þekkingar, hvernig á að nota hana og stjórnna henni.

- Lýsiþekkingu má nota á áhrifaríkan hátt til skýringar í *sérþekkingarkerfum* og öðrum *þekkingarkerfum*.

– metaknowledge

Lækka niður

Snyrta tölutákn án þess að breyta þeim hluta sem haldið er eftir.

- Þótt tölutákn sé lækkað niður vex algildi þess ekki.

- Það að lækka niður er ákveðin gerð af *stýfingu*¹.

Dæmi: Tölutáknin 12,6374 og 15,0625, lækkuð niður í tvö tugabrotssæti, verða 12,63 og 15,06.

– round down

Lækkandi röð

Röð þar sem gildi röðunarlykils í tilteknu staki er lægra eða jafnt gildi lykilsins í næsta staki á undan.

– descending order

Læringsaðferð kv.

Orsakadómur sem felst í því að fylgjast með sérfræðingi og nota athafnir hans til þess að greina æskilegar ákvarðanir frá óæskilegum í því skyni að komast hjá langri leit að lausn og veita tafarlausa *viðgjöf*.

- Læringsaðferðinni er oft beitt við hálfsjálfvirka smíð *sérþekkingarkerfa*.

– learning-apprentice strategy

Læsing kv.

Tækni við að úthluta *tilföngum* þar sem sameiginleg tilföng eru varin með því að leyfa aðeins einu tæki eða *ferli*¹ í einu að nota þau og útiloka önnur á meðan.

Dæmi: Banna lestur á *gögnum* meðan verið er að *uppnýja* þau.

– lockout

lögbókandi kk.

– notary public

lögbókun kv.

Það að skrá *gögn* hjá tryggilegum þriðja aðila.

· Lögbókun gefur kost á að fá fullvissu um ýmis einkenni gagnanna, t.d. efni og uppruna.

– notarization

lögengur lo.

(um *ferli*¹ eða vél) Sem er þannig að ástand á hverju andartaki ákvarðar einrætt næsta ástand.

– deterministic

Lögmál Murphys um upplýsingatækni

Ábyrgðarlaus lögmál sem einkennast af takmarkalausri svartsýni, sett fram til gamans um ýmsa þætti *upplýsingatækni*.

· Til hliðsjónar er almennt lögmál

Murphys oft orðað þannig að „ef eitt-hvað getur farið úrskeiðis þá fer það úrskeiðis“.

Dæmi: Ef tæki bilar þá bilar það þegar verst stendur á.

– Murphy’s Laws of Information Technology

lögmál Shannons

Setning í *upplýsingafræði* sem kveður á um mesta hugsanlega gagnahraða sem getur náðst í *gagnarás*¹.

– Shannon’s law

lögstaðall kk.

– de jure standard

lögun samkvæmt áferð

Það að draga ályktun af breytileika *áferðar* um þrívíða eiginleika yfirborðs *hlutar*³.

– shape from texture

lögun samkvæmt útlínunum

Það að draga ályktun af *útlínunum hlutar*³ um lögun hans.

– shape from contour

M

M

(í tölvutækni) Forskeytið mega-, 2²⁰ eða 1 048 576.

· Forskeytið mega- stendur venjulega fyrir töluna 10⁶ (milljón). Í tölvutækni er tvíundakerfið notað og því þykir hentugra að mega- standi fyrir 2²⁰, t.d. í MB fyrir megabæti.

– M

MAC → *aðgangsstýring flutningsmiðils*

MAC-deililag hk.

Hluti *greinalags* í *staðarneti* þar sem beitt er *aðgangsstýringu flutningsmiðils* og aðgerðir geta farið fram, óháðar dreifingu stöðva í netinu.

· MAC-deililagið notar *þjónustu*¹ *bitaflutningslagsins* til þess að veita *LLC-deililaginu* þjónustu.

· Ensku heitin eru stundum rituð með „sublayer“ í staðinn fyrir „layer“.

– media access control layer, medium access control layer, MAC layer

MAC-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ í *staðarneti* sem stjórnar aðgangi að *flutningsmiðli* og taka jafnframt tillit til dreifingar stöðva í netinu þannig að unnt sé að senda *gögn* milli *gagnastöðva*.

– medium access control protocol, MAC protocol

MAC-vistfang hk. → *aðgangsauðkenni*

Manchester-kótun kv.

Tvíundafasakótun þar sem tímabilinu sem tengt er hverjum *bita* er skipt til helminga með *stakaskilum* og gildi bitans ákvarðast af stefnu stakaskilanna.

- Stakaskilin geta verið milli tveggja horfa eðlisbreytu, t.d. spennu, segulskautunar eða ljósstyrks.
- Ef eðlisbreytan er raffræðileg þá er þessi tegund kótunar háð skautun og hefur engan rakstraumsþátt.

– Manchester encoding

Manchester-mismunarkótun kv.

Tvíundafasakótun þar sem tímabilinu sem tengt er hverjum *bita* er skipt til helminga með *stakaskilum* og gildi bitans, þ.e. „0“ eða „1“, ákvarðast af því hvort önnur stakaskil verða eða verða ekki í byrjun tímabilsins.

- Stakaskilin geta verið milli tveggja horfa eðlisbreytu, t.d. spennu, segulskautunar eða ljósstyrks.
- Ef eðlisbreytan er raffræðileg þá er þessi tegund kótunar óháð skautun og hefur engan rakstraumsþátt.

– differential Manchester encoding

mappa kv.

(í gluggaumhverfi) Safn *skráa* sem eru flokkaðar saman í *geymslu*¹.

- Í möppu geta verið aðrar möppur.

– folder, directory²

margföld fullnusta

Það að *fullnusta* reglur oftast en einu sinni til þess að fá aðgang að *þekkingu* hvað eftir annað í sömu *ráðaleitun*.

– multiple firing

margföld stafanákvæmni

Stafanákvæmni þar sem notuð eru tvö eða fleiri *tölvuorð* við framsetningu talna.

– multiple precision

marghyrningsfylling kv.

Það að dreifa *fyllingarmynstri* um marghyrnt svæði yfirborðs sem skil-

greint er með *forriti*.

– polygon fill

marghyrningslíkan hk.

(í *tölvuteiknun*) Líkan sem er afmarkað af marghyrindum flötum og ætlað að líkja eftir lögun hlutar.

– polygon model

marglagskipt net

Tauganet sem hefur eitt *ílagslag*, eitt *frálagslag* og eitt eða fleiri *hulin lög*.

– multilayered network

marglagskipt skynjunarnet

Ein gerð af marglagskiptu *framflutningsneti* sem er notuð til þess að flokka *mynstur*¹.

- Marglagskipt skynjunarnet ráða við öll *Boole-föll*.

– multilayered perceptron

margmiðla- fl. → *margmiðlunar-*

margmiðlun kv.

Það að nota margs konar *miðla* til þess að setja fram *upplýsingar*¹ með aðstoð tölvubúnaðar.

- Í margmiðlun geta fléttast saman *hljóð*, *texti* og myndir.

– multimedia²

margmiðlunar- fl.

Sem lýtur að *margmiðlun*.

sh. *margmiðla-*

– multimedia¹

margmiðlunarhlutur kk.

Samsettur hlutur með *hlutum*⁴ frá tveimur eða fleiri *framsetningarmiðlum*.

Dæmi: *Hljóð* sem er ívaf í *texta*.

– multimedia object

margmiðlunarskilaboðþjónusta kv.

Heiti á þjónustu sem leyfir sendingu og móttöku þráðlausra *skeyta*¹ sem geta geymt myndir, hljóð og *myndskíð*.

- Margmiðlunarskilaboðþjónustan er útvíkkun á *smáskilaboðþjónustunni*.

sh. *MMS-þjónusta*

– Multimedia Messaging Service, MMS²

margritapappír kk.

- multicopy form

margsamhliða vinnsla

Það að vinna úr táknaðri skipan *gagna* með því að *inna* vélbúnaðaraðgerðir samtímis í fjölmörgum *gjörvum* sem hver um sig hefur lítið *minni*.

- massively parallel processing

margvarp hk.

Sending sömu *gagnanna* til valinna ákvörðunarstaða.

- Sjá einnig *einvarp*.

- multicast

margvarp um staðarnet

Sending *ramma*¹ sem valdar *gagna-stöðvar* í sama *staðarneti* eiga að taka við.

- LAN multicast

margvarpsbeinir kk.

- multicast router, mrouter

margvarpsgrunnnet hk.

- Mbone, multicast backbone, multicast Internet

margvarpsverkbúnaður kk.

- multicast application

margvarpsvístfang í staðarneti

Hópvístfang í *staðarneti* sem auðkennir undirhóp *gagnastöðva* í *staðarneti*.

- LAN multicast address

margvíður gagnagrunnur → *margvitt gagnasafn***margvitt gagnasafn**

sh. *margvíður gagnagrunnur*

- multidimensional database, MDB

margvörpun kv.

- Sjá einnig *einvörpun*.

- multicasting

markdiskur kk.

- destination disk

markgildi hk.

- limit

markgildisprófun kv.

Það að prófa hvort eitthvert gildi hefur náð tilskildu marki eða er fyrir ofan það eða neðan.

- limit check

markleysa kv.

Skilyrt óreiða tiltekens mengis *skeyta*¹ hjá *skeytaþega* að gefnu tilteknu mengi *skeyta* hjá *skeytagjafa* sem er tengdur *skeytaþeganum* með tiltekinni *rás*².

- irrelevance, prevarication, spread

markmál hk.

Mál sem *þýðandi*¹ skilar niðurstöðum sínum á.

- target language

markmiðuð auglýsing

Auglýsing sem birtist neytanda á grundvelli vitneskju um hann svo sem lýðfræðilegra upplýsinga (kyn, aldur, búseta), kauphegðunar eða annars hegðunarmynsturs.

- targeted advertising

markstikla kv.

(í *stiklumíðlun*) *Stikla*¹ sem er ákvörðunarstaður *tengils*³.

- anchor

marksækin greining

Lausn viðfangsefnis þar sem í hverju skrefi er leitað að *virkjum* sem minnka sem mest muninn á *stöðunni*² þá stundina og þekktri markmiðsstöðu.

- means-ends analysis, means-end analysis

marktækur tölustafur

Sérhver *tölustafur* í *tölutákni* sem er nauðsynlegur til þess að halda tilteknum *áreiðanleika*¹ eða tiltekinni *stafanákvæmni*.

- significant digit

markvél¹ kv.

Tölva sem á að *inna* tiltekið *forrit* í.

- Sjá einnig *hýsivél*¹.

- target machine¹

markvél² kv.

Tölva sem önnur *tölva* *hermir eftir*.

- Sjá einnig *hýsivél*².

- target machine²

mauraþjarki kk.

Einn af mörgum sams konar *þjörkum*

sem starfa saman sem ein heild.

– insect robot

mál hk.

(í *forritun*) Samsafn *stafa*, síða og reglna sem er notað til að miðla *upplýsingum*¹.

– language

mál fyrir skilningsgerðarlýsingu

Gagnasafnsmál sem *tölva* getur unnið úr og er skiljanlegt fólki og hefur allar nauðsynlegar *máleiningar* til þess að setja fram *yrðingar* og fást við þær.

– conceptual schema language

málamyndasíða kv. → *síðumynd*

málbúnaður kk.

Búnaður til að þýða¹ og *inna forrit* sem skrifuð eru á tilteknu *forritunarmáli*.

Dæmi: *Lisp*-vél.

– language processor

málefni hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *umslags* þar sem *upphafsmaður* nafngreindir *efni skeytisins*².

– subject²

máleining kv.

Hluti *forrits* sem hefur leyfilega *málskipan* og unnt er að mynda af *lesstöku* um í samræmi við reglur tiltekens *forritunarmáls*.

– language construct

málfræðirýnir kk. → *málrýnir*

málkröfur kv. ft.

Kröfur um aðlögun að tungumáli og menningarbundnum venjum á tilteknu svæði.

– locale

mállína kv.

Lárétt viðmiðunarlína fyrir stafastillingu og mælingu á lóðréttri fjarlægð milli *lína*¹.

sh. *grunnlína*

– baseline, reference line

mállýsing kv.

Formleg lýsing á *gervimáli*.

· Mállýsing tekur ekki til *merkingar-*

fræði máls.

– formal grammar, grammar

málrýnir kk.

Hugbúnaður sem ber sérkenni í *málskipan texta* saman við *málfræðireglur* sem hann hefur yfir að ráða og vísar síðan á leiðir til þess að leiðrétta textann.

sh. *málfræðirýnir*

– grammar checker

málsgrein kv. → *efnisgrein*

málskilningur kk.

Það að búnaður dregur *upplýsingar*¹ úr *texta* eða *tali* sem honum berst á *náttúrlegu tungumáli* og semur lýsingu á textanum eða talinu og því sem það stendur fyrir.

– natural-language understanding, natural-language comprehension

málskipan kv.

Samband á milli einstakra *stafa* og *stafastrengja* án tillits til merkingar og notkunar.

· Málskipan tiltekens *gervimáls* er lýst með *mállýsingu*.

– syntax

málskipanarkanni kk.

Forrit sem fer yfir *frumforrit* til þess að athuga hvort farið er eftir reglum sem gilda um *málskipan* í *forritunarmálinu*.

– syntax checker

málskipanarvilla kv.

Villa sem hlýst af því að ekki er farið eftir reglum tiltekens *forritunarmáls*, svo að *setningar*¹ og *skipanir*¹ verða rangt myndaðar.

– syntax error, syntactic error

málstafur kk.

Stak í *stafamengi* sem í eru *bókstafir* með eða án stafmerkja, *tölustafir* og talnabrot, greinarmerki, stærðfræðitákn, *bilstafur*, *sérstafir*, formerki og önnur prenttákn.

– language character

málþing hk.

Tölvuþing sem er helgað tilteknu mál-

efni.

- Venjulega stofnar tiltekinn einstaklingur mállþingið og þar eru þátttakendur, lesendur og hugsanlega *gæslumenn*.

– newsgroup, forum

mánavarp hk.

Þráðlaus samskipti með notkun tunglsins (mánans) sem fjarskiptatungls.

– moonbounce

mát hk. → *stafsía*¹

máta saman

Athuga hvort tvö eða fleiri *gagnastök*¹ eru eins.

– match

mátsíun kv.

Aðgerð fyrir *sniðmátun*², fólgin í því að nota gildi fylgnifalls til þess að mæla hversu mikil samsvörun sé.

– matched filtering

mátun kv.

Það að beita tilteknum *aðgerðum*¹ á eitthvert gildi þannig að *útkoman* verði jöfn öðru gildi.

- Ekki er alltaf unnt að koma máttun við og beita þarf mismunandi aðgerðum eftir aðstæðum.

– matching

mátun talmynsturs

Það að *máta saman* kennistærðir sem eru leiddar af talsýni og kennistærðir *talmáts* sem hefur verið skráð fyrir fram í *kunnorðasafni*.

– speech pattern-matching

Mb → *megabíti*

MB → *megabæti*

MCA-högun kv.

Heiti á tengibrautarhögun frá IBM.

– Micro Channel Architecture, MCA

MDP-samskiptareglur kv. ft.

– Multicast Dissemination Protocol, MDP

meðalfróðvelta kv. → *meðalupplýsingavelta*

meðalmæld fluttra upplýsinga

Meðalgildi af *mæld fluttra upplýsinga* tveggja atburða, sem eru sinn í hvoru endanlegu mengi atburða sem útiloka hver annan og eru sameiginlega tæmandi. Á táknmáli stærðfræðinnar er þetta gildi:

$$T(X, Y) = \sum_{i=1}^n \sum_{j=1}^m p(x_i, y_j) T(x_i, y_j)$$

þar sem $X = \{x_1 \dots x_n\}$ er mengi atburðanna $x_i (i = 1 \dots n)$, $Y = \{y_1 \dots y_m\}$ er mengi atburðanna $y_j = (1 \dots m)$, $T(x_i, y_j)$ er mæld fluttra upplýsinga frá x_i og y_j og $p(x_i, y_j)$ eru sameiginlegu líkindin á að báðir atburðirnir gerist.

- Meðalmæld fluttra upplýsinga er samhverf gagnvart X og Y . Hún er einnig jöfn muninum á *óreiðu* annars af tveimur mengjum atburða og *skilyrtrar óreiðu* þessa mengis miðað við hitt:

$$\begin{aligned} T(X, Y) &= H(X) - H(X|Y) \\ &= H(Y) - H(Y|X) = T(Y, X). \end{aligned}$$

- Meðalmæld fluttra upplýsinga er mælikvarði á magn *upplýsinga*² sem sendar eru um *rás*² þegar X er tiltekið mengi *skeyta*¹ hjá *skeytagjafanum* og Y er tiltekið mengi *skeyta* hjá *skeytaþeganum*. Hún er jöfn muninum á *óreiðunni* hjá *skeytagjafanum* og *tvíraðninni* eða muninum á *óreiðunni* hjá *skeytaþeganum* og *markleysunni*.

– mean transinformation content, average transinformation content

meðalmæld fluttra upplýsinga á staf

Meðalgildi á *staf* af *meðalmæld fluttra upplýsinga* fyrir öll hugsanleg *skeyti*¹ frá *sístæðum skeytagjafa*, skilgreint á táknmáli stærðfræðinnar með *markgildinu*:

$$T' = \lim_{m \rightarrow \infty} \frac{T_m}{m}$$

þar sem T_m er meðalmæld fluttra upplýsinga fyrir allar tvenndir samsvarandi ílags- og frálagsruna sem hafa m stafi hvor.

- Meðalmæld fluttra upplýsinga á staf má t.d. gefa í einingunni shannon á staf.
- character mean transinformation content

meðalnotkunartími á milli bilana

Meðalgildi þess tíma sem búnaður starfar á milli *bilana* við tiltekna aðstæður.

- mean operating time between failures

meðalóreiða á staf

Meðalgildi á *staf* af *óreiðu* allra hugsanlegra *skeyta*¹ frá *sístæðum skeytagjafa*, skilgreint á táknmáli stærðfræðinnar með *markgildinu*:

$$H' = \lim_{m \rightarrow \infty} \frac{H_m}{m}$$

þar sem H_m er óreiðan í mengi allra *runa* af m stöfum sem koma frá *skeytagjafanum*.

- Meðalóreiðuna á staf má t.d. gefa í einingunni shannon á staf.
- Markgildið er e.t.v. ekki til ef *skeytagjafinn* er ekki *sístæður*.
- character mean entropy, character mean information content, character average information content, character information rate

meðalsóknartími kk.

Meðalgildi *sóknartíma* tækis sem vinnur eðlilega.

- mean access time

meðaltími á milli bilana

Meðalgildi þess tíma sem líður á milli *bilana* í búnaði við tiltekna aðstæður.

- Meðaltíma á milli bilana má leiða út frá fræðilegu líkani eða finna með athugunum.
- mean time between failures

meðalupplýsingavelta kv.

Hlutfall meðalóreiðunnar á staf H' og meðaltímaskeiðs á staf. Á táknmáli stærðfræðinnar er þessi stærð:

$$H^* = H' / t(X)$$

þar sem $X = \{x_1 \dots x_n\}$ er mengi stafanna $x_i (i = 1 \dots n)$ og

$$t(X) = \sum_{i=1}^n p(x_i) t(x_i)$$

er meðalgildi af $t(x_i)$ sem er tímaskeið stafsins x_i sem kemur fyrir með líkindunum $p(x_i)$.

- Meðalupplýsingaveltu má t.d. gefa í einingunni shannon á sekúndu.
- sh. *meðalfróðvelta*, *upplýsingavelta*, *fróðvelta*
- average information rate, information rate

meðalvelta fluttra upplýsinga

Hlutfall meðalmældar fluttra upplýsinga á staf T' og meðaltímaskeiðs tvenndar af ílags- og frálagsstöfum. Á táknmáli stærðfræðinnar er þessi stærð:

$$T^* = T' / t(X, Y)$$

þar sem $X = \{x_1 \dots x_n\}$ er mengi ílagsstafa $x_i (i = 1 \dots n)$, $Y = \{y_1 \dots y_m\}$ er mengi frálagsstafa $y_j = (1 \dots m)$, og

$$t(X, Y) = \sum_{i=1}^n \sum_{j=1}^m p(x_i, y_j) t(x_i, y_j)$$

er meðalgildi af $t(x_i, y_j)$ sem er tímaskeið stafatvenndar (x_i, y_j) sem kemur fyrir með sameiginlegum líkindum $p(x_i, y_j)$.

- Meðalveltu fluttra upplýsinga má t.d. gefa í einingunni shannon á sekúndu.
- average transinformation rate

meðalviðgerðartími kk.

Meðaltími sem *lagfæringarviðhald* búnaðar tekur á tilteknu tímabili á æviskeiði búnaðarins.

- mean time to repair, MTTR, ?mean repair time

meðalviðréttingartími kk.

Meðalgildi þess tíma sem þarf til að koma starfsemi tiltekins búnaðar í samt lag eftir að *bilun* hefur orðið.

- mean time to recovery, mean time to restoration

meðan-flétta kv.

Máleineing þar sem *ítrekun* er stýrt með *prófun* á undan hverju *ítrekunarskrefi*.

sh. *while-flétta*

- while-construct

meðan-setning kv.

Endurtekningasetning þar sem *meðan-flétta* felur í sér stýringu á *ítrekun*.

sh. *do-while-setning*, *repeat-while-setning*, *perform-while-setning*

- do while statement, repeat while statement, perform while statement

megabiti kk.

Mælieining, notuð við flutning *gagna*, 2²⁰ eða 1 048 576 *bitar*.

- *Skammstöfunin* er stundum rituð „mb“ og er þá hætta á ruglingi við *megabæti*. Einnig kemur fyrir að „Mb“ sé notað um megabæti, en það ber að varast.

sh. *Mb*

- megabit, Mb

megabæti hk.

Mælieining fyrir *geymslurýmd*, 2²⁰ eða 1 048 576 *bæti*.

- *Skammstöfunin* er stundum rituð „mb“ og er þá hætta á ruglingi við *megabita*. Einnig kemur fyrir að „MB“ sé notað um megabita, en það ber að varast.

sh. *MB*

- megabyte, MB

megaflops → *Mflops***megindrátallíkan** hk.

Þjappað form á *talrófsriti* sem varðveitir mikilvæga drætti, t.d. helstu tíðnisvið, hlutfallslegar sveiflustærðir og rísandi og hnígandi tónhæðir.

- warped-input model

meginmál¹ hk.

(í *forritunarmálum*) *Máleineing* sem felur í sér *innanlegan* hluta *setningar*¹ eða *forritseiningar*.

sh. *stofn*¹

- body¹

meginmál² hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *efnis* í sumum gerðum *skeyta*² sem *upphafsmaður* miðlar á beinan hátt.

- Meginmálið getur verið í nokkrum hlutum.

sh. *stofn*²

- body²

meginmálsstúfur kk.

Einhvers konar *meginmál*¹ sem segir til um að *innanlegur* hluti *forritseiningar* sé skilgreindur í *undireiningu*.

- body stub

megintölva kv. → *stórtölva***meirihlutaáðgerð** kv.

Þröskuldsáðgerð þar sem hver *þolandi* getur aðeins tekið gildin 0 og 1 en tekur gildið 1 þá og því aðeins að þolendur sem hafa gildið 1 séu fleiri en þeir sem hafa gildið 0.

- majority operation

meirihlutagátt kv.

Gátt sem framkvæmir *meirihlutaáðgerð*.

- majority gate, majority element

meis kk.

Hólfað hylki þar sem ein *segulsnælda* eða *disklingur*¹ er settur í hvert hólfi.

- Meis er notaður til þess að setja snældur eða disklinga sjálfvirkir í drif, einn í einu.

- magazine, diskette magazine

mengi hk.

(í *netlíkani*) Nafngreint samsafn *færslna*² sem fylgja samsvarandi *mengjatagi*.

– set

mengismóðurfærsla kv.

(í *netlíkani*) Sú *færsla*² sem er yfirskipuð öllum öðrum færslum í *mengi*.

– owner record

mengjatag hk.

(í *netlíkani*) Nafngreint samsafn *færslutaga* sem í er eitt færslutag *mengismóðurfærslu* og eitt eða fleiri færslutög *stakfærslna*, ásamt stigveldisvenslum milli færslutags *mengismóðurfærslunnar* og hinna færslutaganna.

– set type

merki¹ hk.

(í *skipulagi gagna*) *Kennimerki*¹ sem er tengt við *mengi gagnastaka*¹.

– label¹

merki² hk.

Frávik í eðlisstærð, notað til þess að setja fram *gögn*.

– signal

merki³ hk.

(í *forritunarmálum*) *Nefni setningar*¹.

- Merki er oft notað til þess að vísa til setningar.
- Í *Basic* getur línunúmer gegnt hlutverki merkis en ekki er alltaf vísað til línunúmera.
- Í *Fortran* eru notuð merki með allt að fimm *tölustöfum* og þau sett fyrir framan setningar til þess að unnt sé að vísa til þeirra.

– label²

merki⁴ hk.

Lýsandi *ívaf*.

Dæmi: Byrjunarmerki og lokamerki.

– tag

merkill kk.

Prenttákn eða *stafrígríði*, notað til þess að kynna atriði í lista.

- Enska heitið minnir á útlit merkils-

ins sem oft lítur út líkt og byssukúla. Merkill getur haft ýmiss konar útlit, t.d. verið hringur, stjarna, ferningur, tigull eða ör.

– bullet

merkimiði kk.

*Merki*¹ sem er yfirleitt ekki *tölvutækt* og er fest á hylki utan um *gagnamiði*.

Dæmi: Límimiði á *segulgeymslu*.

– external label

merkingarfræði kv.

Lýsing á merkingu *setninga*¹ í tilteknu *máli*.

Dæmi: Merkingarfræðileg lýsing á setningunni „MOVE 100 TO GJALD“ í *Cobol* er að *breytan*² GJALD fær gildið 100.

– semantics

merkingargreining kv.

Það að greina merkingu *forritshluta* og skila *gögnum* til *kótasmíðs*.

– semantical analysis

merkingarnet hk.

*Framsetning þekkingar*², byggð á *hugtökum*, þar sem *hlutir*³ eða *stöður*² birtast sem *hnútar*³, tengdir með leggjum sem sýna *vensl*¹ milli hnútanna.

– semantic network, semantic net

merkingarvefur kk.

Vefur gagna með vel skilgreinda merkingu, hugsaður sem viðauki við *veraldarvefinn*, þar sem *tölvum* er gert kleift að vinna úr merkingu gagna ýmist sjálfstætt eða í samvinnu við fólk.

- Á merkingarvef er beitt tækni sem þekkt er frá *merkingarnetum*.

– semantic web

merkissvari kk.

Tæki sem tekur við *merki*² og svarar með sínu eigin merki.

- Í gervitungláfjarskiptum eru merkin mögnuð og endursend á annarri tíðni.

Dæmi: Ratsjársvari.

– transponder

merkjagisti hk.

Sérhæft *gisti* þar sem gildi *bita* ákvarðast af sérstökum kringumstæðum sem upp koma við *inningu skipana*¹.

– flag register

merkjahraði kk.

Bitahraði í *samhliða sendingu*.

· Merkjahraðinn er gefinn með:

$$\sum_{i=1}^m \frac{1}{T_i} \log_2 n_i$$

þar sem m er fjöldi samhliða *sendirása*, T_i er *einkennisbil* i -tu rásar í sekúndum og n_i er fyrir fram ákveðinn fjöldi *einkennisástanda* í i -tu rásinni.

sh. *merkjahraði gagna*

– data signaling rate, DSR

merkjahraði gagna → *merkjahraði***merkjasending** kv.

– signaling

merkjastak hk.

Sérhver hluti *stakræns merkis*, aðgreindur frá öðrum með einni eða fleiri einkennisstærðum.

· Dæmi um einkennisstærðir eru sveiflustærð, bylgjulögun, tímalengd og tímapunktur.

– signal element

mettun kv.

Sú *eigind*² litar sem sýnir hversu mikið hann víkur frá gráum lit með sama *ljóma*.

· Allir gráir litir hafa mettunina núll.

· Sjá einnig *litblær*.

– saturation

Mflops

Ensk *skammstöfun* á mælieiningu fyrir vinnslugetu, jöfn 10^6 *flops*.

sh. *megaflops*

– Mflops, megaflops

MHEG-formgerð kv.

Stöðluð aðferð til að skipuleggja *stiklu-*

hluti eða *margmiðlunarhluti*.

· MHEG er leitt af „Multimedia and Hypermedia Information Coding Expert Group“.

– MHEG

Microsoft

Heiti á *hugbúnaðarfyrirtæki*.

– Microsoft

miðgildissíun kv.

Aðferð við að fága hluta *myndar*², fólgin í því að skipta á hverjum *díl* og miðgildi *gráma* granndíla hans.

– median filtering

miðill kk.

Efni eða annað eðlisfræðilegt fyrirbæri, notað til þess að skynja, setja fram, *geyma*² eða *flytja gögn*.

· Miðlar eru venjulega flokkaðir sem *skynmiðlar*, *framsetningarmiðlar*, *ílagsmiðlar*, *samskiptamiðlar* o.s.frv.

· Fleirtala af enska heitinu „medium“ er „media“.

– medium

miðilsskil hk. ft.

Vélræn og rafræn *skil*¹ í *gagnastöð* í *staðarneti* milli *flutningsmiðils* og *miðilstengildis*.

– medium dependent interface, MDI

miðilstag hk.

(á *lýðnetinu*)

– media type

miðilstengildi hk.

Tæki, notað í *gagnastöð* í *staðarneti* til þess að tengja *úttöðvartæki* við *flutningsmiðil*.

– media attachment unit, medium attachment unit, MAU¹

miðja so.

(í *ritvinnslu*) Koma *texta* þannig fyrir að hann nái jafnlangt í báðar áttir frá viðmiðunarstað á láréttri *línu*¹ eða lóðréttri línu eða hvorri tveggja.

sh. *miðjusetja*

– center

miðjun kv.(í ritvinnslu) Það að *miðja*.sh. *miðjusetning*

– centering

miðjunarskipun kv.(í ritvinnslu) Ritvinnuskipun sem lætur *staf* eða *stafastreng* vera jafnlangt frá báðum *spássíum* á *síðu*².sh. *miðjusetningarskipun*

– centering command

miðjunarstig hk.Mælikvarði sem lýsir dreifingu *díla* innan *svæðis*³ miðað við miðju svæðisins.

· Miðjunarstig er oft tilgreint með tölu á bilinu frá 0 til 1. Hringur er mest miðjaður. Lína er minnst miðjuð. Kringlóttir hlutir hafa miðjunarstig 1 og mjög flangir hlutir hafa miðjunarstig sem nálgast 0.

– compactness

miðjusetja so. → *miðja***miðjusetning** kv. → *miðjun***miðjusetningarskipun** kv. → *miðjunarskipun***miðlarabú** hk.*Tölvuklasi*, notaður til að líkja eftir *miðlara*² á einni *tölvu*.

– server farm

miðlaraflokkur kk.

– class of server

miðlaralaus öryggisafritun*Öryggisafritun* sem er létt af miðlara til þess að hann nýtist til annarra miðlara-verka þann tíma sem hann er venjulega notaður til afritunar.

– serverless backup

miðlarasamsteypa kv.

– server consolidation

miðlarasneið kv.

– server blade

miðlarastefja kv.

– servlet

miðlaratvístur hk.Ástand í *gagnaverum* þar sem verkefni er dreift til of margra *miðlara*².· Þetta ástand sóar *tilföngum* gagnaversins bæði orku og tíma í *miðverki*, *minni* og *geymslu*¹ hvers miðlara.

– server sprawl

miðlari¹ kk.Stjórneining sem vísar vinnslu til réttis *þjóns*¹.

– broker

miðlari² kk. → *þjónn*¹**miðlari**³ kk. → *þjónn*²**miðlunarlag** hk. → *netlag***miðlunarsynjun** kv.Það að koma í veg fyrir heimilaðan *aðgang*¹ að *tilföngum* eða fresta *aðgerðum*¹ sem þarf að framkvæma á tilteknum tíma.

– denial of service

miðlungs- fl.

(um búnað og aðstöðu) Sem flokkast á milli minnstu gerða og öflugustu gerða með tilliti til stærðar og umfangs eða hraða og vinnslugetu.

Dæmi: (1) Miðlungstölva. (2) Miðlungsverkvangur.

– midrange

miðlungssamrásun kv.Tækni við að búa til *samrásir* þar sem tiltölulega fáum (10 til 100) hálfleiðarabútum er komið fyrir á einni *kísilflögu*.

– medium-scale integration, MSI

miðunargeisli kk.Sýnilegur leysisgeisli sem er hafður samása *innrauðum* eða öðrum ósýnilegum leysisgeisla og er notaður til að staðsetja síðarnefnda geislann.

– aiming beam

miðunartákn hk.(í *tölvuteiknun*) Hringur eða annað ljósmynstur, notað til þess að afmarka svæði á *skjá* þar sem nema má *ljóspenna* á tilteknum tíma.· Miðunartákn má einnig færa til á *myndfleti* með *mús* eða ljóspenna.

– aiming symbol, aiming circle, aiming field

miðverk hk.

Búnaður með einum eða fleiri *gjörvum* ásamt *innra minni* þeirra.

- Á ensku er heitið „processor“, sem venjulega merkir gjörvi, oft notað sem samheiti fyrir „processing unit“.
- processing unit, central processing unit, CPU, ?mainframe²

milli- fl.

- intermediary¹

millibilsaðgangur kk.

*Aðgangur*¹, sem heimildarlaus notandi hefur fengið með *afskiptahleri*, að *sendirás* sem er óvirk um stundarsakir en tengd við *tilfang* lögmæts notanda.

- between-the-lines entry

millibilskerfi hk.

Upplýsingavinnslukerfi, notað til bráða-birgða til þess að auðvelda skipti frá starfandi kerfi til nýs kerfis.

- change-over system

millibúnaður¹ kk.

(í *gagnafjarskiptum*) Hjálparbúnaður sem setja má á milli *útsöðvartækis* og *gagnaferjalds*, notaður til viðbótaraðgerða á *merkjum*² áður en þau eru *mót-uð* eða eftir að þau eru *afmótuð*.

- intermediate equipment

millibúnaður² kk.

Hugbúnaður, ætlaður til að tengja saman notkun tveggja aðskilinna *forrita*.

- middleware

milligátt kv. → *millinetagátt***milligátt staðarnets**

Búnaður sem tengir *staðarnet* við annað *net* þar sem notaðar eru ólíkar *samskiptareglur*¹.

- Hið netið getur verið annað staðarnet, almennt *gagnaflutningsnet* eða annars konar net.
- LAN gateway

millihnútur kk.

*Hnútur*¹ sem er við enda á fleiri en einum *legg*.

- intermediate node

millikerfi hk.

Opið kerfi sem gegnir hlutverki *gagna-hleypu* en er hvorki *gagnagjafi* né *gagnaþegi* þegar tiltekin *samskipti* verða.

- Nokkur millikerfi geta verið í röð.
- intermediate system

millilanda- fl.

(í *rafrænum viðskiptum*)

- cross-border

milliliður kk.

· Getur verið einstaklingur eða *þjónusta*¹.

- intermediary²

millimál hk.

Markmál sem *frumforrit*, hluti þess eða stök *setning*¹ er *þýdd*¹ á áður en forritið er þýtt eða *túlkað* frekar.

- Millimál getur gegnt hlutverki *frum-máls* við frekari *þýðingu*¹.
- intermediate language

millinetagátt kv.

Búnaður sem tengir saman tvö *tölvunet* með ólíka *nethögun*.

sh. *milligátt*

- gateway¹

millisamtala kv.

- subtotal

millitákn hk.

(í *mállýsingu forritunarmála* og öðrum formlegum mállýsingum) Tákn sem er ekki *lokatakn*.

- Millitákn í tiltekinni mállýsingu gæti t.d. verið <nafnorð> sem getur haft lokagildið „hundur“ eða „köttur“.

- nonterminal symbol

millitáknun kv.

Aðferð til þess að mynda *segðir* með stærðfræðitáknum. Hún hlítir reglum um forgangsörð *virka* og notar tvenndir af *afmörkurum*¹, t.d. sviga, þannig að *virkjum* er dreift milli *þolendanna* og hver virki sýnir hvaða *aðgerð*¹ á að framkvæma á þeim eða milliútkomum sem standa næstar virkjanum til beggja

handa.

- Ef óskað er að taka sérstaklega fram að virkjar geti haft fleiri en tvo þolendur má nota orðalagið „dreifð millitáknun“ (e. „distributed infix notation“).
- Sjá einnig *eftirtáknun* og *fortáknun*.
Dæmi: (1) A lagt við B og *summan* margfölduð með C er ritað með segðinni $(A + B) \times C$ (\times táknar margföldun). (2) P OG *útkoman* úr Q OG R er ritað með segðinni $P \wedge (Q \wedge R)$ (\wedge er virki sem táknar *rökáðgerðina*³ ogun).

– infix notation

millivísun kv.

*Tilvísun*¹ frá einu atriði til annars, t.d. frá *merki*³ til *setningar*¹.

– cross-reference

milliþjónn kk.

– intermediary server

MIME-staðall kk.

Gagnaflutningsstaðall fyrir sendingar á margmiðlunarskjölum í tölvupósti og vefstikluskjölum.

- MIME-staðallinn gefur kost á að flytja önnur *gögn* en *texta*, t.d. myndir, *hljóð* og *símabréf*.
- MIME, Multipurpose Internet Mail Extensions

minni hk.

Allt *vistfengjanlegt* geymslurými í *miðverki* og annað *innra minni* þar sem *skipanir*¹ eru *inntar*.

- Í *reiknivélum*, *örtölvum* og sumum miðlungstölvum er frekar talað um minni en *aðalminni*.

– memory

minnisauki kk.

Viðbótarminni til þess að geta notað *vistföng* hærri en 1 MB.

- Minnisauki er notaður í *tölvum* með *stýrikerfi* þar sem notuð er *fjölverkavinnsla*, t.d. í tölvum af gerðinni PC-AT. Tölvur af gerðinni PC-XT geta

hins vegar ekki notað minnisauka.

– extended memory

minnisbanki kk.

Bálgur *geymsluhólfa* sem hafa *samlæg vistföng*.

– memory bank

minnisbók kv.

(í gluggaumhverfi)

– notepad

minnisdeildaskipting kv. → deildaskipting minnis

minnisdembing kv.

Dembling alls efnis eða hluta þess sem er í *innra minni tölvu*.

- *Gögnum* úr innra minni er venjulega *dembt*² í formi *tvíundakerfistalna*, *áttundakerfistalna* eða *sextándakerfistalna*.

– memory dump

minnisgluggi kk.

(í *tölvuteiknun*) Afmarkaður hluti *sýndarrýmis*.

– window²

minnishjálpartákn hk.

Tákn, sett saman og valið í því skyni að auðvelda fólki að muna eitthvað annað.

minnishólf hk. → geymsluhólf

minnishylki hk.

Lesminni sem hefur að geyma *hugbúnað*, t.d. *þýðanda*¹ fyrir tiltekið *forritunarmál* eða leikjaforrit.

- Minnishylki eru nú úrelt.

– cartridge¹, program cartridge

minniskort hk.

sh. *minnisspjald*, *geymslukort*, *geymsluspjald*

– memory card, storage card

minnisleki kk.

– memory leak

minnislykill kk.

Hylki með *leifturminni* og tengibúnaði fyrir *USB-tengi* í *tölvu*.

sh. *USB-minni*, *minnisstautur*

– USB flash memory stick, flash memory stick, memory stick, USB

flash memory drive, flash memory drive, USB drive, flash drive, keychain drive

sh. *minnistákn*

– mnemonic symbol

minnislegt forrit

– stored program

minnismiðlunarbúnaður kk.

Sambland *vélbúnaðar* og *hugbúnaðar*, notað til þess að úthluta *forritum* svæðum í *minni gagnavinnslukerfis* þar sem þau eru *innt* samtímis.

– memory management

minnismynd kv.

Sú mynd sem *forrit* og *gögn* þess taka á sig í *aðalminni*.

– storage image, memory image

minnisþjald hk. → minniskort

minnisstaður kk. → geymslustaður

minnisstautur kk. → minnislykill

minnistákn hk. → minnishjálpartákn

minnka so.

Lækka gildi stærðar um tiltekið gildi.

– decrement²

minnkuð grunnfylling → minnkuð grunnfyllitala

minnkuð grunnfyllitala

Fyllitala í *eingrunnskerfi* sem leiða má af tiltekinni tölu með því að draga hana frá tölu sem er einum lægri en tiltekið veldi af *grunntölunni*.

· Minnkuð grunnfyllitala fæst með því að draga hvern *tölustaf* í tilteknu tölunni frá *tölustaf* sem er einum lægri en grunntalan.

Dæmi: Ef notaðir eru þrír *tölustafir* í *tugakerfinu* er 829 minnkuð grunnfyllitala tölunnar 170. Talan 170 er dregin frá 999 sem er einum lægri en grunntalan í þriðja veldi ($= 10^3 - 1$).

sh. *minnkuð stofnfyllitala*, *minnkuð grunnfylling*, *minnkuð stofnfylling*

– diminished radix complement, radix-minus-one complement

minnkuð stofnfylling → *minnkuð grunnfyllitala*

minnkuð stofnfyllitala → *minnkuð grunnfyllitala*

mips

Ensk *skammstöfun* á mælieiningu fyrir vinnslugetu, jöfn einni milljón *skipana*¹ á sekúndu.

· Venja er að rita þessa mælieiningu eingöngu með lágstöfum, þ.e. mips, eða eingöngu með hástöfum, þ.e. MIPS. Fremst stafurinn stendur fyrir forliðinn mega-, sem að réttu lagi ætti að tákna með M.

– mips, millions of instructions per second

Miranda

Heiti á *forritunarmáli*, gerðu fyrir *fallaforritun*.

– Miranda

misfresta sending

Gagnasending þar sem fjöldi tímaeininga milli sérhverra tveggja *einkennisandráa* í sama hópi er *heil tala*. Fjöldi tímaeininga milli einkennisandráa í ólíkum hópum þarf ekki að vera heil tala.

· Hópur í gagnasendingu er *báلكur*¹ eða *stafur*.

– anisochronous transmission

misgildi hk. → misgildisaðgerð

misgildisaðgerð kv.

Tvístæð rökaðgerð sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að *þolendurnir* hafi ekki sama Boole-gildi. sh. *misgildi*

– non-equivalence operation, EXCLUSIVE-OR operation, ?modulo two sum, ?addition without carry

misgildisgátt kv.

Gátt sem framkvæmir *misgildisaðgerð*. sh. *aðeins-eða-gátt*

– EXCLUSIVE-OR gate, EXCLUSIVE-OR element

mislangdarfærsla kv.

*Færsla*¹ þar sem *færslulengd* er ekki ákveðin fyrir fram.

sh. *breytilengdarfærsla*

– variable-length record

mismunarkennsl hk. ft.

Aðferð við að bera saman tvær mynd-*ir*² *díl* fyrir *díl* og gera viðvart þegar *litgildi* samsvarandi *sundurgreining-areinda* eru nægilega ólík.

– difference detection

mismunarlýsing kv.

Hugtakslýsing þar sem tilgreindir eru eiginleikar sem greina tiltekið *hugtak* frá öðrum hugtökum sem til athugunar eru.

– discriminant description

mismunarmagnari kk.

Magnari sem hefur tvær ílagsrásir og magnar muninn á ílagsmerkjunum tveimur.

– differential amplifier

mismunartáknun kv.

Kótun *stafræns* gagnastraums þar sem hvert stak, að undanskildu því fyrsta, er sett fram sem munur á gildi þess og næsta staks á undan.

– differential encoding

mismunarvistfang hk.

Vistfang sem er hluti af *skipun*¹ og verður að bæta við vistfang skipunarinnar til þess að komast að vistfangi *geymslu-staðar*.

– self-relative address

missemnd kv. → missemndaraðgerð**missemndaraðgerð kv.**

*Rökaðgerð*³ sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að *þolendurnir* hafi ekki allir sama Boole-gildi.

· Missemndaraðgerð á tveimur þolendum er *misgildisaðgerð*.

sh. *missemnd*

– non-identity operation

mistöð hk. ft.

Eitthvað sem gerist af mannavöldum eða vegna aðgerðaleysis manna og getur leitt til annarrar niðurstöðu en til er ætlast.

– mistake, human error, ?error³

misvægistalnakkerfi hk.

Talnaritunarkerfi þar sem sérhver tala er sett fram sem röð liða og hver liður er margfeldi *tölu*kjarna og *veldisstofns*. *Hlutfall* á milli veldisstofna liðanna er ekki alltaf *heil tala*.

Dæmi: Með veldisstofnunum b_3 , b_2 og b_1 og tölukjörnunum 6, 5 og 4, fæst talan sem sett er fram með því að reikna út segðina $6b_3 + 5b_2 + 4b_1$.

– mixed base notation

misvægistengi hk.

Ferjald sem tengir saman jafnvægislínu og ójafnvæga línu³, t.d. *tvinnada línu* og *samása streng* með jarðtengdri kápu.

· Enska heitið „balun“ er myndað úr orðunum „balanced“ og „unbalanced“.

– balun

mjóband hk.

Tiltölulega þröngt tíðnisvið miðað við það hve miklar *upplýsingar*¹ á að *flytja*.

· Mjóband er venjulega einungis notað í einum tilgangi eða gert tiltækt einum notanda.

– narrowband

mjóenda- fl. → lágena-**mjúkskygging kv.**

Aðferð við *skyggingu*¹, ætluð til þess að gefa bjúgum yfirborðsflötum gegnheils hlutar, sem hefur orðið til út frá *víra-virkisframsetningu*, slétta ásynd.

– smooth shading

mjúkt skilríki

(í *tölvuöryggi*) *Rafrænt skilríki* í tölvutæku formi.

– soft certificate

mjög víðtæk samrásun

Tækni við að búa til *samrásir* þar sem

mjög mörgum (100 000 til 1 000 000) hálfleiðarabútum er komið fyrir á einni kísilflögu.

– very-large-scale integration, VLSI

mjög þétt samrás

Samrás, búin til með mjög víðtækri samrásun.

– very-large-scale integrated circuit

ML

Heiti á forritunarmáli, gerðu fyrir falla-forritun.

· ML er *stytting* á „Meta Language“. Uppruna málsins má rekja til R. Milners árið 1973.

– ML

MMS-þjónusta kv. → *margmiðlunar-skilaboðþjónusta*

Modula 2

Heiti á forritunarmáli sem er byggt á *Pascal*.

– Modula 2

MOS

Tækni við hönnun og framleiðslu *samrása* og *smára*.

– MOS, metal-oxide semiconductor, metal-oxide silicone

Mosaic

Heiti á fyrstu *vefsjánni* með *myndrænu viðmóti* sem náði verulegri útbreiðslu.

· Marc Andreessen hannaði Mosaic. Líta má á Mosaic sem nokkurs konar undanfara vefsjárinnar *Netscape Navigator*.

– Mosaic

Mozilla

Heiti á *vefsjá* fyrir *lýðnetið*.

– Mozilla

móðudepill kk.

*Mynd*² af ljósgjafa sem er einn punktur, búin til með ljósfræðilegu kerfi.

· Gæði ljósfræðilega kerfisins og skerpa þess hafa áhrif á stærð móðudepilsins. Til bóta er að hann sé lítill.

– blur circle

móðurborð hk.

Prentplata sem gegnir hlutverki *tengi-brautar* og öðrum prentplötum er stungið í.

· Móðurborð eru yfirleitt notuð í til-tölulega litlum *tölvum* og einnig í *skjástöðvum* og *prenturum*.

– motherboard, mobo

móðurferli hk.

*Ferli*¹ sem býr til eitt eða fleiri viðbót-arferli.

· Hvert ferli getur þannig átt mörg *dótturferli* en á aðeins eitt móðurferli, nema fyrsta ferlið en það á ekkert móðurferli.

– parent process

móðurhnútur kk.

*Hnútur*³ sem hefur að minnsta kosti einn beint undirskipaðan hnút.

– parent node

móðurklukka kv.

Klukka sem aðallega hefur það hlutverk að stjórna öðrum klukkum.

– master clock

móðurverkeining kv.

Sú *forritseining* sem býr til *verkeiningu* þegar hún er *innt*.

– master task

mót hk.

Nafngreint mengi sniðskipana sem leyfir notanda að *sniða texta* eftir mörgum einkennum í einu og samræma útlit *skjals*¹ með því að beita sömu sniðsérkennum á ólíka hluta textans.

sh. *still*

– style

móta so.

Láta að minnsta kosti eina einkennisstærð *burðarbylgju* breytast í samræmi við einkennisstærð *merkis*² sem á að *senda*.

– modulate

mótað forrit

Forrit, samið eftir *grunnreglum* um *mótaða forritun*¹.

– structured program

mótað forritunarmál

Forritunarmál sem býr yfir máleiningum fyrir mótaða forritun².

– structured programming language

mótald hk.

Búnaður sem mótar og afmótar merki².

· Oft er mótald notað til þess að leyfa flutning stafrænna merkja með flaumrænum flutningsbúnaði.

· Enska orðið „MODEM“ er stytting á Modulator-DEModulator.

– modem

mótaldsljós hk.

– modem light

mótari kk.

Búnaður sem mótar merki² og gerir það sendingarhæft.

– modulator

mótasafn hk.

Samsafn móta sem geymt² er í skrá og ákvarðar útlit skjala¹ sem það fylgir.

sh. stílasafn

– style sheet

mótflutningsnet hk.

(í tauganetum)

– counter-propagation network, CPN

mótflutningur kk.

(í tauganetum)

– counter-propagation

móttekinn póstur → kominn póstur

mótuð forritun¹

Aðferð við hönnun forrita þar sem eingöngu eru notaðar stigveldisskipaðar einingar með einn inngöngustað og einn útgöngustað.

· Þrenns konar innningarleiðir eru notaðar í mótaðri forritun: setningarunur, skilyrtar setningar og ítrekanir.

– structured programming¹

mótuð forritun²

Sérhver þróunartækni fyrir hugbúnað sem felur í sér mótaða hönnun og skilar mótuðum forritum.

– structured programming²

mótuð hönnun

Sérhver öguð aðferð við að hanna hugbúnað sem fylgir tilteknum grunnreglum.

· Grunnreglurnar fjalla um einingastig, ofansækna hönnun, áfangafágun gagna, hvernig skipan kerfis skuli vera og að vinnsla fari fram í skrefum.

– structured design

mótun kv.

Það að láta að minnsta kosti eina einkennisstærð burðarbylgju breytast í samræmi við einkennisstærð merkis² sem á að senda.

Dæmi: Styrkmótun, tíðnimótun, fasa-mótun.

– modulation

mótun með rófbreikkun

– spread spectrum modulation

mótunarhraði kk.

Umhverfan af fræðilegu einkennisbili mótaðs merkis².

– modulation rate

mótþrýstingsskynjari kk.

Ferjald sem bregst við því að snúid er upp á þjarka.

– back-pressure sensor

MP/M

Heiti á stýrikerfi fyrir örtölvur sem margir geta notað í einu.

– MP/M, Multiprogramming Control Program for Microprocessors

MPEG-þjöppun kv.

Stöðluð aðferð til að þjappa og geyma² mynd- og hljóðgögn.

· MPEG er leitt af „Motion Pictures Coding Experts Group“.

· MPEG-þjöppun er skilgreind í staðlinum ISO 11172.

– MPEG

MS-DOS

Heiti á stýrikerfi fyrir einmenningstölvur.

· MS-DOS er stytting á „Microsoft

Disk Operating System“. Í daglegu tali er heitið stundum styttn í DOS.

– MS-DOS

munnleg fyrirmæli

Fyrir fram ákveðið *tal* sem búnaður getur borið kennsl á sem skipun.

· Notandi gefur munnleg fyrirmæli í stökum orðum eða *runum* orða sem tekin eru úr takmörkuðu orðasafni.

– voice command, spoken command

mús kv.

Benditæki sem haldið er í hendi og stjórnað með því að hreyfa það til á einhverjum fleti, öðrum en *myndfletinum*.

· Mús er venjulega útbúin með einum eða fleiri *valhnöppum* til þess að velja atriði eða koma af stað einhverri aðgerð á *skjá*.

– mouse

músarmotta kv.

– mousepad

músarsmellur kk.

– mouse click

MVS

Heiti á *stýrikerfi* fyrir *stórtölvur*.

– MVS

mynd¹ kv.

(í *tölvuteiknum*) Samsafn *myndeininga* sem *birtast¹* sem ein heild á *myndfleti* á einhverjum tilteknum tíma.

– display image, image¹

mynd² kv.

(í *tölvusjón*) Framsetning á sjónrænum þáttum eins eða fleiri *hluta³* eða hugtaka.

· Í tölvusjón eru myndir búnar til eftir styrk geislunar frá hlutum eða stærðarmælingum á þeim.

Dæmi: Ljósmynd, *heilmynd*, teikning, sjóngagnamynd, röntgenmynd.

– image²

mynd- fl. → *myndrænn*

myndalgebra kv.

Mengi *algríma* fyrir *myndvinnslu* þar sem *breytur¹* eru *myndir²* og *aðgerðir¹*

eru annaðhvort *rökaðgerðir¹* eða *reikningsaðgerðir* eða hvort tveggja.

– image algebra

myndan hk.

Orð eða orðhluti sem hefur ákveðna merkingu eða hlutverk og ekki er unnt að deila í smærri slíka orðhluta.

– morpheme

myndaskrá kv.

Skrá með einni eða fleiri *myndum²*.

– image file

myndbirtir kk.

Birtir sem sýnir *gögn* í formi hvers kyns mynda.

– graphic display, graphic display device

myndblöndun kv.

Aðgerð þar sem *dílgildi*, sem er útkoma aðgerðarinnar, er línuleg samantekt tveggja dílgilda.

– image blending

myndbót kv.

Endurbót á *skýrleika*, *birtu²*, nákvæmni eða annarri *eigind²* *myndar²*.

– image enhancement

myndbræðing kv.

Aðferð við *myndlífgun* í *tölvu* sem gefur kost á að tvær eða fleiri myndir séu tengdar saman og tvinnaðar til þess að framkalla sérstök áhrif.

· Þessi aðferð er oft notuð í sjónrænum *miðlum*, t.d. hreyfimyndum og auglýsingum.

– morphing

myndbútun kv.

Það að ákvarða í hvaða *svæðum³* *myndar²* séu áhugaverð *mynstur¹* og hvaða *sundurgreiningareindir* eigi að fylgja tilteknum svæðum og hvaða *sundurgreiningareindir* eigi að útiloka frá tilteknum svæðum.

– image segmentation

mynddiskur kk.

Plastkringla sem á eru skráð hljóð- og myndgögn í *stafrænu* formi.

– videodisk

mynddrættir kk. ft.

Mengi *sérkenna* sem lýsir lögun *myndar*².

· Lögun getur átt við eigindleg sérkenni, þannig að myndin sé t.d. ferningslaga eða kringlótt. Lögun getur einnig átt við meginleg sérkenni, t.d. stærð og ummál flatar.

– geometric configuration

myndeindargildi hk. → *dílgildi*

myndeining kv.

(í *tölvuteiknun*) Grunnmyndstak, notað til þess að setja saman *mynd*¹.

Dæmi: Punktur, strik.

– display element, graphic primitive, output primitive

myndflutningur kk.

Rafrænn flutningur myndar um *net* frá einum stað til annars.

– image transmission

myndflötur kk.

Miðill í *birti* þar sem *myndir*¹ *birtast*¹.

Dæmi: *Skjár* á *myndlampa*, pappír í *teiknara*.

– display surface

myndfrádráttur kk.

Aðgerð þar sem hvert *dílgildi* tiltekinnar *myndar*² er dregið frá samsvarandi *dílgildi* í annarri mynd.

– image subtraction

myndfundahald hk.

Það að halda *myndfundi*.

– videoconferencing

myndfundur kk.

Fjarfundur þar sem fluttar eru kyrrmyndir eða hreyfimyndir af þátttakendum, auk *tals*, *texta* og teikninga.

– videoconference

myndfærsla kv.

Það að stofna *mynd*².

– imaging

myndfærslukerfi hk.

(í *sýndarveruleika*) *Vélbúnaður* og *hugbúnaður*, sérstaklega hannaður til þess

að grípa, *geyma*², vinna úr, flytja og *birta*¹ myndir sem verða til við útreikning eða eru teknar úr raunverulegu umhverfi, líkönnum eða *skjölum*².

– imaging system

myndförli kv.

*Mynstur*¹, venjulega óæskilegt, sem verður til þegar tvö lotubundin *merki*² eða *vangar* eru settir saman.

– moiré

myndgagnasafn hk.

– image data bank

myndgervill kk.

Búnaður sem býr til sjónræna framsetningu á *hlutum*³ með *tölvu* án þess að vísa til raunverulegra *mynda*².

– image synthesizer

myndgreining kv.

Það að búa til mengi *sérkennavigra* til þess að lýsa *mynd*².

– image analysis

myndgreining á raunhraða

Kennsl *hluta*³ og greining mælinga með sama hraða og myndgögn eru *stafrerð* á.

– frame-rate image analysis

myndgrípur kk.

Tæki sem tengt er við myndavél og *geymir*¹ í *minni*, eftir tiltekinni *skipun*², sýni af *sjóngögnum* sem breytt hefur verið í *stafræn merki*.

– frame grabber¹

myndgrunnur kk.

(í *tölvuteiknun*) Sá hluti *myndar*¹, t.d. *stoðmynd*, sem breytist ekki þótt eitt-hvað sé gert við myndina.

sh. *grunnur*, *baksvið*, *bakgrunnur*

– background image, static image, background

myndgæðarýrnun kv.

Skaðleg breyting á *skýrleika*, *biru*², nákvæmni eða annarri *eigind*² *myndar*².

– image degradation

myndheimt kv.

Tækni sem felst í því að færa *upplýs-*

*ingar*¹ í greiningarkerfi.

· Myndheimt felur venjulega í sér að *flaumrænum gögnum* er breytt í *staf-ræn gögn*.

– image acquisition, acquisition

myndhlutakort hk.

· Mismunandi *tenglar*³ veljast eftir því á hvaða myndhluta er smellt.

– image map

myndhlutur kk.

Myndræn framsetning á hlut.

– graphic object

myndill kk. → *myndritill*

myndkennsl hk. ft.

Það að búnaður skynjar og greinir *mynd*², einstaka *hluti*³ í myndinni, eiginleika þeirra og innbyrðis afstöðu.

· Myndkennsl fela m.a. í sér *vanggreiningu*.

– image recognition

myndkennsl með tauganeti

Myndkennsl með *algrímum* þar sem notuð eru *tauganet*.

– neural recognition

myndlampabirtir kk.

Birtir þar sem *gögn* *birtast*¹ á *myndlampa*.

– cathode-ray tube display

myndlampi kk.

Rafeindalampi þar sem einn eða fleiri rafeindageislar eru látnir búa til *stafi*, myndir og tákni á *skjá* með ljómefni.

sh. *bakskautslampi*

– cathode-ray tube, CRT

myndleif kv.

Sjónræn svörun sem helst eða kemur fram, eftir að áreitinu sem olli henni lýkur.

– afterimage, ?ghost²

myndlitur kk.

– display color

myndlífga so.

(í *tölvuteiknun*) Láta líta svo út sem hreyfing verði með því að sýna röð mynda af hlut.

sh. *lífga*

– animate

myndlífgun kv.

Það að *myndlífga*.

· Það má gera með *kvikmyndavél* eða *tölvu*.

sh. *lífgun*

– animation

myndmát hk.

*Mynd*² eða hluti af mynd sem notaður er til samanburðar við aðrar myndir eða til þess að gera aðrar myndir.

– template⁴

myndrit hk. → *hnitarit*

myndritill kk.

(í *tölvuteiknun*) *Forrit*, notað til þess að búa til og lagfæra *myndir*¹ og *myndeiningar*.

· Myndirnar má síðan *geyma*² og *ná* í aftur ef þörf krefur.

sh. *myndill*

– display editor

myndræn notendaskil → *myndrænt viðmót*

myndræn vefsjá

(í *stiklumiðlun*) *Forrit* fyrir *myndræna* framsetningu á *stiklum*¹ og *tenglum*³ til þess að auðvelda *stíkl*.

– graphical browser

myndrænn lo.

sh. *mynd-*

– graphic, graphical

myndrænt viðmót

Viðmót þar sem notaðar eru myndir og myndlíkingar.

sh. *myndræn notendaskil*

– graphical user interface, GUI

myndsetning kv.

Það að breyta lögun, lit, *áferð*, lýsingu og öðrum eiginleikum *vangs* í *mynd*¹.

– rendering

myndsímataækni kv.

– video telephony

myndsími kk.

– video telephone, videophone

myndskeið hk.

– video clip

myndskilningur kk.

Það að skilja gildi *vangs*.

· *Frálag myndtúlkunar* getur verið *ílag* fyrir myndskilning.

– image understanding

myndskot hk.

Það að setja *mynd*², tekna á myndavél, í *biðminni*.

– snap

myndslétta kv.

Sú slétta í ljósfræðilegu kerfi þar sem æskileg *mynd*² er.

– image plane

myndstafur kk.

*Ritstafur*¹ sem stendur fyrir hlut eða *hugtak* og samsvarandi *hljóð* í náttúrulegu *tungumáli*.

Dæmi: Kínverskur eða japanskur myndstafur.

– ideogram, ideographic character

myndstak hk.

– graphic element

myndstreymi hk.

– video streaming

myndstöfun kv.

Aðferð við *innslátt myndstafa* þar sem sameinuð er *fjölnappastöfun*, byggð á hljóðritunartáknum, og umskráning í myndstafi með hjálp orðasafns og málskipanarreglna.

Dæmi: (1) Kana-kanji-innsláttarumskráning fyrir japönsk *tákn*. (2) Pinyin-hanji-innsláttarumskráning fyrir kínversk *tákn*.

– ideogram entry

myndsúð hk.

Óæskilegir gallar í *mynd*² sem stafa af því að *birta*² er breytileg eftir stað í myndinni.

– spatial noise

myndtákn hk. → *teikn***myndtíðni** kv.

Fjöldi skipta á sekúndu sem *sjóngagna-*

síða er *skönnuð*².

· Staðallinn RS-170 tiltekur 30 sjón-gagnasíður á sekúndu.

sh. *rammatíðni*²

– frame frequency

myndtúlkun kv.

Það að *máta saman vang* og þekkt líkön til þess að smíða lýsingu á vanginum.

· *Frálag myndgreiningar* getur verið *ílag* fyrir túlkun myndar.

– image interpretation

myndtvinnun kv.

Aðferð sem felst í því að útkomur skönnunar á svæðum í sjóngagnamynd, sem eru tölusett með jöfnum tölum og oddatölum, eru samtvinnaðar til þess að búa til eina *mynd*².

sh. *rammatvinnun*

– frame interlace

myndvinnsla kv.

Það að beita einhverri aðgerð á myndgögn í tilteknum tilgangi.

· Dæmi um aðgerðir á myndgögnum eru *vanggreining*, *myndþjöppun*, *endurreisn myndar*, *myndbót*, *forvinnsla myndar*, *litstökun* og smíði tví- eða þrívíðra líkana af *hlutum*³.

– image processing, picture processing

myndvinnslubúnaður kk.

Búnaður sem vinnur úr myndum.

– image processor

myndþáttur kk.

Klasi *díla* eða dílar sem eru nálægt hver öðrum og notaðir í formfræðilegum aðgerðum.

· Klasinn er venjulega lítill (3×3 dílar) en getur verið stór eða jafnvel ósamfelldur.

– structural element

myndþjöppun kv.

Aðgerð sem minnkar það rými í *minni* sem þarf til þess að *geyma*¹ *mynd*² eða styttir tímenn sem þarf til þess að flytja mynd.

· Til þess að endurheimta myndina þarf

kerfi til afþjöppunar.

– image compression

mynstrað ljós

Ljósmyndur sem er varpað undir þekktu horni á *vang* til þess að athuga hliðarstöðu myndstureininga og athuga dýpt myndarinnar².

– structured light

mynstrasafn hk.

Mengi þjálfunarmynstra sem eru lögð fram í *tauganeti*.

– epoch

mynstrun kv.

Aðgerð þar sem *svæðum*³ í mynd² eru gefin föst litgildi.

– masking

mynstur¹ hk.

Mengi þátta og *vensla*¹ þeirra, notað til þess að bera kennsl á *einindi*¹ í tilteknu samhengi.

· Þessir þættir geta m.a. verið rúmfræðileg löggun, *hljóð*, mynd, *merki*² eða *texti*.

– pattern¹

mynstur² hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Sniðmát*² fyrir eiginleika og *hegðun klasa*⁴ og *vensl*² *hluta*² í honum.

– pattern²

mynsturfar hk.

(í *tölvusjón*) Myndur *sérkenna*, leitt af einingum tiltekins flokks sérkenna.

· Sérkennamyndur flokks er kallað myndurfar því aðeins að það sé mjög dæmigert fyrir *sérkennavigrar* hans.

– signature¹, prototype pattern

mynsturkennsl hk. ft.

Það að búnaður ber kennsl á form, útlínur og samsett myndur¹.

– pattern recognition

mynsturlýsingarmál hk.

Mál til þess að lýsa formgerð myndurs¹ í mynd² með frumeiningum myndar eða samantekt af frumeiningunum.

– pattern description language

mynsturmátun kv.

Það að bera kennsl á myndur¹ með því að bera það saman við myndur í fyrirfram ákveðnu mengi myndra og velja úr það myndur sem er líkast samkvæmt tilteknum kennimerkjum.

– pattern matching

myntkort hk. → silfurkort

mælandabinding kv.

Það að hve miklu leyti þarf að þjálfra *talþekkjara* í að bera kennsl á *talmynstur* einstakra notenda.

– speaker dependence

mælandafrjálts kennsl

Það að bera kennsl á talsýni frá ótilteknum mælanda án undangenginnar þjálfunar í að bera kennsl á *talmynstur* hans.

– speaker-independent recognition

mælandafrjálst kerfi

Talþekkjari sem óskráðir notendur geta notað og getur starfað á traustan hátt með notendum sem hafa aldrei eða sjaldan notað hann.

– speaker-independent system, SI system, unrestricted recognition system

mælandafylgið kerfi

Mælandafrjálst kerfi sem getur breytt og endurnýjað *talmát* sitt í því skyni að greina mun á talsýnum og bæta *frammi-stöðu* sína.

· Geta til að bæta árangur í *námi* er ein tegund frammi-stöðu.

– speaker-adaptive system, user-tuned system

mælandaháð kennsl

Það að bera kennsl á talsýni frá skráðum notanda eða hópi notenda og byggja á undangenginni þjálfun í að bera kennsl á *talmynstur* þeirra.

– speaker-dependent recognition

mælandaháð kerfi

Talþekkjari, takmarkaður við skráðan notanda eða hóp notenda og þjálfaður í að bera kennsl á *talmynstur* þeirra.

Dæmi: Kerfi eins mælanda, kerfi margra mælanda.

- speaker-dependent system, SD system, speaker-trained system

mælandakennsl hk. ft.

Það að fá upplýsingar um tiltekinn mælanda með því að kanna raddeinkenni hans.

- speaker recognition

mæld fluttra upplýsinga

Munur á *upplýsingamældinni* $I(x)$, sem er flutt þegar atburður x gerist, og *skilyrtu upplýsingamældinni* $I(x|y)$, sem er flutt þegar sami atburður gerist, að því gefnu að annar atburður y gerist. Á táknmáli stærðfræðinnar er þetta:

$$T(x, y) = I(x) - I(x|y).$$

- Atburðirnir tveir, x og y , eru oftast sending *skeytis*¹ frá *skeytagiafa rásar*² og viðtaka *skeytis* hjá *skeytaþega rásarinnar*.
- Mæld fluttra upplýsinga er einnig unnt að tákna sem:

$$T(x, y) = I(x) + I(y) - I(x|y)$$

þar sem $I(y)$ er upplýsingamæld atburðar y . Af þessu leiðir að mæld fluttra upplýsinga er samhverf gagnvart x og y :

$$T(x, y) = T(y, x).$$

sh. *flutt fróðmæld*

- transinformation content, transferred information, transmitted information, mutual information

mæld þjónusta

Þjónusta sem er þannig að viðskiptavinur hefur aðgang að ótakmörkuðum *tilföngum* en borgar aðeins fyrir það sem hann notar.

- Fyrirtæki með breytilegar þarfir getur t.d. keypt aðgang að *gagnavinnslukerfi* með því að nýta *veituvinnslu*.

- metered services

mænir kk.

Tæki sem líkist venjulegu sjónvarps-tæki en hefur ekki útbúnað til þess að taka við myndmerki sem sent er um dreifikerfi sjónvarps.

- Mænir er m.a. notaður til þess að sýna *frálag tölvu*.
- monitor², video monitor

mæramörkun kv.

Milliskref milli þess að staðsetja *hlut*³ og draga fram *sérkenni* hans, en í því skrefi eru *mæri* fyrir *sérkenni* hlutarins ákvörðuð.

- boundary extraction

mærarakning kv.

Það að fylgja *útlínunum flekkja* til þess að ákvarða fullkomlega ytri mörk þeirra.

- boundary tracking, tracing²

mæri hk. ft.

Lína sem markar skil á milli tveggja *svæða*³, að jafnaði eftir útlínu.

- Sjá einnig *útlína*.
- boundary

möndl hk.

Það að breyta af ráðnum hug *tölvupóstfangi* sem birtist á *veraldarvef* þannig að veflæg *forrit* sem búa til tölvupóstfangalista fyrir *amapóst* geti ekki notað það.

- Möndlið þarf að framkvæma þannig að sá sem les skjalið geti á auðveldan hátt dregið ályktun um rétt tölvupóstfang. Sem dæmi má taka að tölvupóstfangið `sigrun@holmatun.is` mætti rita sem `sigrun_hja_holmatun.is` eða `s-i-g-r-u-n-h-j-a-h-o-l-m-a-t-u-n-d-o-t-i-s`.

sh. *póstfangamöndl*

- munging

möskvanet hk.

(í *netskipan*¹) *Net* þar sem a.m.k. tveir *hnútar*¹ eru þannig tengdir að fleiri en tvær *leiðir*² eru á milli þeirra.

- mesh network

N

nafn í notendaskrá

(í *tölvupóstkerfi*) *Kennimerki*¹ tiltekings hlutar, sniðið í samræmi við reglur *skráakerfis*².

- Nafn í notendaskrá verður að vera ótvírætt (þ.e. tákna aðeins einn hlut) en það þarf ekki að vera einstætt (þ.e. eina nafnið sem ótvírætt tákna hlutinn).
- directory name

nafnamiðlari kk. → *nafnaþjónn***nafnamiðlari léns** → *nafnaþjónn léns***nafnarými** hk.

Safn heita sem eru notuð til þess að skilgreina *gagnastök*¹ á sama sviði.

- namespace

nafnasýsla kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Yfirvald sem er ábyrgt fyrir úthlutun nafna.

- Úthlutun nafna er að jafnaði stigveldisskipuð. Vald til þess að úthluta nöfnum er takmarkað við tiltekið umráðasvæði.
- naming authority

nafnatafla kv.

Tafla yfir öll nöfn sem koma fyrir í *forriti* ásamt *vistföngum* þeirra.

- Taflan er oftast búin til af *vistþýðanda* eða *smala*.
- symbol table, name table

nafnauki kk.

- filename extension, file extension

nafnaþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem hefur umsjón með táknaerum heitum og samsvarandi *netföngum*¹.

- sh. *nafnamiðlari*
- nameserver, name server

nafnaþjónn léns

Tölva sem geymir allar upplýsingar um nöfn tölva innan tiltekings *léns* og *tilvísanir*¹ í nafnaþjóna undirléna þess.

- Nafnaþjónnar léns skiptast í *aðalnafnaþjónn* og einn eða fleiri *aukanafnaþjóna*.

sh. *nafnamiðlari léns*

- domain nameserver, domain name server

nafnbundin stikatenging

(í *kalli á undirforrit*) Það að gefa upp heiti *formstika* sem samsvara *raunstikum* til þess að koma á *stikatengingu*.

- Í nafnbundinni stikatengingu skiptir röð raunstika ekki máli.
- Sjá einnig *stöðubundin stikatenging*.
- named parameter association, assignment by name

nafngreining kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Það að *tölvupóstfang* bætist við *póstnafn* þegar *skeyti*² er sent.

- name resolution

nafnhylmir¹ kk. → *nafnleyndarpóststöð***nafnhylmir**² kk.

*Þjónnusta*¹, t.d. á *vefgátt*, sem gerir notanda kleift að vitja *vefseturs* án þess að fylgst sé með honum.

- anonymizer, Web anonymizer

nafnleyndarpóststöð kv.

Varastöð sem gefur sendanda *skeytis*² kost á að leyna fyrir endanlegum *viðtakanda* hver hann er.

- *Þjónnusta*¹ stöðvarinnar nær venjulega til nafnleyndar í skeytaskiptum í báðar áttir.

sh. *nafnhylmir*¹

- anonymous remailer, remailer

nafnleyndarpóstur kk.

– anonymous mail

nafnmerki hk.

– logo

nanóflaga kv.

sh. *dvergflaga*

– nanochip

nanópípa kv.

sh. *dvergpípa*

– nanotube, buckytube

nanósmári kk.

sh. *dvergsmári*

– nanotransistor

nanótækni kv.

sh. *dvergtækni*

– nanotechnology

nanótölva kv.

sh. *dvergtölva*

– nanocomputer

nanóvél kv.

sh. *dvergvél*

– nanomachine, nanite

nanóþjarki kk.

sh. *dvergþjarki*

– nanorobot

narðarlegur lo.

(um persónu) Sem hegðar sé líkt og *nörður*.

– nerdish

naumlega tagskiptur

(um *forritunarmál*) Sem hefur *breytur*² og gildi af tilteknu *gagnatagi*. Frjálslegar reglur gilda um hvaða *aðgerðum*¹ má beita á breytur og gildi af mismunandi tagi.

sh. *naumtagskiptur*

– weakly typed

naumtagskiptur lo. → *naumlega tagskiptur***naumtögun** kv.

Eftirgjöf á reglum um *rammtögun*.

· Naumtögun leyfir ekki ífólgin *tagskipti*.

Dæmi: Naumtögun getur leyft að lagðar séu saman *heil tala* og *hlaupa-*

kommutala án þess að tagskiptum sé beitt á annan eða báða *þolendur*.

– weak typing

naumbétta kv.

– low density

naumbéttur lo.

– low-density

ná í → *sækja*¹**nákvæmni**¹ kv.

Mat á því hvort eitthvað er laust við *skekkju*, þannig að hátt mat samsvarar lítilli skekkju.

· Matið er ekki tölulegt.

– accuracy¹

nákvæmni² kv.

Mælikvarði á *skekkju*, helst settur fram sem fall af *hlutfallslegri skekkju* þar sem hátt gildi samsvarar lítilli skekkju.

– accuracy²

nálaprentari kk.

Prentari þar sem punktamynstur er notað til þess að prenta *stafi* og aðrar myndir.

· Í þeim hluta nálaprentara sem prentar punktamynstrið eru nálar sem búa til einn punkt hver. Þegar nálaprentari er eingöngu notaður til teikunar má kalla hann nálateiknara.

sh. *punktaprentari*

– dot matrix printer, dot printer, matrix printer

nálarit hk.

Myndræn framsetning þar sem teiknuð er *mynd*² af yfirborði *hlutar*³ með því að nota lengd og stefnu strika sem standa þvert á yfirborðið.

· Ritinu svipar til nálapúða.

– needle diagram

nám hk.

Það að lífrænt eða *sjálfvirkt* kerfi öðlast *þekkingu* eða færni sem það getur notað til þess að bæta *frammistöðu* sína.

– learning

námsaðferð kv.

Áætlun um notkun tiltekinnar náms-

tækni áður en henni er beitt.

– learning strategy

námsafköst hk. ft.

(í *tauganetum*) *Stiki*¹ sem stjórnar því hversu mikið *taugamótavægi* breytast á meðan *nám* fer fram.

– learning rate

námsalgrím hk.

Algrím sem stillir *taugamótavægi* *tauganets* á meðan *nám* fer fram.

– learning algorithm

námsgagnamál hk.

Verkefnatengt mál, hannað til þess að þróa námsgögn fyrir *tölvustudda kennslu*.

– authoring language¹

námskeiðsbúnaður kk.

– courseware

námsumsjónarkerfi hk.

– learning management system

námundaleit kv.

Tækni við að finna *strengi* sem falla nokkurn veginn að *mynstri*¹.

· Nákvæmni mátunarinnar er mæld sem fjöldi þeirra aðgerða sem gera þarf á strengnum til þess að fá nákvæma mátun. Þessi fjöldi kallast *stafskiptafjöldi*. Algengustu aðgerðir eru að bæta við staf (*fam* → *fram*), þurrka út staf (*faram* → *fram*) og skipta um staf (*firir* → *fyrir*).

– approximate string matching, fuzzy string searching, fuzzy searching

nátengt óðal → *nátengt tilfangaóðal*

nátengt tilfangaóðal

Tilfangaóðal, tengt öðru tilfangaóðali með tækjabúnaði í *grannhnútum*.

sh. *nátengt óðal*, *grannóðal*

– adjacent domain

náttúrleg tala

Ein talnanna núll, einn, tveir, ...

· Sumir skilgreina náttúrlegar tölur þannig að þær hefjist á einum frekar en núlli.

– natural number, nonnegative integer

náttúrlegt tungumál

Mál þar sem reglur ráðast af notkunarvenjum en eru ekki skilgreindar fyrir fram.

Dæmi: Íslenska, enska.

– natural language

neðanmálsgrein kv.

Texti, settur neðst á *síðu*² eða við lok *skjals*¹ eða kafla til þess að veita nánari vitneskju um efni þess, oft prentaður með smærra lettri en aðaltexti skjalsins.

– footnote

neðanspássía kv.

Rönd sem er neðst á *síðu*² milli blaðbrúnar og *texta*.

sh. *neðri spássía*

– bottom margin, foot margin

neðansækinn lo.

(um aðferðir í *kerfisþróun*) Sem tekur fyrst á smæstu einingum verkefnis og sameinar þær síðan í æ stærri einingar.

– bottom-up

neðri spássía → *neðanspássía*

neðsta sæti

*Sæti*¹ lengst til hægri í *stafastreng*.

– low-order position

nefni hk.

(í *forritunarmálum*) *Lesstak* sem er heiti á *máleiningu*.

· Nefni hefst venjulega á *bókstaf*. Síðan geta komið bókstafir, *tölustafir* eða aðrir *stafir*.

Dæmi: Heiti á *breytum*², *fylkjum*², *færslum*¹, *merkjum*³ og *stefjum*².

– identifier²

neikvætt dæmi

Gagnæmi um *hugtak* sem á að læra, sem getur takmarkað gildissvið *hugtaks lýsingarinnar*.

– negative example, negative instance

neita so.

Gera það sem felst í *neitun*.

– negate

neitun kv.

Einstæð *rökaðgerð*³ sem hefur *útkomu*

með Boole-gildi sem er andstætt Boole-gildi *þolandans*.

– negation, NOT operation, ?Boolean complementation, ?inversion

neitunargátt kv.

Gátt sem framkvæmir *rökaðgerðina*³ *neitun*.

sh. *ekki-gátt*

– NOT gate, NOT element

neitunarmerki hk.

– logical negation symbol

nemi kk. → *skynjari*

net hk.

Skipulag *hnúta*¹ sem vinna saman og *leggja* sem tengja þá saman.

· Oft er net sett fram á pappír með því að tilgreina hnútana sem punkta og leggina sem strik á milli punkta.

– network, graph²

net- fl. → *sýndarheims-*

net með frjálsum aðgangi

Staðarnet sem notendur geta tengst þegar þeim hentar en eiga á hættu að lenda í *árekstri*¹ við aðra notendur.

sh. *CSMA-net*, *steytingarnet*

– random access network, carrier sense multiple access network, CSMA network, contention network

net með háttbundnum aðgangi

Staðarnet sem notendur geta aðeins tengst eftir tiltekinni reglu.

– ordered access network

netabré kv.

(í *dreifvinnslu*) Búnaður sem tengir saman *net* með sömu eða líka *högun*.

· Netabré getur tengt saman tvö *staðarnet* þar sem notaðar eru sömu *LLC-samskiptareglur* en ef til vill ólíkar *MAC-samskiptareglur*.

sh. *brú*

– bridge

netaðgangsstaður kk.

– network access point, NAP

netaðgangspjónn kk.

– network access server, NAS¹

netald hk.

(í *dreifvinnslu*) Búnaður sem er í *hnút*¹ í *stjórnuneti* og samhæfir *gagnaffjarskipti* milli annarra hnúta í netinu.

sh. *nöf*

– hub²

netárás kv.

– network attack

netbás kk. → *lýðnetsbás*

netbókabúð kv. → *vefbókabúð*

netbundin smásjártækni

Aðferð við að koma smásjármyndum fyrir og senda þær á *tölvuneti*.

· Með þessu móti getur fjöldi fólks á ýmsum stöðum skoðað myndirnar.

– virtual microscopy

netbúð kv. → *vefverslun*¹

netelti hk.

Rafrænt einelti.

– cyberstalking

neteltir kk.

Gerandi í *netelti*.

– cyberstalker

netfang¹ hk.

Stöðluð *eigind*² sem auðkennir *útstöð* í *tölvuneti*.

– network address²

netfang² hk. → *tölvupóstfang*

netfangaskrá kv.

(um *net*) Notendaskrá þar sem finna má *vistfang* notanda eftir nafni hans.

– white pages

netfangatúlkur kk.

*Þjónusta*¹ sem breytir táknrænum heitum, sem notkunarferli nota, í fullkomin *netföng*¹, notuð í *OSI-umhverfi*.

– directory facility

netflaga kv.

Kísilflaga með *örgjörva* sem býr yfir aðferðum til flutnings *gagna*, bæði *hljóðs* og *mynda*², á fjarskiptaneti án þess að frekari tækja sé þörf í því skyni.

– networking chip, network chip, net chip

netfundur kk.

– netmeeting, e-meeting

netfærni kv.

– e-skills

netgátt kv. → *lýðnetsgátt***netheima-** fl. → *sýndarheims-***netheimafyrirtæki** hk.

– cyberprise

netheimalög hk. ft.

Lög, skrifuð og óskrifuð, sem gilda á *lýðneti*.

sh. *netlög*

– cyberlaw

netheimar kk. ft.

Samsafn allrar aðstöðu sem tiltæk er á *lýðnetinu* til þess að veita *upplýsingar*¹.

– cyberspace

nethorf hk. → *netskipan*¹**nethrifs** hk.

Það athæfi að safna *gögnum* úr *einmenningstölvu* vefnotanda þegar hann vitjar *vefseturs*.

– cyberwoozling

nethögun kv.

Rökleg skipan *tölvunets* og reglur um starfsemi þess.

· Í reglum um starfsemi neta felast reglur um *þjónustu*¹, hlutverk netanna og *samskiptareglur*¹.

– network architecture

netkaffi hk.

Lítill veitingastaður þar sem gestir geta fengið *aðgang*¹ að nettengdum *tölvum*, oftast gegn gjaldi.

– cybercafe, netcafe

netkaup hk. ft. → *vefkaup***netkerfi** hk.

– network system

netkort hk.

sh. *netspjald*

– network interface card

netkúgun kv.

Glæpur sem felst í því að gerð er árás eða hótun um árás á fyrirtæki ásamt kröfu um peninga fyrir það að afstýra

eða stöðva árásina.

· Netkúgun getur tekið á sig ýmsar myndir. Áður var algengasta aðferðin *atлага að þjónustumiðlun* en á seinni árum hafa glæpamenn þróað *gíslbún-að* til þess að *dulrita gögn* fórnarlambins.

– cyberextortion

netlag hk.

*Lag*¹ sem sér *einindum*² í *flutningslaginu* fyrir leiðum til þess að flytja bála af *gögnum* með því að *beina* þeim um eða velja leiðir um *netið* sem er á milli *opnu kerfanna* þar sem einindin eru.

· Netlagið getur notað *millikerfi*.

sh. *miðlunarlág*

– network layer

netleitarfræðingur kk.

Atvinnumaður í að nota *lýðnetið* sem *tól* í *upplýsingafræði*.

· Cybrarian er vinsælt starfsheiti hjá enskumælandi bókavörðum.

– cybrarian

netlíkan hk.

*Gagnalíkan*¹ þar sem *gögnum* er skipað í *netskipan*¹.

Dæmi: NDL-líkanið.

– network model

netlykill kk.

Tæki sem gerir sjónvarpstæki kleift að verða *viðmót* að *lýðnetinu* og taka við og *afkóta stafrænar* sjónvarpssendingar.

sh. *uppátæki*

– set-top-box

netlykkja kv.

Tvær *rásir*² milli *gagnastöðvar* og *lykkjutengildis*, önnur fyrir sendingu frá gagnastöðinni og hin fyrir viðtöku.

· Rásin liggur í lykkju út frá *netinu*.

sh. *lykkja*²

– lobe

netlæg markaðssetning

Það að markaðssetja vörur og þjónustu á *lýðnetinu*.

– online marketing, Internet marketing, i-marketing, web-marketing, e-marketing

netlög hk. ft. → *netheimalög*

netmatstaður kk.

– cyberburger joint

netmát hk. → *IP-númeramát*

netmiðlari kk. → *netþjónn*

netnúmer hk.

Númer sem auðkennir *tölvunet* í safni samtengdra *neta*.

· Í *IP-samskiptareglunum* er þetta númer hluti af *IP-númeri* hverrar *tölvu* í netinu.

– network address¹, network number

netnúmerstúlkun kv.

– network address translation, NAT

netreglur kv. ft.

– network policy

netrit hk.

Örvótt *net*, notað í *verkefniseftirliti* til þess að tímasetja atburði og aðgerðir og lýsa þeim og innbyrðis tengslum þeirra.

– network chart

netritatækni kv.

Tækni þar sem notuð eru *netrit* til þess að skipuleggja og tímasetja *verkefni* og stjórna því.

– network planning

netrænt sýndarumhverfi

Það að nota nettækni til þess að láta *ffartengdar* einingar heyrja undir sama *sýndarheim*.

– network immersion environment

netsamfélag hk.

Samfélag fólks í *netheimum*.

– online community, virtual community, electronic community, e-community, cybercommunity

netsamskipan kv.

– network configuration

Netscape Navigator

Heiti á *vefsjá* fyrir *lýðnetið*.

– Netscape Navigator

netsiðir kk. ft.

Siðir og siðareglur sem notandi verður að virða á *málþingi*.

– network etiquette, netiquette

netsíma so.

– telnet

netsími kk.

Sími sem notar *IP-símtækni* þannig að símtöl fara um *IP-net* á við *lýðnetið* í stað þess að notað sé *almenna talsíma-kerfið*.

· Netsímar geta verið *hugbúnaðarsím- ar* eða sérhæfð símtæki sem líkjast venjulegum símtækjum.

– VoIP phone

netsjónvarp hk.

Kerfi til þess að senda sjónvarpsefni með *IP-samskiptareglum* um *pakkanet* eins og *lýðnetið*.

sh. *IP-sjónvarp*

– Internet Protocol television, IPTV

netskipan¹ kv.

Niðurröðun *leggja* og *hnúta*¹ í *neti*.

· Netskipanir geta verið *raunlæggar* eða *rökleggar*. *Rökhring* má til dæmis *not- hæfa* á raunlægna hátt sem *stjórnu- net*.

sh. *nethorf*

– network topology

netskipan² kv.

Gagnaskipan þar sem *einindum*¹ eða *eigindum*¹ er komið fyrir sem hnútum og hver hnútur má hafa marga *móður- hnúta*.

– network structure

netskiptir kk.

– network switch

netskönnun kv.

– network scanning

netspjald hk. → *netkort*

netstjóri kk.

Tæki í *staðarneti* á *breiðbandi* sem tekur við *merkjum*² frá hverri *gagnastöð* og sendir þau aftur til allra *gagnastöðva*.

· Til þess að senda merkin aftur þarf

- e.t.v. að hliðra tíðni *burðarbylgjunnar*.
– headend
- netstjórnstöð** kv.
– network operations center
- netstofa** kv.
Stofnun eða fyrirtæki sem fæst við að safna saman *upplýsingum*¹ um *lýðnetið* og dreifa þeim til notenda.
· Í hverju landi geta verið margar netstofur. Sérstök netstofa hefur það hlutverk að úthluta *netnúmerum* til þeirra neta sem eru tengd við lýðnetið. Á Íslandi hefur Internet á Íslandi (Isnic) þetta hlutverk.
sh. *netupplýsingastofa*
– network information center, NIC
- netstýrikerfi** hk.
Stýrikerfi sem lætur hóp af sjálfstæðum *tölvum* starfa eins og eitt *tölvakerfi*.
– network operating system, NOS
- netöluvaki** kk.
Fyrirtæki sem selur kaupmönnum *hugbúnað* og *þjónustu*¹ til að setja upp *vefverslun*¹ annaðhvort á eigin *vefsetri* eða vefsetri fyrirtækisins.
– Internet commerce provider
- nettal** hk.
– Voice over Internet Protocol, Voice over IP, VoIP
- nettengd einmenningstölva**
Einmenningstölva sem er tengd *tölvuneti*.
· Óljós stígsmunur er á nettengdri einmenningstölvu, *nettölvu*² og *netverkli*.
– net PC, network PC
- nettengd geymsla**
– network-attached storage, NAS²
- nettengildi** hk.
– network interface unit, NIU, network interface device
- nettölva**¹ kv.
Lítill, létt og ódýr; *kjöltutölva*.
– netbook
- nettölva**² kv.
Einföld og ódýr *tölva*, eingöngu hönnuð til notkunar í *tölvuneti*.
· Óljós stígsmunur er á nettölvu², *netverkli* og *nettengdri einmenningstölvu*.
· Orðið „nettölva“ er nú oftast notað um *nettölvu*¹.
– network computer, net computer
- nettölvun** kv.
Tölvuvinnsla sem fer fram um *lýðnetið* og er þannig að *forrit* eru á *vefþjóni* en ekki í *vinnustöð* notandans.
· Vinnustöðin er *léttbiðlari*.
sh. *veftölvuvinnsla*
– appliance computing
- nettölvungur** kk. → *netverkill*
- netumsjónarmaður** kk.
Maður sem ber ábyrgð á rekstri og viðhaldi *nets*.
– network administrator
- netupplýsingastofa** kv. → *netstofa*
- netvangur** kk.
– net platform, network platform
- netverji** kk.
Notandi *lýðnetsins*.
– netizen, Internet surfer, internaut, Net surfer, internetter, cybernaut, cyber surfer, cybercitizen
- netverkill** kk.
Ódýr *einmenningstölva* fyrir lýðnetsaðgang og sérhæfð not.
· Óljós stígsmunur er á netverkli, *nettölvu*² og *nettengdri einmenningstölvu*.
sh. *nettölvungur*
– network appliance, Internet appliance
- netverslun**¹ kv. → *vefverslun*¹
- netverslun**² kv. → *vefkaup*
- netverslun**³ kv. → *rafræn verslun*
- netviðskipti** hk. ft. → *rafræn viðskipti*
- netvinna** kv.
Smíði, hönnun og notkun *nets*, þ.m.t. raunlæg atriði (tenging með leiðslum, *netald*, *netabrá*, *skiptir*¹, *beinir*

o.s.frv.), val og notkun á *samskipta-reglum*¹ og *hugbúnaði* til að nota netið og stjórna því, svo og setning rekstrarstefnu og verklagsreglna er lúta að netinu.

– networking

netvörður kk.

– network monitor

netvörn kv.

Búnaður sem athugar þau gögn sem fara á milli *einkanets* og *almenningsnets* og kemur í veg fyrir óheimilaðan *aðgang*¹ að einkanetinu.

sh. *?eldveggur*

– firewall

netþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem veitir *þjónustu*¹ fyrir umsjón eða stjórnun *nets*.

sh. *netmiðlari*

– network server

netþjónustuveita kv.

– network service provider

netþræðing kv.

Aðferð við *smokur* þar sem mismunandi *samskiptanet* eru notuð til þess að fá *aðgang*¹ að *gagnavinnslukerfi* til að komast hjá því að vart verði við smokrið og það rakið.

– network weaving

netöryggi hk.

– network security

neyðarstöð kv.

Aukabúnaður, að minnsta kosti með nauðsynlegum tækjabúnaði til þess að setja upp og starfrækja *gagnavinnslukerfi* ef slys verður.

– cold site, shell site

néogun kv.

Tvístæð rökaðgerð sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 0 þá og því aðeins að báðir *þolendur* hafi Boole-gildið 1.

sh. *ekki-hvort-tveggja-aðgerð*

– non-conjunction, NAND operation, NOT-BOTH operation, ?NOT-AND operation

NFS-skráakerfi hk.

– network file system, NFS

?niðritími kk. → *ganghlé*

niðurfelling núlla

Það að fjarlægja ómarktæk núll úr *tölu-tákni*.

sh. *núllfelling*

– zero suppression

niðurflutningur kk. → *niðurhleðsla*

?niðurhal hk. → *niðurhleðsla*

niðurhlaðanlegt letur

Leturgerð, *geymd*² í tölvuminni og flutt til *prentara* þegar á þarf að halda.

sh. *niðurhleðsluletur*

– downloadable font

niðurhlaðanlegur lo.

sh. *niðurhleðslu-*

– downloadable

niðurhlaðin skrá

– downloaded file

niðurhleðsla kv.

Það að *hlaða niður*.

sh. *niðurflutningur*, *?niðurhal*

– download², downloading

niðurhleðslu- fl. → *niðurhlaðanlegur*

niðurhleðsluletur hk. → *niðurhlaðanlegt letur*

niðurstaða kv. → *útkoma*

niðurstöðuhluti kk.

Samsafn *staðreynda* eða setninga í þeim hluta *skilyrðisreglu* (þá-hluta) þar sem sett er fram takmark eða aðgerð.

– right-hand side, conclusion part, action part

niðurtaka kv.

Það að *taka niður*.

– uninstallation

niðurtökuforrit hk.

*Hjálparforrit*¹ til að fjarlægja *verkbúnað* af tölvudiskum.

– uninstall program, uninstaller

niðurör kv.

Stefnuhnappur, merktur ör sem vísar niður. Þegar stutt er á hnappinn flyst *bendillinn*¹ niður um eina *línu*¹.

– down arrow key

níundafylling kv. → *níundafyllitala*

níundafyllitala kv.

Minnkuð grunnfyllitala í tugakerfinu.

sh. *níundafylling*

– nines complement

njósnaughbúnaður kk.

Hugbúnaður sem laumað er inn til að fylgjast með athæfi tölvunotanda.

– spyware

NMOS

Tækni við hönnun og framleiðslu *samrása*.

· NMOS-*smárar* eru notaðir í *ör-gjörvum* og minniskubbum. NMOS-*smárar* eru hraðvirkari en *PMOS-smárar*.

– NMOS, n-channel MOS

notandaaðgangur kk.

Persónubundin heimild til að nota *gögn* og *tilföng* í tilteknu *tölvukerfi*.

· Notandaaðgangi fylgir oftast *notandakenni* og *aðgangsorð* til *inn-skráningar* í kerfið.

sh. *aðgangur*³

– user account

notandagögn hk. ft.

(í *OSI*) *Gögn*, *flutt* milli *eininda*² í tilteknu *lagi*¹ fyrir einindi næsta lags fyrir ofan, sem fyrrnefndu einindin veita *þjónustu*¹.

– user data

notandahnit hk.

(í *tölvuteiknun*) Hnit sem notandi tiltekur og gefið er í tækisfrjálsu hnitakerfi.

– user coordinate

notandakenni hk.

Stafastrengur eða *mynstur*¹ sem *gagnavinnslukerfi* notar til þess að bera kennsl á *notanda*¹.

sh. *kenni notanda*

– user ID, user identification

notandasýn kv.

Sú hlið *umfjöllunarheims* sem tiltekinn *notandi*² eða notendur hafa áhuga

á ásamt viðeigandi *upplýsingum*¹, sett fram með samsvarandi safni *gagna*.

sh. *sýn*

– user view, view²

notandi¹ kk. → *lokanotandi*

notandi² kk.

Sérhver sá sem getur gefið *gagnavinnslukerfi* skipanir, sent því *skeyti*² eða tekið við skeytum frá því.

– user¹

notandi³ kk.

(í *tölvupóstkerfi*) Maður eða *búnaðar-eining* sem tekur þátt í *skeytasýslu*, en veitir hana ekki, og er hugsanlegur *skeytagjafi* eða *skeytaþegi*.

– user²

notandi skráakerfis

(í *tölvupóstkerfi*) *Einindi*² eða einstaklingur sem hefur *aðgang*¹ að *skráakerfi*².

– directory user

notbundin samrás

Samrás, ætluð fyrir tiltekna notkun.

– application-specific integrated circuit

notbundinn lo.

Ætlaður fyrir tiltekna notkun.

– application-specific

notendahandbók kv.

*Skjal*¹ þar sem því er lýst hvernig nota á búnað.

· Í notendahandbók getur verið lýsing á réttindum og skyldum notanda, eiganda og seljanda búnaðarins.

– user manual, user's guide

notendalag hk. → *notkunarlág*

notendamál hk.

Mál sem auðvelt er að nota til þess að bera kennsl á og velja þær *færslur*² úr *gagnasafni* sem sóst er eftir.

– end-user language

notendaskil hk. ft. → *viðmót*

notendaskrá kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Skipulögð skrá yfir *notendur*³ eða *þjónustu*¹ og hefur *tölvupóstfang* á *tölvuneti*.

– directory⁴

notendastrengur kk.

Strengur sem tengir *gagnastöð* við *langlínutengildi*.

– drop cable

notendaþjónusta kv.

Ýmis aðstoð sem notandi *gagnaflutningsnets* getur beðið um og er hluti af flutningsþjónustu netsins.

· Notendaþjónusta getur verið til reiðu í eitt skipti eða um tiltekinn tíma að beiðni notandans.

– user facility

notfrjáls lo.

(um *fall*²) Sem sérhvert *atburðarit*² í *verkforriti* hefur *aðgang*² að.

sh. *opinber*

– public

nothæfa so.

Þróa búnað, kerfi, aðferðir eða ráðstafanir í það horf að þær séu tilbúnar til notkunar.

– implement

nothæfing kv.

Það að *nothæfa*.

– implementation

notkun biðminnis

– buffering

notkunardæmi hk.

– use case

notkunarlag hk.

(í *OSI*) *Lag*¹ sem veitir notkunarferlum aðgang að *OSI-umhverfinu*.

· Í þessu lagi er aðstaða fyrir notkunarferli til þess að skiptast á *gögnum*, og það hefur *samskiptareglur*¹ fyrir *samskipti* notkunarferla.

sh. *notendalag*

– application layer

notkunarlíkan hk.

Líkan þar sem starfrænum *kröfum* kerfis er lýst með *notkunardæmum*.

– use case model

notkunarmynstur notanda

Lýsing á starfsemi *notanda*¹ sem nota

má til þess að greina breytingar á starfseminni.

– user profile²

notkunarprófun kv.

Prófun á því hvort *nothæft* kerfi stenst þær *kröfur* sem til þess eru gerðar.

– validation test, validation²

notkunarskráning kv.

· Jafngildir síðasta A-inu í AAA, sem er *stytting* á „authentication, authorization, and accounting“.

– accounting

notkunartengsl hk. ft.

Samstarfsvensl milli tveggja *eininda*² í *notkunarlagi* sem komið er á í því skyni að skiptast á *upplýsingum*¹ og samhæfa sameiginlega starfsemi.

· Notkunartengsl styðjast við skipti á *gögnum um samskiptastjórnun* með því að nota *þjónustu*¹ í *framsetningarlaginu*.

– application association

notkunartími kk.

Sá hluti *nýtanlegs tíma* sem búnaður er notaður.

– operating time

notleysistími kk.

Sá tími sem notandi getur ekki notað tiltekinn búnað.

· Ástæðan getur verið sú að unnið sé að einhvers konar *viðhaldi* eða búnaðurinn sé óstarfhæfur vegna ytri aðstæðna.

– unavailable time

notra kv. → *stefja*¹**núbendir** kk.

*Bendir*¹ sem fær nýtt gildi, ef því er að skipta, þegar *setning*¹ *gagnameðferðarmáls* er innt til þess að auðkenna stað þeirrar *færslu*² sem fengist er við hverju sinni.

– current pointer

núll hk.

(í *gagnavinnslu*) Talan sem breytir ekki annarri tölu þótt hún sé lögð við hana

eða dregin frá henni.

· Núll getur haft margs konar framsetningu í *tölvum*, svo sem núll með jákvæðu eða neikvæðu formerki (sem getur komið fram þegar tala er dregin frá sjálfri sér) og hlaupakommunúll (þar sem *tölkjarninn* er núll en *veldisvísirinn* í *hlaupakommuritininni* getur breyst).

– zero

núllfelling kv. → *niðurfelling núlla*

núllfylla so.

Fylla ónotuð *geymsluhólf* með *stafnum* sem tákna núll.

– zerofill

núllmiðun kv.

– return-to-zero

núllmiðunarskráning kv.

Viðmiðunarskráning þar sem viðmiðunarmynstrið er seglunarleysi.

– return-to-zero recording, RZ

númer hk.

Heil tala sem sýnir stöðu atriðis í *runu*.

– serial number

númerabirting kv.

(í símanotkun)

– automatic number identification, ANI¹

númerabirtir kk.

(í símanotkun)

– automatic number identifier, ANI²

nykuraðgerð kv.

*Rökaðgerð*³, skilgreind fyrir aðra gefna rökaðgerð þannig að *útkoman* úr fyrri aðgerðinni sé *neitun* útkomunnar úr hinni síðari þegar fyrri aðgerðin verkar á gefna *þolendur* og hin síðari á neitun sömu þolenda.

Dæmi: *Eðun* er nykuraðgerð *ogunar*.

– dual operation

nytsemi kv.

– usability

nytsemisprófun kv.

Prófun til þess að ganga úr skugga um hvort fullbúið kerfi starfar eins og not-

andi ætlast til.

– usability test, fitness-for-use test

nýgerð kv.

Afrit af *bálki*¹ eða *færslu*² að lokinni breytingu.

– after-image

nýglæða so. → *glæða*

nýglæðing kv. → *glæðing*

nýglæðingartíðni kv. → *glæðingartíðni*

nýliði kk.

(í notkun *tölvu* eða *nets*) Óreyndur notandi.

– newbie

nýlínustafur kk.

Sniðstafur sem flytur *bendil*¹ á *skjá* eða *prentstöðu* á *prentara* fremst í næstu *línu*¹.

– new line character, NL

nýmynduð eigind → *samsett eigind*

nýstilla teljara

Setja *teljara* í horf sem samsvarar tilteknu upphafsgildi.

– reset a counter

nýtanlegur tími

Sá tími sem unnt er að nota búnað.

sh. *?uppítími*

– operable time, uptime¹

nærendasmit hk.

· Sjá einnig *rásasmit*.

– near end crosstalk

nærhendisdreifing kv.

Það að *þjónusta*¹ *vefseturs* dreifir efni sínu frá öðrum stöðum.

· Einkum gert til að stytta flutningsleiðir.

– content delivery, content distribution, content distribution delivery, content caching

nærnet hk. → *staðarnet*

nærskyn hk.

Geta *þjarka* til að greina nærveru hluta.

– proximity sensing

nærvarp hk.

Sending *gagna* til nálægustu stöðvar.

– anycast

næsti viðtakandi

Hugsanlegur viðtakandi sem er úthlut- að sérstöku tilviki af *skeyti*² eða *kanna*.

- Sérstök tilvik eru búin til með *sendingu* og geta verið mynduð með *skiptingu* eða með því að stækka *póstlista*.
- immediate recipient

nöf kv. → *netald*

nörður kk.

Maður sem hefur óvenjumikinn áhuga og/eða þekkingu á tölvumálum og lifir og hrærist í *netheimum*.

- Merking þessa heitis þarf ekki að vera takmörkuð við tölvumál. Orðið „nörður“ beygist eins og „mörður“.
- nerd

O

OCR-letur hk. → *ljóslestrarletur*

OCSP-samskiptastaðall kk.

- Online Certificate Security Protocol, OCSP

ODBC

- Heiti á staðli fyrir gagnasafnstengingar.
- Open Database Connectivity, ODBC

oddapörun kv.

Það að fjöldi *bita* sem hafa gildið 1 í einhverri tvíundaframsetningu er ójöfn tala.

- odd parity

ofansássía kv.

Rönd sem er efst á *síðu*² milli blaðbrúnar og *texta*.

- sh. *efri spássía*
- top margin, head margin

ofansækinn lo.

(um aðferðir í *kerfisþróun*) Sem tekur fyrst á verkefni í heild og síðan í æ smærri einingum.

- top-down

offylling kv.

Það að færa inn fyrir slysi eða af ásettu ráði svo mikið af *gögnum* að leiði til *miðlunarsynjunar*.

- flooding

ofstærðarprófun kv.

Markgildisprófun til þess að athuga hvort framsetning á tilteknu *gagna-*

*staki*¹ er lengri en tilskilið er.

- overflow check

ofurgeiri kk.

Sérstaklega stór *geiri*, *skrifaður á diskling*¹.

- Það að skrifa ofurgeira er þáttur í *afritunarvörn*.
- supersector

ofurgrindarnet hk.

(í *netskipan*¹) *Net* sem myndað er með margvíðri stækkun *greiðunets*.

- Ef *n* er vídd ofurgrindarinnar, þannig að fjöldi mismunandi flokka *hnúta*¹ er 2^{n-1} , þá eru innstu hnútarnir tengdir 2^n *leggjum* en ofurhornhnútarnir *n* *leggjum*.
- Ef hnútar eru eingöngu á ofurhornunum þá er ofurgrindarnetið kallað *ofurteningsnet*.
- hypergrid network

ofurkverða kv.

Tegund *örgjörva* sem gerir mögulegt að fleiri en ein *skipun*¹ séu framkvæmdar samtímis á einum *tíftíma*.

- superscalar

ofurleiðari kk.

- superconductor

ofurleiðni kv.

- superconductivity

ofurpaur kk.

Notandi í *Unix-stýrikerfi* sem getur lesið og breytt öllum *skrá*m í kerfinu.

sh. *rót*²

– superuser, root, avatar¹

ofursamrásun kv.

Tækni við að búa til *samrásir* þar sem mjög mörgum (fleiri en 1 000 000) hálf-leiðarabútum er komið fyrir á einni *kísilflögu*.

– super-large-scale integration, SLSI

ofurteningsnet hk.

(í *netskipan*¹) *Ofurgrindarnet* þar sem *hnútar*¹ á hverri brún eru aðeins tveir.

· Í *n*-víðu ofurteningsneti eru 2^{*n*} hnútar.

– hypercube

ofurtölva kv.

Einhver úr flokki hraðvirkustu *tölva* sem fáanlegar eru á tilteknum tíma til þess að leysa viðfangsefni í vísindum og tækni.

– supercomputer

ofurtölvumiðstöð kv.

Setur með *ofurtölvu* sem er samnýtt af mörgum öðrum setrum, venjulega rannsóknarsetrum.

– supercomputer center

ofurþétt samrás

Samrás, búin til með *ofursamrásun*.

– super-large-scale integrated circuit

og-gátt kv.

Gátt sem framkvæmir *rökaðgerðina*³ *ogun*.

– AND gate, AND element

og-neitunargátt kv. → *eibeggjagátt***og-röktákn** hk.

– logical AND symbol

ogun kv.

*Rökaðgerð*³ sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að sér hver *þolandi* hafi Boole-gildið 1.

– conjunction, AND operation, intersection, ?logical product

OLAP-vinnsla kv. → *innankerfisgreiningarvinnsla***OLTP-vinnsla** kv.

– online transaction processing, OLTP

Opera

Heiti á *vefsjá* fyrir *lýðnetið*.

– Opera

opið endakerfi

Opið kerfi sem er *gagnagjafi* eða *gagnaþegi* eða hvort tveggja þegar tiltekin *samskipti* verða.

– end open system

opið kerfi

Kerfi sem er framsetning á þeim þáttum *opins raunkerfis* sem lúta að *samskiptum* þess við önnur opin raunkerfi.

– open system

opið raunkerfi

Raunkerfi sem fylgir *kröfum* staðla um *samtengingu opinna kerfa* í *samskiptum* sínum við önnur raunkerfi.

– real open system

opinber lo. → *notfrjáls***opinn hugbúnaður**

Hugbúnaður sem réttthafi veitir frjálsan *aðgang*¹ að og þar sem *frumforrit* eru aðgengileg.

· Sjá einnig *frjáls hugbúnaður*.

– open source software

opinn námskeiðsbúnaður

– open courseware

opinn vörður

*Vörður*¹ þar sem skilyrðið tekur gildið SANNUR.

– open guard

opna so.

(um *lista*, *möppur* o.s.frv.) *Birta*¹ undirskipuð atriði.

· Sjá einnig *loka*.

sh. *fella sundur*

– expand³

opnaður lo.

(um *lista*, *möppur* o.s.frv.) Sem búið er að *opna*.

sh. *sundurfelldur*

– expanded

opnun kv.

(um *lista*, *möppur* o.s.frv.) Það að *opna*.
sh. *sundurfalling*
– expand⁴

orð hk.

Stafastrengur eða *bitastrengur* sem farið er með sem eina heild í tilteknu verkefni.

· Lengd *tölvuorðs* er skilgreind af *tölvuhöguninni*, en orð í *ritvinnslu* eru afmörkuð af *sérstöfum* eða *stýristöfum*.

– word

orðaflaumskennsl hk. ft.

Það að bera kennsl á orð eða orðasambönd í venjulegu *tali*.

– continuous-speech recognition,
connected-words recognition

orðahlaup hk.

Aðgerð sem setur á sjálfvirkan hátt heilt orð í næstu *línu*¹ þegar orðið ásamt greinarmerki er lengra en svo að það rúmist í línunni.

sh. *orðskrið*

– word wrap

orðakennsl hk. ft.

Það að bera kennsl á orð sem sögð eru ein sér, án þess að taka tillit til annarra orða sem kunna að vera sögð.

– isolated-words recognition, discrete-speech recognition

orðarunukennsl hk. ft.

Það að bera kennsl á talaðar orðarunur sem eru aðgreindar með hléum umfram þau hlé sem verða í venjulegu *tali*.

– contiguous-words recognition

orðasafn¹ hk.

(í *ritvinnslu*) Tölvuskráð safn *orða*.

· Orðasafn er t.d. notað í *stafrýni* til þess að leita að stafsetningarvillum.

– dictionary¹

orðasafn² hk.

(í *gagnasafni*) Safn *lýsiorða* og samsvarandi tilvísana til *skjala*².

– dictionary²

orðatalning kv.

Hæfileiki *ritvinnsluforrits* til þess að telja *orð* í *skjali*¹.

– word count

orðgrip hk.

Hæfni *talþekkjara* til þess að þekkja skipun með því að bera kennsl á stakt orð eða *runu* orða í samfelldu *tali*.

– word spotting

orðlengd kv.

Fjöldi *stafa* eða *bita* í *orði*.

– word length, word size

orðskipt geymsla

*Geymsla*¹ þar sem unnt er að koma *gögnum* fyrir eða heimta þau í einingum sem eru heil *orð* eða orðhlutar.

– word-organized storage

orðskipting kv.

Það að skipta *orði* milli *lína*¹ með því að setja *bandstrik* á eftir þeim hluta orðsins sem er aftast í fyrri línunni.

– hyphenation

orðskiptingarforrit hk.

Forrit sem skiptir *orðum* milli *lína*¹ samkvæmt tilteknum reglum.

· Orðskiptingarforrit eru oftast samþætt öðrum forritum, t.d. *ritvinnsluforritum*.

– hyphenation program

orðskrið hk. → orðahlaup**orðstöðulykill kk.**

Listi, venjulega búinn til í *tölvu*, þar sem tilteknum *lykilorðum*¹ er raðað í stafrófsröð í afmarkaðan dálk en textinn á undan og eftir lykilorðinu fylgir því til beggja handa, venjulega eins og línán leyfir.

· Í hverri línu er einnig tilvísun til þess textastaðar þar sem lykilorðið kemur fyrir.

Dæmi: Orðstöðulykill að titlum bóka í bókasafni.

– KWIC index, key words in context index

orkubreytir kk. → ferjald

ormur kk.

Sjálfstætt *forrit* sem getur dreift sér um *gagnavinnslukerfi* eða *net*.

- Ormar eru oft hannaðir til þess að fullnýta tiltæk *tilföng*, t.d. geymslurými eða vinnslutíma.

sh. *yrmill*

– worm

orsakadómur kk.

Það að skera úr um hvaða ákvarðanir eða virkjar ráða því hvort settu marki verður náð.

– credit/blame assignment

orsakagreining kv.

(í *námsaðferð*) Greining sem felst í því að rekja líklegar ástæður þess að tiltekinn atburður verður, t.d. að settu marki er ekki náð.

– causal analysis

OS/2

Heiti á *stýrikerfi* fyrir *einmenningstölur*.

– OS/2

OSI → *samtenging opinna kerfa***OSI-högun** kv.

Nethögun sem fylgir þeim flokki ISO-staðla sem fjalla um *samtengingu opinna kerfa*.

- Sjá staðalinn ISO 7498.
- open systems interconnection architecture

OSI-líkan hk. → *OSI-viðmiðunarlíkan***OSI-stjórnun** kv.

Ráð sem tiltæk eru til þess að stjórna, samhæfa og fylgjast með þeim *tilföngum* sem hafa *samskipti* í *OSI-umhverfinu*.

– OSI management

OSI-umhverfi hk.

Fræðileg framsetning á samsafni *hugataka*, *staka*, *starfsemi*, *þjónustu*¹ og *samskiptareglna*¹ í samræmi við skilgreiningu þessara atriða með *OSI-viðmiðunarlíkaninu*, ásamt afleiddum stöðlum sem leyfa *samskipti* milli *opinna kerfa* þegar þeim er beitt.

– OSI environment, OSIE

OSI-viðmiðunarlíkan hk.

Líkan sem lýsir almennum reglum um *samtengingu opinna kerfa* og þá *net-högun* sem leiðir af þessum reglum.

- OSI-viðmiðunarlíkanið, sem lýst er í stöðlunum ISO 7498 og CCITT X.200, setur ramma fyrir samhæfingu á þróun staðla sem vísa til þess.

sh. *OSI-líkan*

– open systems interconnection reference model, OSI reference model, OSI model

OTA-staðall kk.

Staðall fyrir sendingu og viðtöku notbundinna *upplýsinga*¹ í *þráðlausu* samskiptakerfi.

- Notaður t.d. við SMS.

– Over the Air, OTA

Ó

óbein sending

Sending þar sem *aðgangsbúnaður* flytur *skeyti*² eða *kanna* til *skeytaflutningsmiðils* um *skeytageymslu*¹.

– indirect submission

óbein skipun

*Skipun*¹ sem hefur *óbeint vistfang*.

– indirect instruction

óbein tilvísun

Það að vísa til *máleiningar* með því að

nota *gagnahlut* sem bendir á máleininguna sem við á.

- Vísar frá einum gagnahlut til annars. Síðasti gagnahluturinn vísar til máleiningarinnar sem við á.
- indirect referencing

óbeinn notandi

*Notandi*³ sem tekur þátt í *skeytasýslu* um annað samskiptakerfi sem er tengt *skeytasýslukerfi*.

- Hitt samskiptakerfið getur verið pósterfi eða fjarritunarnet.
- indirect user

óbeint vistfang

Vistfang sem tilgreinir *geymslustað* annars vistfangs.

- Á þeim *geymslustað* sem tilgreindur er getur verið vistfang umbeðins *þolanda* eða annað óbeint vistfang. Slík *runa* vistfanga leiðir að lokum til þolandans.
- indirect address, multilevel address

óbreytanleg geymsla

*Geymsla*¹ þar sem ekki er unnt að *þurrka út gögn*.

- permanent storage

óbreytilegur lo.

Sem breytist ekki í tilteknu umhverfi.

- invariant

óbreytinn lo.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

sh. *einmóta*

- monomorphic

óbreytni kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það að ólíkir *hlutir*² bregðast við sama *boði* á sama hátt.

- Óbreytni er andstæða við *fjölbreytni*.

sh. *einmótun*

- monomorphism

ódulritaður texti

Gögn, þar sem merking er tiltæk án þess að nota þurfi dulmálsaðferðir.

- plaintext, cleartext

óðal hk. → *gildamengi*

óðalsstjóri kk.

*Þjónn*¹ sem getur stjórnað *aðgangi*¹ að *tilfangaðali*.

- domain controller

óeinangraður magnari

Magnari sem hefur rafsamband milli rafrásar fyrir *merki*² og annarrar rafrásar, þar á meðal jarðar.

- non-isolated amplifier

óendanleg runa

- infinite sequence

óendanleg röð

- infinite series

óendanleiki kk.

- infinity

óforritanleg útstöð

Vinnuúttöð sem getur ekki unnið úr *gögnum* á sjálfstæðan hátt.

- nonprogrammable terminal, dumb terminal

ógilda¹ so. → *afturkalla*¹

ógilda² so. → *afturkalla*²

ógilda tímabundið

(í *tölvuöryggi*) Ógilda *rafrænt skilríki* í tiltekinn tíma vegna þess að það hefur verið vefengt á einhvern hátt, t.d. vegna gruns um *vásetningu* eða þegar skilríkið hefur týnst.

- suspend

ógilding kv. → *afturköllun*

ógildingarskipun kv. → *afturköllunarskipun*

ógildingarstafur kk.

Stýristafur, notaður til þess að sýna að *gögn*, sem hann tengist, séu röng og ekki eigi að taka mark á þeim.

- cancel character, CAN¹, ignore character

ógn kv.

Hugsanlegt brot á *tölvuöryggi*.

- threat

óháð breyta → *frumbreyta*

óháður hugbúnaðarsali

- independent software vendor

óháður talþekkjari

Talþekkjari sem þarf ekki að þjálfa í að þekkja fyrir fram ákveðin boð frá notanda til þess að starfa á traustan hátt.

- text-independent recognizer, text-independent recognition system

óhlutræn málskipan

Það að lýsa *gögnum notkunarlags* eða *gögnum um samskiptastjórnun* notkunarlags með því að nota ritunartæknir, óháðar þeirri kótunartækni sem notuð er til að setja gögnin fram.

- abstract syntax

óhrekjanleiki kk.

- nonrepudiation

óhringað örvanet

- directed acyclic graph, DAG

ójafn hægra megin

(um *texta*) Sem er ekki stilltur við *hægri spássú*.

- ragged right

ójafn vinstra megin

(um *texta*) Sem er ekki stilltur við *vinstri spássú*.

- ragged left

ójafnaður texti

Texti þar sem *línur*¹ byrja eða enda mislangt frá blaðbrún.

- ragged text, unjustified text, unadjusted text

ólagskipt net

Tauganet þar sem *gervitaugungum* er ekki skipað í *lög*².

- nonlayered network

ólögleg aðgerð

*Skipun*¹ til *stýrikerfis* eða *gjörva* um óþekkta *aðgerð*¹ sem er þess vegna óframkvæmanleg.

- illegal operation

ómerkt kort

Greiðslukort þar sem auðkenni notanda koma ekki fram, hvorki á kortinu sjálfu né við notkun þess.

- anonymous card

ómissandi lo.

- mission critical

ónýtanlegur tími

Sá hluti *ganghlés* sem ekki stafar af truflun vegna ytri aðstæðna.

- inoperable time

ónýttur tími

Sá hluti *nýtanlegs tíma* sem búnaður er ekki notaður.

- idle time

óreiða kv.

Meðalgildi *upplýsingamældar* atburða í endanlegu mengi atburða sem útiloka hver annan en eru í sameiningu tæmandi, eða á táknmáli stærðfræðinnar:

$$H(X) = \sum_{i=1}^n p(x_i)I(x_i) = \sum_{i=1}^n p(x_i) \log \frac{1}{p(x_i)}$$

þar sem $X = \{x_1 \dots x_n\}$ er mengi atburðanna $x_i (i = 1 \dots n)$, $I(x_i)$ er upplýsingamæld atburðanna x_i og $p(x_i)$ eru líkindin á að þessir atburðir gerist, þannig að

$$\sum_{i=1}^n p(x_i) = 1$$

Dæmi: Ef $X = \{a, b, c\}$ er mengi þriggja atburða og líkindin á að þeir gerist eru $p(a) = 0,5$, $p(b) = 0,25$ og $p(c) = 0,25$ þá er óreiða þessa mengis:

$$H(X) = p(a)I(a) + p(b)I(b) + p(c)I(c) = 1,5 \text{ Sh.}$$

- entropy, average information content, negentropy

órétanleg skekkja

Skekkja í búnaði sem er þess eðlis að *viðrétting*¹ er ekki möguleg án utanaðkomandi aðstoðar.

- irrecoverable error, unrecoverable error²

órétanleg villa

Villa í forriti sem ekki er unnt að leiðrétta nema með því að grípa til ráða utan forritsins.

– unrecoverable error¹

óráð tala

Rauntala sem er ekki *ræð tala*.

– irrational number

ósamhverf dulritun

(í tölvuöryggi) *Dulritunaraðferð* þar sem mismunandi *dulmálslyklar* eru notaðir, *dreifilyklar* fyrir *dulritun* og samsvarandi *einkalyklar* fyrir *dulráðningu*.

· Ósamhverf dulritun er oftast *tvílykla dulritun*.

– asymmetric cryptography

ósamstillt sending

Gagnasending þar sem upphaf sendingar hvers *stafs* eða stafabálks ræðst af tilviljun. Þegar sending er hafin er sérhvert *merkjastak* sent samstiga tilteknu tímamerki.

– asynchronous transmission

ósamstillt stefja

*Steffa*² sem *inna* má samhliða þeim hluta *forritsins* sem kallaði á hana.

– asynchronous procedure

ósamstillt tauganet

Tauganet þar sem *gervitaugungar* eru endurnýjaðir óreglulega.

– asynchronous neural network

ósamstilltur lo.

(um *ferli*¹) Sem er, ásamt öðru ferli eða ferlum, ekki háður sama atburði, t.d. sameiginlegu *merki*² til tímastillingar.

– asynchronous

ósamstilltur flutningshamur

– asynchronous transfer mode, ATM²

óskil hk. ft.

Flutningsatvik sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* ákvarðar að ekki sé unnt að afhenda *skeyti*² til *næstu viðtakaenda* þess eða að ekki sé unnt að afhenda *skilatilkynningu* til *upphafsmanns* skeytisins eða *kannans*.

· Sé um *skeyti* að ræða býr *skeytaflutningsmiðillinn* til tilkynningu um *óskil*.

– nondelivery

óskilaboð hk. ft.

– bounce message

óskilagreining kv.

Flutningsatvik sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* ákvarðar að *skeytaflutningskerfi* geti ekki afhent *skeyti*², sem lýst er í *kanna*, einum af *næstu viðtakendum* þess.

· Í þessu tilviki getur *skeytaflutningsmiðillinn* búið til tilkynningu um *óskil*.

– non-affirmation

óskilapóstur kk.

– bounce e-mail

óskilastafur kk.

Sendistýristafur, sendur frá viðtökustöð til sendistöðvar til þess að greina frá því að sending hafi ekki tekist.

– negative acknowledge character, NAK

óskilyrt setning

*Setning*¹ sem er *innt* án þess að skilyrði sé tiltekið.

– unconditional statement, imperative statement

óskilyrt stökk

Stökk sem verður ávallt þegar *skipun*¹, sem tilgreinir það, er *innt*.

– unconditional jump, unconditional branch

óskilyrt stökkskipun

Stökkskipun sem tiltekur skyldubundið *stökk*.

– unconditional jump instruction

óskipt stjórnsýsla

– one-stop-government

óskipt verslun

– one-stop-shopping

ósníðin gögn

Gögn sem eru ekki *sníðin gögn*.

Dæmi: Ritað mál.

– unformatted data

ósnortið Linux-kerfi

– native Linux

óstaðbundið fyrirtæki

Fyrirtæki með starfsmenn á mörgum stöðum, sem nota venjulega *tölvupóst*² og *hópvinnukerfi* til að vinna saman en er út á við eins og samstætt fyrirtæki á tilteknum stað.

– virtual organization

óstefjað mál

Forritunarmál sem býr yfir aðferðum til þess að tiltaka hvað *gagnavinnslukerfi* á að gera, en leggur ekki fram tilteknar *setningar*¹ eða *skipanir*¹ sem skulu *inntar* í tiltekinni röð.

– nonprocedural language

óstigveldisleg áætlunargerð

Áætlunargerð þar sem drög að áætlunum úr fyrir fram ákveðnu safni áætlana, ásamt *aðgerðum*¹ til *lausnar viðfangsefna*, eru notuð til þess að semja áætlanir fyrir einstök viðfangsefni.

– nonhierarchical planning

óstöðug staða

Tímabundið ástand *gikkrásar* sem breytist síðan í *stöðuga stöðu*¹ án þess að *púls* verki á rásina.

sh. *óstöðugt ástand*

– unstable state, metastable state, quasistable state

óstöðugt ástand → *óstöðug staða*

ótaggreindur lo.

(um *gagnahlut*) Sem hefur ekki sérstaklega skilgreint *gagnatag*.

Dæmi: Tala sem er skilgreind án gagnatags í *Ada* fær *altækt tag*.

– anonymous

ótagskiptur lo.

(um *forritunarmál*) Sem hefur *breytur*² og gildi sem hafa ekki *gagnatag*.

– untyped

ótengdur lo. → *aftengdur*

óumbeðin niðurhleðsla

Niðurhleðsla sem verður án vitundar og samþykkis notanda.

· Það sem hlaðið er niður gæti verið *njósnaugbúnaður*, *veira* eða hvers

kyns *spilliforrit*. Óumbeðin niðurhleðsla getur orðið þegar notendur heimsækja *vefsetur*, skoða *tölvupóst*³ eða *smella* á blekkjandi *sprettilugga*.

– drive-by download

óunnin biðfærsluskrá

– raw spool file

óunnin gögn

Gögn sem ekkert hefur verið unnið úr.

· Sjá einnig *tilreidd gögn*.

– raw data, atomic data, source data

óverndað umhverfi

Umhverfi þar sem *gögn* og *tilföng* eru í daglegu starfi vernduð gegn aðgerðum sem eru gerðar fyrir slysi eða af illum hug.

– open-security environment

óvirkur lo.

– disabled

óvirkur gluggi

Hver sá *gluggi* í tilteknu mengi *glugga* sem er ekki *birtur*¹.

– pushed window, inactive window

óvissa kv.

Aðstæður sem verða þegar ekki er unnt að ákvarða gildi með *ráðaleitun* eða vafi leikur á *staðreynd* eða reglu í *þekkingarsafni*.

– uncertainty

óvitrent net

Net sem veitir tengingu milli *hnúta*² án þess að nein veruleg vinnsla fari fram á *gögnum* á leiðinni milli hnútanna.

· Sjá einnig *vitrent net*.

Dæmi: *Lýðnetið*.

– dumb network

óværubúnaður kk.

Hugbúnaður sem auglýsingar fylgja og *birtast*¹ á *skjá* óumbeðið.

– adware

óþjöppuð tugaritun

Tvíundakótuð tugaritun þar sem hver *tugatölustafur* er settur fram með einu *bæti*.

– unpacked decimal notation

xxxx0010 xxxx0011.

óþjöppuð tugatala

Framsetning tugatölu þannig að hver *tölustafur* er settur í eitt *bæti*.

Dæmi: Tugatalan 23, sett fram sem

– unpacked decimal

óæskilegur lo.

– deprecated

P

pakkaflutningsaðferð kv.

Sú aðferð við *gagnaflutning* að senda *gögn* í *pökkum*¹ og nota *pakkamiðlun*.

· Með því móti er unnt að samnýta nettilföng milli margra *sambanda*¹.

– packet transfer mode

pakkald hk.

Búnaður sem gerir *útsöðvartækjum*, sem ekki eru útbúin fyrir *pakkaflutningsaðferð*, kleift að fá aðgang að *pakkaneti*.

– packet assembler/disassembler, PAD

pakkamiðlun kv.

(í *gagnaflutningsneti*) Það að velja leið og *flytja gögn* sem *pakka*¹ með *vistföng* svo að hver *sendirás* milli tveggja *hnúta*² er aðeins tekin frá fyrir tiltekinn *pakka* á meðan hann er fluttur. Rásin er laus fyrir aðra *pakka* með önnur *vistföng* þegar sendingunni er lokið.

– packet switching

pakkamiðlunarnet hk. → *pakkanet*

pakkanet hk.

Gagnaflutningsnet þar sem *gögn* eru flutt með *pakkamiðlun*.

sh. *pakkamiðlunarnet*

– packet switching network

pakkaröðun kv.

Það að tryggja að *pakkar*¹ séu afhentir *útsöðvartæki* á viðtökustað í sömu röð og þeir voru sendir frá *útsöðvartæki* á sendistað.

– packet sequencing

pakkaskilgreining kv.

Sérstök *skilgreining* á þeim *máleiningum* sem þurfa að vera tilgreindar fyrir utan *pakka*².

· *Sýnilegur hluti* skilgreiningarinnar veitir *upplýsingar*¹ um *skil*¹ við aðrar einingar og *lokaði hlutinn* veitir upplýsingar til notkunar þegar *pakkinn* er *vistþýddur*.

– package declaration

pakkaskiptur lo.

– packet-switched

pakkaútsöð kv.

Útsöðvartæki sem getur stjórnað *pökkum*¹, *sniðið* þá, *sent* þá og tekið við þeim.

– packet mode terminal

pakki¹ kk.

Runa bita sem hafa tiltekið *snið*² og í eru stýrigögn og hugsanlega notandagögn.

· *Pakkinn* er *sendur* um *gagnaflutningsnet* sem ein heild.

– packet

pakki² kk.

(í *forritunarmálum*) *Forritseining*, hönnuð fyrir *útdrátt*, *hjúpun*¹ eða *upplýsingahuld* með því að raðað er saman *máleiningum* sem eiga saman, t.d. *gagnatögum*, *gagnahlutum* sem hafa þau *gagnatög* og *undirforritum*¹ með *stika*² sem hafa sömu *gagnatög*.

– package

PAP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ um *sannvottun aðgangsorða*.

– password authentication protocol, PAP

pappírshæfsla kv.

Pappírsskrun, notað til þess að færa pappír í prentara í tiltekna prentstöðu.

– form feed¹

pappírslaus samskipti → *EDI-samskipti***pappírslaus viðskipti**

Viðskipti þar sem notuð eru *EDI-samskipti*.

pappírsskilja kv.

Tæki, notað til þess að fjarlægja kalkipappír og skilja sundur einstök blöð *margritapappírs*.

– decollator

pappírsskrun hk.

Hreyfing pappírs í gegnum prentara á meiri hraða en venjulegur er þegar flutt er um eina línu¹ í einu.

– paper skip, paper throw, paper slew

partaforritun kv.

Aðferð við að búa til nýja vöruparta í kerfi *tölvustuddrar hönnunar og framleiðslu* með því að gera smábreytingar á hönnun eldri parta eða með því að sameina parta eða smíðiseiningar sem hafa verið hannaðar áður.

– family-of-parts programming

Pascal

Heiti á forritunarmáli sem er byggt á *Algol*.

· Í Pascal má beita *mótaðri forritun*¹. Það er nefnt eftir Blaise Pascal sem bjó til *stafræna reiknivél* árið 1642, en höfundur þess er Niklaus Wirth.

– Pascal

páfagauksnám hk.

Utanbókarnám sem felst í því að fá þekkingu frá þekkingargjafa án þess að velja úr eða breyta þeim atriðum sem máli skipta í *upplýsingum*¹ sem veittar eru.

– learning by being told, learning from instruction

Pb → *petabiti*

PB → *petabæti*

PC-kort hk.

sh. *PC-spjald*

– PC card

PC-spjald hk. → *PC-kort*

PCI-raufar kv. ft.

– Peripheral Component Interconnect, PCI²

PCI-tengildi hk.

· PCI er *skammstöfun* fyrir „Peripheral Component Interconnect“.

– PCI adaptor

PCMCIA-tengildi hk.

· PCMCIA er *skammstöfun* fyrir „Personal Computer Memory Card International Association“.

– PCMCIA adaptor

PDF-skjalsnið hk.

Tiltekið *flytjanlegt* skjalsnið.

– PDF, Portable Document Format

peningakort hk. → *silfurkort*

pennatölva kv. → *spjaldtölva*

perform-setning kv. → *inningarsetning*

perform-until-setning kv. → *uns-setning*

perform-while-setning kv. → *meðan-setning*

Perl

Heiti á forritunarmáli sem er *túlkað*.

· Höfundur Perl er Larry Wall og því er dreift um *netið Usenet*.

· Perl líkist við fyrstu sýn *awk* en hefur mun fleiri valkosti. Perl er *stytting* á „Practical extraction and report language“.

– Perl

persónubundin kynning

Keðjukynning þar sem reynt er að láta líta svo út að í hvert sinn sem neytandi rekst á auglýsingu sé verið að flytja honum persónuleg skilaboð frekar en auglýsingu sem auglýsingastofa hefur hannað.

– buzz marketing

persónuleg skeytaskipti

Hvers konar *skeytasýsla*, sérsniðin fyrir bréfaskipti milli manna.

· Bréfin geta verið viðskiptabréf og einkabréf.

– interpersonal messaging, IP²

persónuleg tilkynning

(í *tölvupóstkerfi*) Upplýsingar, fluttar *upphafsmanni persónulegs skeytis*, þar sem greint er frá því hvort *áformaður viðtakandi* hefur tekið við *skeyti*².

– interpersonal notification, IPN

persónulegt kenninúmer

Tala eða *stafastringur* sem notanda *gagnavinnslukerfis* er úthlutað til auðkenningar.

· Notandi verður að slá persónulegt kenninúmer inn í hvert skipti sem hann vill nota gagnavinnslukerfi eða *afgreiðslustöð*.

sh. *persónunúmer*, *PIN-númer*

– PIN, personal identification number

persónulegt skeyti

*Skeyti*² í *persónulegum skeytaskiptum*.

– interpersonal message, IPM

persónunafn hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Stöðluð *eigind*² *tölvupóstfangs* sem auðkennir persónu einrætt miðað við fyrirbæri sem er auðkennt með annarri eigind, t.d. *heiti stofnunar eða fyrirtækis*.

· Þættir persónunafns eru t.d. eftirnafn, fornafn, upphafsstafir og sérgreining á ætlið.

– personal name

persónunúmer hk. → *persónulegt kenninúmer*

petabíti kk.

Mælieining, notuð við flutning *gagna*, 2⁵⁰ *bitar*.

sh. *Pb*

– petabit, Pb

petabæti hk.

Mælieining fyrir *geymslurým*d, 2⁵⁰

bæti.

sh. *PB*

– petabyte, PB

petaflops → *Pflops*

Pflops

Ensk *skammstöfun* á mælieiningu fyrir vinnslugetu, jöfn 10¹⁵ *flops*.

sh. *petaflops*

– Pflops, petaflops

PGP

Heiti vinsæls *forrits* til að *dulrita* og *dulræða tölvupóst*³ á *lýðnetinu*.

– Pretty Good Privacy, PGP

PHIGS

Heiti á stöðluðu mengi aðgerða fyrir *tölvuteiknun* til þess að skilgreina, breyta, *geyma*² og *birta*¹ stigveldisskipuð teikningögn.

· ISO 9592 er alþjóðlegi staðallinn fyrir PHIGS.

– Programmer's Hierarchical Interactive Graphics System, PHIGS

Phong-skygging kv.

Mjúkskygging á marghyrningi, fólgin í því að reikna út ljósstyrk með því að milligilda *vigrar* sem standa þvert á flöt marghyrningsins.

– Phong shading

PICT-snið hk.

*Myndrænt snið*¹ fyrir *skrár*, notað til þess að *geyma*² og skiptast á *skönnuðum myndum*².

· PICT-sniðið hentar til notkunar á ýmsum *verkvöngum einmennings-tölva*.

– PICT

PIN-númer hk. → *persónulegt kenninúmer*

ping-forrit hk.

Heiti á lýðnetsforriti, ætluðu til að ganga úr skugga um að tiltekið *IP-númer* sé virkt.

· Ping er dregið af „packet Internet groper“.

sh. *bankforrit*

– ping¹

ping-skipun kv.

Heiti á lýðnetsskipun, ætlaðri til að ganga úr skugga um að tiltekið *IP-númer* sé virkt.

- Ping er dregið af „packet Internet groper“.

sh. *bankskipun*

– ping²

pípa¹ kv.

(í *stýrikerfi*) *Biðminni* þar sem *frálag* frá einu *ferli*² er skráð en heldur síðan áfram sem *ílag* í annað ferli.

- *Kjarni*¹ stýrikerfisins sér um að stöðva og ræsa ferlin á víxl eftir því hve fullt biðminnið er.

– pipe¹

pípa² kv. → *píputákn*

pípa³ so.

Setja í *pípu*¹.

Dæmi: *Forritarinn* pípar *frálagsgögnum* frá einu *forriti* í annað.

– pipeline, pipe³

pípaður lo.

- T.d. um *gjörva*.

– pipelined

pípugjörvi kk.

Gjörvi þar sem unnið er úr tveimur eða fleiri *skipunum*¹ samtímis á þann hátt að í einum hluta gjörvans er unnið úr tilteknum hluta einnar skipunar (t.d. *vistfangshluta*) á meðan unnið er úr öðrum hluta (t.d. *aðgerðarhluta*) annarrar skipunar í öðrum hluta gjörvans.

– pipeline processor

pípun kv.

Það að *pípa*³.

– pipelining²

píputákn hk.

Heiti á *tákninu* | fyrir *pípu*¹.

- Sjá einnig *lóðstrik*.

sh. *pípa*²

– pipe²

píputækni kv.

Tækni við að flýta fyrir vinnslu í *tölvu*,

fólgin í því að nota *pípugjörva*.

- Í sumum *stýrikerfum* er píputækni beitt við *inningu forrita*. *Frálag* eins forrits er notað beint sem *ílag* annars.

– pipelining¹

PL/I → *PL/I*

PL/I

Heiti á *forritunarmáli*, ætluðu fyrir verkefni bæði í vísindum og viðskiptum.

- PL/I er byggt á *Algol*, *Cobol* og *Fortran*.

sh. *PL/I*

– PL/I, PL/1

plata¹ kv.

Hópur *gervitaugunga* sem hafa sameiginlegt *vakningarfall* og námsreglu og jafngilt grannmynstur *taugamótasamtenginga*.

- *Tauganet*, gerð af plötum, leyfa hvaða tengingar sem vera skal milli platna án skipulagningar í *stigveldi*.

– slab

plata² kv. → *disklingur*¹

PLS-deililag hk.

Sá hluti *bitaflutningslags* í *staðarneti* sem snýr að *MAC-deililaginu* og *kótar* og *sendir* bitatákn, tekur við og *afkótar* bitatákn og einangrar e.t.v. búnaðinn til verndar gegn hárrí spennu.

– physical signaling sublayer, PLS sublayer

PMA-deililag hk.

Sá hluti *bitaflutningslags* í *staðarneti* sem gerður er úr rafrás *miðilstengildis*.

– physical medium attachment sublayer, PMA sublayer

PML

Heiti á *ívafsmáli*¹ fyrir *vefgáttir*, skylt *XML*.

– Portal Markup Language, PML

PMML

Heiti á *ívafsmáli*¹ sem er byggt á *XML* og notað til skilgreiningar og við samnýtingu *verkbúnaðar* á *forsagnarlíkön-*

um.

- Predictive Model Markup Language, PMML

PMOS

Tækni við hönnun og framleiðslu *samrása*.

- PMOS-samrásir eru notaðar í tiltölulega ódýrum tækjum eins og *reiknivélum* og úrum.
- PMOS, p-channel MOS

posi kk.

- point-of-sale instrument

POSIX-staðall kk.

- Stöðluð *skil*¹ fyrir *stýrikerfið Unix*.
- POSIX, Portable Operating System Interface

Postscript

Heiti á *síðulýsingarmáli*.

- Postscript er mikið notað í *geisla-prenturum*.
- Postscript

póstfaldari kk.

Búnaður sem fjölfaldar *skeyti*² eftir þörfum og *beinir afritunum*¹ til ýmissa *viðtakenda* á *póstlista*.

- mail exploder

póstfangamöndl hk. → möndl

póstfélagi kk.

Hugsanlegur viðtakandi sem *skeyti*² er sent til af því að hann er á *póstlista* sem tilgreindur er í *skeytinu*.

- member recipient

póstfærsla kv.

- mail relay

pósthólf hk.

Búnaður sem *geymir*² *skeyti*² fyrir tiltekinn *notanda*³.

- Í pósthólfi getur ýmist verið aðkominn póstur eða sendur póstur eða hvor tveggja.

sh. *tölvupósthólf*

- mailbox, electronic mailbox

póstlistamiðlari kk. → póstlistabjónn

póstlistabjónn kk.

Búnaður til þess að halda *tölvuþing* með

því að nota *tölvupóstþjónustu*.

- Eigandi *póstlistans* getur tiltekið hverjir megi vera á póstlistanum með því að velja bæði lesendur og skrifendur.

sh. *póstlistamiðlari*

- distribution list server, list server, mailing list server

póstlisti kk.

Listi yfir tiltekinn hóp *notenda*³ og aðra slíka lista sem geta verið ákvörðunarstaðir þeirra *fróðfanga* sem *skeytasýslu-kerfi* flytur.

- Á póstlista geta verið *póstnöfn* sem eiga annaðhvort við notendur eða aðra póstlista.

sh. *viðtakendaskrá*

- distribution list, DL, mailing list

póstnafn hk.

*Kennimerki*¹ sem unnt er að nota til þess að tilnefna *notanda*³ sem *upphafsmann* eða tilnefna notanda eða *póstlista* sem *hugsanlegan viðtakanda skeytis*² eða *kanna*.

- Póstnafn felur í sér *nafn í notendaskrá* eða *tölvupóstfang* eða hvort tveggja.

- O/R name, originator/recipient name

póstsprengr kv.

Sending *tölvupósts*³ í miklu magni til tiltekins *viðtakanda* til þess að valda honum vandræðum.

- Vandræðin geta til dæmis orðið vegna þess að diskrymi fyllist eða *tölvu-kerfi* verði svo upptekið við að taka við tölvupósti að það anní lítt öðrum verkum.

- mailbomb

póstskýsluforrit hk.

Forrit sem sér um tölvupóstssamskipti.

sh. *póstþjónsforrit*

- mail transfer agent, MTA², mail transport agent, mail router, Internet mailer, mail server program

póstvarp hk.

*Tölvupóstur*³ sem er *sendur* til allra *útstöðva* í *tölvuneti*.

– broadcast mail

póstþegi kk. → *viðtakandi***póstþjónn** kk.

– mail server

póstþjónsforrit hk. → *póstsysluforrit***PPP-samskiptareglur** kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ fyrir beint *samband*¹.

– PPP, Point-to-Point Protocol

PPTP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ fyrir beint smugsamband.

– Point-to-Point Tunneling Protocol, PPTP

prentararekill kk.

Rekill fyrir *prentara*.

– printer driver

prentaratengi hk.

– printer port

prentari kk.

Frálagstæki sem býr til *prentrit*.

· Oft má nota *prentara* sem *teiknara*.

– printer

prentduft hk.

– toner

prenthamar kk.

Sá hluti *höggprentara* sem lætur pappír, *blekborða* og leturstaf snertast.

– print hammer

prenthnappur kk. → *skjáprentunarhnappur***prentlag** hk.

– typography

prentlegur lo.

– typographic

prentmiðlari kk. → *prentþjónn***prentplata** kv.

Plata sem *samrásir* og aðrir rafrásarbútar eru festir á.

· Á plötunni eru leiðarar á milli bútaanna.

sh. *prentspjald*

– printed circuit board, PCB

prentrit hk.

Varanlegt afrit *myndar*¹ sem er gert með *frálagstæki*, t.d. *prentara* eða *teiknara*, og unnt er að flytja burt.

sh. *gripit*

– hard copy

prentspjald hk. → *prentplata***prentstaða** kv.

Staður á blaði þar sem unnt er að prenta *staf*.

– print position

prentstöng kv.

Stöng sem lettrið í *höggprentara* er fest á.

– type bar, print bar

prentsýn kv.

Það að *birta*¹ heila *síðu*² af *skjali*¹ með næstum sama útliti og síðan fær þegar hún er prentuð.

· Notandinn þarf að biðja um prentsýn en með *prentvísi* er *texti* stöðugt sýndur á *skjá* eins og hann verður prentaður.

sh. *forsýn*¹

– print preview, preview¹

prentsýnir kk.

Hugbúnaður, notaður fyrir *prentsýn*.

– previewer

prentvís lo.

– WYSIWYG², what-you-see-is-what-you-get²

prentvísi kv.

Geta *ritvinnsluforrits* til þess að *birta*¹ *texta* stöðugt á *skjá* eins og hann verður prentaður.

· Með *prentvísi* er útlit textans stöðugt sýnt á skjánum en notandinn þarf að biðja um *prentsýn*.

– WYSIWYG¹, what-you-see-is-what-you-get¹

prentþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem stjórnar aðstöðu til prentunar og hefur skipulag til þess að veita greiðan aðgang að þeirri aðstöðu.

sh. *prentmiðlari*

– print server

prímtala kv. → *frumtala*²

Prolog

Heiti á *forritunarmáli* sem er sérstaklega notað í *gervigreindarfræði*.

– Prolog

prófa so.

– test²

prófsomma kv.

Summa sem fæst með því að leggja saman gildi í tilteknu *svæði*¹ meðal *færslna*¹ og er notað til þess að fylgjast með því hvort *gögn* eru rétt.

· Gögnin eru annaðhvort *töluleg* eða *stafastrongir* sem litið er á sem töluleg gögn svo að reikna megi prófsummuna.

Dæmi: Samanlagður skattfrádráttur hóps einstaklinga, reiknaður í launaforriti.

sh. *gátsumma*

– checksum

prófun kv.

Það að láta búnað vinna og meta hvort hann fullnægir þeim kröfum sem til hans eru gerðar.

Dæmi: Prófun á tæki eða *forriti*.

– test¹, testing

prófunar- og viðhaldsforrit

Forrit sem er hannað til að prófa búnað, einkum vegna *viðhalds* eða *sannprófunar*.

– test and maintenance program

prófunaráætlun kv.

Áætlun þar sem settar eru fram nákvæmar *kröfur*, forsendur, almennar aðferðir og skyldur fyrir *prófun* og mat á kerfi.

– test plan, system test and evaluation plan

prófunardæmi hk.

Dæmi sem hefur þekkta lausn, notað til þess að prófa hvort búnaður starfar rétt.

– check problem

prófunargögn hk. ft.

Gögn, notað í *prófunardæmi*.

– test data

prófunarlykill kk.

Einn eða fleiri *stafir* sem leiddir eru af *gagnastaki*¹ og bætt er við það í þeim tilgangi að finna *villur* í því.

sh. *varlykill*

– check key

prófunarmál hk.

Verkefnatengt mál sem býr yfir aðferðum til þess að *prófa* þætti í *vélbúnaði* eða *hugbúnaði*.

Dæmi: ATLAS, ATOLL, DETOL, DMAD.

– test language

punktabil hk.

Mælikvarði fyrir *rúmsundurgreiningu*¹ á *birti*, gefinn sem fjarlægðin milli ljómefnispunkta sama litar.

– dot pitch

punktafylki hk.

Framsetning *rastamyndar*, gerðrar úr *dílum*, þar sem mengi *bita* ákvarðar einkenni sérhvers díls.

sh. *dílafylki*

– bitmap, pixel map

punktakótalesari kk.

– dot code reader

punktakótaskrifari kk.

– dot code writer

punktaprentari kk. → *nálaprentari*

punktar á þumlung → *deplar á þumlung*

punktastafgjafi kk.

Stafgjafi sem býr til *myndir*¹ *stafa* úr punktum á rúðugrind.

– dot matrix character generator

puntuð tugaritun

Tugaritun bæta í *IP-númeri* þar sem bætín eru aðgreind með punkti.

Dæmi: 255.255.0.0

– dotted decimal notation

punktur kk.

Mælieining leturstærða.

· Alþjóðlegur punktur er 0,376 mm.

Enskur punktur er 0,351 mm.

– point

púðabjögun kv.

Bjögun sem er þannig að allar hliðar á mynd² svigna inn á við líkt og á nála-púða.

· Bjögunin getur stafað af því að raunveruleg stækkun verður meiri þar sem punktar á myndinni hreyfast í áttina frá myndmiðju.

– pincushion distortion

púki kk.

*Steffa*² sem fer í gang án þess að *kallað* sé beint á hana hvenær sem einhverju er breytt, einhverju er bætt við, einhverju eytt eða einhver annar atburður verður.

sh. *ári*

– demon, daemon

púls kk.

Breytileiki í gildi stærðar sem varir stutt miðað við viðmiðunartíma. Í lok tímabilsins tekur stærðin aftur upphafsgildi.

– pulse, impulse

púlsaröð kv.

Runa púlsa sem hafa lík sérkenni.

– pulse train, pulse string

púlsauki kk.

Óleyfilegur aukapúls sem finnst þegar skráð er á eða *lesið* af segulmiðli.

– extra-pulse

púlsfall hk.

Púls sem ekki er unnt að *lesa* eða skrá.

– missing-pulse

pörun kv.

– parity

pörunarbiti kk.

Biti sem bætt er við *runu* af bitum til þess að *summa* þeirra, að meðtöldum viðbótarbitanum, sé alltaf jöfn tala eða alltaf oddatala eftir því hvað ákveðið var fyrir fram.

– parity bit

pörunarprófun kv.

Viðaukaprófun, fólgin í því að *pörunarbiti* er reiknaður aftur og borinn saman við upphaflega pörunarbitann.

– parity check

pörunarprófun langsum

Pörunarprófun, gerð á bitaröð sem er hluti af bitafylki.

Dæmi: Pörunarprófun á *bitum rásar*¹ sem eru í einum *bálki*¹ á *segulbandi*.

– longitudinal parity check

pörunarprófun þversum

Pörunarprófun, gerð á bitadálki sem er hluti af bitafylki.

Dæmi: Pörunarprófun á *bitum* í *þverröð*.

– transverse parity check

Q

QWERTY-hnappaborð hk.

Staðlað *hnappaborð*, gert til þess að skrá enskan texta.

· Staðsetning *hnappa* var ákveðin með

það í huga að koma í veg fyrir að leturstengur sætu fastar í gömlu ritvélinum þegar vélritað var hratt.

– QWERTY keyboard

R

RACF-búnaður kk.

- Tiltekinn öryggisbúnaður fyrir *tölvur*.
 – Resource Access Control Facility, RACF

raddbúinn tölvupóstur

- Kerfi sem notar *raddkennsl* og talgerv-ingartækni til að gera notendum kleift að komast í *tölvupóst*³ sinn úr hvaða síma sem er.
 – voice-enabled e-mail, voice-activated e-mail

raddfar hk.

- Raddskýni tiltekens mælanda, notað til þess að sannkenna hann.
 · Orðið raddfar er hliðstætt við orðið fingrafar.
 – voice signature, voiceprint

raddgátt kv.

- Vefsetur* eða önnur *þjónusta*¹ sem notandi getur tengst um síma til að fræðast, t.d. um veður, íþróttaviðburði eða gengi verðbréfa.
 – voice portal, vortal

raddgervill kk.

- Hluti *talgervils* sem getur búið til *raddmerki*.
 – voice synthesizer

raddgreining kv.

- Það að leiða í ljós eiginleika *raddar*.
 – voice analysis

raddgreiningarkerfi hk. → raddgreinir

raddgreinir kk.

- Búnaður fyrir *raddgreiningu*.
 sh. *raddgreiningarkerfi*
 – voice analyzer, voice analysis system

raddílag hk.

- Raddmerki* sem búnaður tekur við.
 – voice input

raddkennsl hk. ft.

- Það að búnaður skynjar hljóðeinkenni *raddar* og skráir þau.
 · Raddkennsl eru notuð í *mælanda-kennslum*.
 · Sjá einnig *talkennsl*.
 – voice recognition

raddkennslaeyning kv.

- Búnaður sem ber kennsl á takmarkaðan fjölda talaðra orða og breytir þeim í samsvarandi *stafræn merki* sem nota má sem *ílag* fyrir *tölvu* eða geta sett af stað aðrar athafnir sem óskað er eftir.
 · Slíkt frumstætt *fylgitæki* er unnt að nota með eða án *talþekkjara*.
 – voice-recognition unit

raddkótari kk.

- Tæki fyrir *talkótun* sem dregur fram þá *stika*¹ *talmerkis* sem leyfa að upprunalega talmerkið verði endurgert og gert skiljanlegt.
 – vocoder, voice coder

raddkvaðning kv.

- Talboð*, notuð til þess að leiðbeina notanda sem talar við kerfi með *raddsva*.
 – voice prompt, voice-response prompt

raddmerki hk.

- Hljóðmerki*, myndað af *rödd*.
 – voice signal

raddmiðlari kk. → raddþjónn

raddstjórnarkerfi hk.

- Kerfi þar sem *talþekkjari* gefur tölvu-stýrðum búnaði *munleg fyrirmæli* sem svar við *talílagi*.

- Dæmi: *Þjarki* sem bregst við *munlegum fyrirmælum* um hreyfingu.
 – voice-control system, voice controller

raddsva hk.

Vélgert *talmerki*, látið í té sem sva við fyrirspurn frá notanda.
– voice response, VR²

raddsynir kk.

Búnaður til að skoða efnisdrög sem sendir frá sér *talfrálag* svo að unnt sé að finna *villur* í *texta*, greina málvillur og meta hvort textinn kemur merkingu boða til skila.
– voice previewer

raddþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem lætur í té *raddsva*.
sh. *raddmiðlari*
– voice server

rað- fl. → *raðbundinn***raða**¹ so.

Setja atriði í skipulag eftir tilteknum reglum.
– order²

raða² so.

Skipa niður stökum í safni í samræmi við gildi tiltekins *lykils*¹ sem er hluti af hverju staki.

Dæmi: Raða *færslum*¹ í starfsmannaskrá í stafrófsröð með því að nota nöfn sem röðunarlykla.

– sort²

raða línulega

Setja atriði í skipulag samkvæmt *röð náttúrulegu talnanna*.

• Unnt er að finna samsvörun annarra línulegra raða við röð náttúrulegra talna. Línuleg röðun getur t.d. verið stafrófsröðun eða röðun í tímaröð.

– sequence²

raða verkum

Ákveða í hvaða röð tíma er úthlutað til *verka* eða *verkeininga*.

• Í sumum *stýrikerfum* er einnig unnt að raða öðrum verkeiningum, t.d. ílags- og frálagsaðgerðum.

– schedule

raðað tré

Tré þar sem röð *undirtrjáa* hvers *hnúts*³

skiptir máli.

sh. *röðuð hrísla*

– ordered tree

raðarprófun kv.

Það að prófa hvort *gagnastök*¹ eru í tiltekinni *röð*.

– sequence check

raðarskynjari kk.

Sjónskynjari, gerður af einni línu af ljósnæmum einingum.

– linear array sensor

raðbundinn lo.

(um *ferli*¹) Sem er þannig að allir atburðir verða hver á eftir öðrum.

Dæmi: Raðbundin sending *bita* í *staf samkvæmt V24-samskiptareglum*¹ frá *CCITT*.

sh. *rað-*

– serial

raðbundinn aðgangur → *runuleið***raðfeldur** lo.

(um atburð í *ferli*¹) Sem kemur á eftir öðrum atburði án þess að aðrir atburðir verði á milli þeirra.

– consecutive

raðgeymsla kv. → *runugeymsla***raðleið** kv. → *runuleið***raðnúmer gjörva**

– processor serial number, PSN

raðröð kv.

Tiltekið skipulag, fengið við *samröðun*.

– collating sequence

raðsamlagning kv.

Samlagning þar sem samsvarandi *tölu-stafir* í *þolendum* eru lagðir saman, *sæti*² fyrir sæti.

– serial addition

raðsamleggjari kk.

Samleggjari sem leggur saman samsvarandi *tölustafi* í *þolendum sæti*² fyrir sæti.

– serial adder

raðsending kv.

Það að senda *merkjastök*, sem standa fyrir *staf* eða aðra einingu *gagna*, hvert

á fætur öðru um sömu *sendirás*.

– serial transmission

raðtengd gagnarás

*Gagnarás*², búin fleiri en tveimur raðtengdum *gagnaferjöldum*.

– tandem data circuit

raðtengi hk.

– serial port

raðtengildi hk.

Tengildi þar sem *bitar* í *bæti* eða *orði* eru sendir hver á eftir öðrum um sömu *línu*³.

– serial interface unit

raðvinnsla kv.

Gagnavinnsla þar sem unnið er úr verkum og verkhlutum í tiltekinni röð.

· Sjá einnig *samhliðavinnsla*.

– sequential processing, serial processing

rafaldskenni hk.

Rafrænt *merki*¹ sem notað er til þess að bera kennsl á hluti með *rafaldskennslum* og staðsetja þá.

sh. *örmerki*

– RFID tag

rafaldskennsl hk. ft.

Tækni þar sem útvarpsbylgjur eru notaðar til þess að lesa *rafaldskenni*, sem fest er við tiltekinn hlut, til þess bera kennsl á hlutinn og fylgjast með ferðum hans.

· Rafaldskenni má festa við margs konar hluti og nota til þess að fylgjast með þeim, t.d. birgðum, eignum, fólki og fénaði.

sh. *RFID*

– radio-frequency identification

rafaldskort hk. → *þráðlaust fjarskiptakort*

rafaldstíðni kv. → *útvarpstíðni*

rafbók kv.

Útgáfa með textum og myndum í *stafrænu* formi sem lesa má í *tölvu* eða öðrum *stafrænum* tækjum.

· Rafbækur eru stundum ígildi prent-

aðra bóka en eru nú oft gerðar án þess að til sé samsvarandi prentuð útgáfa. Rafbækur eru seldar á *disklingum*¹ og *geisladiskum*¹ en algengast er að notandi kaupi rafbók sem *skrá* til *niðurhleðslu*. Rafbækur má lesa í sérstökum *lestölvum* en einnig má lesa þær í *einmenningstölvum*, *spjaldtölvum* og mörgum farsímum, einkum *snjallsímum*.

– electronic book, e-book, ebook, digital book

rafgas hk.

– plasma

rafleki kk.

Rafafl sem raftæki nota þegar slökkt er á þeim eða þau eru í *biðham*.

· Nýlega hafa notendur, rafveitur, framleiðendur og stjórnvöld beint athygli sinni að þessu vandamáli. Árið 2010 höfðu tekið gildi reglugerðir í flestum þróuðum ríkjum sem kveða á um að rafleki tækja megi ekki vera meiri en eitt vatt.

– standby power, vampire power, phantom load, leaking electricity

rafljósmyndataekni kv.

Tækni, notuð í ljósritunarvélum, þar sem plata er hlaðin með hárrí spennu og neikvæð mynd af *skjali*¹, sem á að *afrita*, er búin til á plötuna með leysigeisla. Myndin er síðan gerð sýnileg með *prentdufti* og flutt á pappír með þrýstingi eða hita.

– electrographic technique

rafpóstur¹ kk. → *tölvupóstþjónusta*

rafpóstur² kk. → *skeytasýslukerfi*

rafpóstur³ kk. → *tölvupóstur*³

rafreiknir kk. → *tölva*

rafræn atkvæðagreiðsla

– electronic voting, e-voting, online voting, Internet voting

rafræn bankaviðskipti

– electronic banking

rafræn ferilskrá

- electronic resume, scannable resume, electronic CV

rafræn hryðjuverkastarfsemi → *hryðjuverkastarfsemi í netheimum*

rafræn innkaup

Kaup og sala á aðföngum og þjónustu um *lýðnetið*.

- Viðskiptin geta verið á milli fyrir-tækja (*FF-samskipti*) eða milli fyrir-tækis og stjórnarsýslu (*FS-samskipti*). Notað bæði um *millilanda-* og innan-landsviðskipti.

- e-procurement, electronic procurement

rafræn lokugleraugu

(í *sýndarveruleika*) Þrívíddargleraugu með lokum sem eru samstilltar tölvugerðum myndum til þess að vekja þá tilfinningu að horft sé á myndir í þrívídd. sh. *lokugleraugu*

- electronic shutter glasses, shutter goggles

rafræn reikningsafgreiðsla

Rafræn gerð, afhending og greiðsla reikninga.

- electronic bill presentment and payment, EBPP

rafræn skjalastjórnun

- electronic document management, EDM

rafræn stjórnarsýsla

- electronic government, e-government

rafræn undirskrift

(í *tölvuöryggi*) Gögn í rafrænu formi sem fylgja eða tengjast röklega öðrum rafrænum gögnum og eru notuð til að *sannprófa* hver síðast hafði umráð yfir þeim.

- Algengasta tegund rafrænnar undirskriftar er *stafræn undirskrift*.

- electronic signature

rafræn útgáfa

- electronic publishing

rafræn verslun

Fyrirtæki sem stundar *rafræn viðskipti*.

sh. *netverslun*³

- electronic business, e-business

rafræn viðskipti

Viðskipti sem fara fram á rafrænan hátt, venjulega um *lýðnetið*.

sh. *netviðskipti*

- electronic commerce, e-commerce

rafrænn farmiði → *rafrænn farseðill*

rafrænn farseðill

sh. *rafrænn farmiði*

- electronic ticket, e-ticket

rafrænn flutningur fjármuna

Það að flytja fjármuni á *sjálfvirkan* hátt milli bankareikninga með því að nota *gagnavinnslukerfi*.

- electronic transfer of funds, electronic funds transfer, EFT

rafrænn miðill

Pappírslaus fjölmiðill.

- electronic media, emedia

rafrænn pappír

- electronic paper, e-paper, radio paper

rafrænt blek

- electronic ink

rafrænt bókasafn

Skipulagt safn af bókum og skyldu efni í rafrænu formi á *lýðnetinu* eða *geisladiskum*¹.

- Auk bóka getur efnið meðal annars verið tímaritsgreinar, ritgerðir, myndir, hljóðupptökur og myndbandaefni.

- Sjá einnig *stafrænt bókasafn*.

- electronic library

rafrænt dagblað

- electronic newspaper

rafrænt dagskrárrit

- electronic program guide

rafrænt samskiptanet

Rafrænt *samskiptanet*.

- electronic communications network

rafrænt skilríki

(í *tölvuöryggi*) Gögn í rafrænu formi, til þess ætluð að færa öruggar og trúverðugar sönnur á hver einstaklingur er.

- Sjá einnig *stafrænt skilríki*.

– electronic certificate

rafrænt skjalasafn

Safn *skjala*¹ sem höfð eru í *geymslu*¹ af sögulegum ástæðum eða í öryggis skyni.

– electronic archive

rafrænt tímarit

Tímarit, gefið út í rafrænu formi, venjulega á *lýðnetinu* með aðgangi á tilteknu *vefsetri*.

• Auk rafrænu útgáfunnar getur tímaritið einnig verið gefið út á prenti.

• Sjá einnig *stafrænt tímarit*.

– electronic magazine, ezine

rafrænt þinghald

– electronic conferencing, electronic conference

rafsilfur hk.

Reiðufé sem *geymt*² er í tölvutæku formi í *gjörva silfurkorts* eða í *tölvu*.

– electronic cash, digital cash, digicash, E-cash

rafstraumsviðgjöf kv.

Aðferð í snertisamskiptum, fólgin í því að koma *upplýsingum*¹ frá vél til manns til skila með lágspennnum rafmagnspúlsum í rafskautum á húð mannsins.

– electrocutaneous feedback

RAID-diskakerfi hk.

Kippa af *harðdiskum* sem starfa saman þannig að sömu *gögn* eru vistuð á mismunandi stöðum á mörgum diskum en *stýrikerfi* virðist sem um einn harðdisk sé að ræða.

• Slíku kerfi fylgir bæði góð *frammi-staða* og mikið *gallapol*.

– redundant array of independent disks, redundant array of inexpensive disks, RAID

rakin runa

Runa af liðum þar sem hver liður á eftir hinum fyrsta er ákvarðaður af *aðgerð*¹ sem hefur alla eða suma undangengna liði fyrir *þolendur*.

– recursively defined sequence

rakleið kv. → *beinn aðgangur*

rakleiðargeymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem *beinn aðgangur* er að *gögnum*.

– direct access storage device

rakleiðartækni kv.

Tækni við að flytja *gögn* beint á milli *aðalminnis* og *fylgitækja* án afskipta *miðverks*.

– direct memory access, DMA

rakning kv.

Það að *rekja forrit*.

– tracing¹

rakningarbúnaður kk.

(í *gervigreindarfræði*) Búnaður í *forrit-unarmáli* eða forritunartóli fyrir *þekkingarkerfi* til þess að birta þær reglur sem unnið er úr ásamt gildum á þeim *breytum*² sem notaðar eru.

– tracing facility

rakningsforrit hk.

Forrit sem býr til *rakning*.

– trace program

rakningur kk.

Skrá yfir *inningu forrits* eða hluta þess, þar sem fram kemur *listi* yfir *skipanir*¹ og *setningar*¹ sem *inntar* eru, *þolendur* og heiti þeirra og *útkomur* úr inningu skipananna og setninganna.

– trace¹

rakveldi hk.

Kerfisskipan þar sem þættir kerfis geta haft bein *samskipti* hver við annan.

sh. *jafnveldi*

– heterarchy

Rambus-minni hk.

– Rambus dynamic random access memory, RDRAM, Rambus memory

rammagrípur kk.

Tæki sem gefur kost á að stakur sjóngagnarammi sé gripinn af myndgeymslumiðli og *birtur*¹.

– frame grabber²

rammatíðni¹ kv.

(í *gagnafljarskiptum*). Fjöldi *ramma*¹ á

tímaeiningu.

– frame rate

rammatíðni² kv. → myndtíðni

rammatvinnun kv. → myndtvinnun

rammi¹ kk.

(í *gagnaffjarskiptum*) *Gagnaskipan* sem fylgir tilteknum *samskiptareglum*¹ og í eru *svæði*¹ til þess að flytja *gögn* notanda og stýrigögn.

· Samsetning ramma, einkum fjöldi og gerð svæða, getur verið breytileg eftir tegund samskiptareglanna.

sh. *flutningsrammi*

– frame¹, transmission frame

rammi² kk.

(í *gervigreindarfræði*) Gagnamiðuð framsetning þekkingar¹ þar sem *hlutur*³ er tengdur við samsafn þátta.

– frame²

rammi³ kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Safn þátta sem eru notaðir á tilteknu sérsviði en samt nógu almennir til þess að unnt sé að nota þá í annars konar verkefnum.

– framework

rammlega tagskiptur

(um *forritunarmál*) Sem hefur *breytur*² og gildi af tilteknu *gagnatagi*. Strangar reglur gilda um hvaða *aðgerðum*¹ má beita á breytur og gildi af mismunandi tagi.

sh. *rammtagskiptur*

– strongly typed

rammtagskiptur lo. → *rammlega tagskiptur*

rammtengdir þættir

Safn *hnúta*² í *örvóttu neti* þar sem *braut*³ er milli sérhverra tveggja hnúta.

– strongly connected components

rammtögun kv.

Það að fylgja fram kröfunni um að *þolendur* í *máleiningu* verði að vera af *gagnatögum* sem eru í samræmi við *gagnatög aðgerðar*¹ eða *tagskipti* hafi verið gerð á þeim áður en *aðgerðinni* er

beitt.

· Rammtögun í *Ada* leyfir ekki samlagninguna 2 + 3,5 af því að 2 er *heil tala* og 3,5 *rauntala*.

– strong typing

rammþétt geisladisksminni

– HD-ROM

rammþétta kv.

– high density

rammþéttur lo.

– high-density

rammþéttur disklingur

*Disklingur*¹ þar sem *gögn* eru skráð þéttar en á *tvíþéttan diskling*.

· Venjulega eru gögn á rammþéttum disklingi skráð helmingi þéttar en á tvíþéttum disklingi.

– high-density diskette

randbeinir kk.

Randtæki sem beinir gagnapökkum milli *staðarnets*, eða *staðarneta*, og *ATM-grunnets*.

– edge router

randtæki hk.

Tæki sem getur flutt gagnapakka milli t.d. *íðnets* og *ATM-nets* með því að nota greinalags- og netlagsupplýsingar.

– edge device

rastabil hk.

(í *tölvuteiknun*) Mælieining sem ákvarðast af fjarlægð milli grannstæðra *díla*.

– raster unit

rastabirtir kk.

(í *tölvuteiknun*) *Birtir* þar sem *myndir*¹ eru búnar til í *birtirými* með *rastateiknun*.

– raster display device, raster display²

rastabúnaður kk.

Vélbúnaður eða blanda af vélbúnaði og *hugbúnaði* sem *umskráir myndir*², sem lýst er með *vigurteikniskipunum*, í *rastamyndir* eða *punktafylki*.

· Rastabúnaður er meðal annars notaður í *geislaprenturum*.

sh. *rippi*

– raster image processor, RIP¹

rastaður lo.

– rasterized

rastamynd kv.

*Mynd*¹ sem *birtir* býr til með því að nota *rastaskönnun*.

– raster display¹, raster image

rastaskönnun kv.

(í *tölvuteiknun*) Aðferð við að búa til eða skrá einingar *myndar*¹ með því að fara yfir *birtirýmið* línu fyrir línu.

– raster scan

rastateiknari kk.

Teiknari sem býr til *mynd*¹ á *myndfleti* með *rastateiknun*.

– raster plotter

rastateiknun kv.

Tölvuteiknun þar sem *myndir*¹ eru búnar til úr *dílum* sem raðað er í línur og dálka.

– raster graphics

rasti kk.

Tiltekið mynstur lína sem gefur jafna *skönnun* yfir allt *birtirýmið*.

– raster

ratsjá kv.

– radar, radio detection and ranging

rauf kv.

Staður á *bakspjaldi* eða *móðurborði* þar sem einni plötu er komið fyrir.

– slot²

raunfærsla kv. → *raunlæg færsla*

raungerðarlýsing kv.

Sá hluti af *lýsingu innri gerðar* sem lýtur að *raunstigi* og er þess vegna hluti af *gagnasafnslýsingu*.

– physical schema

raunhnit hk. → *grunnhnit*

raunkerfi hk.

Samsafn af einni eða fleiri *tölvum*, *hugbúnaði* sem fylgir þeim, *fylgitækjum*, *útsöðvum*, starfsfólki, eðlisfræðilegum ferlum, og samskiptabúnaði sem mynda sjálfstæða heild og geta unnið úr

*upplýsingum*¹ eða flutt upplýsingar eða hvort tveggja.

– real system

raunklukka kv.

Klukka í tölvu sem skráir tíma í tiltekið *gisti* sem síðan er lesið til þess að fá að vita hvað klukkan er á hverjum tíma.

· Í sumum tölvum þarf að stilla klukkuna í hvert sinn sem tölvan er ræst.

– real-time clock

raunlag hk. → *bitaflutningslag*

raunlitur kk.

· Stundum kallaður „24 bita litur“. Tilgreining á lit *díls* á *skjá* með því að nota 24 bita gildi, en það gefur kost á 16 777 216 mismunandi litum, sem eru fleiri en svo að mannsauga geti greint á milli líkra *litblæja*.

– true color

raunlíf hk.

Lífið utan *lýðnets*, andstætt við *sýndarlíf*.

– real life

raunlæg aðgangsstýring

Notkun áþreifanlegs búnaðar við *aðgangsstýringu*.

Dæmi: Það að hafa *tölvu* í læstu herbergi.

– physical access control

raunlæg færsla

*Færsla*¹ eins og hún er *geymd*² á *gagnamiðli* eða í *geymslu*¹.

sh. *raunfærsla*

– physical record

raunlægt drif

Diskadrif sem áþreifanlegur *vélbúnaður*.

· Heitið er einnig notað um annars konar *geymslur*¹, t.d. *segulbandageymslu*.

· Sjá einnig *sýndardrif*.

– physical drive

raunlægt staðarnet

– physical LAN

raunlægur lo.

(um framsetningu, *geymslu*² eða skipan *gagna*) Sem lýtur að skipan *gagna* eins og þeim er komið fyrir í *tölvu*.

– physical

raunminni hk.

Aðalminni í kerfi með *sýndarminni*.

· Í reynd eru raunminni og aðalminni sami hluturinn. Raunminni nær þó aðeins yfir hluta þeirra *vistfang*a sem notandi kerfis með *sýndarminni* hefur *aðgang*¹ að. Viðbótin er í *ytri geymslu*.

– real memory, ?real storage

raunstaðall kk.

– de facto standard

raunstig hk.

Það stig hugsunar þar sem fengist er við hvernig *gagnaskipan gagnasafns* er varpað í samsvarandi *geymsluskipulag* og hvernig *aðgangur*¹ er að *gögnunum* í *gagnavinnslukerfi*.

– physical level

raunstiki kk.

*Stiki*², t.d. *segð*, *nefni* eða önnur *málein-ing*, notuð í *kalli*³ eða *stofnrænni eingildingu* til að tengja *gagnahlut* við samsvarandi *formstika*.

· Í stað heitanna raunstiki og formstiki kjósa sumir að nota samheitin viðfang og leppur.

sh. *viðfang*⁵

– actual parameter, actual argument

rauntala kv.

Tala sem unnt er að setja fram með endanlegu eða óendanlegu *tölutákni* í *einrunnskerfi*.

– real number

rauntíma- fl.

(um úrvinnslu *gagna* í *tölvu*) Sem helst í hendur við *framvindu ferlis*² utan tölvu.

– real-time

rauntímamyndfærsla kv.

(í *sýndarveruleika*) Teikningar eða myndir, samstilltar við tíma og atburði

í raunheimi.

– real-time imaging

rauntímastýrikerfi hk.

– real-time operating system

rauntímaumhverfi hk.

Vinnsluumhverfi þar sem unnt er að *inna forrit* sem helst í hendur við *framvindu ferlis*¹ utan þessa umhverfis.

– real-time environment

rauntími kk.

– real time

rauntölulesgildi hk.

Tölulesgildi, notað til þess að setja fram *rauntölu*.

– real literal

rauntölutag hk.

Gagnatag þar sem hvert tilvik stendur fyrir *rauntölu*, yfirleitt með nálgun.

· Rauntölutög eru annaðhvort *fastakommutög* eða *hlaupakommutög*.

Dæmi: Tugatalan 0,1 hefur óendanlegan fjölda *tölustafa* í *tvíundakerfinu*.

– real type

raunverulegur flutningshraði

Raunverulegur fjöldi *stafa* sem *fluttur* er á tímaeiningu.

– effective transfer rate²

raunverulegur viðtakandi

Hugsanlegur viðtakandi sem *skeyti*² berst til eða staðfest er að *skeyti* hafi verið flutt til.

· Hugsanlegur viðtakandi breytist í raunverulegan viðtakanda við *afhendingu* eða *staðfestingu*².

– actual recipient

raunvistfang hk.

(í kerfi með *sýndarminni*) *Vistfang* *geymslustaðar* í *aðalminni*.

– real address

raus¹ hk. → *blogg*

raus² hk. → *bloggun*

rausa so. → *blogga*

rausari kk. → *bloggari*

ráða so. → *ákvarða gildi*

ráðaleitun kv.

(í *gervigreindarfræði*) Gagnvirk samskipti milli þekkingarkerfis og notanda þess, sem felast venjulega í samtali með spurningum og svörum.

– consultation

ráðgjafarkerfi hk.

Sérþekkingarkerfi þar sem lögð er áhersla á að nota ráðleggingar frekar en fyrirmæli.

– advisory system

ráðgjafi kk.

Handvirkt hjálparkerfi sem aðstoðar notanda við að ljúka verki og útskýrir þá kosti sem völ er á við hvert skref í verkinu.

· Notandi fylgir þeim fyrirmælum sem ráðgjafinn gefur til þess að finna viðeigandi liði í *valmynd*, slá inn rétta *skipun*² eða stofna til viðeigandi samtals. Ráðgjafi gerir þetta ekki sjálfkrafa fyrir notanda.

– coach

ráðlegginganáms hk.

Páfagauksnám sem felst í því að breyta verklagi í samræmi við leiðbeiningar frá þekkingargjafa.

– advice taking

ráðning¹ kv. → *dulráðning***ráðning**² kv. → *gildisákvörðun***ráðningartenging** kv.

(í *tölvuöryggi*) Markviss samantekt á gögnum eða *upplýsingum*¹ úr einu gagnavinnslukerfi og gögnum eða upplýsingum úr öðru kerfi til þess að leiða af þeim verndaðar upplýsingar.

– linkage¹, fusion

ráp hk. → *vafur***rápa** so. → *vafra***rápari** kk. → *vefsjá***rápforrit** hk. → *vefsjá***rás**¹ kv.

Rák á hreyfanlegum *gagnamiðli* sem einn *les-* og *skrifhaus les* eða *skrifar* á í einu.

– track

rás² kv.

(í *samskiptafræði*) Sá hluti samskiptakerfis sem tengir *skeytagjafa* við *skeytaþega*.

· *Kótara*¹ má setja á milli skeytagjafans og *ílagsins* til rásarinnar og *afkótara*¹ á milli *frálags* rásarinnar og skeytaþegans. Venjulega er ekki litið svo á að þessar tvær einingar séu hlutar af rásinni. En í vissum tilvikum má líta á þær sem hluta af skeytagjafanum og skeytaþeganum.

· Í *upplýsingafræði* í skilningi Shannons getur rás einkennst af mengi skilytra líkinda þeirra *skeyta*¹ sem berast skeytaþega þegar tiltekið skeyti hefur verið sent frá skeytagjafanum.

– channel¹

rás³ kv.

(í *stíklumiðlun* og *margmiðlun*) Röklegt rými þar sem *keyrsluhlutir* eru lagðir fyrir notanda og hann skynjar þá.

· Rásun er *varpað* í tæki, t.d. *glugga* eða hátalara, í því skyni að notandi geti skynjað keyrsluhlutina.

– channel²

rás⁴ kv. → *sendirás***rásabil** hk.

Fjarlægð milli grannstæðra *rása*¹, mæld eftir línu sem liggur hornrétt á rásirnar.

· Rásabil er í öfugu *hlutfalli* við *rásapéttleika*.

– track pitch

rásasmit hk.

Óæskilegur flutningur merkja milli raf-rása. Séu rásirnar símalínur er þetta fyrirbæri stundum kallað milliheyrsla.

– crosstalk

rásaspjald hk.

– circuit board, board

rásastæða kv.

Tæki í almennu símkerfi sem breytir *flaumrænum merkjum* frá símnotendum

í *stafræn merki*, sem síðan eru flutt eftir háhraðalínunum.

– channel bank

rásaval hk.

Það að tengja saman tvö eða fleiri *útstöðvartæki* þannig að *gagnarásin*² á milli þeirra sé eingöngu notuð fyrir þau uns *sambandið*¹ er rofið.

sh. *línuval*¹

– circuit switching

rásavalsnet hk.

Gagnaflutningsnet þar sem beitt er *rásavali*.

sh. *línuvalsnet*

– circuit switched network, circuit switching network

rásþéttleiki kk.

Fjöldi *rása*¹ á lengdareiningu, mældur eftir línu sem liggur hornrétt á rásirnar.

· Rásþéttleiki er í öfugu *hlutfalli* við *rásabil*.

– track density

rásfang hk.

*Upplýsingar*¹, skráðar á sérhverja *rás*¹ á *seguldiski* og notaðar til þess að auðkenna númer rásarinnar á yfirborði disksins.

sh. *vistfang rásar*

– home address

RCA-tengi hk.

– RCA connector

reglubundið viðhald

Forvarnarviðhald sem fer fram samkvæmt tiltekinni stundatöflu.

· Stundataflan er miðuð við gangtíma, notkunartíma eða hversu oft búnaðurinn er notaður.

– scheduled maintenance

reglubyggð talgerving

Aðferð við *talgervingu* sem er byggð á því að breyta hljóðfræðilegri lýsingu í *stíka*¹ talmyndunarlíkans eftir tilteknum reglum.

– rule-based synthesis

reglugagnaeyning kv.

(í *OSI*) Samsafn *gagna* sem eru tilgreind í *samskiptareglum*¹ tiltekens *lags*¹ og hefur að geyma *gögn um samskiptastjórnun* lagsins og e.t.v. einnig *notandagögn* þess.

– protocol data unit, PDU

reglugrunnskerfi hk. → *reglakerfi*

reglugrunnur kk.

Reglur fyrir *netvörn*, sem venjulega verka þannig að engu er hleypt í gegn nema það fullnægi reglunum, en stundum þannig að öllu er hleypt í gegnum netvörnina nema reglurnar séu brotnar.

– rule base

reglakerfi hk.

Þekkingarkerfi sem dregur *ályktanir* með því að beita *skilyrðisreglum* á mengi *staðreynda* eftir tilteknum aðferðum.

sh. *reglugrunnskerfi*

– rule-based system, production system

regluleg segð

– regular expression, regex

reglulegt mál

Mál sem unnt er að lýsa með *endanlegri stöðuvél*.

– regular language

reglulegt net

(í *netskipan*¹) *Net* þar sem allir *hnútar*¹, eða allir hnútar í hverjum flokki, eru tengdir við jafnmarga *leggi*.

Dæmi: *Hringnet*, *stjórnunet*, *grindarnet*.

– regular network

reglumátun kv.

Það að *máta saman* markmið og atriði tiltekens viðfangsefnis með því að beita röð af *skilyrðisreglum* á sannar forsendur hvað eftir annað.

– rule matching

reglustjórnvald hk.

(í *tölvuöryggi*) *Einindi*¹ sem skipuleggur og heldur við *vottunarstefnu* í *stefnu-reglum*, t.d. í *dreifilyklaskipulagi*.

- Reglustjórnvaldið getur verið óháð *vottunarstöðinni* sem gefur út vottorð í samræmi við þá vottunarstefnu sem reglustjórnvaldið hefur skilgreint.
- policy authority

reiðu- fl.

(um búnað, vöru eða þjónustu) Sem er tilbúinn til notkunar.

- turnkey

reiðukerfi hk.

Gagnavinnslukerfi sem er tilbúið til notkunar þegar það hefur verið sett upp og afhent notanda í gangfæru ástandi, hugsanlega sérsníðnu fyrir tiltekinn notanda eða *verkforrit*.

- *Gögn* notandans getur þurft að forvinna.
- turnkey system

reiðustefja kv.

(í *gagnasafnskerfi*) Mengi *SQL*-skipana með viðtengdu nafni, geymt í *gagnasafninu* í *vistþýddu* formi þannig að mörg *forrit* geta samnýtt það.

- stored procedure

reiki hk.

- seamless roaming

reikiþjónusta kv.

- roaming service

reiknað vistfang

Vistfang sem er reiknað út á meðan *forrit* er innt.

- generated address

reikni- og rökverk

Sá hluti *gjörva* þar sem *reikningsaðgerðir* og *rökadgerðir*¹ eru framkvæmdar.

- Orðið *reikniverk* er stundum haft um reikni- og rökverk.
- arithmetic and logic unit, ALU

reiknigisti hk.

Gisti sem í eru *þolendur* eða *útkomur reikningsaðgerða* eða *rökadgerða*¹.

- arithmetic register

reiknigreind kv.

- computational intelligence

reiknihestur kk.

Tölva sem getur reiknað mikið og hratt. sh. *talnakvörn*

- number cruncher

reikningsaðgerð kv.

*Aðgerð*¹ sem fylgir almennum reglum í reikningi.

- Dæmi: Samlagning.
- arithmetic operation

reikningsundirflæði hk.

Útkoma úr *reikningsaðgerð* sem er of lítil að algildi til þess að falla innan *spannar talnaritunarkerfisins* sem notað er.

sh. *undirflæði í reikningi*

- arithmetic underflow, underflow

reikningsyfirflæði hk.

Sá hluti *tölustafaorðs*, er sýnir *útkomu* úr *reikningsaðgerð* umfram þá *orðlengd* sem tölunni er ætluð í framsetningu.

sh. *yfirflæði í reikningi*

- arithmetic overflow, overflow²

reikningur í marktækum tölustöfum

Reikningsaðferð sem notar afbrigði af *hlaupakommukerfi* þar sem fjöldi *marktækra tölustafa* hvers *þolanda* er sýndur og fjöldi marktækra tölustafa í *útkomu* ræðst af fjölda marktækra tölustafa í *þolendum*, *aðgerðinni*¹ sem framkvæmd er og *stafanákvæmninni* sem fyrir hendi er.

- significant digit arithmetic

reiknir kk. → *reiknivél***reiknirit** hk. → *algrím***reiknistjak** hk.

Stjak, notað á framsetningu tölu í *ein-grunnskerfi* og í *fastakommukerfi* svo að einungis *stafirnir* sem setja fram *töluþjón* eru færðir.

- Reiknistjak er venjulega jafngilt því að margfalda töluna með jákvæðu eða neikvæðu veldi af *grunntölunni*, hvað sem áhrifum hugsanlegrar *snyrtingar* líður.

– arithmetic shift

reiknisögn kv. → *algrím*

reiknivangur kk.

Fylki, *geymt*² í tölvuminni, þar sem *gögnum* er raðað eftir línnum og dálkum og skilgreina má samband á milli eininga fylkisins.

· Unnið er við reiknivang með aðstoð forrits sem kallast *töflureiknir*. Með enska orðinu „spreadsheet“ er reyndar stundum átt við töflureikninn, eða jafnvel töflureikni og reiknivang sem eina heild.

· Stærð reiknivangs er háð *geymslurým*d tölvu en skoða má á *skjá* hvaða hluta hans sem er. Hann birtist notandanum sem tafla með reitum. Ef gildi er breytt í einhverjum reitanna breytast allar afleiddar stærðir í öðrum reitum um leið.

· Reiknivanga má m.a. nota til þess að færa bókhald, búa til fjárhagsáætlun og við skattaútreikninga.

– electronic spreadsheet, electronic worksheet, electronic gridsheet, spreadsheet

reikniverk hk.

Sá hluti *gjörva* þar sem *reikningsaðgerðir* eru framkvæmdar.

· Orðið reikniverk er stundum haft um *reikni-* og *rökverk*.

– arithmetic unit

reiknivél kv.

Tæki til *reikningsaðgerða* þar sem setja þarf hverja *aðgerð*¹ eða *runu* aðgerða af stað á handvirkan hátt.

· Ef reiknivélin hefur minnslægt *forrit* þarf að breyta því á handvirkan hátt.

· Reiknivél getur gert sumt af því sem *tölva* gerir, en henni þarf venjulega að stjórna á handvirkan hátt.

sh. *reiknir*

– calculator

rein¹ kv.

(í gluggaumhverfi)

sh. *braut*⁴, *lína*⁴, *rönd*, *stika*²

– bar

rein² kv.

Lína eða lag í röð skipulega raðaðra hluta.

· Í *forritun* má dreifa hlutum *forrits* á nokkrar reinar sem eru hver í sinni *tölvu í neti*. Slíkt forrit er sagt vera margreina forrit.

– tier

reitarit hk.

Skýringarmynd af kerfi þar sem helstu hlutar eða hlutverk kerfisins eru sett fram með reitum, tengdum saman með línustrikum sem sýna vensl á milli reitanna.

· Reitarit eru ekki takmörkuð við áþreifanleg tæki.

– block diagram

reitur kk. → *hólf*¹

rek hk.

Óæskileg breyting á gildi frálagsmerkis frá tilteknu tæki á tilteknu tímasteiði þegar gildum allra flagsmerkja tækisins er haldið föstum.

– drift

rekill kk.

Forrit eða *forritshluti* sem veitir tiltekna *þjónustu*¹.

· Rekill stjórnar t.d. tækjum eða vinnslu annarra forrita.

Dæmi: *Prentararekill*, *rofsýslari*.

sh. *sýslari*

– driver, handler

rekja so.

Búa til *rakning*.

– trace²

rekja upp

Hætta við breytingar sem gerðar hafa verið frá því að seinast var *staðfest*.

– roll back

rekki kk.

Málmgrind fyrir vélbúnaðareiningar.

– rack

rekstraráhrifagreining kv.
– business impact analysis

rekstrarforrit hk.
– enterprise application

rekstrargagnaskemma kv.
sh. *rekstrarskemma*
– business information warehouse,
business warehouse

rekstrarsamfella kv.
– business continuity, business continu-
ance

rekstrarskemma kv. → *rekstrargagna-
skemma*

rekstrartæknistjórnun kv.
– business technology management,
BTM

rekstrarvísir kk.
(í *tölvukerfi* eða *tölvuneti*) Skriflegar
vinnureglur um venjulegan rekstur kerf-
isins eða netsins og undantekningar frá
honum.
– run book

rekstrarþjónustuveita kv.
– business service provider

rekstraröryggi hk.
– operational security

rekstur upplýsingakerfa
Stjórnun upplýsingatæknikerfa í fyrir-
tæki.
– systems management

renna so. → *bysja*

renna að → *bysja að*

renna frá → *bysja frá*

renning kv. → *bysjun*

repeat-until-setning kv. → *uns-setning*

repeat-while-setning kv. → *meðan-
setning*

reynslubundin markaðssetning
Netlæg markaðssetning þar sem not-
endum eru birtar auglýsingar tengdar
leitarorðum sem þeir hafa nýlega notað
eða eru tengdar nýlegu *vafri* á *veraldar-
vefnum*.
– contextual marketing

reynslunám hk.
Styrkingarnám, fólgið í því að fella
orsakadóma á meðan leitinn að lausn
stendur yfir.
· Reynslunám felur í sér tækni við að
merkja lykklur og hlykki á lausnar-
leiðinni, blindgötur og mistök, í því
skyni að komast hjá þeim síðar.
– learning while doing

reynslusmíð frumgerðar
(í *sýndarveruleika*) Það að búa til *eft-
irlíkingarkóta*, sem hefur tiltekna innri
reglur, og *inna* síðan kótann við mis-
munandi aðstæður til þess að kanna
áhrif hans.
– experiential prototyping, simulation-
dynamic modeling, VR model-
building

réttanleg villa
Villa sem er þess eðlis að *inning forrits*
getur haldið áfram.
– recoverable error

rétthafi léns
Sá sem hefur réttindi til að nota tiltekið
lén.
– domain name holder, domain reg-
istrant

réttleikasönnun¹ kv.
Það að sanna stærðfræðilega að merking
forrits sé í samræmi við *hönnunar-
lýsingu* þess.
– correctness proving

réttleikasönnun² kv.
Stærðfræðileg sönnun þess að merking
forrits sé í samræmi við *hönnunarlýs-
ingu* þess.
· Þetta er útkoman úr *réttleikasönnun*¹.
– proof of correctness

?**réttleiki** kk. → *heilleiki*

?**réttleiki gagna** → *heilleiki gagna*

réttmætisprófun kv.
Það að prófa hvort eitthvert gildi er í
samræmi við gefnar forsendur.
– reasonableness check

RFID → *rafaldskennsl*

RGB → *frumlitur*

RGB-myndmerki hk. → *frumlitamyndmerki*

RGB-mæninir kk. → *frumlitamæninir*

RIP-samskiptareglur kv. ft.

– Routing Information Protocol, RIP²

rippi kk. → *rastabúnaður*

risageymsla kv.

Ytri geymsla sem hefur mikla *geymslurýmnd*.

sh. *gríðargeymsla*

– mass storage, bulk storage

risi kk.

Gagnapakki eða önnur flutningseining sem er of stór fyrir flutning í einu lagi.

· Sjá einnig *kríli*.

– giant

rissletur hk.

Letur sem er ekki nægilega gott fyrir viðskiptabréf en nægir fyrir ýmis vinnuþlög og innanhússkjöl og leyfir hraðari prentun en *sómaletur*.

· Rissletur er prentað með *nálaprentara* eða jafnvel *keðjuprentara* eða *línuprentara*.

rissprentun kv.

Það að prenta *texta* með *rissletri*.

– draft quality printing

risstöfluaðferð kv.

Aðferð við *lausn viðfangsefnis* þar sem sameiginlegt vinnuminni, kallað *riss-tafla*, er aðgengilegt nokkrum *þekkingargjöfum* og er notað til þess að skiptast á milliniðurstöðum með hjálp *verkraðara*.

– blackboard model

ristími kk.

Sá tími sem þarf til þess að *merki*² breytist frá tilteknu lágu gildi í tiltekið hátt gildi þegar þrepafall er nálgæð.

· Venjulega eru þessi gildi 10% og 90% af hæð þrepsins.

– rise time

rita so.

*Birta*¹ gögn á myndfleti útstöðvar.

· Oftast notað sem *skipun*² í ýmsum *stýrikerfum*.

– type²

rita yfir

(í *ritvinnslu*) Skipta um *texta* með því að *slá inn* nýjan *texta* í sama svæði.

sh. *yfirrita*

– overwrite²

ritháttur kk. → *ritunarkerfi*

ritill kk.

Forrit, notað til þess að búa til *skrár* eða breyta þeim.

sh. *ritþór*

– editor, editor program

ritla so. → *ritvinna*²

ritlun kv. → *ritvinna*¹

ritsetja so. → *ritvinna*²

ritsetning kv. → *ritvinna*¹

ritsetningarskipun kv. → *ritvinnuskipun*

ritstafa- fl.

(um *gögn*, *ferli*¹ og *búnað*.) Sem er settur fram með *bókstöfum*, *tölustöfum* og venjulega einnig öðrum *stöfum*, t.d. greinarmerkjum, eða notar *gögn*, sett fram á þennan hátt.

– alphanumeric

ritstafagögn hk. ft.

Gögn, sett fram með *bókstöfum* og *tölustöfum* og e.t.v. einnig *sérstöfum* og *bilstaf*.

– alphanumeric data

ritstafakótað mengi

Kótamengi þar sem stökin eru fengin úr *ritstafamengi*.

– alphanumeric code element set, alphanumeric code set

ritstafakóti kk.

Kótunarregla sem leiðir af sér *ritstafakótað mengi* þegar hún er notuð.

– alphanumeric code

ritstafamengi hk.

Stafamengi sem í eru bæði *bókstafir* og *tölustafir* og e.t.v. einnig *sérstafir*.

– alphanumeric character set

ritstafaorð hk.

Orð sem í eru *stafir* úr einu *ritstafamengi*.

– alphanumeric word

ritstafastrengur kk.

Strengur, gerður úr *stöfum* úr *ritstafamengi*.

– alphanumeric string

ritstafur¹ kk.

Stafur sem ekki er *stýristafur* og er settur fram með sýnilegu *myndrænu tákni*, venjulega skrifaður, prentaður eða *birtur*¹ á *skjá*.

Dæmi: *Bókstafur*, *tölustafur*.

– graphic character

ritstafur² kk.

Stafur í *ritstafamengi*.

– alphanumeric character

ritstilling kv.

(í *samneti*)

– text mode

ritun kv.

Það að setja fram *gögn* með tilteknu *ritunarkerfi*.

sh. *táknun*

– notation²

ritunarkerfi hk.

Mengi *tákna* ásamt reglum um hvernig eigi að nota þau til þess að setja fram *gögn*.

sh. *táknkerfi*, *ritháttur*

– notation¹

ritvinna¹ kv.

(í *ritvinnslu*) Það að nota *ritvinnsluforrit* eða *ritvinnslutæki* til þess að fara með *texta*, t.d. til þess að umræða eða breyta textanum, þar með talið að bæta við og *eyða* *texta* eða endursníða hann.

sh. *ritsetning*, *ritlun*

– text editing, editing¹, text revision

ritvinna² so.

Bæta við, *eyða* eða breyta *texta* í *skjali*¹.

sh. *ritsetja*, *ritla*

– edit¹

ritvinnsla kv.

Beiting *gagnavinnslu* á *texta*, t.d. til þess að skrá, breyta, *raða*¹, *tvinna*, *heimta*, *geyma*¹, *birta*¹ eða prenta textann.

– text processing, word processing

ritvinnsluforrit hk.

Forrit, ætlað til *ritvinnslu*.

sh. *ritvinnslukerfi*¹

– text processor¹, word processor¹, word processing system¹

ritvinnslukerfi¹ hk. → *ritvinnsluforrit***ritvinnslukerfi**² hk. → *ritvinnslutæki***ritvinnslutæki** hk.

Tæki ásamt *hugbúnaði*, sérstaklega gert fyrir *ritvinnslu*.

sh. *ritvinnslutölva*, *ritvinnslukerfi*²

– text processor², word processor², word processing system²

ritvinnslutölva kv. → *ritvinnslutæki***ritvinnuskipun** kv.

*Skipun*², notuð til þess að leiðrétta og breyta *texta*.

· Ritvinnuskipun er venjulega í tvennu lagi, skipunarhluti og einn eða fleiri *stikar*¹.

sh. *ritsetningarskipun*

– editing command

ritþór kk. → *ritill***rjúfa** so.

sh. *grípa inn í*

– interrupt²

rjúfa á rofstað

Stöðva *inningu forrits* á *rofstað* um stundarsakir.

– initiate a breakpoint

rof hk.

Tímabundin stöðvun *ferlis*², t.d. *inningar forrits*, sem verður vegna ytri áhrifa en er þess eðlis að unnt er að halda áfram seinna eins og ekkert hafi í skorist.

sh. *ígrip*¹

– interrupt¹, interruption

rofaborð hk.

Búnaður sem hefur rofa til þess að stjórna *tölvu* eða hluta hennar á handvirkan hátt og *gaumvísa* sem veita *upplýsingar*¹ um starfsemi kerfisins.

- Rofaborð getur verið hluti af *stjórnborði*.

– operator control panel

rofbeiðni kv.

– interrupt request

rofgisti hk.

Sérhæft *gisti* sem í eru nauðsynleg gögn til þess að fást við *rof*.

sh. *ígrípsgisti*

– interrupt register

rofhappur kk.

Aðgerðarhappur sem veldur tíma- bundnu *rofi* í *ílags-* eða *frálagsferli*.

- Sem rofhappur er oft notaður aðgerðarhappur, merktur F1, *umskiptahappur*, merktur ALT, eða samsetning af nokkrum hnöppum, þar á meðal umskiptahappur og *stýrihappur*, merktur CTRL.

– attention key

rofmerki tækniferlis

*Merki*² sem kemur frá *tækniferli* og veldur *rofi* í *gagnavinnslukerfi* fyrir *tækniferli*.

sh. *ígrípsmerki tækniferlis*

– process interrupt signal

rofstaður kk.

Staður í *forriti*, *forritseiningu* eða *setningu*¹ þar sem stöðva má *inningu* um stundarsakir ef tiltekið ástand eða atburður verður.

- Rofstaður er notaður til þess að fylgjast sjálfvirkt eða á handvirkan hátt með því hvernig forrit vinnur og hvaða útkomu það gefur.

- Í hverju forriti geta verið fleiri en einn rofstaður.

– breakpoint

rofstýrður lo.

Sem notar *rof* til þess að stýra notkun

ílagstækja og *frálagstækja* og sinna notendum.

- Þegar notað er rofstýrt *stýrikerfi* þarf kerfið ekki sífellt að fylgjast með óskum notenda. Ef slegin er inn *skipun*² veldur það rofi og kerfið geymir *upplýsingar*¹ um hvað það var að gera á meðan það sinnir beiðni notanda.

Dæmi: Rofstýrður gagnaflytningur.

sh. *ígrípsstýrður*

– interrupt-driven

rofsýslari kk.

Forrit eða *forritshluti* sem lætur í té *þjónustu*¹ til þess að bregðast við tiltekinni gerð af *rofi*.

- Rofsýslari sér t.d. um að varðveita gögn í tilteknum *gistum* og *geymsluhólfum* og kalla á önnur forrit.

sh. *ígrípsýslari*

– interrupt handler

rofvigur kv.

Röð grannstæðra *geymsluhólfa* þar sem í hverju hólfu er *geymt*² *vistfang* þess *rofsýslara* sem kalla verður á þegar tiltekið *rof* verður.

sh. *ígrípsvigur*

– interrupt vector

rófbreikkuð samfellusending

– direct sequence spread spectrum

rófbreikkun kv.

Form *þráðlausra samskipta* þar sem tíðni sendra *merkja*² getur verið mjög breytileg.

– spread spectrum

rót¹ kv. → *rótarhnútur***rót**² kv. → *ofurpaur***rótarefnisskrá** kv. → *aðalefnisskrá***rótarhnútur** kk.

*Hnútur*³ sem hefur engan *móðurhnút*.

sh. *rót*¹

– root node

rótarlén hk.

Efsti hluti „nafnakerfis lýðnetsins“, táknaður með punkti í enda *lénshéittis*.

- Punkturinn er oftast undirskilinn en

ekki sýndur.

- Í rótarléninu eru einungis tilvísanir í *höfuðlén*.
 - Rótarlénið minnir á *aðalefnisskrá* (*rótina*¹) í Unix-stýrikerfi.
Dæmi: Í lénsheitinu „hi.is.“ táknar aftasti punkturinn rótarlénið. Venjulega er þetta lénsheiti ritað „hi.is“.
- root domain

rótarkill kk.

(í *tölvuöryggi*) Sá *einkalykill* *vottunarstöðvar* sem nýtur æðsta trausts.

- Rótarkillinn er notaður til að undirrita hin traustustu vottorð.
- root key

rótarskilríki hk.

(í *tölvuöryggi*) *Dreifilyklaskilríki* sem er efst í *stigveldi* trausts og gefið út af *vottunarstöð* til að undirrita önnur *rafræn skilríki*.

- Rótarskilríki eru undirrituð með *einkalykli* þeirrar *lyklatvenndar* sem tilheyrir sjálfu skilríkinu. Rótarskilríki eru því sjálfundirrituð.
- root certificate

rótarsæða kv.

Tala eða stærð sem ekki er unnt að tjá sem *hlutfall* tveggja *heilla talna*.

– surd

RPG

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega ætluðu til þess að skrifa skýrslur, búa til *skrár* og halda þeim við.

- RPG er *stytting* á „Report Program Generator“.
- RPG

RSS-mát

Ein tegund *vefmáts*.

- „RSS“ er upphaflega *skammstöfun* á „RDF Site Summary“, stundum kallað „Really Simple Syndication“.
 - „RDF“ er skammstöfun á „Resource Description Framework“.
- RSS feed

RTF-snið hk.

– Rich Text Format, RTF

RTP-samskiptareglur kv. ft.

Tilteknað staðlaðar *samskiptareglur*¹ fyrir *lýðnetið*.

– Real-Time Transport Protocol, RTP

rugla so. → *brensla*

ruglari kk. → *brenslari*

ruglingsfylki hk.

Fylki, notað til þess að skrá fjölda bráðabirgðadæma sem hafa verið flokkuð rétt eða rangt samkvæmt tilteknum reglum.

– confusion matrix

runa kv.

Röð atriða sem hefur verið *raðað línulega*.

– sequence¹

runu- fl. → *runubundinn*

runubundinn lo.

(um *ferli*¹) Þar sem allir atburðir verða viðstöðulaust hver á eftir öðrum.

sh. *runu-*

– sequential

runubundinn birtir

Tegund *skuggastafaglugga* þar sem einn *smári* er notaður til þess að stjórna *runu díla*.

- Þessi tegund *birtis* er ódýrari en *himnubirtir* en myndin verður ekki eins skýr.

– passive matrix display

runugeymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem aðeins er *runuleið* að *gögnum*.

sh. *raðgeymsla*

– sequential access storage, serial access storage

runuleið kv.

Aðferð við að setja *gögn* í *geymslu*¹ eða á *gagnamiðil* í sömu röð og þau eru *geymd*² og *sækja*¹ þau í sömu röð og þeim var raðað í *geymsluna*.

sh. *raðleið*, *raðbundinn aðgangur*

– sequential access, serial access

runuleit kv.

*Leit*¹ þar sem stök í mengi *gagna* eru skoðuð hvert á eftir öðru.

– linear search, sequential search

runurás kv.

Rökrás þar sem frágildum á tiltekinni stundu eru háð ílagsgildum og ástandi rásarinnar á þeirri stundu. Ástand rásarinnar er háð næstu ílagsgildum á undan og fyrra ástandi hennar.

· Runurás hefur endanlegan fjölda horfa og því má líta á hana sem endanlega sjálfvirka vél.

– sequential circuit

runurökvisi kv.

– sequential logic

runusamfesta kv.

Samfesta þar sem *útkoma* úr einni athöfn verður *þolandi* annarrar athafnar sem sama *forritseining* framkvæmir.

– sequential cohesion

runusending kv.

Það að senda *gögn* í slöttum til *tölvu* um *ílagstæki* sem tengt er tölvunni um *gagnagrein*.

– remote batch entry, RBE

runuskrá kv.

Skrá þar sem *færslum*¹ er þannig skipað að *aðgangur*¹ er að þeim í tiltekinni röð.

– sequential file, sequential data set

runutáknun kv.

Kótun *stafræns* flaums *gagna*, fólgin í því að skilgreina hann sem talnarunu þar sem hver tala táknar lengd *runu* af jafngildum stökum.

· Tilgangurinn með runutáknun er að draga úr *kröfum* til *geymslu*² og flutningsgetu.

Dæmi: Stafræn kótun þar sem hver runa af *dílum* í *skannlínu* með sama *gráma* er sett fram sem gildi á styrkleika og lengd.

– run-length encoding

runuverk hk.

Verk sem er sett með öðrum verkum í *runuvinnslu*.

– batch job, batched job, stacked job

runuvinnsla kv.

Það að vinna úr *gögnum* eða vinna *verk*, sem safnað er saman fyrir fram, þannig að notandi getur ekki haft áhrif á vinnsluna eftir að hún er hafin.

– batch processing

runuvinnsluumhverfi hk.

Vinnsluumhverfi þar sem *ílagsgögnum* er safnað saman í bagga og unnið úr þeim þannig, en ekki jafnóðum og þau berast.

– batch-processing environment

runuþjálfun kv.

Þjálfun þar sem *taugamótavægi* eru stillt eftir að hvert *mynstrasafn* hefur verið kynnt.

– batch training

rusl hk.

– garbage

ruslakarfa kv.

(í *gluggaumhverfi*)

– recycle bin, trash

ruslpóstur kk. → *amapóstur***ruslsópun** kv.

Það að finna *geymsluhólf* sem ekki er verið að nota og losa þau til þess að unnt sé að nota þau aftur.

· Ruslsópun getur einnig falið í sér að flytja til *gögn* í *minni*.

– garbage collection, garbage collecting

rúða kv.

(í *gluggaumhverfi*)

– pane

rúðuskil hk. ft.

– split bar

rúmsjáraðferð kv.

Notkun þríhyrningamælinga milli tveggja eða fleiri punkta til þess að ákvarða bil eða dýpt.

– stereoscopic approach

rúmsjargreining kv.

Myndgreining þar sem eru notaðar tvær myndir² af sama *vangi*, teknar frá mismunandi stöðum, og *upplýsingar*¹ um dýpt myndarinnar, leiddar af mismunandi staðsetningu sama *sérkennis* á myndunum.

– stereo analysis, stereoscopic analysis

rúmsjón kv. → *þrívíddarsjón***rúmsstíkun** kv.

Mæling fjarlægðar með því að nota þrívíddarmyndir.

– stereopsis¹

rúmsundurgreining¹ kv.

Umhverfan af fjölda *díla* sem svæði á mynd² er gert úr.

Dæmi: Á mynd með rúmsundurgreiningu einn deilt með 256×256 eru 65 536 *stakrænir* dílar.

– spatial resolution¹

rúmsundurgreining² kv.

(í *stíklumiðlun* og *margmiðlun*) Sexvíð *sundurgreining* sem verður til þegar það svið sem er skynjað eða greint er *bútað* í tiltekna einingar.

Dæmi: Ónákvæmir *gagnahanskar* hafa 5 gráðu hornsundurgreiningu.

– spatial resolution²

ryðja inn

Flytja aftur í *aðalminni gögn* sem áður var *rutt út*.

– roll in, swap in

ryðja út

Flytja *gögn*, t.d. *skrár* eða *forrit*, úr *aðalminni* í *ytri geymslu* til þess að rýma *aðalminni* til annarra nota.

– roll out, swap out

ryksugubjarki kk.

sh. *þjarkaryksuga*

– robotic vacuum cleaner, robotic vacuum

rýmisflækjustig hk.

Mælikvarði á það minnisrými sem nauðsynlegt er til að leysa tiltekið verkefni.

· Rýmisflækjustig er fundið eftir nákvæmri skilgreiningu á *ílagsgögnum* og *algrími* þar sem lausnaraðferð er lýst.

· Sjá einnig *flækjustig*.

– space complexity

rýmisveita á vefþjóni

Einstaklingur eða fyrirtæki sem lætur í té geymslurými á *þjóni*¹ fyrir *vefsíður*, venjulega gegn gjaldi.

– server space provider

rýna so. → *endurskoða***rýni tölvukerfis** → *endurskoðun tölvukerfis***rýnisrá** kv. → *endurskoðunarskrá***ræð tala**

Rauntala sem er *hlutfall heillar tölu* og annarrar heillar tölu sem ekki er núll.

– rational number

ræmuafritari kk.

Tæki sem *afritar* öll *gögn* eða hluta þeirra af einni *gataræmu*¹ á aðra.

– tape reproducer

ræmugatari kk.

Götunartæki sem skráir *gögn* sem *gatasamstæður* á *gataræmu*¹.

– tape punch

ræmulesari kk. → *gataræmulesari***ræsa** so.

Frumstilla *tölvu* með því að setja *stýrikerfið* aftur í *innra minni*.

– boot

ræsidisklingur kk.

– bootable floppy

ræsiforrit hk.

Stutt *forrit* sem er *vistfast* eða auðvelt að setja í *innra minni* og færir stærra forrit, svo sem *stýrikerfi* eða *hleðsluforrit* þess, í *minni* þegar það er *innt*.

– bootstrap¹, initial program load¹, IPL¹

ræsihleðsluforrit hk.

Stutt *forrit*, notað til þess að setja *ræsiforrit* í *innra minni*.

– bootstrap loader

ræsikjarni kk.

(í *stýrikerfum*) Grunnstýringarkerfi, þ.e. sá hluti stýrikerfis sem stjórnar starfsemi ýmissa fylgitækja.

– BIOS, basic input-output system

ræsireglur kv. ft.

Reglur sem segja til um hvernig netnotandi fær sjálfvirkt *IP-númer* og *uppsetningu* á *stýrikerfi*.

– bootstrap protocol

rödd kv.

Hljóð sem verður til í barkakýli og mótast í munn.

– voice

röð kv.

Tiltekið skipulag, fengið með því að *raða*¹.

· Röð þarf ekki að vera línuleg eins og *runa*, sbr. þá röð sem fæst við röðun í *stigveldi*.

– order¹

röðuð hrísla → *raðað tré***röðunarforrit** hk.

Forrit sem *raðar*² *gagnastökum*¹.

– sort program

rök- fl. → *röklegur***rökaðgerð**¹ kv.

*Aðgerð*¹ sem lýtur lögmálum *stærðfræðilegrar rökfræði*.

– logic operation¹, logical operation¹

rökaðgerð² kv.

*Aðgerð*¹ sem er þannig að sérhver *stafur* í *útkomunni* er aðeins háður samsvarandi stöfum í hverjum *þolanda*.

– logic operation², logical operation²

rökaðgerð³ kv.

*Aðgerð*¹ þar sem *þolendur* og *útkoman* geta hvert um sig tekið annað tveggja ólíkra gilda.

· Heitið „binary operation“ ætti að varast til þess að forðast rugling við „dyadic operation“ og við „binary arithmetic operation“.

– Boolean operation², ?binary operation³

rökdeild kv.

sh. *rökeining*

– logical partition

rökeining kv. → *rökdeild***rökfræði fyrstu stéttar**

· Rökfræði fyrstu stéttar er táknræn rökfærsla þar sem hver setning, eða yrðing, er sundurliðuð í frumlag og umsögn. Umsögnin breytir eða skilgreinir eiginleika frumlagsins. Í rökfræði fyrstu stéttar getur umsögn aðeins átt við einstakt frumlag.

sh. *fyrstu-stéttar umsagnareikningur*

– first-order logic, first-order predicate calculus, first-order functional calculus

rökgerðarlýsing kv.

Sá hluti af *lýsingu innri gerðar* sem lýtur að *rökstiginu* og er þess vegna hluti af *gagnasafnslýsingunni*.

– logical schema

rökhlíð hk.

– logic gate

rökhringur kk.

Fræðileg framsetning á *tókabrautarneti* sem sendir *tóka* milli *gagnastöðva* til þess að líkja eftir tilhögun netstjórnar í *hringneti*.

– logical ring

rökleg aðgangsstýring

Notkun upplýsingatengdra aðferða við *aðgangsstýringu*.

Dæmi: Notkun *aðgangsorðs*.

– logical access control

rökleg eining

– logical unit

rökleg forritun

Aðferð við að móta *forrit* sem safn af röklegum reglum með *ílægum algrímum* til þess að vinna úr *ílagsgögnum* forritsins eins og það segir til um.

– logic programming

rökleg færsla

Samsafn skyldra *gagnastaka*¹ sem líta má á sem *færslu*¹ óháð því hvernig hún

er geymd.

- Einni röklegri færslu má skipta á milli nokkurra *raunlægra færslna*, og ein raunlæg færsla getur geymt fleiri en eina röklega færslu.

– logical record

rökleg leiðing

(í rökfræði)

– logical implication

rökleg samfesta

Samfesta þar sem athafnir *forritseiningar* eru röklega sambærilegar.

Dæmi: Vinnsla *gagna* frá mismunandi flagsmiðlum í einni forritseiningu.

– logical cohesion

rökleg starfsemishönnun

Starfsemishönnun þar sem notaðar eru formlegar aðferðir, t.d. *stærðfræðileg rökfræði*, til þess að lýsa kerfisþáttum.

– logic design

röklegt jafngildi

(í rökfræði)

– logical equivalence

röklegur lo.

Sem lýtur að skipan *gagna* eins og notandi skynjar hana.

sh. *rök-*

– logical

rökleiðsla kv.

Það að maður eða *tölva* ályktar af gefnum forsendum.

– reasoning

rökmynd kv.

Myndræn framsetning á röklegri *starfsemishönnun*.

– logic diagram

rökkrás kv.

Tæki sem framkvæmir *rökadgerðir*¹.

– logic device

röksamanburður kk.

Athugun á tveimur *strengjum* til þess að ákvarða hvort þeir eru eins.

– logical comparison

rökstig hk.

Stig hugsunar þar sem fengist er við *gagnasafn* og *högun* þess í samræmi við *skilningsgerðarlýsingu* og samsvarandi *upplýsingasafn*, óháð því hvernig gagnasafninu er komið fyrir í *tölvu*.

sh. *skynjunarstig*

– logical level

rökstjak hk.

Stjak sem verkar eins á alla *stafi tölvuorðs*.

– logical shift, logic shift

röktafla kv. → ákvörðunartafla

röktag hk.

Gagnatag þar sem *gagnahlutir* geta einungis tekið rökleg gildi (venjulega SANNUR eða ÓSANNUR) og einungis röklegir *virklar* geta gert á þeim *aðgerðir*¹.

- Sjá einnig *stafatag*, *upptalningartag*, *heiltölutag* og *rauntölutag*.

– logical type

röktákn hk.

Tákn sem stendur fyrir *virka*, fall eða starfsemistengsl.

– logic symbol

rökverk hk.

Sá hluti *gjörva* þar sem *rökadgerðir*¹ eru framkvæmdar.

– logic unit

rökvilla kv.

Mistök í hönnun *forrits*.

– logical error

rönd kv. → rein¹

röskunargát kv.

Aðferð, notuð til þess að komast að því hvort *gögnum* hefur verið breytt, annaðhvort fyrir slysi eða af ásettu ráði.

– manipulation detection, modification detection

röskunargátarkóti kk.

Bitastrengur sem er fall af *gögnum* sem hann er látinn fylgja til þess að gefa kost á *röskunargát*.

- Samsvarandi *skeyti*² (gögn ásamt

röskunargátarkóta) má síðan *dulrita* til þess að tryggja leynd eða *sannvottun gagna*.

- Fallið sem er notað til þess að búa til röskunargátarkótann verður að vera öllum tiltækt.
- manipulation detection code, modification detection code, MDC

röskunarlaus ógn

Ógn um *uppljóstrun* á *upplýsingum*¹ án breytingar á stöðu *gagnavinnslukerfis*.

Dæmi: Ógn um að endurrétta *viðkvæmar upplýsingar* með því að hlera *gagnasendingu*.

- passive threat

röskunarógn kv.

Ógn um áformaða heimildarlausu breytingu á stöðu *gagnavinnslukerfis*.

Dæmi: (1) Ógn um að breyta *skeytum*² eða *skjóta inn* fölsuðum *skeytum*. (2) Ógn um *dulgervingu*. (3) Ógn

um *miðlunarsynjun*.

- active threat

röskva kv. → *röskvatölva*

röskvatölva kv.

Tölva með *örgjörva* sem hefur lítið *skipanamengi*.

- Aðeins algengustu *skipanir*² eru í skipanamenginu og þeim er raðað saman til þess að ná sem mestum hraða. Flóknar aðgerðir eru gerðar með *hugbúnaði*.

sh. *röskva*

- reduced instruction set computer, RISC

röskvatölva af annarri kynslóð

- second-generation RISC

röstun kv.

Aðferð í *myndsetningu*, fólgin í því að búa til *mynd*¹, samsetta af *dílum*.

- rasterization

S

safnari kk.

Gisti þar sem unnt er að setja einn *þolanda aðgerðar*¹. Útkoma aðgerðarinnar er síðan sett í gistið í stað þolandans.

- accumulator

safnforrit hk.

Forrit í *forritasafni*.

- library program

safnhorn hk.

Hornið á milli línu frá ljósgjafa að miðju skynjara og línu frá sama ljósgjafa að *útlínu* sama skynjara.

- collection angle

safnskrá kv.

Skrá sem haldið er til haga til frekari rannsóknar eða *sannprófunar*, t.d. í öryggis skyni.

- archive file¹

safnvista so.

*Geyma*² *afrit af skrá*m og tengdar *dagbækur*¹, venjulega í tiltekinn tíma.

- archive¹

safnvistuð skrá

Skrá sem eintak er til af í safni.

- archived file

safnvistun kv.

Það að *safnvista*.

- archiving

safnvörsluforrit hk.

- librarian, librarian program

sali kk.

Einstaklingur eða fyrirtæki sem selur einhverjum öðrum vörur eða *þjónustu*¹.

- sh. *seljandi*

– vendor, dealer

samanburðarskráning kv.

Það að athuga nákvæmni í *gagnaskráningu* með því að nota *hnappaborð* til þess að skrá aftur sömu *gögn*.

– keystroke verification

samanfeldur lo. → *lokaður*¹

samanfelling kv. → *lokun*¹

samása kapall → *samása strengur*

samása lína

Flutningsmiðill sem í eru tveir sívalir leiðarar, annar innan í hinum, með sameiginlegan ás.

– coaxial pair

samása strengur

Strengur sem í er ein eða fleiri *samása línur*.

sh. *samása kapall*

– coaxial cable

Samba

Heiti á vinsælu *forriti* sem er *frjáls hugbúnaður* og gefur notendum kost á að fá *aðgang* að og nota *skrár*, *prentara* og önnur samnýtt *tilföng* á *heimaneti* fyrir tækis eða á *lýðnetinu*.

– Samba

samband¹ hk.

Tengsl milli *búnaðareininga*, ætluð fyrir *gagnasendingar*.

– connection¹

samband² hk.

(í *OSI-högun*) Samstarfsvensl sem tiltekið *lag*¹ hefur komið á milli tveggja eða fleiri *eininda*² í næsta lagi fyrir ofan til þess að *flytja gögn*.

– connection³

sambandsbundin sending

Flutningur gagnaeininga frá *þjónustutengi* á sendistað til eins eða fleiri *þjónustutengja* á viðtökustað með því að nota *samband*².

· Sambandinu er komið á áður en *gagnasending* hefst og það er rofið að lokinni *gagnasendingu*.

Dæmi: Sending um *rásavalsnet*.

– connection-mode transmission, connection-oriented transmission

sambandsbundinn lo.

– connection-oriented

sambandsfrjáls lo.

– connectionless

sambandsfrjáls sending

Flutningur stakrar gagnaeiningar frá *þjónustutengi* á sendistað til eins eða fleiri *þjónustutengja* á viðtökustað án þess að koma á *sambandi*².

Dæmi: Sending um *pakkanet*.

– connectionless-mode transmission, connectionless transmission

sambandsrof hk.

Aftenging sem fylgir ekki hefðbundnum aðferðum.

· Sambandsrof getur gert öðrum *einindum*¹ kleift að fá heimildarlausan *aðgang*¹.

– aborted connection

samberi kk.

Búnaður sem ber saman tvö *gagnastök*¹ og sýnir *útkomu* samanburðarins.

– comparator

samdráttur kk.

Rúmfræðileg aðgerð sem minnkar *hlut*³.

– contraction

sameiginleg breyta

*Breyta*² sem tvær eða fleiri *ósamstilltar stefjur* eða *forrit*, *innt samskeiða*, geta haft *aðgang*¹ að.

– shared variable

sameiginleg gögn

Gögn sem tvær eða fleiri *forritseiningar* geta haft *aðgang*¹ að.

· Forritseiningarnar geta verið *ósamstilltar* eða *samskeiða*.

Dæmi: (1) COMMON í *Fortran*. (2) Einfaldar *breytur*² í *PL/I* af taginu EXTERNAL. (3) Snið *pakka*² í *Ada*.

– shared data

sameiginleg neitun → *samneitun*

sameiginleg samtenging

*Samtenging*¹ þar sem *forritseiningar* hafa *aðgang*¹ að sameiginlegum gögnum.

– common-environment coupling, common coupling

sameining kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Flutningsatvik* sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* sameinar nokkur tilvik sama *skeytis*² eða *kanna* eða nokkrar *skilatilkygningar* um sama skeyti eða kanna.

– joining

samfellingur kk. → *samfellublöð***samfellublöð hk. ft.**

Sfellublöð, brotin saman líkt og blævængur og venjulega götuð á báðum brúnum svo að unnt sé að láta þau fara samfellt í gegnum *prentara*.

sh. *samfellingur*

– fanfold paper, zig-zag fold paper, z-fold paper

samfesta kv.

Það hvernig og að hve miklu leyti athafnir í einni *forritseiningu* tengjast hver annarri.

- Sterk samfesta felur í sér mikil tengsl á milli athafna í forritseiningu.
- Til eru ýmsar gerðir af samfestu sem má raða eftir styrkleika frá sterkri samfestu til veikrar:

starfræn samfesta

gagnasamfesta

samskiptasamfesta

tímasamfesta

rökleg samfesta

tilviljunarsamfesta

- Sjá einnig *samtenging*¹.

– cohesion, module strength

samfesta klasa

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það að hve miklu leyti stök í *klasa*⁴ lýsa öll hlutverki klasans.

– class cohesion

samflétta so.

– interlace

samfléttubirtir kk.

Myndlampabirtir þar sem *röstin* lína er *samfléttuð* á tiltekinn hátt.

– interlaced display

samfléttuð GIF-mynd

– interlaced GIF

samfylgni skyndiminnis

• Lýtur að notkun *fjölgyörvatölvu* með sameiginlegt *minni*.

– cache coherence

samfærsla kv.

Það hversu nákvæmlega *mynd*² er staðsett miðað við aðra mynd samkvæmt einhverri rúmfræðilegri breytingu, t.d. *snúningi*, *hliðrun*² eða stækkun.

– registration²

samgjörvi kk.

Gjörvi sem notar sama *minni*, *fylgitæki* og *hugbúnað* og aðalmiðverkið í fjölgyörvakerfi sem hann er tengdur við.

• Ef aðalgjörvinn bilar getur samgjörvinn ekki komið í stað hans.

– attached processor, coprocessor

samheitalisti kk.

– synonym wordlist

samheiti hk.

Sérheiti sem á við sama *einindi*¹ og annað sérheiti.

– synonym

sambengisfrjáls mállýsing

Mállýsing sem hefur endanlegan fjölda af reglum og *millitáknum* þar sem hver regla lýsir leyfilegri breytingu á einu millitákni í endanlegan *streng* af táknum.

• Strengur sem hefur ekki millitákn telst vera í *málinu* ef unnt er að búa hann til með því að nota reglurnar endanlega oft á tiltekið byrjunartákn.

– context-free grammar

sambengisfrjálst mál

Mál sem unnt er að lýsa með *sambengisfrjálsri mállýsingu*.

– context-free language

samhengisgreining kv.

Það að bera kennsl á *hlut*³ eftir þekktum einkennum sem ráða útliti hans í tilteknu samhengi.

– contextual analysis

?**samhengisháð hjálp** → *atviksbundin hjálp*

samhengisháð mál

Mál sem unnt er að lýsa með *samhengisháðri mállýsingu*.

– context-sensitive language

samhengisháð mállýsing

Mállýsing sem hefur endanlegan fjölda af reglum og *millitáknum* þar sem hver regla lýsir leyfilegri breytingu á endanlegum *streng* af táknum í annan endanlegan streng af táknum.

· Strengur sem hefur ekki millitákn telst vera í *málinu* ef unnt er að búa hann til með því að nota reglurnar endanlega oft á tiltekið byrjunartákn.

– context-sensitive grammar

samhlekkjun kv.

Aðferð við að *geyma*² *gagnastök*¹ sem *keðjulista*.

– chaining¹

samhlekkjun forrits

Aðferð við úrvinnslu stórra *forrita*, fólgin í því að skipta þeim í kafla og vinna úr einum kafla í einu.

· Samhlekkjun forrits hefur einkum verið beitt í *einmanningstölvum* þegar forrit hefur ekki komist fyrir í *aðalminni* í einu lagi en er nú lítið notuð.

– chaining²

samhliða lo.

(um *ferli*¹) Þar sem allir atburðir verða á sama tímabili, og hver einstakur atburður er tekinn fyrir í sérstakri *búnaðareiningu*.

Dæmi: Samhliða sending *bita* í *orði* eftir línunum á *tengibraut*.

– parallel

samhliða dreifvinnsla

(í *tauganetum*) Vinnsla, dreifð á fjölmarga *gervitaugunga* sem starfa samhliða.

– parallel distributed processing

samhliða keyrsla

Rekstur tveggja *upplýsingavinnslukerfa*, eins sem fyrir er og annars sem áformað er að taki við af hinu, með sömu *verkforritum* og frumgögnum, í því skyni að bera kerfin saman og prófa áreiðanleika.

· Síðarnefnda kerfið er haft til viðmiðunar.

– parallel run

samhliða samlagning

Samlagning þar sem samsvarandi *tölustafir* í öllum *sætum*² *þolendanna* eru lagðir saman *samhliða*.

– parallel addition

samhliða samleggjari

Samleggjari sem samtímis leggur saman samsvarandi *tölustafi* í öllum *sætum*² *þolendanna*.

– parallel adder

samhliða sending

Það að *senda* samtímis um aðskildar *sendirásir* öll *merkjastök* sem standa fyrir *staf* eða aðra einingu *gagna*.

– parallel transmission

samhliða tengildi

Tengildi þar sem allir *bitar* í *bæti* eða *orði* eru sendir samtímis og hver biti hefur sinn vír.

– parallel interface unit

samhliðatengi hk.

– parallel port

samhliðavinnsla kv.

Gagnavinnsla þar sem unnið er samtímis við fleiri en eitt verk eða verkhluta.

· Sjá einnig *raðvinnsla*, *fjölverkavinnsla* og *fjölgjörvavinnsla*.

– parallel processing, parallel computing

samhliðavinnslubúnaður kk.

– parallel processing software

samhverf dulritun

(í tölvuöryggi) *Dulritunaraðferð* þar sem sömu *dulmálslyklar*, sem eru *leynilyklar*, eru notaðir fyrir *dulritun* og *dulráðningu*.

· Samhverf dulritun er oftast *einlykla dulritun*.

– symmetric cryptography

samhverf tvíundarás

*Rás*² sem er hönnuð til þess að flytja *skeyti*¹, samsett af *tvíundastöfum*, og hefur þann eiginleika að skilyrt líkindi á því að einhver stafur breytist í hinn stafinn eru jöfn.

– symmetric binary channel

samhýsa so. → *samvista***samhýsing** kv. → *samvistun***samhýsingarsamningur** kk. → *samvistunarsamningur***samhæfi** kv.

Geta búnaðar til þess að vinna með öðrum búnaði og standast *kröfur* sem tiltekin *skil*¹ milli þeirra gera, án þess að gerðar séu verulegar breytingar.

– compatibility

samhæfing aðgangsorða

Sannvottunarferli sem felst í því að samhæfa *aðgangsorð* notenda í ólíkum *tölvunetum*, *verkforritum* og *tölvum*.

– password synchronization

samhæfur¹ lo.

(um búnað) Sem vinnur tiltekin verk á svipaðan hátt og annar búnaður, þ.e. tiltekinn búnaður getur komið í stað annars.

– compatible¹

samhæfur² lo.

(um *tölvu*) Sem getur tekið við og *inntforrit* sem eru samin fyrir aðrar tölvur.

– software-compatible, compatible²

samkaup hk. ft.

– consortium

samkeppni kv. → *steyting*¹**samkeppnisnám** hk.

Viðgjafarlaust nám þar sem *gervitaugungar* keppa um réttinn til að svara tilteknu undirmengi *íлага*.

· Svar *gervitaugungs* við ílagsmynstri hefur tilhneigingu til að hefta aðra gervitaugunga.

– competitive learning

samkort hk.

Greiðslukort sem getur verið *hleðslukort* auk þess að vera *staðgreiðslukort* eða *biðgreiðslukort*.

– combination card

Samkóti kk. → *Unicode***samkvæm alhæfing**

Alhæfing hugtaks sem nær yfir sum eða öll *jákvæð dæmi* úr hugtakaflokki og útilokar öll *neikvæð dæmi* úr þeim flokki.

– consistent generalization

samleggjari kk.

Búnaður sem leggur saman tölur og skilar samtölunni sem *útkomu*.

– adder

samleggjari og frádragari

Búnaður sem ýmist leggur saman eða dregur frá eftir því hvaða stýrimerkir hann fær.

· Smíða má samleggjara og frádragara þannig að hann skili samtölu og mismun samtímis.

– adder-subtractor

samleiðir kk.

Yfirheiti yfir tæki sem gegna miðstöðvarhlutverki.

Dæmi: *Netald* og *beinir*.

– aggregator

samleifa teljari → *samleifa teljari með hliðsjón af N***samleifa teljari með hliðsjón af N**

Teljari sem getur sýnt tölurnar 0, 1, ..., N–1. Næst á eftir N–1 kemur talan 0.

sh. *samleifa teljari*

– modulo-N counter

samlægar myndeindir → *samlægir dílar*

samlægir dýlar

Runa dýla sem liggja saman.

sh. *samlægar myndeindir*

– contiguous pixels

samlægri kv.

Það að vera *samlægur*.

– contiguity

samlægur lo.

– contiguous

sammerki hk.

Táknið ∪.

– union symbol

samnefni¹ hk.

Aukalegt *nefni* fyrir *máleiningu*.

sh. *uppnefni¹*

– alias¹

samnefni² hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Annað nafn fyrir heiti eða *vistfang*.

· Unnt er að nota samnefni í *notendaskrá*.

sh. *uppnefni²*

– alias²

samneitun kv.

Tvístæð rökaðgerð sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að báðir *þolendur* hafi Boole-gildið 0.

sh. *sameiginleg neitun*

– non-disjunction, NOR operation, NEITHER-NOR operation, ?NOT-OR operation

samneitunargátt kv.

Gátt sem framkvæmir *rökaðgerðina*³ *samneitun*.

sh. *hvorkingátt*

– NOR gate, NOR element

samnet hk.

Net sem veitir eða gerir ráð fyrir ýmiss konar fjarskiptaþjónustu með því að nota *stafrænt samband* á milli *skila*¹ nets og notenda.

· Dæmi um þessa *þjónustu*¹ er talsíma-kerfi, *gagnasendingar*, *tölvupóstþjónusta*, *símsendingar* og sjón-gagnasendingar.

– integrated services digital network, ISDN

samnetavinna kv.

Samtenging tveggja eða fleiri *neta*, venjulega *staðarneta*, þannig að *gögn* geti farið milli *hýsitölva* á ýmsum netum eins og þau væru eitt net.

· Þetta krefst *beinis* eða *millinetagátta*.

– internetworking

samnetstengildi hk.

(í *samneti*)

– terminal adapter

samningur kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Samstæða ýmiss konar *þjónustu*¹ sem *þjónn*² veitir *biðlurum*².

· Venjulega felst *þjónustan* í aðferðum til þess að bregðast við beiðnum.

– contract²

samningur um notandaleyfi

– end-user license agreement, EULA

samnota lo.

(um *forrit* eða hluta forrits) Sem unnt er að kalla á hvenær sem er þótt *inning* standi yfir.

– reentrant

samnotalykill kk.

(í *tölvuöryggi*)

– shared key, pre-shared key

samnotaminni hk.

– shared memory

samnýting skráa

– file sharing

samofinn hugbúnaður

Hugbúnaðarpakki þar sem sameinaðar eru nokkrar aðgerðir sem sérstök *forrit* sjá um.

· Samofni hugbúnaðurinn getur falið í sér *töflureikni*, *ritvinnsluforrit*, forrit fyrir umsjón *gagnasafns* og forrit fyrir gerð *skýrslumynda*.

sh. *samþættur hugbúnaður*

– integrated software

samraða so.

Skipa tveimur eða fleiri mengjum *gagna* í eitt mengi samkvæmt fyrir fram ákveðinni *röð*.

– collate

samraðari kk.

Tæki sem *samraðar*, *tvinnar* eða *mátar saman* flokka *gataspjalda*² eða annarra *skjala*¹.

– collator

samrás kv.

Rafeindarás þar sem mörgum samtengdum *smárum*, *rökrásum* og öðrum hálfleiðarabútum er komið fyrir á yfirborði örsmárrar *kísilflögu*.

– integrated circuit, IC

samrásaminni hk.

*Geymsla*¹, gerð úr *samrásum*.

– integrated circuit memory, IC memory

samrit hk.

Aukaeintak af *tölvupósti*³, sent um leið og aðaltölvupóstur.

sh. *afrit*²

– carbon copy, cc

samruni grannsvæða

Það að búta *myndir*² í frumsvæði með sameiginlega eiginleika, t.d. *gráma*, og sameina síðan smám saman grannsvæði, þar sem munur á tilteknum eiginleikum fer ekki út fyrir tiltekin mörk, uns aðeins eru eftir svæði þar sem munurinn er mjög mikill.

– region growing

samræðuhumur kk. → *samræðuháttur***samræðuháttur** kk.

Aðferð við notkun *búnaðareiningar* þar sem *notandi*¹ og búnaðareining skiptast á spurningum og svörum líkt og í samtali tveggja manna.

sh. *samræðuhumur*

– conversational mode

samræmdur heimstími

Sá tími sem venjulegar klukkur eru stilltar eftir með frávikum eftir hnattstöðu.

– Coordinated Universal Time, UTC

samræming kv.

– harmonization

samröðun kv.

Það að *samraða*.

– collating

samröðun kerfis

Það að velja þætti úr *stýrikerfi* og setja þá saman í eitt kerfi sem hentar tilteknu *gagnavinnslukerfi*.

– system generation

samsafn hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Sérstök gerð af *tengslum* þar sem einn *klasi*⁴ er undirskipaður öðrum og aðeins yfirskipaði klasinn getur notað þann undirskipaða.

– aggregation²

samseldur lo.

(um *gagnavinnslukerfi*) Sem er verðlagður í einu lagi, bæði *vélbúnaður* og *hugbúnaður*.

· Sjá einnig *sérseldur*.

– bundled

samsemd kv. → *samsemdaraðgerð***samsemdaraðgerð** kv.

*Rökaðgerð*³ sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að allir *þolendurnir* hafi sama Boole-gildi.

· Samsemdaraðgerð á tveimur þolendum er *jafngildisaðgerð*.

sh. *samsemd*

– identity operation

samsemdargátt kv.

Gátt sem framkvæmir *samsemdaraðgerð*.

– identity gate, identity element

samsett eigind

*Eigind*¹ sem búin er til úr *föstum* og gildum um leið og hún er notuð.

· Fastarnir og gildin koma að neðan í *þáttunartré*.

sh. *nýmynduð eigind*

– synthesized attribute

samsett sjóngagnamerki

Stakt *merki*², myndað með því að setja saman *sjóngagnamerki* og þætti fyrir lóðréttu og lárétta samstillingu og fyrir lóðréttu og lárétta *byrgingu*².

– composite video signal

samsett tag

Gagnatag sem hefur skipan, samsetta af skipan eins eða fleiri gagnataga, og sitt eigið mengi af leyfilegum *aðgerðum*¹.

· Aðgerðir samsetts tags geta farið með tilvik þess sem eina heild eða hluta þessara tilvika.

Dæmi: Gagnatagið „tvinnatala“ getur verið samsett af tveimur gagnatögum sem hvort um sig er „ræð tala“.

– composite type

samsettur fellilisti

(í gluggaumhverfi)

– drop-down combo box

samsettur hlutur

*Hlutur*⁴ með tvo eða fleiri skylda hluti.

· Samsettur hlutur getur verið *valmynd*, *samtalsgluggi* eða samsetning þessara tveggja hluta, notuð til þess að setja inn *stafastring*.

– composite object

samskeiða lo.

(um *ferli*¹) Sem er í gangi á sama tíma og annað ferli og gæti þurft að nýta *tilföng* sem eru sameiginleg með því ferli.

Dæmi: *Forrit* eru samskeiða í *fjölföroritavinnslu* í *tölvu* með einu *stýri-verki*.

– concurrent

samskeiða aðgangur

Það að nokkrir notendur geta fengið *aðgang*¹ að hvaða *gögnum* sem er í *gagnasafni* hvenær sem er.

– concurrent access

samskeiða aðgerðir

Aðgerðir sem eru framkvæmdar á sama tímabili.

– concurrent operations

samskeyting¹ kv.

Það að *skeyta saman*.

– concatenating

samskeyting² kv.

Niðurstaðan af að *skeyta saman*.

– concatenation

samskipan kv.

Háttur á skipulagningu og samtengingu *vélbúnaðar* og *hugbúnaðar* í *upplýsingavinnslukerfi*.

– configuration

samskipanarstjórnun kv.

– configuration management

samskipanleg vefsíða

– configurable web page

samskiptabeidni kv.

Samskiptalýsing sem *þjónustunotandi* leggur fram til þess að láta hefja tiltekið verk.

– request primitive

samskiptafræði kv.

Undirgrein stærðfræði þar sem fengist er við líkindaþáttinn í *skeytaflutningi* þegar *suð* og aðrar truflanir verða.

– communication theory

samskiptalýsing kv.

(í *OSI*) Fræðileg framsetning á *samskiptum þjónustunotanda* og *þjónustuveitanda*.

· Þjónustunotandi er venjulega *einindi*². Þjónustuveitandi í tilteknu *lagi*¹ nær venjulega yfir einindi þess lags og *þjónustu*¹ í neðri lögum nema í *bitaflutningslaginu*. Þess vegna er samskiptalýsing einnig fræðileg lýsing á *samskiptum* tveggja granneininda.

– primitive¹, service primitive

samskiptamiðill kk.

Miðill til þess að *senda upplýsingar*¹.

– interchange medium

samskiptanet hk.

– communications network

samskiptarín hk.

Árás á *netöryggi*.

- hijacking
- samskiptarás** kv. → *boðrás*
- samskiptareglur**¹ kv. ft.
 - Samsafn reglna sem ákvarða hvernig *samskipti* milli *búnaðareininga* fara fram.
 - protocol¹
- samskiptareglur**² kv. ft.
 - (í *forritunarmálum*) Reglur sem ákvarða hegðun *hluta*² þegar þeir skiptast á *boðum*.
 - protocol²
- samskiptareglur flutningslags**
 - (í *OSI*)
 - transport layer protocol, transport protocol
- samskiptareglur greinalags**
 - Dæmi: *HDLC* í X.25.
 - link level protocol, LLP
- samskiptasamfesta** kv.
 - Samfesta* þar sem athafnir *forritseiningar* nota sömu *ílagsgögn* eða stuðla að því að búa til sömu *frálagsgögn*.
 - communicational cohesion
- samskiptasnið** hk.
 - Gagnaskipan*, notuð til þess að setja fram *skjöl*¹ í því skyni að senda þau á milli notenda.
 - interchange format
- samskiptastaðfesting** kv.
 - Samskiptalýsing* sem *þjónustuveitandi* leggur fram til að sýna að hann hafi lokið verki sem *samskiptabeiðni* lét áður hefja í sama *þjónustutengi*.
 - confirm primitive
- samskiptastjóri** kk.
 - Tæki sem stýrir flutningi *gagna* milli *tölvu* og *útsöðva* eða tengir tölvu við *tölvunet*.
 - communications controller
- samskiptastjórnum** kv.
 - Vefþjónusta* af ýmsu tagi sem lýtur að umgengni eða *samskiptum* starfsmanna, viðskiptamanna, samstarfsaðila og *birgja*.
- interaction management
- samskiptastýrilag** hk. → *fundarlag*
- samskiptasvar** hk.
 - Samskiptalýsing* sem *þjónustunotandi* leggur fram til að sýna að hann hafi lokið verki sem *samskiptavísbending* lét áður hefja í sama *þjónustutengi*.
 - response primitive
- samskiptatengi** hk.
 - communications port
- samskiptatengildi** hk.
 - Vélbúnaður*, notaður til þess að tengja *búnaðareiningu* við flutningsbúnað.
 - communication adapter
- samskiptavísbending** kv.
 - Samskiptalýsing* sem *þjónustuveitandi* leggur fram, annaðhvort til þess að sýna að hann hafi látið hefja tiltekið verk eða til þess að sýna að *þjónustunotandi* hafi látið hefja verk í jafngildu *þjónustutengi*.
 - indication primitive
- samskiptaöryggi** hk.
 - Tölvuöryggi*, beitt á *gagnafjarskipti*.
 - communications security
- samskipti** hk. ft.
 - communication, communications
- samstarfshæfni** kv. → *samvirkni*
- samsteypa** kv.
 - Skipulagt samsafn þátta, þar sem þættirnir geta haft sams konar eða ólíka *gagnaskipan*, og gagnaskipan safnsins sjálfs getur einnig verið hluti af samsvarandi *samsettu tagi*.
 - aggregate
- samsteypugildi** hk.
 - Gagnagildi* sem *samsteypa* fær.
 - aggregate value
- samsteypuleið miðlara**
 - server consolidation solution
- samstill** so.
 - synchronize
- samstilling** kv.
 - Það að stilla saman *inningu* tveggja eða fleiri *ósamstilltra stefja*.

– synchronization

samstilling verkeininga

Sú aðferð sem *verkeiningar* nota til þess að stilla saman starfsemi sína með tilliti til tíma.

Dæmi: *Veif*, *gætir*², *stefnumót*.

– task synchronization

samstillt hópinnukerfi

– synchronous groupware, computer-supported cooperative work systems

samstillt sending

Gagnasending þar sem sérhvert *merkjastak* helst í hendur við tiltekið tímamerki.

– synchronous transmission

samstillt tauganet

Tauganet þar sem allir *gervitaugungar* eru endurnýjaðir samtímis.

– synchronous neural network

samstillt tvíundafjarskipti

Gagnafjarskipti þar sem notuð er *samstillt tvíundasending*.

– binary synchronous communication, BSC, BISYNC

samstillt tvíundasending

Gagnasending þar sem sending *stafa* er *samstillt* með tímamerkjum sem búin eru til í sendi- og viðtökustöðvum.

– binary synchronous transmission

samstilltur lo.

(um *ferli*²) Sem er, ásamt öðru ferli eða ferlum, háður sama atburði, t.d. sameiginlegu *merki*² til tímastillingar.

– synchronous

samstykki kv.

Það að endurskipuleggja hvernig *skrár* eru *geymdar*² á *diski*¹.

· Bútum af skrá er raðað saman á eitt samfellt svæði og heilar skrár fluttar saman í því skyni að ónotað svæði á disknum verði samfellt.

· Sjá einnig *tvístrun*.

– defragmentation

samstöð kv.

(í *HDLC*) *Gagnastöð* sem getur sinnt

hlutverki *aðalstöðvar* eða *aukastöðvar*.

– combined station

samsvar hk.

(í *tölvuteiknun*) Tatarlaus *birting ílagsgagna á birti*.

– echo

samsvarandi einindi

*Einindi*² í sama *lagi*¹ sem hafa *samband*² sín í milli í næsta lagi fyrir neðan.

– correspondent entities

samsvörun kv.

Það að búa til tvenndir punkta í tveimur *myndum*² þannig að hvor punktur í punktatennd er mynd af sama punkti í rúminu.

– correspondence

samsöfnun kv.

Öflun *viðkvæmra upplýsinga* með því að safna *upplýsingum*¹ með minni *viðkvæmni* og tengja þær saman.

– aggregation¹

samtalseining kv.

(í *gervigreindarfræði*) Sá þáttur *þekkingarkerfis* sem tengist notanda í *samræðuhætti*.

– dialog component

samtalsgluggi kk.

Sprettiluggi þar sem færa má inn *gögn*.

– dialog box

samtenging¹ kv.

Það að mismunandi *forritseiningar* eru samtengdar eða innbyrðis háðar hver annarri.

· Laus samtenging felur í sér að forritseiningar eru lítið eða ekkert samtengdar eða háðar hver annarri.

· Til eru ýmsar gerðir af samtengingu sem má raða eftir því hversu föst hún er frá lausri samtengingu til fastrar:

engin samtenging

gagnasamtenging

stýrisamtenging

útvær samtenging

sameiginleg samtenging

efnissamtenging

- Sjá einnig *samfesta*.
- coupling
- samtenging²** kv.
- (í *forritunarmálum*) Tækni, notuð til þess að leyfa *forritseiningum* að verka hver á aðra, sérstaklega *stefjukallssetningum* og *ósamstilltum stefnum*.
- connection²
- samtenging³** kv. → *töflutenging*
- samtenging opinna kerfa**
- Samtenging *opinna kerfa* í samræmi við ISO-staðla og tilmæli frá *CCITT* um skipti á *gögnum*.
- Sjá staðalinn ISO 7498.
- sh. *OSI*
- open systems interconnection, OSI
- samtengjanlegur** lo.
- (um tæki) Sem tengja má við annað tæki.
- Oftast er átt við *miðverk* og *fylgಿತæki* frá mismunandi framleiðendum.
- plug-compatible, compatible³
- samtengjanleiki** kk.
- Geta tveggja eða fleiri *hnúta*¹ til að skiptast á *gögnum*.
- interconnectivity
- samtextaárás** kv.
- Kerfisbundin árás* þar sem dulmálsfræðingur hefur umtalsvert magn af samsvarandi *ódulrituðum texta* og *dulrituðum texta* undir höndum.
- known-plaintext attack
- samtíma** lo. → *samtíma-*
- samtíma-** fl.
- (um atburð í *ferli*¹) Sem gerist á sama tímabili og annar atburður eða aðrir atburðir og hver einstakur atburður er tekinn fyrir í sérstakri *búnaðareiningu*.
- Dæmi: Þegar eitt eða fleiri *forrit* eru *innt* eru nokkrar ílags- og frálagsaðgerðir samtíma hver annarri, svo og öðrum aðgerðum sem *miðverk* fjallar um beint.
- sh. *samtíma*
- simultaneous
- samtvinnun forrita**
- Object Linking and Embedding, OLE
- samvinnuferli** hk.
- cooperating process
- samvinnusamkeppni** kv.
- Enska heitið er sett saman úr „cooperation“ og „competition“.
- coepetition, co-opetition
- samvinnuþjarki** kk.
- Þjarki* sem aðstoðar mann við tiltekið verk.
- collaborative robot
- samvirkni** kv.
- Geta tveggja eða fleiri *búnaðareininga* til að hafa samstarf um vinnslu *gagna*.
- sh. *samstarfshæfni*
- interoperability
- samvirkt** ao. → *innankerfis*
- samvista** so.
- (um verkþátt fyrirtækis) Taka í sameiginlega umsjá með öðrum.
- Sögnin stjórnar þolfalli.
- Sjá einnig *útvista* og *heimvista*.
- sh. *samhýsa*
- co-source
- samvistun** kv.
- Það að *samvista*.
- Sjá einnig *útvistun* og *heimvistun*.
- sh. *samhýsing*
- co-sourcing
- samvistunarsamningur** kk.
- Sjá einnig *samvista*, *útvistunarsamningur* og *heimvistunarsamningur*.
- sh. *samhýsingarsamningur*
- co-sourcing contract, co-sourcing agreement
- samvægisnet** hk.
- Tauganet* þar sem allir *gervitaugungar* í sama *lagi*² hafa eitt og sama safn *taugamótavægja*.
- weight-sharing network
- samþykkisprófun** kv.
- Prófun* á kerfi eða búnaði, venjulega framkvæmd af kaupanda á starfssvæði hans eftir uppsetningu að viðstöddum

seljanda til þess að ganga úr skugga um að ákvæðum sannings sé fullnægt.

– acceptance test

samþykkissetning kv.

Fjölsetning í þjónustuverkeiningu sem lætur þá verkeiningu bíða eftir því að önnur verkeining eða aðalforrit inni stefnuheimildarsetningu fyrir samstillingu verkeininga.

– accept statement

samþætt forritunarumhverfi

Samsafn vélbúnaðar- og hugbúnaðartóla sem eru tengd saman og látn hafa sameiginlegt viðmót, oft myndrænt, og eru notuð við þróun forrita.

– integrated programming environment, IPE

samþætting kv. → *samþætting kerfis*

samþætting kerfis

Það að safna þáttum kerfis saman lið fyrir lið þangað til þeir mynda eina heild.

sh. *samþætting*

– system integration, integration

samþætting rekstrarforrita

Það að nota saman mimunandi verkforrit hjá fyrirtæki og samræma notkun þeirra.

· Oft er notaður *millibúnaður*² við samþættinguna.

– enterprise application integration, EAI

samþætting tölvu og síma

– computer-telephony integration, CTI

samþættingarprófun kv.

Tenging og prófun á forritum eða *forritseiningum* lið fyrir lið til þess að ganga úr skugga um að þau starfi rétt í kerfinu sem heild.

– integration test

samþættur hugbúnaður → *samofinn hugbúnaður*

sanngildi hk.

Annað gildanna SANNUR eða ÓSANNUR sem fullyrðing eða staðhæfing getur

haft.

· Sanngildin SANNUR og ÓSANNUR eru oft sett fram með *bitunum* 1 og 0.

sh. *sannleiksgildi*

– truth value

sannkennsl hk. ft. → *einindakennsl*

sannkennsl mælanda

Form *mælandakennsla* sem felst í því að bera raddskýni saman við safn *talmáta* sem eiga við ólíkar persónur til þess að ákvarða hver talaði.

– speaker identification

sannleiksgildi hk. → *sanngildi*

sannlík mynd

Stafræn mynd sem gefur hugboð um raunveruleika.

– perfection image, ideal image

sannprófa so.

Bera saman starfsemi, *ferli*² eða það sem starfsemin eða ferlið skila og samsvarandi *kröfur* eða *hönnunarlýsingu*.

– verify

sannprófun kv.

Það að *sannprófa*.

Dæmi: (1) Samanburður á *hönnunarlýsingu* og líkani fyrir *öryggisstefnu*.

(2) Samanburður á *viðfangskóta* og *frumkóta*.

– verification¹

sannprófun mælanda

Form *mælandakennsla* sem miðar að því að úrskurða hvort talsýni hafi komið frá talfærum þess manns sem kynntur er.

· Sannprófun mælanda er aðallega notuð til þess að veita eða takmarka aðgang að *upplýsingum*¹, búnaði eða afhafnasvæði.

– speaker verification, speaker authentication

sannprófunargögn undirskriftar

(í *tölvuöryggi*) *Gögn*, notuð til þess að *sannprófa rafræna undirskrift*.

· Gögnin geta verið *dreifilykill*.

– signature verification data

sanntafla kv.

Aðgerðartafla fyrir *rökaðgerð*¹, sem lýtur lögmálum *stærðfræðilegrar rökfræði*, eða *rökaðgerð*², sem verkar *staf* fyrir staf í *þolendum* og *útkomu*.

– truth table

sannvotta so.

Sannprófa að *einindi*¹ sé það sem það er sagt vera.

– authenticate

sannvottun kv.

Það að *sannvotta*.

– authentication

sannvottun fjaraðgangs

– remote authentication

sannvottun gagna

*Ferli*¹, notað til þess að *sannprófa heil-leika gagna*.

· Varast ber að rugla saman *sannvottun gagna* og *sannvottun*.

Dæmi: (1) Það að sannprófa að mót-tekin *gögn* séu eins og send gögn.

(2) Það að sannprófa að *forrit* sé ekki smitað af *veiru*.

– data authentication

sannvottun jafneinendis

Staðfesting á því að *jafneinindi* í sambandi sé það sem það þykist vera.

– peer-entity authentication

sannvottun kennis

Það að framkvæma *prófanir* til þess að gera *gagnavinnslukerfi* kleift að bera kennsl á *einindi*¹.

Dæmi: Gátun *aðgangsorðs* eða *kennisgrips*.

– identity authentication, identity validation

sannvottun skeytis

Sannprófun þess að *skeyti*² hafi verið sent af yfirlýstum *upphafsmanni* til *áformaðs viðtakanda* og að því hafi ekki verið breytt á leiðinni.

– message authentication

sannvottunarkenninúmer hk.

(í *tölvuöryggi*) *Persónulegt kenninúmer* sem vottorðshafi notar sem *aðgangsorð* þegar *rafrænum skilríkjum* er beitt til *sannvottunar*.

– authentication PIN

sannvottunarkóti kk.

Bitastrengur sem er fall af *gögnum* (annaðhvort *ódulrituðum texta* eða *dulrituðum texta*) og *leynilykli* og er látinn fylgja gögnunum til þess að gefa kost á *sannvottun gagna*.

· Fallið sem notað er til þess að búa til *sannvottunarkótann* verður að vera einstefnufall.

– message authentication code, MAC¹

sannvottunarpplýsingar kv. ft.

*Upplýsingar*¹, notaðar til þess að staðfesta að *einindi*¹ sé það sem það er sagt vera.

– authentication information

sannvottunarfíxl hk. ft.

Aðferð til þess að ganga úr skugga um það, með upplýsingaskiptum, hvert tiltekið *einindi*¹ er.

– authentication exchange

SAPI-talforritaskil hk. ft.

Forritaskil sem fylgja *Windows-stýrikerfinu* og gera *forriturum* kleift að semja *forrit* sem bjóða upp á *talsetningu texta* og *talkennsl*.

– Speech Application Program Interface, SAPI

sáld Eratosþenesar

Heiti á aðferð til að finna *prímtölur*.

– sieve of Eratosthenes

sát kv.

(um *prentara*) Fjöldi *stafa* á þumlung í *línu*¹.

· Algengt er að *prentarar* hafi sátina 10, þ.e. prenti 10 stafi á þumlung, eða sátina 12, þ.e. prenti 12 stafi á þumlung.

sh. *stafamál*

– pitch

SCART-tengi hk.

- SCART er *stytting* á franska heitinu „Syndicat des Constructeurs d'Appareils Radiorécepteurs et Téléviseurs“.
- SCART connector

SCSI-skil hk. ft.

- Heiti á stöðluðum almennum *skilum*¹ milli *sjálfstæðra einmenningstölva* og *fylgitækja* þeirra.
- small computer system interface, SCSI

SD-kort hk. → *öryggiskort***SD-spjald** hk. → *öryggiskort***SDH-stofnlínunet** hk.

- Synchronous Digital Hierarchy

SDLC-reglur kv. ft.

- Synchronous Data Link Control, SDLC

SED-skjár kk.

- Flatur skjár með mikilli *sundurgreiningu*.
- surface-conduction electron-emitter display, SED

segð kv.

- Máleining* sem er sett saman úr *aðgerðum*¹ og *þolendum*, sem aðgerðirnar verka á, og getur gefið eina eða fleiri *útkomur*.
- Þolendur geta verið *lesgildi*, *nefni* eða *köll á föll*.
- expression

segðamál hk.

- Forritunarmál* þar sem *segð* getur falið í sér *gildingu*.
- Segðin „if ($x = y < 0$) ...“ er leyfileg í C en ekki í Ada.
- Dæmi: C.
- expression language

segulband hk.

- Ræma með segulnæmu yfirborðslagi sem *geyma*² má *gögn* á.
- magnetic tape

segulbandageymsla kv.

- Segulgeymsla* þar sem *geymd*² eru *gögn*,

skráð á segulnæmt yfirborð ræmu sem hreyfist langsum.

- magnetic tape storage

segulbandsdrif hk.

Tæki til þess að færa *segulband* og stjórna hreyfingum þess.

sh. *banddrif*

- magnetic tape drive, tape drive, magnetic tape transport, tape transport

segulbandsstöð kv.

Tæki sem í er *segulbandsdrif*, *segulhausar* og nauðsynlegur stýribúnaður.

sh. *bandstöð*

- magnetic tape unit, tape unit

segublek hk.

Sérstakt blek með segulögnum sem nota má til þess að skrá *gögn*.

- magnetic ink

segulbóluminni hk.

Segulgeymsla þar sem notuð eru segluð svæði í þunnri himnu, sívöl að lögun, sem hreyfast til, endast vel og eru breytanleg.

sh. *bóluminni*

- bubble memory

seguldiskageymsla kv.

Segulgeymsla þar sem *geymd*² eru *gögn*, skráð á flatt segulnæmt yfirborð eins eða fleiri *seguldiska* sem snúast um sameiginlegan ás.

- magnetic disk storage, disk storage

seguldiskastöð kv.

Tæki sem í eru *seguldiskar*, *diskadrif*, einn eða fleiri *segulhausar* og nauðsynlegur stýribúnaður.

sh. *diskastöð*

- magnetic disk unit, disk unit²

seguldiskur kk.

Flöt plata með segulnæmu yfirborðslagi á annarri eða báðum hliðum sem *geyma*² má *gögn* á.

sh. *diskur*²

- magnetic disk

segulgeymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem notaðir eru seguleig-
inleikar vissra efna.

– magnetic storage

segulhaus kk.

Rafsegull sem getur gert að minnsta
kosti eina þessara þriggja aðgerða á seg-
ulmiðli: *lesið*, *skrifað* eða *þurrkað út*
gögn.

sh. *haus*²

– magnetic head

segulkjarnageymsla kv.

Segulgeymsla þar sem *gögn* eru *geymd*²
með því að segla *segulkjarna* eftir til-
teknum reglum.

sh. *kjarnaminni*

– magnetic core storage, core storage

segulkjarni kk.

Segulnæmur hlutur, oftast bauglaga,
notaður til að *geyma*² *gögn*.

sh. *kjarni*²

– magnetic core, core

segulprentari kk.

Högglaus prentari sem býr til dulda
mynd með *segulhausum* á málm-sívaln-
ing. Myndin er gerð sýnileg með *prent-
dufti* og fest á pappír.

– magnetographic printer

segulrandalesari kk.

– magnetic stripe reader, magstripe
reader

segulskráning kv.

Aðferð við að setja *gögn* í *geymslu*¹ þar
sem segulnæmt efni er seglað eftir til-
teknum reglum.

– magnetic recording

segulsmít hk.

Óæskilegur flutningur skráðra *merkja*²
frá einum hluta segulmiðils til annars
þegar þeir liggja of þétt saman.

· Segulsmít getur t.d. orðið milli vafn-
inga á *segulbandi*.

– print through

segulsnælda kv.

Hylki með *segulbandi* sem unnt er að

nota án þess að taka það úr hylkinu.
Bandinu er snúið um ása í snældudrif-
inu.

sh. *snælda*

– magnetic tape cassette, cassette

segulspjald hk.

Spjald með segulnæmu yfirborðslagi
sem *geyma*² má *gögn* í.

– magnetic card

segulspjaldageymsla kv.

Segulgeymsla þar sem *geymd*² eru *gögn*,
skráð á segulnæmt yfirborð þunnra
sveigjanlegra spjalda.

– magnetic card storage

segulstafalesari kk.

Ílagstæki sem ber kennsl á *segulstafi*.

– magnetic ink character reader

segulstafur kk.

Stafur sem unnt er að bera kennsl á
sjálfvirkt þegar hann hefur verið prent-
aður með *segulbleki* og seglaður.

– magnetic ink character

segultrumba kv.

Sívalningur með segulnæmu yfir-
borðslagi sem *geyma*² má *gögn* í.

sh. *trumba*

– magnetic drum

segultrumbugeymsla kv.

Segulgeymsla þar sem *geymd*² eru
gögn, skráð á segulnæmt yfirborð *seg-
ultrumbu* sem snýst um ás.

– magnetic drum storage

segultrumbustöð kv.

Tæki sem í er *segultrumba* með hreyfi-
búnaði og *segulhausar*, ásamt nauðsyn-
legum stýribúnaði.

– magnetic drum unit, drum unit

seiling kv.

Það hvað *vefsetur* nær til margra (t.d. í
markhópi).

· Mælist til dæmis í fjölda vefseturs-
vitjana á mánuði.

– reach

seinkunareining kv.

Tæki sem gefur frálagsmerki að tiltekn-

um tíma liðnum eftir að það tók við svipuðu flagsmerki.

sh. *seinkunartæki*

– delay element

seinkunarlína kv.

*Lína*³ eða rafrás, hönnuð til þess að seinka sendingu *merkis*².

– delay line

seinkunartæki hk. → *seinkunareining*

sel hk. → *vefset*

selflutningur kk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Flutningsskref* sem felst í því að tiltekinn *skeytaflutningsmiðill* flytur *skeyti*², *kanna* eða *skilatilkyfningu* til annars *skeytaflutningsmiðils*.

– transfer²

seljandi kk. → *sali*

senda so.

Láta fara frá einum stað til viðtöku annars staðar.

– transmit

senda amapóst

Senda *amapóst*.

sh. *senda ruslpóst*

– spam²

senda áfram → *framsenda*

senda illskeyti

Senda fjandsamleg *skeyti*² til notanda eða á *málþing*.

– flame²

senda með gildi

Senda *falli*² gildi *frumbreytu*.

· Fallið getur breytt gildi *frumbreytunnar* í fallinu en getur ekki breytt gildinu í *forritseiningunni* sem kallar.

– pass by value

senda með tilvísun

Senda *falli*² gildi með því að láta því í té *vistfang stika*².

· Þegar gildi er sent með tilvísun hefur fallið *aðgang*¹ að upprunalegu *breytunni*² og getur breytt gildi hennar beint.

– pass by reference

senda ruslpóst → *senda amapóst*

sendibil¹ hk.

(í *CSMA/CD-neti*) Tímaeining sem er notuð til þess að ákvarða eftir hve langan tíma *gagnastöðvar* megi reyna að senda aftur eftir *árekstur*¹.

· Sendibilið er ólíkt í mismunandi *CSMA/CD-netum*.

– slot time¹

sendibil² hk.

(í *tókabrautarneti*) Hámarkstími sem *gagnastöð* þarf að bíða eftir svari frá annarri *stöð*.

– slot time²

sendiforrit hk.

Hugbúnaður, sendur um *svarveitu* beint í *minni* í *tölvu* notanda.

· Í *upplýsingasafni* er *geymt*² safn *forrita* sem velja má úr.

– telesoftware

sendihólf hk.

Pósthólf fyrir *tölvupóst*³ sem á að senda og getur einnig geymt afrit af pósti sem hefur verið sendur.

– out-basket

sending kv.

Flutningsskref sem felst í því að *aðgangsbúnaður* eða *skeytageymsla*¹ flytur *skeyti*² eða *kanna* til *skeytaflutningsmiðils*.

– submission

sending fjölframlags

Það að *senda fjölframlag*.

– crossposting

sending um gervitungl

– satellite transmission

sendipóstur kk. → *sendur póstur*

sendirás kv.

(í *gagnasendingu*) Leið fyrir flutning *merkja*² í eina átt milli tveggja staða.

· Sendirás getur t.d. orðið til við *tíðni-fléttun* eða *tímafléttun*.

sh. *flutningsrás*, *rás*⁴

– transmission channel, channel³

sendistýristafur kk.

Stýristafur, notaður til þess að stýra eða greiða fyrir *gagnasendingu* á milli *útstöðvartækja*.

- Sendistýristöfum er lýst í stöðlunum ISO/IEC 10646-1 og ISO 6429.

– transmission control character

sendiviðtæki hk.

Tæki sem er í senn senditæki og viðtökutæki.

Dæmi: (1) Talstöð. (2) Ratsjársvari í fjarskiptatungli. (3) *Tengildi* sem tengir *tölvu* eða *útsstöð* við *staðarnet*.

– transceiver

sendur póstur

sh. *sendipóstur*

– sent mail

SET-samskiptastaðall kk.

– secure electronic transaction, SET

seta kv.

(í *dreifvinnslu*) Öll starfsemi sem fer fram meðan *sambandi*¹ er komið á, meðan það helst og þegar því er slitið.

sh. *lota*

– session

setja í → *hlaða*¹**setja í geymslu** → *geyma*¹**setja í töflu**

Setja *gögn* upp í töflu.

– tabulate²

setja upp

(um búnað)

- Sjá einnig *uppsetning* og *uppsetningarforrit*.

– install

setning¹ kv.

Afmörkuð eining *málskipanar* sem annaðhvort stendur fyrir *skilgreiningu* eða tilgreinir verkeiningu. Málskipanareiningin telur upp aðgerðir sem á að framkvæma, hugsanlega *þolendur* og hvað á að gera við hugsanlegar *útkomur*.

- Í sumum *forritunarmálum* er ekki litið á skilgreiningar sem setningar.

– statement¹

setning² kv.

(í *ritvinnslu*) Orð eða orðaruna sem endar á lokagreinamerki, svo sem . ! ?

- Þetta er ekki sama hugtak og setning í málfræði, sem gæti verið skilgreind sem: „umsögn eða orðasamband sem ein umsögn er í“.

– sentence¹

setning³ kv.

Máleining í máli fyrir *skilningsgerðarlýsingu* sem setur fram *yrðingu*.

– sentence²

settur í rekka

Settur í *rekka*.

– rack-mounted

setur hk.

Aðsetur tölvubúnaðar.

Dæmi: (1) *Vefsetur*. (2) *Tölvumiðstöð*

– site

sex stellingavíddir

Sex mæligildi (lárétt, lóðrétt, dýptar-, snúnings-, stefnuviks- og halla-) sem gefa má hvaða hreyfingu sem er.

– six degrees of freedom

sextánda¹ fl.

(um *eingrunnskerfi*) Sem hefur *grunn-töluna* sextán.

– hexadecimal¹, sexadecimal¹

sextánda² fl.

Sem er ákvarðaður af vali eða skilyrði sem hefur sextán hugsanleg gildi eða horf.

– hexadecimal², sexadecimal²

sextándakerfi hk.

Eingrunnskerfi þar sem notaðir eru *tölustafirnir* 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, A, B, C, D, E og F, þar sem *tölustafirnir* A, B, C, D, E og F samsvara tölunum 10, 11, 12, 13, 14 og 15, *grunnatalan* er sextán og einingasætið hefur *vægi*¹ 1.

Dæmi: Í sextándakerfi stendur tölutáknið 3E8 fyrir töluna þúsund, þ.e. $3 \times 16^2 + 14 \times 16^1 + 8 \times 16^0$.

– hexadecimal system, hexadecimal

numeration system

sextándakerfistala kv.
Tölutákn í sextándakerfinu.
 · Orðið sextándakerfistala er oft stýtt í sextándatala.
 – hexadecimal numeral

sérignarhugbúnaður kk.
 – proprietary software

sérfræðikerfi hk. → *sérþekkingarkerfi*

sérfræðiskel kv.
 Tóm grind fyrir *sérþekkingarkerfi* þar sem unnt er að koma fyrir sérstöku sviði sérfræðipækkingar.
 · Sérfræðiskel tekur venjulega til *æðra forritunarmáls* fyrir *framsetningu þekkingar*¹, eins eða fleiri *ályktunarforrita* og *forrita* fyrir *skil*¹.
 sh. *skel*²
 – expert system shell, shell²

sérgreina so.
 Vísa til *máleiningar* með því að tilgreina *forritshluta* og *nefni* hennar.
 – qualify

sérgreind tengsl
 (í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)
*Tengsl milli tveggja klasa*⁴ og *sérgreinis*.
 · Sérgreind tengsl eru tvíþætt þar sem annar þátturinn hefur *klasa*⁴ og *sérgreini* en hinn þátturinn er klasi.
 – qualified association

sérgreining kv.
 Aðferð við að vísa til *máleiningar* á gildissviði *forritshluta*, fólgin í því að vísa til forritshlutans og *nefnis* sem er skilgreint fyrir máleininguna í þeim forritshluta.
 Dæmi: Aðferðin er t.d. notuð til að vísa til þátta *færslu*¹ (B OF A í *Cobol*), forritshluta í *forritasafni* og máleininga í *forritseiningu*.
 – name qualification, qualification

sérgreinir kk.
 Merki sem bætt er við gildi eða *nefni* til þess að tilgreina *svæði*¹ eða undirgildi.

Dæmi: Ef Y er svæði í *færslu*¹ X er það tilgreint með X.Y þar sem Y er notað sem sérgreininir.
 – qualifier

sérhannaður lo.
 (um *hugbúnað*) Gerður fyrir notanda með sérkröfur sem *hugbúnaðarpakkar* geta ekki fullnægt.
 – bespoke, custom-designed

sérheiti hk.
Máleining í máli fyrir skilningsgerðarlýsingu sem vísar til *einindis*¹.
 – term²

sérhrif hk. ft.
 (í *rekl*)
 – special effects

sérhæfð stefja
*Steffa*¹ sem hefur verið gerð fyrir notkun á sérstökum *verkvangi* eða fyrir sérstakt tæki.
 – native application, native app

sérhæfing kv.
 (í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)
 Myndun *undirklasa* frá *yfirklasa* með því að fága yfirklasann.
 – specialization

sérhæfing hugtaks
 Það að þrengja gildissvið *hugtakslýsingar* með því að fækka þeim dæmum sem lýsingin nær til.
 – concept specialization

sérhæft forritunarmál
Forritunarmál sem hentar sérstaklega fyrir tiltekna gerð verkefna.
 Dæmi: *Postscript*.
 – special-purpose language

sérkennabeind kv. → *sérkennavigur*

sérkennalýsing kv.
Hugtakslýsing þar sem tilteknir eru eiginleikar, sameiginlegir öllum tilvikum tiltekins *hugtaks*.
 – characteristic description

sérkennarými hk.
 Mengi allra hugsanlegra *sérkennavigra* sem nota má til þess að setja fram sér-

*kenni myndar*².

– feature space

sérkennaval hk.

Það að ákvarða *sérkenni* sem á að nota í *sérkennavigur*.

– feature selection

sérkennavektor kk. → *sérkennavigur*

sérkennavigur kv.

Raðað safn af *sérkennum* sem nota má til þess að lýsa svæðum eða *hlutum*³ á *mynd*².

sh. *sérkennabeind*, *sérkennavektor*

– feature vector

sérkenni hk.

Sérhver lýsandi þáttur í *mynd*² eða í *svæði*³ á mynd.

– feature

sérkort hk.

Greiðslukort sem líkist *silfurkorti* og unnt er að endurhlaða en getur ekki gegnt hlutverki *staðgreiðslukorts* eða *biðgreiðslukorts*.

– stand-alone card

sérnota lo.

(um búnað) Sem er sérstaklega ætlaður fyrir tiltekið verkefni.

Dæmi: Sérnota *ritvinnslutæki* er aðeins unnt að nota til *ritvinnslu*.

– dedicated

sérnota hýsing

– dedicated hosting

sérnota miðlari → *sérnota þjónn*

sérnota tæki

Tæki sem er tekið frá fyrir tiltekið verkefni eða aðeins einn notandi getur notað í einu.

– dedicated device

sérnota þjónn

sh. *sérnota miðlari*

– dedicated server

sérnotanet hk.

Net sem er sett upp til sérstakra nota, oft aðeins um stundarsakir.

– ad-hoc network, spontaneous area network

sérritill kk.

Textaritill, sérstaklega gerður fyrir tiltekið verkefni og til þess að auðvelda *ritvinnu*¹.

Dæmi: *Forritunarritill*.

– structure editor

sérseldur lo.

(um *gagnavinnslukerfi*) Þar sem einstakir þættir *vélbúnaðar* og *hugbúnaðar* eru verðlagðir sérstaklega en ekki í einu lagi.

· Sjá einnig *samseldur*.

– unbundled

sérsnið hk.

Það að *sérsníða*.

sh. *aðhæfing*

– customization

sérsnið skjáborðs

Sérsniðið *myndrænt viðmót*.

– desktop theme

sérsniðin lausn

sh. *aðhæfð lausn*

– customized solution

sérsníða so.

Aðlaga staðlað kerfi þörfum tiltekins notanda.

sh. *aðhæfa*

– customize

sérsníðanlegur lo.

Sem er unnt að *sérsníða*.

sh. *aðhæfanlegur*

– customizable

sérstafur kk.

*Ritstafur*¹ sem er hvorki *bókstafur*, *tölustafur* né *eyðustafur* og venjulega ekki *myndstafur*.

Dæmi: Greinarmerki, prósentumerki og stærðfræðitákn.

– special character

sérsvið hk.

(í *gervigreindarfræði*) Tiltekið svið *þekkingar* eða sérfræðiþekkingar.

– domain³

sérsviðslíkan hk.

Líkan af tilteknu sviði *þekkingar* eða

sérfræðiþekkingar.

– domain model

sértæk gagnasafnslýsing

Hluti af *gagnasafnslýsingu* fyrir eitt eða fleiri *verkforrit*.

– database subschema

sértæk skilningsgerðarlýsing

Hluti *skilningsgerðarlýsingar* sem á við eitt eða fleiri *verkforrit*.

– conceptual subschema

sérvalin leið

Stikluleið sem notandi skilgreinir og *stiklubúnaður geymir*² svo að auðvelt sé að fá sama *aðgang*¹ síðar.

– user-defined path

sérvalinn tengill

*Tengill*³ sem notandi stofnar á meðan hann notar *stiklubúnað*.

– user-defined link

sérveljanlegur lo.

– user-definable

sérvirkt ao. → *utankerfis*

sérþekking kv.

Þekking sem safnað hefur verið á tilteknu *sérsviði*.

– domain knowledge

sérþekkingarkerfi hk.

Þekkingarkerfi sem veitir lausn á viðfangsefnum á tilteknum *sérsviðum* eða notkunarsviðum með því að draga *ályktanir* út frá *þekkingarsafni*, sem hefur að geyma tiltekna sérfræðiþekkingu manna.

· Heitið „sérþekkingarkerfi“ er stundum notað um „þekkingarkerfi“ en ætti að nota til að leggja áherslu á tiltekna sérfræðiþekkingu.

· Sum sérþekkingarkerfi geta bætt þekkingarsafn sitt og þróað nýjar ályktunarreglur, byggðar á reynslu sinni af fyrri viðfangsefnum.

sh. *sérfræðikerfi*

– expert system, ES

sérþýðing kv.

Það að *vistþýða þýðingareiningu* án

þess að *vistþýða* um leið aðrar skyldar þýðingareiningar.

– separate compilation²

SGML

Heiti á stöðluðu *ívafsmáli*¹ til að merkja einingar í *skjölum*¹ fyrir sérstaka meðferð, t.d. *lyklun*², *sniðmótun* eða tengingu.

· SGML er skilgreint í staðlinum ISO 8879.

– SGML, standard generalized markup language

SHTTP-samskiptareglur kv. ft.

Viðauki við *HTTP-samskiptareglurnar* sem gefur kost á öruggum skráaskiptum á *veraldarvefnum*.

– SHTTP, Secure HTTP

siðareglur á lýðnetinu

Reglur um góða hegðun sem hverjum notanda *lýðnetsins* ber að fara eftir.

– cyberethics, Internet ethics

silfurkort hk.

Greiðslukort sem líkir eftir peningum, svo að færslur eru ekki rekjanlegar og unnt er að færa greiðslur á milli korta án milligöngu bankastofnunar.

sh. *peningakort*, *myntkort*

– pre-paid card, electronic money card

Simula

Heiti á *forritunarmáli* þar sem beita má *mótaðri forritun*¹.

· Simula er sérstaklega ætlað til ýmiss konar útreikninga. Simula er *stytting* á „Simulation language“.

– Simula

sía kv.

– filter

sía sjálfvirkt

(í *gluggaumhverfi*)

– autofilter³

síða¹ kv.

(í kerfi með *sýndarminni*) *Bálkur*¹ með fasta lengd, sem hefur *sýndarvistfang* og er *fluttur* í einu lagi milli *raunminnis* og *ytri geymslu*.

– page¹

síða² kv.

(í *ritvinnslu*) Tiltekið réttthyrnt svæði, ætlað fyrir prentun öðrum megin á pappírsörk.

– page²

síðbinding kv.

Einkenni *forritunarmála* sem felst í því að flestar *bindingar* eru gerðar meðan á *inningu* stendur, venjulega til þess að auka sveigjanleika.

Dæmi: *dBase* og *Smalltalk* hafa síðbindingu.

– late binding

síðufótur kk.

Báلكur², prentaður neðst á eina eða fleiri *síður²* í *skjali¹*.

· Í síðufæti geta verið ýmsar *upplýsingar¹*, t.d. blaðsíðunúmer.

– footer, running foot

síðuhaus kk.

Báلكur², prentaður efst á eina eða fleiri *síður²* í *skjali¹*.

· Í síðuhaus geta verið ýmsar *upplýsingar¹*, t.d. blaðsíðunúmer.

– page header, running head¹

síðulengd kv.

Hæð þess svæðis sem er tiltækt fyrir prentun eða *birtingu* á *skjá* eða blaðsíðu.

· Síðulengd er venjulega minni en raunveruleg stærð pappírs. Síðulengd getur þó orðið meiri en venjuleg pappírsstærð, t.d. þegar búin er til mynd á innbrotnu blaði.

– page length, page depth

síðulengdarstilling kv.

(í *ritvinnslu*) Hæfileiki *ritvinnsluforrits* til þess að afmarka *síðulengd* eins og notandi tilgreinir.

– page length control, page depth control

síðulýsingarmál hk.

Textasniðsmál, notað til þess að tilgreina prentaða eða *birta¹* mynd af

skjali¹ *síðu²* fyrir síðu.

Dæmi: *HPGL*, *Postscript*.

– page description language, PDL¹

síðumynd kv.

Útlitseining sem er réttthyrnt svæði jafnstórt þeim pappír sem prentað verður á.

· Vikmörk fyrir pappírsstærð, *skávik* o.s.frv. eru ekki hluti af síðumynd.

sh. *málamyndasíða*

– nominal page

síðuprentari kk.

Prentari sem prentar *síðu²* sem eina heild.

Dæmi: *Örfilmuprentari*, *geisluprentari*.

– page printer

síðurammi kk.

Geymslustaður í *raunminni* sem er jafnstór og *síða¹*.

– page frame

síðuskil hk. ft.

Ski² á milli *síðna²*.

· *Síðufætur* og *síðuhaugar* prentast þar sem síðuskil verða.

– page break

síðuskiptahnappur kk.

Hnappur á *prenturum* sem flytur pappír þannig að næst verði prentað efst á nýja *síðu²* eða síðuígildi.

– form feed key

síðuskiptaskipun kv.

Ívafsskipun sem veldur því að næst er prentað efst á næstu *síðu²* eða síðuígildi.

– new page command

síðuskiptasvæði hk.

Tiltekið svæði neðst á *síðu²* þar sem ákveðið er hvaða *línur¹* eigi að vera á þeirri síðu og hvar skuli farið á nýja síðu.

sh. *skiptisvæði blaðsíðu*

– paging zone, conditional end of page

síðuskipti hk. ft.

Það að færa prentstöðu eða birtingarstöðu í fyrstu *línu¹* á næstu *síðu²* eða

síðuígildi.

· Staða fyrstu línu er ákveðin fyrir fram.

– form feed²

síðuskrá kv.

Frátekin hluti af *harðdiski*, ætlaður sem viðbót við *vinnuminni* fyrir *gögn* sem hafa ekki verið notuð nýlega.

· Þetta er eins konar *sýndarminni*.

– swap space, swap file, pagefile

síðusnið hk.

(í *ritvinnslu*) Skipulag *texta* á *síðu*².

– page layout

síðuvíxl hk. ft.

Það að flytja *síður*¹ á milli *raunminnis* og *ytri geymslu*.

– paging

síðuvíxl eftir þörfum

Það að flytja *síðu*¹ úr *ytri geymslu* í *raunminni* þegar hennar er þörf.

– demand paging

síðuvíxl fyrir fram

Það að flytja *síðu*¹ úr *ytri geymslu* í *raunminni* fyrir fram þannig að hún sé tiltæk þegar hennar er þörf.

– anticipatory paging

síðuvíxlataekni kv.

Tækni við að úthluta *raunminni* þar sem því er skipt í *síðuramma*.

– paging technique

sífellublöð hk. ft.

Óskrifaður pappír eða eyðublöð sem renna samfelt í gegnum *prentara*.

– continuous form, continuous forms paper

síkvíslun leiða

(í framsetningu með *gagnvirkum miðli*)

Eiginleiki sem gefur notanda kost á að breyta *forriti* hvar sem er en ekki eingöngu á tilteknum *leiðaskilum*.

– continuous branching

símabréf hk.

Það sem er sent eða tekið við með búaði fyrir *símsendingu*.

sh. *símbréf*

– fax², telecopy

símafundur kk.

Fjarfundur þar sem þátttakendur tengjast um símarásir svo að þeir geta talað saman og hugsanlega einnig notað *símsendingar*.

– conference call

símatengill kk.

– telephone jack

símboði kk.

– pager, beeper

símbréf hk. → *símabréf*

símsenda so.

Flytja myndir af síðum um fjarskiptakerfi og búa til afrit af þeim á viðtökustað.

– fax³

símsending kv.

Það að *símsenda*.

– fax¹, facsimile, telefax

sínet hk.

· Í ensku hefur heitið „Evernet“ verið notað til að lýsa samruna *þráðlausrar* tækni, *breiðbands* og lýðnets-símtækni sem leiðir til þess að menn geta verið *sítengdir* við vefinn hvar sem er með því að nota nánast hvaða upplýsingatæki sem vera skal. Sínetið þarf *bandbreidd* sem veitir milljónum heimila vefaðgang með ódýru *kapalmótaldi*, DSL-tækni eða þráðlausu sambandi. Sínetið getur einnig náð til venjulegra heimilistækja, heimilisneta og skrifstofuneta sem í eru tæki til að stýra umhverfinu, en slík net þarfnast *sítengingar*. Þar að auki má líta á færanleg tæki, sem auðvelt er að tengja öðrum þráðlaust, sem hluta sínetsins.

– Evernet

sírítandi hnappur

Hnappur sem sendir sinn *staf* aftur og aftur með tilteknu millibili ef stutt er á hann lengur en tiltekinn tíma.

– repeat-action key, repeating key,

typematic key

sírítunarhnappur kk.

Hnappur sem haldið er niðri á meðan stutt er á annan hnapp sem sendir þá sinn *staf* aftur og aftur.

– repeat key

síseró kk.

Mælieining í prentun, 12 alþjóðlegir *punktur* eða 0,451 cm.

– cicero

sístæður fróðgjafi → *sístæður skeytagjafi*

sístæður skeytagjafi

Skeytagjafi þar sem hvert *skeyti*¹ hefur tiltekin líkindi á að vera sent, óháð því hvenær það verður til.

sh. *sístæður fróðgjafi*

– stationary message source, stationary information source

sítengdur lo.

sh. *sítengi-*

– always online¹

sítengi- fl. → *sítengdur*

sítenging kv.

– always online²

sítiltækileiki kk.

(um kerfi) Það að vera ávallt tiltækur.

– high availability

sívalningur kk.

Allar *rásir*¹ á *seguldiskum* í diskasamstæðu sem eru jafnlangt frá snúningsásnum.

· *Lesi* má af eða *skrifa* á sívalning með öllum *segulhausum* á *kambi* í tiltekinni stöðu.

– cylinder

sjálfbirgið mál

Gagnasafnsmál sem nægir til þess að semja fullkomin *verkforrit* til nota við *gagnasöfn* og þarf því ekki að vera ívafið í *hýsimál*.

– self-contained language

sjálfbirginn lo.

(um *gagnasafnskerfi*) Búinn *forritunarmáli* sem ekkert vantar í til þess að

vinna úr efni í *gagnasafni*.

· Forritunarmálið hefur allar nauðsynlegar skipanir til þess að stýra gagnasafninu, *heimta gögn* og breyta þeim.

– self-contained

sjálfbætandi lo.

(um tæki eða kerfi) Sem getur skynjað þegar það starfar ekki rétt og gert nauðsynlegar lagfæringar, án mannlegrar íhlutunar, til að komast aftur í eðlilegt starfsform.

– self-healing

sjálföldun kv.

(í *nanótækni*) Ferli þar sem tæki á *stærðarþrepi* nanómetra búa til afrit af sjálfum sér.

– self-replication

sjálfgefið gildi

Gildi sem er ákveðið fyrir fram og notað sjálfkrafa ef annað er ekki tekið fram.

sh. *sjálfgildi*

– default value

sjálfgefið snið

Tiltekið *snið*³ sem er ákveðið fyrir fram og notað sjálfkrafa ef annað er ekki tekið fram.

sh. *grunnsnið*

– default format, basic format

sjálfgefinn lo.

(um *eigind*¹, *gagnagildi* eða valkost) Sem gert er ráð fyrir ef annað er ekki tekið fram.

Dæmi: Í *Fortran* er sjálfgefið að heiti sem byrja á einum *bókstafanna* I til og með N tákna heiltölubreytur.

– default

sjálfgildi hk. → *sjálfgefið gildi*

sjálfhelda kv.

Sú staða að *gagnavinnsla* hefur stöðvast um stundarsakir vegna þess að tvö eða fleiri tæki eða tvö eða fleiri *samskeiða ferli*¹ bíða hvert um sig eftir *tilföngum* sem hinum hefur verið úthlutað eða vegna þess að þau eru háð hvert

öðru á annan hátt.

Dæmi: Sú staða að *forrit* A, sem hefur lokað *aðgangi*¹ að færslu X, biður um aðgang að færslu Y, sem *forrit* B ræður yfir. Á sama hátt biður *forrit* B eftir að fá aðgang að færslu X áður en það veitir aðgang að færslu Y.

– deadlock, deadly embrace

sjálfkvaðning kv.

*Ferli*¹ sem felst í því að *undirforrit*¹ kallar annaðhvort á sjálft sig eða á annað *undirforrit* sem kallar á upphaflega *undirforritið* eða kallar á annað *undirforrit* og þannig koll af kolli uns loks er kallað á upphaflega *undirforritið*.

· Sjá einnig *endurkvæmur*.
– recursion

sjálfkvaðningarrit hk.

Skýringarmynd sem lýsir *samhengisfrjálsu máli*.

– recursion diagram

sjálfritandi dreifilykill

(í *tölvuöryggi*)

– self-signed public key

sjálffröðun kv.

(í *gluggaumhverfi*)

– auto arrange

sjálfafgreiðsla á vefnum

– web self-service

sjálfseignaður amapóstur

Óumbeðinn *tölvupóstur*³ sem ber það með sér að viðtakandi hafi sent hann sjálfur.

· Sjálfseignaður amapóstur er ein gerð *upprunafölsunar tölvupósts*.

– self-sending spam

sjálfskipulagshæfni kv.

Geta *tauganets* fyrir *viðgjafarlaust nám* til þess að stilla *taugamótavægi* sín eftir líkindadreifingu einkenna sem er að finna í ílagsmynstrunum.

– self-organization

sjálfskipulagsnet hk.

Tauganet sem hefur *sjálfskipulagshæfni*.

· Sjálfskipulagsnet er oft hannað til þess að herma eftir hæfileika heilafrumna til þess að koma af stað tiltekinni hegðun eða raða sér saman í tiltekið *mynstur*¹.

– self-organizing network, Kohonen map

sjálfskýrandi forrit

Forrit sem ekki þurfa að fylgja sérstakur leiðbeiningar um notkun eða viðhald.

· Forritið segir notanda hvað hann á að gera um leið og það er *innt*. Einnig eru settar *athugasemdir* í *frumforritið* sem skýra gang forritsins og auðvelda lagfæringar og breytingar.

– self-documenting program

sjálfseleit kv.

Það að *leita sín*.

– egosurfing

sjálfsmíði kv.

(í *nanótækni*) Aðferð við að smíða tæki og vélar á *stærðarþrepi* nanómetra, þar sem hermt er eftir aðferðum lífkerfa við að „smíða“ sameindir, veirur, frumur, plöntur og dýr.

– self-assembly

sjálfsnám hk.

Það að læra af *þekkingarsafni* eða af nýjum *ílagsgögnum* án þess að utanaðkomandi *þekkingu* sé bætt við.

– self-learning

sjálfstýrð vinnsla

Tölvuvinnsla þar sem líkt er eftir sjálfvirka taugakerfinu í mannlíkamanum.

· Í sjálfstýrðri vinnslu er vinnsla stýrt án ílags frá notanda á sama hátt og sjálfvirka taugakerfið stýrir líkamanum án þess að einstaklingurinn leggi eitthvað til.

– autonomic computing

sjálfstýrður lo.

– autonomous

sjálfstýrður þjarki

– autonomous robot

sjálfstýrt kerfi

– autonomous system

sjálfstæð vistþýðing

Það að *vistþýða frumforritseiningu* án þess að nota *gögn* um tengingar og samhengi úr skyldum frumforritseiningum.

· Nauðsynlegt getur reynst að athuga hvort þessi gögn eru rétt þegar sjálfstæðar vistþýðingar eru að lokum sameinaðar.

– independent compilation, ?separate compilation³

sjálfstæði gagnvart aðkomuleið

Aðgreining rökleggrar lýsingar á *gögnum* frá *aðkomuleið* þeirra þannig að breytingar á aðkomuleið krefjist ekki breytingar á röklegri lýsingu gagna í *forriti*.

– access path independence

sjálfstæði gagnvart gögnum

(í *gagnasafnskerfi*) Sá eiginleiki gagnasafnskerfis að *verkforrit* geti verið óháð breytingum á skipan *gagnanna*.

– data independence

sjálfstæður lo.

(um búnað) Sem starfar óháður öðrum tækjum, *forritum* eða kerfum.

– stand-alone

sjálfstæður gagnvart aðkomuleið

(um *gagnasafnskerfi*) Sem er óháður þeim *aðkomuleiðum* sem notaðar eru.

· Ekki þarf að breyta *forritum* sem nota röklegar gagnaskilgreiningar, sjálfstæðar gagnvart aðkomuleiðum, þótt aðkomuleiðunum sé breytt.

– access path independent

sjálfstæður gagnvart gögnum

(um *gagnasafnskerfi*) Sem er óháður röklegri eða raunlægri skipan *gagna*.

– data-independent

sjálfstætt kerfi

Gagnavinnslukerfi sem getur starfað óháð öðrum kerfum, hefur t.d. öll nauðsynleg *fylgಿತෙки*.

– stand-alone system

sjálfsvari kk.

Forrit sem sendir sjálfvirkt fyrir fram tilbúin svör, t.d. við *tölvupósti*³ eða fyrirspurnum, til *vefseturs*.

– autoresponder

sjálfsvörun kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Það að búa sjálfvirkt til svar við aðkomnu *skeyti*² og tilnefna *upphafsmann* þess sem *áformaðan viðtakanda*.

– auto-reply

sjálfun kv.

Það að *ferli*¹ setur annað eintak af sjálfu sér í gang.

– fork

sjálfundirritaður lo.

(í *tölvuöryggi*) Undirritaður með eigin *einkalykli*.

– self-signed

sjálfvirk endurtekning

Það að sami *stafur* er sendur ítrekað með tilteknu millibili ef *hnappi* er haldið niðri tiltekinn tíma.

– auto-repeat

sjálfvirk framsending

Það að *framsenda* á sjálfvirkan hátt aðkomið *skeyti*² til nýs *áformaðs viðtakanda* sem hefur verið skilgreindur fyrir fram.

– auto-forward

sjálfvirk gagnavinnsla → gagnavinnsla**sjálfvirk letursetning**

Það að setja *texta* með setningarvél sem stjórnað er af *tölvu*.

· Textinn er skráður á *gataræmu*¹, *diskling*¹ eða annan *tölvutækan miðil*.

– automatic typesetting, computerized typesetting

sjálfvirk sía

(í *gluggaumhverfi*)

– autofilter¹

sjálfvirk síðuskipting

Það að skipa *texta* sjálfvirkt á *síður*² samkvæmt tilteknu *síðusniði*.

· Þessi aðgerð leyfir notanda að færa

inn texta án þess að taka tillit til þess hvar síðum skuli ljúka.

– automatic pagination

sjálfvirk síðutölusetning

Hæfileiki *ritvinnsluforrits* til þess að auðkenna blaðsíður hverja á fætur annarri sjálfvirk á fyrir fram ákveðinn hátt.

· Sjálfvirkri síðutölusetningu má ekki rugla saman við *sjálfvirka síðuskiptingu*.

sh. *sjálfvirk tölusetning blaðsíðna*

– automatic page numbering

sjálfvirk síun

(í gluggaumhverfi)

– autofilter²

sjálfvirk staðsetning neðanmálgreinar

Aðgerð sem setur *neðanmálgrein* sjálfvirk neðst á þá *síðu*² þar sem *tilvísun*¹ í neðanmálgreinina birtist eða á annan tiltekinn stað.

– automatic footnote tie-in

sjálfvirk tungumálþýðing

– automatic language translation

sjálfvirk tölusetning blaðsíðna → *sjálfvirk síðutölusetning*

sjálfvirk tölusetning efnisgreina

Hæfileiki *ritvinnsluforrits* til þess að auðkenna *efnisgreinar* í *skjali*¹ hverja á fætur annarri sjálfvirk á fyrir fram ákveðinn hátt.

– automatic paragraph numbering

sjálfvirk þráspurn

Fyrirspurn sem er síendurtekin þangað til svar fæst.

– automatic repeat request, ARQ

sjálfvirkjun kv.

Það að breyta *ferlum*¹ eða tækjum til að þau starfi sjálfvirk.

– automation¹, automating

sjálfvirkni kv.

Sjálfvirk starfsemi *ferla*¹ eða tækja.

– automation²

sjálfvirk kall

(í *gagnaflutningsneti*) *Kall*¹ þar sem stök *valmerkisins* eru send inn í *gagna-*

flutningsnetið samfellt með fullum *bita-hraða*.

· Valmerkið verður til í *útsöðvartæki*. Í hönnunarforsendum netsins er unnt að takmarka hversu oft má velja sömu stöðina árangurslaust á tilteknu tímabili.

– automatic calling

sjálfvirk svar

(í *gagnaflarskiptum*) *Svar*, sent á sjálfvirkan hátt af *útsöðvartæki* sem *kallað* hefur verið á.

· Sambandinu er komið á hvort sem fylgst er með *útsöðvartækinu*, sem *kallað* var á, eða ekki.

– automatic answering

sjálfvirkur lo.

(um *ferli*¹ eða tæki) Sem við tiltekin skilyrði starfar án mannlegra afskipta.

– automatic

sjálfvirkur fararhnitill

Búnaður sem notar *GPS-staðsetningarkerfi* til að staðsetja farartæki.

· Sjá einnig *hnitill* og *fararhnitill*.

– automatic vehicle locator, AVL

sjálfvirkur netbréfasími

Sjálfvirkur bréfasími á neti.

– autofax

sjálfvirkur svarmiðlari → *sjálfvirkur svarþjónn*

sjálfvirkur svarþjónn

Kerfi fyrir *raddsva*r, notað til þess að *beina* símtölum eða boðum eða hvoru tveggja annaðhvort með því að nota tónval eða talaðar fyrirspurnir.

· Sjálfvirkur svarþjónn er ein gerð *raddþjóns*.

sh. *sjálfvirkur svarmiðlari*

– automated attendant, auto-attendant

sjálfþýða so.

*Þýða*¹ *vistþýðanda* með því að nota hann sjálfan sem *þýðanda*¹.

– bootstrap³

sjónarhorn hk.

Horn, afmarkað af tveimur línunum sem

dregnar eru frá þeim punktum í *viðfangssléttunni* sem athuganda virðast vera lengst hver frá öðrum.

– angle-of-view

sjónblöndun kv.

Það að taka saman tvö *samstillt sjón-gagnamerki*.

· Samsetta merkið kemur á eftir merki af tilteknum lit, sem kallast *lykillitur*, en á undan öðrum merkjum.

Dæmi: Veðurfræðingur stendur fyrir framan blátt baksvið. Blátt er lykilliturinn. Heima í stofu sér sjónvarpsáhorfandi veðurkortíð í stað lykillitarins og veðurfræðingurinn virðist standa fyrir framan kortið.

– chroma-keying

sjóngagnaflutningur kk.

Rafrænn flutningur *sjóngagna* frá einum stað til annars um *net*.

– video transmission

sjóngagnamerki hk.

*Merki*² með sniði fyrir *birtingu* sem ein eða fleiri *myndir*².

– video signal

sjóngagnasíða kv.

Öll þau *merki*² sem þarf til þess að búa til *mynd*².

– video signal frame, frame³

sjóngerving kv. → *vísindaleg sjóngerving*

sjóngögn hk. ft.

Gögn með sniði sem hentar til *birtingar* sem ein eða fleiri *myndir*².

· Sjóngögn eru venjulega sýnd sem röð mynda þannig að svo virðist sem eitt-hvað sé að gerast eða aðstæður séu að breytast.

Dæmi: (1) Efni á myndbandssnældu með kvikmynd. (2) *Merki*² frá veður-ratsjá.

– video

sjónkerfi hk.

Kerfi sem getur aflað sér einnar eða fleiri *mynda*² með því að nota ljósfræði-

legt tæki sem skynjar án snertingar og getur greint og mælt ýmis sérkenni og á grundvelli þeirra tekið ákvarðanir.

· Sjónkerfi geta m.a. staðsett, skoðað, mælt, sannkennt, borið kennsl á, talið og fylgt eftir hreyfingu.

– vision system

sjónlíkanskerfi hk.

Kerfi þar sem notað er fyrir fram gert líkan til þess að búa til lýsingu á upprunalegum *vangi* eftir *mynd*².

– model-based vision system

sjónræn tölvunotkun

Tölvunotkun þar sem notandi hefur *gagnvirk samskipti* við *tölvu* og stjórnar vinnslu hennar með því að fást við *myndir*² á *skjá*.

· Myndirnar geta verið ljósmyndir, þrívíddarmyndir, *myndskeið*, *reitarit* eða einföld *teikn*.

– visual computing

sjónræn vísbending

Sjónrænar *upplýsingar*¹ um hlut sem nægja til þess að segja til um stefnu hans og stað.

– visual cue

sjónrænt forritunarmál

Forritunarmál til þess að búa til líkan af frumeiningum *sýndarheims*.

Dæmi: Embrace, fyrrum kallað Grasp og Mandela.

– visual programming language, VPL

sjónrænt gagnaskoðunarkerfi

Kerfi þar sem aðferðir *sýndarveruleika* eru notaðar til þess að skoða *gagnasöfn*.

– spatial data management system, SDMS

sjónskynjari kk.

Búnaður sem tekur við ljósorku úr sýnilegu umhverfi sínu og býr til *frálag* til frekari vinnslu.

– vision sensor, visual sensor

sjónsvið hk.

Rúmhorn sem afmarkar það sem sést frá athugunarstað og er þess vegna með

á mynd².

– field of view, FOV

sjónumyndgjafi kk.

Leysisörskanni sem setur myndir beint á sjónuna.

– retina laser

sjónvarp í lokuðu kerfi

– closed circuit television

skaðalestur kk.

Lestur þar sem gögn, sem lesin eru, þurrkast út.

– destructive read

skaði kk.

Mælikvarði á tjón eða missi sem stafar af vásetningu.

– loss

skaðleysulestur kk.

Lestur þar sem gögn, sem lesin eru, þurrkast ekki út.

– nondestructive read

skammsnið hk.

Skipulag *texta* eða mynda á síðu² þar sem textalínur eru samhliða skammhlið síðunnar.

– portrait, portrait format, vertical format

skammstöfun kv.

Stytt framsetning á orði eða orðasambandi, oftast gerð með því að halda í fyrstu stafi orðanna en sleppa öðrum.

· Skammstöfun orðasambands kallast *skammstöfunarorð* ef hún er borin fram sem orð.

Dæmi: ASÍ táknar Alþýðusamband Íslands.

sh. *stytting*

– abbreviation

skammstöfunarorð hk.

Skammstöfun orðasambands sem er borin fram sem orð.

Dæmi: SPRON táknar Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis.

– acronym

skammta so. → *búta*

skammval hk.

(í *gagnaflutningsneti*) *Kall*¹ þar sem nota má stytt *vistfang* til þess að koma á *sambandi*¹.

· Notendur geta fengið leyfi til þess að tilnefna ákveðinn fjölda styttra vistfanga. Breyta má úthlutun þeirra eftir þörfum samkvæmt tilteknum reglum.

– abbreviated address calling

skanna¹ so.

Skoða *gögn* á kerfisbundinn hátt.

– scan¹

skanna² so.

Skoða *hlut*³ eða setja saman mynd² eftir fyrir fram ákveðinni aðferð.

Dæmi: (1) Símsendingarkerfi skannar mynd frá vinstri til hægri og ofan frá og niður eins og þegar lesið er. (2) Mynd, framkölluð á sjónvarpsskjá línu fyrir línu, er skönnuð.

– scan²

skanni kk.

Sjónskynjari sem tekur sýni úr umhverfi sínu eftir skipulegu mynstri.

· Skannar eru t.d. notaðir við *ljóslestur merkja*, *mynsturkennsl* eða *stafakennsl*.

Dæmi: Tæki sem *skannar*² prentuð eða handskrifuð *gögn* á ljósfræðilegan hátt og setur þau í *stafrænt* form.

– scanner¹

skannlína kv.

Runa díla sem eru venjulega í láréttri röð og eru *skannaðir*² hver á fætur öðrum.

– scan line, scanning line

skarpstilla so.

Dæmi: Skarpstilla tæki.

sh. *brennistilla*

– focus

skautabil hk.

Fjarlægð á milli skauta í *segulhaus*.

· *Rásabil* og þar með *rásapéttleiki* ákvarðast aðallega af skautabili.

– gap width

skautuð núllmiðunarskráning

Viðmiðunarlausa skráning þar sem 0 er sett fram með seglun í eina átt og 1 er settur fram með seglun í gagnstæða átt.

– polarized return-to-zero recording, RZ(P)

skautun¹ kv.

– polarity

skautun² kv.

· Mikilvægt hugtak í *þráðlausum samskiptum*.

– polarization

skáletra so.

Prenta með *skálettri*.

– italicize

skáletur hk.

Leturbrigði þar sem *stafir* hallast miðað við aðalleturbrigðið.

· Oftast sett inn í beint letur til þess að leggja áherslu á og aðgreina orð og setningar sérstaklega.

– italics

skávík hk.

Frávik *þverraðar* (hornfrávik eða lengdarfrávik) frá tiltekinni viðmiðun.

– skew

skekka kv.

Frávik reiknaðs, athugaðs eða mælds gildis eða skilyrðis frá sönnu, tilteknu eða fræðilega réttu gildi eða skilyrði.

– error¹

skekjubreidd kv. → skekkjuspönn**skekkmengi hk.**

Mengi þeirra gilda sem *skekka* getur tekið.

– error range¹

skekkmörk hk. ft.

Skekkuvikiörk, að slepptum skekkjum sem ílagssuð veldur, sem ekki ætti að fara yfir þegar tæki er notað við eðlileg starfsskilyrði.

– mean rate accuracy

skekksjönn kv.

Mismunur á hæsta og lægsta gildi *skekku*.

sh. *skekkuvídd*, *skekjubreidd*

– error span, ?error range²

skekkuvídd kv. → skekkjuspönn**skel¹ kv.**

Unix-heiti á gagnvirku viðmóti við stýrikerfi.

· Skelin er forritunarlagið sem skilur og framkvæmir skipanir sem notandinn færir inn. Í sumum kerfum er skel kölluð *skipanatúlkur*.

– shell¹

skel² kv. → sérfræðiskel**skellur kk.**

Það þegar *segulhaus* snertir af slynsni *gagnamiðil* sem snýst.

– head crash

skelskrifta kv.

Textaskrá sem í er *runa* af *skipunum²* fyrir *Unix*-bundið stýrikerfi.

– shell script

skerðing kv.

(í *tölvusjón*) Fegurðargalli í *innrauðri myndfærslu* sem er til kominn af völdum formgerðar í greiningarkerfi og truflar þá geislun sem á að greina.

– clipping²

skerpuþýpt kv.

Bilið á milli lágmarks- og hámarksfjarlægðar frá skynjara þar sem *mynd²* í brennipunkti hefur viðunandi skerpu.

– depth-of-field

skeyta saman

· Notað t.d. um strengi.

– concatenate

skeyta við

Bæta nýju *skjali¹* eða *stafastreng* aftan við skráðan *texta*.

– append³

skeytaflutningskerfi hk.

Búnaður með einn eða fleiri *skeytaflutningsmiðla* sem annast *skeytaflutning* með *doksendingu* milli *aðgangsbúnaðar*, *skeytageymslna¹* og *aðgangseininga*.

– message transfer system, MTS

skeytaflutningsmiðill kk.

Búnaður sem er hluti af *skeytaflutningskerfi* og flytur *skeyti*² til einstakra *notenda*³ eða notendahópa sem eru á *póstlistum*.

– message transfer agent, MTA¹

skeytaflutningur kk.

(í *tölvupóstkerfi*) Flutningur *skeyta*² með því að nota *tölvunet*.

– message transfer, MT

skeytagátt kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Búnaður sem tengir saman tvö eða fleiri ólík *tölvupóstkerfi* og flytur *skeyti*² milli þeirra.

– mail gateway, gateway²

skeytageymd kv. → *skeytageymsla*²**skeytageymsla**¹ kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Búnaður sem veitir einstökum *beinum notanda* möguleika á *skeytageymslu*².

– message store, MS

skeytageymsla² kv.

(í *tölvupóstkerfi*) Það að *geyma*² *skeyti*² sjálfvirkt svo að unnt sé að ráðstafa þeim síðar.

sh. *skeytageymd*

– message storage

skeytagjafi kk.

Sá hluti samskiptakerfis sem *skeyti*¹ teljast koma frá.

sh. *fróðgjafi*

– message source, information source

skeytaheimt kv.

Það að *ná í tölvupóst*³ sem hefur borist í *pósthólf*.

sh. *heimt*²

– message retrieval, retrieval²

skeytakerfi hk.

Gagnavinnslukerfi, notað til þess að búa til *skeytasýslukerfi*.

– messaging system

skeytalistunarþjónusta kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem lætur *aðgangsbúnaði* viðtakanda í té *lista* með *upplýsingum*¹ um *skeyti*² sem hafa

verið *geymd*¹ í *skeytageymslu*¹.

· Upplýsingarnar fela í sér valdar *eigindir*² hvers *skeytis* og annarra upplýsinga sem *skeytageymslan* hefur bætt við.

– stored message listing service

skeytamiðlari kk. → *skeytaþjónn***skeytamiðlun** kv.

Það að *beina skeytum*² um *gagnaflutningsnet* með því að taka við þeim, *geyma*² þau ef þörf krefur og senda þau áfram í heilu lagi.

– message switching

skeytasending kv.

Það að *flytja*, *geyma*¹ og *heimta skeyti*² með rafrænum aðferðum.

sh. *tölvuskeytasending*

– electronic messaging

skeytasýsla kv.

Verkþáttur í dreifðri *upplýsingavinnslu* sem felst í því að tengja saman *skeytaflutning* og *skeytageymslu*².

– message handling, messaging

skeytasýslukerfi hk.

Tölvuvætt upplýsingakerfi þar sem *notendur*³ geta skipst á *skeytum*² á skipulegan hátt.

· *Skeyti* eru send í miðstöð eða beint til *viðtakenda*. Kerfið getur verið bundið *gagnavinnslukerfi* tiltekens fyrirtækis eða stofnunar eða notað í *tölvuneti*.

sh. *tölvupóstkerfi*, *tölvupóstur*², *rafpóstur*²

– message handling system, MHS, electronic mail²

skeytasýsluumhverfi hk.

Það umhverfi sem nær yfir *skeytasýslukerfi*, *notendur*³ þess og *póstlista*.

– message handling environment, MHE

skeytasýsluþjónusta kv.

*Þjónusta*¹, veitt með *skeytasýslukerfi*.

– message handling service

skeytatalningarþjónusta kv.

*Þjónusta*¹ sem telur fyrir *aðgangsbún-*

að viðtakanda fjölda *skeyta*² sem fullnægja tilteknu skilyrði, byggðu á einni eða fleiri *eigindum*² þeirra skeyta sem *geymd*¹ hafa verið í *skeytageymslu*¹.

– stored message summary service

skeytaþegi kk.

Sá hluti samskiptakerfis þar sem telst vera tekið við *skeytum*¹.

sh. *fróðþegi*

– message sink, information sink

skeytaþjónn kk.

Miðlunarforrit sem sér um *skeyti*¹, send öðrum *forritum* sem nota skeytaverkforritaskil.

sh. *skeytamiðlari*

– messaging server

skeytaþjónusta fyrir framleiðslu

*Þjónusta*¹ sem gerir eftirlitstölvu kleift að stjórna starfsemi tölvustýrðra tækja sem er dreift um *net* og eru notuð til þess að stjórna framleiðsluferlum.

– manufacturing message service, MMS¹

skeyti¹ hk.

(í *upplýsingafræði* og *samskiptafræði*) *Runa* af *stöfum*, ætluð til að flytja *upplýsingar*².

sh. *skilaboð*

– message²

skeyti² hk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Fróðfang*, flutt milli *notenda*³ tölvupósts.

· Fróðfangið er unnt að setja fram með *texta*, *runu* *hljóða* eða myndum.

· Skeyti er venjulega í tveimur hlutum: *efni* og *umslag*.

sh. *tölvuskeyti*, *tölvubréf*

– message³, electronic mail⁴

skeytislok hk. ft.

Endamerki skeytis.

– end of message, EOM

skiki kk.

Afmarkað samsafn *hnappa* sem ætlaðir eru til sérstakra nota.

· Skiki getur verið hluti af stærra

hnappaborði eða sjálfstæður.

– keypad¹

skil¹ hk. ft.

Mörk milli tveggja *búnaðareininga*, skilgreind eftir eiginleikum sem lúta að starfsemi, sameiginlegum tengingum, merkjaskiptum og öðrum eiginleikum eininganna eftir því sem við á.

· Í *vélbúnaði* einkennast skil t.d. af eðli tenginga og merkja sem fara um þau.

Í *hugbúnaði* einkennast skil einkum af því hvaða *gögn* flytjast um þau og hvernig.

· Enska orðið „interface“ er oft ranglega notað um tæki sem tengir saman tvö önnur tæki. Í þeirri merkingu ætti að nota orðið *tengildi*.

· Sjá einnig *viðmót*.

– interface

skil² hk. ft.

(í *ritvinnslu*) Staður í *texta* þar sem byrjað er á nýrri *línu*¹.

Dæmi: *Línuskil*, *greinaskil*, *síðuskil*.

– break

skil³ hk. ft. → afhending

skila so.

Láta af hendi búnað, t.d. svæði í *minni*, sem hefur verið *úthlutað* til vinnslu tiltekins verkefnis.

– deallocate

skila gildi

Flytja *gagnagildi* til *forritseiningar* sem *kallað* hefur á *undirforrit*¹.

· Undirforritið skilar gildi þegar það *hverfur aftur*.

– return a value

skila gögnum

(í *gagnasafni*) Skila *skjali*¹ í *gagnasafn*.

– check in

skilaboð hk. ft. → skeyti¹

skilaflutningur kk.

Það að flytja eða reyna að flytja *fróðfang* frá sendistað til *hugsanlegra viðtakenda*.

· Skilaflutningur felst í *runu* af *flutn-*

ingsskrefum og flutningsatvikum.

– transmittal

skilakerfi fyrir tækniferli

Búnaður sem lagar *stýribúnað fyrir tækniferli* að *gagnavinnslukerfinu* í *gagnavinnslukerfi fyrir tækniferli*.

– process interface system

skilatilkynning kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Fróðfang* sem *skeytaflutningskerfi* býr til og sýnir hvort *skeyti*² eða *kanni* hafi komist til skila eða hvernig gangi að koma þeim til skila.

· Skilatilkynning getur greint frá *afhendingu* eða *óskilum* skeytis eða kannu.

– report²

skilgreining kv.

Máleineing þar sem eitt eða fleiri *nefni* eru kynnt beint í *forriti* og tiltekið hvernig á að túlka þau.

· Í sumum *forritunarmálum* er litið á skilgreiningar sem *setningar*¹.

Dæmi: Skilgreiningar á *gagnatögum*, *geymsluskipulagi*, *pökkum*² og *verkeiningum*.

sh. *yfirlýsing*

– declaration

skilgreining gagna

Það að búa til *gerðarlýsingu*.

· Þegar gerðarlýsing er búin til eru *gagnastök*² í skipan *gagnasafnsins* og *vensl*¹ þeirra aðgreind og þeim lýst.

sh. *gagnaskilgreining*

– data definition

skilgreining skjalatags

– document type definition, DTD

skilgreiningarkaffi kk.

Hluti *forrits* sem hefur eina eða fleiri *skilgreiningar*.

· Skilgreiningarkaffi í *Cobol* tekur sérstaklega á meðferð *frábrigða*.

· Sjá einnig *meginmál*¹.

– declarative part, data division

skilgreiningarmál hk.

Forritunarmál þar sem aðallega eru notaðar *skilgreiningar*.

Dæmi: *Gagnaskilgreiningarmál*.

– declarative language

skilgreiningarsvið hk.

Hluti *forrits* þar sem reglur um *gildisvið*¹ og *tilvísanleika* ákvarðast af samsvarandi *skilgreiningum* í öðrum hlutum forritsins.

– declarative region

skilgreiningarþekking kv.

Þekking, sett fram með *staðreyndum*, reglum og kennisetningum.

· Venjulega er ekki unnt að vinna úr skilgreiningarþekkingu nema hún sé fyrst þýdd yfir í *aðferðarþekkingu*.

– declarative knowledge

skili kk.

(í *forritunarmálum*) *Afmarkari*² sem kemur í veg fyrir að litið sé á grannstæð *lesstök* eða málskipanareiningar sem eina heild.

Dæmi: *Bilstafur* eða *sniðstafur*.

sh. *skiltákn*

– separator¹

skilja pappír sundur

Skilja sundur blöð í *margritapappír*.

– decollate, deleave

skiljanleiki kk.

Mælikvarði á það hversu auðvelt er fyrir mann að lesa *forrit* og átta sig á hvernig *gagnaskipanir* eða *gagnahlutir* og *algrím*, sem notuð eru í forritinu, samsvara því verkefni sem átti að leysa.

– understandability

skiljanleiki tals

Hæfni *talfrálags* að skiljast rétt, venjulega mæld sem hundraðshluti taleininga.

sh. *talskiljanleiki*

– speech intelligibility

skilningsgerðarlýsing kv.

Safn *setninga*³ sem eru í samræmi hver við aðra og sýna nauðsynlegar *yrðingar*

sem gilda í tilteknum *umfjöllunarheimi*.
– conceptual schema

skilningslíkan hk.

Framsetning á einkennum *umfjöllunarheimis* með því að nota *einindi*¹ og *einindavensl*.

– conceptual model

skilningsóðal hk.

Mengi gilda gildismerkinga.

· Gildismerkingar í skilningsóðali geta annaðhvort verið tölusettar eða lýsingar gefnar á þeim.

– conceptual domain

skilningsstig hk.

Allt sem fjallar um túlkun og meðferð *upplýsinga*¹ sem lýsa tilteknum *umfjöllunarheimi* eða *einindaheimi* í *upplýsingakerfi*².

– conceptual level

skiltákn hk. → *skili***skilvirkni** kv.

Mælikvarði á það hversu hratt *forrit* er *innt* eða hversu mikla *geymslurýmnd* það notar eða hvort tveggja.

– efficiency

skilyrðishluti kk.

Samsafn *staðreynda* eða setninga í þeim hluta *skilyrðisreglu* (ef-hluta) þar sem skilyrði eru sett fram.

– left-hand side, premise part, condition part

skilyrðisregla kv.

Regla í *formlegri rökfræði* sem hefur einn hluta (ef-hluta) þar sem skilyrði eru sett fram og annan hluta (þá-hluta) þar sem sett er fram takmark eða aðgerð sem á að framkvæma ef skilyrðinu er fullnægt.

sh. *skilyrðissetning*

– if-then rule, if-then statement

skilyrðissetning kv. → *skilyrðisregla***skilyrt flétta**

Máleining sem tilgreinir fleiri en eina *inningaröð*.

Dæmi: *Tilvikissetning, ef-setning*.

– conditional construct

skilyrt fróðmæld → *skilyrt upplýsingamæld***skilyrt óreiða**

Meðalgildi *skilyrtrar upplýsingamældar* atburða í endanlegu mengi atburða sem útiloka hver annan og eru sameiginlega tæmandi, að því gefnu að atburðirnir komi fyrir í öðru mengi atburða sem útiloka hver annan og eru sameiginlega tæmandi. Á táknmáli stærðfræðinnar er þetta gildi:

$$H(X|Y) = \sum_{i=1}^n \sum_{j=1}^m p(x_i, y_j) I(x_i|y_j)$$

þar sem $X = \{x_1 \dots x_n\}$ er mengi atburðanna $x_i (i = 1 \dots n)$, $Y = \{y_1 \dots y_m\}$ er mengi atburðanna $y_j = (1 \dots m)$, $I(x_i|y_j)$ er skilyrt upplýsingamæld x_i að gefnu y_j , og $p(x_i, y_j)$ eru sameiginleg líkindi á að báðir atburðirnir gerist.

– conditional entropy, mean conditional information content, average conditional information content

skilyrt segð

Segð, þannig notuð að gildi hennar ákveður hvaða *inningaröð* er valin.

– conditional expression

skilyrt setning

Fjölsetning sem velur til *inningar* eina eða enga af tilteknum *runa setninga*¹ eftir því hvaða gildi *skilyrt segð* fyrir samsvarandi skilyrði tekur.

Dæmi: Í *Pascal* eru *ef-setningar* og *tilvikissetningar* skilyrtar setningar.

– conditional statement

skilyrt stökk

Stökk sem verður aðeins ef tilteknum skilyrðum er fullnægt þegar *skipunin*¹ sem tilgreinir það er *innt*.

– conditional jump, conditional branch

skilyrt stökkskipun

Stökkskipun sem tiltekur skilyrði fyrir að *stökk* verði.

– conditional jump instruction

skilyrt upplýsingamæld

Mælikvarði á magn *upplýsinga*² um hvort atburður x gerist ef gefið er að annar atburður y gerist, jafnt *logranum* af umhverfu skilyrtra líkinda $p(x|y)$ á atburði x að gefnum atburðinum y . Á táknmáli stærðfræðinnar er þessi mælikvarði:

$$I(x|y) = \log \frac{1}{p(x|y)}.$$

• Skilyrt upplýsingamæld er einnig munur á *heildarupplýsingamæld* atburðanna tveggja og *upplýsingamæld* hins síðarnefnda:

$$I(x|y) = I(x, y) - I(y).$$

sh. *skilyrt fróðmæld*

– conditional information content

skilyrtur aðgangur

– conditional access

skipan kv.

Eitthvað sem hefur ákveðið eða fast mynstur eða skipulag.

– structure

skipanakóti kk.

Mengi *bæta*, notað til þess að setja fram leyfilegar *vélarmálsskipanir* tiltekinnar *tölvu*.

– instruction code, computer instruction code, ?machine code²

skipanalína kv.

(í *skipanalínuviðmóti*) Lína eða *rein*¹ á *skjá*, ætluð fyrir *skipun*² notanda.

sh. *skipanarein*

– command line, command area

skipanalínuviðmót hk.

Viðmót að *stýrikerfi* eða *verkbúnaði* þar sem notandi bregst við *kvaðningu* með því að rita *skipun*² í tiltekna línu.

• Sjá einnig *skipanalína*.

– command line interface

skipanamál hk.

Safn af stefjuvirkjum ásamt tiltekinni *málskipan*, notað til þess að sýna hvað *stýrikerfi* á að gera.

– command language, control language

skipanamengi hk.

Samsafn *skipana*¹ sem tiltekin *tölva* getur unnið úr eða eru til reiðu í tilteknu *forritunarmáli*.

– instruction set, instruction repertoire

skipanarein kv. → skipanalína**skipanastýrður lo.**

(um *hugbúnað*) Sem er stjórnað með tilteknum *skipunum*².

• Notandi verður að læra skipanir *forrits* til þess að geta notað það. Skipanastýrð forrit eru oft sveigjanlegri í notkun en *valmyndastýrð forrit* en erfiðara getur verið að læra að nota þau.

– command-driven

skipanatúlkur kk.

– command interpreter

skipta so.

Nota *víxlhnað*.

– toggle

skipta á síður

(í *ritvinnslu*) Skipa *texta sjálfvirk* á *síður*² samkvæmt tilteknu *síðusniði*.

– paginate

skipta í kafla

(um *forrit*)

– segment²

skipta um

Skipta á tilteknum *texta* og öðrum *texta* sem fyrir er.

– replace³

skipta um allt

– replace all

skipta um kafla

Flytja *skiptikafla* úr *ytri geymslu* í *aðalminni* þannig að *skrifað* sé yfir aðra hluta *forrits*.

– overlay¹

skiptaþjáll lo.

Sem skipta má um með *gangþjálum* *skiptum*.

Dæmi: Skiptaþjáll *diskur*¹.

– hot-swappable

skipti hk. ft.

Aðgerð sem felur í sér að *hnappar* skipta um hlutverk.

– shift¹

skiptibúnaður kk.

Samstæða *vélbúnaðar* og *hugbúnaðar* sem flytur þau *gögn*, sem koma inn í *hnúti*² á *neti*, út um rétt *tengi* til næsta hnúts á netinu.

– switching fabric

skiptihnappur kk.

Hnappur sem haldið er niðri til þess að velja efri *stafi* af hnöppum með tvær merkingar og *hástafi*¹ af *bókstafs-hnöppum*.

– shift key

skiptikaffi kk.

Einn nokkurra *kafla forrits* sem skiptast á um sama rými í *aðalminni* meðan á *inningu* stendur.

– overlay segment

skiptilás kk.

Hnappur, notaður til þess að læsa *hnappaborði* í þeirri stöðu sem það er í þegar *skiptihnappi* er haldið niðri.

– shift lock

skiptileit¹ kv.

*Leit*¹ þar sem *röðuðu*¹ mengi *gagna-staka*¹ er skipt í tvo aðgreinda hluta, öðrum hlutanum kastað en sams konar leit gerð í hinum hlutanum. Þetta er endurtekið uns leitinni er lokið.

– dichotomizing search

skiptileit² kv.

(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastreng* í *texta* og skipta á honum og öðrum *stafastreng*.

· Þessari aðgerð má beita á allt *skjalið*¹ eða hluta þess.

– search and replace¹, find and replace¹

skiptileitarhamur kk.

(í *ritvinnslu*) *Hamur* sem leyfir notanda að leita uppi tiltekinn *stafastreng* í *texta* og skipta á honum og öðrum *stafastreng*.

· Þessi hamur getur tekið til alls *skjals-ins*¹ eða hluta þess.

– search and replace², find and replace²

skiptimerki hk. → *skiptir*²**skipting** kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Flutningsatvik* sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* býr til afrit af *skeyti*² eða *kanna* í því skyni að flytja hvert nýtt tilvik í *flutningsskrefinu* til *næstu viðtakenda* þess öðruvísi en áður.

– splitting

skiptir¹ kk.

(í fjarskiptaneti) Tæki sem velur *gagnarárás*² fyrir aðkomin *gögn* til að þau fari á áformaðan viðtökustað.

sh. *leiðargreinir*²

– switch²

skiptir² kk.

(í gluggaumhverfi)

sh. *skiptimerki*

– split box

skiptiskipun kv.

Ritvinnuskipun, notuð til þess að skipta á tilteknum *stafastreng* í skráðum *texta* og öðrum *stafastreng*.

– replace command, exchange command

skiptistjóri kk.

*Undirforrit*¹ sem stýrir því hvernig *skiptiköflum* er ráðað og komið fyrir.

– overlay supervisor

skiptisvæði blaðsíðu → *síðuskiptasvæði***skiptivinnsla** kv.

Vinnslutækni í *gagnavinnslukerfi* þar sem tveimur eða fleiri *ferlum*² er úthlutað tíma til skiptis í sama *gjörva*.

· Skiptivinnsla er notuð til þess að fleiri en einn notandi geti haft *aðgang*¹ að

- sama gagnavinnslukerfi á sama tíma.
– time sharing
- skiptivísir** kk.
Sérstafur sem settur er sjálfvirkt eða handvirkt inn í *orð* til þess að sýna hvar má skipta því milli *lína*¹ ef það kemst ekki fyrir í enda línu.
· Í stað skiptivísis er sett skiptistrik ef orðinu er skipt, annars sjást þess engin merki í endanlegu *skjal*¹.
– soft hyphen, discretionary hyphen
- skipulag gagna**
– organization of data
- skipulagning** kv.
(í *gagnasafni*) Það að breyta *töflu*² í eina eða fleiri einfaldari *töflur*, lausar við umframdálka eða ósamkvæmni, í því skyni að halda *vísunarheilleika*.
– normalization
- skipulagsheildarskilríki** hk. → *skipulagsskilríki*
- skipulagsskilríki** hk.
(í *tölvuöryggi*) *Rafrænt skilríki* skipulagsheildar, t.d. skilríki félags, fyrirtækis, deildar í fyrirtæki eða annarrar formlegrar skipulagseiningar.
sh. *skipulagsheildarskilríki*
– organizational certificate
- skipun**¹ kv.
Lýsing á *aðgerð*¹ þar sem *þolendur* hennar eru tilgreindir ef einhverjir eru.
– instruction, ?statement²
- skipun**² kv.
Það sem hrindir af stað *gjörð* eða *leyfing* *gjörð*.
– command¹
- skipun**³ kv. → *utantextaskipun*
- skipunargisti** hk.
Gisti fyrir *skipun*¹ sem á að túlka.
– instruction register
- skipunargögn** hk. ft.
Gögn sem eru í *skipun*¹.
– immediate data
- skipunarháður rofstaður** → *kótarofstaður*
- skipunarlengd** kv.
Fjöldi *orða*, *bæta* eða *bita* sem þarf til að *geyma*¹ *vélmálsskipun*.
– instruction length
- skipunarsetning** kv.
Máleining sem er framsetning á *skipun*² eða *frumskipun*.
– command statement
- skipunarskilyrði** hk. ft.
Þau skilyrði sem verður að fullnægja áður en *leyflegri gjörð* er hrundið af stað.
– command condition
- skipunarsnið** hk.
Skipulag einstakra hluta *skipunar*¹.
– instruction format
- skífa** kv. → *disklingur*¹
- skífurit** hk. → *kringlurit*
- skjal**¹ hk.
(í *ritvinnslu*) Nafngreind eining með *texta*, og hugsanlega myndum, sem sett er upp á skipulegan hátt og unnt er að *geyma*¹, *ritvinna*², *sækja*¹ og senda milli kerfa eða notenda sem eina heild.
– document¹
- skjal**² hk.
(í *kerfi fyrir upplýsingaheimt*) Eining *gagna* sem í eru *texti* og *lýsiorð*.
– document²
- ?**skjala** so. → *skjalbúa*
- skjalasending** kv.
Það að *flytja skjal*¹ til yfirráðasvæðis *viðtakanda*.
– document delivery
- skjalaskipti milli tölva** → *EDI-samskipti*
- skjalasmiður** kk.
– document builder
- skjalatag** hk.
– document type
- skjalataska** kv.
(í *gluggaumhverfi*)
– briefcase
- skjalavistun** kv.
Það að *geyma*² *skjal*¹ annaðhvort með rafrænum eða ljósraenum aðferðum eða

sem *prentrit*.

– filing

skjalblöndun kv.

Aðgerð í *ritvinnsluforriti* sem leyfir notanda að búa til *skjal*¹ úr skjölum eða skjalbútum sem þegar eru til.

Dæmi: *Bréflöndun*.

– document merge, document merging

skjalbúa so.

Semja *skjalbúnað*.

sh. ?*skjala*

– document³

skjalbúnaður kk.

Allt sem samið er til þess að lýsa tilteknu verkefni eða kerfi.

· Í skjalbúnaði eru m.a. *upplýsingar*¹ um *forrit* sem hafa verið samin, þróun kerfis og breytingar sem hafa verið gerðar. Skjalbúnaður getur verið skýrslur, leiðarvísar og handbækur. Skjalbúnaður getur einnig verið hjálpartexti sem kalla má fram á *skjá* eða *athugasemdir* sem komið er fyrir á milli *skipana*¹ í *frumforriti*.

sh. *skjöl*

– documentation

skjalbúnaður kerfis

Samsafn *skjala*¹ þar sem lýst er *kröfum* sem gerðar eru til *upplýsingavinnslukerfis*, notkunarmöguleikum þess, takmörkunum, hönnun, starfsemi og *viðhaldi*.

sh. *kerfisskjöl*

– system documentation

skjaleining kv.

Eining í tiltekinni röklegri *skipan skjals*¹ sem getur skipt máli fyrir *verkefritið* eða notandann.

Dæmi: Kafli, undirkafli, *efnisgrein*.

– logical object

skjálhögun kv.

(í *ritvinnslu*) Safn af reglum sem skilgreina til hlítar hvernig *skipan* og *snið*³ *skjala*¹ má vera.

· Þessar reglur eiga við í tilteknu rit-

vinnsluumhverfi.

– document architecture

skjalkenni hk. ft.

(í *ritvinnslu*) Einkenni sem lýsa heilu *skjali*¹, t.d. hvernig gerðar það er og *sniði*³ þess.

– document profile

skjalskiptasnið hk.

Skilgreining á því hvernig *skjöl*¹ skuli sett fram svo að notendur *skrifstofu-kerfa* geti skipst á þeim.

– document interchange format

skjalsnið hk.

Skilgreining á framsetningu *skjals*¹.

– document format

skjalsniðill kk. → *umbrotsforrit*

skjalstofn kk.

Efni *skjals*¹, þar með talinn *texti* og *upplýsingar*¹ um útlit en ekki *skjalkennin*.

– document body

skjáboði kk.

– desktop pager

skjaborð hk.

(í gluggaumhverfi)

– desktop²

skjaborðsauki kk.

Tveir eða fleiri *skjáir* sem eru tengdir við sömu *tölvuna*.

– extended desktop

skjádeiling kv.

Það að skipta *myndfleti* á *skjá* í tvö eða fleiri sjálfstæð svæði.

· Á einu svæði má t.d. skoða *skjal*¹, eins og það á að líta út, og á öðru svæði þá gerð skjalsins sem *geymd*² er í *tölvu*.

– split screen²

skjágrip hk. → *skjámyndargrip*

skjáhermir kk.

– display emulator

skjáhappaborð hk.

– on-screen keyboard

skjáhappur kk.

– graphic button

skjákort hk.

Samrásakort í tölvu sem gegnir tæknilegu hlutverki við *birtingu gagna á skjá*.
sh. *skjáspjald*

– video card, graphics card, video adapter, display adapter, video board

skjáminni hk.

Biðminni sem í eru gildi allra *díla myndar*¹.

– frame buffer, video RAM, VRAM

skjámyndargrip hk.

Upptaka af efninu á *skjánum* sem unnt er að *vista* sem myndskrá eða *afrita* inn í skjal eða *myndritil*.

· Tala má um að „grípa skjámynd“.

sh. *skjágrip*

– screen shot, screen capture

skjápenni kk.

Ílagstæki, notað til að skrifa texta eða teikna línur á flöt þannig að úr verði *ílagsgögn* sem *birtast*¹ á tölvuskjá.

– stylus

skjáprentunarhnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að fá *prent* af skjámynd.

sh. *prenthnappur*

– print screen key, print key

skjár kk.

Myndflötur þar sem *svipmyndir* geta *birst*¹.

– screen

skjáritill kk.

Textaritill sem *birtir*¹ texta á skjá svo að breyta megi hvaða *stafastreng* sem er með því að nota *bendil*¹, án þess að nota þurfi línunúmer.

– screen editor

skjásía kv.

Búnaður sem er settur yfir skjá til þess að draga úr glampa.

– anti-glare filter

skjáspjald hk. → *skjákort***skjástjóri** kk.

– video controller

skjástöð kv.

Vinnuúttöð með skjá til *birtingar* og venjulega með *ílagstæki*, t.d. *hnappa-borði*.

– video display terminal, visual display terminal, VDT, video display unit, visual display unit, VDU

skjávári kk.

– screen saver

skjávarpa kv. → *skjávvarpi***skjávvarpi** kk.

sh. *skjávvarpa*

– digital projector, digital projection display system

skjóta inn

– insert³

skjöl hk. ft. → *skjalbúnaður***skoðari** kk.

– viewer

skoðunarforrit hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Hugbúnaðartól* sem gerir *forritara* kleift að skoða *klasa*⁴, *eigindir*³ og *aðferðir*.

– browser²

skorða kv.

Aðlögun *gagnatags* sem takmarkar *dreifisvið* þess eða *aðgerðir*¹.

– constraint

skorðuð alhæfing

Alhæfing hugtaks sem fullnægir þeim skilyrðum sem *hugtökum* eru sett og eru notuð til þess að útskýra tiltekna *staðreynd* eða atburð.

– constraint-based generalization

skorðuregla kv.

Regla sem einskorðar leit við tiltekinn hluta *viðfangsrýmisins*.

· Skorðureglur má nota á áhrifaríkan hátt til skýringar í *sérþekkingarkerfum* og *reglakerfum*.

– constraint rule

skotra so.

(í *tölvuteiknun*) *Hliðra myndeyningum* um eitt skref í einu þannig að svo virðist sem *myndin*¹ færast til hliðar.

– pan

skotrun kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að *skotra*.

· Við skotrun geta *myndeiningar* verið fjarlægðar úr *mynd*¹ og öðrum bætt við.

– panning, panoramic translating

skrá kv.

Nafngreint safn af *færslum*¹ sem farið er með sem eina heild.

– file

skrá inn

Hefja *setu*.

sh. *skrá í*

– log on, log in, sign on

skrá í → *skrá inn*

skrá stöðulýsingu

(í *áreiðanleika*², *viðhaldspægni* og *tiltækileika*²) Vista í *geymslu*¹ *upplýsingar*¹ um innri stöðu búnaðar í því skyni að auðvelda *viðhald* ef *galli* kemur í ljós.

– journalize, log out²

skrá úr → *skrá út*

skrá út

Ljúka *setu*.

sh. *skrá úr*

– log off, log out¹, sign off

skráaflutningur kk.

– file transfer

skráahirðing kv. → *skráastjórn*

skráahirðir kk. → *skráastjóri*

skráakerfi¹ hk.

Samsafn *skráa* sem hafa heiti og eru flokkaðar í stigveldisskipaðar *möppur*.

– file system

skráakerfi² hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Samsafn *opinna kerfa* sem starfa saman að því að veita *þjónustu*¹ vegna *notendaskrár*.

– directory system

skráamiðlari kk. → *skráaþjónn*

skráastjóri kk.

(í *gluggaumhverfi*)

sh. *skráahirðir*

– file manager

skráastjórn kv.

(í *gluggaumhverfi*)

sh. *skráahirðing*

– file management

skráaþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem geymir *skrár* og hefur skipulag til þess að veita greiðan *aðgang*¹ að þeim.

sh. *skráamiðlari*

– file server

skráð tengisnúmer

– registered port number

skráning¹ kv.

– registration¹

skráning² kv. → *skráning mælanda*

skráning í lén

(í *gluggaumhverfi*)

– domain login

skráning mælanda

Talþjálfun mælandaháðs kerfis í að bera kennsl á notendur á grundvelli tiltekins fjölda þjálfunarsýna.

sh. *skráning*²

– enrollment

skráning úr léni

(í *gluggaumhverfi*)

– domain logout

skráningaraðili kk. → *skráningarstöð*

skráningaraðili léns → *skráningarstöð léns*

skráningarflötur kk.

Yfirborð *gagnamiðils* sem unnt er að skrá *gögn* í.

– recording surface

skráningarmiðlun léna

Stofnun eða fyrirtæki sem annast samskipti við *skráningarstöð* fyrir hönd *rétthafa*.

– domain registrar, domain name registrar

skráningarstöð kv.

(í *tölvuöryggi*) Stofnun eða fyrirtæki sem annast fyrir hönd *vottunarstöðvar* skráningu á umsóknum um vottorð og

sannprófun á umsóknargögnum.

- Skráningarstöð undirritar ekki sjálf vottorð né gefur þau út.

sh. *skráningaraðili*

– registration authority, RA

skráningarstöð léns

Stofnun eða fyrirtæki sem annast *skráningu*¹ *upplýsinga*¹ um *rétthafa léns* og tilvísana á *nafnaþjóna léns*.

sh. *skráningaraðili léns*

– domain registry

skráningarþéttleiki kk.

Fjöldi skráðra *flæðishrökka* í *rás*¹, mældur á lengdareiningu eða bogamælieiningu.

- Einingar sem um ræðir eru flæðishrökk á mm (e. flux transitions per mm, ftpmm) eða flæðishrökk á bogamælieiningu (e. flux transitions per radian, ftrapd).

– physical recording density

skrárskipulag hk. → *skrárskipulag í gagnasafni*

skrárskipulag í gagnasafni

Það að skipuleggja *geymslu*¹ og nota *aðgangsaðferðir* í samræmi við skipan tiltekinnar *skrár* og *færslna*² í henni og gera þannig skrána að hluta af *gagnasafni*.

sh. *skrárskipulag*

– database file organization, file organization

skrársnið hk. → *skrársnið*

skrársnið hk.

*Snið*¹ *gagna* í *skrá*.

sh. *skrársnið*

– file layout, file format

skrávernd kv.

Það að koma á viðeigandi stjórnsýslulegum, tæknilegum eða öðrum leiðum til þess að vera á verði gegn heimildarlausum *aðgangi*¹ að skrá, breytingu á henni eða eyðingu hennar.

– file protection

skrefavinnsla kv.

Vinnsluáðferð í *tölvu* þar sem einstök *skipun*¹ eða hluti skipunar er *inntur* þegar gefið er merki utan skipunarinnar.

- Skrefavinnsla er notuð við *kembingu*.

– single-step operation, single-step execution, step-by-step operation

skreflengd kv.

(í *tölvuteiknun*) Fjarlægð á milli grannstæðra *vistpunkta* á *myndfleti*.

– increment size

skrefvél kv.

Sérstök tegund rafmagnsvélar sem hreyfist í skrefum fremur en að snúast mjúklega eins og venjulegar vélar.

– stepper motor

skriðhljóð hk.

Talbútur sem byrjar í stöðugum hluta tiltekinn *hljóðans* og endar í stöðugum hluta næsta *hljóðans* og hefur því að geyma allan breytilega hlutann.

– diphone

skriðill kk. → *vefskriðill*

skrifa so.

Skrá *gögn* í *geymslu*¹ eða á *gagnamiðil* til bráðabirgða eða á varanlegan hátt.

– write

skrifa ofan í

Skrifa á svæði í *geymslu*¹ þar sem *gögn* eru fyrir og eyðileggja þau þar með.

– overwrite¹

skrifaðgangur kk. → *skrifréttur*

skrifaðlegur DVD-diskur

– writable DVD, recordable DVD

skrifari fyrir leifturminniskort

– compact flash card writer

skrifborð hk.

sh. *vinnuborð*

– desktop¹

skrifborðsútgáfa kv.

Það að nota *umbrotsforrit* til þess að búa til *skjöl*¹, sem hafa *texta* og myndir, þar sem letur og annar frágangur líkist því sem fæst í prentsmiðju.

- Stundum er unnið við skrifborðsútgáfu með sérhæfðum verkforritum og stundum með *sérnota* kerfum.
- desktop publishing

skrifhaus kk.

- Segulhaus* sem getur aðeins skrifað.
- write head

skrifhringur kk. → *lášhringur***skriflås** kk.

- Færanlegur búnaður sem kemur í veg fyrir að skráð sé á *gagnamiðil*.
- data medium protection device

skriflína kv.

- sh. *skrifrein*
- formula bar

skriflæsa so.

- Vernda *gagnamiðil* svo að ekki sé unnt að skrifa yfir gögn sem á honum eru eða eyða þeim.
- write protect

skrifrein kv. → *skriflína***skrifréttur** kk.

- Aðgangsréttur* sem veitir heimild til þess að skrifa gögn.
- Skrifréttur getur veitt heimild til þess að bæta við gögn, breyta gögnum, eyða gögnum eða búa til gögn.
- sh. *skrifaðgangur*
- write access

skrifstofukerfi hk.

- Upplýsingavinnslukerfi*, notað til að samþætta skrifstofustörf.
- office automation system

skrifta kv.

- Forrit* á skriftumáli.
- Skrifta getur í einfaldri gerð verið runa af skipunum² til stýrikerfis, vistuð í skrá.
- script³

skriftumál hk.

- Forritunarmál* sem er naumlega tag-skipt eða ótagskipt og er ekki ætlað að ráða við flóknar *gagnaskipanir*.
- *Forrit* á skriftumáli eru venjulega túlkuð.

Dæmi: *C-skel*, *JavaScript*.

- scripting language

skriftuprakkari kk.

Niðrandi heiti sem *tölvuþrjotar* nota um óproskaða en þó oft hættulega einstaklinga sem notfæra sér brotalamir í öryggi á *lýðnetinu*.

- Skriftuprakkarar skeyta oft ekki um það hvort þeir skilja eftir sig ummerki um árás og leggja áherslu á að gera sem flestar árásir.
- script kiddie, script kiddy

skrifumferðartími kk.

Stysti tími sem líður á milli upphafs tveggja skrifumferða sem koma hvor á fætur annarri í *geymslu*¹ sem hefur aðgreindar les- og skrifumferðir.

- write cycle time

skrun hk.

- (í *tölvuteiknun*) Það að *skruna*.
- scrolling

skruna so.

(í *tölvuteiknun*) Hreyfa *myndeiningar* í *glugga*, venjulega lóðrétt eða lárétt, á þann hátt að ný gögn *birtast*¹ öðrum megin í glugganum um leið og gögn hverfa hinum megin í honum.

- scroll

skrunbraut kv.

*Rein*¹ við einhvern jaðar *skjás* eða *glugga*, notuð til þess að stjórna *skruni* eða sýna afstöðu *gagna* eða *myndar*¹ sem *birt*¹ er.

- sh. *skrunstika*, *skrunrein*
- scroll bar

skrunheftihnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að stöðva sendingu *gagna* frá tölvu á *skjá*.

- Stundum er sami hnappur notaður til þess að stöðva sendinguna og hefja hana aftur og er hann þá kallaður *skrunlås*.
- NO SCRL key¹, NO SCRL¹, hold screen key

skrunhnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að hefja aftur sendingu *gagna* sem stöðvuð var með því að styðja á *skrunheftihnappinn*.

- Stundum er sami hnappur notaður til þess að stöðva sendinguna og hefja hana aftur og er hann þá kallaður *skrunlás*.

– SCRL key

skrunlás kk.

Láshnappur, notaður til skiptis sem *skrunheftihnappur* og *skrunhnappur*.

- SCROLL LOCK, SCRL LOCK, NO SCRL², NO SCRL key²

skrunrein kv. → *skrunbraut***skrunskoðun** kv.

(í *ritvinnslu*) Það að skoða *texta* hratt með því að *skruna* yfir hann.

- browsing¹

skrunsléði kk.

Hreyfanlegt svæði á *skrunbraut* sem sýnir afstöðu *gagna* eða *myndar*¹ sem er *birt*¹ í *glugga*.

- Lóðrétt skrunsléðann mætti einnig kalla „lyftu“.

- scroll box

skrunstíka kv. → *skrunbraut***skrunör** kv.

(í *gluggaumhverfi*)

- scroll arrow

skuggaprentun kv.

Tækni við að *feitiletra*, fólgin í því að prenta *staf* tvisvar og hliðra honum í seinna skiptið örstutt frá upprunalega staðnum.

- shadow printing

skuggastafagluggi kk.

Birtir, venjulega lítill gluggi, þar sem notaðir eru vökvakristallar til þess að mynda *stafi*.

- Skuggastafagluggar eru m.a. notaðir í *vasareiknum*, úrum og litlum *fartölvum*.

- LCD, liquid crystal display

skuldbinding, samskeiðun og viðrétting

Þjónustueining notkunarlags sem stýrir aðgerðum tveggja eða fleiri notkunarferla á *sameiginlegum gögnum*, til þess að tryggja að aðgerðunum ljúki eða þær séu ekki framkvæmdar.

- commitment, concurrency and recovery, CCR

skygging¹ kv.

Aðferð við *myndsetningu* hlutar, fólgin í því að reikna út ljósstyrk við yfirborð hans, á grundvelli þess hvernig ljósgjafir eru staðsettir og hvernig þeir lýsa upp hlutinn og grannhluti hans.

- shading¹

skygging² kv.

Stigull fyrir *birtu*² í *mynd*² sem er ekki í upprunalegum *vangi* en stafar af *sjónkerfi*.

- shading²

skyggja á

Hindra að *hlutur*³ í *mynd*² eða partur af honum sjáist með því að hafa annan hlut fyrir framan hann.

Dæmi: (1) *Myndrænn gluggi* sem skarast við annan á *skjá*. (2) Framhlið tenings skyggir á bakhlið hans. (3) Hlutur á *vangi* getur skyggt á hluti sem eru fyrir aftan hann.

- occlude²

skyndiaðgerð kv.

(í *kviklegu líkani*) Aðgerð sem tekur óverulegan tíma.

- Skyndiaðgerðir eru tengdar *atburðum* og eru venjulega formlegs eðlis.

- action³

skyndiminni hk.

Sérhæft *biðminni*, minna og hraðvirkara en *aðalminni*, notað fyrir eintak *skipana*¹ og *gagna* sem eru í aðalminni og *gjörvinn* þarf sennilega að nota á næstunni.

- Flutningur úr aðalminni í skyndiminni er sjálfvirkur.

sh. *flýtiminni*

– cache memory, cache

skyndiminni á disk

– disk cache

skyndiminnisþjónn kk.

· Er oftast einnig *vefsl*.

– cache server, cache engine

skyndivistaður lo.

Sem hefur verið *vistaður* í *skyndiminni*.

sh. *flýtvistaður*

– cached

skynjari kk.

Tæki sem skynjar ýmsa áorkan, svo sem hita, *birtu*², þrýsting eða segulmagn og breytir henni í rafboð.

sh. *nemi*

– sensor

skynjunarnet hk.

Net *gervitaugunga* þar sem *ílög* sumra þeirra tengjast ílögum annarra um taugamót.

– perceptron

skynjunarstig hk. → *rökstig*

skynmiðill kk.

Miðill fyrir framsetningu *upplýsinga*¹ í því formi sem notandi skynjar.

Dæmi: (1) *Hljóð* eins og eyrað skynjar það. (2) *Myndir* eins og augað skynjar þær.

– perception medium

skynskipti hk. ft.

(í atburðarás í *sýndarveruleika*) Það að breyta *merkjum*² fyrir eitt skynfæri í merki fyrir annað skynfæri og birta þau í því formi.

– cross-sensory substitution

skýjavinnsla kv.

Æskivinnsla þar sem þjónusta er veitt um *lýðnetið*.

· Þjónustan felst í aðgangi að *vélbúnaði*, *stýrikerfum* og *hugbúnaði* eftir þörfum notandans. Enska heitið er dregið af skýi sem oft er notað til þess að tákna þjónustuumhverfi á *lýðnetinu*.

sh. *fjarskavinnsla*

– cloud computing

skýringarbúnaður¹ kk.

(í *gervigreindarfræði*) Sá þáttur *þekkingarkerfis* sem útskýrir hvernig lausnir hafa verið leiddar út og réttlætir þau skref sem voru tekin til að finna lausnirnar.

– explanation facility

skýringarbúnaður² kk. → *hjálparbúnaður*

skýringarhnappur kk. → *hjálparhnappur*

skýringartexti kk. → *hjálpartexti*

skýrleiki kk.

Það hversu greinileg smáatriði í mynd² eru.

· Skýrleiki er háður *sundurgreiningu* og *birtuskilum*.

– definition

skýrsla kv.

– report¹

skýrslugerðarvél kv.

Tæki til þess að vinna úr *gögnum* á *gatasþjöldum*² þar sem venjulega er ein *færsla*¹ á spjaldi.

· Skýrslugerðarvélar voru fyrirrennarar *tölva*.

Dæmi: *Töflugerðarvél*, *áritari*, *spjaldaraðari*.

sh. *skýrsluvél*

– unit record equipment

skýrslumynd kv.

Hvers kyns *myndræn* framsetning á *gögnum*, notuð til þess að auðvelda fólki að túlka þau.

· Sjá einnig *hnitarit*.

Dæmi: *Línurit*, *kringlurit*, *stöplarit*, *dreifirit*.

– business graphics

skýrslumyndahugbúnaður kk.

Hugbúnaður, notaður til þess að búa til og sýna *skýrslumyndir*.

– business graphics software

skýrslusmiður kk.

Forrit, notað til þess að búa til *skýrslu*

þar sem sett eru fram *gögn* úr einni eða fleiri *skrám*.

- Notandi gefur skýrslusmiðnum lýsingu á skránni eða skránum og á útliti og efni skýrslunnar.

– report generator, report writer

skýrsluvél kv. → *skýrslugerðarvél*

skærleiki kk. → *birta*²

skönnun kv.

Það að *skanna*¹.

– scanning¹

SLA-þjónustusamningur kk.

– service legal agreement, SLA

slá inn

Skrá *gögn* með því að nota *hnappaborð*.

– key³

slambi- fl.

sh. *handahófs-*, *hendingar-*, *tilviljunar-*, *tilviljunarkenndur*

– random, stochastic

slambinet hk. → *slambitengt net*

slambitala kv.

Tala, valin úr þekktu mengi af tölum þannig að allar tölur í menginu séu jafnlíklegar til þess að verða valdar.

sh. *hendingartala*

– random number

slambitalnagjafi kk.

Búnaður til að búa til *slambitölu* eða *slambitalnarunu* þar sem tölurnar liggja innan tiltekinna marka.

- Slambitalnagjafi getur verið *vélbúnaður* eða *hugbúnaður*.

– random number generator

slambitalnaruna kv.

Runa af tölum sem er þannig að ekki er unnt að segja fyrir um neina tölu þótt fyrirrennarar hennar séu þekktir.

– random number sequence

slambitengt net

Tauganet þar sem *gervitaugungar* eru tengdir af handahófi.

sh. *slambinet*

– randomly connected network, random network

SLIP-samskiptareglur kv. ft.

TCP/IP-samskiptareglur, notaðar til *samskipta* milli tveggja véla sem áður hafa verið samstilltar fyrir samskipti sín á milli.

– Serial Line Internet Protocol, SLIP

slitrótt sending

– discontinuous transmission

slíta vinnslu

Stöðva úrvinnslu í *gagnavinnslukerfi* á skipulegan hátt vegna þess að frekari vinnsla er ógerleg eða óæskileg.

– abort²

slæðingur kk.

Villa sem kemur stundum fyrir en getur horfið þegar reynt er að *lesa gögn* aftur.

– soft error, transient error

slæpuskipun kv.

*Skipun*¹ til *tölvu* um að gera ekkert og halda áfram að næstu skipun.

– no op, no operation instruction

slökkva so.

Rjúfa rafstraum t.d. til tækis.

- Algengt er að á eftir fylgi forsetningin „á“.

– power-down, power-off

smala so.

*Þýða*¹ af *smalamáli* á viðfangsmál.

- Sögnin stjórnar þolfalli.

– assemble

smalakóti kk.

*Kóti*², settur fram í formi sem *smali* getur lesið og unnið úr.

– assembly code

smalamál hk.

Vélarhallt mál þar sem eru notuð táknaðar nöfn fyrir *aðgerðir*¹ og *geymslustaði*.

- Í smalamáli eru stundum *fjölvaskipanir*.

– assembly language

smali kk.

*Þýðandi*¹ sem getur *smalað*.

– assembler

Smalltalk

Heiti á *forritunarkerfi* þar sem *forritun-armál* og *stýrikerfi* eru samþætt.

– Smalltalk

smámynd kv.

Lítill *mynd*² sem er fulltrúi fyrir stærri mynd.

sh. *þumla*

– thumbnail

smári kk.

– transistor

smáskilaboð hk. ft.

sh. *SMS-skilaboð*

– short message, SMS message, SMS²

smáskilaboðþjónusta kv.

Heiti á *þjónustu*¹ sem leyfir sendingu *smáskilaboða* milli farsíma og *tölva*.

sh. *SMS-þjónusta*

– Short Message Service, SMS¹

smátæk samrásun

Tækni við að búa til *samrásir* þar sem fáum (1 til 10) hálfleiðarabútum er komið fyrir á einni *kísilflögu*.

– small-scale integration, SSI

smátölva kv. → lítiltölva**smella so.**

Styðja á *valhnapp* á *benditæki* og sleppa honum aftur til þess að velja svæði sem *bendirinn*² vísar á.

– click

smelligjald hk.

Gjald sem auglýsandi greiðir *leitarvél* eða útgefanda á *lýðnetinu* fyrir hvert skipti sem *smellt* er á auglýsingu hans og gestinum þannig beint inn á *vefsetur* auglýsandans.

– Cost per click, CPC

smelligluggi kk. → sprettigluggi**smelligreiðsla kv.**

Greiðsla fyrir auglýsingar á *lýðnetinu* sem felst í því að umferð er beint á *vefsetur* auglýsandans og hann borgar *hýsiþjónustunni* þegar *smellt* er á auglýsinguna.

– Pay per click, PPC

smelliorð hk. → bendilorð**smellivalmynd kv. → sprettivalmynd****smiður kk.**

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Aðgerð⁴ sem *frumgildir tilvik*² af *klasa*⁴ sem nýlega hefur verið búið til.

– constructor

smíð kv.

(í *forritun*) *Útgáfa*¹ af *forriti*.

· Venjulega er smíð forútgáfa sem er auðkennd með smíðarnúmeri frekar en útgáfunúmeri.

– build

smíðatól hk.

(í *forritun*) *Hjálparforrit*¹, notað við gerð nýrrar *útgáfu*¹ af *forriti*.

– build tool

smokur hk.

Heimildarlaus *aðgangur*¹ að *gagnavinnslukerfi*.

– penetration

smokurprófun kv.

Það að kanna starfsþætti *gagnavinnslukerfis* til þess að finna leiðir til að sneiða hjá *tölvuöryggi*.

– penetration testing

SMS-skilaboð hk. ft. → smáskilaboð**SMS-þjónusta kv. → smáskilaboðþjónusta****SMT → EDI-samskipti****SMT-skeyti hk. → EDI-skeyti****SMTP-samskiptareglur kv. ft.**

TCP/IP-samskiptareglur, notaðar fyrir *sendingu* og *viðtöku tölvupósts*³.

– SMTP, Simple Mail Transfer Protocol

smug hk.

Gagnasending sem er eingöngu ætluð til nota í *einkaneti* en send um *almenningsnet* á þann hátt að beiningarhnútar í almenningnetinu skynja ekki að hún er einkanetssending.

– tunneling

smuga kv.

(í *tölvuöryggi*) Vanræksla eða aðgæslu-

leysi sem veldur því að unnt er að snið-ganga verndunarbúnað eða gera hann óvirkan.

– flaw, loophole

smygildi hk.

Gagnahlutur sem *vefþjónn* vistar í *geymslu*¹ *notanda*¹ og hefur síðan *aðgang*¹ að til að auðvelda *samskipti*.

· Oftast er smygildi vistað án vitundar notandans.

– cookie

smygildiseitrun kv.

(á *veraldarvefnum*) Breyting á *smygildi* í *tölvu* notanda til að komast óleyfilega yfir *upplýsingar*¹ um hann, til dæmis í *kennisstuldar* skyni.

– cookie poisoning

smölun kv.

Það að *smala*.

– assembly, assembling

smölunarkeyrsla kv.

Vinnslutækni þar sem *smölun*, *tenging*, *hleðsla* og *inning forrits* taka viðstöðulaust hver við af annarri.

– assemble-and-go

smölunarskeið hk.

Hver sú stund þegar *forrit* er *smalað*.

– assembly time¹

smölunartími kk.

Sá tími sem tekur að *smala forrit*.

– assembly time²

SN-samskipti hk. ft.

Rafræn *samskipti* stjórnsýslu við neytanda.

sh. *G2C-samskipti*

– G2C, government to consumer

SNA-kerfisnethögun kv.

Staðlaðar netsamskiptareglur fyrir IBM-*stórtölvur*.

– Systems Network Architecture

snapa so.

Leita án *heimildar* í *gagnaleif* til þess að komast yfir *viðkvæmar upplýsingar*.

– scavenger

snapi kk.

Sá sem *snapar*.

– scavenger

snarboð hk. ft.

sh. *snarskeyti*

– instant message

snarbót kv.

Bútur af *kóta*² sem er ætlaður til að ráða bót á *villu* eða *galla* í búnaði.

· Oft er búið um snarbætur, sem hafa safnast upp hjá framleiðanda, í *þjónustupakka* til að auðvelda viðskiptavinum að setja þær inn.

– hotfix

snarsamband hk.

(á *lýðnetinu*) Samband, þannig hátt að að fyrir fram tilteknir kunningjar eða samstarfsmenn skiptast á *skilaboðum* sem berast samstundis á milli *tölva* þeirra.

· Í snarsambandi senda menn aðallega *texta*, þó að sumur snarsambandsbúnaður gefi einnig möguleika á *talboðum* og *samnýtingu skráa*.

– instant messaging, IM

snarsamband í farandbúnaði

– mobile IM

snarskeyti hk. → *snarboð*

snarstilling kv.

· HotSync er skrásett vörumerki fyrir háþróaða aðferð til þess að tengja saman *lófatölvu* og stærri *kjöltölvu*, *borðölvu* eða *aðra tölvu*.

sh. *HotSync*

– HotSync

snarstrengsstaðall kk.

Staðall fyrir eina gerð af IEEE-*skilum*¹.

· Staðallinn skilgreinir raðtengibraut fyrir hraðvirk samskipti og *jafnfresta sendingu* í *rauntíma*. Þessi staðall er notaður til þess að tengja tæki við *einmenningstölvu*. Snarstrengsstaðallinn er einnig þekktur undir vörueitunum FireWire (Apple), i.LINK (Sony) og Lynx (Texas Instruments).

– IEEE 1394 interface

snarþýðing kv.

Tafarlaus þýðing¹ milli tungumála.

– instant translation

snataslóðir kv. ft.

Sá hluti *netheima* sem notandi hefur aðgang¹ að með forritinu *Snata*.

– gopherspace

Snati kk.

Heiti á forriti sem er notað til þess að skoða *skrár* sem eru tiltækar á *neti*.

– Gopher

sneið¹ kv. → *fylkissneið***sneið²** kv.

Þunnt *rásaspjald* með einum eða fleiri örgjörvum og minni, ætlað til sérstakra verka.

- Ein sneið getur starfað sem *miðlari²*.
- Oft er talað um sneiðar og *hleifa* í sömu andrá.
- Sjá einnig *sneiðmiðlari*.

sh. ?*blað*

– blade

sneiðmiðlari kk.

Miðlari², gerður af *sneiðum²* sem tengjast saman á grind.

- Sjá einnig *hleifmiðlari*.

– blade server

snemmbinding kv.

Einkenni *forritunarmála* sem felst í því að flestar *bindingar* eru gerðar meðan á þýðingu¹ stendur, venjulega til þess að auka *afköst* við *inningu*.

Dæmi: *Cobol*, *Fortran* og *Pascal* hafa snemmbindingu.

– early binding

snertibirti hk.

Tölvugerður hlutur í *sýndarheimi* sem er veitt kraftsvið, kraftvægi, núningur, varmi og þrýstingur, þannig að einstaklingur sem hefur *samskipti* við hlutinn taki eftir þessum eiginleikum.

– haptic display

snertiborð hk.

Flatt *hnappaborð* þar sem stutt er létt

með fingri á mynd *hnappsins* sem valinn er.

– tactile keyboard

snertihanski kk.

(í *sýndarveruleika*) Sambland af *loft-hanska* og *gagnahanska*.

– tactile glove

snertiskjár kk.

Birtir þar sem notanda er gefinn kostur á að hafa samband við *gagnavinnslu-kerfi* með snertingu við svæði á *skjá* þess.

– touch screen, touch-sensitive screen

snertiskrun hk.

– touch scroll

snertiskyns- fl.

Sem lýtur að skynhrifum við snertingu, þrýsting, hita, vinding o.s.frv. gegnum húð, vöðva, sinar eða liðamót.

– haptic

snertiskynsfræði kv.

- Sjá einnig *snertiskyns-*.

– haptics, haptic technology

snertiviðgjafartæki hk.

(í *sýndarveruleika*) Tæki til þess að framkalla snertiáhrif frá *sýndarhlutum*.

– tactile feedback device

snið¹ hk.

(í *forritunarmálum*) *Máleining* þar sem *stafir* eru notaðir til þess að tilgreina framsetningu *gagnahluta* í *færslu¹*, *skrá*, *skeyti²*, *geymslu¹* eða *sendirás*.

– format¹

snið² hk.

Það hvernig *gagnastökum¹* er skipað á *gagnamiðil*.

– format²

snið³ hk.

(í *ritvinnslu*) Tiltækin skipan eða útlit *texta* eins og hann er prentaður eða *birtist¹* eða kemur fyrir á *gagnamiðli*.

– format⁴

sniðganga kv.

Sú aðferð að fást við vandamál með því að fara í kringum það.

– workaround

sniðhlutfall hk.

Hlutfall milli breiddar *myndar*² og hæðar hennar.

Dæmi: Sniðhlutfallið 4:3 merkir að breidd myndgluggans sé 4/3 sinnum hæð hans.

– aspect ratio

sniðin gögn

Gögn sem hafa tilgreinda skipan og er skipt í aðgreindar einingar sem hafa tiltekna lengd, *dreifisvið* og röð í samræmi við *hönnunarlýsingu*.

– formatted data

sniðmát¹ hk.

Þynna með götum sem hafa tiltekna lögun, notuð m.a. til þess að teikna *tákn* í *leiðariti*.

– template¹

sniðmát² hk.

Viðmiðunarmynstur sem er borið saman við *einindi*¹ eða hluta þess þegar bera á kennsl á einindið.

· Sniðmát eru notuð í *stafakennslum*, *talkennslum* o.s.frv.

– template³

sniðmátun¹ kv.

Mynsturmátun með notkun *sniðmáts*².

– template matching¹

sniðmátun² kv.

Tækni sem felst í því að *mynstur*¹ eða rúmfræðilegar myndir eru greindar með því að bera þær saman við *myndmát*.

– template matching²

sniðmerki hk.

Táknið ∩.

– intersection symbol

sniðmótun kv.

(í *ritvinnslu*) Aðgerð í *textaritli* eða öðrum ritvinnsluhugbúnaði sem gengur frá útliti *texta* í samræmi við forsendur sem notandinn tilgreinir.

– formatting²

sniðprófun kv.

Það að prófa hvort *gögn* fylgja réttu

*sniði*².

· Athuga má hvort gögnin hafa rétt *gagnatag*, þ.e. eru töluleg eða eru bókstafa- eða *ritstafagögn*, og hvort þau eru af réttri lengd.

– format check

sniðræn samstilling

(í *rafrænum viðskiptum*) Samræming á *lýsigögnum* milli staðla.

– content alignment

sniðseining kv. → *útlitseining*

sniðsetning kv.

(í *forritunarmálum*) Það að breyta gildum þannig að framsetning þeirra fylgi tilteknu *sniði*¹.

– editing²

sniðsmækkun kv.

– downsizing

sniðstafur kk.

Stýristafur, notaður til þess að setja á tiltekinn stað *gögn* sem verið er að prenta, *birta*¹ eða skrá.

· Sniðstöfum er lýst í stöðlunum ISO/IEC 10646-1 og ISO 6429.

– format effector

sniðtafla kv.

(í *tölvuteiknun*) Skilgreining á einni eða fleiri *myndum*¹, sett fram sem lýsing á legu *runu* af *dílum*.

· Sniðtöflur má *geyma*² á *seguldiskum* eða *segulböndum*. Notkun sniðtaflna er nú úrelt.

– shape table

sniðtag hk.

Gagnatag sem ný gagnatög eru búin til eftir.

· Sjá einnig *grunntag* og *afleitt tag*.

– parent type

snífsi hk. → *hrat*

sníða so.

(um *textu* eða önnur *gögn*)

– format⁵

snjallbýli hk.

Heimili eða bygging sem er útbúin þannig að íbúar geti fjarstýrt *sjálfvirk-*

um rafeindatækjum.

- Heimilismaður sem er fjarverandi getur t.d. notað *snjallsíma* til þess að setja af stað öryggiskerfi, stjórn að hitanemum og kveikt og slökkt á heimilistækjum.

– smart home

snjallforrit hk. → *stefja*¹

snjallkort hk.

Kort með *gjörva* og *geymslu*¹ fyrir *gögn*.

sh. *gjörvakort*

– smart card

snjallsími kk.

Handhægt tæki þar sem samþættir eru eiginleikar farsíma og *tölvu*.

- Snjallsímar hafa ýmist verið þróaðir sem farsímar með tölvubúnaði eða *lófatölvur* með farsímabúnaði.

Dæmi: Ein gerð snjallsíma er *iPhone* frá fyrirtækinu Apple.

– smartphone, smart phone

snjallútvarp hk.

FM-útvarpsviðtæki með samþættum *hugbúnaði*.

– smart radio

snjallvæðing heimilis

Notkun einnar eða fleiri *tölva* eða *snjallsíma* til þess að sinna á *sjálfvirk-an* hátt starfsemi og hvers kyns tækjum á heimili.

- Snjallvætt heimili er kallað *snjallbýli*.

– home automation

SNMP-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ fyrir netstjórnun og vöktun á nettækjum og gangi þeirra.

- Reglurnar eru ekki endilega takmarkaðar við TCP/IP-net.

– SNMP, Simple Network Management Protocol

Snobol

Heiti á *forritunarmáli*, sérstaklega ætluðu til þess að vinna úr *strengjum*.

- Snobol hefur m.a. verið notað á sviði *gervigreindarfræði* og til þess að búa

til *vistþýðendur*. Það var búið til í rannsóknarstofnun Bell-fyrirtækisins 1962–1963. Dregið hefur úr notkun Snobols á síðustu árum. Snobol er *stytting* á „String Oriented Symbolic Language“.

– Snobol

snuðra so.

Kynna sér efni á *málþingi* án þess að leggja neitt fram sjálfur.

- Það þykja góðir siðir hjá nýliðum á *málþingi* að *snuðra* og kanna svör við *algengum spurningum* áður en þeir fara að leggja eitthvað sjálfir til mála-anna.

– lurk

snuðrari kk.

Sá sem *snuðrar*.

– lurker

snuður hk.

Það að *snuðra*.

– lurking

snúðkúla kv.

Ílagstæki fyrir *sex stellingavíddir* sem er í líki lítillar kúlu, á stærð við knattborðskúlu, komið fyrir á undirstöðu, líkt og *leikveli*.

– orb, orb input device

snúningsstöðuskyn hk.

Tækni við að fylgjast óslitið með stöðu disks til þess að sýna þá stöðu sem tiltæk er á hverri stundu til að *lesa* og *skrifa*.

- Tæknin felst í því að bera í sífellu saman stöðu *les-* og *skrifhaus* og viðeigandi samstillingarmerki.

– rotational position sensing, RPS

snúningstöf kv.

Sá tími sem *les-* og *skrifhaus* í *rakleið-argeymslu* þarf til þess að finna tiltekna *færslu*¹ á *rás*¹ samkvæmt gefnu *vistfangi* eða *lykli*¹.

– search time, rotational delay

snúningur kk.

(í *tölvuteiknun*) Það að umbreyta mynd-

einingum til þess að gefa í skyn snúning hlutar um fastan ás.

– rotation

snyrta so.

Þurrka út eða sleppa einum eða fleiri *gildislægstu tölustöfunum* í *sætisritun* og laga hlutann sem haldið er eftir samkvæmt einhverri tiltekinni reglu.

· Tilgangur með *snyrtingu* er venjulega að takmarka *stafanákvæmni tölu-tákns*, fækka *stöfum* í því eða gera hvort tveggja.

· Algengustu *snyrtingaraðgerðir* í reikningi eru að *lækka niður*, *hækka upp* eða *jafna*³.

– round

snyrting kv.

Það að *snyrta*.

– rounding

snyrtiskekkja kv.

Skekkja sem hlýst af *snyrtingu*.

– rounding error

snælda kv. → *segulsnælda*

SOAP-samskiptareglur kv. ft.

– SOAP, Simple Object Access Protocol

Socks-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ sem *vefsetur* getur notað til að taka við *beiðnum* frá notendum *biðlara*¹ í fyrirtækisneti þannig að hann geti framsent þær yfir *lýðnetið*.

– Socks

sóknartími kk.

Sá tími sem líður frá því að beðið er um *gögn* þangað til þau eru komin til skila.

· Sóknartími er samantlagður *biðtími* og *færslutími*.

– access time

sómaletur hk.

Letur sem er ekki eins gott og ritvélaletur en nógu gott fyrir innanhússbréf og fyrirferðarmikinn *texta* og leyfir hraðari prentun en *gæðaletur*.

sómaprentun kv.

Það að prenta *texta* með *sómaletri*.

– near letter quality printing, NLQ printing

spangarbálgur kk.

· Sjá einnig *spöng*.

– jumper block

spangarleiðsla kv.

· Sjá einnig *spöng*.

– jumper cable

spangarstilling kv.

· Sjá einnig *spöng*.

– jumper setting

spannartag hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Tag* gildis sem er skilað.

– range type

spássía kv.

(í *ritvinnslu*) Rönd, oftast auð, á milli *textasvæðis* á *síðu*² eða *skjá* og síðubrúnar eða skjájaðars.

· Á spássíum geta t.d. verið *síðuháskar*, *síðufætur*, litlar skýringarmyndir, athugasemdir og blaðsíðunúmer.

– margin

spássíustýring kv.

Stýring á staðsetningu *hægri spássíu* og *vinstri spássíu*.

– margin control

spegilsetur hk.

Skráaþjónn sem *geymir*² afrit af *skrám* annars skráaþjóns.

– mirror site

spegla so.

(í *tölvuteiknun*) Búa til mynd þannig að hverri *myndeiningu* samsvari önnur myndeining sem er í samhverfri stöðu miðað við sameiginlegan ás.

– mirror

speglun¹ kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að *spegla*.

– mirroring¹

speglun² kv.

(í *dreifvinnslu*) Það að *afrita gögn* og flytja *afritið*¹ á annan stað.

– mirroring²

speglun³ kv.

(í tölvuöryggi) Aðferð til þess að auka *gallaból*, fólgin í því að sömu gögn eru skráð á tvo *diska*¹.

– mirroring³

spiladós kv. → *tónhlaða***spilliforrit** hk.

Forrit sem er komið fyrir í *vélbúnaði*, *fastbúnaði* eða *hugbúnaði* og hefur þann tilgang að framkvæma einhverja heimildarlausu eða skaðlega aðgerð.

Dæmi: *Biðsprengja*, *trójuhestur*, *veira*, *ormur*.

– malware, malicious software, malicious logic

spilling gagna

Það að hróflað er við *heilleika gagna* fyrir slysi eða af ásettu ráði.

sh. *gagnaspilling*

– data corruption

spinna so.

Búa til *dótturferli* í *stýrikerfi* fyrir *fjölvorkavinnslu*.

– spawn

spjald hk. → *tengildi***spjaldafritari** kk.

Tæki sem *afritar* öll *gögn* eða hluta þeirra af einu *gataspjaldi*² á annað.

– card reproducing punch, reproducing punch, card reproducer, reproducer, card duplicator

spjaldahólf hk.

Sá hluti spjaldavinnslutækis sem geymir *gataspjöld*¹ og matar *spjaldaskammtara*.

– card hopper

spjaldalesari kk.

Ílagstæki sem *les* eða skynjar göt á *gataspjaldi*² og breytir *gatasamstæðum* í rafboð.

– card reader

spjaldaraðari kk.

Tæki sem flokkar *gataspjöld*² í *vasa* eftir *gatasamstæðum* sem á þeim eru.

– card sorter

spjaldaskammtari kk.

Búnaður sem færir *gataspjöld*¹ úr *spjaldahólfi* á *spjaldleið*, eitt og eitt í einu.

– card feed

spjaldastokkur kk.

Bunki *gataspjalda*².

– card deck

spjaldavasi kk.

Sá hluti spjaldavinnslutækis sem tekur við *gataspjöldum*² eftir vinnslu.

– card stacker

spjald dálkur kk.

(á *gataspjaldi*¹) *Götunarstaðir* í röð samhliða skammhlið spjaldsins.

– card column

spjaldleið kv.

Leið sem *gataspjöld*² fara í spjaldavinnslutæki.

– card path

spjaldlína kv.

(á *gataspjaldi*¹) *Götunarstaðir* í röð samhliða langhlið spjaldsins.

– card row

spjaldtölva kv.

Dæmi: Ein gerð spjaldtölvu er *iPad* frá fyrirtækinu Apple og önnur gerð er „Tablet PC“ frá *Microsoft*.

sh. *pennatölva*

– tablet computer, tablet PC, slate computer

spjall hk.

Umræða á *málþingi* þar sem þátttakendur skiptast á *upplýsingum*¹ á þann hátt að svarað er jafnóðum og eitthvað er *lagt fram* og *skeytin*² eru ekki *geymd*¹.

– chat

spjallrás kv.

Samkomustaður á *veraldarvefnum* þar sem notendur með sameiginlegt áhugamál geta spjallað saman á *rauntíma*.

– chat room

spjallsetur hk.

Vefsetur sem hýsir *spjallrás*.

– talker, chat site

spjallskammstöfun kv.

– chat acronym, chat abbreviation

spjalltorg hk.

Vettvangur *spjallrása* á *lýðnetinu*.

sh. *irki*

– IRC, Internet relay chat

spjallyrki kk.

Yrki sem getur haldið uppi samræðu við mann.

– chatbot, chatterbot

spælisfall hk. → *hermifall***sporbaugsstudd dulritun**

Ósamhverf *dulritunaraðferð* sem þykir einkar hraðvirk og örugg.

– elliptical curve cryptography

spóla kv.

Sívalningur sem hefur kraga og unnt er að vinda band upp á.

– reel

spólubolur kk.

Kragalaus sívalningur sem unnt er að vinda band upp á.

– tape spool, hub¹

sprang hk.

Það að *spranga*.

– surfing, net surfing

spranga so.

Vafra á *neti* í leit að tilteknum *skjölum*¹.

– surf, network surf

sprengingartraustur lo.

(um tækjabúnað) Sem hvorki springur né veldur sprengingu.

– explosion proof

spretti- fl.

– pop-up¹

sprettauglýsing kv.

Sprettiluggi með auglýsingu.

– pop-up ad

sprettiluggi kk.

Gluggi sem *birtist*¹ snögglega á *myndfleti* sem svar við einhverri aðgerð.

sh. *smelligluggi*

– pop-up window

sprettiluggi fyrir niðurhleðslu

Sprettiluggi sem býður *notanda*¹ að

hlaða forriti niður á *harðdiskinn*.

· Oft eru sett upp forrit sem fylgjast með hegðun notandans á *lýðnetinu* og senda um það skýrslu til móðurfyrirtækis forritisins.

– pop-up download

sprettsvæði hk.

Birtisvæði sem sprettur upp, venjulega lítill *gluggi*.

– pop-up²

sprettilmynd kv.

sh. *smellivalmynd*

– pop-up menu

sproti kk.

Ílagstæki sem líkist penna, notað til þess að bera kennsl á *ljóslestrarstafi* og *strikamerki*.

– wand

spunaferli hk. → *dótturferli***spurn** kv.

(í *gagnaffarskiptum*) Það að *yfirstöð* biður *undirstöð* að segja til sín eða tilgreina stöðu sína.

– interrogating

spurstöð kv.

Útstöð, aðallega ætluð til þess að senda fyrirspurnir til *tölvu*.

– inquiry station

spöng kv.

Vírbútur með plasthettu, sérstaklega útbúinn til þess að tengja á milli pinna á *prentplötu* í *tölvu*.

· Spöng er notuð til þess að stilla tiltekinn eiginleika prentplötunnar. Stundum þarf samstæðu af mörgum spöngum á sömu prentplötuna til þess að platan starfi eins og til er ætlast.

– jumper

spönn kv.

Munur á hæsta og lægsta gildi sem stærð eða fall getur tekið.

– span¹, range²

SQL

Heiti á fyrirspurnarmáli fyrir *töflugagnasöfn*.

– Structured query language, SQL

SS-samskipti hk. ft.

Rafræn *samskipti* stjórnsýslu við stjórn-sýslu.

sh. *G2G-samskipti*

– G2G, government to government

SSA-högun kv.

Opinn staðall fyrir háhraðaáðgang að diskgeymslu með miklu rými.

– Serial Storage Architecture, SSA

SSH-öryggisskel kv.

Unix-bundið skipanaviðmót og *samskiptareglur*¹ fyrir öruggan aðgang að *fjartengdri tölvu*.

– Secure Shell, Secure Socket Shell, SSH

SSL-samskiptareglur kv. ft.

*Samskiptareglur*¹ fyrir öruggar *gagna-sendingar* á *lýðnetinu* milli *biðlara*¹ og *þjóns*¹.

· *Vefslóð* þjóns sem krefst *SSL-samskiptareglu*na hefst á „https:“ í stað „http:“.

– Secure Sockets Layer, SSL

SSL-sýndareinkanet hk.

Sýndareinkanet sem nota má með venjulegri *vefsjá*.

· Samskipti milli *vefsjárinnar* og *sýndareinkanetsins* fara fram með *SSL-samskiptareglum*. *SSL* er *skammstöfun* á „Secure Sockets Layer“ og *VPN* er *skammstöfun* á „Virtual Private Network“.

– SSL VPN

staða¹ kv.

Þau gildi sem *eigindir*³ og *tengingar hlutar*² hafa á tiltekinni stundu.

sh. *ástand*

– state¹

staða² kv.

(í *gervigreindarfræði*) Augnablikslýsing á viðfangsefni þegar lausn þess er á tilteknu stigi.

– state²

staða formerkis

*Sæti*² sem er venjulega fremst eða aftast í *tölutákni* og gefur vísbendingu um formerki tölunnar sem tölutáknið stendur fyrir.

– sign position

staðalfrálag hk.

Gagnabegi sem tekur við *frálagi* nema annað sé tekið fram.

· Staðalfrálag er oftast *skjár* en getur einnig verið *sía* í *forriti*, einkum í *Unix*.

– standard output

staðalháttur kk.

Hlaupakommuritung þar sem gildi *tölukjarnans* liggur á tilteknu bili sem er valið þannig að sérhver *rauntala* er sett fram með tveimur einrætt ákvörðuðum *tölutáknum*.

· Sjá einnig *staðla*.

sh. *staðalsnið*

– normalized form, standard form

staðalílag hk.

Gagnagjafi þaðan sem *ílag* kemur nema annað sé tekið fram.

· Staðalílag er oftast *hnappaborð* en getur einnig verið *sía* í *forriti*, einkum í *Unix*.

– standard input

staðall um skil stafrænna hljóðfæra

Staðall, notaður í tónlistariðnaðinum fyrir *skil*¹ milli *stafrænna hljóðfæra*.

– MIDI, musical instrument digital interface

staðalsnið hk. → *staðalháttur*

staðalvörpun kv.

Hnitaskipti frá *almennu hniti* yfir í *staðlað tækishnit*.

– normalized transformation

staðarnet hk.

Tölvunet sem er staðsett á starfssvæði notanda og innan takmarkaðs landsvæðis.

· *Samskipti* innan staðarnets eru ekki háð reglugerðum póst- og síma-

stjórna. Samskipti við aðila utan netsins geta hins vegar verið háð einhverjum reglum.

sh. *nærnet*

– local area network, LAN

staðarnet á breiðbandi

Staðarnet sem í eru fleiri en ein *rás*² og þar sem *gögn* eru *kótuð*, *fléttuð* og send með því að *móta burðarbylgju*.

sh. *breiðbandsnet*

– broadband LAN

staðarnet á grunnbandi

Staðarnet þar sem *gögn* eru *kótuð* og send án þess að *móta burðarbylgju*.

sh. *grunnbandsnet*

– baseband LAN

staðarnetsmiðlari kk. → staðarnetsþjónn

staðarnetsþjónn kk.

Gagnastöð sem veitir öðrum gagnastöðvum í *staðarneti* tiltekna *þjónustu*¹.

Dæmi: *Skráaþjónn*, *prentþjónn*, *póstþjónn*.

sh. *staðarnetsmiðlari*

– LAN server

staðbendir kk.

Ílagstæki, notað til þess að tilgreina eina eða fleiri *myndeiningar*.

Dæmi: *Ljósþenni*.

– pick device, picking device

staðbundin vistfangausmjón

Vistfangausmjón þar sem öll *stöðvarvistföng* í *staðarneti* eru einrætt ákvörðuð innan eins *staðarnets*.

– local address administration

staðfang hk.

Yfirheiti fyrir heimilisfang, *veffang*, *vistfang* o.s.frv.

– address³

staðfesta so.

Láta breytingar á *gagnasafni* taka gildi.

– commit

staðfestanleiki kk.

Mælikvarði á það að hvaða marki *forrit* er hannað og mótað þannig að auðvelt

sé að *prófa* alla hluta þess.

– confirmability

staðfesting¹ kv.

Tilkynning frá viðtökustöð til sendistöðvar um að tekið hafi verið við *gögnum* sem *send* voru.

– acknowledgment

staðfesting² kv.

Flutningsatvik sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* ákvarðar að *skeytaflutningskerfið* geti afhent sérhvert *skeyti*², sem lýst er í *kanna*, *næstu viðtakendum* þess.

· Í þessu tilviki getur skeytaflutningsmiðillinn búið til *skilatilkyningu* um *afhendingu*.

– affirmation

staðfinning kv.

Hluti af *staðtækni* sem lætur í té staðsetningu tækis og aðrar upplýsingar.

Dæmi um notkun tækninnar: í *GPS-staðsetningarkerfum* um staðbundnar upplýsingar um umferð og fleira; í *minnisþjöldum* í myndavélum til þess að merkja á sjálfvirkan hátt hvar ljósmynd er tekin; í *félagsnetþjónustu* eins og *Tístill* til þess að staðsetja hverja örblogg færslu; í farsímum og *snjallsímum* til þess að koma á framfæri staðbundnum auglýsingum og upplýsingum.

– location awareness

staðfæring kv.

(í *upplýsingatækni*) Aðlögun vöru að *málkröfum*.

· Staðfæring felur í sér *þýðingu*¹ á viðmóti og *skjalbúnaði* og aðlögun *hugtaka* og *sníða*³ að því sem tíðkast.

sh. *staðfærsla*

– localization

staðfærsla kv. → staðfæring

staðföst geymsla

*Geymsla*¹ sem ekki þarf að *glæða* öðru hverju.

– static storage

staðgild ummyndun

Ummyndun myndar, fólgin í því að breyta gildi *díls* í samræmi við gildi granndíla hans.

Dæmi: *Feðming, stærðfræðileg formfræði*.

sh. *grenndarvinnsla*

– local transformation, neighborhood processing

staðgreiðslukort hk.

sh. *debetkort*

– debit card

staðgöngulykill kk.

Einkvæmur *aðallykill* sem *töflugagnasafnskerfi* býr til og er ekki dreginn af *gögnum* í *gagnasafninu*.

· Staðgöngulykill er oft raðnúmer en þarf ekki að vera það. Þar sem staðgöngulykill er óháður öðrum *dálkum*² breytist hann ekki þó að *gögnum* í *gagnasafninu* sé breytt.

Dæmi: Viðskiptamannanúmer.

– surrogate key

staðla so.

Breyta *tölu* *kjarnanum* og *veldistölunni* í *hlaupakommuritu* á samsvarandi hátt til þess að tryggja að *tölu* *kjarninn* liggi innan áður tiltekens bils, en þó þannig að *rauntalan* sem sett er fram verði óbreytt.

Dæmi: Til þess að koma *tölu* *kjarnanum* í bilið frá 1 til 9,99... má staðla *hlaupakommuritu* *nina* $123,45 \times 10^2$ í $1,2345 \times 10^4$.

– normalize¹

staðlað gagnatag

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Tag* sem er skilgreint fyrir tiltekið *forritunarmál*.

– standard data type

staðlað tækishnit

(í *tölvuteiknun*) *Tækishnit*, gefið í millihnitakerfi og staðlað til að vera á tilteknu bili, oft 0 til 1.

· *Mynd*¹, sett fram með stöðluðum tæk-

ishnitum, liggur ávallt á sama stað miðað við tiltekinn upphafsstað í hvaða *tækisrými* sem er.

– normalized device coordinate, NDC

staðreynd kv.

(í *gervigreindarfræði*) Staðhæfing um fyrirbæri í raunheiminum eða skilningsheiminum sem almennt er litið á sem sanna.

· Líta má á staðreynd sem *trúaratriði* með háan *vissustuðul*.

– fact

staðréttá so.

Stjaka efni í *gisti* þannig að fyrsti eða síðasti *stafur* í *gistinu* sé í tiltekinni stöðu.

– justify¹

staðréttá til hægri

– right-justify¹

staðréttá til vinstri

– left-justify¹

staðræn þjónusta → *vettvangsþjónusta***staðsetning kv.**

Megindleg ákvörðun á stöðu *hlutar*³ á *vangi* miðað við athuganda.

– location²

staðsetningartími kk.

Sá tími sem þarf til þess að koma *aðgangsarmi* í *rakleiðargeymslu* fyrir á réttri *rás*¹.

– seek time, positioning time

staðtengdur lo.

(um tæki til *gagnavinnslu*) Sem er tengdur beint við *boðrásir miðverks*.

– local¹, channel-attached

staðtungl hk.

Gervitungl sem er alltaf yfir sama stað á yfirborði jarðar og hefur því 24 klst. umferðartíma.

– geostationary satellite

staðtækni kv.

Tækni sem gerir kleift að bera kennsl á og finna hvar *tölvur* og önnur skyld tæki eru staðsett um leið og notandi tengist *neti*.

– presence technology

staðvísir kk.

(í *tölvuteiknun*) Myndtákn, notað til þess að benda á tiltekinn stað.

– marker

staðvær lo.

(um *máleiningu*) Sem hefur *gildissvið*¹ einungis innan þess *skilgreiningarsviðs* þar sem hann er skilgreindur.

– local²

staðvær breyta

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

*Breyta*² sem er aðeins tiltæk fyrir það *atburðarit*² þar sem hún er skilgreind.

– local variable

stafa so. → *stafgera***stafakennsl** hk. ft.

Það að bera *sjálfvirkt* kennsl á *stafi*.

– character recognition

stafalesari kk.

Ílagstæki sem ber kennsl á *stafi*.

– character reader

stafamál hk. → *sát***stafamengi** hk.

Endanlegt mengi *stafa* sem er fullnægjandi fyrir tiltekið verkefni.

Dæmi: *Kótað* sjö *bita* stafamengi í staðlinum ISO/IEC 10646-1.

– character set

stafanákvæmni kv.

Mat á getu til þess að gera greinarmun á mjög nálægum gildum.

· Fjögurra stafa *tölutákn* hefur minni stafanákvæmni en sex stafa tölutákn. Samt sem áður getur réttilega reiknað fjögurra stafa tölutákn verið nákvæm-ara en skakkt reiknað sex stafa tölutákn.

– precision

stafaprentari kk.

Prentari sem prentar einn *staf* í einu.

– character printer, serial printer

stafari kk.

Myndrænt ílagstæki til þess að breyta í *stafrænt* form *flaumrænum gögnum*

sem lýsa rúmfræðilegum myndum.

– digitizer, graphics digitizer

stafastrengur kk.

Strengur sem er aðeins gerður úr *stöfum*.

– character string

stafatafla kv.

– code page

stafatag hk.

Stakrænt tag þar sem hvert tilvik stendur fyrir *staf*.

– character type

stafatvíund kv.

Stafamengi sem í eru tveir *stafir*.

– binary character set

stafbirtir kk.

Birtir sem sýnir *gögn* aðeins sem *ritstafi*¹.

– character display, character display device

stafbrigðaflokkur kk.

Mengi *stafbrigða*, *listi* yfir þau ásamt lýsingu á einkennum stafbrigðanna, t.d. hæð, þykkt og halla.

– glyph font

stafbrigði hk.

Afbrigði af *ritstaf*¹.

– glyph

stafbundinn lo.

– character-based

stafbundnar samskiptareglur

*Samskiptareglur*¹ *gagnagreinar* þar sem bæði *gögn* notanda og stýriaðgerðir gagnagreinar eru kótaðar sem tilteknir *stafir*.

Dæmi: Samskiptareglur fyrir *greina-stýringu* í *grunnhætti*.

– character-oriented protocol

stafdálkun kv.

Það að skipa *texta* þannig í *dálk*¹ að tiltekinn *stafur* eða *stafastrengur*, sem kemur fyrir einu sinni í hverri *línu*¹, standist á við sama *staf* eða *stafastreng* í öðrum línum.

– character alignment

staffylli kv.

Einn eða fleiri *stafir* sem bætt er við *gagnastak*¹ til þess að framsetning þess hafi tiltekna lengd.

sh. *fylli*

– filler

staffylling kv. → *fylling*¹**stafgera so.**

Sýna eða setja fram á *stafrænan* hátt *gögn* sem ekki eru *stakræn*.

Dæmi: Búa til *stafræna framsetningu* eftir *flaumrænni framsetningu* eðlisstærðar.

sh. *stafa*

– digitize

stafgerð mynd

Stafræn framsetning sem unnt er að búa til *mynd*¹ eftir.

sh. *stöfuð mynd*

– digitized image

stafgervill kk.

Búnaður sem breytir *flaumrænni framsetningu* *gagna* í *stafræna framsetningu*.

sh. *?A/D-breytir*

– analog-to-digital converter, A/D converter, ADC

stafgerving tals

Það að breyta *flaumrænum talmerkjum* í *stafræn merki*.

sh. *stöfun tals*

– speech digitizing, speech digitization

stafgjafi kk.

Búnaður sem breytir *kótaðri framsetningu* *stafs* í *myndræna framsetningu* svo að unnt sé að *birta*¹ stafinn.

– character generator

stafhnappur kk.

Hnappur sem sendir frá sér merki *stafs* í *ritstafamengi*.

· Hnappurinn er nefndur eftir stafnum sem hann sendir frá sér.

– data character key, character key

stafir á sekúndu

Eining fyrir tíðni *stafa*.

· Notað t.d. um prenthraða.

– cps, characters per second

stafir á þumlung

Eining fyrir þéttleika *stafa* þegar prentað er.

– cpi, characters per inch

staflabendir kk.

Vistfang geymslustaðar sem geymir síðasta *gagnastak*¹ sem sett var í *staflageymslu*.

sh. *staflavísir*

– stack pointer, stack indicator

staflageymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem *gögnum* er raðað þannig að það *gagnastak*¹ er hverju sinni tiltækt sem skemmst hefur verið í geymslunni. Það sem síðast kemur inn fer fyrst út.

– pushdown storage, stack storage, stack²

staflavél kv.

Búnaður þar sem *aðgerðir*¹ taka *þolanda* af *stafla* og skila *útkomum* á hann.

– stack machine

staflavísir kk. → *staflabendir***staflesgildi hk.**

Lesgildi sem í er einn *stafur*.

· Staflesgildi eru venjulegu umlukt *afmörkurum*² í því skyni að greina þau frá öðrum *lesstökum*.

· *Forritunarmál* nota venjulega annars konar *afmarkara*² fyrir staflesgildi en *strenglesgildi*.

· Staflesgildi getur verið strenglesgildi af lengdinni einn.

– character literal

staffli kk.

Listi sem er þannig gerður og haldið við að það stak er hverju sinni tiltækt sem skemmst hefur verið á listanum.

· Þessari aðferð má lýsa með orðunum: „kemur síðast, fer fyrst“. Eða á ensku: „last-in-first-out“, skammstafað LIFO.

sh. *hlaði*, *troðröð*

– stack¹, pushdown list

stafmerki hk.

Yfirsett, miðsett eða undirsett merki, notað til aðgreiningar *bókstafa* vegna mismunandi framburðar.

Dæmi: Broddur bókstafanna á, é, í o.s.frv. er yfirsett stafmerki.

– diacritic mark, diacritic

stafreitir kk.

Ímyndaður samsíðungur á *skjá* eða á prentfleti sem í eru allir hlutar eins *ritstafs*¹.

· Stafreitir geta skarast svo að stilla meggi bil á milli stafa eða láta grannstafi snertast.

– character box, bounding box²

stafróf hk.

Stafamengi þar sem samkomulag er um röð stakanna.

Dæmi: Mors-stafrófið, ASCII-stafirnir 128.

– alphabet

stafrýnir kk.

Forrit sem leitar að stafsetningarvillum í *texta*.

· Orðin má annaðhvort gáta um leið og þau eru slegin inn eða seinna þegar unnið er frekar úr textanum.

– spelling checker, spellchecker

stafræn framsetning

Stakræn framsetning á *bútuðu* gildi *breytu*¹, þ.e. framsetning tölu með *tölustöfum* og e.t.v. einnig *sérstöfum* og *bilstaf*.

– digital representation

stafræn gögn

Gögn, sett fram með *tölustöfum* og e.t.v. einnig *sérstöfum* og *bilstaf*.

– digital data

stafræn hljóðtækni

– digital audio technology

stafræn hljóðvinnustöð

– digital audio workstation, DAW

stafræn kvikmyndavél

– digital video camera

stafræn kvikmyndun

– digital video

stafræn merkjavinnsla

Vinnsla *merkja*² með *stafrænum* aðferðum.

· Stafræn merkjavinnsla fer meðal annars fram í farsímum, margmiðunartölvum, *kvikmyndavélum* og geislaspilurum.

– digital signal processing, DSP

stafræn mynd

*Mynd*², gerð af *dílum* sem nota *stakræn* gildi á tilteknu bili.

· Sjá einnig *flaumræn mynd*.

Dæmi: Taka má sýni úr mynd og *kóta* hana með því að nota *stakræn* gildi fyrir *birtu*² og *litblæ*.

– digital image

stafræn myndavél

– digital camera

stafræn myndfærsla

Það að búa til *stafræna framsetningu* af *vangi*.

Dæmi: Það að breyta sjóngagnamynd í *díla* með *stafgervli*.

– digital imaging

stafræn réttindavernd

Ráðstafanir til að hamla gegn ólöglegri dreifingu selds efnis á *veraldarvefnum*. sh. *DRM*

– digital rights management, DRM¹

stafræn smásnelda

– DCC, digital compact cassette

stafræn tölva

Tölva sem er stjórnad af minnislægum *forritum* og getur: (a) notað sameiginlega *geymslu*¹ fyrir forrit eða hluta þess og einnig fyrir öll *gögn* eða hluta þeirra sem nauðsynleg eru fyrir *inningu* forritanna; (b) innt forrit sem notendur hafa samið eða tiltekið; (c) farið að fyrir-mælum notanda um meðferð á *stakrænum gögnum*, sem eru sett fram á *stafrænan* hátt, m.a. framkvæmt *reikningsaðgerðir* og *rökaðgerðir*¹; (d) innt forrit

sem breyta sjálfum sér meðan á inningu þeirra stendur.

- Í *gagnavinnslu* er með heitinu tölva venjulega átt við stafræna tölvu.

– digital computer

stafræn undirskrift

(í *tölvuöryggi*) *Stafræn gögn* sem er bætt við rafrænt *skjal*¹ eða *skeyti*² og gera viðtakanda þess kleift að *sannprófa* uppruna þess.

- Stafræn undirskrift er algengasta tegund *rafrænnar undirskriftar*.

– digital signature

stafræn vatnsmerking

– digital watermarking

stafrænn lo.

(um *gögn*, *ferli*¹ og búnað) Sem er settur fram með *tölustöfum* eða notar gögn, sett fram á þennan hátt.

– digital

stafrænn mannemunur

- Hugtakið vísar til mismunar í *aðgengi* fólks að *upplýsingatekni* nútímans.

– digital divide

stafrænn mynddiskur

sh. *DVD-diskur*

– digital versatile disk, DVD, ?digital video disk

stafrænn skiptir

*Skiptir*¹ sem er *stafrænn*.

– digital switch

stafrænt band → stafrænt hljóðband

stafrænt bókasafn

Skipulagt safn af bókum og skyldu efni í stafrænu formi.

- Auk bóka getur efnið meðal annars verið tímaritsgreinar, ritgerðir, myndir, hljóðupptök og myndbandaefni.
- Sjá einnig *rafrænt bókasafn*.

– digital library

stafrænt hljóðband

Band fyrir skráningu *hljóðs* í formi *stafræna merkja*².

- Stafræn hljóðbönd má einnig nota til

þess að taka *öryggisafrit* af *harðdiskum*.

sh. *stafrænt band*

– digital audio tape, DAT

stafrænt innsigli

Gögn sem er bætt við *skeyti*² og gera *áformuðum viðtakanda* skeytisins kleift að *sannprófa* hvort efni þess sé óskert.

– digital envelope

stafrænt jarðsjónvarp

Stafrænt sjónvarp án notkunar *gervitungla*.

– digital terrestrial television

stafrænt kennimerki hlutar

– digital object identifier

stafrænt krull

Stafrænt efni sem er blanda af *texta*, myndum, hljóði, *sjóngögnum* og *myndlífgunum* úr ýmsum áttum.

- Í orðinu „krull“ er ll borið fram eins og í orðinu „ull“.

– digital mashup

stafrænt merki

Stakrænt merki þar sem *gögn* eru sett fram með endanlegum fjölda vel skilgreindra *stakrænna* gilda sem ein kennisstærða þess getur tekið.

– digital signal

stafrænt sjónvarp

– digital television

stafrænt skilríki

Rafrænt skilríki í *stafrænu* formi.

- Stafrænt skilríki er gefið út af *vottunarstöð*. Það er algengasta gerð rafræns skilríkis og gengur því oft undir því heiti.

– digital certificate

stafrænt tímarit

Tímarit sem er afhent í *stafrænu* formi á rafrænum *miðli*, t.d. *geisladiski*¹.

- Stafrænt tímarit getur verið gefið út sjálfstætt eða fylgt með öðru efni.

- Sjá einnig *rafrænt tímarit*.

– digizine, digital magazine

stafrænt vinnuferli

– digital workflow

stafsetur hk.

Mengi *hástafa*¹ eða *lágstafa*.

· Skýringin á enska orðinu „case“ er sú að það merkti upphaflega setjarpúlt. Hástafir voru í þeim hluta púltsins sem fjær var setjaranum („upper case“) og lágstafir í þeim hluta sem nær var („lower case“).

– case

stafsía¹ kv.

*Mynstur*¹ *stafa*, notað til þess að ákveða hvaða stafir í öðru mynstri eru felldir niður og hverjir standa eftir.

sh. *mát*

– mask¹

stafsía² so.

Nota *stafsíu*¹ á *mynstur*¹.

– mask²

stafskiptafjöldi kk.

(í *upplýsingafræði* og *tölvufræði*) Fjöldi aðgerða sem nauðsynlegar eru til þess að breyta einum *streng* í annan.

– edit distance

stafur kk.

Stak í mengi, notað til þess að setja fram eða skipuleggja *gögn* eða stýra þeim.

· *Bókstafir*, *tölustafir*, greinarmerki og önnur *tákn* teljast til stafa. Stöfum er skipt í *ritstafi*¹ og *stýristafi*. *Tölustafir*, *bókstafir*, *myndstafir* og *sérstafir* eru dæmi um ritstafi. *Sendistýristafir*, *sniðstafir*, *kótaskiptastafir* og *tækjastýristafir* eru dæmi um stýristafi.

– character

stafþjöppun kv.

Það að þjappa *stöfum* saman í prentun.

Dæmi: Skörun *stafreita* við prentun eða *birtingu* skáletraðs *texta*.

– kerning

stag hk.

Það að setja *bót* á *forrit* sem hefur verið *vistþýtt* á *vélarmál*.

sh. *stögun*, *bæting*

– patching

staga so.

Breyta *viðfangseiningu* eða *hleðslueiningu* án þess að *smala* eða *vistþýða frumforritið* að nýju.

sh. *bæta*

– patch²

stagari kk.

*Hjálparforrit*¹, notað til þess að setja *bætur* á *forrit*.

– patcher

stakafjöldi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Fjöldi staka í mengi.

sh. *fjöldatala*

– cardinality²

stakaskil hk. ft.

Svipult fyrirbæri sem skilur að tvö *merkjastök* sem berast hvort á fætur öðru í *stakrænu merki* og hafa mismunandi *einkennisástand*.

– transition¹

stakfærsla kv.

(í *netlíkani*) *Færsla*² sem er undirskipuð *mengismóðurfærslunni* í mengi.

– member record

stakræn framsetning

Framsetning *gagna* með fyrir fram skilgreindu *ritunarkerfi*.

Dæmi: *Stafræn framsetning*.

sh. *stakstæð framsetning*, *staksetning*

– discrete representation

stakræn gögn

Gögn sem eru þannig að unnt er að setja gildi þeirra fram með aðskildum stökum, venjulega með *stöfum* eða *heilum tölum*.

· Stakræn gögn má einkenna með því hvort unnt er að varpa þeim á mengi heilla talna eða ekki.

sh. *stakstæð gögn*

– discrete data

stakræn kósínusvörpun

Stærðfræðileg vörpun, notuð til að setja fram mynd með mengi stuðla.

- Þessi vörpun er notuð í þjöppunarstöðlum sem eru skilgreindir í *MPEG-þjöppun* og *JPEG-þjöppun*.
- Jafnan er

$$F_k = \sum_{j=1}^{N-1} f_j \cos\left(\frac{\pi j k}{N}\right)$$

þar sem $f_j, j = 1, \dots, N$ er fylki².

- DCT, discrete cosine transformation

stakrænn lo.

(um gögn, eðlisstærðir, *ferli*¹ og bún- að) Sem er settur fram með aðgreindum stökum, t.d. *stöfum*, tekur endanlega mörg vel aðgreind gildi eða notar gögn, sett fram á þennan hátt.

sh. *stakstæður*

- discrete

stakrænt merki

*Merki*², gert af stökum sem berast hvert á fætur öðru þar sem hvert stak hefur eina eða fleiri einkennisstærðir sem geta staðið fyrir *gögn*.

- Dæmi um einkennisstærðir eru sveiflustærð, bylgjulögun, tímalengd og tímapunktur.

- discrete signal, discretely timed signal

stakrænt tag

Gagnatag þar sem hvert tilvik stendur fyrir stak í röðuðu mengi með teljanleg stök.

- Í *Pascal* heita stakræn tög „ordinal type“ og eru af gerðinni „enumerated“, „char“, „integer“ og „boolean“. Í *Ada* heita stakræn tög „discrete type“ og eru annaðhvort *heiltölutög* eða *upptalningartög*.

sh. *staktag*

- ordinal type, discrete type

staksetning kv. → *stakræn framsetning*

stakstrengur kk.

Strengur sem eitt stak er í.

- unit string

stakstæð framsetning → *stakræn framsetning*

stakstæð gögn → *stakræn gögn*

stakstæður lo. → *stakrænn*

staktag hk. → *stakrænt tag*

stallaðir gluggar

Tveir eða fleiri *gluggar*, sem hugsanlega skarast, búnir til og *birtir*¹ undir einni stjórn.

- cascaded windows

stallgeymd kv.

Aðferð við *samhliða samlagningu*, fólgin í því að útkoman úr samlagningunni er *tölutákn* fyrir hlutasamtölu og geymt tölutákn sem síðan eru lögð saman. Þetta er endurtekið þangað til ekkert er lengur til þess að geyma.

- cascaded carry

stangarprentari kk.

Höggprentari þar sem letrinu er komið fyrir á *prentstöng*.

- bar printer

starfræn samfesta

Samfesta þar sem allar athafnir *forrits-einingar* stuðla að því að ná tilteknu markmiði.

- functional cohesion

starfrænt líkan

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Lýsing á þeirri hlið kerfis sem lýtur að því að breyta gildum með því að nota *föll*², *varpanir*¹, *skorður* og starfræn vensl.

sh. *starfsemislíkan*

- functional model

starfsemisgreining kv.

Skipuleg könnun á starfsemi raunverulegs eða fyrirhugaðs kerfis.

- functional analysis

starfsemishönnun kv.

Lýsing á starfsemi kerfisþátta og hvernig þeir starfa saman.

- functional design

starfsemislíkan hk. → *starfrænt líkan*

starfslíðsgreining kv.

- workforce analysis

stef hk.

Forrit (eða *forritshluti*) sem getur haft almennt notagildi eða oft er notað.

- Kallað er á stef úr öðru forriti eða stafi.
- routine, ?program³

stefja¹ kv.

Verkforrit fyrir *spjaldtölvu* eða *snjallsíma* sem er sótt á lýðnetið.

- Orðið „app“ beygist eins og orðið „happ“.
- sh. *snjallforrit*, *notra*, *stubbur*, *app*
- app

stefja² kv.

*Undirforrit*¹ sem *skilar* ekki *gagnagildi* nema með því að nota *stika*².

- Í *Cobol* er stefja *efnisgrein* eða röð efnisgreina sem koma hver á eftir annarri í röklegri röð eða kaffi í stefjuhluta forritsins.
- sh. *undirforrit*²
- procedure, subroutine

stefjað mál

Forritunarmál sem býr yfir aðferðum til þess að tiltaka hvað *gagnavinnsluferfi* á að gera með því að leggja fram tilteknar *setningar*¹ eða *skipanir*¹ sem skulu *inntar* í tiltekinni röð.

Dæmi: *Ada*, *Basic*, *Cobol*, *Fortran*, *Pascal*.

- procedural language, procedure-oriented language

stefjukall hk. → *stefjukallssetning***stefjukallssetning** kv.

Einföld setning sem lætur *stefju*² í *té raunstika* og setur *inningu* stefjunnar af stað.

- Sjá einnig *kall á fall*.

sh. *stefjukall*

- procedure-call statement, procedure call

stefnuheimildarsetning kv.

Einföld setning sem heimilar *verkeiningu* að biðja um *stefnumót* við aðra verkeiningu.

- Þetta hugtak er upprunnið í *Ada*.

- entry-call statement

stefnuhnappur kk.

Aðgerðarhnappur, notaður til þess að færa *bendil*¹ um *skjá*.

- Bendillinn færir að því tilskildu að gert sé ráð fyrir honum í *hugbúnaði* þeim sem verið er að nota.

sh. *örvarhnappur*¹

- cursor control key, cursor key, arrow key, direction key

stefnumót hk.

Víxlverkun milli tveggja *verkeininga*, fólgin í því að stilla saman *inningu* verkeininganna á tilteknum stað þannig að annað *ferlið*² geti beðið eftir hinu.

- rendezvous

stefnuregla kv.

- Oft á vel við að nota íslenska heitið í fleirtölu, stefnureglur.

- policy

stelling kv.

Staða og stefna *hlutar*³, ákvörðuð með venslum við viðmiðunarkerki.

- Stelling einkennist af *sex stellingavíddum* sem tilgreina stað og stefnu.

- pose

steyting¹ kv.

Aðstæður sem verða til þegar tvær eða fleiri *gagnastöðvar* reyna að *senda* samtímis um sömu *sendirás*.

sh. *samkeppni*

- contention¹

steyting² kv.

Þær aðstæður í *staðarneti* að *MAC-samskiptareglurnar* heimila tveimur eða fleiri *gagnastöðvum* að hefja sendingu samtímis og hætta þannig á að *árekstur*¹ verði.

- contention²

steytingarnet hk. → *net með frjálsum aðgangi***stigbót** kv.

Endurbætt gerð af *hugbúnaði* eða *vélbúnaði* eða hvoru tveggja.

sh. *uppfærsla*²

– upgrade¹

stigbreytileg úthlutun gjörva

– increment processor allocation

stigbæta so.

Taka í notkun endurbæta gerð af *hugbúnaði* eða *vélbúnaði* eða hvoru tveggja í stað eldri gerðar.

sh. *uppfæra*²

– upgrade²

stigfrelsi hk.

Það að vera *stigfrjáls*.

sh. *stærðfrelsi*

– scalability

stigfrjáls lo.

(um kerfi) Sem þolir að einhver þáttur hans sé stækkaður.

sh. *stærðfrjáls*

– scalable

stigfrjáls leturgerð

Leturgerð sem unnt er að stækka eða minnka án *bjögunar*.

sh. *stærðfrjáls leturgerð*

– scalable font

stignám hk.

Aðlögunarnám í þrepum sem felst í því að *þekkingu*, sem er aflað á einu þrepi, er breytt til þess að aðlagast nýrri þekkingu sem veitt er á síðari þrepum.

– incremental learning

stigrýra so.

Taka í notkun eldri gerð af *hugbúnaði* eða *vélbúnaði* eða hvoru tveggja í stað nýrri gerðar.

· Þetta er andstæða aðgerðarinnar að *stigbæta*. Stundum þarf að stigrýra flókinn hugbúnað til þess að fjarlægja ónotaðar einingar eða gallaðar og til þess að flýta vinnslu og gera hugbúnaðinn einfaldari í notkun.

– downgrade

stigveldi hk.

Kerfisskipan þar sem þáttum kerfis er raðað eftir tilteknum reglum á mismunandi þrep, sem sum eru undirskipuð

öðrum með hliðsjón af því hvernig *samskiptum* milli þeirra skal háttað.

sh. *stigveldisskipan*

– hierarchy, hierarchical structure

stigveldisleg áætlunargerð

Áætlunargerð þar sem óljósir hlutar áætlunar eru skýrðir í nákvæmari deili-áætlunum sem skipað er í *stigveldi*.

– hierarchical planning

stigveldisleg gagnavarsla

– hierarchical storage management

stigveldislíkan hk.

*Gagnalíkan*¹ þar sem *gögnum* er skipað í *stigveldi*.

sh. *strýtulíkan*

– hierarchical model

stigveldisnet hk.

Tölvunet þar sem *hnútar*¹ eru flokkaðir í *stigveldi* eftir getu þeirra til þess að stýra eða starfa.

– hierarchical computer network

stigveldisrit hk.

Mynd sem tilgreinir *forritseiningar*, starfsemi og önnur atriði í kerfi eða *forriti* og sýnir hvernig stór eða almenn atriði greinast í smærri og sérgreindari atriði.

· Stigveldisrit þarf ekki að sýna það sama og *kallrit*.

– structure chart, hierarchy chart

stigveldisskipan kv. → *stigveldi*

stigveldistauganet hk.

Marglagskipt net þar sem tengingar milli *laga*² eru notaðar við þrepa-vinnslu.

· Stigveldistauganet getur haft framflutningsstengingar eða afturflutningstengingar eða hvorar tveggja og getur sameinað mismunandi *námsalgrím* á hverju þrepi.

– hierarchical neural network

stika¹ kv.

(í *ritvinnslu*) Lína sem sýnir hvar vinstri og hægri *spássúr* og hugsanlega *dálkhök* eru stillt.

– ruler line

stika² kv. → *rein*¹

stikabundin talgerving

Aðferð við *talgervingu*, fólgin í því að búa til *talmerki* eftir tímastikum og tíðnistikum, svo sem *formendum*, tónhæð og örvunarsveiflustærðum, sem fást úr talmyndunarlíkani.

· Þessi aðferð krefst minna geymslurýmis fyrir hvert boð en *bylgjutalgerving*.

– synthesis by parametric representation, synthesis by parametric modeling

stikatenging kv.

Tenging *formstika* við samsvarandi *raunstika* sem eru tilteknir í *kalli*³ eða *stofnrænni eingildingu*.

– parameter association

stiki¹ kk.

*Breyta*¹ sem hefur fast gildi í tilteknu viðfangsefni.

sh. *færibreyta*

– parameter¹

stiki² kk.

(í *forritunarmálum*) *Máleining*, ætluð til að hleypra *gagnahlutum* eða *gagnagildum* á milli *forritseininga*.

– parameter²

stikl hk.

Það að fara frá einni *stiklu*¹ til annarrar með því að fylgja *tenglum*³.

– hypermedia navigation, navigation

stikla¹ kv.

Eining af *gögnum*, annaðhvort upphafsstaður eða ákvörðunarstaður *tengils*³.

– hypermedia node

stikla² so.

*Skanna*¹ *stikluvef* með *hugbúnaði* fyrir *stiklutexta*.

– navigate

stiklu- fl.

Sem lýtur að *stiklumiðlun*.

· Oftast fer betur á að nota styttri forliðinn, *stiklu*-, en *stiklumiðlunar*-.

sh. *stiklumiðlunar*-

– hypermedia¹

stiklubúnaður kk.

Hugbúnaður með *stiklum*¹.

– hypermedia application

stiklufótur kk.

– navigation footer

stiklugagnagrunnur kk. → *stiklugagnasafn*

stiklugagnasafn hk.

sh. *stiklugagnagrunnur*

– hypermedia database, hyperbase

stikluhlutur kk.

Samsettur hlutur sem hefur *ílagshluti*, *frálagshluti* og *tengla*³ á milli þeirra í samsetta hlutnum sjálfum.

· Stikluhlutur getur verið *tré* með *margmiðlunarhlutum* sem tengdir eru með *valmyndum*.

– hyperobject

stikluhnappur kk.

– navigation button

stikluleggur kk. → *tengill*³

stikluleið kv.

Skilgreind *runa* af tengdum *stiklum*¹.

– hypermedia path

stiklumargmiðlun kv.

(um búnað) Það að nota í senn *margmiðlun* og *stiklumiðlun*.

– hypermultimedia²

stiklumargmiðlunar- fl.

(um búnað) Sem lýtur að *stiklumargmiðlun*.

– hypermultimedia¹

stiklumiðlun kv.

Það að setja fram *gögn* í *stiklum*¹ sem eru tengdar með *tenglum*³.

– hypermedia²

stiklumiðlunar- fl. → *stiklu*-

stiklurými hk.

Hugrænt umhverfi þar sem ofgnótt af *tenglum*³ ruglar notanda.

– hyperspace

stiklurönd kv.

sh. *stiklustika*

– navigation bar

stikluskipan kv.

Skipulag *upplýsinga*¹ í *stiklur*¹.

– hypermedia structure

stikluskjal hk.

*Hlutur*⁴ sem hefur samþætt safn *skjala*².

· Í *verkforriti* þar sem viðhald stikluskjals er hluti af vinnslunni getur breyting á smáatriði í einu horfi skjalsins sjálfkrafa breytt smáatriði í öðru horfi. Viðhald stikluskjals getur einnig breytt *aðgangi*¹ að efni skjalsins.

– hyperdocument, hypermedia document

stikluskjalasafn hk.

Samsafn *stikluskjala* sem tengja má með *tenglum*³.

– hypermedia library, hyperlibrary

stiklustika kv. → *stiklurönd***stiklutextakerfi** hk. → *stiklutexti***stiklutexti** kk.

Stiklubúnaður þar sem notaður er *texti*, myndir eða hvort tveggja.

· Stiklutexti gefur kost á framsetningu *skjala*² þar sem líkt er eftir því hvernig mannshugur raðar saman hugmyndum. Í bókum, kvikmyndum og tali er efni hins vegar sett fram í tiltekinni röð.

sh. *stiklutextakerfi*

– hypertext

stiklutól hk.

Verkforrit, ætlað til þess að búa til og sýna stiklumiðlunarefni.

– hypermedia tool

stikluvefur kk.

Samsafn tengdra *tengla*³ og *stiklna*¹.

· Annaðhvort fjalla tenglar í stikluvef um sameiginlegt efnissvið eða unnt er að fara eftir þeim um sameiginlegar *markstiklur*.

– hypermedia web

stikmæling kv.

Það að ákvarða fjarlægð eftir því hvað *hlutur*³ í *sjónsviði* myndavélar virðist

stór.

– stadimetry

stilkaugabúnaður kk.

Endagreip þjarka, búin skammdrægri myndavél (1 mm – 1 m).

– eye-in-hand system

stilla teljara

Setja *teljara* í horf sem samsvarar tilteknu gildi.

– set a counter

stillihnappur kk. → *hamstillir***stinga í samband**

Tengja *keyrsluhlut* við *tengil*¹ annars keyrsluhlutar.

– plug

stílasafn hk. → *mótasafn***stíll** kk. → *mót***stílrýnir** kk.

Hugbúnaður sem les prófarkir með því að bera stílfræðileg sérkenni *texta* saman við stílreglur, sem hann hefur yfir að ráða, og vísar síðan á leiðir til þess að endurbæta ritstílinn.

– style checker

stjak hk.

Það að *stjaka*.

– shift²

stjaka so.

Flytja sumu eða alla *stafi* í *orði* þannig að hver þeirra flytjist um sama sætafjölda í sömu átt.

– shift³

stjakgisti hk.

Gisti þar sem *stjakað* er.

– shift register

stjórnandalesborð hk.

Lesborð til nota fyrir framkvæmdastjóra eða annan stjórnanda.

– executive dashboard

stjórnborð hk.

Búnaður sem *tölvvari* notar til *samskipta* við *tölvu*.

– operator console, console

stjórnborð með skjá

Stjórnborð sem hefur að minnsta kosti

einn myndflöt og getur einnig haft eitt eða fleiri ílagstæki.

– display console

stjórnþúningur kk.

(í *sýndarveruleika*) Klæðnaður sem sér um gagnverkun milli tölvubúnaðar og skynfæra manns.

· Stjórnþúningurinn breytir boðum frá tölvu í skynjanleg áhrif, t.d. hita eða þrýsting, og breytir sams konar áhrifum frá líkama í boð til tölvunnar.

– body suit, data suit, full-body suit

stjórnforrit hk.

Forrit sem raðar verkum og stjórnar inningu annarra forrita í gagnavinnslu-kerfi.

sh. stýriforrit

– control program

stjórnþjálparkerfi hk.

Samþætt kerfi forrita og upplýsinga¹ um tiltekna starfsemi, notað til þess að leita að tilteknum upplýsingum¹, greina þær og spá fyrir um áhrif ákvarðana áður en þær eru teknar.

· Gögn og upplýsingar má flytja á auðveldan hátt á milli verkliða. Notað er eitt skipanamál í öllum forritum og auðvelt er að bæta við upplýsingum.

– decision support system, DSS

stjórnkerfi hk. → stýrikerfi

stjórnlysing kv.

Safn upplýsinga¹ fyrir stjórnun í opnu kerfi.

– management information base, MIB

stjórnrammi kk.

Rammi¹, sendur af lagi¹ eða deililagi til einindis² í sama lagi eða deililagi í öðru kerfi en ekki sendur til efri laga eða deililaga.

Dæmi: MAC-rammi¹.

– control frame

stjórnskiki kk.

– control panel

stjórnstöð kv.

(í greinastýringu í grunnhætti) Gagna-

stöð sem tilnefnir yfirstöð og sér um færiboð, viðtökuval, spurn og viðréttingu².

– control station

stjórnsvæði hk.

Svæði í geymslu¹ þar sem geymd² eru gögn til þess að stjórna vinnslu forrits.

– control area

stjórnarsýsluöryggi hk.

Stjórnarsýslulegar ráðstafanir vegna tölvuöryggis.

· Þessar ráðstafanir geta falist í aðferðum við að framkvæma aðgerðir, tryggja ábyrgðarskyldu, rannsaka öryggisrof í öryggiskerfum og endurskoða gagnaferla.

– administrative security, procedural security

stjórnun gagnarýmis

Notkun aðferða eða forrita til þess að stjórna tiltæku geymslurými fyrir gagnasafn.

– free-space administration

stjórnun upplýsinga

Það að hafa umsjón með öllum nauðsynlegum upplýsingum¹ við stjórnun stofnunar eða fyrirtækis, hvort sem þær eru tölvutækar eða geymdar á annan hátt.

– information management², information resource management

stjórnunar- og geymslutilföng

– management and storage resources

stjórnuhringnet hk.

Hringnet fyrir einátta gagnasendingu, skipulagt þannig að nokkrar gagnastöðvar eru settar saman í hóp og tengdar netinu með langlínutengildi.

· Með þessari samskiptan má tengja og losa gagnastöðvar án þess að trufla starfsemi í netinu.

– star/ring network

stjórnunet hk.

(í netskiptan¹) Hríslunet með nákvæmlega einum millihnút.

– star network

stoðbúnaður kk.

Forrit og gögn, notuð til þess að þróa og prófa hugbúnað en ekki ætlað að vera hluti af tilbúnum hugbúnaði.

Dæmi: (1) Gervistef eða gerviskrár. (2) Forrit sem búa til prófunardæmi. (3) *Gætar*¹ fyrir hugbúnað. (4) *Stúfar*.

– scaffolding

stoðkerfi hk.

– infrastructure

stoðmynd kv.

(í *tölvuteiknun*) *Mynstur*¹, t.d. eyðublað, *hnitanet* eða kort, notað sem myndgrunnur.

– form overlay

stofn¹ kk. → *meginmál*¹

stofn² kk. → *meginmál*²

stofnfylling kv. → *grunnfyllitala*

stofnfyllitala kv. → *grunnfyllitala*

stofnkafi kk.

Sá *kafi* í *kaflaskiptaforriti* sem er í *aðalminni* á meðan forritið er *innt* og *kallar* á hina *kaflana*.

– root segment

stofnræn aðgerð

*Aðgerð*¹ sem er *fjölbundin* og stendur ekki fyrir eina tiltekna *aðgerð*, heldur lætur í té *formstika* fyrir *raunstika* sem hafa tiltekin *gagnatög*.

Dæmi: Reikningsvirkinn „+“ getur merkt heiltölusamlagningu, rauntölusamlagningu, mengjameiningu, samtengingu *strengja* o.s.frv.

– generic operation

stofnræn eingilding

Það að greina *stofnræna stika*² frá *stofnrænni forritseiningu* í því skyni að búa til raunverulega *forritseiningu*.

– generic instantiation

stofnræn eining

Líkan af *máleiningu* sem getur verið *formstikað* og viðeigandi *máleining* er leidd af á *þýðingarskeiði*¹.

– generic unit

stofnræn forritseining

*Sniðmát*¹ með *stikum*² til þess að búa til *forritseiningar* með *stofnrænni eingildingingu*.

· Stikar *sniðmátsins* eru *stofnrænir*, og varast ber að rugla þeim saman við *formstika* þeirra *forritseininga* sem *búna*r eru til.

– generic module

stofnræn skilgreining

Skilgreining á *stofnrænni máleiningu* þar sem tilgreindir eru *stofnrænir stikar*² sem á að skipta á fyrir *raunstika* meðan á *stofnrænni eingildingingu* stendur.

– generic declaration

stofnrænn lo.

(um *máleiningu*) Sem er notaður sem *sniðmát*¹ til að mynda raunverulega *máleiningu* fyrir viðeigandi *gagnatög* í samræmi við reglur um *rammtögun*.

– generic

stofnrænn pakki

*Pakki*², hannaður sem *sniðmát*¹ fyrir skyld *algrím* eða *aðgerðir*¹.

Dæmi: Stofnrænir *pakkar* fyrir hornaföll, *aðgerðir* fyrir *stafla*, fjármála-starfsemi o.s.frv.

– generic package

stofnrænt meginmál

*Meginmál*¹ *stofnrænnar máleiningar*, notað sem *sniðmát*¹ fyrir meginmál samsvarandi raunverulegra *máleininga* með því að beita *stofnrænni eingildingingu*.

– generic body

stofnrænt tilvik

Hlutræn *forritseining*, búin til úr *stofnrænni forritseiningu* með *stofnrænni eingildingingu*.

– generic instance

stofnrænt undirforrit

*Undirforrit*¹ sem er notað til þess að *flokka færslur*¹ og lætur í té *stofnræna*

*stika*² fyrir færslurnar og *svæðið*¹ sem *flokkað* er eftir.

- Sérhver *stofnræn eingilding* lætur í té *raunstika* fyrir færslurnar og flokkunarsvæðið.
- generic subprogram

stofnræsifærsla kv.

*Upplýsingar*¹ á fyrsta *geira harðdisks* eða *disklings*¹ um hvernig og hvar *stýrikerfi* sé staðsett svo að hægt sé að *ræsa* það.

- master boot record, MBR

stofnræsigeiri kk.

Fyrsti *geiri harðdisks* eða *disklings*¹ þar sem *stofnræsifærsla* er skráð.

- master boot sector, partition sector, master partition sector

stofnskrá kv.

Skrá sem veitir helstu *upplýsingar*¹ um tiltekið verkefni.

- Stofnskrá má *uppnýja* og breyta eftir þörfum.
- sh. *aðalskrá*
- master file, main file

stofntala kv. → *grunntala*

storkudrif hk.

Storkuminni sem kemur í stað *diskadrifs*.

- solid-state drive, SSD, solid-state disk

storkuminni hk.

Fastheldin geymsla án hreyfanlegra hluta.

- Dæmi: *Leifturminni*
- solid-state memory

stór geisladiskur → *leysisdiskur*

stórtölva kv.

Tölva sem venjulega er í *tölvumiðstöð*, hefur óhemjumikla vinnslugetu og fjölbreytileg *tilföng* og getur tengst öðrum tölvum svo að þær geti samnýtt búnað hennar.

- Enska orðið „mainframe“ var upphaflega notað um *miðverk* sem var í sérstökum kassa.

sh. *megintölva*

- mainframe¹

stórvirk tölvuvinnsla

Tölvuvinnsla þar sem notaðar eru *ofurtölvur* eða *tölvuklasar* til þess að leysa flókin reiknivandamál.

- Þegar þetta er skrifað (2012) kallast *tölvukerfi* stórvirkt þegar vinnslugeta nálgast *Tflops*.
- high-performance computing, HPC

stórvirkur lo.

Dæmi: *Stórvirk tölvuvinnsla*.

- high-performance

straumdulritun kv.

Dulritunaraðferð þar sem *ílagsgögn* eru *dulrituð bita* fyrir bita (stundum *bæti* fyrir bæti).

- stream cipher

straummótaval hk.

Það að velja eitt segulgeymsluhólf úr fylki slíkra hólfra með því að senda straum til hólfins úr einni eða fleiri áttum þannig að segulspennan fari einungis upp fyrir tiltekið þröskuldsgildi í því hólf sem á að velja.

- coincident-current selection

straumritill kk.

Textaritill þar sem litið er á allan *texta* sem einn samfelldan *streng*.

- stream editor

strenglesgildi hk.

Lesgildi sem geymir *runu stafa* og farið er með sem eina heild.

- Stafarunan getur verið tóm.
- Í sumum *forritunarmálum* er strenglesgildi *geymt*² í fylki².

Dæmi: „Hvað heitirðu?“ er strenglesgildi, afmarkað með gæsalöppum.

- string literal, string constant

strengtag hk.

Gagnatag þar sem hvert tilvik er *strengur*.

- string type

strengur kk.

Runa samstæðra staka, t.d. *stafa* eða

- bita*, sem litið er á sem eina heild.
– string
- streymi** hk.
Það að hljóð- og myndefni er flutt á *lýðnetinu* á samfelldan hátt og spilað eða birt jafnóðum og það berst að.
– streaming
- streymihljóð** hk.
Hljóð sem er spilað jafnóðum og það berst að.
– streaming audio, streaming sound
- streymimiðlun** kv.
Það að flytja *hljóð* og myndir á *lýðnetinu* á streymandi eða samfelldan hátt með notkun gagnapakka.
– streaming media
- streymimiðlunartæki** hk.
Tæki sem flytur *streymihljóð* og *streymimyndir* úr *tölvu* í hljómflytningstæki og sjónvarpstæki.
– media-streaming device, streaming media device, digital media receiver
- streymimynd** kv.
Runa hreyfimynda sem eru fluttar í þjöppuðu formi á *lýðnetinu* og *birtar*¹ á *skjá* jafnóðum og þær berast að.
– streaming video
- streymiþjónn** kk.
– streaming server
- strika undir** → *undirstrika*
- strikaþáttur** kk.
Autt svæði beggja megin við *strika*-*merki*.
– quiet zone
- strikaþykki** kk.
Kótunarregla þar sem *stafir* eru settir fram með misbreiðum, samhliða strikum og mislöngu bili milli þeirra.
· Lesið er úr strikunum með því að *skanna*² þvert yfir þau með ljósfræðilegum aðferðum.
– bar code
- strikamerki** hk.
Merki með strikum sem gerð eru eftir tilteknum *strikaþykki*, notað til þess að merkja vörur.
· Lesið er úr strikamerkjum með ljósfræðilegum aðferðum við *afgreiðslustöð*.
– bar code label
- strikamerkjalesari** kk.
· Sjá einnig *strikamerki*.
– bar code reader, price scanner, POS scanner
- strikastafgjafi** kk.
Stafgjafi sem býr til *myndir*¹ *stafa* úr strikum.
– stroke character generator
- strokhaus** kk.
Segulhaus sem getur aðeins *þurrkað út gögn* á segulmiðli.
– erase head, erasing head
- strokhnappur** kk.
Hnappur, notaður til þess að *eyða staf*.
· Oftast er stafnum vinstra megin við *bendilinn*¹ eytt.
– rub-out key
- strokstafur** kv.
Stýristafur, aðallega notaður til þess að má út ranga eða óæskilega *stafi*.
– delete character, DEL, rub-out character
- strýtulíkan** hk. → *stígveldislíkan*
- stubbur** kk. → *steffa*¹
- stuðlarit** hk. → *súlurit*
- stuðningsforrit** hk. → *stuðningshugbúnaður*
- stuðningshugbúnaður** kk.
Hugbúnaður eða *forrit* sem styður þróun, viðhald eða notkun annars hugbúnaðar eða veitir almenna *þjónustu*¹, óháða tilteknum *verkbúnaði*.
Dæmi: *Vistþýðandi*, *gagnasafnskerfi*.
sh. *stuðningsforrit*
– support software, support program
- stuðningur** kk.
Það að *styðja*.
– support³
- stunga**¹ kv. → *tengi*
- stunga**² kv. → *tengill*¹

stúfur kk.

Forritsbútur sem notaður er til bráðabirgða í *forriti* þangað til réttur forritshluti er tiltækur, t.d. til þess að unnt sé að *vistþýða* og prófa forritið.

– stub

styðja so.

Láta í té nauðsynleg *tilföng* til þess að búnaður starfi rétt.

– support⁴

stykka so.

Skipta rúmfræðilegri mynd í einfaldari myndir.

Dæmi: Setja marghyrning fram sem mengi þríhyrninga.

– tessellate

styrkingarnám hk.

Nám, bætt með *orsakadómi*.

– reinforcement learning

styrkleikasvið hk.

Munur á hágildi og lággildi *merkis*², venjulega tilgreindur sem *hlutfall*.

– dynamic range

styrklyklun kv.

Mótun þar sem mótandi *stafrænt merki* lætur sveiflustærð frálagsmerkisins breytast milli fasts fjölda af fyrir fram ákveðnum gildum.

– amplitude shift keying, ASK

styrkmótun kv.

Mótun þar sem sveiflustærð *burðarbylgju* er breytt.

– amplitude modulation, AM

stytta kv.

*Einindi*¹ sem gerir ekkert á eigin spýtur meðan á *inningu atburðarits*¹ stendur.

– prop

stytting kv. → *skammstöfun***stýfa**¹ so.

Þurrka út upphafshluta eða endahluta *strengs* eftir tilteknum reglum.

– truncate¹

stýfa² so.

Beita *stýfingu*².

– prune, cut off

stýfing¹ kv.

Það að *stýfa*¹.

– truncation²

stýfing² kv.

Tækni við *lausn viðfangsefnis* til þess að ná sem bestum árangri, fólgin í því að útiloka eina eða fleiri greinar í *leit-artré*.

– pruning, cutoff

stýfingarskekkja kv.

Skekkja sem hlýst af *stýfingu*¹.

– truncation error

stýribiti kk.

Hjálparbiti, notaður í stjórnunar skyni.

· Stýribitar eru aðallega notaðir þegar sendibúnaðurinn setur af stað *ferli*¹, einkum ólotubundið ferli, til þess að tryggja að viðtökubúnaðurinn setji af stað samsvarandi ferli á móti. Stýribitum er venjulega bætt við *stafrænt merki* með reglulegu millibili á sendistaðnum og þeir fjarlægðir á viðtökustaðnum.

– overhead bit, service bit

stýribraut kv.

Sá hluti *kerfisbrautar* sem stýrimerki eru send eftir.

– control bus

stýribrún kv.

Brún á *gagnamiðli*, notuð til viðmiðunar.

– reference edge, guide edge

stýribúnaður fyrir tækniferli

Tækjabúnaður sem mælir *breytur*¹ *tækniferlis*, stýrir ferlinu í samræmi við stýrimerki frá *gagnavinnslukerfi* fyrir *tækniferli* og breytir *merkjum*² á viðeigandi hátt.

Dæmi: *Skynjarar*, *ferjöld*, *armstjórar*.

– process control equipment

stýriforrit hk. → *stjórnforrit***stýrifræði** kv.

Fræðigrein sem fjallar um stjórn í lífverum og vélum og hvernig boð berast

innan þeirra.

– cybernetics

stýrihluti ferlis

Gagnaskipan í kjarna¹ stýrikerfis sem felur í sér stöðu¹ tiltekens ferlis¹.

– process control block

stýrihnappur kk.

Hnappur sem haldið er niðri meðan stutt er á annan hnapp til þess að senda tiltekinn stýristaf til tölvu.

– control key, CTRL

stýrikerfi hk.

Hugbúnaður sem stjórnar inningu forrita og getur m.a. einnig úthlutað búnaði, raðað verkum, stjórnað flags- og frálagsaðgerðum og haft umsjón með gögnum.

· Enda þótt stýrikerfi séu yfirleitt hugbúnaður geta þau að hluta verið innbyggð í vélbúnað, þ.e. verið í fastbúnaði.

sh. *stjórnkerfi*

– operating system, OS

stýrikerfi sýndarheims

Forritunarumhverfi til þess að skapa sýndarheim.

– virtual environment operating system, VEOS

stýrikerfiskall hk.

(í tölvu) Skipun¹ til gjörva um að færa stýringu tölvunnar til yfirumsjónarforrits stýrikerfisins.

– supervisor call, SVC²

stýrikerfiskall kk. → kjarni¹

stýrikerfiskall kv.

Hnitill eða benditæki með kúlu sem snúa má um miðju sína.

sh. *kúlustýrildi*

– trackball, control ball

stýrildi hk.

Hnitill sem haldið er í hendi.

· Stýrildi eru einkum notuð til þess að stjórna leikjaforritum.

Dæmi: *Mús, stýrikerfiskall.*

– hand control

stýrikerfiskall ramma

Mynstur¹ bita sem skilgreinir tegund ramma¹ og tiltekna stýriaðgerðir.

– frame control field

stýrinet hk.

Net, gert af ýmsum tækjum, öðrum en tölvum, sem í sameiningu gæta, skynja og stýra tilteknum búnaði í sérstökum tilgangi.

· Fjöldi tækja í hverju stýrineti er afar misjafn. Stýrinet er til dæmis að finna í bifreiðum, frystitækjum og umferðarljósakerfum. Þau geta verið þáttur í gegnumsmeygri tölvunotkun.

– control network

stýripinni kk. → leikvölur

stýrisamtenging kv.

Samtenging¹ þar sem forritseining færir gögn til annarrar forritseiningar í þeim tilgangi að hafa áhrif á starfsemi síðarnefndu forritseiningarinnar.

– control coupling

stýrispjalld hk.

– control card

stýristafur kk.

Stafur sem hefur það hlutverk að ráða sniði, stjórna sendingu eða framkvæma aðrar stýriaðgerðir.

· Stýristafur getur haft myndræna framsetningu þó að hann sé ekki ritstafur¹.

– control character

stýristautur kk. → leikvölur

stýrivalmyndarreitur kk.

(í gluggaumhverfi)

sh. *grunnvalmyndarreitur*

– control-menu box

stýriverk hk.

Sá hluti gjörva sem nær í skipanir¹ í rétttri röð, túlkar þær og sendir merki² í samræmi við túlkunina til reikni- og rökverks og annarra hluta gjörvans.

– instruction control unit, control unit

stæði hk.

Rými sem tiltekin búnaðareining, vél-

búnaður eða *hugbúnaður*, tekur.

– footprint

stækkanlegt mál

Forritunarmál sem unnt er að breyta eða getur breytt sjálfu sér þannig að *forritari* geti bætt við möguleikum sem hann skilgreinir sjálfur.

· Sjá einnig *stækkunarhæfni*.

Dæmi: *Ada*, *C++*, *Forth*, *Lisp*, *Logo*, *Prolog*, *Smalltalk*.

– extensible language

stækkanlegur lo.

– extensible

stækkun kv.

Vensl á milli lengdar línu í *viðfangs-sléttu* og lengdar samsvarandi línu í *myndsléttu*.

– magnification

stækkunarhæfni kv.

Það að *forritunarmál* getur tekið við skilgreiningu á nýjum *máleiningum* og notað þær á sama formlega hátt og staðlaðar máleiningar.

– extensibility

stærðarákvörðun kv.

Það að ákvarða hvaða stærð *gagnavinnslukerfis* sé hæfileg miðað við aðstæður.

– sizing

stærðarbreyting kv.

Það að *breyta stærð*.

– resizing

stærðargráða kv. → stærðarþrep

stærðarskiptiteikn hk.

– toggle size icon

stærðarþrep hk.

sh. *stærðargráða*

– order of magnitude

stærðfrelsi hk. → stigfrelsi

stærðfrjáls lo. → stigfrjáls

stærðfrjáls leturgerð → stigfrjáls leturgerð

stærðfræðileg formfræði

Myndalgebra þar sem *breytur*¹ eru rúmmyndir og aðgerðir umbreyta þessum

rúmmyndum.

sh. *formfræði*

– mathematical morphology, morphology

stærðfræðileg merkingarfræði

Merkingarfræði þar sem merkingu er lýst á stærðfræðilegan hátt.

– denotational semantics, mathematical semantics

stærðfræðileg rökfræði

Fræðigrein sem fjallar um gildar röksemdafærslur og aðgerðir með því að nota *gervimál* til þess að komast hjá margræðni og ófullkomleika *náttúrlegra tungumála*.

– symbolic logic, mathematical logic

stærðfræðileg þrepun

Aðferð til þess að sanna fullyrðingu um allar *náttúrlegar tölur*, stærri eða jafnar N, með því að sýna að fullyrðingin er sönn fyrir N og að hún sé einnig sönn fyrir $n + 1$ ef hún er sönn fyrir gefið n, stærra eða jafnt N.

– mathematical induction

stöðu- og hreyfiskyn

(í *sýndarveruleika*) Skynjun sem miðlað er af stöðu- og hreyfiskynjum eða vefjum sem skynja stöðu og hreyfingar.

– proprioception, proprioceptive sensation

stöðubundin endurrétting → stöðurétt- ing

stöðubundin stikatenging

(í *kalli á undirforrit*) Það að láta *raun-stika* samsvara *formstika* í sömu stöðu í skilgreiningu *undirforrits*¹.

· Sjá einnig *nafnbundin stikatenging*.

– positional parameter association

stöðudemba kv.

Afrit af öllum *gögnum* eða hluta þeirra sem eru í *minni* eða í *gagnasafni* á tiltekinni stundu.

– snapshot dump

stöðug staða¹

Ástand *gikkkrásar* uns viðeigandi *púls*

verkar á hana.

sh. *stöðugt ástand*¹

– stable state¹

stöðug staða²

(í *tauganetum*) *Staða*² þar sem *taugamótavægi* allra *gervitaugunga* haldast óbreytt.

sh. *stöðugt ástand*²

– stable state²

stöðugt ástand¹ → *stöðug staða*¹

stöðugt ástand² → *stöðug staða*²

stöðugt bandalag

Hópur öflugra *gervitaugunga* sem örva hver annan og haldast þannig virkir á meðan *stöðuga staðan*² helst.

– stable coalition

stöðulína kv.

(í *ritvinnslu*) Lína á *skjá*, tekin frá til þess að *birta*¹ *upplýsingar*¹ um *framvindu* verksins sem verið er að vinna.

· Í stöðulínu birtast m.a. upplýsingar um nafn *skjals*¹ eða *skrár* og númer *síðu*², *línu*¹ eða *dálks*¹ sem *bendill*¹ bendir á.

sh. *stöðurein*

– status line, status bar

stöðurafsgeymsla kv.

*Geymsla*¹ þar sem notuð eru svæði, hlaðin stöðurafi, á einangrandi yfirborðslagi.

– electrostatic storage

stöðurafsprentari kk.

Högglaus prentari sem býr til dulda rafstöðumynd sem síðan er gerð sýnileg með *prentdufti* og fest á pappír.

· Stöðurafsprentara má einnig nota sem *teiknara*.

– electrostatic printer

stöðurafsteiknari kk.

Rastateiknari sem býr til dulda rafstöðumynd sem síðan er gerð sýnileg og fest á pappír.

– electrostatic plotter

stöðurein kv. → *stöðulína*

stöðuréttning kv.

*Endurréttning*¹ verks, gerð með því að hefja aftur vinnslu í tiltekinni stöðu sem verkið var í áður en *bilun* varð.

sh. *stöðubundin endurréttning*

– inline recovery

stöðurit hk.

Mynd sem sýnir þá *stöðu*¹ sem kerfi eða kerfishluti getur haft og atburði eða aðstæður sem annaðhvort valda breytingu frá einni stöðu til annarrar eða leiðir af stöðubreytingu.

– state transition diagram, state diagram

stöðuskipti hk. ft.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

Breyting frá einni *stöðu*¹ í aðra í kjölfar einhvers *atburðar*.

– transition²

stöðusvið hk.

Svæði þar sem *hlutur*³ eða hlutir geta verið staðsettir.

– field of measurement

stöðuveifa kv. → *stöðuvísir*

stöðuvísir kk.

*Breyta*² sem sýnir stöðu tiltekins fyrirbæris.

sh. *stöðuveifa*, *veifa*

– flag

stöðvarvistfang í staðarneti

Vistfang sem auðkennir tiltekna *gagna-stöð* í *staðarneti*.

– LAN individual address

stöðvun kv.

Það að stöðva útreikning eftir tilteknum reglum áður en hann stöðvast eðlilega eða sjálfkrafa.

– truncation¹

stöðvunarhnappur kk.

Hnappur, notaður til þess að stöðva vinnslu.

– stop key, break key, cancel key

stöðvunarprófun kv.

Prófun sem er notuð í *lykkjustjórn* og er þannig að *útrekun lykkjunnar*¹ lýkur ef

útkoma prófunarinnar er gildið SANN-UR.

Dæmi: Í *Pascal* er „until“ á undan *lykkjubreytu* fyrir stöðvunarprófun.

– termination test

stöðvunaryrki kk.

Yrki sem sendir *skeyti*¹ til *Usenet-málþings* til að stöðva eða fjarlægja óæskileg *framlög*.

– cancelbot

stöfuð mynd → stafgerð mynd

stöfun tals → stafgerving tals

stöfunarsending kv.

Ósamstillt sending sem er þannig að á undan sérhverjum hópi *merkjastaka* er sent tiltekið *merki*², kallað *byrjunarmerki*², og á eftir hópnun er sent annað merki, kallað *lokamerki*.

· Hópur merkjastakanna stendur fyrir *staf*.

– start-stop transmission

stögun kv. → stag

stökk hk.

Frávík *inningar* frá þeirri röð sem *skipanir*¹ eða *setningar*¹ eru skráðar í.

· Viðeigandi skipun eða setning veldur stökki. En þegar *ósamstillt rof* verður, eða rof af völdum *frábrigðis* tekur *frábrigðissýslari* við stjórn.

– jump¹

stökkskipun kv.

*Skipun*¹ sem tiltekur *stökk*.

– jump instruction

stökkva so.

Víkja frá þeirri röð sem *skipanir*¹ eða *setningar*¹ væru *inntar* í ef farið væri eftir skráðri röð.

– jump²

stökun kv.

Það að umbreyta samfelldri *mynd*², t.d. ljósmynd, í mynd sem gerð er af *stakrænum* punktum.

– sampling³

stöllun kv.

(í *tölvuteiknun*) Óæskileg sjónhrif sem

verða vegna þess að *sundurgreining* er ónóg eða síun *myndar*¹ of ófullkomin til þess að unnt sé að skilgreina myndina fullkomlega.

· Stöllun kemur oftast fram í því að skálínur og bognar línur verða stöllóttar. Draga má úr stöllun með *afstöllun*. Stöllun kemur einkum fyrir í *grófgerðri teiknun*.

– aliasing

stöplarit hk.

Hnitarit þar sem notaðir eru stöplar.

· Bil er á milli stöpla.

· Sjá einnig *súlurit*.

– bar chart

suð hk.

Truflun sem hefur áhrif á *merki*² og getur brenglað þær *upplýsingar*¹ sem merkið flytur.

– noise

suðhlutfall hk.

(í *flaumrænum* og *stafrænum samskiptum*) Mælikvarði á styrk *merkis*² miðað við bakgrunnssuð.

– signal-to-noise ratio, S/N, SNR

suðhreinsun kv.

Vinnsla *myndar*², til þess gerð að fjarlægja galla úr myndinni.

– noise reduction

summa kv.

– sum, summation

summugatari kk.

Vélgatari, notaður til þess að skrá *gögn* sem hafa verið reiknuð út eða tekin saman með öðru tæki.

– summary punch

summuprófun kv.

Það að bera saman *prófsummur*, sem reiknaðar eru út frá mismunandi framsetningu sömu *gagna* eða út frá sömu gögnum á mismunandi tíma, til þess að athuga hvort þau eru óskert.

– summation check, sum check

summuprófun á dálkum

Prófun þar sem lagt er saman í einstök-

um dálkum og *summan* af samtölum dálkanna borin saman við summuna af samtölum einstakra lína.

– crossfooting

sundurfelldur lo. → *opnaður*

sundurfelling kv. → *opnun*

sundurgreining kv.

(í *tölvuteiknun*) Sú lágmarksfjarlægð sem verður að vera á milli tveggja lína eða punkta á mynd² til þess að unnt sé að greina línurnar og punktana sérstaklega.

sh. *leysni*

– resolution

sundurgreiningareind kv.

Minnsta eining á mynd² sem athugandi telur skipta máli.

· Sundurgreiningareind eða samsetningar sundurgreiningareinda geta stundum gegnt hlutverki grunneiningar fyrir *mynsturkennsl* eða sniðgögn myndar.

– resolution cell

sundurgreiningarhæfni kv.

Mælikvarði á getu *sjónkerfis* til þess að afla mynd² af hlutum³ sem lítið bil er á milli.

– resolving power

sundurgreiningarnet hk.

Ein gerð *tauganets*.

– discrimination network

sundurleitt tölvunet

Tölvunet þar sem *tölvur* hafa ólíka *högun* en geta haft *samskipti* sín á milli.

– heterogeneous computer network

sundurleitir lo.

– heterogeneous

sundurlæg skorða

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

Skorða sem kemur í veg fyrir að *hlutur*² sé *tilvik*² af fleiri en einu þeirra *taga* sem tilgreind eru í skorðunni.

Dæmi: Tögin „sjúkrahússjúklingur“ og „heimasjúklingur“ eru sundurlæg þar sem tiltekinn sjúklingur getur

ekki bæði verið sjúkrahússjúklingur (legið á sjúkrahúsi) og heimasjúklingur (í meðferð heima hjá sér).

– disjoint constraint

súlurit hk.

Hnitarit þar sem notaðar eru súlur.

· Ekkert bil er á milli súlna.

· Sjá einnig *stöplarit*.

sh. *stuðlarit*

– histogram

svar hk.

(í *gagnaffjarskiptum*) Það að bregðast við *kalli*¹ *gagnastöðvar* og koma á *sambandi*¹ milli gagnastöðva.

– answering

svara so.

(í *tölvupóstkerfi*) Búa til *skeyti*² og tilnefna *upphafsmann* aðkomins skeytis sem *áformaðan viðtakanda*.

– reply

svarbíl hk.

Tímabil, jafnt einu *sendibili*², sem *gagnastöð* í *tókabrautarneti* staldrar við og hlustar eftir svári eftir að hafa sent *MAC-ramma*¹.

– response time window, response window

svargæft umhverfi

(í *sýndarveruleika*) Viðmið, notað til þess að efla skilning á meginatriðum í reynslu manna í nútíð og framtíð.

· Svargæfu umhverfi svipar til líkans Hobbess af heiminum sem óhemjusstórri vél.

– responsive environment

svarhljóð hk.

Tiltekið *hljóð* sem *hnappaborð* gefur frá sér þegar stutt er á *hnapp*.

· Hljóðið getur t.d. verið smellur eða flaut. Notandi ræður hvort hljóðið heyrir eða ekki og getur stundum einnig valið um gerð þess og styrk.

– audible feedback, audio feedback

svarhringing kv.

*Ferli*¹ sem felst í því að *gagnavinnslu*

kerfi ber kennsl á *útsöð* sem kallar, aftengir *kallið*² og hringir í útsöðina sem kallar til þess að *sannvotta* hana.

– call back, dial back

svarprófun¹ kv.

(í *gagnaflutningsneti*) Það að prófa hvort *gögn* hafa flust rétt með því að senda þau aftur til sendistaðar og bera þau saman við upphaflegu gögnin.

– echo check, loop check

svarprófun² kv.

(í símkerfi) *Prófun* með *svarprófunarmerki*.

– loopback test

svarprófunarmerki hk.

Merki sem er sent í símkerfi og berst til baka ef samband er.

· Hliðstætt við ping í *tölvuneti*.

– loopback

svartími kk.

Tími sem líður frá því að sendingu fyrirspurnar til *gagnavinnslukerfis* lýkur uns fyrsti *stafur* svarsins berst.

– response time

svartlisti kk. → *svartur listi*

svartur listi

Listi yfir þá sem *senda amapóst* á *lýðnetinu*.

sh. *svartlisti*

– blackhole list, blacklist

svarveita kv.

*Þjónusta*¹ sem annast *gagnvirk* skipti á rituðu máli og myndum um fjarskiptanet. *Upplýsingarnar*¹ *birtast*¹ á *skjá*.

· Notuð eru venjuleg sjónvarpstæki og sérstakur búnaður til þess að túlka merki svarveitunnar. Í búnaði þessum er *mótald*, *afkótari*¹ og lítið *hnappa-borð* (skiki). Einnig má nota sérhannaðar *útsöðvar*. Svarveitu má einnig nota sem fjarskiptakerfi innan fyrir-tækis.

Dæmi: Prestel-svarveitan, rekin af Bresku fjarskiptastofnuninni.

– videotex, interactive videography,

viewdata

sveigjanlegt framleiðslukerfi

Kerfi sem er gert af tölustýrðum framleiðslueiningum og flutningsbúnaði og gerir auðvelt að laga framleiðsluna að breytingum.

– flexible manufacturing system, FMS

sveigjanlegur smári

– flexible transistor

sveigur diskur → *disklingur*¹

SVGA-kort hk. → *SVGA-litspjald*

SVGA-litspjald hk.

sh. *SVGA-spjald*, *SVGA-kort*

– super video graphics array, SVGA

SVGA-spjald hk. → *SVGA-litspjald*

sviðsatriði hk.

(í *gervigreindarfræði*) Kunnugleg *runa* fastmótaðra *aðgerða*³ eða atburða í *framsetningu þekkingar*¹, byggðri á *atburðariti*¹.

· Í atburðariti fyrir „veitingastað“ eru þessi sviðsatriði: koma, pöntun, borðhald, borgun og brottför.

sh. *atriði*

– scene², episode

sviðsetning kv.

Það hvernig *hlut*³ er komið fyrir, hann settur fram og lýstur og hvernig hann er skoðaður í *sjónkerfi* vélar sem notuð er í iðnaði.

– staging

sviðshrifasmári kk.

sh. *FET-smári*

– field-effect transistor, FET

sviðslén hk.

Höfuðlén sem skilgreint er fyrir tiltekið svið eða notkun.

· Tákn sviðsléns eru til dæmis „museum“ fyrir söfn og „coop“ fyrir samvinnufélög.

– generic top-level domain, gTLD

svifhæð kv.

Bilið á milli *segulhauss* og yfirborðs *gagnamiðils*.

– flying height, head gap

svikabank hk.

Bankskipun sem er send úr *svikabloggi* til þess að láta viðtakendur halda að efn-ið hafi verið *uppnyjað* þó að svo sé ekki.

- Sping er *stytting* á „spam ping“.

Markmiðið með því að senda svika-bank er að fá notendur til þess að heimsækja svikabloggið þar sem aug-lýsingar eru áberandi.

– sping

svikablogg hk.

Falsað *blogg* sem eingöngu er skrifað til þess að koma á framfæri skyldum *vefsetrum* til þess að skekkja leitarniður-stöður og sýna meiri umferð um vefsetrið en reyndin er.

- Splog er *stytting* á „spam blog“.

– splog

svikageiri kk.

Geiri sem hefur að geyma haus en engin *gögn* og kemur fyrir mjög oft á *disklingi*¹ til þess að láta *forriti* fyrir óheimilaða afritun mistakast að *afrita* disklinginn.

– fake sector

svipmynd kv.

Hverful *mynd*¹ í *birtirými*.

Dæmi: Mynd í *skuggastafaglugga*.

– soft copy

svæði¹ hk.

(í *skipulagi gagna*) Tiltekið rými, notað fyrir tiltekinn flokk *gagnastaka*¹ á *gagnamiðli* eða í *geymslu*¹.

Dæmi: Röð stafsæta á *skjá* þar sem launaupphæð *birtist*¹ eða er skráð.

sh. *gagnareitur*

– field¹, data field

svæði² hk.

(í *tölvuteiknun*) Samfelldur hluti *birtirýmis*.

– region¹

svæði³ hk.

Samfelldur flötur *myndar*², skilgreindur með sameiginlegum einkennum.

- Svæði má afmarka með *útlínunum* eða

mærum.

– region²

svæðisbundinn lo.

Sem er takmarkaður við tiltekið svæði.

Dæmi: Svæðisbundin leit.

– map-based

svæðistag hk.

Gagnatag þar sem einstök tilvik standa í tilteknu samhengi fyrir *upplýsingar*¹ sem líta má á sem frumeiningar.

- Stundum getur *svæðistag* verið *kverðutag* eða *samsett tag*.

Dæmi: Í tilteknu samhengi getur gagnatagið „dagsetning“ verið ósamsett en í öðru samhengi getur það verið sett saman úr svæðistögunum „ár“, „mánuður“ og „dagur“.

– field type

svæfa so.

Hindra að aðgerð sé hafin eða valkostur valinn sem tengist *birtum*¹ hlut.

- Svæfing valkosta er venjulega sýnd með því að hylja heiti hans eða *teikn* með hálfagnsægjum *glugga*.

– occlude¹

sýn kv. → *notandasýn***sýnataka** kv.

(í *stafrænni merkjavinnslu*) Það að *taka sýni*.

– sampling¹

sýnataki kk.

(í *stafrænni merkjavinnslu*) Tæki sem *tekur sýni*.

– sampler¹

sýnatökutíðni kv.

(í *stafrænni merkjavinnslu*) Fjöldi *sýna* sem tekin eru á tímaeiningu fyrir *staf-ræna framsetningu*.

- Í *hljóðvinnslu* er sýnatökutíðnin kölluð *hljóðtökutíðni*.

– sample rate¹, sampling rate¹, sampling frequency¹

sýnd kv. → *viðhverfa***sýndar-** fl.

(um *búnaðareiningu*) Sem virðist vera

raunverulegur en hlutverkinu er komið til skila með öðrum hætti.

– virtual

sýndarbókasafn hk.

– virtual library

sýndardiskur kk.

Svæði í *innra minni tölvu* þar sem líkt er eftir *diski*¹.

- Til þess að flýta úrvinnslu eru *gögn*, sem *geymd*² eru á diskum eða *disklingi*¹, flutt á sýndardisk á meðan verið er að vinna úr þeim. Þegar *slökkt* er á tölvunni hverfa gögnin af sýndardiskinum.

– RAM disk, virtual disk

sýndardrif hk.

Hluti *raunlægs drifs* sem hefur verið *deildaskipt*, er sjálfstæð eining og virkar eins og sérstakt *diskadrif*.

- Raunlægu drifi má skipta í nokkur sýndardrif sem má merkja með mismunandi bókstöfum.

– virtual drive, logical drive

sýndareinkanet hk.

Eftirlíking á *lýðnetinu* af *einkaneti*.

- Notuð er *dulritun* til að komast hjá *hleri*.

sh. *VPN-net*

– virtual private network, VPN

sýndareintak hk.

*Geymsla*¹ sem getur náð yfir mörg *raunlæg drif*.

- Oft er *dreifvistun* beitt til þess að koma einni *skrá* fyrir í slíkri sýndargeymslu.

– logical volume

sýndarfrumgerð kv.

Raugerving áformaðrar hönnunar eða vöru í *sýndarheimi* til þess að sýna notendum einkenni vörunnar eða hönnunarinnar áður en að framleiðslu kemur.

– virtual prototype

sýndargerving¹ kv.

Raugerving myndar í *sýndarheimi* til þess að skapa *sýndarhlut*.

– virtualization¹, virtual realization

sýndargerving² kv.

Það að búa til sýndarútgáfu af einhverju, t.d. *vélbúnaði*, *stýrikerfi*, *geymslu*¹ eða *tölvuneti*.

- Algengt markmið sýndargervingar er að miðstýra stjórnun tölvubúnaðar og bæta um leið *stigfrelsi* og vinnuálag.

Dæmi: *Sýndargerving geymslu*, *sýndargerving minnis*, *sýndargerving vélbúnaðar*.

– virtualization²

sýndargerving geymslu

Notkun *sýndargervingar*² til þess að bæta starfsemi geymslukerfis.

– storage virtualization

sýndargerving miðlara

Notkun *sýndargervingar*² til þess að bæta starfsemi *miðlara*².

– server virtualization

sýndargerving minnis

Það að úthluta *sýndarminni*.

– memory virtualization

sýndargerving nets

Það að búa til vistfangsrými fyrir *sýndarnet* innan raunverulegra *neta*.

– network virtualization

sýndargerving vélbúnaðar

Það að búa til *sýndarvél*.

- *Tölva* þar sem *Linux*-stýrikerfið er notað getur t.d. hýst sýndarvél sem lítur út eins og tölva með *Windows*-stýrikerfi.

– hardware virtualization, platform virtualization

sýndarheims- fl.

– cyber

sh. *netheima-*, *net-*

sýndarheimssjálff hk.

Hluti *sýndarheims* sem býr í heila og bók þátttakanda frekar en í tækjabúnaði.

– cyberspace interior, virtual world interior

sýndarheimssmiður kk.

Hluti af *sýndarveruleikavél* sem tekur við og vinnur úr *upplýsingum*¹ til þess að halda *sýndarheimi* við og kynna hann þátttakendum.

– virtual world generator

sýndarheimsstofa kv.

Innréttingar sem þarf til þess að skapa *sýndarheim*.

· Í sýndarheimsstofu geta verið veggstórir *skjáir*, sjálfstæðir litaskjáir, augnhreyfiskynjarar, raddskynjarar og látbrigðaskynjarar.

– cyberspace room, virtual world room

sýndarheimur kk.

Heimur þar sem þátttakendur skynja sjálfa sig sem *gagnvirka* hluti.

· Hver þátttakandi verður að skynja að minnsta kosti þrívíðan heim.

· Í sýndarheimi þar sem margir þátttakendur eru verða þeir að geta skynjað *tákn* hver annars.

· Í sýndarheimum geta þátttakendur haft *samskipti* sín á milli með því að nota sérhæfð *fylgitaeki*, t.d. *gagnahanska* og *þrívíddarhjálma*.

– virtual world, virtual universe, virtual environment

sýndarhlutur kk.

Tölvugerð mynd í *sýndarheimi*.

– virtual object

sýndarhnappaborð hk.

Hnappaborð tölvu sem notandi notar með fingrahreyfingum á fleti með *þráðlausu* eða ljósræna skynjun í stað þess að styðja á *hnappa*.

– virtual keyboard

sýndarhnappur kk.

Valhnappur sem líkt er eftir á skjásvæði og unnt er að virkja með *benditaeki*.

· Sýndarhnappur er valinn með *staðbendi*, t.d. *ljóspenna*.

– light button, button², virtual push button

sýndarhýsing kv.

(á *veffjóni*) *Hýsing* sem út á við virðist vera hýsing *vefseturs* en er í raun hýsing á tengingu við vefsetur.

– virtual hosting

sýndarleikbrúðugerð kv.

Notkun *sýndarveruleika* til leikbrúðugerðar.

– automated puppetry

sýndarlíf hk.

· Sjá einnig *raunlíf*.

– virtual life

sýndarminni hk.

Geymslusvæði sem er þannig að *sýndarvistföngum* er *varpað* í *raunvistföng* og notandi getur litið á það sem *vistfengjanlegt aðalminni* í *gagnavinnslukerfi*.

· Sýndarminni er gert úr stórra hæg-virkri geymslu (*ytri geymslu*) og litlu hraðvirku minni (aðalminni) sem vinna saman sem eitt stórt hraðvirkt minni. Stærð sýndarminnis takmarkast því ekki af *geymslurýmd* aðalminnis heldur af fjölda gildra *vistfanga* í gagnavinnslukerfinu og af stærð ytri geymslu.

– virtual memory, VM³

sýndarnet hk.

Tölvunet, gert úr *sýndarnetstenglum*.

· Algengustu sýndarnet eins og t.d. *sýndareinkanet* og *sýndarsvæðisnet* eru byggð á *samskiptareglum*¹ eða byggjast á sýndartækjum á borð við net sem tengja *sýndarvél*ar í *yfirstýrikerfi*.

– virtual network

sýndarnetmiðlari kk. → *sýndarnetþjónn***sýndarnetstengill** kk.

Tenging sem er ekki rauntenging (með þræði eða *þráðlausu*) heldur fæst með því að nota *sýndargervingu nets*.

– virtual network link

sýndarnetþjónn kk.

(á *lýðnetinu*) *Þjónn*¹ sem eigendur

margra *vefsetra* samnýta þannig að þeir geta notað hann og farið með hann eins og þeir hefðu hver um sig fullkomna stjórn á honum.

sh. *sýndarnetmiðlari*

– virtual server

sýndarnænet hk. → *sýndarstaðarnet*

sýndarraungerving kv.

(í *sýndarveruleika*) Það að túlka hughrif, sem verða við skynjun, sem raunverulegan hlut.

– virtual reality realization, VR realization, three-dimensional visualization, cyberspace representation

sýndarrás kv.

Rás eða leið milli tveggja eða fleiri staða í *neti* sem virðist vera afmörkuð föst leið en er í raun ein af mörgum hugsanlegum leiðum, sett saman með hliðsjón af umferð á netinu.

– virtual circuit, logical circuit

sýndarrými hk.

(í *tölvuteiknun*) Rými þar sem hnit *myndeininga* eru sett fram óháð þeim tækjum sem notuð eru.

· Sjá einnig *almennt hnit*.

– virtual space

sýndarsamband hk.

Notendapjónusta þar sem samskiptatímabil tveggja *útstöðvartækja* ákvarðast af *kalli*¹ sem kemur sambandi á og kalli sem slítur sambandinu en *gögn* notanda eru *flutt* um *netið* með *pakkaflutningsaðferðinni*.

· Gögnum er venjulega skilað frá netinu í sömu röð og þau koma inn í netið.

– virtual call facility

sýndarsegulband hk.

· Um er að ræða notkun sérstakrar *geymslu*¹ fyrir *gögn* sem eru sjaldan notuð, þannig að svo virðist sem þau séu geymd á *snældum* þó að hluti þeirra kunni í rauninni að vera í hrað-

virkari geymslu á *harðdiski*.

– virtual tape

sýndarsegulbandskerfi hk.

– virtual tape system

sýndarskemmtun kv.

Skemmtun þar sem notaðar eru aðferðir *sýndarveruleika*.

– virtual reality entertainment, VR entertainment, VR-based entertainment

sýndarskrifstofa kv.

– virtual office, virtual workplace

sýndarstaðarnet hk.

sh. *sýndarnænet*

– virtual LAN

sýndarsvæðisnet hk.

Net þar sem myndsendingar eru notaðar ótæpilega til að notendur geti haft á tilfinningunni betur en á *staðarneti* að þeir séu í samfélagi við aðra.

· Sýndarsvæðisnet krefst tengingar um *breiðband*.

– virtual area network, VAN²

sýndartækjarekill kk.

– virtual device driver

sýndarútstöð kv.

Almennt röklegt líkan af ólíkum útstöðvum af tiltekinni gerð sem lýsir því hvernig útstöðvar af þessari gerð muni starfa í *OSI-umhverfinu*.

– virtual terminal

sýndarverkill kk.

Hugverkill sem er ætlaður til keyrslu á sérstakri *sýndargervingu vélbúnaðar*.

· Með því að setja upp hugverkil á *sýndarvél* og búa til pakka úr samsetningunni verður til sýndarverkill.

– virtual appliance

sýndarveruleikalíkan hk.

Teiknilíkan, notað til þess að setja fram *sýndarhlut*.

– virtual reality model, VR model, virtual model

sýndarveruleikavél kv.

Tölvukerfi sem hefur *hugbúnað* til þess

að búa til *sýndarhluti* og *sýndarheima* og leyfa víxlverkun notanda og sýndarhluta.

sh. *veruleikavél*

– artificial reality engine, reality engine

sýndarveruleiki kk.

Veruleiki eins og þátttakandi í *sýndarheimi* skynjar hann.

– virtual reality, VR¹

sýndarverund kv.

Það að taka af heilum hug þátt í *sýndarheimi* með þá tilfinningu að „vera á staðnum“.

– electronic co-presence, co-presence, virtual co-presence

sýndarvél kv.

Sýndargagnavinnslukerfi sem virðist vera til ráðstöfunar fyrir tiltekinn notanda.

· Sýndarvél gegnir hlutverki sínu með því að samnýta *tilföng* raunverulegs *gagnavinnslukerfis*.

– virtual machine, VM²

sýndarviðgjafartæki hk.

(í *sýndarveruleika*) Tæki til *eftirlíkingar* sem hermir eftir tilfinningunni um raunveruleika.

Dæmi: *Lofthanski*, loftknúinn *hreyfingapallur*, snertiviðgjafarhanski, sýndarveruleikagleraugu, *prívíddarhjálmur sýndarheims*.

– artificial feedback device

sýndarvístfang hk.

(í kerfi með *sýndarminni*) *Vístfang* sem er tengt *geymslustað* í *ytri geymslu* til þess að leyfa *aðgang*¹ að þeim stað eins og hann væri hluti af *aðalminni*.

– virtual address

sýndarvistunartafla kv.

Tafla sem *stýrikerfi* notar þegar skráröfn eru of löng fyrir venjulega *vistunartöflu*.

– virtual file allocation table, VFAT

sýndarþinghald hk.

– virtual conferencing, virtual conf-

erence

sýndarþjónustufulltrúi kk.

Spjallyrki sem styðst við *gagnasafn* með spurningum og svörum á tilteknu þjónustusviði.

– virtual service agent

sýndarþjónustuveita fyrir lýðnetið

Fyrirtæki sem veitir *þjónustu*¹ á *lýðnetinu* með því að nota búnað og aðstöðu raunverulegrar *þjónustuveitu fyrir lýðnetið*.

– virtual ISP, virtual Internet service provider, VISP

sýni hk.

(í *stafrænni merkjavinnslu*) Gildi stærðfræðilegrar *breytu*¹ eða eðlisstærðar á tiltekinni stundu.

– sample²

sýnilegt lag

Ílagslag eða *frálagslag* í *marglagskiptu neti*.

– visible layer

sýnilegur hluti

Sá hluti af *pakkaskilgreiningu* sem gefur notendum nauðsynlegar *upplýsingar*¹ um *hluti*² eða *þjónustu*¹ *pakkans*².

– visible part

sýningarstýring kv.

Tölvukerfi, einkum í afþreyingariðnaðinum, þar sem ýmiss konar *vélbúnaður* og hugbúnaðarstýrð lýsing, *hljóð* og sjónhrif eru sameinuð í eitt *samstillt kerfi*.

– show control

sýnisforrit hk.

– demo³

sýnisgluggi kk.

(í *tölvuteiknun*) Afmarkaður hluti *birthímis*.

– viewport

sýnishópur kk.

– demogroup

sýnishöfundur kk.

– demomaker

sýnskynning kv.

Ógagnvirk margmiðlunarkynning.

– demo¹**sýnisþurn** kv.

Fyrirspurn með sýnishorni.

– query by example

sýnisútgáfa kv.– demo version, demo²**sýnisvangur** kk.

– demoscene

sýslari kk. → *rekill***sækja**¹ so.sh. *ná í*

– fetch

sækja² so. → *hlaða niður***sæti**¹ hk.Staður staks í *streng*.

– position

sæti² hk.Staður fyrir *tölustaf* í *sætistalnakkerfi*, auðkennanlegur með *númeri* eða líku

auðkenni.

sh. *sæti tölustafs*

– digit place, digit position

sæti tölustafs → *sæti*²**sætisframsetning** kv. → *sætisritun***sætisritun** kv.Framsetning tölu í *sætistalnakkerfi*.sh. *sætisframsetning*

– positional representation

sætistalnakkerfi hk.*Talnaritunarkerfi* þar sem tala er sett fram með *tölustafastreng* þannig að sá þáttur sem hver tölustafur leggur til gildis tölunnar fer bæði eftir gildi tölustafsins og *sæti*² hans í strengnum.

– positional notation, positional numeration system

sögugeymni kv.(í *stíklumiðlun*) Hæfileiki til þess að geyma breytingasögu *stíklugagnasafns*.

– versioning

T

T

(í tölvutækni) Forskeytið *tera-*, 2⁴⁰ eða 1 099 511 627 776.· Forskeytið *tera-* stendur venjulega fyrir töluna 10¹². Í tölvutækni er tvíundakerfið notað og því þykir hentugra að *tera-* standi fyrir 2⁴⁰, t.d. í TB fyrir terabæti.

– T

tafarsetning kv. → *biðsetning***tafinn** lo.(um *innanlega verkeiningu*) Sem er *hindraður* af *biðsetningu*.

– delayed

tafla¹ kv.Skipulag *gagna* þar sem unnt er að bera kennsl á hvert stak með *frumgildum* eða*lyklum*¹.

– table

tafla² kv.(í *gagnasafni*) Mengi *einindatílvika* og þeirra *eiginda*¹ sem þeim eru sameiginlegar.· Í *töflugagnasafni* geta *vensl*¹ verið sett fram með töflu þar sem *línur*² samsvara *einindum*¹ og *dálkar*² *eigindum*.sh. *venslatafla*– relation¹**tag** hk.(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)Mengi *hluta*² eða gilda með svipaða *hegðun*, venjulega lýst með *aðgerðum*⁴ sem skilgreint er að geti verkað á hlut-

ina eða gildin.

– type¹

tagaður lo.

(um *breytu*² eða gildi) Sem er af tilteknu *gagnatagi*.

– typed¹

taglhnýttast so.

Afla heimildarlausss aðgangs að búnaði með því að elta einstakling sem hefur *heimild* gegnum dyr sem eftirlit er með.

– tailgate

taglhnýting kv.

Það að *taglhnýttast*.

– tailgating

tagmynd kv.

(í *forritunarmálum*) *Máleining* þar sem lýst er *sniði*¹ *gagnahluta* af *strengtagi* með því að nota fyrirmynd sem er *strenglesgildi*.

Dæmi: Setningin „01 TALA PICTURE 9.99.“ í *Cobol* lýsir framsetningu stærðar sem sýna á með tveimur *tölustöfum* fyrir framan *brotskil* og einum fyrir aftan.

– picture

tagskipti hk. ft.

Það að skipta um *gagnatag* á *gagnagildi*, venjulega í því skyni að komast hjá ósamræmi milli *gagnataga* í *aðgerðum*¹.

· Tagskipti milli *tölutaga* eru oft leyfð en geta skert *nákvæmni*² eða *stafanákvæmni* eða hvort tveggja.

– type conversion

tagskiptur lo.

(um *forritunarmál*) Sem hefur *breytur*² og gildi af tilteknu *gagnatagi*.

– typed²

taka afrit → *afrita*

taka frá gögn

(í *gagnasafni*) Sækja *skjal*¹ í *gagnasafn* eða *hugbúnað* til þess að fá skrifðgang að skjalinu.

· Tilgangurinn með því að taka gögnin frá er að koma í veg fyrir að aðrir

notendur geti breytt skjalinu á sama tíma.

– check out

taka niður

(um búnað) Fjarlægja úr *tölvukerfi*.

· Sjá einnig *niðurtaka* og *niðurtökuforrit*.

– uninstall

taka sjálfgefið gildi

Taka *sjálfgefið gildi*.

– default to

taka sýni

(í *stafrænni merkjavinnslu*) Finna gildi stærðfræðilegrar *breytu*¹ eða eðlisstærðar sem lýsir *merki*².

· Oftast eru *sýni* tekin með jöfnu milli-bili.

– sample¹

taka úr

Fjarlægja *gagnamiðil* þaðan sem verið er að nota hann.

– dismount, demount

taka öryggisafrit

sh. *afrita til öryggis*

– backup³

takkaborð hk.

(á síma)

– keypad²

takmarkað tag

Lokað tag þar sem einungis sérstaklega skilgreindar *aðgerðir*¹ eða *eigindir*¹ eru tiltækar utan þess hluta *forrits* þar sem það er skilgreint.

– limited type

takmarkaprófun kv.

Samantekt tveggja *markgildisprófana* þar sem önnur er gerð á efri mörkum en hin á neðri mörkum.

– range check

takmarkari kk.

Búnaður, notaður til þess að koma í veg fyrir að *flaumræn breyta* fari yfir tiltekin mörk.

– limiter

takmörkun kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

Skorða sem undirklasi setur á gildi *eigindar*³ í *yfirklasa*.

– restriction

tal hk.

Raddmynstur tiltekings tungumáls eða *hljóðmerki* sem líkja eftir slíku mynstri.

– speech

talboð hk. ft.

sh. *talskilaboð*

– voice message

talflutningur kk.

Rafrænn flutningur *tals* frá einum stað til annars um *net*.

– voice transmission

talfrálag hk.

Fyrir fram skráð eða vélgerð *talmerki* sem búnaður býr til eða endurgerir.

– speech output, ?voice output

talgevill kk.

Búnaður fyrir *talgevingu*.

– speech synthesizer, speech synthesis system

talgeving kv.

Myndun *gervitals*.

– speech synthesis

talgeving eftir líkani

Aðferð við *talgevingu*, fólgin í því að nota talmyndunarlíkan til þess að búa til *talmerki*.

– model-based synthesis

talgreining kv.

Það að leiða í ljós kennistærðir *talmerkis*.

· Meðal kennistærðanna er eðli einstakra hljóðbúta (sérhljóð og samhljóð), gerð atkvæða, bragfræðilegir þættir, gerð *myndana*, orðasafn og *málskipan* orðasambanda og orðtaka.

– speech analysis

talgreiningarkerfi hk. → *talgreinir***talgreinir** kk.

Búnaður fyrir *talgreiningu*.

sh. *talgreiningarkerfi*

– speech analyzer, speech analysis system

talhólf hk.

– voice mailbox

talflag hk.

Talmerki sem búnaður tekur við.

– speech input

talkennsl hk. ft.

Það að búnaður skynjar *tal* og skráir það sem í talinu felst, til dæmis sem *runu* af orðum eða *hljóðönnum*.

· Sjá einnig *raddkennsl*.

– speech recognition, automatic speech recognition, automated speech recognition, ASR

talklipping kv.

Það að takmarka hágildi *talmerkja* við hámarksstyrk eða að lækka í núll styrk merkja sem hafa lægri styrk en tiltekið gildi.

– speech clipping

talkótun kv.

Það að breyta *staferðu talmerki* í *runu* af *stakrænum gagnastökum*¹ samkvæmt reglum sem leyfa endurgerð merkisins.

· *Stafgeving tals* getur tengst kótun fyrir *talþjöppun*. Heitið „talkótun“ getur þá átt við þá samsettu aðgerð.

– speech coding, speech encoding, speech waveform coding

talmálskennsl hk. ft.

Það að sannkenna, eftir talsýnum manns, á hvaða tungumáli hann mælir.

– spoken-language identification

talmát hk.

Fyrir fram skráð eða reglubundin radd-einkenni, *geymd*² í búnaði í því skyni að vísa til þeirra eða *máta saman* við þau önnur raddeinkenni.

– speech template

talmerki hk.

Hljóðmerki sem flytur *upplýsingar*¹ á tilteknu tungumáli.

· Talmerki getur verið *raddmerki* eða *hljóðmerki* sem líkir eftir raddmerki.

– speech signal

talmynstur hk.

Formgerð sem býr að baki *talmerki*.

– speech pattern

talna- fl. → *tölulegur*

talnakvörn kv. → *reiknihestur*

talnalás kk.

Hnappur á talnaskika, notaður til þess að velja *tölustafi* af hnöppum sem merktir eru á tvennan hátt.

· Valið gildir þar til aftur er stutt á talnalásinn.

– Num Lock, Num Lock key

talnaritun kv.

Framsetning tölu í *talnaritunarkerfi*.

sh. *framsetning tölu*

– number representation, numeration

talnaritunarkerfi hk.

Ritunarkerfi sem nota má til þess að setja fram tölur.

Dæmi: *Tugakerfi*, *tvíundakerfi*.

– numeration system, number representation system

talnaskiki kk.

Skiki sem hefur *tölustafshnappa* og stundum nokkra hnappa til viðbótar, t.d. fyrir plús, mínus, punkt og kommu, *færsluhnapp* og nokkra *aðgerðarhnappa*.

· Talnaskiki getur verið hluti af stærra *hnappaborði* eða sjálfstæður.

– numeric keypad, numeric pad

talorðasafn hk.

Safn orða og orðasambanda sem *talgevill* getur notað til að svara beiðni frá notanda.

· Sjá einnig *kunnorðasafn*.

– spoken vocabulary, active vocabulary

talpóstur kk.

Stafgert talskeyti sem er *geymt*¹ og sent til eins eða fleiri *viðtakenda*.

– voice mail

talrófsrit hk.

Myndræn framsetning á raddþáttum *tals*.

· Talrófsrit eru mikilvæg rannsóknartæki í *talkennslum*.

– speech spectrogram, utterance spectrogram

talsetning texta

Það að breyta *texta* í *talfrálag*.

– text-to-speech conversion

talshamur kk.

Tiltekin leið til þess að tala við *talþekkjara*.

· Þrír algengustu talshamir eru orðahamur, orðarunhamur og orðaflaumshamur.

– speaking mode

talsjá kv.

· Tiltekinn *hugbúnaður* frá IBM heitir *SpeechViewer* og er á íslensku kallaður *Talsjá*.

– speech viewer

talskilaboð hk. ft. → *talboð*

talskiljanleiki kk. → *skiljanleiki tals*

talskilningur kk.

Það að búnaður túlkar *upplýsingar*¹ sem eru fluttar með *talmerkjum*.

· Talskilningur er undir því kominn að búnaðurinn hafi skilað upplýsingum.

· Sjá einnig *talkennsl*.

– speech understanding

talstjórn kv.

Það að stjórna vél með *munlegum fyrirmælum*.

Dæmi: Stjórna hraða og stefnuljósum bifreiðar.

– voice control, speech control

talsvari kk.

Frálagstæki sem svarar með töluðum orðum fyrirspurn sem send er *tölvu* á *stafrænan* hátt um símakerfi.

· Svarið er sett saman úr orðum sem *geymd*² eru í tölvunni.

– audio response unit, ARU

talttextun kv.

Umbreyting *talílags* í *textu*.

– speech-to-text conversion, STT conversion

taltextunarkerfi hk.

Sérhæft raddkennslakerfi, hannað til að gera ASCII-texta úr töluðu mannamáli.
– teledactyl

taltíðni kv.

Tíðni á því bili sem skiptir máli til þess að flytja og skrá *tal*.
– speech frequency

talvalmynd kv.

Valmynd sem býður notanda að velja milli nokkurra talkosta.
– voice menu, spoken menu

talvinnsla kv.

Vinnsla *talmerkja*, t.d. *talgreining*, *talþjöppun*, *talkennsl* og *talgeving*.
– speech processing

talþekkjari kk.

Búnaður fyrir *talkennsl*.
· *Talgreinir* er hluti af talþekkjara og mátar venjulega saman *raddilag* og kennistærðir *talmáts*.
– speech recognizer, speech recognition system

talþjálfun kv.

Það að þjálfna búnað í því að nota radd-einkenni eins eða fleiri mælenda.
– speech training

talþjöppun kv.

Tækni í *talvinnslu* til þess að *flytja* eða *geyma*² *talmerki* á mjórri tíðnisviði en venjulega þarf að nota.
Dæmi: *Forsagnarkótun*, *bandhlutakótun*, kótun með notkun *formenda*.
– speech compression

tannabelti hk.

Sérstakur búnaður til *tannadráttar* í *prenturum*.
· Tannabelti má oft taka af með lítilli fyrirhöfn.
sh. *beltisdragi*
– tractor feeder, forms tractor

tannadráttur kk.

Það að flytja pappír í gegnum *prentara* með því að draga hann á tönnum eða göddum.

· Jaðrar pappírsins þurfa að vera gatað-ir.

– pin feed, sprocket feed, tractor feed

tannavals kk.

Vals, t.d. í *prentara*, þar sem pappír er dreginn áfram á tönnum sem ganga í gegnum göt á jöðrum hans.
– pin-feed platen

tar-skrá kv.

Kippuskrá með *nafnaukann* „tar“ sem í er ein eða oftast fleiri óþjappaðar *skrár*.
· Þetta *snið*² er notað í *Unix* og skyldum *stýrikerfum*. Tar er myndað úr „tape archive“.
– tar file

taugakubbur kk.

Endurskilgreinanlegur *kubbur* sem *not-hæfir tauganetslíkan* eða hluta þess.
– neurochip

taugaleggur kk. → *taugamótasamtenging***taugamótasamtenging** kv.

Leggur milli tveggja *gervitaugunga*, skilgreindur með frumtaugung, viðtökutaugung og *taugamótavægi*.
sh. *taugamótatenging*, *taugatenging*, *taugaleggur*
– synaptic interconnection, synaptic connection, neural connection, neural link

taugamótatenging kv. → *taugamótasamtenging***taugamótavægi** hk.

(í *tauganetum*) Stuðull sem ílagsgildi *gervitaugungs* er margfaldað með áð-ur en samantekt þess með öðrum ílagsgildum er mynduð.
sh. *tengingarvægi*, *tengingarstyrkur*, *vægi*²
– synaptic weight, connection weight, connection strength, weight²

tauganet hk.

Net af frumstæðum vinnslueiningum, tengdum saman með vegnum leggjum með stillanlegum vægjum, þar sem hver

eining býr til gildi með því að beita ólínulegu falli á ílagsgildi sín og sendir gildið til annarra eininga eða skilar því sem *frálagi*.

- Í tauganetum er líkt eftir starfsemi taugunga í taugakerfinu.

- Ólínulega fallið er venjulega *þröskuld fall*.

sh. *gervitauganet*

– neural network, neural net, NN, artificial neural network, ANN

tauganetslíkan hk.

Fræðilegt líkan af *tauganeti* sem unnt er að líkja eftir með *hugbúnaði* eða *nothæfa* sem *taugatölvu*.

– neural-network model

taugatenging kv. → *taugamótasamtenging*

taugatölva kv.

Sérhæfð *tölva*, hönnuð þannig að unnt sé að *nothæfa tengingarhyggjulíkon*.

- Afköst eru venjulega mæld í *endurvakningum tenginga á sekúndu*.

– neurocomputer, neural computer

tákn hk.

Myndræn framsetning á *hugtaki* sem hefur merkingu í tilteknu samhengi.

– symbol

táknkerfi hk. → *ritunarkerfi*

táknræn inning

*Ferli*¹, notað við greiningu á *hugbúnaði* þar sem líkt er eftir *inningu forrits* eða *forritshluta* með því að nota táknræn *ílagsgögn*, t.d. nöfn á *breytum*² í stað raunverulegra gilda. Frálag forritsins er sýnt sem röklegar eða stærðfræðilegar *segðir* þar sem *táknin* koma fyrir.

sh. *táknræn keyrsla*

– symbolic execution

táknræn keyrsla → *táknræn inning*

táknræn lýsing

Lýsing *myndar*² sem er gerð án þess að nota myndtákn, t.d. framsetning með *hnitarití*.

– symbolic description

táknrænn rakningur

Skrá yfir *setningar*¹ í *frumforriti* og það sem gerist við *stökk* þegar *forritið* er *innt*, þar sem notuð eru táknræn gildi í stað raunverulegra gilda á *ílagsgögnum*.

– symbolic trace

táknrænt forritunarmál

Forritunarmál þar sem *aðgerðir*¹, *vistföng*, *þolendur* og *útkomur* hafa táknræn heiti.

Dæmi: *Smalamál*, *æðra forritunarmál*.

– symbolic language

táknrænt vistfang

Nefni sem stendur fyrir *vistfang*.

– symbolic address

táknun kv. → *ritun*

tálbeiting kv.

Það að koma fyrir augljósum *smugum* í *gagnavinnslukerfi* til að afhjúpa tilraunir til *smokurs* eða til að rugla óboðinn gest í því hvaða smugur sé hentugt að nota.

sh. *tæling*

– entrapment

tállyklun kv.

Það að hagræða af ásetningi *atriðaskrá* *leitarvéla*.

- Ýmsar aðferðir eru notaðar en markmiðið er að vissar *vefsíður* birtist ofarlega í lista yfir *vefsíður* þegar leitað er að tilteknum leitarorðum. Margar leitarvélar bregðast við tállyklun með því að fjarlægja grunsamlegar síður af eigin atriðaskrá.

– spamdexing, search engine spamming

tálsíða kv.

Vefsíða sem er búin til fyrir *tállyklun*.

– doorway page

táta kv.

Teikniáhalld, notað í *forritunarmálinu Logo* og skyldum málum.

- Tátan getur hvort sem er verið eins konar *þjarki* á gólfi (gólftáta) eða til-

tekið merki á *skjá* (skjátáta). Í báðum tilvikum er tátunni stjórnað með *skipunum*² í *forriti* og skilur hún eftir sig slóð.

– turtle

tátuteiknun kv.

Tölvuteiknun, fólgin í því að *táta* er dregin yfir *myndflöt*.

· Ef flytja á tátuna án þess að draga línu er henni lyft, annars er hún látin snerta myndflötinn.

– turtle graphics

Tb → *terabiti*

TB → *terabæti*

TCP-samskiptareglur kv. ft.

– TCP, Transmission Control Protocol

TCP-tengisnúmer hk.

– TCP port number

TCP/IP-samskiptareglur kv. ft.

– TCP/IP, Transmission Control Protocol/Internet Protocol

tegund aðgangs → *aðgangstegund*

teikn hk.

Tákn sem *birt*¹ er á *skjá* og notandi getur bent á með tæki, t.d. *mús*, til þess að velja tiltekna aðgerð eða tiltekinn *hugbúnað*.

sh. *myndtákn*

– icon, pictogram

teikna so.

Staðsetja og merkja punkta með hnitum og draga feril í gegnum þá.

– plot

teiknari kk.

Frálagstæki sem býr til *prentrit* með tvívíðri *myndrænni* framsetningu *gagna* á pappír eða annað efni.

– plotter

teiknigeta kv.

– graphics capability

teiknihaus kk.

Sá hluti *teiknara* sem er notaður til þess að búa til merki á *myndflöt*.

– plotting head

teiknilitur kk.

Litur sem teiknað er með á *birti*.

· Birtirinn getur verið *skjástöð* eða *teiknari*.

– pen color

teikniskref hk.

Skreflengd á *teiknara*.

– plotter step size

teiknistöð kv.

Vinnustöð sem getur *birt*¹ og unnið úr *myndrænum gögnum* og *ritstafagögnum* og haft eitt eða fleiri *ílagstæki*.

– graphics workstation

teiknrein kv.

– icon bar

teljari kk.

Búnaður sem hefur endanlega mörg horf þar sem hvert horf stendur fyrir tölu sem auka má með tölunni einum eða tilteknum *fasta* ef viðeigandi *merki*² er gefið.

· Oftast má stilla tækið á tiltekið gildi, t.d. núll.

– counter

Telnet

Heiti á stöðluðum *samskiptareglum*¹ fyrir *fjartengda innskráningu*.

· Forritið „telnet“ í *stýrikerfinu Unix* notar þessar samskiptareglur.

– Telnet

tengdir þættir

Safn *hnúta*² í *neti* þar sem *leið*² er milli sérhverra tveggja hnúta.

– connected components

tengdur lo.

(um notkun búnaðar) Undir beinni stjórn *tölvu*.

– online¹, on-line¹

tengi hk.

Staður þar sem *merki*² geta farið inn í *net* eða út úr því.

sh. *stunga*¹

– port¹

tengibraut kv.

Búnaður til þess að flytja *gögn* milli

nokkurra tækja sem öll eru á milli tveggja endapunkta. Aðeins má senda frá einu tæki í einu.

sh. *braut*¹

– bus

tengibrautarstjóri kk.

Forrit sem stjórnar *tengibraut*.

– bus master

tengibúnaður kk.

Búnaður þar sem *gögn* geta farið inn í *net* eða út úr því.

– port²

tengifaldari kk.

Tengitæki til að tengja mörg tæki við *kjöltutölvu*.

· Líkist *tengikví* en hefur ekki stækunarauk.

– port replicator

tengiforrit hk.

Forrit sem vinnur úr einni eða fleiri *viðfangseiningum*, sjálfstætt *þýddum*¹, eða *hleðslueiningum* með því að leysa úr *millivísunum* milli þessara *forritseininga*, sjá fyrir *tengingum* milli þeirra, búa til *færanlegar* einingar og lagfæra *vistföng* ef þörf krefur og búa þannig til nýjar hleðslueiningar.

sh. *tengir*

– linkage editor, linker

tengihleðsluforrit hk.

Forrit sem sameinar hlutverk *tengiforritys* og *hleðsluforritys*.

– linking loader

tengikví kv.

Tæki, búið *tengibúnaði* og *tenglum*¹ fyrir *farölvu* eða annað farandtæki.

· Sjá einnig *tengifaldari*.

– docking station

tengildi hk.

Tæki, notað til þess að tengja saman tvö ólík tæki, t.d. *skjástöð* og *gjörva*.

sh. *spjald*

– adaptor, adaptor, interface unit

tengildisskil hk. ft.

*Skil*¹ milli *miðilstengildis* og *úttstöðvar-*

tækis í *gagnastöð* í *staðarneti*.

– attachment unit interface, AUI

tengilfyrning kv.

Það að *tenglar*³ frá einu *vefsetri* til annars verða gagnslausir þegar vefsetur eru lögð niður eða *vefsíður* þeirra endurskipulagðar.

– linkrot

tengiliður léns

Sá sem ber ábyrgð á *léni*.

· *Upplýsingar*¹ um ábyrgðarmanninn eru skráðar á *skráningarstöð*.

– domain contact, technical contact, administrative contact, admin contact, zone contact

tengill¹ kk.

Eining í *keyrsluhlut* sem tengja má annan *keyrsluhlut* við.

· Sjá einnig *stinga* í *samband*.

sh. *stunga*²

– socket

tengill² kk.

Leiðartákn sem sýnir hvar *leið*¹ í *leiðariti* er rofin og hvar hún heldur áfram.

– connector

tengill³ kk.

Stefnubundin *rökleg* tengsl milli eininga af *gögnum* í *stiklubúnaði*, þar sem gert er ráð fyrir *stikli*.

sh. *krækja*, *stikluleggur*

– hyperlink, hypermedia link

tengill í skjali

*Tengill*³ í *skjali*².

· Sjá einnig *tengill* milli *skjala*.

– intradocument link

tengill milli skjala

*Tengill*³ milli *skjala*².

· Sjá einnig *tengill* í *skjali*.

– interdocument link

tenginet hk.

Net sem tengir saman tvö eða fleiri *net* þannig að notanda virðist sem um eitt *net* sé að ræða.

– internetwork¹, internet¹

tenginets- fl.

- internetnetwork², internet²

tenging kv.

Hluti *forrits*, oft stök *skipun*¹ eða stakt *vistfang*, sem sér um að mismunandi einingar forritsins skiptist á um að stjórna vinnslunni og hleypir *stikum*² á milli þeirra.

- link¹, linkage²

tengingarhyggja kv.

Það að líta á eðli greindar frá sjónarhóli tveggja eða fleiri fræðigreina og styðjast við *samhliða dreifvinnslu*.

- Grunnhugmynd tengingarhyggjunnar er sú að greind stafi af víxlverkun fjölmargra náttúrlegra taugunga eða *gervitaugunga*.

- connectionism, connection science

tengingarhyggjulíkan hk.

Gagnavinnslulíkan fyrir vitræna starfsemi þar sem upplýsingabrot eru sett fram í einu lagi með neti af mjög einföldum vinnslueiningum sem hafa *samskipti* með því að skiptast á einföldum boðum, og þar sem flóknir útreikningar fara fram í *margsamhliða vinnslu*.

- Tengingarhyggjulíkon eru t.d. notuð í *framsetningu þekkingar*¹, *mynsturkennslum*, *tölvusjón*, *málskilningi*, *námi* og *hreyfingarstýringu*.

- connectionist model

tengingarhyggjunám hk.

Það að læra af breytingum á *taugamótavægi gervitaugunga* í *tauganeti*.

- Allt nám í tauganeti er tengingarhyggjunám.

- connectionist learning

tengingarstund kv.

Eining fyrir lengd *gagnvirkrar* sýningar ef gert er ráð fyrir að allt tiltækt efni sé skoðað.

- Tengingarstund er háð þáttum eins og lengd myndbandsupptöku, fjölda teikninga og kyrrmynda og hversu flókið *verkforritið* er.

- user contact-hour

tengingarstyrkur kk. → *taugamótavægi***tengingarvægi** hk. → *taugamótavægi***tengir** kk. → *tengiforrit***tengireitur** kk.

Svæði þar sem *þráðlaus* tenging næst við *net*.

sh. *heitur reitur*

- hotspot³, hot spot³

tengiskil heila og tölvu

- brain-machine interface

tengiskil manns og tölvu

Það hvernig og með hvaða ráðum notendur skipta við *gagnavinnslukerfi*.

- Reynt er að auðvelda *samskipti* notenda og gagnavinnslukerfis, m.a. með því að láta *tölvur* tala og skilja talað mál, með því að nota *snertiskjái* og *ljóspenna* og gera *hugbúnað aðgengi- legan*.

- man-machine interface

tengiskott hk.

Leiðsla, notuð til að tengja tvær *tölvur* saman með því að víxla tengipinum þeirra.

sh. *tómamótald*

- crossover cable, null modem

tengiskyn hk.

Hlutgengi sem gerir notendum kleift að tengja tæki við *tölvu* þannig að tölvan skynji að tækið er tengt við hana.

- plug-and-play, PnP

tengisnúmer hk.

- Tengisnúmer er 16 *bita heiltala*.

- port number

tengispjald hk.

- adapter card

tengistrik hk.

Bandstrik sem ekki má fella niður, notað til þess að tengja saman liði samsettra *orða*.

- Tengistrik eru ekki felld brott.

sh. *fast bandstrik*

- hard hyphen, required hyphen

tengisvæði hk.

Svæði þar sem *þráðlaus* aðgangur er að *lýðneti* og *veraldarvef*.

· Svæðið er sett saman úr mörgum *tengireitum* sem eru nálægt hver öðrum.

– hot zone¹

tengival hk.

Það að tengja saman um stundarsakir *búnaðareiningar*, *sendirásir* eða fjar-skiptarásir til þess að koma á *sambandi*¹.

Dæmi: *Rásaval*, *skeytamiðlun*, *pakkamiðlun*.

sh. *valtenging*

– switching

tengja so.

Setja saman *gagnahluti* með því að nota *benda*¹ eða setja saman hluta eins eða fleiri *forrit*a með því að koma á *tengingum*.

Dæmi: Tengja *viðfangsforrit* með *tengiforriti*.

– link²

tengjanleikagreining kv.

Myndgreining þar sem notuð er tækni við að búta *tvúndamyndir* sem byggist á því hversu nálægir hver öðrum *dílar* eru.

· Tengjanleikataekni er notuð til þess að einangra *dílaflækki*. Í rétthyrndri *díla-grind* er tengjanleiki skilgreindur sem 4-hliða, 6-hliða eða 8-hliða tengjanleiki. Í 4-hliða tengingu er „kveikt á“ einhverjum fjögurra þverstæðra granndíla eða sá díll hefur gildið „1“.

– connectivity analysis

tengjanleiki¹ kk.

Geta kerfis eða tækis til þess að vera tengt við önnur kerfi eða tæki án breytinga.

– connectivity¹

tengjanleiki² kk.

Eiginleiki *tölvunets* sem felst í því að ávallt er unnt að tengja saman sérhver

tvö tæki.

– connectivity²

tengjaskönnun kv.

Röð af *boðum*, sendum á *tengi* til að komast að því hvaða netþjónustu *tölva* veitir í því skyni að brjótast inn í tölvuna.

– port scan

tenglarýnir kk.

Forrit sem gætir að hvort *tenglar*³ á *vefsíðum* *vefseturs* séu gildir.

– link checker

tengsl hk. ft.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Vensl*² milli tveggja eða fleiri *klasa*⁴ sem felast í safni tenginga með sameiginlega formgerð og merkja það sama.

– association

teppa kv.

(í *fjarskiptum*)

– congestion

terabíti kk.

Mælieining, notuð við flutning *gagna*, 2⁴⁰ eða 1 099 511 627 776 *bitar*.

· *Skammstöfunin* er stundum rituð „tb“ og er þá hætta á ruglingi við *terabæti*. Einnig kemur fyrir að „Tb“ sé notað um *terabæti*, en það ber að varast.

sh. *Tb*

– terabit, Tb

terabæti hk.

Mælieining fyrir *geymslurým*d, 2⁴⁰ eða 1 099 511 627 776 *bæti*.

· *Skammstöfunin* er stundum rituð „tb“ og er þá hætta á ruglingi við *terabæti*. Einnig kemur fyrir að „TB“ sé notað um *terabæti*, en það ber að varast.

sh. *TB*

– terabyte, TB

teraflops → *Tflops***TETRA-staðall** kk.

Evrópskur staðall fyrir *stafræn þráðlaus fjarskipti* í tal- og *gagnaflutningum*.

– TETRA, Terrestrial Trunked Radio

TeX

Heiti á kerfi fyrir umbrot á *texta*.

- Þegar texti *skjals*¹ er brotinn um með TeX geta umbrotsskipanir komið fyrir inni í textanum. Höfundur TeX er Donald Knuth.

– TeX

textaboð hk. ft.

sh. *taskilaboð*

– text message

textaflutningur kk.

Rafrænn flutningur *texta* frá einum stað til annars um *net*.

– text transmission

textafrjáls skipun → *utantextaskipun***textahlíðrun** kv.

(í *ritvinnslu*) Bil sem *texti* er fluttur um til hægri í *prentara* til viðbótar við *vinstri spássú*.

- Texta er hliðrað þannig þegar gata á blöð eða til þess að fá viðbótarrými fyrir bókband.

– page offset

textalesari kk.

Stafalesari sem *les* prentaðan *texta*.

– page reader

textalitur kk.

(í *tölvuteiknun*) Litur sem *stafir* eru *teiknaðir* með.

– text color

textaritill kk.

Hugbúnaður, notaður til þess að skrá og breyta *texta*.

sh. *lesmálsritill*

– text editor

textasími kk.

Sími með *hnappaborði* og *birti* fyrir heyrnarskerta og málhalta.

– Telecommunications Display Device, TDD, text telephone

textaskilaboð hk. ft. → *textaboð***textaskrá** kv.

– text file

textasniðsmál hk.

Verkefmatengt mál, hannað til þess að

sýna hvernig á að *sníða texta*.

Dæmi: *HTML*.

– text-formatting language

textastilling kv.

(í *ritvinnslu*) Það hvernig *texta* er komið fyrir í *línu*¹ (t.d. lengst til vinstri, lengst til hægri, í miðri línu, á milli *dálkhaka*) eða hvernig hann er látinn fylla út í línuna.

– alignment

textasvæði hk.

Það svæði á *síðu*² eða *skjá* þar sem *texti* eða önnur *myndstök birtast*¹ venjulega.

– text area, type area

textatalgervill kk.

Talgervill sem breytir *texta* í hljóðritunartákn og síðan í *gervital*.

– text-to-speech synthesizer, text-to-speech synthesis system

textavarp hk.

Upplýsingaþjónusta sjónvarpsstöðva sem sendir *texta* eftir vali, m.a. fréttir, veðurspá og auglýsingar, í sjónvarpstæki áskrifanda.

- Áskrifandinn verður að hafa sérstakan *afkótara*¹ til þess að taka við textavarpmerkjunum.

– teletext, broadcast videography

textavefsjá kv.

Vefsjá sem *birtir*¹ aðeins *texta* og *tengla*³ á *vefsíðum*.

– text browser

texti kk.

Gögn í formi *stafa*, *tákna*, *orða*, *orðasambanda*, *efnisgreina*, *setninga*², *taflna*¹ eða annarrar niðurröðunar stafa, ætluð til þess að bera merkingu.

- Lesandi beitir þekkingu sinni á einhverju *náttúrlegu tungumáli* eða *gervimáli* við túlkun texta.

Dæmi: Viðskiptabréf, prentað á pappír eða *birt*¹ á *skjá*.

sh. *lesmál*

– text

teygja so.

Breyta hlutfallslega eða ekki hlutfallslega stærð eða lögun *myndhlutar* eða hvoru tveggja.

– stretch

teygjuteiknun kv.

(í *tölvuteiknun*) Það að flytja punkt eða hlut, án þess að rjúfa tengsl hans við aðra punkta eða hluti, með því að *teygja* á tengilínunum þeirra, fela þá eða breyta stefnum á tengilínunum þeirra.

– rubberbanding

Tflops

Ensk *skammstöfun* á mælieiningu fyrir vinnslugetu, jöfn 10^{12} *flops*.

sh. *teraflops*

– Tflops, teraflops

TFT-smári kk. → *himnusmári***TFTP-skráflutningsreglur** kv. ft.

· Einfaldari en *FTP-skráflutningsreglur* og ekki eins öflugar.

– Trivial File Transfer Protocol

TIFF-snið hk.

*Myndraent snið*¹ fyrir *skrár*, notað til þess að *geyma*² og skiptast á *skönnuðum*² *myndum*².

· TIFF-sniðið hentar til notkunar á ýmsum *verkvöngum einmennings-tölva*.

– TIFF, tagged image file format, tag image file format

tíftíðni kv.

Tíðni sem lýsir því hversu hraðvirkar *tölvur* eru.

· Sjá einnig *tíftími*.

Dæmi: Tölvur geta t.d. haft tíftíðnina 200 MHz.

– clock frequency, clock speed, clock rate

tíftími kk.

Andhverfa *tíftíðni*.

· Margfeldið af tíftíðni og samsvarandi tíftíma er því talan 1.

Dæmi: Ef tíftíðni er 200 MHz þá er tíftíminn 5,00 nanósekúndur.

– clock cycle

tigla so.

Skipta *birtirými* í tvo eða fleiri *glugga* sem skarast ekki.

– tile³

tiglun kv.

Það að *tigla*.

· Sjá einnig *gluggastöllum*.

– tiling

tigull kk.

Punktafylki sem er endurtekið yfir víddirnar *x* og *y* til þess að *fylla svæði*².

– tile¹

til-setning kv.

Einföld setning þar sem tiltekið er að *inningu forrits* skuli hætt á þeim stað í *inningaröðinni* þar sem setningin er og að *inningu* skuli haldið áfram með tiltekinni *setningu*¹ sem venjulega er auðkennd með *merki*³.

· Það að framkvæma til-setningu getur jafngilt *stökki*.

sh. *goto-setning*

– goto statement

tilfallatími kk.

Sá hluti *notkunartíma* sem er ekki *kerfisvinnslutími*, *kerfisprófunartími* eða *endurkeyrslutími*.

· Tilfallatími er m.a. notaður til sýnikennslu og til þess að þjálfa *tölvara*.

– miscellaneous time, incidental time

tilfang hk.

Sérhver þáttur *gagnavinnslukerfis* sem þarf til þess að framkvæma aðgerðir kerfisins.

· Stundum eru starfsfólk og tími einnig talin til tilfanga.

Dæmi: *Geymslur*¹, *ílags- og frálags-tæki*, eitt eða fleiri *miðverk*, *gögn*, *skrár* og *forrit*.

sh. *tölvutilfang*

– resource, computer resource

tilfangakvís kv.

(í *gluggaumhverfi*)

– resource fork

tilfangaóðal hk.

Samsafn *tilfanga* sem eru undir sameiginlegri stjórn *óðalsstjóra* og *notendur*¹ með heimild hafa *aðgang*¹ að.

· Tilföngin geta verið af ýmsu tagi, svo sem *skrár*, *verkbúnaður* og *prentarar*.

– resource domain, domain⁴

tilfangabrot hk.

Sú staða að ekki er unnt að halda áfram að *inna ósamstillta stefju* innan tiltekins tíma þar sem aðrar *samskeiða* ósamstilltar stefjur eru að nota þau *tilföng* sem til þarf.

– starvation

tilfærsla kv.

– relocation

tilfærsluhleðsluforrit hk.

Hleðsluforrit sem vinnur úr *færanlegum forritum* eða *færanlegum forritseiningum*.

– relocating loader

tilfærsluhliðrun kv.

Mismunur á *hleðsluvistfangi* og *upphafsvistfangi* forrits.

– relocation offset

tilfærsluskrá kv.

Sá hluti *viðfangseiningar* eða *hleðslueiningar* sem tiltekur þau *vistföng* sem þarf að lagfæra þegar einingin er *færð til*.

– relocation dictionary

tilfærslusmali kk.

Smali sem skilar *færanlegri* útkomu.

– relocating assembler

tilgangsathugun kv.

Athugun, gerð til þess að kanna viðfangsefni og ákvarða hvort þörf er á að leysa það á þeim tíma sem er til umþóttunar.

– opportunity study

tilhliðrun kv.

Það að *gagnastöð* frestar sendingu til þess að komast hjá *árekstri*¹ meðan verið er að nota *flutningsmiðil*.

– deference

tilkeyrsla kv.

Það að auka *áreiðanleika*² nýs eða uppgærðs búnaðar með því að starfrækja búnaðinn í tilteknu umhverfi, finna sem flesta *galla* og eyða þeim með *lagfæringarviðhaldi*.

– burn-in¹

tilkynning um viðtökubrest

Persónuleg tilkynning til *upphafsmanns* um að mistekist hafi að taka við *persónulegu skeyti*, því hafi verið hafnað eða dregist hafi að taka við því.

– nonreceipt notification

tilreidd gögn

Gögn sem hafa verið undirbúin fyrir frekari úrvinnslu.

· Sjá einnig *óunnin gögn*.

– cooked data

tilreiða so.

Undirbúa *gögn* fyrir úrvinnslu.

· Með því að tilreiða gögn eru þau m.a. endurskipulögð, bætt við þau, þeim breytt, tekin út gögn sem ekki er þörf fyrir, *snið*² ákveðið, skipt um *kótunarreglu* og stöðluðum *forritum* beitt, t.d. til þess að fella niður aukauúll.

– edit²

tiltækileiki¹ kk.

(í *tölvuöryggi*) Það að vera *tiltækur*¹.

sh. *fáanleiki*¹

– availability¹

tiltækileiki² kk.

(um búnað) Það að vera *tiltækur*².

· Sá tiltækileiki sem hér er skilgreindur er eigin tiltækileiki búnaðarins en utanaðkomandi tilföng, önnur en viðhaldstílföng, hafa ekki áhrif á hann. Tiltækileiki til að starfa krefst þess hins vegar að séð sé fyrir utanaðkomandi tilföngum.

sh. *fáanleiki*²

– availability²

tiltækur¹ lo.

(um gögn eða *tilföng*) Sem *einindi*¹ með

heimild getur fengið *aðgang*¹ að og notað eftir þörfum.

sh. *fáanlegur*¹

– available¹

tiltækur² lo.

(um búnað) Sem er tilbúinn til notkunar svo að unnt sé að gera það sem til er ætlast við tiltekin skilyrði á tiltekinni stundu eða í tiltekinn tíma, að því gefnu að séð hafi verið fyrir nauðsynlegum utanaðkomandi tilföngum.

sh. *fáanlegur*²

– available²

tilvik¹ hk. → *einindatilvik*

tilvik² hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Tiltekinn *hlutur*² eða einstakt dæmi af *klasa*⁴.

– instance²

tilviksbreyta kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

*Breyta*² sem er aðeins tiltæk fyrir þá *hluti*², *atburði*, *atburðarit*² og *föll*² sem felast í einstöku *tilviki*² af hlut.

– instance variable

tilvikssetning kv.

Skilyrt setning sem velur til *inningar* eina af nokkrum *runum setninga*¹ eftir því hvaða gildi tiltekin *skilyrt segð* tekur.

· Í íslenska *forritunarmálinu Fjölni* er notuð svonefnd val-segð sem líkist tilvikssetningum.

sh. *case-setning*

– case statement

tilviljunar- fl. → *slembi-*

tilviljunarkenndur lo. → *slembi-*

tilviljunarsamfesta kv.

Samfesta þar sem athafnir *forritseiningar* hafa engin starfræn vensl hver við aðra.

– coincidental cohesion

tilvitnunarkerki hk.

– quotation mark

tilvísanleiki kk.

Það að geta vísað til tiltekins *gagnahlutar* á tilteknum stað í *forritseiningu*.

– visibility¹

tilvísun¹ kv.

Máleining sem vísar til einhvers, t.d. *nefni*, *formstiki* eða *bendir*¹.

– reference¹

tilvísun² kv.

Það að vísa til einhvers, t.d. *breytu*², *gildis* eða *steffu*².

– reference²

tilvísun³ kv.

Tillaga sem *aðgangsveitir* sendir *aðgangsbúnaði notendaskrár* eða öðrum *aðgangsvæiti* um að nota annan *afgreiðslustað* ef svo kynni að fara að ekki reyndist unnt að verða við beiðni til *skráakerfis*².

· Ástæða tilvísunar getur verið sú að *upplýsingar*¹ sem beiðnin lýtur að séu of langsóttar.

– referral

tilvísun léns

*Upplýsingar*¹ í *nafnaþjónum yfirléns* um hvaða nafnaþjóna sinna tilteknu *undirléni*.

– domain delegation

tilvísunareiginind kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

*Breyta*² sem vísar til *tilviks*² af *klasa*⁴.

sh. *tilvísunareiginleiki*

– reference attribute

tilvísunareiginleiki kk. → *tilvísunareiginind*

tilvísunartákn hk.

(í *ritvinnslu*) *Tölustafur* eða annar *stafur*, notaður til þess að vísa á annan stað í *texta*, t.d. í *neðanmálgrein*, þar sem fá má nánari *upplýsingar*¹ um efnið sem verið er að fjalla um.

– reference mark

titillína kv.

sh. *titilrein*

– title bar

títílreín kv. → *titillína*

títringsvaki kk.

(í *sýndarveruleika*) Örlitlir kristallar sem titra og er komið fyrir í *hanskafrálagstæki* eða *stjórnúningi*.

– vibrotactile actuator

tíðni í viðmiðunargrind

– spatial grid frequency

tíðnideildur fjöldaáðgangur

Aðferð við *fjöldaáðgang* þar sem hverri *sendirás*, sem er hluti af sameiginlegri rás, er úthlutað sérstöku tíðnisviði.

– frequency division multiple access, FDMA

tíðnijölrásun kv. → *tíðnifléttun*

tíðnifléttun kv.

*Fléttun*¹ þar sem nokkrum óháðum *merkjum*² er úthlutað aðskildum tíðnisviðum fyrir flutning um sömu *sendirás*.

sh. *tíðnijölrásun*

– frequency division multiplexing, FDM

tíðnigluggi kk.

Tiltekið tíðnibil eða bil bylgjulengda fyrir bylgjur sem fara gegnum tæki.

· Tíðnigluggi er venjulega mældur milli punkta sem ná yfir 50% af hámarkstíðni.

sh. *tíðnihlið*

– bandpass

tíðnihlið hk. → *tíðnigluggi*

tíðnilyklun kv.

Mótun þar sem mótandi *stafrænt merki* lætur tíðni frálagsmerkisins breytast milli fasts fjölda af fyrir fram ákveðnum gildum.

– frequency shift keying, FSK

tíðnimótuð skráning

Viðmiðunarlaus skráning þar sem breyting er á seglunarmynstri á mörkum allra hólfa og frekari breyting í miðju hólfs stendur fyrir 1.

– frequency modulation recording, FM recording

tíðnimótun kv.

Mótun þar sem tíðni er breytt.

– frequency modulation, FM

tíðnisía kv.

– bandpass filter

tíðnitvöfaldari kk.

Tæki sem tvöfaldar tíðni inntaksmerkis.

– doubler

tímabundin frávísun

(í *tölvupóstkerfi*) Það að *tölvupósti*³ er skilað til sendanda af því að pósturinn kemst ekki til skila þó að *viðtakandi* hafi fundist.

· Frávísunin getur t.d. orðið vegna óviðráðanlega mikils gagnamagns.

– soft bounce

tímabundin ógilding

(í *tölvuöryggi*) Það að *ógilda tímabundið*.

– suspension

tímabundin sýndarrás

(í *neti*) *Sýndarrás* sem komið er á og viðhaldið eingöngu á meðan gagnaflutningslota stendur yfir.

– switched virtual circuit, SVC¹

tímadeildur fjöldaáðgangur

Aðferð við *fjöldaáðgang* þar sem hverri *sendirás*, sem er hluti af sameiginlegri rás, er úthlutað sérstakri *tímalotu*.

– time division multiple access, TDMA

tímaeining kv.

Grunneining fyrir mælingu á tíma í tilteknu *tímahnitakerfi*.

– time unit

tímafjölrásun kv. → *tímafléttun*

tímafléttun kv.

*Fléttun*¹ þar sem nokkrum óháðum *merkjum*² er úthlutað aðskildum reglubundnum *tímalotum* til flutnings um sömu *sendirás*.

sh. *tímafjölrásun*

– time division multiplexing, TDM

tímaflækjustig hk.

Mælikvarði á þann tíma sem nauðsynlegur er til að leysa tiltekið verkefni.

- Tímaflækjustig er fundið eftir nákvæmri skilgreiningu á *flagsgögnum* og *algrími* þar sem lausnaraðferð er lýst.
 - Sjá einnig *flækjustig*.
- time complexity

tímagisti hk.

- Gisti* með gildum sem breytt er með jöfnu millibili á þann hátt að mæla megi tíma.
- timer, clock register

tímagreining kv.

- Það að leiða endurtekningartímamerki af mótteknu *stafrænu merki* með hliðsjón af því hvernig *tímaloturnar* eru endurteknaðar á reglubundinn hátt.
- timing recovery

tímagrunnur kk.

- Vigur* sem skilgreinir stefnu og hraða fyrir tíma í kvikmynd.
- time base

tímahnitakerfi hk.

- Hnitakerfi fyrir *tímagrunn*.
- Tímahnitakerfi hefur *tímakvarða* og *lengd*. Með þessum gildum er skilgreint hnitakerfi þar sem tímagildi eða tímagrunnur hefur merkingu.
- time coordinate system

tímakvarði kk.

- Fjöldi *tímaeininga* á sekúndu.
- time scale

tímalengd kv. → *lengd***tímalína** kv.

- timeline

tímalokun kv.

- Atburður sem er látinn gerast að tilteknum tíma liðnum.
- Unnt er að komast hjá tímalokun með því að senda viðeigandi *merki*². Unnt er að ógilda tímalokun með því að taka við viðeigandi merki um ógildingu.
- time-out

tímalota kv.

- Sérhvert endurtekningartímabil sem

- unnt er að greina og skilgreina á einræðan hátt.

- time slot, TS

tímamerki hk. → *klukkumerki***tímarás** kv.

- (á *gagnamiðli*) *Rás*¹ þar sem skráð er mynstur *merkja*² til samstillingar í tíma.
- sh. *tímarein*
- clock track

tímarein kv. → *tímarás***tímasamfesta** kv.

- Samfesta* þar sem þörf er á öllum athöfnum *forritseiningar* á tilteknum tíma.

- Dæmi: Forritseining sem hefur allar *frumstillingar forrits*.

- temporal cohesion

tímasetningaralgrím fyrir endursendingu

- Algrím*, notað í *CSMA/CD-neti* til þess að raða endursendingum eftir *árekstur*¹ þannig að endursendingunni sé frestað um tímabil sem er leitt af *sendibilinu*¹ og fjölda tilrauna til að endursenda.

- truncated binary exponential backoff

tímaskammtur kk.

- Tímaskeið *ferlis*² sem framkvæmt er órofið í *stýrikerfi* með *forgjafarfjölverkavinnslu*.

- *Verkraðarinn* er *keyrður* einu sinni á hverjum tímaskammti til að velja næsta ferli sem á að framkvæma. Ef tímaskammturinn er of stuttur gleypir verkraðarinn of mikinn vinnslutíma en ef hann er of langur getur svo farið að ferli bregðist of seint við ytri atburðum.

- sh. *tímasneið*

- time slice, time quantum

tímaskömmun kv.

- Vinnsluaðferð þar sem tveimur eða fleiri *ferlum*² er úthlutað tilteknum tíma til skiptis í sama *gjörva*.

- sh. *tímasneiðing*

- time slicing

tímasneið kv. → *tímaskammtur*

tímasneiðing kv. → *tímaskömmun*

tímasprengja kv.

Biðsprengja sem á að verða virk á tilteknum tíma.

– time bomb

tímastíppill kk.

Tímasetning *atburðar*, skráð af *tölvu*.

– timestamp

tímaveitir kk.

Forrit í *stýrikerfi* eða annar búnaður sem *veitir tíma*.

– dispatcher

tímavörður kk.

Tímagisti sem fylgist með því hvort *merki*² eða búnaður verða óvirk eða hvort svári seinkar fram yfir tiltekinn tíma.

· Að hinum tiltekna tíma liðnum getur tímavörðurinn sett viðvörunarbúnað í gang eða látið umframbúnað taka við starfi þess búnaðar sem fylgst er með.

– watchdog timer

tískuorð hk.

– buzz word

Tístill kk.

Vinsæll *félagsmiðill*.

· Það sem er sett á *vefinn* mætti kalla tíst og aðgerðina að setja tíst á vefinn mætti kalla að tísta.

– Twitter

TMQL

Heiti á efnistengdu *fyrirspurnarmáli* sem er *XML*-bundin stækkun á *SQL* og er þróað til nota fyrir *efnistengt kort*.

– Topic Map Query Language, TMQL

togtækni kv.

Tækni við dreifingu efnis á *veraldarvefnum* sem felst í því að *notandi*¹ þarf sjálfur að biðja um að efnið sé afhent í eigin *tölvu*.

· Sjá einnig *yítækni*.

– pull technology

tókabrautarnet hk.

Brautarnet þar sem notaðar eru *tóka-*

sendingarreglur.

– token-bus network

tókahringur hk.

Hringnet þar sem *tókasendingarreglur* eru notaðar til þess að senda *gögn* í eina átt milli *gagnastöðva* þannig að send gögn komi aftur til stöðvarinnar sem sendi þau.

– token-ring network

tókahringsetald hk.

Netald fyrir tölvuhóp í *tókahringseti*.

– multistation access unit, MAU²

tókahringur kk.

*Samskiptareglur*¹ í *staðarneti* sem eru í *greinalagi OSI*-viðmiðunarlíkansins.

– token ring

tókanet hk.

Staðarnet þar sem notaðar eru *tókasendingarreglur*.

Dæmi: *Tókahringur, tókabrautarnet*.

– token network

tókasendingarreglur kv. ft.

Tilteknar reglur sem stjórna því hvernig *gagnastöð* í *staðarneti* nær í *tóka*, notar hann og sendir hann áfram.

– token-passing protocol, token-passing procedure

tóki kk.

Tiltekinn hópur *bita* í hlutverki tákns sem sent er frá einni *gagnastöð* til annarrar til þess að segja til um hvaða stöð ræður yfir *flutningsmiðlinum* á hverjum tíma.

· Allar *upplýsingar*¹ eru fluttar með *römmum*¹. Í sumum er tóki og engin *notandagögn*, í öðrum eru gögn en enginn tóki.

– token

tól hk.

– tool

tólaborð hk.

sh. *tólarein*

– toolbar

tólarein kv. → *tólaborð*

tómatriði hk.

Atriði í *færslu*² sem úthlutað er rými en hefur ekkert gildi.

– null item

tómabendir kk.

*Bendir*³ sem bendir ekki á neinn *gagna-hlut*.

· Tómabendir er settur fram með heitunum „nil“, „null“ o.s.frv. í sumum *forritunarmálum*.

– null pointer

tómafærsla kv.

*Færsla*² sem úthlutað er rými en hefur ekkert gildi.

– null record

tómamengi hk.

– null set, empty set

tómamótald hk. → *tengiskott***tómastrengur** kk.

Strengur sem ekkert stak er í.

– null string

tómavistfang hk.

Vistfang í *ramma*¹ sem er ekki tengt neinni stöð.

· Tómavistfang er unnt að nota í viðhalds skyni.

– null address

tómur gagnamiðill

Gagnamiðill með viðmiðunarkerkjum en án *gagna*.

– empty medium

tóngervill kk. → *hljóðgervill***tónhlaða** kv.

Dæmi: Ein gerð tónhlaðu er *iPod* frá fyrirtækinu Apple.

sh. *spiladós, lófaspilari*

– portable digital audio player

tónrit hk.

Myndræn framsetning á *tali* þar sem sýndur er hljóðstyrkur við mismunandi tíðni sem fall af tíma.

– sonogram

tóntaki kk. → *hljóðtaki***traustafesta** kv. → *treystifesta***traustleiki kerfis**

Sá eiginleiki *gagnavinnslukerfis* að það gegnir starfsskyldu sinni en kemur jafnframt í veg fyrir að heimildarlausir notendur breyti *tilföngum* eða noti þau og að notendur með *heimild* geri óviðeigandi breytingar á *tilföngum* eða noti þau á óviðeigandi hátt.

– system integrity

treysta kv. → *treystifesta***treystifesta** kv.

(í *tölvuöryggi*) Áreiðanlegt *einindi*¹ sem er uppruni trausts í *dreiflyklaveldi*.

· Treystifesta er t.d. notuð í *dreiflyklaskipulagi*. Þegar *treystikeðja* er fyrir hendi verður efsta einindið í keðjunni venjulega treystifesta og getur t.d. verið *rafrænt skilríki vottunarstöðvar* eða sjálfvottað *rótarskilríki*. *Dreiflykill* treystifestunnar er notaður til þess að *sannprófa stafrænar undirskriftir* og tengd *gögn*.

sh. *treysta, traustafesta*

– trust anchor

treystikeðja kv.

(í *tölvuöryggi*) Raðaður listi sem hefur að geyma keðju vottorða, allt frá vottorði notanda til *treystifestu*.

– chain of trust

treystir kk.

(í *tölvuöryggi*) Viðtakandi vottorðs sem treystir á vottorðið og/eða *rafræna undirskrift* sem er staðfest með því.

– relying party

treystislóð kv.

(í *tölvuöryggi*) Umbúnaður sem tryggir að notandi hafi samskipti við réttan aðila og tryggir að *tölvuþrjótur* geti ekki komist yfir eða breytt sendum *upplýsingum*¹.

– trusted path

treystiprep hk.

(í *tölvuöryggi*) Prep í *treystikeðju*.

– trust point

tré hk.

Gagnaskipan, gerð af *hnútum*³ sem eru tengdir saman í *stigveldi*, þannig að stigveldið hefur aðeins einn *rótarhnút* og hver hnútur hefur í mesta lagi einn *móðurhnút*.

sh. *hrísla*, *hrísluskipan*

– tree, rooted tree, tree structure

trjáleit kv.

*Leit*¹ í *tré* þar sem unnt er að ákveða á hverju stigi leitarinnar hvaða hluta trésins má útiloka án frekari leitar.

sh. *hrísluleit*

– tree search

troðraðar- fl.

Sem lýtur að *troðröð*.

· Sjá einnig *biðraðar*-.

– LIFO

troðröð kv. → *stafl***trójuhestur** kk.

Forrit sem virðist skaðlaust, en hefur í sér *spilliforrit* sem leyfir heimildarlausu söfnun, fölsun eða eyðileggingu *gagna*.

– Trojan horse

TrueType-leturgerð kv.

Tiltekinn staðall um *leturgerð*.

– TrueType font

truflanaferill kk.

Skrá yfir starfsemi búnaðar sem *gætir*¹ hefur tínt saman og þar sem fram koma *upplýsingar*¹ um hvað gerðist rétt áður en *galli* kom í ljós.

– fault trace

trumba kv. → *segultrumba***trumbuprentari** kk.

Höggprentari þar sem letrið er fest á sívalning sem snýst. Á sívalningnum er heilt *stafamengi* til reiðu fyrir hverja prentstöðu.

– drum printer

trúaratriði hk.

(í *gervigreindarfræði*) Staðhæfing um fyrirbæri í raunheiminum eða skilningsheiminum þar sem sannleiksgildi staðhæfingarinnar er mælt með *vissustuðli*.

· Trúaratriði auðvelda mönnum að komast að niðurstöðu út frá ófullkominni þekkingu.

· Líta má á trúaratriði með háan vissustuðul sem *staðreynd*.

– belief

trúnaðar- fl.

– confidential

trúnaðarstaðfesting kv.

(í *tölvuöryggi*) *Heimilun* og samþykki sem til þess bært yfirvald veitir *gagnavinnslukerfi*, *tölvuneti*, fyrirtæki, stofnun eða einstaklingi til þess að vinna úr *viðkvæmum upplýsingum* eða *gögnum*.

– accreditation

trúnaðarstig hk.

Eiginleiki *gagna* sem sýnir að hve miklu leyti einstaklingum, *ferlum*¹ eða öðrum heimildarlausum *einindum*¹ er meinaður *aðgangur*¹ að gögnumum.

– confidentiality

tryggileg einmenningstölva

– trusted PC

tryggilegt tölvukerfi

Tölvukerfi sem veitir nægilegt *tölvuöryggi* til þess að leyfa notendum með ólíkan *aðgangsrétt samskeiða aðgang*¹ að *gögnum* og til þess að leyfa aðgang að gögnum í ólíkum *öryggisflokkum* og með ólíka *öryggisflokkun*.

sh. *átreystanlegt tölvukerfi*

– trusted computer system

TTL

Tækni við hönnun *samrása*.

– TTL, Transistor-Transistor Logic

tuga⁻¹ fl.

(um *eingrunnskerfi*) Sem hefur *grunn-töluna* tíu.

– decimal¹, denary¹

tuga⁻² fl.

Sem er ákvarðaður af vali eða skilyrði sem hefur tíu hugsanleg gildi eða horf.

– decimal², denary²

tugabrotskil hk. ft.

Brotskil í *tugakerfinu*.

- Tugabrotsskil má setja fram með ýmsum hætti, með kommu, með venjulegum punkti eða með punkti í miðri stafahæð. Í alþjóðlegum stöðlum er notuð komma.
- decimal point

tugafylling kv. → *tugafyllitala*

tugafyllitala kv.

Grunnfyllitala í tugakerfinu.

- Sjá einnig *einundafyllitala* og *tvíundafyllitala*.

sh. *tugafylling*

- tens complement

tugakerfi hk.

Eingrunnskerfi þar sem notaðir eru *tölustafirnir* 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 og 9, *grunntalan* er tíu og einingasætið hefur *vægi*¹ 1.

Dæmi: Í tugakerfi stendur *tölutáknið* 576,2 fyrir töluna $5 \times 10^2 + 7 \times 10^1 + 6 \times 10^0 + 2 \times 10^{-1}$.

- decimal system, decimal numeration system

tugakerfistala kv.

Tölutákn í tugakerfinu.

- Orðið tugakerfistala er oft stýtt í tugatala.

- decimal numeral

tugaritun kv.

Ritunarkerfi þar sem notaðir eru tíu mismunandi *stafir*, venjulega *tölustafirnir* 0 til og með 9.

- Tugaritun er ekki takmörkuð við *tugakerfið* þar sem notaðir eru tölustafirnir 0 til og með 9.

Dæmi: Líta má svo á að *stafastrengurinn* 199912312359 sýni dagsetningu og tíma einni mínútu áður en árið 2000 hófst.

- decimal notation

tugatölulesgildi hk.

Tölulesgildi, notað til þess að setja fram tölu í *tugakerfinu*.

- decimal literal

tugatölustafur kk.

Einn *tölustafanna* 0, 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 og 9 þegar þeir eru notaðir í *tugakerfinu*.

- decimal digit

tunnubjögun kv.

Bjögun sem er þannig að allar hliðar á mynd² svigna út á við eins og stafir í tunnu.

- Bjögunin getur stafað af því að það dregur úr raunverulegri stækkun þar sem punktar á myndinni hreyfast í áttina frá myndmiðju.

- barrel distortion

Turing skynpróf

Próf sem er hannað til þess að greina á milli manns og *sjálfvirks forrits* með því að setja fyrir verkefni sem maður getur oftast leyst en erfitt eða tímafrekt er fyrir *yrkja* að ljúka.

- Enska *skammstöfunin* CAPTCHA stendur fyrir „Completely Automated Public Turing Test to tell Computers and Humans Apart“. Turing skynprófið er oft þannig að sýnd er afbökun mynd af stafarunu. Manneskja á venjulega auðvelt með að greina stafina og slá þá inn. Yrki getur greint að um mynd sé að ræða en getur ekki greint stafina rétt.

- CAPTCHA

túlka so.

Greina, *þýða*¹ og *inna* hverja *setningu*¹ eða einingu í *frumforriti* áður en næsta setning eða eining er tekin fyrir.

- interpret

túlkaður lo.

- Sjá einnig *túlka*.

- interpreted

túlkskóti kk.

*Kóti*², settur fram í formi sem *túlkur* getur lesið úr og unnið úr.

- interpretive code

túlkur kk.

Forrit sem getur *túlkað*.

– interpreter², interpretive program

tveggja vistfanga skipun

*Skipun*¹ sem hefur tvo *vistfangshluta* og í hinum síðari *vistfang* þeirrar skipunar sem á að *inna* næst.

Dæmi: Skipun um að setja það sem er á *geymslustað A* í *innra minni* og *inna* síðan skipun sem er á *geymslustað B*.
– one-plus-one address instruction

tvinna so.

Sameina atriðin úr tveimur eða fleiri mengjum *gagna*, sem öll eru í sams konar *röð*, í eitt mengi í þeirri *röð*.

sh. *fella saman*¹

– merge

tvinntala kv.

Tala sem unnt er að setja fram sem raðtvennd af *rauntölum* og rita *a + bi*, þar sem *a* og *b* eru rauntölur og $i^2 = -1$.

– complex number

tvinnuð lína

Flutningsmiðill sem í eru tveir einangraðir rafleiðarar, snúnir saman.

– twisted pair

tvinnuð lína í kápu

Tvinnuð lína sem er í kápu.

– shielded twisted pair

tvíátta keðjulist

Keðjulist þar sem hverju staki fylgja *upplýsingar*¹ til þess að finna næsta stak á undan í listanum.

sh. *tvíátta listi*

– symmetrical list, bidirectional list

tvíátta leit

Leit sem hefst samtímis með *framvirkri ályktun* og *afturvirkri ályktun* og hættir þegar leitarleiðirnar koma saman í *lausnarrýminu* eða þegar allir möguleikar hafa verið tæmdir.

– bidirectional search

tvíátta listi → *tvíátta keðjulist***tvíátta prentari**

Stafaprentari þar sem unnt er að beita *tvíátta prentun*.

– bidirectional printer

tvíátta prentun

Það að prenta til skiptis frá vinstri til hægri og frá hægri til vinstri.

· Þannig má komast hjá *vendingu* svo að prentun gengur hraðar en ella.

– bidirectional printing

tvíátta röð

Listi þar sem unnt er að bæta við og *sækja*¹ stök á báðum endum.

– dequeue, double-ended queue

tvíátta teljari

Búnaður sem hefur endanlega mörg horf þar sem hvert horf stendur fyrir tölu sem auka má eða minnka með tölunni einum eða tilteknum *fasta* ef við-eigandi *merki*² er gefið.

– reversible counter

tvífald hk.

*Afrit*¹, tekið af einum *gagnamiðli* á annan sams konar.

sh. *tvítak*

– duplicate¹

tvífalda so.

Afrita af einum *gagnamiðli* á annan sams konar.

Dæmi: *Afrita skrá* af *segulbandi* á annað segulband.

– duplicate²

tvífimmundakóti kk.

Ritunarkerfi þar sem hver tala *n* frá 0 til 9 er sett fram með tölutáknatvenndinni *a, b* þar sem *a* er 0 eða 1, *b* er 0, 1, 2, 3 eða 4 þannig að *summan* af $5a+b$ er jöfn og *n*.

· Yfirleitt eru *a* og *b* sett fram í *tvíundakerfinu*.

– biquinary code

tvígisti hk.

Tvö *gisti* sem starfa eins og eitt gisti.

· Tvígisti má nota til þess að geyma *útkomu* úr margföldun, deild og afgang í deilingu og fyrir *stjak* í úrvinnslu *stafa*.

– double-length register, double register

tvíhama lo.

- dual-mode

tvíhliða disklingur

*Disklingur*¹ sem skrá má gögn báðum megin á.

- double-sided diskette

tvíhverf umskráning

Umskráning skjals frá einu sniði yfir í annað, t.d. frá Word yfir í *HTML* og aftur til baka.

- roundtripping

tvílit mynd

- duotone

tvílykla dulritun

(í *tölvuöryggi*) *Dulritunaraðferð* þar sem tveir mismunandi *dulmálslyklar* eru notaðir, *dreiflykill* fyrir *dulritun* og samsvarandi *einkalykill* fyrir *dulráðningu*.

- Tvílykla dulritun er alltaf *ósamhverf dulritun*.

sh. *lyklavennardulritun*, *lyklaparsdulritun*

- key-pair encryption

tvímyndarkerfi hk.

(í *sýndarveruleika*) Sjónkerfi, hannað til þess að framkalla þrívíð hughrif, venjulega með því að birta vinstra og hægri auga mismunandi myndir.

Dæmi: (1) „Anaglýfa“, þar sem mislitar linsur valda því að hvort auga sér hvora mynd í samstæðunni á örlytið mismunandi hátt. (2) *Deiliskjár*, þar sem linsur eða speglar beina sérstakri mynd til hvors auga.

- time parallel system

tvípúlsta skráning

Fasamótuð skráning með ósegluð svæði sitt hvorum megin við segluðu svæðin.

- double-pulse recording

tvíræðni kv.

Skilyrt óreiða tiltekens mengis *skeyta*¹ hjá *skeytagjafa* að gefnu tilteknu mengi *skeyta* hjá *skeytaþega* sem er tengdur

skeytagjafanum með tiltekinni *rás*².

- *Tvíræðni* er meðalviðbót við þá *upp lýsingamæld* sem þarf að nota við hvert skeyti sem skeytaþegi tekur við til þess að leiðrétta þau skeytanna sem *sud* í *rás* hefur haft áhrif á.

- equivocation

tvískauta sending

- bipolar signaling, bipolar transmission

tvískauta smári

- bipolar transistor

tvísmella so.

Smella tvisvar með örstuttu millibili.

- Þetta er algeng aðferð við notkun *benditækis*, t.d. *músar*, til þess að velja eitthvert atriði og koma af stað aðgerð, t.d. að velja *forrit* og setja það í gang.

- double-click

tvístefnuleið kv.

*Leið*¹ í *leiðariti* sem fara má í hvora áttina sem er.

- bidirectional flow

tvístefnusamskipti á víxl

Gagnafjarskipti þar sem *gögn* eru flutt í gagnstæðar áttir en aðeins í aðra áttina í einu.

- two-way alternate communication

tvístefnusamskipti samtímis

Gagnafjarskipti þar sem *gögn* eru flutt samtímis í gagnstæðar áttir.

- two-way simultaneous communication

tvístefnusending kv.

Gagnasending í gagnstæðar áttir samtímis.

- Sjá einnig *einstefnusending*.

- duplex transmission, full-duplex transmission

tvístefnusending milli diska

Diskaspeglun með sérstökum *tækjastjóra* fyrir hvern *disk*¹.

- disk duplexing

tvístefnusímboði kk.

- Sjá einnig *símboði* og *einstefnusímboði*.
- two-way pager

tvístefnutengibraut kv.

Tengibraut þar sem flytja má gögn til og frá *miðverki*.

- Einnig eru send sérstök *merki*² til þess að láta tæki, tengd brautinni, vita í hvora átt er sent hverju sinni.
- Sjá einnig *einstefnutengibraut*.
- bidirectional bus

tvístraður lo.

- Sjá einnig *tvístur*.
- sh. á *tvístri*
- fragmented

tvístrengja staðarnet á breiðbandi

Staðarnet á breiðbandi sem notar aðgreinda strengi fyrir *framrás í staðarneti* og *bakrás í staðarneti*.

- dual-cable broadband LAN

tvístringur kk. → *tvístur***tvístrun** kv.

- fragmentation¹

tvístur hk.

Það ástand á *diski*¹ að *skrár* eru í mörgum hlutum eða eyður eru á milli skráa.

- Til dæmis má tala um að mikið *tvístur* sé á disk, að *skrá* sé á *tvístri* eða að *skrár* séu *tvístraðar* um diskinn.

sh. *tvístringur*

- fragmentation²

tvístæð aðgerð

*Aðgerð*¹ sem hefur nákvæmlega tvo *þolendur*.

- Heitið „binary operation“ ber að varast til þess að forðast rugling við „binary arithmetic operation“ og við „Boolean operation“.
- Sjá einnig *einstæð aðgerð*.
- dyadic operation, ?binary operation²

tvístæð rökaðgerð

*Rökaðgerð*³ sem verkar á nákvæmlega tvo *þolendur*.

- dyadic Boolean operation, ?binary

Boolean operation

tvístæður virki

Virki sem felur í sér *aðgerð*¹ á nákvæmlega tveimur *þolendum*.

- Sjá einnig *einstæður virki*.
- dyadic operator, binary operator

tvístöðug gikkrás

Gikkrás sem hefur tvær *stöðugar stöður*¹.

- Sjá einnig *einstöðug gikkrás*.
- sh. *vippa*, *vippurás*
- bistable trigger circuit, bistable circuit, flip-flop

tvítak hk. → *tvífold***tvíunda**⁻¹ fl.

(um *eingrunnskerfi*) Sem hefur *grunn-töluna* tvo.

- binary¹

tvíunda⁻² fl.

Sem er ákvarðaður af vali eða skilyrði sem hefur tvö hugsanleg gildi eða horf.

- binary²

tvíundaaðgerð kv. → *tvíundatalnaaðgerð***tvíundaflikki** hk.

Stór *skrá*, t.d. myndskrá eða *hljóðskrá*, sem þarf sérstaka meðferð vegna stærðarinnar.

- binary large object, BLOB

tvíundaformfræði kv.

Beiting *stærðfræðilegrar formfræði* á *tvíundamyndir*.

- binary morphology

tvíundaforskeyti hk.

Talnaforskeyti í *tvíundakerfinu*, t.d. kíbi-, mebi-, gíbi-, tebi-, pebi- og exbi- sem samsvara forskeytunum kíló-, mega-, gíga-, tera-, peta- og exa- í *tugakerfinu* og hafa svipuð gildi.

- Forskeytið kíbi- hefur til dæmis tölugildið $2^{10} = 1024$ og mebi- tölugildið $2^{20} = 1\,048\,576$.
- binary prefix multiplier

tvíundafylling kv. → *tvíundafyllitala*

tvíundafyllitala kv.

Grunnfyllitala í tvíundakerfinu.

- Sjá einnig *einundafyllitala* og *tugafyllitala*.

sh. *tvíundafylling*

- twos complement

tvíundageymsluhólf hk.

Eining í *geymslu*¹ þar sem *geyma*² má einn *tvíundastaf*.

- binary cell

tvíundahrísla kv. → *tvíundatré***tvíundakerfi** hk.

Eingrunnskerfi þar sem notaðir eru *tölustafirnir* 0 og 1, *grunntalan* er tveir og einingasætið hefur *vægi*¹ 1.

Dæmi: Í tvíundakerfi stendur *tölutákn* 110,01 fyrir töluna „6,25“, þ.e. $1 \times 2^2 + 1 \times 2^1 + 1 \times 2^{-2}$.

- binary system, binary numeration system

tvíundakerfistala kv.

Tölutákn í tvíundakerfinu.

- Orðið tvíundakerfistala er oft stytt í tvíundatala.

Dæmi: 101 er tvíundakerfistala og V er jafngild rómversk tala.

sh. *tvíundatala*

- binary numeral

tvíundakótað mengi

Kótamengi þar sem stökin eru fengin úr *stafatvíund*.

- binary code element set, binary code set

tvíundakóti kk.

Kótunarregla sem leiðir af sér *tvíundakótað mengi* þegar hún er notuð.

- binary code

tvíundakótuð ritun

Tvíundarritun þar sem hver *stafur* er settur fram með *tvíundakerfistölu*.

- binary-coded notation

tvíundakótuð tugaritun

Tvíundakótuð ritun þar sem hver *tugastafur* er settur fram með *tvíundakerfistölu*.

Dæmi: Sé notuð tvíundakótuð tugaritun með *vægin*¹ 8-4-2-1 stendur 0010 0011 fyrir töluna 23 „tuttugu og þrír“. Í *tvíundakerfinu* er þessi tala skrifuð sem 10111.

- binary-coded decimal notation, BCD notation, binary-coded decimal representation

tvíundamerki hk.

Stafrænt merki þar sem hvert *merkjastak* hefur annað tveggja leyfilegra *stakrænna* gilda.

- binary signal, binary digital signal

tvíundamynd kv.

(í *tölvusjón*) *Mynd*², gerð af *dílum* sem nota aðeins tvö gildi.

- binary image

tvíundarritun kv.

Ritunarkerfi þar sem notaðir eru tveir ólíkir *stafir*, oft *tölustafirnir* 0 og 1.

- Tvíundarritun er ekki takmörkuð við *tvíundakerfið* þar sem notaðir eru tölustafirnir 0 og 1.

Dæmi: S (satt) eða Ó (ósatt), J (já) eða N (nei).

- binary notation

tvíundaskrá kv.

- binary file

tvíundastafastrengur kk.

Strengur, gerður úr *stöfum* úr *stafatvíund*.

- binary character string

tvíundastafur kk.

Stafur í stafatvíund.

Dæmi: (1) S (sannur) eða Ó (ósannur). (2) J (já) eða N (nei).

- binary character

tvíundatala kv. → *tvíundakerfistala***tvíundatalnaaðgerð** kv.

Reikningsaðgerð þar sem *þolendur* og *útkoma* eru sett fram í *tvíundakerfi*.

- Heitið „binary operation“ ber að varast til þess að forðast rugling við „dyadic operation“ og „Boolean operation“.

sh. *tvíundaaðgerð*

– binary arithmetic operation, ?binary operation¹

tvíundatré hk.

Raðað tré þar sem hver *hnútur*³ hefur í hæsta lagi tvo aðra beint undirskipaða hnúta.

sh. *tvíundahrísla*

– binary tree

tvíundatölustafur kk. → *biti*

tvíveldislögmál hk.

– inverse square law

tvívistarSKIPUN kv.

*Skipun*¹ sem hefur tvo *vistfangshluta*.

· Sjá einnig *einvistarskipun* og *fjölvistarskipun*.

Dæmi: Skipun um að bæta því sem er á *geymslustað* A við það sem er á *geymslustað* B.

– two-address instruction, double-operand instruction

tvívíð myndeind → *díll*

tvívéttur disklingur

*Disklingur*¹ þar sem *gögn* eru skráð helmingi þéttar en á *einþéttan diskling*.

· Sjá einnig *rammþéttur disklingur*.

– double-density diskette

tvívéttur geisladiskur

– double-density compact disk, DD CD

tvívætt sannvottun

Sannvottun þar sem krafist er tvenns konar sannana um að einhver sé sá sem hann segist vera.

· Til greina koma tveir þættir af þessum þremur: (1) eitthvað sem einstaklingur veit (t.d. *aðgangsorð*), (2) eitthvað sem einstaklingur hefur (t.d. skírteini eða húslykill), (3) *lífkeni* einstaklings. Algengt dæmi um tvívætta sannvottun er að sýna þurfi kort og um leið láta í té einhvers konar *aðgangsorð*.

– two-factor authentication

tvöfaldur samása strengur

Samása strengur með tvo innri víra.

– twinaxial cable

tvöföld biðvistun

Það að nota tvö *biðminni* svo að setja megi í annað á meðan hitt er tæmt.

– double buffering

tvöföld stafanákvæmni

Stafanákvæmni þar sem notuð eru tvö *tölvuorð* við framsetningu talna.

– double precision

tylfta⁻¹ fl.

(um *eingrunnskerfi*) Sem hefur *grunn-töluna* tólf.

– duodecimal¹

tylfta⁻² fl.

Sem er ákvarðaður af vali eða skilyrði sem hefur tólf hugsanleg gildi eða horf.

– duodecimal²

tækishnit hk.

(í *tölvuteiknun*) Hnit í hnitakerfi sem skilgreint er fyrir tiltekið tæki.

– device coordinate

tækisrými hk.

(í *tölvuteiknun*) Rými, skilgreint sem allir *vistpunktar* *birtis*.

– device space

tækisvörpun kv.

Hnitaskipti frá *stöðluðu tækishniti* yfir í *tækishnit*.

– device transformation

tækjarekill kk.

Forrit eða *forritshluti* sem stjórnar tilteknu *ílags*- eða *frálagstæki*.

– device driver

tækjastjóri kk.

Búnaður sem stýrir einni eða fleiri *boðrásum*.

– input-output controller, IOC, controller

tækjastýristafur kk.

Stýristafur, notaður til þess að til-taka stýriaðgerðir fyrir *fylgitaeki gagnavinnslukerfis*.

· Tækjastýristöfum er lýst í stöðlunum ISO/IEC 10646-1 og ISO 6429.

– device control character

tækjavenslastjóri kk.

Hugbúnaður fyrirtækis til að vakta, stjórna og *þjónusta*² forritanleg tæki um lýðnetið.

– device relationship management, DRM²

tækniferli hk.

Mengi aðgerða sem tiltekinn búnaður framkvæmir og þar sem fylgst er með breytingum á eðlisstærðum eða þeim stjórnað.

Dæmi: (1) Eiming og þétting í hreinsunarstöð. (2) Sjálfstýring og sjálfvirk lending flugvélar.

sh. *ferli*³

– technical process, process³

tæling kv. → *tálbeiting***tæmishol** hk.

Holrúm í *segulbandsdrift* þar sem haldið er lægri loftþrýstingi til þess að draga niður lykkju af *segulbandinu* á milli *spólubols* og drifs.

– vacuum column

tætiaðferð kv.

Aðferð til þess að reikna *vistfang* út frá *lykli*¹.

· *Tætifall* er notað til þess að reikna *vistfangið*.

– hash method

tætifall hk.

(í *tætingu*) Fall, notað til þess að ákvarða sæti tiltekins atriðis í mengi atriða.

· Tætifallið verkar á tiltekið *svæði*¹, *lykilinn*¹, í hverju atriði. Tætifallið *varpar* venjulega mörgum lyklum í einn tiltekinn lykil.

– hash function

tætigildi hk.

Tala sem *tætifall* skilar til þess að vísa á sæti tiltekins atriðis í *geymslu*¹.

– hash value

tætting kv.

Aðferð við að breyta *leitarlykli* í *vistfang* til þess að *geyma*¹ gögn og heimta

þau.

· Aðferðin er oft hönnuð til þess að stytta leitartíma.

– hashing, hash addressing

tætisumma kv.

Útkoma sem fæst með því að beita tilteknu *algrími* á safn ósamstæðra *gagna* til þess að athuga hvort þau eru rétt.

Dæmi: Samtala sem fæst með því að fara með *gagnastök*¹ sem tölur.

– hash total

tætitafla kv.

*Tafla*¹ yfir *tætivistföng*.

– hash table

tætistöfluleit kv.

*Leit*¹ þar sem *vistfang* *geymslustaðar* *gagnastaks*¹ er fengið úr *tætistöflu* og viðeigandi aðferðum er beitt ef *vistföng* rekast á.

– hash table search

tætivistfang hk.

Vistfang, reiknað út frá *lykli*¹ með *tætifalli*.

– hash address

töflualgebra kv.

Algebra fyrir framsetningu og meðferð á *töflum*².

· Venjulegar *aðgerðir*¹ í töflualgebru eru *dálkaval*, *línuval*², *töflutenging*, mengjamargföldun og að finna sammengi, sniðmengi og mismun mengja. *Þolendur* eru heilar töflur og útkoman er ný tafla.

sh. *venslaalgebra*

– relational algebra

töfluflokkur kk.

Allar *töflur*² sem hafa sama mengi *eiginda*¹.

· Töfluflokkur má setja fram með mengi eigindaheita.

sh. *venslaflokkur*

– relation class

töflugagnasafn hk.

Gagnasafn þar sem *gögn* eru skipulögð í *töflur*².

sh. *venslagagnasafn*

– relational database

töflugagnasafnskerfi hk.

Gagnasafnskerfi, hannað fyrir *töflugagnasafn*.

sh. *venslagagnasafnskerfi*

– relational database management system, RDBMS

töflugerðarvél kv.

Tæki sem *les gögn* af *gagnamiðli*, t.d. *gataspjöldum*² eða *gataræmum*², og býr til *lista*, *töflur*¹ eða *summur*.

– tabulator

töfluleit kv.

Það að *sækja*¹ í *töflu*¹ gildi sem samsvarar tilteknu *frumgildi*.

– table look-up

töflulíkan hk.

*Gagnalíkan*¹ með skipulag sem er byggt á mengi *tafna*².

sh. *venslalíkan*

– relational model

töflumál hk.

Gagnasafnsmál, notað til þess að fá aðgang¹ að *töflugagnasafni*, leggja fyrirspurnir fyrir það og breyta því.

sh. *venslamál*

– relational language

töflureikningur kk.

Töflumál, dregið af umsagnareikningi (e. „predicate calculus“) og notað til þess að setja fram og skilgreina nýjar *töflur*², dregnar af töflum sem þegar eru fyrir í tilteknu *gagnasafni*.

sh. *venslareikningur*

– relational calculus

töflureiknir kk.

Forrit sem *birtir*¹ *töflu*¹ með reitum. Ef efni eins reits er breytt getur það orðið til þess að efni annars reits eða annarra reita er endurreiknað í samræmi við tengsl sem notandi hefur skilgreint á milli reitanna.

• Töflureiknir vinnur úr *gögnum* í svokölluðum *reiknivangi* og taflan sem

birtist notanda er sýn hans á hluta reiknivangsins.

– spreadsheet program

töfluskipan kv.

Skipan *gagna* þar sem gögnin eru skipulögð sem *töflur*².

sh. *venslaskipan*

– relational structure

töflutenging kv.

Aðgerð í *töfualgebru* þar sem búin er til ný *tafla*² úr tveimur eða fleiri töflum sem hafa sameiginleg *gildamengi* fyrir einn eða fleiri *dálka*² hverrar töflu.

• Aðgerðin felst í mengjamargföldun taflnanna ásamt því að taka saman þær línur úr upprunalegu töflunum sem hafa sömu gildi í sameiginlegu gildamengjunum.

sh. *samtenging*³

– join

tök hk. ft.

Ráð til þess að fara inn í *sýndarheim* og gera hann þannig að hluta af reynsluheimi þátttakanda.

– affordance

TÖK → *evrópskt tölvuskírteini*

tölfraðileg tímafléttun

Tímafléttun þar sem hverju *merki*² er úthlutað tíma eftir þörfum, sem eru reiknaðar út á hverri stundu. Aðferðinni fylgir sú áhætta að þörf allra merkja fyrir tíma getur stundum farið fram úr heildararkastagetu *sendirásarinnar*.

– statistical time division multiplexing, STDM

tölu- fl. → *tölulegur*

tölubundin ítrekun

Ítrekunaradferð þar sem *inningu lykkju*¹ lýkur eftir tiltekinn fjöldi *ítrekana*.

Dæmi: „Do“-lykkja í *Fortran*.

– fixed-count iteration

tölufyllir kk.

Búnaður sem tekur við tölu og skilar *füllitölu* hennar.

– complementer

töluþjarni kk.

(í *hlaupakommuritu*) Tölutákn sem er margfaldað með undirskildum *hlaupakommustofni* í gefnu veldi til þess að ákvarða *rauntöluna* sem sett er fram.

Dæmi: Sjá dæmið með hugtakinu *hlaupakommuritu*.

sh. *kjarni*³

– mantissa²

töluleg framsetning

Stakræn framsetning gagna með *tölutáknum*.

– numeric representation

töluleg gögn

Gögn, sett fram með *tölutáknum*.

– numeric data

töluleg stýring

Sjálfvirk stýring verkfæra eða iðnaðarferla, gerð í tæki sem notar *tölustafakótadár skipanir*² á meðan verkfærin eru að starfi eða ferlin í gangi.

· Skipanir fyrir tölulega stýringu er unnt að búa til með kerfi *tölvustuddrar hönnunar og framleiðslu* og setja á *gagnamiðil* sem stýrir verkfæri eða iðnaðarferli.

– numerical control, NC

töluleg stýring með tölvu

Töluleg stýring þar sem *sérnota tölvu* er notuð til að *geyma*² og gefa sumar eða allar grunnskipanir fyrir tölulega stýringu á meðan verkfæri eru í notkun eða *ferli*¹ í gangi.

· Sérnota tölvu gefur einnig kost á að *gögn* séu færð inn á staðnum.

– computer numerical control, CNC

tölulegur lo.

(um *gögn*, *ferli*¹ og búnað.) Sem er settur fram með *tölutáknum* eða notar *gögn*, sett fram á þennan hátt.

sh. *tölu-*, *talna-*

– numeric, numerical

tölulesgildi hk.

Lesgildi sem er gert úr *tölustöfum*

og öðrum *stöfum*, sem notaðir eru við *talnaritu*, og hentar í venjulegum *reikningsaðgerðum*.

– numeric literal

tölustafakótað mengi

Kótamengi þar sem stökin eru fengin úr *tölustafamengi*.

– numeric code element set, numeric code set

tölustafakóti kk.

Kótunarregla sem leiðir af sér *tölustafakótað mengi* þegar hún er notuð.

– numeric code

tölustafamengi hk.

Stafamengi sem í eru *tölustafir* og e.t.v. *sérstafir*, en ekki *bókstafir*.

– numeric character set

tölustafaorð hk.

Orð sem í eru *tölustafir* og e.t.v. *bilstafir* og *sérstafir*.

– numeric word

tölustafastrengur kk.

Strengur, gerður úr *stöfum* úr *tölustafamengi*.

– numeric string

tölustafshnappur kk.

Hnappur, merktur *tölustaf*.

– numeric key

tölustafur kk.

Stafur sem stendur fyrir *náttúrlega tölu*.

· Stærðfræðihugtakið „náttúrleg tala“ táknar allar *heilar tölur* sem eru ekki neikvæðar.

Dæmi: Einn stafanna 0 til 9 og A til F í *sextándakerfinu*.

– digit, numeric character

tölutag hk.

Kverðutag þar sem hvert tilvik stendur fyrir *heila tölu* eða nálgun *rauntölu*.

– numeric type

tölutákn hk.

Stakræn framsetning tölu.

· Orðið *tölutákn* er oft stýtt í tala.

Dæmi: Eftirfarandi fjögur *tölutákn* standa fyrir sömu *tölu*:

tólf (íslenskt töluorð),
12 (í *tugakerfinu*),
XII (með rómverskum tölum),
1100 (í *tvíundakerfinu*).

– numeral

tölva kv.

Búnaður sem getur gert flókna útreikninga, þar á meðal fjölmargar *reikningsaðgerðir* og *rökadgerðir*¹, án manlegra afskipta.

- Tölva getur ýmist verið ein *sjálfstæð* eining eða samsafn nokkurra samtengdra tækja.
- Í *gagnavinnslu* er með heitinu tölva venjulega átt við *stafræna tölvu*.

sh. *rafreiknir*

– computer

tölva af annarri kynslóð

Tölva þar sem *smárar* komu í stað raf-eindalampa sem voru í *tölvum af fyrstu kynslóð* svo að þær minnkuðu, þurftu minna rafmagn en urðu afkastameiri og áreiðanlegri. Byrjað var að nota *seguldiska* sem *ytri geymslu*.

- Tímabil tölva af annarri kynslóð er talið hefjast rétt fyrir 1960. Dæmi um tölvur af annarri kynslóð eru Atlas, IBM 1401 og IBM 1620.

– second-generation computer

tölva af fimmtu kynslóð

Tölva af þeirri kynslóð sem kennd er við notkun *örgjörva* með *mjög þéttum samrásum*, *högun* þar sem notaðir eru fleiri en einn *gjörvi*, enn fremur *ílags- og frálagsstæki* sem skilja talað mál og geta talað.

- Tímabil tölva af fimmtu kynslóð er talið hefjast skömmu eftir 1990.

– fifth-generation computer

tölva af fjórðu kynslóð

Tölva þar sem *samrásir* eru meira notaðar en í *tölvum af þriðju kynslóð*. Þær eru því minni um sig og þeim fylgja ódýrar *ytri geymslur*.

- Tímabil tölva af fjórðu kynslóð er tal-

ið hefjast um 1980.

– fourth-generation computer

tölva af fyrstu kynslóð

Fyrirferðarmikil *tölva* þar sem notaðir voru rafeindalampar, *geymslur*¹ höfðu litla *geymslurýmnd*, t.d. *stöðurafsgeymslur* og *segultrumbugeymslur*, og *segulbönd* voru notuð sem *ytri geymsla*.

- Tölvur af fyrstu kynslóð voru framleiddar á árunum milli 1950 og 1960. Fyrstu vélarnar voru EDSAC, EDVAC og fyrsta ENIAC-tölvun. Fyrstu tölvurnar sem voru framleiddar fyrir almennan markað voru LEO og UNIVAC 1.

– first-generation computer

tölva af þriðju kynslóð

Tölva þar sem *þéttar samrásir* komu í stað *smára* svo að hún var fyrirferðarminni en *tölva af annarri kynslóð*.

- Tímabil tölva af þriðju kynslóð er talið hefjast nokkru fyrir 1970. Búnar voru til syrpur af tölvum, t.d. ICL 1900 og IBM 360, þar sem unnt var að fá margbreytileg tæki sem voru samtengjanleg.

– third-generation computer

tölvvari kk.

Maður sem hefur umsjón með *tölvu*, svarar *stýrikerfi* og fjartengdum notendum í skiptivinnslukerfum og lætur tölvuna vinna tiltekin verk.

– computer operator, operator²

tölvuauga hk. → vefmyndavél

tölvubréf hk. → skeyti²

tölvufimi kv.

Athæfi *tölvugarps*.

sh. *hjakk*¹, *tölvuhjakk*¹

– hacking¹

tölvufisja kv.

Örfilma sem á eru *gögn*, mynduð með *tölvuörmyndavél*.

sh. *tölvuörfilma*

– computer output microfilm, COM¹

tölvuforrit hk. → forrit

tölvufræði kv.

Sú grein vísinda og tækni þar sem fengist er við *upplýsingavinnslu* með notkun *tölva*.

sh. *tölvunarfræði*

– computer science

tölvugarpur kk.

Tölvuáhugamaður sem er snjall í tölvutækni.

sh. *hjakkari*¹

· Sjá einnig *tölvuþrjótur*.

– hacker¹

tölvugaukur kk. → *gaukur***tölvugengi** hk.

· Sjá einnig *gengisvinnsla*, *vinnslugengi* og *tölvuklasi*.

– computer grid

tölvuglæpur kk.

Glæpur sem er framinn með hjálp *gagnavinnslukerfis* eða *nets* eða beinist að því.

– computer crime

tölvuhjakk¹ hk. → *tölvufimi***tölvuhjakk**² hk. → *aðgangsbrot***tölvuhögun** kv.

Rökleg skipan og starfrænir eiginleikar *tölvu*, þar á meðal tengsl vélbúnaðarþátta og hugbúnaðarþátta hennar.

· Fyrirhugað hlutverk *gagnavinnslukerfis* hefur áhrif á tölvuhögun. Högun tölvu sem sérstaklega er ætluð fyrir *gagnasafnskerfi* er önnur en högun tölvu til almennra nota.

– computer architecture

tölvuáhugun kv.

(í *gervigreindarfræði*)

– computational reflection, reflection

tölvukerfi hk. → *gagnavinnslukerfi***tölvuklasi** kk.

Hópur samtengdra *tölva* sem starfa saman sem ein heild.

· Sjá einnig *tölvugengi*.

– computer cluster

tölvulæsi hk.

Það að hafa einhverja hugmynd um

hvernig *tölvur* vinna, hafa vald á nokkrum orðaforða um *gagnavinnslu* og geta notað tölvur sér til gagns.

· Tölvulæsi þarf ekki að fela í sér kunnáttu í *forritun* eða þekkingu á innviðum tölvunnar.

– computer literacy

tölvumiðstöð kv.

Starfsemi sem hefur til umráða starfsfólk, *vélbúnað* og *hugbúnað* og skipulag til þess að veita *þjónustu*¹ í *upplýsingavinnslu*.

sh. *gagnavinnslumiðstöð*

– computer center, data processing center

tölvumisnotkun kv.

Heimildarlaust athæfi, af ásettu ráði eða óviljandi, sem hefur áhrif á eða lýtur að *tölvuöryggi* í tilteknu *gagnavinnslukerfi*.

– computer abuse

tölvun kv. → *tölvuvinnsla***tölvunarfræði** kv. → *tölvufræði***tölvunet** hk.

Net þar sem *hnútar*¹ eru *tölvur* og búnaður til *gagnafljarskipta* og þar sem *leggir* eru ætlaðir til *gagnaflutnings* milli hnúta.

– computer network

tölvuorð hk.

Orð sem venjulega er farið með sem eina heild og hentar fyrir vinnslu í tiltekinni *tölvu*.

sh. *vélarorð*

– computer word, machine word

tölvupóstfang hk.

Listi yfir *eigindir*² sem greinir einn *notanda*³ eða *póstlista* frá öðrum og skilgreinir hvar notandi fær aðgang að *skeytasýslukerfi* eða hvar póstlisti er geymdur.

· Tölvupóstfang er *stafastrengur* sem tiltekur einrætt hvert *tölvupóstur*³ er sendur eða hvaðan hann er sendur.

sh. *netfang*²

- O/R address, originator/recipient address, electronic mail address, e-mail address, network address³, net address

tölvupósthólf hk. → *pósthólf*

tölvupóstkerfi hk. → *skeytasýslukerfi*

tölvupóstmeistari kk.

- electronic postmaster

tölvupóstur¹ kk. → *tölvupóstþjónusta*

tölvupóstur² kk. → *skeytasýslukerfi*

tölvupóstur³ kk.

Það sem er sent með *skeytasýslukerfi*.

- Tölvupóstur í þessari merkingu getur t.d. verið eitt *skeyti*², skeyti ásamt *fylgiskali* eða öll skeyti sem tilteknum *notanda*³ hafa borist.

sh. *rafpóstur*³

- electronic mail³

tölvupóstþjónusta kv.

*Þjónusta*¹, veitt notendum *lýðnetsins* til að senda, taka við og *geyma*² *tölvupóst*³.

- Á ensku eru í notkun ýmis stafsetningarafbrigði af „e-mail“, t.d. E mail, E-mail, Email og email.

sh. *tölvupóstur*¹, *rafpóstur*¹

- electronic mail¹, e-mail

tölvuráðstefna kv. → *tölvuþing*

tölvurefur kk. → *tölvuþrjótur*

tölvusambætt framleiðsla

Framleiðsla þar sem allir starfsþættir eru sambættir í kerfi fyrir tölvustudda áætlunargerð, umsjón og stjórnun.

- Tölvusambætt framleiðsla tekur til tækni við *tölvustudda hönnun*, *tölvustudda áætlunargerð*, *tölvustudda framleiðslu* og *tölvustudda gæðatryggingu* og hvernig þessir starfsþættir samnýta *upplýsingar*¹.

- computer-integrated manufacturing, CIM

tölvusímtækni kv.

- computer telephony

tölvusjón kv.

Hæfileiki búnaðar til þess að afla sjón-

rænna *gagna*, vinna úr þeim og túlka þau.

- Tölvusjón felur í sér notkun sjónskynjara til þess að búa til rafræna eða *stafræna mynd* af sjónrænum *vangi*.

- Sjá einnig *vélarsjón*.

- computer vision, electronic vision, artificial vision

tölvuskeytasending kv. → *skeytasending*

tölvuskeyti hk. → *skeyti*²

tölvuskírteini hk.

- computer driving license

tölvuský hk.

- Sjá einnig *skýjavinnsla*.

sh. *fjarski*

- cloud

tölvustafur kk. → *bæti*

tölvustudd áætlunargerð

Það að gera áætlun um alla framleiðslustarfsemi með því að nota *gagnavinnslukerfi*.

- Gagnavinnslukerfið getur verið *hugbúnaður* fyrir áætlunargerð og aðstoð við að taka ákvarðanir.

- Í áætlunargerðinni er fjallað um hagkvæmni, hversu mikið á að framleiða, hvað á að framleiða og hvenær, hvaða framleiðsluaðferðir á að nota, hvar framleiðslan á að fara fram, hvaða búnað á að nota og hvers konar starfsfólk þarf til starfseminnar.

- computer-aided planning, CAP

tölvustudd ferlisáætlun

Allir þættir áætlunargerðar þar sem *gagnavinnslukerfi* eru notuð til að útbúa grunnöggn um framleiðsluferli, t.d. notkun véla.

- computer-aided process planning, CAPP

tölvustudd framleiðsla

Framleiðsla þar sem *gagnavinnslukerfi* er notað til þess að stjórna og hafa eftirlit með framleiðsluferli.

- Sjá einnig *tölvustudd hönnun og framleiðsla*.

- computer-aided manufacturing, CAM

tölvustudd framleiðslustjórn

Framleiðslustjórn þar sem *gagnavinnslukerfi* eru notuð fyrir alla starfsþætti allt frá því að gera áætlun um kröfur um tilföng til eftirlits með framleiðslunni.

- computer-aided production management, CAPM, computer-aided production control, CAPC

tölvustudd gæðatrygging

Gæðatrygging, komið til leiðar með því að beita *tölvuvæddum*¹ aðferðum við áætlunargerð, eftirlit og stjórn á *ferlum*¹, vörupörtum og framleiðsluvörum.

- Í tölvustuddri gæðatryggingu felst að gerðar eru skýrslur um gæðatryggingu sem ná til allrar starfsemi frá hönnun til þess hvernig framleiðsluvaran stendur sig. Skýrslan nær einnig til allra starfsmanna og sögu framleiðslunnar.
- computer-aided quality assurance, CAQA, CAQ assurance

tölvustudd hugbúnaðarverkfræði

- Sjá einnig *hugbúnaðarverkfræði*.
- computer-assisted software engineering, CASE

tölvustudd hönnun

Hönnun, þar með talin gerð teikninga og skýringarmynda, þar sem *gagnavinnslukerfi* eru látin hanna, líkja eftir eða endurbæta vörupart eða framleiðsluvöru.

- *Forrit* fyrir tölvustudda hönnun getur skilað nákvæmri stærð og staðsetningu sérhvers *myndstaks* sem nota á við framleiðsluna.
- Sjá einnig *tölvustudd hönnun og framleiðsla*.
Dæmi: Hönnun hraðbrauta, hönnun prentplatna.
- computer-aided design, CAD

tölvustudd hönnun og framleiðsla

Það að beita *tölvustuddri hönnun* og *tölvustuddri framleiðslu*.

- computer-aided design and manufacturing, CAD/CAM, CADM

tölvustudd kennsla

Það að nota *gagnavinnslukerfi* sem hjálpartæki í kennslu.

- Á ensku eru til mörg heiti með óverulegum eða óljósum merkingarmun sem samsvara hugtakinu tölvustudd kennsla. Aðeins algengustu heitin eru tilgreind hér. Hugtakið *tölvustutt nám* er náskýlt og oft notað nokkurn veginn í sömu merkingu, jafnvel sem samheiti.
- computer-aided instruction, CAI, computer-assisted instruction, computer-managed instruction, CMI

tölvustudd prófun

Það að nota *gagnavinnslukerfi* til þess að prófa og hafa eftirlit með framleiðsluvöru eða vörupart.

- computer-aided testing, CAT

tölvustudd teiknun

Aðferðir og tækni við teiknun, þar sem bæði er notaður *hugbúnaður* og *vélbúnaður*.

- computer-aided drawing, computer-aided drafting

tölvustudd útgáfa

- computer-aided publishing, computer-assisted publishing

tölvustudd verkfræðistarfsemi

Verkfræðistarfsemi þar sem *gagnavinnslukerfi* eru notuð til þess að annast mikilvæga starfsþætti, svo sem að ná sem bestri framleiðslugetu, bestum afköstum, mestri framleiðni og bestum fjárhagsrekstri.

Dæmi: Notkun *upplýsinga*¹ úr *gagnasafni* fyrir *tölvustudda hönnun og framleiðslu* til þess að greina starfseinkenni vöruparts eða framleiðsluvöru sem verið er að hanna eða til

þess að líkja eftir því hvernig parturinn eða varan stendur sig við ólík skilyrði.

– computer-aided engineering, CAE

tölvustudd þjálfun

Það að nota *gagnavinnslukerfi* sem hjálpartæki við að þjálfa starfsfólk til sérhæfðra verka.

– computer-based training, CBT

tölvustuddur lo.

(um *ferli*¹ eða starfsemi) Sem er gerður með hjálp einnar eða fleiri *tölva*.

– computer-aided, computer-assisted, machine-aided

tölvustutt nám

Það að nota *gagnavinnslukerfi* sem hjálpartæki í námi.

· Venjulega eru notuð *gagnvirk* kennsluforrit þannig að nemendur fá jafnharðan svör við spurningum og fá að vita hvað þeir hafa gert rangt.

– computer-assisted learning, CAL

tölvustutt samvinnunám

– computer-supported collaborative learning

tölvusvik hk. ft.

Svik sem eru framin með hjálp *gagnavinnslukerfis* eða *nets* eða beinast að því.

– computer fraud

tölvuteiknun kv.

Aðferðir og tækni við að búa til, fara með, *geyma*² og *birta*¹ myndræna framsetningu á hlutum og *gögnum* með aðstoð *tölvu*.

· Tölvugerðar myndir geta verið tvívíðar eða þrívíðar.

– computer graphics

tölvutilfang hk. → *tilfang*

tölvutæk gögn

Gögn, skráð á *tölvutækan miðil*.

sh. *véltæk gögn*

– machine-readable data

tölvutækur lo.

Sem *ílagstæki* getur borið kennsl á eða

skynjað.

Dæmi: (1) Göt á *gatasþjaldi*² sem *spjaldalesari* skynjar. (2) Prentað letur sem *ljósstafalesari* skynjar.

sh. *véltækur*

– machine-readable

tölvutækur miðill

Gagnamiðill sem sérstakur búnaður í *ílagstækjum* getur lesið af.

sh. *véltækur miðill*

– machine-readable medium

tölvuviðmót hk.

Viðmót tölvu gagnvart manni.

– human-computer interface

tölvuvinnsla kv.

sh. *tölvun*

– computing

tölvuvinnsla í fyrirtæki

sh. *fyrirtækisvinnsla*

– business computing

tölvuvæða¹ so.

(um *ferli*¹ eða *gagnavinnslu*) *Gera sjálfvirkan* með *tölvum*.

– computerize¹

tölvuvæða² so.

Búa starfsemi, stofnun, fyrirtæki eða vinnustað tölvubúnaði og taka hann í notkun.

– computerize²

tölvuvæðing¹ kv.

Það að *tölvuvæða*¹.

– computerization¹

tölvuvæðing² kv.

Það að *tölvuvæða*².

– computerization²

tölvuvæðing skrifstofu

Það að samþætta skrifstofustörf með því að nota *upplýsingavinnslukerfi* í því skyni að auka afköst.

· Tölvuvæðing skrifstofu tekur einkum til þess að vinna úr og skiptast á *texta*, *tali*, myndum og efni á myndböndum.

· *Gagnavinnsla*, svo sem skráning og úrvinnsla launa og pantana, telst venjulega ekki hluti af tölvuvæðingu

- skrifstofu.
– office automation, OA
- tölvuþing** hk.
Samskipti með tölvuþinghaldi.
- *Upplýsingar*¹ á tölvuþingi geta verið settar fram sem *texti*, myndir, *tal* eða önnur *hljóð* eða sem samsetning af þessum þáttum.
 - Samskipti á tölvuþingi geta verið *gagnvirk*.
 - Á tölvuþingi er enginn tiltekinn viðtakandi upplýsinga. Allir hafa aðgang að öllum tiltækum upplýsingum.
- sh. *tölvuráðstefna*
– computer conference
- tölvuþinghald** hk.
Tölvuþingstjónusta þar sem allir þátttakendur geta fengið aðgang að öllum *skeytum*² sem aðrir þátttakendur senda.
– computer conferencing
- tölvuþingkerfi** hk.
Hugbúnaðarkerfi sem annast *tölvuþinghald*.
- Setja má upp *málþing* um tiltekin málefni í tölvuþingkerfinu.
- computer conferencing system
- tölvuþrjótur** kk.
Sá sem stundar *aðgangsbrot*.
sh. *tölvurefur*, *hjakkari*²

- Sjá einnig *tölvugarpur*.
 - cracker, hacker²
- tölvuörfilma** kv. → *tölvufisja*
- tölvuörfilmutækni** kv.
Aðferðir og tækni við að flytja *gögn* á milli *örmyndamiðils* og *tölvu*.
- Örmyndamiðill er venjulega *örfilma* eða *fisja*.
 - computer micrographics
- tölvuörmyndavél** kv.
Tæki til *tölvuörmyndunar*.
- computer output microfilmer, COM device
- tölvuörmyndun** kv.
Tækni við að flytja *gögn* úr *tölvu* beint á *örmyndamiðil*.
- computer output microfilming, COM²
- tölvuöryggi** hk.
Verndun *gagna* og *tilfanga* gegn aðgerðum sem eru gerðar fyrir slysi eða af illum hug.
- Um getur verið að ræða heimildarlausar aðgerðir til þess að breyta gögnum, eyðileggja gögn, fá *aðgang*¹ að gögnum eða veita óskyldum aðilum aðgang að þeim.
 - computer security, COMPUSEC

U

- UDDI-samskiptareglur** kv. ft.
· UDDI er *stytting* á „Universal Description, Discovery, and Integration“.
– UDDI protocol
- UDDI-vefþjónusta** kv.
· UDDI er *stytting* á „Universal Description, Discovery, and Integration“.
- UDDI web service
- UDF-snið** hk.
– Universal Disk Format, UDF
- UDP-samskiptareglur** kv. ft.
– User Datagram Protocol
- umbreytt tíðnimótuð skráning**
Viðmiðunarlaus skráning þar sem breyting á seglunarmynstri í miðju hólfstendur fyrir 1 og breyting er á mörkum

tveggja hólfa sem hvort um sig stendur fyrir 0.

- modified frequency modulation recording, MFM recording

umbrotsforrit hk.

(í *ritvinnslu*) Forrit, notað til þess að færa *skjal*¹ í tiltekið *snið*³ og letursetja það.

- Umbrotsforrit getur gert fleira, t.d. tölusett blaðsíður og *efnisgreinar*.

sh. *skjalsniðill*

- document formatter

umbrotshamur kk.

Hamur í *ritvinnslu* sem leyfir notanda að breyta *sniði*³ *texta* til þess að fá tiltekna línulengd og síðustærð.

sh. *umbrotsháttur*

- adjust text mode

umbrotsháttur kk. → *umbrotshamur*

umbrotsmál hk.

Textasniðsmál, hannað til þess að ummynda ósniðinn *texta* í *skjöl*¹ sem hafa tiltekið *snið*.

- Settar eru í textann skipanir sem stjórná *sniðinu*.
- *SGML* er *mál* til að skilgreina umbrotsmál.

- markup language¹

umbrotssýn kv.

Ein eða tvær *síður*² eins og þær munu líta út prentaðar.

- page layout view

umburðarhögun kv.

Sú aðferð að ganga að hlutum eða atriðum í tiltekinni skynsamlegri röð og gera á þeim aðgerð, og endurtaka þetta í annarri umferð ef ekki þykir nóg að gert.

- round robin

umdæmi hk.

(í *tölvupóstkerfi*)

- domain⁵

umferðargreining kv.

Ályktun um *upplýsingar*¹ af athugunum á umferð *gagna*.

Dæmi: Greining á því hvort gögn eru

tiltæk, hversu mikið er af þeim, í hvaða átt þau eru flutt og hversu oft.

- traffic analysis

umferðartími kk.

Stysti tími sem líður á milli upphafs tveggja les- og skrifumferða sem koma hvor á fætur annarri.

- cycle time

umfjöllunarheimur kk.

Öll *einindi*¹ í tilteknu samhengi sem eru áhugaverð.

- Í umfjöllunarheimi geta verið margar *einindaheimar*, hugsanlega þar á meðal einindi sem hafa ekki enn verið skynjuð eða tekin til greina.

Dæmi: Ef áhugasviðið er „fjármál“ er umfjöllunarheimurinn „allar hliðar á fjármálum stofnunar eða fyrirtækis“.

- universe of discourse

umflekur kk.

(í *tölvusjón*) *Flekur* sem umlykur allveg annan flekk.

- Sjá einnig *iflekur*.

Dæmi: Rauði hlutinn í svissneska fánanum sem umlykur hvíta krossinn.

- parent

umframur lo.

- Sjá einnig *umfremd*¹.

- redundant

umfremd¹ kv.

(í *áreiðanleika*², *viðhaldspægni* og *tiltækileika*²) Það að tiltækt er meira en þörf er á til þess að búnaður geri það sem til er ætlast eða að *upplýsingar*¹ eru settar fram með meiri *gögnum* en nauðsynlegt er.

- Umfremd er einkum beitt til þess að auka áreiðanleika eða tiltækileika.

Dæmi: (1) Notkun búnaðar í tveimur eintökum. (2) Það að bæta við *pörunarbitum*.

- redundancy¹

umfremd² kv.

(í *upplýsingafræði*) Munur *R* á ákvörðunarmældinni *H*₀ og *óreiðunni H*, eða á

táknmáli stærðfræðinnar:

$$R = H_0 - H.$$

- Venjulega er unnt að setja *skeyti*¹ fram með færri *stöfum* með því að nota viðeigandi *kótunarreglur*. Líta má á umfremdina sem mælikvarða þeirrar styttingar á meðallengd skeyta sem næst með viðeigandi kótun. Dæmi: Ef $\{a, b, c\}$ er mengi þriggja atburða og líkindin á að þeir gerist eru $p(a) = 0,5$, $p(b) = 0,25$ og $p(c) = 0,25$ þá er umfremd þessa mengis:
 $R = 1,58 \text{ Sh} - 1,50 \text{ Sh} = 0,08 \text{ Sh}$.

– redundancy²

umfremdarkóti kk.

Kótunarregla þar sem fleiri *stafir*, *tákn* eða *merkjastök* en nauðsyn krefur eru notuð í framsetningu *gagna*.

– redundant code

umfremdarprófun á röð

Pörunarprófun á samsafni *bita*, gerð langsum á hverri *rás*¹.

– longitudinal redundancy check, LRC

umgjörð kv.

(í *rafrænum viðskiptum*) Lýsing á viðskiptaferli.

– profile²

umhlaup¹ hk.

(í *tölvuteiknun*) Það að *birta*¹ við gagnstæðan enda *birtírmis* þann hluta *myndar*¹ sem yrði annars fyrir utan birtírmíð.

– wraparound¹

umhlaup² hk.

(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem leyfir að *texti* sem sleginn er inn á eftir síðasta sæti í *línu*¹ lendi sjálfkrafa fremst í næstu línu á eftir.

– wraparound²

umhverfður lo. → umsnúinn

umhverfi hk.

Samsafn vélbúnaðar- og *hugbúnaðar-tóla* sem eru notuð í einum eða fleiri

áföngum í þróun *hugbúnaðar*.

– environment

umhverfisbreyta kv.

*Breyta*² sem er veitt gildi með *skipun*² og gerð *tiltæk*¹ öllum *forritum* sem geta notað hana.

– environment variable

umhverfisljós hk.

Ljós í því umhverfi sem hugsanlega umlykur *sjónkerfi* en stafar ekki frá kerfinu sjálfu.

– ambient light

umhverfislýsing kv.

Máleining, notuð til þess að lýsa sérkennum sem eru ekki hluti af *forriti* en skipta máli fyrir *inningu* þess.

Dæmi: (1) Einkenni vélar. (2) Sérstakir eiginleikar *skráa*. (3) *Skil*¹ við önnur forrit.

– environment description

umhverfisrýmd kv.

Hluti *minnis*, notaður til þess að *geyma*² *skipanir*² og *stika*¹ sem fylgja heiti *forrits* þegar það er *innt*.

– environment space

umhverfisskilyrði hk. ft.

Skilyrði sem eru nauðsynleg til þess að búnaður geti starfað eðlilega og unnt sé að vernda hann.

- Umhverfisskilyrði eru venjulega tilgreind sem gildi og vikmörk tiltekinnna umhverfisþátta, t.d. hita, raka, titrings, ryks og geislunar.

- Hvert tæki getur haft fleiri en eitt safn umhverfisskilyrða. Eitt skilyrðanna getur átt við flutning, annað við geymslu og það þriðja við starfsemi tækisins.

– environmental condition

UML

Heiti á líkanamáli sem notað er við gerð líkana af raunverulegum hlutum sem fyrsta skref í þróun á aðferðafræði fyrir *hlutbundna* hönnun.

– Unified Modeling Language, UML

umlýsa so.

Breyta *mynd*¹ eða hluta hennar með því að hafa skipti á litum eða skuggum milli baksviðs og forsviðs, venjulega í auðkenningar skyni.

Dæmi: Breyta rauðum staf á svörtum grunni í svartan staf á rauðum grunni.
– reverse²

umlýsing kv.

Það að *umlýsa*.

– reverse video¹, inverse video¹

umlýstur lo.

– reverse video², inverse video²

ummóta so. → *endurmóta***ummótun** kv. → *endurmótun***ummynda** so.

Breyta *gögnum* eftir tilteknum reglum án þess að merking þeirra breytist.

– transform

ummyndun myndar

Hver sú aðgerð sem býr til frálagsmynd eftir ílagssmynd.

Dæmi: (1) Hluti af *mynd*² er valinn og stækkaður eins og í *þysjun*. (2) *Hlutur*³ er fluttur til í mynd með *hliðrun*².
– image transformation

ummyndun punkts

Það að skipta á einu *díl-gildi* og öðru *díl-gildi* þannig að nýja gildið sé eingöngu fall af fyrra gildi.

– point transformation

umráðasvæði hk.

(í *netlíkani*) Hluti *gagnasafns* sem unnt er að opna og loka sem heild.

– realm

umrita so.

Afrita gögn af einum *gagnamiðli* á annan og *umskrá* þau um leið eftir þörfum gagnamiðilsins sem tekur við þeim.

– transcribe

umritunarfilla kv.

Villa sem kemur upp þegar *gögn* eru *umrituð*.

– transcription error

umröðun kv.

Dulritun þar sem *bitum* eða *stöfum* er raðað að nýju eftir tilteknu kerfi.

· Sá *dulritaði texti* sem út kemur er kallaður umröðunardulmál.

– transposition

umsjárnúmer hk.

(í *beiningu* á *lýðnetinu*) *IP-númer* til bráðabirgða.

sh. *umsjártala*

– care-of address

umsjártala kv. → *umsjárnúmer***umsjón með aðgangsorðum**

– password management

umsjón með tilföngum

(í *gluggaumhverfi*)

– resource management

umsjón upplýsinga

(í *upplýsingavinnslukerfi*) Það að hafa umsjón með öflun, greiningu, varðveislu, *heimt*¹ og dreifingu *upplýsinga*¹.

– information management¹

umsjónarumdæmi hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Safn *skeytakerfa* sem er stjórnað af einni stofnun eða fyrirtæki og þar sem *skeytaflutningsmiðill* er að minnsta kosti í einu kerfanna.

· Umsjónarumdæmi getur samsvarað landsvæði.

· Stofnunin eða fyrirtækið sem stjórnar umsjónarumdæminu ber sérstaklega ábyrgð á umsjón með skipulagi *vistfang*a í þessu safni skeytakerfa.

– management domain, MD

umsjónarumdæmi skráakerfis

(í *tölvupóstkerfi*) Samsafn af einni eða fleiri *aðgangsveitum*, og hugsanlega *aðgangsbúnaði* nokkurra *notendaskráa*, sem einn stjórnandi hefur umsjón með.

– directory management domain, DMD

umskiptahnappur kk.

Hnappur sem haldið er niðri meðan stutt er á annan hnapp til þess að breyta merkinu sem sá hnappur sendir.

– alternate function key, alternate key,

alt key

umskiptanlegur lo.

(um *seguldiska* eða *diskahlaða*) Sem víxla má á milli sambærilegra *seguldiskastöðva*.

sh. *laus*

– removable, mountable, exchangeable

umskiptanleiki kk.

Sá eiginleiki að tvær eða fleiri *búnaðareiningar* eru svo líkar að skipta má á þeim án verulegra breytinga.

· Búnaðareiningarnar geta starfað á svipaðan hátt eða haft svipaðar tengingar. Umskiptanleiki getur bæði átt við um *hugbúnað* og *vélbúnað*.

– interchangeability

umskipti hk. ft.

Dulritun þar sem skipt er á *bitastrengjum* eða *stafastrengjum* og öðrum bitastrengjum eða stafastrengjum.

· Sá *dulritaði texti* sem út kemur er kallaður umskiptadulmál.

– substitution²

umskipting kv.

Aðgerð sem leyfir notanda að skipta á tilteknum *texta* og öðrum *texta* sem fyrir er.

– replace¹

umskiptingarhamur kk.

Hamur sem leyfir notanda að skipta á tilteknum *texta* og öðrum *texta* sem fyrir er.

– replace²

umskrá so.

Breyta framsetningu *gagna* án þess að breyta *upplýsingum*¹ sem í þeim felast.

Dæmi: (1) Skipta um *kótunarreglu* eða talnakerfi. (2) Breyta *flaumrænum gögnum* í *stafræn gögn*. (3) Flytja gögn á milli miðla. (4) Breyta framsetningu stærðar úr einu *gagnatagi* í annað.

– convert

umskráning kv.

Það að *umskrá*.

– conversion

umsköpun merkis

Það að breyta einum eða fleiri eiginleikum *merkis*², t.d. hámarksildi, lögun eða lengd.

– signal transformation, signal shaping

umslag hk.

(í *tölvupóstkerfi*) Sá hluti *skeytis*² þar sem *upphafsmaður* skeytisins og *hugsanlegir viðtakendur* eru tilgreindir, flutningssaga þess skráð, sagt er fyrir um hvernig skeytið skuli flutt áfram um *skeytaflutningskerfið* og *efni* skeytisins lýst.

· Samsetning umslagsins getur verið breytileg eftir flutningskerfum.

– envelope

umsnúinn lo.

(um *skrá*, mengi *færslna*² eða *töflu*²) Sem er þannig, miðað við *aukalykil*, að til er *atriðaskrá* fyrir aukalykilinn og skrána, færslumengið eða töfluna.

sh. *umhverfður*

– inverted

umsnúinn aðgangur

Aðgangsaðferð, fólgin í því að halda sérstaka *atriðaskrá* sem er raðað eftir *leitarlyklum geymdu færslnanna*.

– inverted access

umstafa so.

Umskrá gögn staf fyrir staf.

– transliterate

umstang hk.

Athafnir sem hjálpa til við úrvinnslu án þess að vera hluti af henni.

Dæmi: (1) *Frumstilling geymslu*¹. (2) *Stofnun skráa*.

– housekeeping operation, overhead operation, overhead

umsöðlun kv. → *kerfaskipti*²

umsögn kv.

Máleining í máli fyrir *skilningsgerðarlýsingu*, hliðstæð við sögn, sem gefur *einindum*¹, sem vísað er til í *setningu*³, einkunn.

– predicate

undanmynd kv.

Afrit af *bálki*¹ eða *færslu*² á undan breytingu.

– before-image

undireining kv.

*Meginmál*¹ forritseiningar sem er vistþýtt sérstaklega.

– subunit

undirflæði í reikningi → *reikningsundirflæði***undirflæðisfrábrigði** hk.

Frábrigði sem verður þegar *útkoma* úr *aðgerð*¹ veldur *reikningsundirflæði*.

– underflow exception

undirforrit¹ hk.

Forritseining með *nefni* sem kallað er á úr öðru *forriti* eða annarri forritseiningu með tiltekinni *máleiningu*.

· Forritið eða forritseiningin sem kallaði tekur aftur við stjórn þegar *inningu* undirforritsins lýkur.

– subprogram

undirforrit² hk. → *stefja*²**undirforritarakningur** kk.

Skrá yfir öll eða valin *köll* á *undirforrit* sem eru gerð á meðan *forrit* eða hluti þess er *innur*.

· Í undirforritarakningnum mega einnig vera gildi *stika*² sem hvert *undirforrit*¹ eða önnur *forritseining* skilar eða hleypt er á milli þeirra.

– subprogram trace

undirgluggi kk.

Gluggi sem myndast undir öðrum *glugga* og *birtist*³ ekki fyrir en efri *glugginn* er *fjarlægður*.

– pop-under

undirhrísla kv. → *undirtré***undirkerfi**¹ hk.

(í *OSI*) Eining í stigveldisskiptingu *opins kerfis* sem hefur aðeins bein *samskipti* við einingar í næstu deild fyrir ofan eða neðan í sama opna kerfi.

· Stigveldisskipaðar deildir í opnu kerfi

eru annaðhvort *lag*¹ eða *deililag*.

– subsystem¹

undirkerfi² hk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

– subsystem²

undirkerfi frálags

Sá hluti *skilakerfis* fyrir *tækniferli* sem *flytur gögn* frá *gagnavinnslukerfi* fyrir *tækniferli* til *tækniferlisins*.

– output subsystem

undirkerfi ílags

Sá hluti *skilakerfis* fyrir *tækniferli* sem *flytur gögn* frá *tækniferlinu* til *gagnavinnslukerfis* fyrir *tækniferli*.

– input subsystem

undirkerfi skeytasýslu

Hluti af *skeytasýslukerfi* sem sér um tiltekna starfsemi.

Dæmi: *Aðgangsbúnaður*, *póstfaldari*.

– messaging subsystem

undirklasi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Klasi*⁴ sem erfir frá *yfirklasa*.

· *Tilvik*² af undirklasa er einnig tilvik af yfirklasa hans.

– subclass

undirlén hk.

Lén á öðru og hærra flokkunarstigi.

· Sjá einnig *yfirlén*.

Dæmi: *Lén Raunvísindastofnunar Háskólans* er „*raunvis.hi.is*“ en það er undirlén í léninu „*hi.is*“ sem er lén Háskóla Íslands.

– subdomain

undirmál hk.

Undirmengi tiltekens *forritunarmáls*, notað sem *gagnasafnmál*.

– data sublanguague

undirmengistákn hk.

Táknið ⊂.

– subset symbol

undirnet hk.

Skýrt afmarkaður hluti *nets* þar sem einingar hafa sameiginleg einkenni og líta má á nethlutann sem sérstakt net.

– subnetwork, subnet

undirnetsmát hk.

32 bita tala sem segir til um hvaða hluti IP-númers sé númer á undirneti.

· Sjá einnig IP-númeramát, netnúmer og innannetsnúmer.

Dæmi: Algengt undirnetsmát er 255.255.255.0, ritað í tugakerfi.

– subnet mask

undirskrift kv.

(í tölvupóstkerfi) Tiltekinn textabútur að loknu meginmáli² skeytis², hannaður af upphafsmanni til þess að greina frá því hver hann sé.

· Í undirskriftinni er venjulega nafn og heimilisfang en þar geta einnig verið símanúmer og bréfsímanúmer.

· Í undirskriftinni getur verið stafræn undirskrift eða önnur gögn til þess að sannvotta skeytið.

– signature²

undirskriftarbúnaður kk.

(í tölvuöryggi) Hugbúnaður og/eða vélbúnaður, notaður til að mynda rafræna undirskrift.

– signature-creation device

undirskriftarkenninúmer hk.

(í tölvuöryggi) Persónulegt kenninúmer sem vottorðshafi notar sem aðgangsorð þegar rafrænum skilríkjum er beitt til undirritunar.

– non-repudiation PIN

undirskriftarskrá kv.

Lítil textaskrá, notuð sem fastur viðauki aftast í tölvuskeyti eða Usenet-skilaboðum.

– signature file

undirstrik hk.

Lárétt strik undir staf eða stafastreng.

– underscore¹

undirstrika so.

Prenta eða birta¹ lárétt strik undir staf eða stafastreng.

sh. strika undir

– underline, underscore²

undirstöð kv.

(í greinastýringu í grunnhætti) Gagna-stöð sem yfirstöð velur til þess að taka við gögnum.

– slave station

undirtag hk.

Gagnatag, leitt af öðru gagnatagi með því að setja síðarnefnda gagnatuginu eina eða fleiri skorður.

– subtype

undirtré hk.

Tiltekinn hnútur³ í tré ásamt öllum undirskipuðum hnútum hans.

sh. undirhrísla

– subtree

undirvalmynd kv.

· Sjá einnig valmynd.

– submenu

Unicode

Heiti á stöðluðu kerfi stafa fyrir samskipti, vinnslu og birtingu ritaðs texta á langflestum nútímatungumálum og ýmsum eldri.

· Í Unicode eru nú (árið 2004) yfir 34 þúsund kótaðir stafir.

sh. Samkóti

– Unicode, Unicode Worldwide Character Standard

Unix

Heiti á stýrikerfi sem upphaflega var sérstaklega gert fyrir lítiltölvur og örtölvur en er nú einkum notað fyrir miðlungstölvur.

· Hafa ber í huga að heiti á mismunandi öflugum tölvum og merking heitanna hafa tekið nokkrum breytingum.

· Unix-stýrikerfið var þróað við rannsóknarstofnun Bell-fyrirtækisins.

· Af Unix hafa verið þróað ýmis afbrigði sem ganga undir öðrum nöfnum, t.d. AIX sem er notað í miðlungstölvum og Linux sem er eingöngu fyrir örtölvur.

– Unix

uns-flétta kv.

Máleining þar sem ítrekun er stýrt með prófun á eftir hverju ítrekunarskrefi.

sh. *until-flétta*

– until-construct

uns-setning kv.

Endurtekningasetning þar sem uns-flétta felur í sér stýringu á ítrekun.

sh. *repeat-until-setning, perform-until-setning*

– until statement, repeat until statement, perform until statement

until-flétta kv. → *uns-flétta***uppátæki** hk. → *netlykill***upplutningur** kk. → *upphleðsla***uppfæra**¹ so. → *uppnýja***uppfæra**² so. → *stigbæta***uppfærður** lo. → *uppnýjaður***uppfærsla**¹ kv. → *uppnýjun***uppfærsla**² kv. → *stigbót***uppfærsla skrár** → *uppnýjun skrár***uppperður** lo.

(um búnað)

– refurbished

uppgötvunarnám hk.

Viðgjafarlaust nám sem felst í flokkunarmyndun eða því að leiða út nýjar reglur eða lögmál um sérsvið með því að lýsa reglufestu í þeim gögnum sem eru til athugunar.

– learning by discovery, learning from observation

upphafsmaður kk.

Sá *notandi*³ sem *skeyti*² eða *kanni* kemur upphaflega frá.

• Venjulega býr upphafsmaður sjálfur til skeyti eða sendir kanna.

– originator

upphafsstafur kk.

Stór stafur í upphafi orðs.

sh. *hástafur*²

– capital, capital letter

upphafsstilla tölvu

– reset a computer

upphafsvistfang hk.

Vistfang upphaflegs geymslustaðar sem smali, vistþýðandi eða tengiforrit hefur ætlað forriti eða hluta þess.

– assembled origin

upphlaðanlegur lo.

sh. *upphleðslu-*

– uploadable

upphlaðin skrá

– uploaded file

upphleðsla kv.

Það að *hlaða upp*.

sh. *upplutningur*

– upload², uploading

upphleðslu- fl. → *upphlaðanlegur***?uppitími** kk. → *nýtanlegur tími***uppljóstrun** kv.

Brot gegn *tölvuöryggi*, fólgid í því að gögn hafa verið gerð aðgengileg heimildarlausum *einindum*¹.

– disclosure

upplýsingabítí kk. → *fróðbítí***upplýsingafræði** kv.

Fræðigrein sem fjallar um það hvernig mæla má magn *upplýsinga*².

sh. *fróðfræði*

– information theory

upplýsingagreining kv. → *fróðgreining***upplýsingaheimt** kv.

Aðgerðir, aðferðir og verklag við að afla *upplýsinga*¹ um tiltekið efni frá *gögnum* í *geymslu*².

sh. *upplýsingatekja*

– information retrieval, IR

upplýsingahlutur kk. → *fróðfang***upplýsingahuld** kv.

Eins konar leynd samkvæmt þeirri grundvallarreglu að veita ekki *aðgang*¹ að *máleiningu* né vitneskju um hana, nema þau atriði sem notanda er talið nauðsynlegt að vita um.

– information hiding

upplýsingahögun kv. → *fróðhögun***upplýsingahönnun** kv. → *fróðhönnun*

upplýsingakerfi¹ hk.

Upplýsingavinnslukerfi, með mannafla, tæknibúnaði, fjármagni o.fl., sem veitir *upplýsingar*¹ og dreifir þeim.

– information system¹

upplýsingakerfi² hk.

Skilningsgerðarlýsing, *upplýsingasafn* og kerfi fyrir vinnslu *upplýsinga*¹ sem sameiginlega mynda kerfi til þess að varðveita og nota upplýsingar.

– information system²

upplýsingakerfi stjórnanda

Upplýsingavinnslukerfi sem stjórn stofnunar eða fyrirtækis styðst við þegar hún tekur ákvarðanir.

– management information system, MIS

upplýsingaleikni kv. → fróðleikni**upplýsingalæsi hk. → fróðlæsi****upplýsingamæld kv.**

Mælikvarði á magn *upplýsinga*² um það hvort atburður með tiltekin líkindi gerist. Magnið er jafnt *logranum* af umhverfu þessara líkinda, eða á táknumáli stærðfræðinnar:

$$I(x) = \log \frac{1}{p(x)} = -\log p(x)$$

þar sem $p(x)$ eru líkindi þess að atburðurinn x gerist.

· Í mengi atburða þar sem allir atburðir eru jafnlíklegir er upplýsingamæld hvers atburðar jöfn *ákvörðunarmæld* mengisins.

Dæmi: Ef $\{a, b, c\}$ er mengi þriggja atburða og líkindin á að þeir gerist eru $p(a) = 0,5$, $p(b) = 0,25$ og $p(c) = 0,25$ þá er upplýsingamæld þessara atburða:

$$I(a) = \text{lb} \frac{1}{0,50} \text{ Sh} = 1 \text{ Sh}$$

$$I(b) = \text{lb} \frac{1}{0,25} \text{ Sh} = 2 \text{ Sh}$$

$$I(c) = \text{lb} \frac{1}{0,25} \text{ Sh} = 2 \text{ Sh}$$

þar sem lb stendur fyrir logra með grunntölu 2.

sh. *fróðmæld*

– information content

upplýsingar¹ kv. ft.

(í *upplýsingavinnslu*) Vitneskja um fyrirbæri, svo sem staðreyndir, atburði, hluti, ferli eða hugmyndir, þar með talin *hugtök* sem hafa tiltekna merkingu í tilteknu samhengi.

sh. *fróð*¹

– information¹

upplýsingar² kv. ft.

(í *upplýsingafræði*) Þekking sem dregur úr eða eyðir óvissu um hvort tiltekinn atburður úr ákveðnu samsafni hugsanlegra atburða hefur gerst.

· Í upplýsingafræði ber að skilja *hugtakið* „atburður“ eins og það er notað í líkindafræði. Til dæmis getur atburður verið:

– það að tiltekið stak er í ákveðnu mengi staka,

– það að tiltekinn *stafur* eða tiltekið *orð* er í ákveðnu *skeyti*¹ eða á ákveðnum stað í skeyti,

– einhver þeirra mismunandi niðurstaðna sem tilraun getur leitt til.

sh. *fróð*²

– information²

upplýsingasafn hk.

Samsafn *setninga*³ sem eru í samræmi hver við aðra og við *skilningsgerðarlýsinguna* og setja fram þær *yrðingar* sem gilda fyrir tiltekinn *einindaheim*.

sh. *fróðsafn*

– information base

upplýsingasafn skráakerfis

(í *tölvupóstkerfi*) Samsafn *upplýsinga*¹ sem *skráakerfi*² hefur umsjón með.

sh. *fróðsafn skráakerfis*

– directory information base

upplýsingasamfélag hk. → fróðsamfélag**upplýsingasiun kv. → fróðsiun****upplýsingastandur kk. → fróðsjá**

upplýsingatafla kv.

Sérstakt form á *tölvupingi*, þar sem áhersla er lögð á að *leggja fram* og ræða tilkynningar og *skeyti*² sem eru áhuga-verð fyrir tiltekið samfélag *notenda*³.

– bulletin board

upplýsingatekja kv. → *upplýsingaheimt***upplýsingatré skráakerfis**

(í *tölvupóstkerfi*) *Hrísluskipan*, notuð í *skráakerfi*² til þess að bera kennsl á hluti ótvírætt með því að nota *nöfn* í *notendaskrá*.

sh. *fróðtré skráakerfis*

– directory information tree

upplýsingatækni kv.

Það að beita viðeigandi tækni við *gagnavinnslu*.

· Með tækni er átt við tölvutækni, fjar-skiptatækni og rafeindatækni.

– information technology

upplýsingatöflukerfi hk.

Kerfi fyrir *tölvupóstþjónustu* með *upplýsingatöflu*.

– bulletin board system, BBS

upplýsingaveita kv. → *fróðveita***upplýsingavelta** kv. → *meðalupplýsingavelta***upplýsingavinnsla** kv.

Skipuleg framkvæmd *aðgerða*¹ á *upplýsingum*¹ sem felur í sér *gagnavinnslu* og e.t.v. einnig *gagnafljarskipti* og *tölvuvæðingu skrifstofu*.

· Ekki má nota heitið upplýsingavinnsla sem samheiti fyrir gagnavinnslu.

– information processing

upplýsingavinnslukerfi hk.

Eitt eða fleiri *gagnavinnslukerfi* og tæki, t.d. skrifstofu- og samskiptabúnaður, notuð til *upplýsingavinnslu*.

– information processing system

upplýsingaþjóðbraut kv. → *fróðbraut***upplýsingaöryggi** hk. → *fróðöryggi***uppnefni**¹ hk. → *samnefni*¹**uppnefni**² hk. → *samnefni*²**uppnýja** so.

Bæta við, *eyða* eða breyta *gögnum* í skipulegu samsafni gagna.

· Venjulega eru gögn uppnýjuð til þess að færa þau í rétt horf miðað við líðandi stund.

sh. *uppfæra*¹, *dagréttu*

– update²

uppnýjaður lo.

Sem búið er að *uppnýja*.

sh. *uppfærður*, *dagréttur*

– up-to-date

uppnýjun kv.

Það að *uppnýja*.

sh. *uppfærsla*¹, *dagréttung*

– update¹, updating

uppnýjun skrár

Það að *uppnýja gögn* í *skrá*.

· Venjulega eru skrár uppnýjaðar til þess að færa þær í rétt horf miðað við líðandi stund.

sh. *uppfærsla skrár*, *dagréttung skrár*

– file updating

uppnýjunartækni kv. → *ýtítækni***upprakning** kv.

Það að *rekja upp*.

– rollback

upprunafölsun tölvupósts

Fölsun á haus *tölvupósts*³ til þess að láta líta svo út að skeytið komi frá öðrum en raunverulegum sendanda.

– e-mail spoofing

uppræting kv.

Það að breyta *þekkingu*, sem er *geymd*² í kerfi, í því skyni að eyða *afrakstri náms*.

– unlearning

uppsetning kv.

Það að koma búnaði fyrir og búa hann til notkunar.

– installation

uppsetningarforrit hk.

*Hjálparforrit*¹ til að auðvelda *uppsetningu* á *verkbúnaði*.

– install program, installer

uppskafningsminni hk.(í *tauganetum*)

– palimpsest

upptalningarlesgildi hk.*Lesgildi* sem er *tilvik*² af *upptalningar-*
tagi.

– enumeration literal

upptalningartag hk.*Stakraent tag* þar sem stök tagsins eru
talin upp í *skilgreiningu* þess.

– enumeration type, enumerated type

uppör kv.*Stefnuhnappur*, merktur með ör sem
vísar upp. Þegar stutt er á hnappinn flýst
*bendillinn*¹ upp um eina *línu*¹.

– up arrow key

USB-minni hk. → *minnislykill***USB-strengur** kk.

– USB cable

USB-tengi hk.

– USB connector

USB-tengibraut kv.

– Universal Serial Bus, USB

UsenetHeiti á safni *neta* og *tölva* fyrir *tölvu-*
þinghald.· Usenet er hluti *lýðnets*.

– Usenet

Usenet-málþing hk.*Málþing* á *Usenet*.

– Usenet news

utانبókarnám hk.*Námsaðferð* sem felst í því að safna
saman nýrri *þekkingu* án þess að draga
ályktun af þeim *upplýsingum*¹ sem
veittar eru.· Utانبókarnám felur í sér *nám*, þar
sem tiltekna *hugtakslýsingar* eru
lagðar beint á minnið, svo og boð-
nám.

– rote learning

utankerfis ao.(um notkun búnaðar) Ekki undir beinni
stjórn *tölvu*.sh. *sérvirkt*– offline³, off-line³**utankerfis-** fl.(um notkun búnaðar) Sem lýtur ekki
beinni stjórn *tölvu*.– offline², off-line²**utankerfisvinnsla** kv.*Gagnavinnsla* í tækjum sem eru ekki
undir beinni stjórn *tölvu*.

– offline processing

utantextaskipun kv.(í *ritvinnslu*) Ritvinnsluskipun sem
breytir útliti *skjals*¹ um leið og hún er
slegin inn.sh. *textafrjáls skipun*, *skipun*³– nonembedded command, command²

Ú

úreldingarmerkingarþjónusta kv.(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem gerir
upphafsmanni kleift að greina *viðtak-*
anda frá því að eitt eða fleiri *skeyti*²,
sem áður voru send, séu nú úrelt.

– obsoleting indication service

úrfella kv.*Villa* sem kemur fram þegar *skrifað* er á
eða *lesið* af segulmiðli og lýsir sér í því
að skráður *tviundastafur* er ekki lesinn.· Úrfellur stafa venjulega af göllum eða
örðum í yfirborðslagi segulmiðilsins.

– drop-out

úrklippa kv.

(í *ritvinnslu*) Textabútur sem hefur verið *klipptur* út.

– cut¹

úrskráning kv. → *útskráning***úrskurður** kk.

Það að skera úr, þegar margar reglur í *reglukerfi* eiga við, með því að velja þá reglu sem best á við.

· Margar reglur geta átt við í *mynstur-mátun* eða í *skilyrðishluta* reglu þar sem tvær reglur skila staðhæfingum sem stangast á.

– conflict resolution

útdráttur kk.

Helstu einkenni tiltekins *einindis*¹ sem aðgreina það frá öllum öðrum tegundum eininda.

– abstraction

útdráttur sérkenna

Það að mæla eða athuga í því skyni að finna gildi á *sérkennum* til notkunar í *myndgreiningu*.

– feature extraction

útflutningur¹ kk.

Það að *flytja* út.

– export²

útflutningur² kk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Flutningsskref* sem felst í því að *skeytaflutningsmiðill* flytur *fróðfang* til *aðgangseiningar* í því skyni að flytja það til samskiptakerfis utan *skeytaflutningskerfisins*.

– export³

útgangsfstaður kk.

Rofstaður sem er settur við *útgöngustað* í *forriti* eða *undirforriti*¹.

– postamble breakpoint

útgáfa¹ kv.

– version

útgáfa² kv.

– release

útgáfunúmer hk.

– version number

útgáfurými hk.

Mengi allra *hugtakslýsinga* sem eru í samræmi við tiltæk *gögn*, *þekkingu* eða forsendur.

– version space

útgrein kv.

Fjarskiptatenging frá jarðstöð til fjarskiptatungls.

– uplink¹

útgönguforrit hk.

– exit program

útgöngusetning kv.

Einföld setning, notuð til þess að ljúka *inningu* þeirrar *máleiningar* sem hún er hluti af.

– exit statement

útgöngustaður kk.

Staður í *forriti*, *forritseiningu* eða *setningu*¹ þar sem unnt er að ljúka *inningu* forritsins, *forritseiningarinnar* eða *setningarinnar*.

– exit point

úthluta so.

Taka frá búnað til þess að nota við vinnslu tiltekins verkefnis.

– allocate

úthlutun tilfanga

Það að úthluta búnaði *gagnavinnslukerfis* og öðru sem til þarf svo að unnt sé að vinna tiltekin *verk*.

Dæmi: Úthlutun *aðalminnis*, *ilags- og frálagsstækja* og *skráa*.

– resource allocation

úthýsa so. → *útvista***úthýsing** kv. → *útvistun***úthýsingarsamningur** kk. → *útvistunarsamningur***útilokun** kv.

Tvístæð rökaðgerð sem hefur *útkomu* með Boole-gildið 1 þá og því aðeins að fyrri *þolandinn* hafi Boole-gildið 1 og hinn síðari hafi Boole-gildið 0.

– exclusion, NOT-IF-THEN operation, ?AND-NOT operation, ?EXCEPT operation

útlökunargátt kv.

Gátt sem framkvæmir aðgerðina *útlökun*.

sh. *ekki-ef-þá-gátt*

– NOT-IF-THEN gate, NOT-IF-THEN element

útlökunarkerki hk.

(í *CSMA/CA-neti*) *Merki*² sem *gagnastöð* sendir til þess að tilkynna öðrum gagnastöðvum að þær megi ekki senda af því að hún ætli að hefja sendingu.

– jam signal²

útvangur kk.

– non-native environment

útkoma kv.

Stærð sem verður til við framkvæmd *aðgerðar*¹.

sh. *niðurstæða*

– result

útleiðar- fl.

(um *gagnasendingu*) Sem fer frá *gagnastöð* til *netstjóra*.

sh. á *útleið*

– uplink²

útlitseining kv.

Eining sem skiptir máli fyrir útlit *skjals*¹.

Dæmi: *Síða*², *bálkur*².

sh. *sniðseining*

– layout object

útlitssnið hk.

– layout

útlína kv.

Lína sem táknar verulega breytingu á *litgildi* milli tveggja grannstæðra *svæða*³ sem hafa hvort um sig tiltölulega jöfn *litgildi*.

· Útlínur samsvara breytingum á *birtu*² sem aftur samsvara ósamfelli í stefnu yfirborðs, endurvarpsstuðli eða lýsingu.

· Útlína liggur á milli *útlínudíla*.

· Sjá einnig *mæri*.

– edge

útlínudíll kk.

Díll sem liggur við *útlínu vangs*.

– edge pixel

útlínufylgd kv.

Algrím fyrir *myndbútun* til þess að aðgreina *svæði*³ með því að fylgja eftir *útlínum* þess.

– edge following

útlínukennsl hk. ft.

Tækni við *myndbútun* þar sem kennsl eru borin á *útlínudíla* með því að rannsaka nágreppi þeirra.

– edge detection

útlínumiðuð rúmteikning

Þrívíddartækni, fólgin í því að *máta saman útlínur* sama *vangs* sem koma fram þegar horft er frá tveimur eða fleiri mismunandi stöðum.

– edge-based stereo

útlínuskerpa kv.

Mælikvarði á skerpu *útlína* í mynd².

· Útlínuskerpa er skilgreind fyrir útlínu sem meðalgildi tvíveldis af hraða breytingar á ljóspéttleika eftir útlínu deilt með heildarmun á ljóspéttleika við aðra hlið útlínunnar og hina hlið hennar.

– acutance

útlínuskerping kv.

Tækni við *myndbót*, fólgin í því að skerpa *útlínur* með því að auka *birtuskil* milli *gráma útlínudíla*.

– edge enhancement

útprent hk.

Frálagsgögn úr *prentara*.

sh. *útskrift*

– printout

útskráning kv.

Það að *skrú út*.

sh. *úrskráning*

– logoff, logout, signoff

útskrift kv. → útprent**úttöð kv.**

Búnaður í kerfi eða *samskiptaneti* þar sem unnt er að færa inn eða heimta

gögn.

– terminal

útstöðvarherming kv.

– terminal emulation

útstöðvartæki hk.

Sá hluti *gagnastöðvar* sem er *gagnagjafi* eða *gagnaþegi* eða hvort tveggja.

· Útstöðvartæki getur verið tengt beint við *tölvu* eða verið hluti hennar.

– data terminal equipment, DTE

útstöðvaþjónn kk.

Dæmi: AS/400-miðlungstölva.

– terminal server, communication server

úttaks- fl. → *frálags-*

úttaksferli hk. → *frálagsferli*

úttaksgögn hk. ft. → *frálagsgögn*

úttakslag hk. → *frálagslag*

úttakstæki hk. → *frálagsstæki*

úttengileið fyrir lokaðan notendahóp

Notendapjónusta sem gerir *útstöðvartæki* eins eða fleiri *lokaðra notendahópa* kleift að koma á *kalli*² við útstöðvartæki utan þessara lokuðu notendahópa.

– closed user group with outgoing access

útvarp hk. → *víðvarp*

útvarp um staðarnet → *víðvarp um staðarnet*

útvarpstíðni kv.

sh. *rafaldstíðni*

– radio frequency

útvista so.

(um verkþátt fyrirtækis) Fela á hendur

verktaka utan fyrirtækisins.

· Verkþætti er oftast útvistað með formlegum samningi, *útvistunarsamningi*.

· Sögnin stjórnar þágufalli.

· Sjá einnig *heimvista* og *samvista*. sh. *úthýsa*

– outsource

útvistun kv.

Það að *útvista*.

· Sjá einnig *heimvistun* og *samvistun*.

sh. *úthýsing*

– outsourcing

útvistunarsamningur kk.

· Sjá einnig *útvista*, *heimvistunarsamningur* og *samvistunarsamningur*.

sh. *úthýsingarsamningur*

– outsourcing contract, outsourcing agreement

útvær lo.

(um *máleiningu*) Sem er ekki skilgreindur í þeirri *forritseiningu* þar sem vísað er til hans.

Dæmi: *Inngangsheiti* í forritseiningu og heiti *skráa* eru útvær.

– external

útvær samtenging

*Samtenging*¹ þar sem stjórna má tengingu *breytna*² með því að leyfa aðeins tengingu þeirra breytna sem eru formlega skilgreindar sem *útværar*.

· *PLI* er eitt þeirra *forritunarmála* sem hafa þessa getu.

– external coupling

V

vafra so.

*Skanna*¹ vef með hugbúnaði fyrir stiklutexta, til þess að nýta tiltæka¹ þjónustu¹.

sh. rápa
– browse¹

vafri kk. → vefsjá**vafur** hk.

Það að vafra.
sh. vefráp, ráp
– browse², browsing²

vakning¹ kv.

(í forritun) Stofnun vakningarfærslu.
– activation¹

vakning² kv.

Aðgerð sem leyfir að fullnusta reglu eða kalla á forrit eða undirforrit¹.
– activation²

vakningarfall hk.

Fall sem reiknar frálagsgildi tauganets út frá ílagsgildum netsins og stöðu þess þá stundina.
· Vakningargildi geta ýmist verið samfelld eða stakræn.
– activation function

vakningarfærsla kv.

Gagnahlutur sem stendur fyrir tiltekna verkeiningu eða undirforrit¹. Í honum eru tiltekin gagnagildi og gögn um vinnslustöðu verkeiningarinnar eða undirforritsins.
· Í vakningarfærslu geta verið stíkar², útkomur, staðvær gögn o.s.frv.
– activation record

vakningarsetning kv.

Einföld setning sem afturvísar frábrigði eða kallar það fram.
– raise statement

val hk.

– selecting²

vala kv.

Benditæki sem staðsetja verður handvirkt á fleti hnitaborðs til þess að skrá ílagspunkta þegar myndir¹ eru teknar upp.
– puck

valblað hk. → valmynd**valboðrás** kv.

Hraðvirk boðrás, ætluð til þess að þjóna aðeins einu ílags- og frálagsstæki í einu.
· Þegar ílags- og frálagsstæki hefur verið valið er heil færsla¹ send í einu.
– selector channel

valeining kv.

(í tölvuteiknun) Myndeining sem benditæki getur bent á.
– detectable element

valfrjáls lo.

– optional

valgreiðslubúnaður kk.

Hugbúnaður með verndaðan höfundarétt en sendur mönnum ókeypis til skoðunar.
· Síðan greiða menn fyrir búnaðinn ef þeir hyggjast nota hann.
– shareware

valhnappur kk.

Aðgerðarhnappur eða eftirlíking hans á skjásvæði, notaður til þess að velja úr mengi mismunandi aðgerða eða hluta.
– pushbutton, button¹

valinn texti

(í ritvinnslu) Stafur eða stafastrengur sem hefur verið afmarkaður og næsta skipun² getur verkað á.
– selection¹, marked text

valkostur kk.

sh. *kostur*
– option

valmerki hk.

Runa stafa sem gefur allar nauðsynlegar *upplýsingar*¹ til þess að koma á sambandi í *gagnaflutningsneti*.
– selection signal

valmynd kv.

Listi yfir valkosti sem *gagnavinnskulkerfi* birtir¹ notanda.
· Notandinn getur síðan valið þá aðgerð sem á að framkvæma.
sh. *valblað*
– menu

valmyndalína kv. → *valrönd***valmyndastýrður** lo.

(um *hugbúnað*) Sem notar *valmyndir* til þess að leiðbeina notanda.
– menu-driven

valmyndastýrt forrit

Forrit þar sem notaðar eru *valmyndir* til þess að leiðbeina notanda.
– menu-driven program

valnefni hk.

(í *tölvuöryggi*) Nafn sem valið er og notað í stað hins eiginlega nafns.
– pseudonym

valrein kv. → *valrönd***valræsing** kv.

Sú tilhögun að tvö eða fleiri *stýrikerfi* eru á *harðdiskinum* og valið er hverju sinni hvert þeirra skal *ræst*.
– dual boot

valrönd kv.

Rönd með fram *glugga* eða *gluggabrún*, notuð til þess að *birta*¹ nöfn eða *teikn* fyrir *valmyndir*.
sh. *valrein*, *valmyndalína*, *athafnarönd*
– menu bar, action bar

vals kk.

Sívalningur sem pappír hvílir á þegar slegið er á hann, t.d. í *höggprenturum*.
– platen

valsetning kv.

Fjölsetning sem lætur *verkeiningu* sem *kallar* eða verkeiningu sem kallað er á velja milli mismunandi leiða eða bíða.
– select statement

valsfærsla kv.

Það að færa pappír í *prentara* með því að þrýsta honum áfram milli *valsa* sem snúast.
– friction feed

valsfærslubúnaður kk.

Útbúnaður á *prentara* til *valsfærslu*.
– friction feeder

valsteiknari kk.

Teiknari sem *teiknar mynd*¹ á myndflöt á *valsi* sem snýst.
– drum plotter

valtenging kv. → *tengival***valtextaarás** kv.

Kerfisbundin arás þar sem dulmálsfræðingur getur lagt fram ótakmarkaðan fjölda *skeyta*² með *ódulrituðum texta* og rannsakað samsvarandi *dulritaðan texta*.
– chosen-plaintext attack

valtæki hk.

Ílagstæki sem skilar einu gildi af nokkrum hugsanlegum.
Dæmi: *Aðgerðaskiki*.
– choice device

valvís biðsetning

Valsetning sem bíður eftir *kalli*³ frá *stefnuheimildarsetningu* áður en *runa* af *setningum*¹ hennar er *innt*.
– selective-wait statement

valvís dembing

Dembing úr tilteknum *geymsluhólfum*.
– selective dump

vanbúnaður kk.

Hugbúnaður eða *vélbúnaður* sem eitt-hvað er látið vanta í til að hann geti ekki starfað á fullkominn hátt.
· Vanbúnaður er látinn í té til prófunar.
– crippleware

vanggreining kv.

Það að *sækja*¹ *upplýsingar*¹ um *vang* úr *gögnum* sem leidd eru af *mynd*² eða *frumdráttum* hennar.

– scene analysis

vanghæfa so.

Umrita *hugbúnað* og gera nauðsynlegar breytingar og lagfæringar þannig að unnt sé að *inna* hugbúnaðinn á öðrum *verkvangi* en hann var saminn fyrir.

· *Flytjanleiki* hugbúnaðarins segir til um hversu auðvelt er að *vanghæfa* hann.

– port³

vanghæfing kv.

Það að *vanghæfa*.

– porting

vangsýn kv.

(í *sýndarveruleika*) *Birt*¹ sýndarefni, skoðað á breiðum *skjá* eða gegnum *glugga útstöðvar* frekar en með gagn-tekningartækjum.

– scene view

vangur kk.

(í *tölvusjón*) Raunsönn tilhögun *hluta*³.

– scene¹

varaafgjafi kk.

– uninterruptible power supply, UPS

varahamur kk.

Stuðningshamur sem er þannig háttáð að varaskeifa tekur við þegar einhver þáttur *tölvukerfis*, t.d. *gjörvi*, *þjónn*¹, *net* eða *gagnasafn*, bregst vegna *bilunar* eða af öðrum ástæðum.

– failover

varald hk.

(í *tölvuöryggi*) Öruggur *vélbúnaður* sem varðveitir eða framleiðir *stafræn* leyndarmál svo sem *dulmálslykla*.

– hardware security module, HSM

varalestrarkerfi hk.

Kerfi, notað fyrir *talkennsl* og byggt á kennslum fyrir varahreyfingar.

– lipreading system

varanleg sýndarrás

· Sjá einnig *sýndarrás*.

– permanent virtual circuit, PVC

varanlegt viðfang → *varanlegur hlutur***varanlegur hlutur**

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Hlutur*² sem er áfram til eftir að *ferlinu*² eða *þræðinum*¹ sem bjó hann til er lokið.

sh. *varanlegt viðfang*

– persistent object

varanleiki kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Geta *hlutar*² til þess að vera áfram til eftir að *inningu forrits* lýkur.

– persistence

varaóðalsstjóri kk.

Óðalsstjóri sem geymir *öryggisafrit* af *gagnasafni tilfangadóðals* og getur hlaupið í skarðið ef *aðalóðalsstjóri* bregst.

– backup domain controller, BDC

vararás kv.

Aukarás, notuð í stað *rásar*¹ sem er skemmd eða ónothæf.

sh. *vararein*

– alternate track, alternative track

vararein kv. → *vararás***varastöð** kv.

Fullbúin *tölvumiðstöð* sem getur tekið samstundis við *gagnavinnslu* í stað annarrar miðstöðvar ef slys verður.

– hot site

varaviðtakandi kk.

(í *tölvupóstkerfi*) *Hugsanlegur viðtakandi* *skeytis*² eða *kanna* sem ekki er unnt að senda tilteknum forgangsviðtakanda.

· *Upphafsmáður* eða hugsanlegur viðtakandi getur tilnefnt varaviðtakanda.

– alternate recipient

varðveislutími kk.

Fyrir fram ákveðinn geymslutími *gagna* á *gagnamiðli*.

– retention period

varlykill kk. → *prófunarlykill*

varnarhamur kk.

– protected mode

varpa so.

Ákvarða mengi af gildum sem samsvara stærðum eða gildum í öðru mengi á tiltekinn hátt.

Dæmi: Reikna gildi stærðfræðilegs falls, þ.e. að ákvarða gildi fylgibreytunnar fyrir þau gildi *frumbreytunnar* sem máli skipta í það sinnið.

– map²

varpi kk.

*Fall*¹ sem skilar falli.

– functor

varstafur kk.

Prófunarlykill sem er einn *stafur*.

– check character

vartala kv.

Prófunarlykill sem er einn *tölustafur*.

– check digit, checksum character

vartala fyrir ramma

Runa bita, ákvörðuð af þeim *gögnum* sem eru í *rammanum*¹ og sett þar til þess að finna megi *villur* í sendingu.

– frame check sequence, FCS

vasareiknir kk.

Létt og fyrirferðarlítill *reiknivél* til þess að hafa í hendi eða vasa.

sh. *vasareiknivél*

– pocket calculator, handheld calculator, hand-held calculator

vasareiknivél kv. → *vasareiknir***vasi** kk.

Spjaldavasi í *spjaldaraðara*.

– pocket

vatnsmerki hk.

– watermark

váorð hk.

Orð sem ekki má nota sem *lýsiorð* í tiltekinni lýsingaraðferð.

– stop word

váorðaskrá kv.

Listi yfir öll *váorð* í tiltekinni lýsingaraðferð.

– stop word list, stop list

vásætja so.

Brjóta gegn *tölvuöryggi* þannig að *forritum* eða *gögnum* kann að vera breytt, þeim eytt eða þau gerð aðgengileg heimildarlausum *einindum*¹.

– compromise¹

vásætning kv.

Það að *vásætja*.

– compromise²

vásætningarsending kv.

*Merki*², sem eru send út óviljandi, geta, ef þau eru hleruð og greind, leitt í ljós *viðkvæmar upplýsingar* sem verið er að vinna úr eða *senda*.

Dæmi: Útsending *hljóðs*, rafsegulútteigslun.

– compromising emanation

vásvæði hk.

Sá hluti *verkeiningar* sem ekki er unnt að *inna* samtímis öðrum hluta hennar eða öðrum verkeiningum.

– critical section

vásvæðisstef hk.

Stef til að leysa úr vanda sem fylgir *vásvæði verkeiningar*.

– critical section routine

vefauga hk. → *vefmyndavél***vefár** hk.

Sá tími sem það tekur lýðnetstækni að þróast jafnmikið og önnur tækni þróast á einu almanaksári.

– Web year

vefbás kk.

Tölvubúnaður á almannafæri sem er tengdur *lýðnetinu*, auðveldur í notkun og ætlaður fyrir *aðgang*¹ að *veraldarvefnum*.

· Sjá einnig *fróðsjá* og *lýðnetsbás*.

– web kiosk

vefbókabúð kv.

sh. *netbókabúð*

– online bookstore

vefbú hk.

Miðlarabú, notað við *vefhýsingu* eða við *þjónustu*¹ á fjölsóttu *vefsetri*.

sh. *vefmiðlarabú*
– web farm, web server farm

vefbúð kv. → *vefverslun*¹

vefdjúp hk.

Sá stóri hluti *veraldarvefsins* sem venjulegar *leitarvélar* ná ekki til.

– deep Web

vefeining kv.

(í *töflugagnasafnskerfinu Informix*)

– Web Datablade Module

veffang hk.

*Kennimerki*¹ fyrir vefstað þar sem eitt-hvert efni er, t.d. *texti*, mynd, *hljóð* eða *forrit*.

· Algengasta tegundin er *vefslóð*. Önnur tegund er t.d. *veffangsvísir*.

– uniform resource identifier, URI, universal resource identifier, web address¹

veffangsvísir kk.

Tegund *veffangs* sem vísar á *tilfang* sem getur flust til á vefnum en þó þannig að einhver hefur gætur á staðsetningu þess.

– uniform resource name, URN, universal resource name

vefgátt kv.

Vefsetur sem myndar upphafsstað eða fordyri að öðrum *tilföngum* á *lýðnetinu* eða *heimaneti*.

– portal, web portal

vefgáttarhugbúnaður kk.

– portal software

vefhremming kv.

Aðferð við að safna *upplýsingum*¹ af *vefsetrum* fyrir *hremmisetur*.

– web scraping, web harvesting, web data extraction

vefhringur kk.

Aðferð til að tengja saman vensluð *vefsetur* þannig að unnt sé að vitja þeirra hvers á fætur öðru, og hugsanlega hverfa aftur til hins fyrsta.

– web ring

vefhýsing kv.

– web site hosting, web hosting,

webhosting

vefhýsitölva kv.

– web host

vefkaup hk. ft.

Það að versla á *lýðnetinu*.

sh. *netkaup*, *vefverslun*², *netverslun*²

– online shopping, electronic shopping, e-shopping, web shopping, Internet shopping

vefkrull hk.

Aðskilin *verkforrit*, tengd á *vef* um opin *forritaskil* og unnin með *skýjavinnslu*.

Dæmi: Vefkrull milli „Google Maps“ og *vefsetursins* „Weather.com“ má gera aðgengilegt fyrir *WAP-síma*.

· Sjá einnig *stafrænt krull*.

– mashup

vefkönguló kv. → *vefskriðill*

veflausn kv.

– web solution

vefleiðari kk. → *blogg*

veflykill kk.

Notandakenni og *aðgangsorð* sem veita *aðgang*¹ að *vef*.

– webkey

veflyklun kv.

Það að búa til atriðisorðaskrá í stafrófsröð fyrir einstakt *vefsetur* eða *heimanet*.

– web indexing, Internet indexing

veflæg þjálfun → *vefþjálfun*

veflægur verkvangur

– web-based environment

vefmát hk.

Skeytagerð sem notuð er til þess að upplýsa áskrifendur um breyttar *vefsíður*.

– web feed, news feed

vefmiðlarabú hk. → *vefbú*

vefmiðlari kk. → *vefþjónn*

vefmyndavél kv.

Kvikmyndavél sem tekur myndir sjálfvirk og er tengd sérstökum búnaði þannig að með reglubundnu millibili er gripin ný mynd úr vélinni og jafnskjótt veittur *aðgangur*¹ að henni á *lýðnet*-

inu eða *heimaneti*, venjulega á *vefsíðu*, í stað næstu myndar á undan.

sh. *vefauga*, *tölvuauga*, *glyrna*

– webcam, world-wide web camera, web cam, web camera, webcamera, cam, homecam

vefnám hk.

Samþætting *upplýsinga*¹ sem safnað er með hefðbundnum gagnanámsaðferðum og þeirra sem safnað er á *veraldarvefnum*.

– web mining

vefraus hk. → *blogg*

vefráp hk. → *vafur*

vefsafn hk.

Safn af *vefsíðum* *veraldarvefs* úr fortíð.

· Sjá einnig *fortíðarsetur*.

– Web archive

vefsel hk.

(í *netvinnu*) *Miðlari*² sem starfar sem milliliður milli *biðlara*¹ og *lýðnets*.

· Vefsel notar oft eigið *skyndiminni* til að flýta fyrir vinnslu.

sh. *sel*

– proxy server, proxy

vefsetur hk.

– web site

vefsíða kv.

*Skjal*² sem *aðgangur*¹ er að á *veraldarvef* eða öðrum *vef* þar sem notuð er sambærileg tækni.

· Sjá einnig *vefþjónn*.

– web page

vefsíðnaskrá kv.

– webography, arachniography

vefsíðufölsun kv.

Misnotkun sem felst í því að *tölvuþrjótur* líkir eftir *vefsíðum* eða *tölvupósti*³ fyrirtækja sem notendur treysta.

· Tilgangurinn er oft að hafa fé af notandanum eins og á *vefveiðum* en stundum er tilgangurinn sá að gefa villandi mynd af fyrirtæki eða einstaklingi. Þegar notandinn skráir inn viðkvæmar upplýsingar eins

og greiðslukortanúmer, bankareikning, kennitölu, fæðingardag eða *aðgangsorð* getur tölvuþrjóturinn notað gögnin fyrir *kennisstuld* eða fyrir aðra sviksamlega starfsemi.

– content spoofing

vefsjá kv.

(í *stiklumiðlun*) *Forrit* til þess að fara á milli *stikluskjala*.

sh. *vefskoðari*, *vafri*, *rápforrit*, *rápari*

– browser¹, web browser, navigator

vefsjártraust litaspjald

Litaspjald með þeim litum einum sem líta eins út á mismunandi *tölvum*, t.d. PC og Macintosh, þegar tiltekin *vefsjá* er notuð.

– browser-safe palette

vefsjónvarp hk.

– webTV

vefskipti hk. ft.

Það að *hafa* *vefskipti*.

– punch-out

vefskoðari kk. → *vefsjá*

vefskriðill kk.

sh. *vefkönguló*, *skriðill*, *könguló*

– web crawler, web spider, web worm, crawler, spider

vefslóð kv.

*Kennimerki*¹ fyrir *vistfang* *vefsíðu* til þess að unnt sé að opna hana.

· Þetta er þrengra hugtak en *veffang*.

– uniform resource locator, URL, universal resource locator, web address²

vefslóðarvörður kk.

Vitrænn gerandi eða þjarkaforrit sem gerir viðvart með *tölvupósti*³ þegar tiltekin *vefsíða* hefur breyst.

– URL-minder

vefsprangari kk.

– web surfer

vefstjóri kk.

Sá sem ber ábyrgð á og hefur umsjón með tilteknum *vef*.

– webmaster

vefsýn kv.

Framsetning á *stikluvef* með því að sýna *hrifreit* hans.

– web view

veftafla kv.

– whiteboard

veftál hk.

Árás *tölvuþrjót*s sem beinist að því að beina umferð um *vefsetur* til annars vefseturs sem er falskt.

· Veftál má framkvæma með því að breyta *hýsaskrá* í *tölvu* fórnarlamb s eða með því að nýta *veilu* í *hugbúnaði* *lénshaitakerfis*. Orðið „pharming“ er myndað úr orðunum *phishing* og „farming“.

– pharming

veftré hk.

Sjónrænt eða textaskipað yfirlit yfir *efni* *vefseturs* sem gerir notendum kleift að fara um setrið til að finna þær *upplýsingar*¹ sem þeir leita að, með svipuðum hætti og landakort hjálpar fólki að finna staði sem það leitar að í raunheiminum.

· Í ensku er einnig til heitið „web tree“, en það er miklu minna notað en „site map“.

– site map

veftölvuvinnsla kv. → *nettölvun***vefur** kk.

Hluti *veraldarvefs* á tilteknu *vefsetri*.

– web

vefvarp hk.

Dreifing fjölmiðlaefnis um *lýðnetið* með því að nota tækni *streymimiðlunar* til þess að dreifa efni til margar notenda samtímis.

– webcast

vefveiðar kv. ft.

Það að fiska eftir persónulegum *upplýsingum*¹, svo sem *aðgangsorðum* og greiðslukortanúmerum, með því að *gabba* notendur.

· Algeng aðferð *vefveiðimanna* er að líkja eftir *vefsíðum* eða *tölvupósti*³

fyrirtækja sem notendur treysta.

– phishing

vefveiðarfæri hk. ft.

Samsafn *tóla* sem aðstoða notendur sem hafa litla tæknilega þekkingu við að setja af stað *vefveiðar*.

– phishing kit

vefveiðimaður kk.

Sá sem stundar *vefveiðar*.

– phisher

vefverslun¹ kv.

sh. *netverslun*¹, *vefbúð*, *netbúð*

– online store, online shop, electronic shop, e-shop, web store, web shop, Internet store, e-store

vefverslun² kv. → *vefkaup***vefvist** kv.

Safn *vefsíðna* um tiltekið efni, þar með talin *forsíða*.

· Svipað hugtak og *vefsetur* en vísar fremur til viðveru í *netheimum* en á tilteknum *vefþjóni*.

– web presence

vefvörpun kv.

– webcasting

vefþing hk.

Verkbúnaður sem starfrækir vettvang fyrir umræður á *veraldarvefnum*.

· Vefþing er arftaki eldri kerfa, svo sem *upplýsingatöflukerfis* og *Usenet-málþings* sem voru áberandi á áratugunum 1980 – 2000.

· Vefþing eru af ýmsu tagi og geta meðal annars hýst *þræði*².

– discussion board, discussion group, discussion forum, message board, online forum, Internet forum

vefþjálfun kv.

sh. *veflæg þjálfun*

– web-based training

vefþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem sér um *samskipti* á *veraldarvef* eða öðrum *vef* þar sem notuð er sambærileg tækni.

sh. *vefmiðlari*

– web server

vefþjónusta kv.

– web service

veggfóður hk.

(á *skjá*) Stöðugur mynstraður *bakgrunnur* eða bakgrunnsmynd undir *valmyndir*, *teikn* og önnur atriði sem *birtast*¹ og geta hreyfst til.

– wallpaper

vegið árangursmat

– balanced scorecard, balance scorecard

vegvísir um lýðnetið

– Internet road map, road map

veif kv.

Máleining þar sem notuð er *biðröð* til þess að stýra *aðgangi*¹ að *tilföngum* sem eru tiltæk fleiri en einni *verkeiningu* en þó aðeins einni í einu.

– semaphore

veifa kv. → *stöðuvísir***veila** kv.

Veikleiki eða *smuga* í *gagnavinnslukerfi*.

· Ef veila er fyrir tiltekinni *ógn*, þá er *áhætta* fyrir hendi.

– vulnerability

veilubragð hk.

Árás á *gagnavinnslukerfi* sem beinist einkum að tilteknum veikleika í kerfinu.

– exploit

veira kv.

Forrit sem dreifir sér með því að breyta öðru forriti þannig að það geymi hugsanlega breytt afrit af fyrra forritinu og er *innt* þegar kallað er á smitaða forritið.

· Veira veldur oft tjóni eða er til skapraunar. Einhver atburður getur ræst veiruna, t.d. það að tiltekin dagsetning rennur upp.

– virus

veirugabb hk.

– virus hoax

veiruspor hk.

Einstæður *bitastrengur* sem er sam-

eiginlegur öllum eintökum tiltekinnar *veiru* og skönnunarforrit getur notað til þess að koma upp um veiru.

– virus signature

veiruvarnarforrit hk.

Forrit, hannað til þess að finna *veirur* og hugsanlega til þess að leggja til eða gera úrbætur.

· Sjá einnig *veiruvarnarhugbúnaður*.

– anti-virus program

veiruvarnarhugbúnaður kk.

· Sjá einnig *veiruvarnarforrit*.

– anti-virus software

veiruvörn kv.

· Sjá einnig *veiruvarnarforrit*.

– virus protection

veita tíma

Úthluta tíma í *gjörva* þeim *verkum* eða *verkeiningum* sem tilbúnar eru til *inningar*.

– dispatch

Veitch-mynd kv.

Mynd til þess að setja fram *Booleföll* þannig að fjöldi breytistærðanna ákvarðar fjölda ferninga í myndinni.

· Fjöldi ferninga sem nota þarf er veldi af tveimur, þar sem veldisvísirinn er fjöldi breytistærðanna.

– Veitch diagram

veiting kv.

Það að veita tiltekna þjónustu.

· Þjónustan getur verið margvísleg, t.d. *bandbreidd* í fjarskiptum og geymslupláss í *geymsluneti*.

– provisioning

veituforrit hk.

Forrit sem *kerfisveita* veitir *aðgang*¹ að.

– apps-on-tap, applications on tap

veituvinnsla kv.

Æskivinnsla þar sem *þjónustuveita* veitir aðgang að *tilföngum* eftir þörfum og gjaldfærir *þjónustuna*¹ eftir notkun.

· Með æskivinnslu, *skýjavinnslu* og veituvinnslu er leitast við að nýta tilföng sem best og lágmarka kostnað

- við vinnslu.
– utility computing
- vekjja** so.
*Kalla á steffju*² og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að *kallið*³ takist.
Dæmi: Taka frá svæði í *minni* fyrir *staðværar breytur*².
– activate, invoke
- vektor** kk. → *vigur*
- vektorsgjafi** kk. → *vigrargjafi*
- veldisklónun** kv.
(í nanótækni) Sjálfklónun *nanóþjarka* þar sem hver getur af sér a.m.k. tvo nýja.
– exponential assembly
- veldisritháttur** kk.
Talnaritunarkerfi þar sem tölur eru settar fram sem margfeldi af *tölu*kjarna og tölunni 10 í viðeigandi veldi.
· *Tölu*kjarninn er hafður stærri eða jafn og 1 en minni en 10.
· Sjá einnig *veldisstofn* og *veldisvísir*.
Dæmi: Talan 3150 er í veldisrithætti rituð sem $3,15 \times 10^3$.
– scientific notation, power-of-10 notation
- veldisstofn** kk.
(í *talnaritunarkerfi*) Tala sem er hafin í veldi, táknað með *veldisvísi*, og síðan margfölduð með *tölu*kjarna til þess að ákvarða þá tölu sem sett er fram.
Dæmi: Talan 10 í *segðinni* $3,15 \times 10^3 = 3150$.
– base¹, ?radix²
- veldistala** kv.
Tölutákn sem stendur fyrir *veldisvísi* í *hlaupakommuritu*n.
· Á veldistölu og veldisvísi í hlaupakommuritu n munar tilteknum fasta. Ef veldisvísirinn er –3 og fastinn er 64 verður veldistalan 61.
– characteristic¹
- veldisvísir** kk.
(í *hlaupakommuritu*n) *Tölutákn* sem sýnir það veldi sem undirskilinn

- hlaupakommustofn* er hafinn í áður en hann er margfaldaður með *tölu*kjarnanum til þess að ákvarða *rauntöluna* sem sett er fram.
Dæmi: Sjá dæmið með hugtakinu hlaupakommuritu n.
– exponent
- velja** so.
(í gluggaumhverfi)
– select
- velkomandasíða** kv.
– welcome page
- velting** kv.
(í *tölvuteiknun*) Það að *birta*¹ snúning *myndeininga* um ás sem er sífellt að breyta um stefnu.
– tumbling
- veltirofi** kk.
– rocker switch
- veltitafla** kv.
Gagnvirk tafla sem gefur möguleika á mismunandi sýn á *gögn* í *reiknivangi* eða gagnasafnstöflu og samantektir úr þeim samkvæmt skilgreiningu notandans án þess að raunveruleg niðurröðun gagnanna breytist.
– pivot table
- vendihnappur** kk.
Hnappur sem sendir *vendistaf* eða *vendistaf* og *línuskiptastaf*.
· Það síðara er algengara og hefur þau áhrif að *bendill*¹ eða *prentstaða* flyst í byrjun næstu *línu*¹.
– return key
- vending** kv.
Það að flytja *bendil*¹ á *skjá* eða *prentstöðu* á *prentara* fremst í sömu *línu*¹.
– carriage return
- vendistafur** kk.
Sniðstafur sem flytur *bendil*¹ á *skjá* eða *prentstöðu* á *prentara* fremst í sömu *línu*¹.
– carriage return character, CR
- Venn-mynd** kv.
Mynd þar sem mengi eru táknuð með

svæðum, teiknuðum í fleti.

– Venn diagram

vensl¹ hk. ft.

Sérstök gerð *einindis¹* sem notað er til að sýna *ákvæði*, *tengsl* eða *tengingu* sem getur gilt milli tveggja eininda eða milli *eiginda¹* sama einindis.

- Venslin eru sett fram eða skráð í *gagnasafni*.
- relationship¹

vensl² hk. ft.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Einátta *tenging* milli *taga*.

– relation²

venslaalgebra kv. → *töfualgebra*

venslaflokkur kk. → *töfuflokkur*

venslagagnasafn hk. → *töflugagnasafn*

venslagagnasafnskerfi hk. → *töflugagnasafnskerfi*

venslageymsla kv.

Geymsla¹ þar sem *geymslustaðir* auðkennast af því sem í þeim er en ekki af nafni sínu eða staðsetningu.

– associative storage, content-addressable storage

venslalíkan hk. → *töflulíkan*

venslamál hk. → *töflumál*

venslaminni hk.

(í *tauganetum*) *Minni* sem hefur hæfileika til þess að rifja upp heilt *mynstur¹* út frá hluta af *mynstrinu*.

– associative memory

venslareikningur kk. → *töflureikningur*

venslaskipan kv. → *töfluskipan*

venslatafla kv. → *tafla²*

veraldarvefur kk.

Dreift *upplýsingasafn* á *lýðnetinu* þar sem notað er biðlaraþjónusta og *stiklu-miðlun*.

- Veraldarvefurinn varð til í rannsóknarstofnun Kjarnorkurannsóknaráðs Evrópu (CERN) í Genf í Sviss. Notendum veraldarvefsins hefur fjölgað gífurlega síðan hann var opnaður árið 1991.

- Á veraldarvefnum eru *skjöl²*, *valmyndir* og *atriðaskrár* sett fram gagnvart notanda sem *stikluhlutir* í *HTML*-formi. *Tenglar³* vísa á önnur skjöl með *vefslóðum*.

- Tækni sem beitt er í *lýðnetinu* á veraldarvefnum er einnig notuð í *innri netum* stofnana og fyrirtækja.

– WWW, world wide web, world-wide web

verðandalykill kk.

Einn hugsanlegra *dálka²* eða samsettra *dálka* sem má til þess að bera kennsl á *færslu²* á einkvæman hátt.

- Sá *framandlykill* sem valinn er, er kallaður *aðallykill*.

– candidate key

verk hk.

Afmarkað verkefni sem *tölva* á að leysa, skilgreint af notanda.

– job

verkaruna kv.

Röð *verka* eða verkbúta sem lögð er fyrir *stýrikerfi* til vinnslu.

– job stream, input stream, run stream

verkaskrá kv.

Forgangslisti yfir athafnir sem bíða framkvæmdar.

- Í *gervigreindarfræði* ná slíkar athafnir yfir það að nota tiltekna búta af *þekkingu*.

– agenda

verkbúnaður kk.

Hugbúnaður, sérstaklega ætlaður til þess að leysa *vinnsluverkefni*.

– application software

verkefnatengt mál

Forritunarmál sem er sérstaklega ætlað fyrir tiltekna gerð verkefna.

Dæmi: *SQL* fyrir *gagnasöfn*, *Cobol* fyrir viðskiptakerfi.

– problem-oriented language, application-oriented language, application language

verkefni hk.

(í *gagnavinnslu*) Viðfangsefni þar sem markmið, umfang og tímalengd eru ákveðin fyrir fram.

– project

verkefnisáætlun kv.

– project plan

verkefniseftirlit hk.

Það að fylgjast með *framvindu* verks, hversu vel hefur tekist til og hvernig *tilföng* eru nýtt og bera saman við áætlanir.

– project control

verkefnislýsing kv.

Framsetning á viðfangsefni sem getur falið í sér lýsingu á lausnaraðferð og *algrím* sem notuð eru til þess að leysa viðfangsefnið.

– problem definition, problem description

verkefnisstjórnun kv.

Það að hafa með höndum *gerð verkefnisáætlunar* og *verkefniseftirlit*.

– project management

verkeining kv.

Forritseining sem unnt er að *inna samskeiða* öðrum forritseiningum, annaðhvort í *fjölgjörvatölvu* eða til skiptis í einum *gjörva*.

· Þegar talað er um stýringu á *inningu* er munur á verkeiningu og forritseiningu ekki alltaf skýr.

– task

verkferli hk. → *vinnuferli***verkförri** hk.

Forrit, sérstaklega ætlað til þess að leysa *vinnsluverkefni*.

– application program

verkförritari kk.

Forritari sem skrifar *forrit* fyrir sérstök viðfangsefni.

– application programmer

verkförritasmiður kk.

Frumkótasmiður sem semur *forrit* til að leysa eitt eða fleiri verkefni á tilteknu

sviði.

– application generator

verkgætir kk.

Forrit sem veitir upplýsingar um *ferli*¹ sem eru í gangi í *tölvu* og einnig um stöðu vinnslu í tölvunni.

· Verkgæti má einnig nota til þess að stöðva ferli og forrit og breyta forgangsröðun ferla. Í sumum *stýrikerfum* má ræsa verkgæti með því að styðja á *stýrihnapp*, *umskiptahnapp* og *eyðingarhnapp* (ctrl-alt-del).

– task manager

verkhlutfall hk.

Það *hlutfall* af tíma sem þáttur, tæki eða kerfi er í gangi.

– duty cycle

verkinngangur kk.

Staður í *verkeiningu* þar sem *skil*¹ eru fyrir *forritseiningu* sem *kallar*.

– task entry

verkmíðlari kk.

– application server

verknaður kk.

(í *kviklegu líkani*) Aðgerð sem tekur nokkurn tíma.

· Verknaður er tengdur tiltekinni *stöðu*¹. Staðan getur t.d. verið sú að síminn er að hringja og hringingin er verknaður.

– activity

verkraðari kk.

Forrit, gert til þess að *raða*¹ *verkum*, setja þau af stað eða stöðva þau.

– scheduler, job scheduler

verkrein kv.

– task bar

verkröðun kv.

Það að *raða verkum*.

– scheduling, job scheduling

verksjá kv.

(í *tölvustuddri hönnun og framleiðslu*) Búnaður sem *birtir*¹ á *skjá* táknmynd af tölulegu stýrðu skurðtæki á hreyfingu eftir braut, þannig að líkt er eftir skurð-

inum og hann sannprófaður.

– dynamic tool display²

verkskref hk.

Inning forrits sem er auðkennt með *setningum*¹ á verkstýrimáli.

· Í einu *verki* geta verið fleiri en eitt verkskref.

– job step

verkstaða kv.

Tiltekin *staða*¹ sem *verkeining* getur verið í á *æviskeiði* sínu.

– task state

verkstýrimál hk.

Gervimál, notað til þess að auðkenna *verk* og lýsa þeim *kröfum* sem það gerir til *stýrikerfis*.

– job control language, JCL

verkstýringar- fl.

(um samskiptaaðferð í *tölvunetum*) Þar sem tiltekið tæki eða *ferli*¹ stýrir einu eða fleiri öðrum tækjum eða ferlum.

– master/slave

verksýnd kv.

(í *tölvustuddri hönnun og framleiðslu*) Það að *birta*¹ á *skjá* táknmynd af tölu- legu stýrðu skurðtæki á hreyfingu eftir braut, þannig að líkt er eftir skurðinum og hann sannprófaður.

– dynamic tool display¹

verktökusmali kk.

Smali sem notar *tölvu* af tiltekinni gerð til þess að *smala forrit* á *viðfangsmál* tölvu af annarri gerð.

– cross-assembler

verktökupýðandi kk.

Vistþýðandi sem *vistþýðir* á *viðfangsmál* tölvu af annarri gerð en þeirri sem hann er notaður í.

– cross-compiler

verkvangur kk.

Vélbúnaður og *stýrikerfi* fyrir tiltekið *verkför*.

– platform

verkvinnsla kv.

Vinnsla eins eða fleiri *verka*.

– job run

vernda með aðgangsorði

– password protect

verndað umhverfi

Umhverfi þar sem þess er sérstaklega gætt (með *heimilunum*, *aðgangsheimildum*¹, stýringu á *samskipan gagnavinnslukerfis* o.s.frv.) að vernda *gögn* og *tilföng* gegn aðgerðum sem eru gerðar fyrir slysi eða af illum hug.

– closed security environment

verndaður lo.

(um *fall*²) Sem aðeins er *aðgangur*² að frá *atburðaritum*² eða *atburðum* í *hlutunum*² sem fallið er skilgreint fyrir eða í *arfþegum* hans.

– protected

verndaður geymslustaður

Geymslustaður þar sem *gögn* eru varin gegn breytingum, sem gerðar eru af slysi eða eru óréttmætar, eða gegn óheimiludum *aðgangi*¹.

– protected location

verndareining kv.

Sá hluti *gjörva* sem gengur úr skugga um að þær *aðgerðir*¹ sem *inningareiningu* er ætlað að gera séu leyfilegar.

– protection test unit

verndarfrábrigði hk.

Frábrigði sem verður þegar *forrit* reynir að hafa *aðgang*¹ að vernduðu svæði í *geymslu*¹.

– protection exception

verndarlæsing kv.

(í *gagnasafnskerfi*) Útbúnaður sem stjórnar *aðgangi*¹ að *gagnasafni* og notkun þess svo að einungis þeir notendur sem hafa *heimild* fá aðgang að tilteknum hlutum gagnasafnsins og að þeir geti aðeins framkvæmt þær *aðgerðir* á *geymdum*² *gögnum* sem heimilaðar eru með læsingunni.

– privacy lock, access lock, access control lock

verndun kv.

Takmörkun á *aðgangi*¹ að *gagnavinnslukerfi* eða notkun þess að hluta eða öllu leyti.

– protection

verndun friðhelgi

Ráðstafanir, gerðar til þess að tryggja *friðhelgi*.

· Ráðstafanirnar eru m.a. *gagnavernd* og takmörkun á söfnun, sameiningu og úrvinnslu *gagna* um einstaklinga.

– privacy protection

verpiveruleiki kk.

(í *sýndarveruleika*) Mynd þar sem hreyfingum notanda er fylgt nákvæmlega og varpað ásamt öðrum myndum á breiðan *skjá* þar sem notandi getur horft á sjálfan sig eins og hann sé á *vanginum*.

– projected reality

veruleikavél kv. → *sýndarveruleikavél***vettvangsþjónusta** kv.

(í farsímaneti) Þjónusta, veitt notanda eftir því hvar hann er staddur hverju sinni.

Dæmi: Vettvangsbundnar auglýsingar eru sendar til notanda *snjallsíma* sem er tengdur við *þráðlaust net*.

sh. *staðræn þjónusta*

– location-based service

vélarbundinn lo. → *vélháður***vélarhallt mál**

Forritunarmál sem hefur *einfaldar setningar*, svipaðar að gerð eins og *vélarbólsskipanir* tiltekinnar *tölvu* eða *tölva* af tiltekinni gerð.

– machine-oriented language, computer-oriented language

vélarkóti kk.

*Kóti*², settur fram í formi sem *miðverk tölvu* getur lesið úr og *innt*.

– machine code¹

vélarból hk.

Gervimál, eingöngu sett saman úr *vélarbólsskipunum* tiltekinnar *tölvu* eða

tölva af tiltekinni gerð.

– machine language

vélarbólsskipun kv.

*Skipun*¹ sem unnt er að *inna* beint í *tölvu*.

· Vélarbólsskipun er hluti *vélarbóls*.

– machine instruction

vélarorð hk. → *tölvuorð***vélarsjón** kv.

Það að vél notar *tölvusjón*.

· Vélarsjón er notuð í framleiðsluferlum, við gæðastjórn o.s.frv.

– machine vision

vélbúnaðarklösun kv.

Það að mörgum *þjónum*¹ er á grundvelli *vélbúnaðar* skipað í *klasa*³ sem starfar sem ein heild.

· Venjulega er vélbúnaðarklassi búinn til með því að setja hóp *sneiðmiðlara* upp á *tölvu* sem á að stjórna *klasanum*. Hver *sneiðmiðlari* starfar óháð hinum, þó að þeir geti allir brugðist við sams konar *beiðnum*. *Stýrikerfi* stjórn tölvunnar fylgist með *klasanum* og sinnir umsjónarverkefnum.

· Sjá einnig *hugbúnaðarklösun*.

– hardware clustering, operating system clustering

vélbúnaðartóki kk.

– hardware token

vélbúnaðarvangur kk.

Tiltekin *högun vélbúnaðar* eða *gjörva*.

sh. *vélbúnaðarverkvangur*

– hardware platform

vélbúnaðarverkvangur kk. → *vélbúnaðarvangur***vélbúnaðarvilla** kv.

Þrálát *villa* sem kemur alltaf fyrir að nýju þegar reynt er að *lesa gögn* aftur.

– hard error

vélbúnaður kk.

Áþreifanlegur búnaður *upplýsingavinnslukerfis* eða hluti hans.

Dæmi: *Tölvur, fylgಿತæki*.

– hardware

vélfastur lo.

(um *aðgerð*¹) Sem er skilgreindur í *rök-rás*um en ekki með *hugbúnaði*.

- Aðgerðinni er aðeins unnt að breyta með því að skipta um rökrásir.
- hardwired²

vélfrjáls lo.

(um *hugbúnað*) Sem er ekki bundinn sérstökum eiginleikum tiltekinnar gerðar af *tölvu* og því unnt að *inna* í tölvum af fleiri en einni gerð.

- machine-independent

vélgatari kk.

Frálagstæki sem skráir *gögn* sem *gatasamstæður* á *gataspjöld*¹.

- card punch

vélgerving kv. → *gerving***vélháður** lo.

(um *hugbúnað*) Sem er bundinn sérstökum eiginleikum tiltekinnar gerðar af *tölvu* og því eingöngu unnt að *inna* í tölvu af þeirri gerð.

sh. *vélarbundinn*

- machine-dependent

vélkisi kk.

- robot kitten, kitten robot

vélmaelt viðvörðun

Vélgerð *talboð* sem vara notanda við starfsemi búnaðar eða skýra honum frá henni.

Dæmi: Viðvörðun um bilun í bifreið.

- speech-based alerting

vélræn talttextun

Það að búnaður breytir *tali* í *textu*.

- machine dictation

vélræn uppgötvun

Það að vélar, sem eru færar um að læra, stunda *flokkunarmyndun* og uppgötva reynslulögmál sem lýsa reglufestu í athuguðum *gögnum*.

- Sjá einnig *hugtakamyndun* og *greiningarnám*.

- machine discovery

vélrænt nám

Það að búnaður bætir *frammistöðu* sína

með því að afla sér nýrrar *þekkingar* eða færni eða með því að endurskipuleggja þá þekkingu eða færni sem fyrir er.

- machine learning, automatic learning

véltúlkun kv.

Það að bera kennsl á *tal* á frummáli, þýða efni þess á *markmál* og semja við-eigandi *talboð* á markmálinu til þess að koma á *samskiptum* milli manna sem tala ekki sama tungumál.

- spoken-language translation

véltæk gögn → *tölvutæk gögn***véltækur** lo. → *tölvutækur***véltækur miðill** → *tölvutækur miðill***vélvera** kv.

Blendingur lifandi veru og vélar.

- Enska heitið er myndað af „cybernetic organism“.

- cyborg

VGA-kort hk. → *VGA-litspjald***VGA-litspjald** hk.

sh. *VGA-spjald*, *VGA-kort*

- video graphics array, VGA

VGA-spjald hk. → *VGA-litspjald***við æskingu**

sh. *æski-*

- on demand

viðaukahnit hk.

Afstætt hnit þar sem sá punktur sem var *vistfengdur* næst á undan er viðmiðunarpunktur.

- incremental coordinate

viðaukaprófun kv.

Prófun þar sem einum eða nokkrum *tölustöfum* eða *stöfum* er bætt við *gögn* í því skyni að finna *villur*.

- redundancy check

viðauki kk.

(í *alhæfingu*) Það að *undirklasi* bætir við nýjum sérkennum.

- extension

viðbót¹ kv.

Jákvæði brothlutinn í framsetningu *logra*.

- mantissa¹

viðbót² kv. → *viðbótarframlag*

viðbótarframlag hk.

Framlag á málþingi eða í upplýsinga-töflukerfi þar sem vísað er til framlags sem áður hefur borist.

sh. *viðbót²*

– follow-up posting, follow-up

viðbótargreind kv.

(í *sýndarveruleika*) Styrking á eða viðbót við mannlega hæfileika eða greind.

· Viðbótargreind er ekki sama og *eftirlíking* í *tölvu* af mannlegu vitsmunuferli.

– amplified intelligence, augmented intelligence, intensified intelligence

viðbótarstafur kk.

Stafur sem er kótaður með átta *bitum* og hefur númer á bilinu 128 til 255.

Dæmi: Séríslensku stafirnir.

– extended character

viðbótarveruleiki kk.

Aukin skynjun þar sem einstaklingur hefur raunheiminn sem aðalviðmiðun en bætir einhverju smávægilegu við hann með því að nota hálf gagnsæjan *birti* eða með öðrum ráðum.

– augmented reality

viðbragðsstaða kv.

Samskipan þar sem unnt er að taka umframbúnað í notkun tafarlaust ef aðalbúnaðurinn bregst.

– hot standby

viðbragðsstefja kv.

Steffa² sem kallað er á sem viðbragð við einhverjum tilteknum atburði í hugbúnaðarkerfi.

· Almennt er unnt að skipta út viðbragðsstefjum til að breyta viðbrögðum kerfis við tilteknum atburðum.

– callback function

viðfang¹ hk. → *viðfangsefni*

viðfang² hk. → *hlutur²*

viðfang³ hk. → *hlutur³*

viðfang⁴ hk. → *hlutur⁴*

viðfang⁵ hk. → *raunstiki*

viðfanga- fl. → *hlutbundinn*

viðfangalíkan hk. → *hlutalíkan*

viðfangalíkanagerð kv. → *hlutalíkanagerð*

viðfangamál hk. → *hlutbundið mál*

viðfangsefni hk.

Einindi¹ sem lýtur *aðgangsstýringu*.

Dæmi: (1) *Skrá*. (2) *Forrit*. (3) Svæði í *aðalminni*. (4) *Gögn* sem safnað er um einstakling og haldið við.

sh. *viðfang¹*, *hlutur¹*

– object¹

viðfangseining kv.

Viðfangsforrit eða hluti þess sem hefur að geyma nægar *upplýsingar¹* til þess að unnt sé að *tengja* hann.

· *Smalar* og *vistþýðendur* skila venjulega viðfangseiningum.

– object module

viðfangsforrit hk.

Þýtt forrit sem þarf að *tengja* áður en tiltekin *tölva* getur *innt* það.

– object program

viðfangskóti kk.

Kóti² sem *smali* eða *vistþýðandi* býr til.

· *Viðfangsforrit* er gert úr viðfangskóta.

– object code

viðfangslína kv.

(í *ritvinnslu*) Sú *lína¹* í *texta* sem er til reiðu hverju sinni.

· Í *skjáritlum* er viðfangslína sú lína sem *bendillinn¹* vísar á.

– current line

viðfangsmál hk.

Markmál til þess að skrá *viðfangsforrit*.

– object language

viðfangsrými hk.

Ímyndað eða raunverulegt svæði, skilgreint sem allar *stöður²* sem nota má við greiningu á því hvernig stök og *virklar*, sem koma til greina við lausn tiltekens viðfangsefnis, verka hver á annan.

– problem space

viðfangsskil hk. ft. → *hlutarskil*

viðfangsslétta kv.

Ímynduð slétta sem hefur brennidepil stilltan á tiltekna *myndsléttu* linsu.

– object plane

viðgjafarlaust nám

Námsaðferð sem felst í því að athuga og greina ólík *einindi*¹ og ákvarða að sum undirmengja þeirra megi flokka saman án þess að prófa, með því að fá *viðgjöf* frá *þekkingargjöfum*, hvort *þekking* sem aflað er sé rétt.

· Þegar *hugtak* hefur verið myndað er því gefið heiti sem síðan má nota við *nám* annarra hugtaka.

– unsupervised learning, learning without a teacher

viðgjafarnám hk.

Námsaðferð sem felst í því að prófa, með því að fá *viðgjöf* frá *þekkingargjöfum*, hvort *þekking* sem aflað er sé rétt.

– supervised learning

viðgjöf kv.

(í *gagnavinnslu*) Það að skila *frálagi* af einu stigi úrvinnslu sem *ílagi* á öðru stigi í því skyni að hafa áhrif á frekari úrvinnslu og jafnvel leiðrétta hana.

sh. *endurgjöf*

– feedback

viðhald hk.

Allt sem gert er til þess að búnaður haldist starfhæfur eða verði það aftur.

· Í viðhaldi felst t.d. eftirlit, *prófanir*, mælingar, endurnýjun hluta, stillingar, viðgerðir og í sumum tilvikum stjórnunaraðgerðir.

– maintenance

viðhald kerfis

Lagfæringar á kerfi til þess að ráða bót á *göllum*, auka afköst eða laga kerfið að breyttu umhverfi eða breyttum *kröfum*.

– system maintenance

viðhald skrár

Það að *uppnýja* eða endurskipuleggja *skrá*.

– file maintenance

viðhaldshandbók fyrir hugbúnað

*Skjal*¹ þar sem gefnar eru nauðsynlegar *upplýsingar*¹ til þess að halda *forriti* við.

– program maintenance manual

viðhaldskerfi sannleiksgildis

Þekkingarkerfi sem heldur við sannleiksgildi *þekkingarsafns* síns með því að fylgjast með því hvernig *trúaratriði* eru háð hvert öðru.

· Viðhald sannleiksgildis felst aðallega í því að eyða *þekkingaratriðum* sem hafa leitt til rangra *ályktana*.

– truth maintenance system

viðhaldspægni kv.

Geta búnaðar við tiltekin notkunarskilyrði til þess að haldast starfhæfur eða verða það aftur, þegar *viðhald* fer fram við tiltekin skilyrði og notaðar eru tilteknar aðferðir og *tilföng*.

– maintainability

?**viðhengi** hk. → *fylgiskjal*

viðhverfa kv.

(í *tölvuteiknun*) Sérhver hugsanleg framsetning á þrívíðum hlut.

sh. *sýnd*

– view¹

viðkvæmar upplýsingar

*Upplýsingar*¹ sem þarf að vernda, samkvæmt ákvörðun lögbærs yfirvalds, af því að *uppljóstrun* þeirra, breyting á þeim eða eyðing þeirra myndi valda tilfinnanlegu tjóni.

– sensitive information

viðkvæmni kv.

Mælikvarði sem eigandi *upplýsinga*¹ leggur á mikilvægi upplýsinganna til þess að sýna fram á þörf á verndun þeirra.

– sensitivity

viðlagaaðferð kv.

Önnur aðferð við úrvinnslu en sú venjulega, beitt í óvenjulegu tilviki sem þó mátti sjá fyrir.

- contingency procedure
- viðlagaáætlun** kv.
Áætlun um *öryggisafritanir*, neyðar-svörun og endurréttingu eftir slys.
- contingency plan, disaster recovery plan
- viðlagastaða** kv.
Samskipan þar sem unnt er að taka um-frambúnað í notkun eftir nokkra töf ef aðalbúnaðurinn bregst.
- cold standby
- viðmiðunargrind** kv.
Stefnubundið hnitannet fyrir framsetningu *mynda*² í rúmi.
- spatial grid
- viðmiðunarlaus skráning**
Segulskráning bita sem er þannig að seglunarmynstur, sem notuð eru til þess að standa fyrir 0 og 1, fylla allt *geymsluhólfid* og enginn hluti hólfins er seglaður eftir viðmiðunarmynstri.
- non-return-to-zero recording¹, NRZ¹, non-return-to-reference recording
- viðmiðunarskráning** kv.
Segulskráning bita sem er þannig að seglunarmynstur, sem notuð eru til þess að standa fyrir 0 og 1, fylla aðeins hluta af *geymsluhólfinu*. Afgangur hólfins er seglaður eftir viðmiðunarmynstri.
- return-to-reference recording
- viðmót** hk.
*Skil*¹ í kerfi sem eru þannig að notandi þarf ekki að vita hvað gerist handan þeirra.
- sh. *notendaskil*
- user interface
- viðmótstæki** hk.
Tæki eða tækjasamstæða sem leyfir *gagnvirk samskipti* manns við *tölvu*, símkerfi eða annað rafrænt *upplýsingakerfi*².
- interface device, IDF
- viðrétting**¹ kv.
Það að leiðrétta *galla* eða *skekku* eða sneiða hjá áhrifum þeirra til þess að búnaður geti starfað áfram eins og til er ætlast.
- error recovery
- viðrétting**² kv.
(í *gagnasendingu*) Það að greiða úr *villum* eða ósamkvæmni á meðan *gögn* eru flutt.
- recovery³
- viðréttingarhæfni** kv.
Hæfni búnaðar til þess að byrja aftur að starfa eðlilega eftir *bilun*.
- recovery function
- viðskeyti** hk.
– suffix
- viðskeyting** kv.
(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem leyfir notanda að bæta nýju *skjali*¹ eða *stafastrong* aftan við skráðan *texta*.
- append¹
- viðskeytingarhamur** kk.
(í *ritvinnslu*) *Hamur* sem leyfir notanda að bæta nýju *skjali*¹ eða *stafastrong* aftan við skráðan *texta*.
- append²
- viðskeytingarskipun** kv.
Ritvinnuskipun, notuð til þess að bæta nýjum *stafastrong* aftan við skráðan *texta*.
- append command
- viðskil** hk. ft.
*Skipun*¹ sem tekur úr notkun tiltekinn *hugbúnað*.
- exit¹
- viðskiptaferli** hk.
– business process
- viðskiptaforritaskil** hk. ft.
(í *hlutbundinni forritun*)
- business application programming interface, BAPI
- viðskiptagreind** kv.
– business intelligence, BI
- viðskiptakerfi** hk.
Hugbúnaður sem sameinar *upplýsingakerfi stjórnanða*, fjárhagsbókhald, lag-erbókhald, sölu- og þjónustubókhald,

viðskiptavenslaumsjón og fleira.

- ERP er *skammstöfun* á „enterprise resource planning“.
- Sjá einnig *viðskiptaskipulagning*.

– ERP system

viðskiptaliðkun kv.

Það að auðvelda viðskipti með því að samræma lög milli landa, lækka kostnað og hámarka skilvirkni.

– trade facilitation

viðskiptaskipulagning kv.

Notkun *viðskiptakerfis* til þess að skipuleggja starfsemi fyrirtækis.

– enterprise resource planning, ERP

viðskiptaumsjón kv.

Notkun *viðskiptakerfis* til þess að hafa umsjón með starfsemi fyrirtækis.

– enterprise resource management, ERM

viðskiptavensl hk. ft.

- Sjá einnig *viðskiptavenslaforrit*.

– customer relationship

viðskiptavenslaforrit hk.

Hugbúnaður til að halda utan um *samskipti* við viðskiptavini.

– customer relationship manager, CRM²

viðskiptavenslaumsjón kv.

– customer relationship management, CRM¹

viðtaka kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Flutningsskref* sem felst í því að *aðgangsbúnaður* flytur *skeyti*² eða *skilatilkygningu* til *beins notanda* síns eða annað samskiptakerfi flytur hana til *óbeins notanda*.

– receipt

viðtakandi kk.

*Notandi*³ eða *póstlisti* sem getur tekið við *skeyti*² eða *skeyti* er sent til.

sh. *póstþegi*

– recipient

viðtakendaskrá kv. → póstlisti

viðtökuhólf hk.

Pósthólf fyrir aðkominn *tölvupóst*³.

– in-basket, inbox

viðtökustafur kk.

Sendistýristafur, sendur frá viðtökustöð til sendistöðvar til þess að greina frá því að sending hafi tekist.

– acknowledge character, ACK

viðtökutilkygning kv.

(í *tölvupóstkerfi*) *Persónuleg tilkygning* til *upphafsmanns persónulegs skeytis* um að unnt hafi verið að taka við skeytinu.

- Það að unnt hafi verið að taka við skeyti getur merkt að búist sé við að tekið verði við því og að viðtaka þess hafi verið undirbúin.

– receipt notification

viðtökuval hk.

Það að ein eða fleiri *gagnastöðvar* eru beðnar að taka við *gögnum*.

- Viðtökuval er almennt notað í *greiðusambandi* en það er einnig unnt að nota í *beinu sambandi*.

– selecting¹

viðvörðun kv.

Vísbending um að vart hafi orðið hugsanlegrar *villu*.

– warning message

vigra so.

Breyta *mynd*², sem er sett fram sem *punktafylki*, í mynd sem er sett fram með *vigrum*.

– vectorize

vigrabirting kv.

Það að búa til *mynd*¹ á *birti* með *hnita-teiknun*.

– vector display

vigrabirtir kk.

Birtir sem býr til *mynd*¹ sem syrpu af *vigrum*, teiknuðum frá punkti til punkts í kerfisbundinni röð.

- Myndin er endurgerð eða *glædd* til þess að hún dofni ekki.

– vector display device, vector-refresh display

vigragjörvi kk.

Gjörvi sem getur unnið úr *skipunum*¹ þar sem *þolendur* geta verið fylki² í stað einstakra gagnastaka.

- Þegar vigragjörvi fæst við einstök gagnastök eru þau nefnd *kverður*.
- array processor, vector processor

vigrargjafi kk.

Búnaður sem býr til strik með tiltekna stefnu.

- sh. *vektorsgjafi*
- vector generator

vigrarrof hk.

Rofaðferð þar sem kallað er á sérstakt *forrit* fyrir hverja gerð af *rofi*.

- Fyrsta *vistfang* forritsins er *geymt*² í *rofvigur*.
- vectored interrupt

vigrun kv.

- Það að *vigra*.
- vectorization

vigur kv.

Stærð sem venjulega er sett fram með *röðuðu*¹ mengi af *kverðum*.

- Orðið *vigur* hefur í ef. et. og nf. ft. beygingarmyndina *vigrar*.
- sh. *beind*, *vektor*
- vector

vigurteiknun kv.

Tölvuteiknun þar sem myndir¹ eru gerðar með *birtingarskipunum* og hnita-gögnum.

- vector graphics

vildarhnappur kk.

Hnappur sem notandi getur gefið tiltekið hlutverk.

- soft key

vilhallaskekkja kv. → *bjagaskekkja***vilhalli** kk. → *bjagi***vilhöll skekkja** → *bjagaskekkja***villa** kv.

Skyssa eða slys sem veldur því að *forrit* eða kerfi skilar ekki útkomu sem búist var við.

- Dæmi: (1) *Vistþýðingarvilla*. (2) *Inn-*

ingarvilla. (3) *Rökvilla*. (4) *Málskipanarvilla*.

- error²

villandi dulritun

Dulritun sem má *dulráða* á fleiri en einn veg.

- deniable encryption

villigeirun kv.

Aðferð við *afritunarvörn* þar sem gallaðir *geirar* eru af ásettu ráði *skrifadir* á *diskling*¹.

- bad sectoring

villuboð hk. ft.

Vísbending um að vart hafi orðið *villu*.

- *Villuboð* geta t.d. komið frá *þýðanda*¹.
- error message

villuboð með greiningu

Villuboð þar sem tilraun er gerð til þess að skýra *villu*.

- diagnostic error message

villueftirlit hk.

Sá hluti *samskiptareglna*¹ sem sér um *villugát*, og hugsanlega *leiðréttingu* á *villum*.

- error control

villueftirlitshugbúnaður kk.

Hugbúnaður sem fylgist með *gagnavinnslukerfi* til þess að finna, skrá og e.t.v. leiðrétta *villur*.

- error control software

villufrálag hk.

Gagnaþegi sem tekur við *villuboðum* nema annað sé tekið fram.

- *Villufrálag* er oftast *skjár* en getur einnig verið *sía* í *forriti*, einkum í *Unix*. Heitið „standard error“ er notað í annarri merkingu í tölfraði.

- standard error

villugát kv.

Aðferð við að ákveða hvort *gögn* hafi verið *send* eða *flutt* rétt.

- error detection, error checking

villugátarkóti kk.

Kótunarregla þar sem sérhver kótuð

framsetning fylgir tilteknum reglum þannig að *villur* koma í ljós hafi reglurnar verið brotnar.

- error-detecting code, error-detection code, self-checking code

villuhlutfall hk.

(í *gagnasendingu*) Hlutfall á milli fjölda *villna* og allra *gagna* sem *send* eru eða *flutt*.

- error rate

villusáning kv.

Það að bæta viljandi þekktum *göllum* við þá sem fyrir eru í *forriti* til þess að geta fylgst með greiningu þeirra og eyðingu og áætlað þannig fjölda þeirra galla sem eftir eru í forritinu.

- error seeding, bug seeding, fault seeding

villuspá kv.

Mat á væntanlegum fjölda *villna* eða eðli þeirra í kerfi eða kerfishluta.

- error prediction

Vinamót hk.

Vinsæll *félagsmiðill*.

- sh. *Fésbók*
- Facebook

vinda til baka

Færa *segulband* eða *gataræmu*² í upphafsstöðu.

- rewind

vinna úr gögnum

- process data

vinnslufall hk.

Vinnlustöðvun sem var ekki áformuð.

- abnormal termination, abnormal end,abend

vinnslufær lo.

(um *innanlega verkeiningu*) Sem er í þeirri *verkstöðu* að bíða eftir vinnslu og vera ekki *hindraður*.

- ready

vinnslugengi hk.

Margar nettengdar vinnslueiningar, notaðar samtímis á sama *verkefni*.

- Oftast er um að ræða verkefni sem

krefst ofurmargra vinnsluskrefa eða *aðgangs*¹ að gífurlegu magni *gagna*.

- Sjá einnig *gengisvinnsla* og *tölvugengi*.

- computational grid

vinnsluhnútur kk.

*Hnútur*¹ í *tölvuneti* þar sem eru tæki til *gagnavinnslu*.

- data processing node

vinnsluhæfð þekking

Skilgreiningarþekking sem hefur verið þýdd yfir í *aðferðarþekkingu* til þess að *tölva* geti unnið beint úr henni.

- compiled knowledge

vinnsluminni hk.

*Geymsla*¹ sem *skrifa* má *gögn* í og *lesa* má *gögn* úr.

- Enska heitið „RAM“ er *stytting* á „random access memory“.

- RAM

vinnslurít hk.

Mynd af hugbúnaðarkerfi eða *forrits-einingu* þar sem réttþyrningur til vinstri geymir *lista* yfir *ílagsgögn*, réttþyrningur í miðju geymir *lista* yfir vinnsluskref, réttþyrningur lengst til hægri geymir *lista* yfir *frálagsgögn* og örvar tengja ílagsgögn við vinnsluskref og vinnsluskref við frálagsgögn.

- input-process-output chart, IPO chart

vinnsluslit hk. ft.

Það að *slíta vinnslu*.

- abort¹

vinnsluslitaruna kv.

Tiltekið bitamynstur sem getur komið fyrir hvar sem er í bitaflaum og er notað til þess að stöðva sendingu *ramma*¹ áður en henni er lokið.

- abort sequence

vinnsluslitasetning kv.

Einföld setning sem gerir eina eða fleiri *verkeiningar* ónothæfar og kemur þannig í veg fyrir frekari *stefnumót* við þær.

- abort statement

vinnsluumhverfi hk.

Þær aðstæður sem ríkja eða búist er við að muni ríkja á meðan *forrit* er *innt*.

– operating environment

vinnsluverkefni hk.

Viðfangsefni sem notandi leggur fram og leysa þarf með *upplýsingavinnslu*.

– application problem

vinnuálagn hk.

– workload

vinnuband hk.

Seguband, notað til þess að *geyma*² gögn til bráðabirgða.

– scratch tape

vinnuborð hk. → *skrifborð***vinnuborðsforrit** hk.

Verkforrit þess eðlis að unnt er að framkvæma það beint frá *útsöð* og fá þannig *þjónustu*¹ *skrifstofukerfis*.

Dæmi: *Dagbók*², *reiknivél*, *símaskrá*.
– desk application

vinnudepill kk.

Sá staður sem ræðst af hnitunum *x* og *y* sem tilgreind eru fyrir *bendi*².

Dæmi: Staður örvarodds.
– hotspot², hot spot²

vinnuferli hk.

sh. *verkferli*

– workflow

vinnufundur kk.

– workshop

vinnuhollur lo.

Sem reynir að taka tillit til þarfa starfsfólks í því skyni að koma í veg fyrir andlegan og líkamlegan skaða.

– ergonomic

vinnuhollustufræði kv.

Fræðigreinin sem fjallar um það að aðlaga vélar og umhverfi þörfum starfsfólks í því skyni að koma í veg fyrir andlegan og líkamlegan skaða.

sh. *vinnuvistfræði*

– ergonomics

vinnuskjal hk. → *drög***vinnuskrá** kv.

Skrá, notuð sem *vinnusvæði* á meðan verið er að *inna forrit*.

– scratch file, work file, temporary file

vinnustöð kv.

Búnaður sem venjulega hefur sérhæfða vinnslugetu og einnig sérstök *ilagstæki* og *frálagstæki* fyrir notendur.

· *Forritanleg útsöð*, *óforritanleg útsöð* eða *sjálfstæð örtölva*.

– workstation

vinnusvæði hk.

Hluti *geymslu*¹ sem *forrit* notar til þess að geyma í *gögn* um stundarsakir.

– working space, work space, working area, work area

vinnusýn kv.

(í *viðmóti*) *Sýn* notanda á fyrirtæki og starfsemi þess, t.d. um *vefgátt*.

– workplace

vinnuútsöð kv.

Útsöð sem gerir notanda kleift að hafa *samskipti* við *tölvu*.

– user terminal

vinnuvistfræði kv. → *vinnuhollustufræði***vinstri spássía**

(í *ritvinnslu*) Rönd á milli vinstri blaðbrúnar og vinstri jaðars þess svæðis á *síðu*² sem ætlað er fyrir *texta*.

– left margin, left-hand margin

vinstrijafna so.

(í *ritvinnslu*) Gera *vinstri spássíu* beina.

– left-justify²

vinstristilltur lo.

(um *texta*) Sem er stilltur við *vinstri spássíu* en þarf ekki að vera stilltur við *hægri spássíu*.

– left-aligned, left-adjusted, flush left, ?left-justified

vinstriör kv.

Stefnuhnappur, merktur með ör sem vísar til vinstri. Þegar stutt er á hnappinn flyst *bendillinn*¹ til vinstri um eitt *sæti*¹.

– left arrow key

vinsun kv.

Tiltekin aðgerð á gögnum, sem komin eru til skila, til þess að skilja réttu gögnin frá hisminu.

- Sjá einnig *hismun*.
- winnowing

vippa kv. → *tvístöðug gikkrás***vippurás** kv. → *tvístöðug gikkrás***virðisaukamiðlari** kk. → *virðisaukaþjónn***virðisaukanet** hk.

Einkanetveita sem fyrirtæki tekur á leigu til að auðvelda *EDI-samskipti* eða veita aðra netþjónustu.

- value-added network, VAN¹

virðisaukaþjónn kk.

sh. *virðisaukamiðlari*
– value-added server

virik fjölbreytni

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Fjölbreytni*, fólgin í því að líkar *aðferðir* fá sömu heiti í öllum *klösum*⁴.

- operational polymorphism

virik skipun

*Skipun*¹ sem má *inna* án þess að henni sé breytt áður.

- effective instruction, actual instruction

viriki kk.

Tákn sem stendur fyrir *aðgerð*¹ sem framkvæma skal.

- operator¹

virikja so.

Gera *gagnamiðil* aðgengilegan fyrir *stýrikerfi*.

Dæmi: Setja *diskahlaða* í *seguldiskastöð*.

- mount

virikjunarstaður kk.

Vistfang sem bendir á *aðalefnisskrá* á *diski*¹.

- mount point

virikni kv.

- functionality

viriknilýsing kv.

- functional specification

virikt net

- active network

virikt vistfang

Vistfang sem fæst með útreikningi, með *óbeinu vistfangi* eða með því að tilteknu vistfangi er breytt með öðrum hætti.

- Ef ekki þarf að breyta hinu tiltekna vistfangi er það sjálft virka vistfangið.

- effective address

virikur lo.

- enabled

virikur flutningshraði

Meðalfjöldi *bita*, *stafa* eða *bálka*¹ sem *fluttir* eru milli tveggja staða á tímaeiningu og teknir eru gildir á viðtökustaðnum.

- effective transfer rate¹

virikur gluggi

Hver sá *gluggi* í tilteknu mengi glugga sem er *birtur*¹.

- active window

vissustuðull kk.

Stærð sem er tengd sannleiksgildi staðhæfingar, t.d. tilgátu, ályktunarreglu eða niðurstöðu *ályktunar*.

- Gildi *vissustuðuls* getur verið á bilinu frá því að vera algjörlega ósatt til þess að vera algjörlega satt.
- certainty factor, confidence factor

vista so.

*Geyma*¹ varanlegt afrit af *skrá* á *diski*¹ eða *disklingi*¹.

- Skráin er venjulega í tölvuminni þegar gefin er *skipun*² um að vista hana.

sh. *forða*

- save³

vistað gagnasafn → *geymt gagnasafn***vistbendill** kk. → *vistfengjanlegur bendill***vistfang** hk.

Gildi sem tilgreinir stað.

Dæmi: Númer *gistis*, *vistfang* tiltek-

ins hluta *geymslu*¹, númer tækis, *netfang*¹.

– address¹

vistfang rásar → *rásfang*

vistfangabraut kv.

Sá hluti *kerfisbrautar* sem *vistföng gagna* eru send eftir frá *miðverki* til *aðalminnis* eða *ílags- og frágagstækja*.

– address bus

vistfangaumsjón kv.

Úthlutun *vistfanga* í *staðarneti* sem gilda annaðhvort eingöngu innan *nets* ins eða bæði innan þess og utan.

– address administration

vistfangsbreyting kv.

Hver sú *reikningsaðgerð*, *rökadgerð*¹ eða *málskipanaraðgerð* sem gerð er á *vistfangi*.

– address modification

vistfangsbreytir kk.

Búnaður sem breytir *sýndarvistföngum* í *raunvistföng*.

– address translator

vistfangsgisti skipunar

Sérhæft *gisti*, notað fyrir *vistfang* næstu *skipunar*¹ sem á að *inna*.

– instruction address register, program register, instruction pointer register

vistfangshliðrun kv.

Tala sem bæta þarf við *afstætt vistfang* til að ákvarða *vistfang* þess *geymslu-staðar* sem á að nota.

– address offset

vistfangshluti kk.

Sá hluti *vélarmálsskipunar* eða *örskipunar* þar sem *vistfang* *þolanda* er tilgreint.

– address part

vistfangslaus skipun

*Skipun*¹ sem hefur engan *vistfangshluta*.

Dæmi: (1) Tilteknar skipanir fyrir *staflavél*. (2) *Hléskipun*.

– zero address instruction

vistfangssnið hk.

Fjöldi og skipulag eininga í *vistfangi*.

Dæmi: (1) Í kerfi *sýndarvistfanga* getur *vistfang* verið tiltekið með númeri *síðu*¹ og tölu sem sýnir staðsetningu á síðunni. (2) Í *seguldiskageymslu* getur *vistfang* verið tiltekið með númerum á *rás*², tæki, *geira* og *færslu*¹.

– address format

vistfast forrit

Forrit sem er kyrrt á tilteknu svæði í *geymslu*¹.

– resident program

vistfastur lo.

(um *forrit*, *forritshluta* eða *gögn*) Sem er kyrr í *aðalminni*.

– resident

vistfengi hk.

(í *tölvuteiknun*) Fjöldi *vistpunkta* á hverjum ás í tilteknu *tækisrými*.

– addressability

vistfenging kv.

Það að *vistfengja*.

– addressing

vistfenging flekkjar

Það hvernig *flekkur* er valinn.

· Nota má t.d. lánhit og lóðhnit eða flekknúmer til þess að finna flekk.

– blob addressing

vistfengingarfrábrigði hk.

Það *frábrigði* að *vistfang*, sem *forrit* reiknar, liggur utan þess *rýmis* sem því er tiltækt.

– addressing exception

vistfengja so.

Vísa til *gagnastaks*¹ eða tækis með því að gefa upp *vistfang* þess.

– address²

vistfengjanlegur lo.

(um *geymslustað*) Sem unnt er að fá beinan *aðgang*¹ að með *skipun*¹.

– addressable

vistfengjanlegur bendill

*Bendill*¹ sem stjórna má úr *forriti*,

venjulega með því að tiltaka hnit þess punkts á *skjánum* þar sem bendillinn á að *birtast*¹.

sh. *vistbendill*

– addressable cursor

vistfengjanlegur punktur → *vistpunktur*

vistfestuhleðsluforrit hk.

Forrit sem *afritar hleðslueiningar*, þar sem öll *vistföng* eru *eiginleg vistföng*, úr *ytri geymslu* í *innra minni*, þannig að óþarft er að lagfæra *vistföng*.

– absolute loader

vistmerki hk.

Táknið @.

sh. *að-merki*, *á-merki*, *hjá-merki*

– at-sign, address sign

vistpunktur kk.

(í *tölvuteiknun*) Hver sá punktur sem unnt er að staðsetja í tilteknu hnitakerfi.

sh. *vistfengjanlegur punktur*

– addressable point

vistrými hk.

Mengi *vistfanga* sem tiltekið *forrit* eða búnaður getur notað.

· Í *vistrými* geta verið *sýndarvistföng*.

– address space

vistun kv.

Aðgerð sem leyfir notanda að *geyma*¹ *skrá* á *gagnamiðli* til þess að gera breytingar á efni skrárinnar varanlegar.

– save¹

vistun léns

Sú aðgerð að *vista upplýsingar*¹ um *lén* í *nafnafjónum*.

– domain hosting²

vistunarhamur kk.

Hamur sem leyfir notanda að *geyma*¹ *skrá* á *gagnamiðli* til þess að gera breytingar á efni skrárinnar varanlegar.

– save²

vistunarskipun kv.

(í *ritvinnslu*) *Skipun*², notuð til þess að *skrifa skráðan texta* í *skrá*.

– save command

vistunartafla kv.

Tafla yfir *skrár* á *diski*¹ sem sýnir í hvaða *geirum* eða *klösum*¹ á diskinum hver skrá er vistuð.

– file allocation table, FAT

vistþýða so.

*Þýða*¹ *forrit* eða hluta þess af *æðra forritunarmáli* á *millimál*, *smalamál* eða *vélarmál*.

sh. *þýða*²

– compile

vistþýðandasmiður kk.

*Þýðandi*¹ eða *túlkur*, notaður til þess að lýsa og búa til *vistþýðanda* eða hluta af *vistþýðanda*.

sh. *þýðandasmiður*

– compiler generator, compiler, metacompiler

vistþýðandi kk.

*Þýðandi*¹ sem getur *vistþýtt*.

sh. *þýðandi*²

– compiler

vistþýðing¹ kv.

Það að *vistþýða*.

sh. *þýðing*³

– compilation¹

vistþýðing² kv.

Útkoma úr því að *vistþýða*.

sh. *þýðing*⁴

– compilation²

vistþýðingarskeið hk.

Hver sú stund þegar *forrit* er *vistþýtt*.

sh. *þýðingarskeið*²

– compilation time¹

vistþýðingartími kk.

Sá tími sem tekur að *vistþýða forrit*.

sh. *þýðingartími*²

– compilation time²

vistþýðingarvilla kv.

Villa sem finnst þegar *forrit* er *vistþýtt*.

Dæmi: *Málskipanarvilla*.

– compilation error

Visual Basic

Heiti á *forritunarumhverfi*, *forritunarkerfi*, *forritunartóli* eða *forritunarmáli*

frá *Microsoft*.

– Visual Basic, VB

vitjanaskrá kv.

Skrá *vefseturs* yfir *vitjanir* á setrið.

– access log

vitjun kv.

Dæmi: Vitjun á *vefsetur*.

sh. *innlit*, *heimsókn*

– visit

vitneskjupörf kv.

Réttmæt krafa væntanlegs *viðtakanda gagna* til þess að vita um *viðkvæmar upplýsingar* sem þessi *gögn* standa fyrir, hafa *aðgang*¹ að þeim eða hafa þær undir höndum.

sh. *þörf fyrir vitneskju*

– need-to-know

vitræn stafakennsl

Þýðing handskrifaðra *stafa* í *tölvutæka stafi*.

· Sjá einnig *ljóskennsl stafa*.

– intelligent character recognition, ICR

vitrænn gerandi

Forrit sem vinnur sjálfstætt flókin verk fyrir notanda.

· Vitrænn gerandi hefur hæfni til *samskipta*, samvinnu, *rökleiðslu* og aðlögunar. Hann ræður við flóknari verkefni en *yrki*.

· Sjá einnig *gerandi*⁶.

– intelligent agent

vittrænt net

Símnet með þjónustufrjálsri *högun*.

· Sjá einnig *óvittrænt net*.

– intelligent network, IN

vitsmunalíkanagerð kv.

Það að búa til gagnavinnslulíkan af skynjun manna, athöfnum, minni og *rökleiðslu*.

– cognitive modeling

vitsmunavísindi hk. ft.

Fjölþætt þekkingarsvið sem hefur það markmið að kanna hæfileika hugans til þess að setja fram og reikna og hvernig þessum hæfileikum er komið fyrir í

heilanum.

· Í vitsmunavísindum er fengist við það hvernig unnið er úr *táknum*, og þau taka til jafnólíkra greina og sálarfræði, *tölvufræði*, málvísinda, mannfræði, heimspeki, uppeldisfræði, stærðfræði, verkfræði, lífeðlisfræði og taugavísinda.

– cognitive science, cognitivism

viðeind kv.

Minnsta þrívíð myndeind í *gerð víddarlíkans* sem unnt er að ljá eiginleika, t.d. lit og styrkleika, óháð öðrum einingum myndarinnar.

· Víðeindin hefur enga sérstaka formgerð og er venjulega fengin með því að deila þrívíða rúminu í jafna hluta.

sh. *þrill*

– voxel, volume element

viðeindargildi hk.

Stakrænt gildi sem stendur fyrir lit, styrkleika eða annan eiginleika *viðeindar*.

– voxel value

viðlæg stærð → fylki²

viðnet hk.

Net sem veitir samskiptaþjónustu á stærra landsvæði en því sem *staðarnet* eða *borgarnet* þjónar.

· Víðnet gæti t.d. náð um allt Ísland eða um Norðurlönd. *Samskipti* um víðnet geta verið háð reglugerðum póst- og símastjórna.

– wide area network, WAN

viðóma skrá

– stereo file

viðsjón kv.

– stereo vision

viðtæk samrásun

Tækni við að búa til *samrásir* þar sem mjög mörgum (3 000 til 100 000) hálfleiðarabútum er komið fyrir á einni *kísilflögu*.

– large-scale integration, LSI

víðvarp hk.

Sending sömu *gagna* til allra ákvörðunarstaða.

sh. *útvarp*

– broadcast

víðvarp um staðarnet

Sending *ramma*¹ sem allar *gagnastöðvar* í sama *staðarneti* eiga að taka á móti.

sh. *útvarp um staðarnet*

– LAN broadcast

víðvarpsvistfang í staðarneti

Hópvistfang í *staðarneti* sem auðkennir safn allra *gagnastöðva* í *staðarneti*.

– LAN broadcast address, LAN global address

víðvær lo.

(um *máleiningu*) Sem er skilgreindur utan tiltekins *skilgreiningarsviðs* en unnt að vísa til á *gildissviði*¹ þess.

– global¹

víðvær breyta

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*)

*Breyta*² sem er tiltæk fyrir alla *hlut*², *atburði*, *atburðari*² og *föll*² sem *verkforrit* notar.

– global variable

víkka so.

(um *glugga*) Stækka umgjörð *glugga* án þess að breyta stærð þess sem er í *glugganum*.

· Sjá einnig *þrengja* og *fullvíkka*.

sh. *draga sundur*

– expand²

víravirkisframsetning kv.

(í *tölvuteiknun*) Framsetning þrívíðs hlutar eingöngu með línunum svo að hann virðist vera búinn til úr vír.

· Línurnar geta staðið fyrir útlínur eða *jafngildislínur* yfirborðs *birtrar*¹ myndar, þar á meðal þær sem sjást ekki þegar horft er á raunverulegan hlut.

sh. *gegnsýnismynd*

– wireframe representation

vísaður aðgangur

*Aðgangur*¹ að *gögnum* í *geymslu*¹ þar sem *atriðaskrá* er notuð til þess að finna gögnin.

sh. *vísuð leið*

– indexed access

vísaður raðbundinn aðgangur → *vísuð runuleið***vísbendingaárekstur** kk.

(í *sýndarveruleika*) Klígja sem gerir vart við sig þegar líkaminn reynir að túlka andstæðar vísbendingar sem skynfærum hafa borist.

– clue conflict

vísibreyta kv.

Tæki eða *breyta*² sem setja má í tiltekna stöðu, háða útkomu úr tilteknu *ferli*² eða því hvort tiltekið ástand verður.

Dæmi: *Stöðuvísir*, *veif*.

– indicator¹

vísigat hk.

Gat, gert á *diskling*¹ til þess að sýna hvar fyrstu *geirarnir* á honum hefjast.

– index hole

vísigisti hk.

Gisti með *gögnum* sem nota má til þess að breyta *vistfangi* *þolanda* á meðan *skipanir*¹ eru *inntar*.

· Vísigisti má einnig nota sem *teljara* til þess að stýra *inningu* *lykkju*¹, til að stýra því hvernig *fylki*² er notað, við *töfluleit*, sem *leiðargreini*¹ og sem *bendi*¹.

– index register

vísindaleg sjóngerving

Notkun *tölvuteiknunar* og *myndvinnslu* til þess að sýna líkön eða einkenni *ferla*¹ eða hluta í því skyni að efla skilning manna á því sem sýnt er.

Dæmi: (1) *Mynd*¹ af ækli, búin til með segulhermingarskönnun. Myndir, gerðar með þessari tækni, eru kalladar segulsneiðmyndir. (2) Rúmmálsmyndir sem sýna hitagögn, teknar af stöðuvatni ofan frá og frá hlið. (3)

Tvívitt líkan af rafbylgjum í hjarta.

sh. *sjóngerving*

– scientific visualization, visualization

vísir kk.

(í *forritun*) *Heil tala* sem tilgreinir sæti *gagnastaks*¹ í *runu* gagnastaka.

– index²

vísirás kv.

*Rás*¹ með *upplýsingum*¹ sem nauðsynlegar eru til þess að finna *gögn* á öðrum rásum á sama *gagnamiðli*.

– index track

vísistag hk.

Stakrænt tag þar sem hvert tilvik stendur fyrir *hnévísi* í fylki².

– index type

vísivistfang hk.

Vistfang sem á að breyta með því sem er í einu eða fleiri *vísigistum*.

– indexed address

vísuð leið → *vísaður aðgangur*

vísuð raðleið → *vísuð runuleið*

vísuð runuleið

Beinn *aðgangur*¹ að *færslum*² í *runuskrá*, fenginn með því að nota *atriðaskrá* yfir *lykla*¹ sem eru í skránni.

· Runuskráin er *geymd*² í bútum sem eru búnir til á tilviljunarkenndan hátt. sh. *vísuð raðleið*, *vísaður raðbundinn aðgangur*

– indexed sequential access

vísun kv.

Það að vísa til staks í fylki² með því að nefna fylkið ásamt einni eða fleiri *segðum* sem við *gildisákvörðun* tilgreina sæti staksins.

– subscripting

vísunarheilleiki kk.

Sá eiginleiki samsafns af *töflum*² að *framandlyklar* hafa þar engin gildi eða sömu gildi og *aðallyklar* í öðrum töflum.

– referential integrity

vísunarsvið hk.

Sá hluti *forrits* þar sem vísa má til til-

tekens *gagnahlutar*.

· Vísunarsvið samsvarar *gildissviði*¹ gagnahlutar að undanskildu *skilgreiningarsviði* þess en þar er ekki *aðgangur*¹ að gagnahlutnum.

– visibility²

víxl hk. ft.

Það að *víxla*.

– swapping

víxla so.

Skipta á því sem er á tilteknu svæði í *aðalminni* og því sem er á tilteknu svæði í *ytri geymslu*.

– swap

víxlbreytir kk.

Samrás eða *kubbur* sem gegnir bæði hlutverki *stafgervils* og *flaumgervils*.

· Víxlbreytir er til dæmis notaður í *mótaldi*.

– codec¹, coder/decoder

víxlhnappur kk.

Hnappur sem getur verið í tvenns konar stöðu. Skipt er um stöðu með því að styðja á hnappinn.

Dæmi: *Hástafalás*, *talnalás*.

– toggle key

víxljafna so.

Snyrta og breyta *tölutákni* sem haldið er eftir þannig að 1 er lagður við *gildislægsta tölustafinn* og *geymt*³, ef nauðsynlegt er, enda sé einu af eftirtöldum skilyrðum fullnægt: (a) *gildishæsti tölustafurinn* af þeim sem sleppt var er stærri en helmingurinn af *grunntölu sætis*² síns; (b) *gildishæsti tölustafurinn* af þeim sem sleppt var er jafn helmingi grunntölu sætis síns og einn eða fleiri af næstu tölustöfum á eftir eru stærri en núll; (c) *gildishæsti tölustafurinn* af þeim sem sleppt var er jafn helmingi grunntölu sætis síns, allir tölustafir á eftir eru núll og *gildislægsti tölustafurinn* af þeim sem haldið var eftir er oddatala.

· Í þessari skilgreiningu má setja „jöfn

tala“ í stað „oddatala“.

- Sjá einnig *jafna*³.

Dæmi: Tölutáknin 12,6375 og 15,0625, víxljöfnuð í þrjú tugabrots-
sæti, verða 12,638 og 15,062.

- round off²

víxlsending kv.

Gagnasending í gagnstæðar áttir en þó
aðeins í aðra áttina í einu.

- half-duplex transmission

víxlunarröðun kv.

Röðunaraðferð, fólgin í því að bera
saman tvö og tvö *samlæg* stök í *runu*
sem á að *raða*². Séu stökin ekki í tiltek-
inni röð er þeim víxlað. Þetta er endur-
tekið þar til engar víxlanir verða.

- bubble sort

víxlþjappari kk.

Algrím eða *forrit* sem *þjappar* og *af-
þjappar gögn*.

- codec², compressor/decompressor

víxlþjöppun kv.

Það að *þjappa* og *afþjappa gögn*.

- codec³, compression/decompression

VM

Heiti á *stýrikerfi* fyrir *stórtölvur*.

- VM¹

vogun kv. → áhættutaka

vonbúnaður kk.

Hugbúnaður eða *vélbúnaður* sem fram-
leiðandi hefur gefið fyrirheit um en
stendur neytendum ekki til boða og
verður e.t.v. aldrei fjöldaframleiddur.

- vaporware, vapourware

vottandi kk. → vottunarstöð

vottun kv.

(í *tölvuöryggi*) Það að veitt er fullvissa
um að *gagnavinnslukerfi* í heild eða að
hluta hlíti tilteknum öryggiskröfum.

- Sjá einnig *vottunarstöð*.

- certification

vottunaraðili kk. → vottunarstöð

vottunarstefna kv.

(í *tölvuöryggi*) Safn af reglum sem skil-
greina nothæfni *rafrænna skilríkja* á til-

teknu notkunarviði með tilliti til ör-
yggiskrafna.

- certificate policy

vottunarstöð kv.

(í *tölvuöryggi*) Stofnun eða fyrirtæki
sem annast *vottun*.

- Vottunarstöð gefur meðal annars út
rafræn skilríki.

sh. *vottunaraðili, vottandi*

- certification authority, certificate au-
thority, CA

vottunarveldi hk.

(í *tölvuöryggi*) Sá hluti *dreifilyklaskipu-
lags* sem heyrir undir tiltekna *vottunar-
stöð*.

- CA er *skammstöfun* fyrir „Certificati-
on Authority“.

- CA domain

VPN-net hk. → sýndareinkanet

VV-samskipti hk. ft.

Upplýsingaskipti eða viðskipti milli
vefsetra sem gegna hlutverkum miðlara
á vörum og þjónustu milli fyrirtækja.

sh. *E2E-samskipti*

- E2E, exchange-to-exchange

vægi¹ hk.

Þáttur sem er bundinn tilteknu *sæti*² í
sætistalnakkerfi og er margfaldaður með
því gildi sem *tölustafurinn* í sætinu hef-
ur til þess að finna framlag stafsins til
tölnnar.

Dæmi: Þriðji tölustafur frá hægri í
tölu, ritaðri í *tugakerfinu*, hefur vægið
100.

- weight¹

vægi² hk. → taugamótavægi

vægisröðun kv.

(í *kerfi fyrir upplýsingaheimt*) Það að
gefa *skjölum*² tiltekið vægi í samræmi
við mikilvægi þeirra í fyrirsprungnum.

- ranking

væl hk.

Tilkynning *gagnastöðvar* í *hringneti* til
grannstöðva um alvarlega *bilun*.

- beaconing

vælandi stöð

Gagnastöð í hringneti sem tilkynnir grannstöðvum um alvarlegar bilanir.

– beaconing station

vörður¹ kk.

Skilyrt segð, notuð til þess að ákvarða hvaða kostur í valvísri biðsetningu er valinn.

– guard¹

vörður² kk.

(í tölvuöryggi) Búnaður sem lætur í té öryggissíu milli tveggja gagnavinnslukerfa, sem starfa á mismunandi öryggisstigi, eða milli vinnuúttöðvar og gagnasafns, til þess að sía frá gögn sem notanda er ekki heimill aðgangur¹ að.

– guard²

vörpun¹ kv.

Mengi af gildum sem samsvara stærð-

um eða gildum í öðru mengi á tiltekinn hátt þannig að hverju gildi í fyrra menginu samsvari eitt og aðeins eitt gildi í seinna menginu.

– map¹, ?mapping¹

vörpun² kv.

(í tölvuteiknun) Skipti frá einu hnita-kerfi í annað.

– mapping²

vörpun³ kv.

Það að varpa yfirborði þrívíðs hlutar³ á annað yfirborð sem hefur aðra lögun, eða öfugt.

– projection²

vörpunúmer hk.

Merking vöru, venjulega með *bókstöfum* og *tölustöfum*, til að henda reiður á henni í birgðaskráningu.

– SKU, stockkeeping unit

W

WAP-símareglur kv. ft.

· WAP stendur fyrir „wireless application protocol“.

– WAP

WAP-símajónusta kv.

· Sjá einnig *WAP-símareglur*.

– WAP service

WAP-sími kk.

· Sjá einnig *WAP-símareglur*.

– WAP phone

WAP-vefsetur hk.

· Sjá einnig *WAP-símareglur*.

– mobile Internet site, WAP site

WAP-vefsjá kv.

Vefsjá fyrir *farandtæki* eins og farsíma þar sem notast er við *WAP-símareglur*.

– WAP browser

wav-hljóðskrá kv.

Hljóðskrá með tilteknu stöðluðu sniði,

hefur *nafnaukann* „wav“.

– wav file, Wave file

while-flétta kv. → *meðan-flétta***WEP-öryggisstaðall** kk.

Öryggisstaðall fyrir *þráðlaus staðarnet*.

· WEP er *skammstöfun* fyrir „Wired Equivalent Privacy“.

– WEP

WiFi- fl.

· Wi-Fi er *stytting* á „Wireless Fidelity“. Wi-Fi er vörumerki samtakanna „Wi-Fi Alliance“ og má nota með vottuðum vörum í flokki tækja fyrir *þráðlaus staðarnet* sem byggjast á staðlinum IEEE 802.11.

– Wi-Fi

WiFi-tækni kv.

Tækni, byggð á stöðlum fyrir *þráðlaus*

staðarnet.

- Þessi tækni er nú oft notuð fyrir *þráðlausan* aðgang að *lýðnetinu* á til þess ætluðu *tengisvæði*.
- Sjá einnig *WiFi*-
- Wi-Fi technology

wiki

Vefsetur sem leyfir notendum að búa til og breyta ótilteknum fjölda tengdra *vefsíðna* með því að nota einfalt *ívaðsmál*¹ eða *prentvísan textaritil*.

- „Wiki“ er orð úr tungu Hawaiibúa og merkir hratt eða fljótt.
- wiki

Winchester-diskur kk.

Harðdiskur í loftþétu hylki.

- Winchester-diskar eru ekki *umskiptanlegir*.

- Winchester disk

Windows

Heiti á *stýrikerfi* fyrir *einmenningstölur*.

- Windows er framleitt af fyrirtækinu *Microsoft*.
- Windows

WML-ívaðsmál hk.

*Ívaðsmál*¹ byggt á *XML*, notað fyrir tæki sem nýta *WAP-símareglur*, t.d. farsíma. sh. *þráðleysisívaðsmál*

- Wireless Markup Language, WML

WPA-öryggisstaðall kk.

WPA-öryggisstaðallinn er strangari en *WEP-öryggisstaðallinn*.

- Sjá einnig *WiFi*-
- Wi-Fi Protected Access, WPA

X

X-útstöð kv.

Disklaus *tölva*, sérstaklega hönnuð til að veita ódýrt *viðmót* fyrir *verkforrit* á *neti*.

- X-útstöð er nokkurs konar fyrirrennari *nettölvu*² og *léttbiðlara*.
- X terminal

X.21

Alþjóðlegur staðall um *samskiptareglur*¹ í *rásavalsneti* og *skil*¹ notenda við það.

- X.21

X.25

Alþjóðlegur staðall um *samskiptareglur*¹ í *pakkaneti* og *skil*¹ notenda við það.

- X.25

X.400

Alþjóðlegur staðall um *skeytasýslu*, einkum notaður í Evrópu og Kanada.

- X.400

X.500

Alþjóðlegur staðall um rafræna uppflettijónustu.

- X.500

XGA-kort hk. → XGA-litspjald

XGA-litspjald hk.

sh. *XGA-spjald*, *XGA-kort*

- extended graphics array, XGA

XGA-spjald hk. → XGA-litspjald

XHTML

Heiti á *ívaðsmáli*¹ sem er í grófum dráttum *HTML*, breytt með hliðsjón af *XML*.

- extensible hypertext markup language, XHTML

XML

Heiti á *stækkanlegu ívaðsmáli*¹.

- XML er einkum ætlað að auðvelda samnýtingu mótaðs *texta* og *upplýsinga*¹ á *lýðnetinu*. Það er einfalt undirmengi af *SGML*.

– XML, extensible markup language

XML-hirsla kv.

Gagnahirsla þar sem gögn eru geymd² á XML-sniði.

– XML repository

XP-forritun kv.

– extreme programming, XP

Y

yfirálagsþol hk.

Hæfni tækis til þess að starfa áfram óbreytt eftir að hafa orðið fyrir yfirspennu eða yfirstraum.

– surge resistance, surge withstand capability

yfirflæði hk.

Sá hluti *orðs* fyrir *útkomu* úr *aðgerð*¹ sem fer fram yfir þá *geymslurým*d sem því er ætluð.

– overflow¹

yfirflæði í reikningi → *reikningsyfirflæði*

yfirflæðisfrábrigði hk.

Frábrigði sem verður þegar *útkoma* úr *aðgerð*¹ veldur *reikningsyfirflæði*.

– overflow exception

yfirfaersla kv. → *kerfaskipti*¹

yfirfaersluleið kv.

Röð skrefa sem nauðsynlegt er að taka til þess að koma á *kerfaskiptum*¹.

– migration path

yfirgat hk.

Gat, gert í eina af þremur efstu *spjaldlínunum* á tólf lína *gataspjaldi*¹.

– zone punch

yfirhlaup hk.

(í *ritvinnslu*) Aðgerð sem leyfir notanda að hlaupa yfir *texta*, t.d. *síðu*² eða *efnisgrein*.

– skip¹

yfirhnappur kk.

Hnappur sem framkallar mismunandi *valmyndir* eftir því hvort hann er notaður einn sér eða með öðrum hnöppum.

Dæmi: Windows-hnappur, Apple-hnappur, tígulhnappur.

– metakey

yfirklasi kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Klasi*⁴ sem *undirklasar* eru myndaðir af.

– superclass

yfirlén hk.

Lén sem hefur *undirlén*.

– superdomain

yfirlýsing kv. → *skilgreining*

yfirlögn kv.

(í prenttækni) Það sem lagt er yfir annað.

– overlay²

yfirprentun kv.

(í *ritvinnslu*) Það að prenta *staf* ofan í annan staf sem fyrir er.

· Yfirprentun er stundum beitt til þess að prenta stafi með *stafmerkjum*, t.d. broddstafi.

– overprinting

yfirrita so. → *rita yfir*

yfirskrift á dálki

sh. *haus á dálki*

– column heading

yfirsláttur kk.

Það að setja *staf* í stað annars á *skjá*.

· *Bendill*¹ er látinn vísa á þann staf sem á að hverfa og stafurinn sem á að koma í staðinn er sleginn inn.

– overstriking

yfirstilling kv.

Stilling *örgjörva* á hærri *tíftíðni* en

framleiðandi tilgreinir.

– overclocking

yfirstýrikerfi hk.

Forrit sem leyfir að mörg *stýrikerfi* nýti sama *vélbúnaðinn*.

· Hvert stýrikerfi virðist hafa *gjörva*, *minni* og önnur *tilföng hýsitölvunnar* út af fyrir sig.

– hypervisor, virtual machine manager, VMM

yfirstöð kv.

(í *greinastýringu í grunnhætti*) *Gagna-stöð* sem hefur tekið að sér að tryggja að *gögn* séu flutt til annarra gagnastöðva, einnar eða fleiri.

· Á hverjum tíma má aðeins vera ein *yfirstöð* í hverri *gagnagrein*.

– master station

yrðing kv.

Fullyrðing um *einindi*¹ sem hefur verið sönnuð eða á að sanna.

– proposition

yrki kk.

Forrit sem vinnur tiltekin verk fyrir *notanda*¹ eða annað forrit eða líkir eftir mannlegu atferli.

· Yrki kemur oft fyrir sem viðliður í samsettum heitum.

Dæmi: *Fróðyrki*, *kaupyрки*, *spjallyrki*, *stöðvunaryrki*, *þekkingaryrki*.

– bot

yrkisormur kk.

Spilliforrit sem fjölgar sér sjálfkrafa, situr í *vinnsluminni*, breytir sýktum

tölvum í laumuþræla og sendir sjálft sig til annarra tölva.

· Yrkisormar eru stundum búnir til í þeim tilgangi að búa til *yrkjanet* sem getur dreift *veirum*, *trójuhestum* og *amapósti*.

– bot worm

yrkjanet hk.

Óformlegt heiti um safn *sjálfstýrðra yrkja*.

· Heitið er oft notað um *spilliforrit* en getur líka vísað til *tölvunets* þar sem notuð er *dreifvinnsla*.

– botnet

yrmill kk. → *ormur*

ytra net

– external network

ytra stig

Það stig hugsunar þar sem fengist er við framsetningu *upplýsinga*¹ sem miðast við notendur.

– external level

ytra stoðkerfi → *ytri stoðgrind*

ytri geymsla

*Geymsla*¹ sem *gjörvi* hefur aðeins aðgang að um *boðrásir*.

· Stundum má líta á *ytri geymslu* sem *fylgitæki*.

– external storage, auxiliary storage

ytri stoðgrind

Tæknibúnaður til þess að stjórna *verkförri* og *viðgjöf* frá því.

sh. *ytra stoðkerfi*

– exoskeleton

Ý

ýtítækni kv.

Tækni við dreifingu efnis á *veraldarvefnum* sem felst í því að efnið er sent með reglubundnum og venjulegum linnulausum flutningi.

· Þarna getur verið um að ræða fréttir, veðurfregnir, *forrit* eða annað efni.

· Sjá einnig *togtækni*.

sh. *uppnýjunartækni*

– push technology

Z

zip-diskur kk.

Rúmgóður færánlegur *seguldiskur*.

- Zip-diskur er einkum notaður fyrir öryggisafrit.
- zip disk

zip-drif hk.

Búnaður sem stjórnar snúningi *zip-diska*.

- Zip-drif er einkum notað fyrir örygg-

isafritun.

- zip drive

zip-skrá kv.

Kippuskrá með *nafnaukann* „zip“ sem í eru ein eða (venjulega) fleiri *skrár*, oftast *þjappaðar*.

- Zip-skrá er algengasta *snið*² kippuskrár.
- zip file

Þ

þagga so.

Koma *tölvu*, *forriti*, *þræði*¹ eða öðru *tölvutilfangi* í óvirka eða bannaða *stöðu*¹ um stundarsakir.

- Fljótlegra er að vekja tilfang úr þaggadri stöðu en ef samband þess við kerfið hefur alveg verið rofið.

Dæmi: Starfsmaðurinn þaggaði tölvuna áður en hann tók sér matarhlé.

- quiesce

þagnarmerki hk.

*Merki*² í *tókabrautarneti* sem sýnir að ekki sé verið að senda á *flutningsmiðlinum*.

- bus-quiet signal

þátta so.

Ákvarða formgerð *máleiningar* með því að skilja hana sundur í *lesstök* og finna *vensl*¹ milli þeirra.

Dæmi: Þátta *bálka*³ í *setningar*¹, setningar í *segðir*, segðir í *virksja* og *þolendur*.

- parse

þáttabundin talkennsl

Talkennsl sem fást með *sniðmátun*¹ ein-kennandi þátta, t.d. tónhæð, tíðni *formenda*, hljóðlöggun eða hávaðastigi.

- feature-based speech recognition

þáttari kk.

Hugbúnaðartól sem *þáttar forrit* eða annan *texta*, oft sem fyrsta skref í *smölun*, *vistþýðingu*¹, túlkun eða annars konar greiningu.

- parser

þáttun¹ kv.

Það að búa til *þáttunartré*.

- parsing

þáttun² kv.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Það að bera kennsl á þá eiginleika sem eru sameiginlegir *hlutum*² í mengi og færa þá til sameiginlegs *yfirklassa* til þess að koma í veg fyrir tvíöldun.

- factoring

þáttunahrísla kv. → *þáttunartré*

þáttunartré hk.

Tré sem lýsir því hvernig tiltekinn *strengur* er búinn til eftir tiltekinni *mál-lýsingu*.

sh. *þáttunahrísla*

– parse tree

þáttur kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) Nafngreind hugbúnaðareining sem er *innanleg* og hefur vel skilgreind *skil*¹.

– component

þefari kk.

Forrit sem vaktar og greinir netumferð, og „þefar“ þá uppi hindranir og önnur vandamál.

– sniffer

þefþjónn kk.

*Þjónn*¹ sem notar pakkþefara til að klófesta netumferð fyrir greiningu.

– snoop server

þekkill kk.

Samrás eða önnur rafrás ásamt umbúðum utan um hana og tengingum til að stinga í samband við *tölvu* til þess að unnt sé að nota tiltekið *forrit*.

· Þekklar voru notaðir til þess að koma í veg fyrir *hugbúnaðarhnúpl* en þeir eru nú úreltir.

– dogle

þekking kv.

(í *gervigreindarfræði*) Samsafn *staðreynda*, *atburða*, *trúaratriða* og reglna, skipulagðra fyrir kerfisbundna notkun.

– knowledge

þekkingarauður kk.

– intellectual capital

þekkingargjafi kk.

Upplýsingagjafi sem *þekkingarsafn* hefur verið myndað úr fyrir tiltekna tegund viðfangsefna.

– knowledge source

þekkingargrind kv. → *grind*

þekkingarhrísla kv. → *þekkingartré*

þekkingarkerfi hk.

Upplýsingavinnslukerfi sem leysir viðfangsefni á tilteknu *sérsviði* eða notkunarsviði með því að álykta út frá *þekkingarsafni*.

· Heitið „þekkingarkerfi“ er stundum notað um „sérþekkingarkerfi“, sem er venjulega takmarkað við tiltekna sérfræðiþekkingu.

· Sum þekkingarkerfi geta lært.

– knowledge-based system, KBS

þekkingarliði kk.

Starfsmaður á sviði *þekkingar*.

– knowledge worker

þekkingarsafn hk.

Gagnasafn sem í eru ályktunarreglur og *upplýsingar*¹ um mannlega reynslu og sérfræðiþekkingu á tilteknu *sérsviði*.

· Í kerfum sem bæta sig sjálf hefur þekkingarsafnið að auki upplýsingar sem fengist hafa við lausn fyrri viðfangsefna.

– knowledge base, K-base, KB

þekkingarskemmi kv.

– knowledge warehouse, KW

þekkingarstjórnun kv. → *þekkingarumsjón*

þekkingartré hk.

Stigveldisskipað *merkingarnet*, t.d. *örvótt net* sem líkist tré.

sh. *þekkingarhrísla*

– knowledge tree

þekkingarumsjón kv.

sh. *þekkingarstjórnun*

– knowledge management

þekkingarverkfræði kv.

Sú fræðigrein þar sem fengist er við að afla *þekkingar* frá sérfræðingum á *sérsviðum* og öðrum *þekkingargjöfum* og fella hana inn í *þekkingarsafn*.

· Með „þekkingarverkfræði“ er stundum átt við það að hanna, smíða og halda við *sérþekkingarkerfum* og öðrum *þekkingarkerfum*.

– knowledge engineering

þekkingarverkfræðingur kk.

Maður sem fær *þekkingu* frá sérfræðingi á tilteknu *sérsviði* og öðrum *þekkingargjöfum* og skipuleggur hana sem *þekkingarsafn*.

- Sjá einnig *þekkingarverkfræði*.
- knowledge engineer

þekkingarverkfræðitól hk.

Hugbúnaðartól, hannað til þess að auðvelda hraða þróun *þekkingarkerfa*.

- Þekkingarverkfræðitól felur í sér tiltekna aðferðir við *framsetningu þekkingar*¹, *ályktun* og stýringu, og einnig gerð grunnlíkana til að fást við dæmigerð viðfangsefni á auðveldan hátt.
- knowledge engineering tool

þekkingaryrki kk.

Yrki sem safnar *þekkingu sjálfvirk* á *vefsetrum* fyrir *notanda*¹.

- knowbot, knowledge robot, robotic librarian

þekkingaröflun kv.

Það að staðsetja, safna saman og fága *þekkingu* og koma henni í form sem hentar til frekari úrvinnslu í *þekkingarkerfi*.

- Þekkingaröflun felur venjulega í sér afskipti *þekkingarverkfræðings* en hún er einnig mikilvægur þáttur í *vélrænu námi*.

sh. *öflun þekkingar*

- knowledge acquisition

þekkjari kk.

Umsögn eða *forrit* sem segir til um hvort *viðfangsefni* þess er stak í tilteknu mengi.

- recognizer

þenja so.

(um *teikn*) Stækka í *glugga*.

- Sjá einnig *kreppa*.
- expand¹

þensla kv.

Rúmfræðileg *aðgerð*¹ sem stækkar *hlut*³.

- dilation, expansion²

þétt samrás

Samrás, búin til með *víðtækri samrásun*.

- large-scale integrated circuit

þétta kv.

Það hversu þétt *gögn* eru skráð, t.d. á *disk*¹.

sh. *þéttleiki*

- density

þéttleiki kk. → *þétta***þétttengdur** lo.

- tightly-coupled

þinglesari kk.

Hugbúnaður sem veitir notanda *aðgang*¹ að einum eða fleiri *þingþjónum*.

- Þinglesara er komið fyrir í biðlara-tölvu, og hann hefur *samskipti* við þingþjón. Þinglesarinn lagar *upplýsingar*¹ frá þjónum að því *sniði*¹ sem hentar til *birtingar* á biðlara-tölvunni.
- news reader¹, news client

þingmiðlari kk. → *þingþjónn***þingþjónn** kk.

*Þjónn*¹ sem *geymir*², skipuleggur og dreifir *upplýsingum*¹ á einu eða fleiri *málþingum*.

sh. *þingmiðlari*

- news server, forum server

þjappa so.

(um *gögn*) Minnka rými sem gögn taka á *gagnamiðli*, þó þannig að unnt sé að setja gögnin aftur í upprunalegt horf.

- Sögnin stjórnar þolfalli.
- Ensku heitin „compress“ og „compact“ eru notuð almennt en heitin „pack“, „zip“ og „gzip“ vísa frekar til tiltekinna aðferða.
- Sjá einnig *afþjappa*.
- compress, compact, pack, zip, gzip

þjarkafjartækni kv.

(í *sýndarveruleika*) Tækni við að stjórna *fjartengdum þjarka* sem er þannig að stjórnanda finnst hann vera hjá þjarkanum.

– telerobotics

þjarkafraði kv.

Ein grein verkfræði þar sem er fengist við að hanna, smíða og nota *þjarka*.

– robotics

þjarkakerfi hk.

Framleiðsluból þar sem m.a. er *vélbúnaður* og *hugbúnaður þjarka*.

· Þjarkakerfi tekur einnig til stjórnanda þjarka, aflgjafa, stjórnkerfis, *endagreiða* þjarkans, búnaðar sem þjarkinn tengist með tilteknum *skilum*¹ og samskiptaskila sem starfrækja þjarkann og fylgjast með honum.

– robot system, robotic system

þjarkaryksuga kv. → *ryksugubjarki*

þjarkasjón kv.

Vélarsjón sem skilar sjónrænum *gögnum* til þess að nota sem *viðgjöf* til *þjarka* eða stjórna honum.

– robot vision

þjarki kk.

Vél, venjulega forritanleg, hönnuð til að vinna á sjálfvirkkan hátt ýmis verk sem fólgin eru í því að handleika hluti og flytja þá til.

– robot

þjálfun kv.

Aðferð til þess að kenna *tauganeti* að koma á tengslum milli úrtaks ílagsgilda og réttra frálagsgilda.

– training

þjóðarlén hk. → *landslén*

þjónn¹ kk.

Búnaðareining sem veitir *vinnustöðvum* eða öðrum búnaðareiningum sameiginlega *þjónustu*¹ um *gagnaflutningsnet*.

· Hluti þjónustunnar getur verið *sérnota* þjónusta frekar en sameiginleg þjónusta.

Dæmi: *Skráaþjónn*, *prentþjónn*, póstþjónn.

sh. *miðlari*²

– server¹

þjónn² kk.

(í *hlutbundinni hugbúnaðargerð*) *Einindi*¹, t.d. *hlutur*², *klasi*⁴ eða *verkforrit*, sem veitir *biðlara*² *þjónustu*¹ að beiðni hans.

sh. *miðlari*³

– server²

þjónusta¹ kv.

(í *dreifvinnslu* og *OSI*) Aðstaða sem tiltekið *lag*¹ og þau lög sem neðar eru veita næsta lagi fyrir ofan.

· Þjónusta tiltekens lags er veitt á mörkum þess og næsta lags fyrir ofan.

– service

þjónusta² so. → *annast*

þjónusta fyrir aðgangsstjórn

(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem gerir það kleift að *aðgangsbúnaður* og *skeytaflutningsmiðill* fái aðgang hvor að öðrum og hafi umsjón með *viðeigandi upplýsingum*¹.

– access management service

þjónusta fyrir afhendingarbið

(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem gerir *aðgangsbúnaði* *viðtakanda* kleift að biðja um að *skeytaflutningskerfi* bíði með að afhenda *skeyti*² hans og *skilatilkygningar*.

– hold-for-delivery service

þjónusta fyrir afhendingarsönnun

(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem gerir *upphafsmanni* *skeytis*² kleift að fá sönnun fyrir því að *skeytið* hafi verið afhent *áformuðum viðtakanda*.

– proof of delivery service

þjónusta fyrir afhendingartilkygningu

(í *tölvupóstkerfi*) *Þjónusta*¹ sem gerir *aðgangsbúnaði* *upphafsmanns* kleift að biðja um beina tilkygningu þegar *skeyti*² hefur komist til skila til aðgangsbúnaðar eða *aðgangseiningar viðtakanda*.

· Afhendingartilkygning merkir ekki að *notandinn*³ hafi tekið við *skeytinu*.

· Þegar *skeyti* er sent til margra viðtak-

enda er unnt að biðja um þessa þjónustu vegna hvers viðtakanda fyrir sig.

– delivery notification service

þjónusta fyrir nafnbirtingu annarra viðtakenda

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹ sem gerir aðgangsbúnaði upphafsmanns kleift að skipa *skeytaflutningskerfinu*, þegar *skeyti*² er sent mörgum viðtakendum, að birta aðgangsbúnaði hvers viðtakanda *póstnöfn* allra annarra viðtakenda við *afhendingu* skeytisins.

– disclosure of other recipients service

þjónusta fyrir óskilatilkyningu

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹ sem gerir aðgangsbúnaði upphafsmanns kleift að biðja um að vera látinn vita ef sent *skeyti*² hefur ekki komist til skila til aðgangsbúnaðar viðtakanda né til *aðgangseiningar*.

· Ástæða þess að skeytið var ekki afhent getur verið hluti af tilkyningunni.

· Þegar skeyti er sent til margra viðtakenda getur tilkyningin átt við sérhvern eða alla viðtakendur sem ekki var unnt að afhenda skeytið.

– nondelivery notification service

þjónusta fyrir persónuleg skeytaskipti

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹, veitt með *kerfi fyrir persónuleg skeytaskipti*.

– interpersonal messaging service

þjónusta fyrir sendingarsönnun

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹ sem gerir upphafsmanni *skeytis*² kleift að fá aðstoð hjá *skeytaflutningskerfi* til þess að staðfesta að skeytið hafi verið sent *áformuðum viðtakendum* til *afhendingar*.

– proof of submission service

þjónusta fyrir skeytiskenni

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹ sem gerir *skeytaflutningskerfi* kleift að sannkenna einrætt fyrir *aðgangsbúnaði* hvert *skeyti*² eða *kanna* sem kerfið send-

ir eða fær afhent.

Dæmi: Tímaskráning.

– message identification service

þjónusta fyrir tagað meginmál

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹ sem leyfir flutning á eðli og *eigindum*² hvers hluta *meginmáls*² í *persónulegu skeyti*.

· Meðal eigindanna er *kótunartag*.

– typed body service

þjónusta fyrir varða aðgangsstjórn

(í tölvupóstkerfi) Þjónusta¹ sem verndar *tilföng skeytasýslukerfis* gegn óheimilaðri notkun.

– secure access management service

þjónustubeiðandi kk.

Þjónustunotandi sem leggur fram *samskiptabeiðni* um að *sambandi*² verði komið á.

– calling service user

þjónustuborð hk.

Aðstaða þar sem notendum er veitt aðstoð við að greina og lagfæra vandamál við *tölvur* og önnur tæki.

· Fyrirtæki bjóða viðskiptavinum oft slíka þjónustu um gjaldfrjálst símanúmer, *vefsíðu* eða í *tölvupósti*³.

– help desk

þjónustueining fjaráðgerða

Þjónustueining *notkunarlags* sem lætur í té almenna aðstöðu til þess að hefja áðgerðir og stjórna þeim úr fjarlægð.

– remote operations service element, ROSE

þjónustueining fyrir áreiðanlegan flutning

Þjónustueining *notkunarlags* sem tryggir *heilleika reglugagnaeininga* sem fara milli tveggja *eininda*² í *notkunarlaginu* og sér til þess að *viðrétting*² sé gerð með lágmarksfjölda endursendinga þegar bilun verður í fjaraskiptakerfi eða *opnu endakerfi*.

– reliable transfer service element, RTSE

Þjónustueining notkunarlags

Sá hluti *einindis*² í *notkunarlaginu* sem veitir tiltekna *þjónustu*¹ í *OSI-umhverfinu* og styðst við þjónustu í neðri *lögum*¹ eftir því sem við á.

– application service element, ASE

Þjónustueining tengslastjórnar

Þjónustueining notkunarlags sem lætur í té sérstaka og trausta aðstöðu til þess að koma á *notkunartengslum* og rjúfa þau.

– association control service element, ACSE

Þjónustuflokkur kk.

Flokkur gagnasendingarþjónustu sem veitt er í *gagnaflutningsneti*.

· Þjónustan er þannig að *merkja-hraði*, notkunarhamur *ústöðvartækja* og formgerð *kótunarreglu* eru stöðluð.

– user class of service

Þjónustugagnaeyning kv.

Samsafn *gagna* sem notandi *þjónustu*¹ í tilteknu *lagi*¹ sendir og *flytja* verður með óbreyttri merkingu til jafngilds *þjónustunotanda*.

– service data unit, SDU

Þjónustugeta kv.

Geta til að hafa til reiðu *þjónustu*¹ sem notandi biður um og veita hana í umbeðinn tíma innan tiltekinna frávíka og við tiltekin skilyrði.

– servability, serveability, serviceability

Þjónustuhlið hk.

Bakdyr í *hugbúnaði* sem auðvelda viðhald og þróun viðbótarbúnaðar og geta leyft að farið sé inn í *forritið* á óvenjulegum stöðum eða án venjulegs eftirlits.

– maintenance hook

Þjónustunotandi kk.

(í *OSI*) *Einindi*² í stöku *opnu kerfi* sem notfærir sér *þjónustu*¹ um *þjónustutengi*.

– service user

Þjónustunotandi sem sendir

Þjónustunotandi sem starfar sem *gagnagjafi* á meðan *gögn* eru *flutt* um *samband*² eða tiltekin *sambandsfrjáls sending* stendur yfir.

– sending service user

Þjónustunotandi sem tekur við

Þjónustunotandi sem starfar sem *gagnaþegi* á meðan *gögn* eru *flutt* um *samband*² eða tiltekin *sambandsfrjáls sending* stendur yfir.

– receiving service user

Þjónustupakki kk.

Pantanleg eða niðurrhlaðanleg *uppnýjun* á *hugbúnaði* sem leysir úr vandamálum er upp hafa komið og ber stundum með sér endurbætur á hugbúnaðinum.

· Sjá einnig *snarbót*.

– service pack

Þjónustuskra kv.

– yellow pages

Þjónustutaki kk.

Fyrirtæki sem stjórnar upplýsingatækniþjónustu fyrir önnur fyrirtæki á *lýðnetinu*.

– managed service provider, management service provider, MSP

Þjónustutengi hk.

Staður þar sem *einindi*² í tilteknu *lagi*¹ veitir einindi í næsta lagi fyrir ofan *þjónustu*¹ síns lags.

– service access point, SAP

Þjónustuveita kv.

Stofnun eða fyrirtæki sem veitir notendum og *gagnaveitum* aðgang að *tölvuneti*.

Dæmi: (1) Það að veita *aðgang*¹ að netinu. (2) *Hýsing*. (3) Þjónusta *þingþjóns*. (4) Þjónusta, veitt af *þjóni*¹ fyrir einkarekið *skeytasýslukerfi*.

– service provider²

Þjónustuveita fyrir lýðnetið

Þjónustuveita sem veitir aðgang að *lýðnetinu*.

– Internet service provider, ISP

þjónustuveita fyrirtækja

Kerfis- og þjónustuveita sem veitir öðru fyrirtæki alhliða *þjónustu*¹.
– full-service provider, FSP

þjónustuveitandi kk.

(í *OSI*) Fræðileg framsetning á öllum þeim *einindum*² sem veita jafngildum *þjónustunotendum þjónustu*¹.
– service provider¹

þjónustuvísir kk.

*Kennimerki*¹ með 32 *stöfum* sem er áfast *pökkum*¹ sem eru sendir um *þráðlaust staðarnet* og auðkenna netið.
– service set identifier, SSID

þjöppuð tugaritun

Tvíundakótuð tugaritun þar sem tveir *tugatölustafir* í röð, hvor með fjóra *bita*, eru settir fram með einu *bæti*.
– packed decimal notation

þjöppuð tugatala

Framsetning tugatölu á þann hátt að tveir grannstæðir *tölustafir* eru settir í eitt *bæti*.

Dæmi: Tugatalan 23, sett fram sem 0010 0011.

– packed decimal

þjöppun kv.

(um *gögn*) Það að *þjappa*.

– compression, compaction, packing, zipping, gzipping

þolandi kk.

Stærð sem *aðgerð*¹ er framkvæmd á.

– operand

þrautseigur lo.

(um *búnað*) Sem vinnur áfram á skertan hátt þrátt fyrir *galla* eða óleyfilegar *aðgerðir* notenda.

· *Gallapol* búnaðar á að gera starfrækslu hans þrautseiga.

– failsoft

þráðlaus lo.

– wireless

þráðlaus á föstum stað

– fixed wireless

þráðlaus kerfisveita

sh. *þráðlaust kerfisleigufyrirtæki*

– wireless application service provider, wireless ASP, WASP

þráðlaus ljóstækni

Tækni við að flytja *upplýsingar*¹ með ljósi án þess að nota *ljósþræði*.

· Sjá einnig *ljósþráðatækni*.

– fiberless optics

þráðlaus mús

Mús sem er *þráðlaus*.

– cordless mouse

þráðlaus sýndarveruleiki

Sýndarheimur þar sem myndavél og *hugbúnaður* eru notuð fyrir vangtúlkun frekar en *þrívíddarhjálmar*.

– wireless virtual reality, wireless VR

þráðlaus vefur

Veraldarvefur eins og hann horfir við notanda í *þráðlausu sambandi*¹, t.d. með farsíma eða *lófatölvu*.

– wireless Web

þráðlaus þjónustuveita

– wireless service provider, WSP

þráðlaus þjónustuveita fyrir lýðnetið

– wireless ISP, WISP

þráðlaust fjarskiptakort

Tengispjald fyrir *tölvu* til að hún geti tengst *þráðlausu staðarneti*.

sh. *rafaldskort*

– radio card, wireless LAN adapter

þráðlaust kerfisleigufyrirtæki → *þráðlaus kerfisveita***þráðlaust nærnet** → *þráðlaust staðarnet***þráðlaust staðarnet**

Staðarnet sem unnt er að tengjast í *þráðlausu sambandi*¹.

· Í gerð þráðlausra staðarneta er *WiFi-tækni* nú orðin allsráðandi.

sh. *þráðlaust nærnet*

– wireless local area network, wireless LAN, WLAN

þráðleysisívaðsmál hk. → *WML-ívaðsmál*

þráður¹ kk.

*Ferli*² innan annars ferlis þar sem *tilföng* síðarnefnda ferlisins eru notuð.

– thread¹

þráður² kk.

Samsafn *skeyta*², sem hafa að geyma náskyldar *upplýsingar*¹, og hvert þeirra, nema hið fyrsta, vísar til fyrra skeytis.

– thread², topical thread, discussion thread

þrástillir kk.

Sá sem fiktar við *vélbúnað* og/eða *forritun* þannig að jaðrar við þráhyggju.

– tweak freak

þrengja so.

(um *glugga*) Minnka umgjörð glugga án þess að breyta stærð þess sem er í glugganum.

· Sjá einnig *víkka*.

sh. *draga saman*

– contract¹

þrengslalag hk.

Hulda lagið sem þvingar *tauganet* til þess að þróa þjappaða framsetningu á *ílagsgögnum*.

– bottleneck layer

þriðja LLC-gerð

Vinnsluaðferð í *LLC-deililaginu* þar sem notuð er *sambandsfrjáls sending* með staðfestingu.

sh. *LLC-gerð 3*

– logical link control type 3, LLC type 3

þrígisti hk.

Þrjú *gisti* sem starfa eins og eitt gisti.

– triple-length register, triple register

þrill kk. → *víðeind***þríunda**¹ fl.

(um *eingrunnskerfi*) Sem hefur *grunn-töluna* þrjá.

– ternary¹

þríunda² fl.

Sem er ákvarðaður af vali eða skilyrði sem hefur þrjú hugsanleg gildi eða horf.

– ternary²

þrívarp hk.

Útsending dagskrárliðar samtímis í sjónvarpi, útvarpi og á *lýðneti*.

– triplecast, TM¹

þrívístarskipun kv.

*Skipun*¹ sem hefur þrjá *vistfangshluta*.

Dæmi: Skipun um að bæta því sem er á *geymslustað* A við það sem er á *geymslustað* B og setja *útkomuna* á *geymslustað* C.

– three-address instruction

þrívíddargreining kv.

Sjónræn greining, fólgin í því að nota *algrím* sem býr til þrívítt líkan af *hlut*³ eða parti af hlut og *mátar saman* það líkan og líkan í líkanasafni.

– three-dimensional analysis

